Lagafrumvörp felld.

1. Söknargjöld.

Á 18. fundi í Ed., 22. nóv., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 40 frá 30. júlí 1909, um söknargjöld (þmfrv., A. 125).

Á 19. fundi í Ed., 25. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Herra forseti. Eins og grg. þessa litla frv. ber með sér, er það flutt af menntmn. að beiðni kirkjumrh., og tekur n. enga ábyrgð á málinu aðra en þá að koma því á framfæri við þingið, eins og venja er til, að n. geri, er ráðh. fer þess á leit við þær, að þær flytji mál, enda hafa nm. áskilið sér rétt til að hafa óbundnar hendur um afgreiðslu málsins. Ég hafði nú vænzt þess, að hv. ráðh. væri hér og gerði grein fyrir ástæðunum, sem liggja til þess, að frv. þetta er fram komið. En úr því að hann er ekki viðstaddur, vil ég með örfáum orðum skýra frá þeim breyt. á gildandi l., sem leiddu af samþykkt frv.

Í fyrsta lagi er ætlazt til þess samkv. frv., að kirkjugjald verði innheimt með viðauka samkv. vísitölu. Það hefur ekki verið gert áður, og brefaldast gjaldið við það, og má þó segja, að það skipti ekki mjög miklu máli, þar eð nefskatturinn til kirkjunnar er svo lágur, að varla nokkurn mann munar um þessa hækkun. Í öðru lagi verður ofurlítil hækkun á stofngjaldinu, eða 25 aurar, og er þessi hækkun svo lítilfjörleg, að ekki þarf að eyða orðum að henni. Gert er ráð fyrir, að stofngjaldið verði kr. 3.00 í stað kr. 2.75. Í þriðja lagi er það, sem ef til vill mætti skoða sem aðaltilll. þessa frv., að ⅙ hluti þessa gjalds skal renna í sameiginlegan kirkjusjóð, er yfirstjórn kirkjunnar hefur til ráðstöfunar til eflingar kirkju- og kristindómsmálum, en slíkur sjóður hefur ekki verið til áður. Ég sé svo ekki ástæðu til að hafa fleiri orð um þetta. Ef hv. d. sýnist svo, að n., er flutti mál þetta, hafi það áfram til athugunar, mun hún að sjálfsögðu gera það og fjalla um það sem önnur mál. En ef d. óskaði heldur að vísa því til annarrar n., sem kynni að geta legið nærri, þar sem hér er eiginlega um skattamál að ræða, þá mundi menntmn. síður en svo verða afbrýðisöm út af því. Ég geri engar till. í þessu efni, en lofa fyrir hönd menntmn., að hún taki málið til athugunar, ef því verður vísað til hennar.

Gísli Jónsson: Út af ummælum hv. 1. þm. Eyf. vil ég mjög eindregið taka undir það, að málinu verði vísað til fjhn., þar sem hér er nánast um nýjan skatt að ræða og farið er inn á nýja braut, þótt skattur þessi sé að vísu ekki hár. T. d. virðist 3. málsgr. hækka þetta gjald um vissan hundraðshluta af útsvarsupphæð gjaldenda, og hygg ég, að hér sé farið inn á nýja braut. Efa ég, að þessi leið sé hugsanleg til tekjuöflunar fyrir kirkjuna, og tel því rétt, að málinu sé vísað til fjhn. til almennrar athugunar. Hér í Reykjavík hefur kirkjugjaldið verið 2% af öllum útsvörum einstaklinga, enn fremur útsvörum útgerðarfyrirtækja og ýmissa annarra fyrirtækja, þótt það virðist nokkuð einkennilegt. Þótt ég mælist til, að þessu frv. sé vísað til fjhn., felst hvorki í þeirri ósk andstaða gegn því sjálfu né meðmæli með því, því síður vantrú á afgreiðslu þess í hv. menntmn. Mér finnst það aðeins eiga heima í annarri n.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Mér er sama hvaða n. fær þetta mál til meðferðar, en þeirri n., sem fær það til athugunar, vil ég benda á það, að á þskj. 88 (62. mál) liggur nú frv. fyrir Alþ. um það að velta kostnaði við kirkjubyggingar yfir á ríkissjóð. Það frv. lá einnig fyrir þinginu í fyrra, og ef þingvilji er fyrir því, að ríkið kosti kirkjubyggingar í landinu að þremur fjórðu hlutum, sé ég ekki beina ástæðu til að hækka kirkjugjaldið. Flm. frv. eru hv. þm. V-Sk., hv. þm. Snæf. og hv. 1. þm. Árn. Ég sé enga ástæðu til að gera hvort tveggja, hækka kirkjugjaldið og gera ríkinu að standa undir kostnaði við kirkjubyggingar að þremur fjórðu hlutum.

Það frv., sem hér er til umr., talar aðeins um safnaðarkirkjur, en ekki kirkjur í eign einstakra manna. Nú er mér spurn, og vil ég vekja athygli á því: Hvernig er það með bændakirkjur? Þær eiga sínar tekjur, en á bændunum hvílir einnig sú skylda að endurnýja kirkjur sínar. Getur ríkið eða kirkjan tekið þessar tekjur? Ég er í vafa um það. Ég bið þá n., sem fær þetta frv. til athugunar, að athuga þetta hvað með öðru.

Hannibal Valdimarsson: Ég er einn þeirra nm. í menntmn., er áskildu sér rétt til að hafa óbundnar hendur um þetta mál og afstöðuna til þess. Þessi fyrirvari minn miðast ekki við það, að ég undrist, þótt gjaldið til kirkjunnar sé hækkað. Kirkjan þarf fé til sinna ráðstafana eins og aðrir. Hitt gæti breytt málinu, ef þetta þing tæki á sig verulegar byrðar, sem hingað til hafa hvílt á kirkjunni eða söfnuðunum, og á ég þá við kirkjubyggingar. Ástæðan til fyrirvara míns er hins vegar sú, að ég felli mig ekki við nefskattsfyrirkomulag sóknargjaldanna. Þetta gjald er eitt þeirra fáu gjalda, sem lendir á öllum, er lífsanda draga, hvort sem þeir eru ríkir eða blásnauðir, hraustir eða heilsulausir. Þetta er gjaldið til prests og kirkju. Að vísu er það ekki hátt, en sumir menn eru ekki færir um að gjalda neina skatta. Ég hefði talið rétt, að þetta gjald væri hundraðshluti af útsvörum, er væri t. d. jafnað niður samkv. fyrir fram gerðri áætlun sóknarnefnda. Þá væri tekið tillit til gjaldþolsins og ekkert heimt af þeim, sem ekkert eiga. Inn á þetta fyrirkomulag er gengið með nokkurn hluta gjaldsins samkv. 3. málsgr. þessa frv., þegar jafnað er niður viðbótargjaldi. En þetta gjald er ekki til að tvískipta því, og væri því eðlilegast, að það væri allt tekið á þennan hátt. Einnig gæti ég hugsað mér, að sveitarstjórnir tækju vissa upphæð af útsvörum, t. d. 10 krónur, og skiluðu sóknarn., er þær notuðu síðan til kirkjuþarfa, en lágmarksgjald þeirra, sem ekki bæri að greiða útsvör, væri t. d. 5 krónur. Með þessu móti yrði komizt hjá því að innheimta þetta litla gjald sérstaklega, en innheimta þess og útsvaranna félli saman. Ef einhver aukainnheimtukostnaður yrði, væri ekki nema rétt, að sveitarfélögin bæru hann, þar sem hér er þjóðkirkja og þjóðkirkjusöfnuðir. Ég hef þá lýst afstöðu minni til þessa máls og hef tilhneigingu til að bera fram brtt. í samræmi við það.

Gísli Jónsson: Ég lýsi því hér með yfir, að ég er algerlega ósamþykkur því fyrirkomulagi, sem hv. síðasti ræðumaður var að boða, að hann mundi gera. brtt. um. Fremur ætti þá að taka kirkjugjaldið af tekjuskatti. Ég sé ekki, að það sé á neinn hátt réttmætt að taka útsvörin til að standa undir þörfum kirkjunnar. Eðlilegra væri þá, að ríkissjóður gerði það en bæjar- og sveitarsjóðir. Þetta gjald hefur oft verið tilfinningamál fólksins, en ef á að fara að leggja það á samkv. því, sem hv. 3. landsk. leggur til, taka það af útsvörum eða miða við þau, tel ég það hina mestu fjarstæðu og mun beita mér gegn því af öllum mætti.

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Út af því, sem hv. 3. landsk. sagði í ræðu sinni, að nm. í menntmn. hefðu óbundnar hendur um afstöðu til þessa máls, vil ég aftur taka fram, að n. hefur enga afstöðu tekið til málsins, þó að hún yrði við þeirri ósk ráðh. að koma því hér á framfæri. Ég ætla ekki að fara út í efnishlið málsins við 1. umr. þess hér, en lýsi því yfir, að ég hef óbundnar hendur um það eins og aðrir nm. Ég gat þess áðan, að þetta væri frekast skattamál, en ekki kirkju- eða menntamál og ef til vill ætti að vísa því til annarrar n. en þeirrar, er flutti það, og tek ég því undir till. hv. þm. Barð. um, að því verði vísað til fjhn., því að þar á það í sjálfu sér heima. Mig skiptir þetta persónulega engu, því að ég fjalla um málið í hvorri n. sem það hafnar, þótt ég kynni að vilja komast hjá því.

Varðandi ummæli hv. 1. þm. N-M. get ég ekki séð, ef horfið yrði að ráði þessa frv., að ástæða væri til að undanskilja bændakirkjurnar eða leysa þær undan þessu gjaldi til kirkjuþarfa, því ef löggjafarvaldið eða ríkisvaldið þrefaldar tekjur þeirra, get ég ekki séð, að neitt væri á móti því að taka af þeim til almennra kirkjulegra þarfa, og einmitt þetta atriði álít ég, að sé nú í raun og veru meginatriði í þessu frv. Þar er virkilega gengið inn á nýja leið, sem ég held, að ekki sé hægt að komast hjá. Ef þjóðfélagið ætlar á annað borð að styðja þjóðkirkju í landinu, þá er það vitanlega mjög óeðlilegt, að þessi stofnun sem slík hafi engan einasta eyri til umráða til sinnar allsherjar starfsemi.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Ég kippi mér ekkert upp við það, þótt hv. þm. Barð. telji allt það rökvillur og hugsanavillur, sem ekki á upptök sín í hans heilabúi. Ég hef áður orðið þess var hér í hv. þd., að það er yfirleitt skoðun hans í hverju máli, að ef einhver maður annar hefur aðrar skoðanir en hann á máli, þá finnst honum það vera hugsanavillur og rökvillur. Hins vegar gerði sá hv. þm. ekki grein fyrir því, í hverju það lægi, að það væri hugsanavilla, að þeir efnaðri og þeir, sem bezta greiðslugetu hafa yfirleitt, af hvaða ástæðum sem er, greiði eitthvað meira til prests og kirkju en sjúkir menn og snauðir. En það fólst í minni till.

En viðvíkjandi hinu, sem hv. þm. Barð. sagði, að sums staðar vildi fólkið í sóknunum heldur standa undir fjárhagslegum safnaðarþörfum en að þetta félli undir ríkið, þá felst á engan hátt í minni till., að fólkið megi það ekki. Þó að valdið til að innheimta í hverju héraði gjöldin, sem til þess þarf að greiða, sé hjá viðkomandi sveitarstjórn á hverjum stað, en ekki sóknarnefnd, þá mundi fólkið í hverri sókn bera byrðar kirkjunnar eins og eftir eldra fyrirkomulaginu. Aðeins væri munurinn sá, að það deildist öðruvísi niður á herðar gjaldendanna. — En það er vitanlega eðlilegt, að á milli mín og hv. þm. Barð. sé skoðanamunur um þetta, að ég vil láta byrðar kirkjunnar, eins og annarra stofnana þjóðfélagsins, hvíla misþungt á herðum borgaranna eftir getu þeirra og aðstöðu í þjóðfélaginu til að greiða gjöld.

Ég tók það fram áðan, að ég tel ekkert óeðlilegt við það, þótt útgjöld þjóðfélagsins til kirkjunnar hækki eitthvað. Ég tel það ekki vansalaust fyrir þjóðfélagið, að yfirleitt skuli kirkjur og kirkjugarðar vera þannig útlits, sennilega mest fyrir fjárskort, meir en fyrir beint hirðuleysi, að kirkju-

húsin eru þau hús og kirkjugarðarnir þeir blettir, sem þjóðfélagið hefði mesta ástæðu til að blygðast sín fyrir. Kirkjugarðarnir eru margir óræktarlegustu blettirnir á Íslandi, og mest vanræktu húsin á þessu landi víðast hvar eru kirkjurnar.

Ég held, að ef það er sú ríka sparnaðarhneigð hv. þm. Barð., sem fyrst og fremst skapar andstöðu hans gegn brtt. þeirri, sem ég ympraði á hér, þá ætti hann að stilla sparnaðarhneigð sinni í hóf, að því er þetta snertir, því að hér þarf að gera betur fyrir kirkjurnar, ef það ástand, sem er í þessu efni, á ekki að vera áfram til skammar, eins og verið hefur. Og þeir ríku eru ekkert of góðir til þess að bera ofurlítið af þeim byrðum, sem af því mundi stafa.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til fjhn. með 9 shlj. atkv.

Á 30. fundi í Ed., 9. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 125, n. 178 og 179, 170, 183, 190).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 190. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég sé, að hv. frsm. er ekki viðstaddur, og vil ég því fara nokkrum orðum um brtt. þá, sem ég hef borið fram við mál þetta, á þskj. 190. Ég tel að rétt sé að hækka þessi gjöld frá því, sem nú er í l., þ. e. 75 aurum, upp í kr. 1.50, að viðbættri meðalverðlagsvísitölu, og að undanþegið þessu gjaldi sé þó allt rúmfast fólk 67 ára eða eldra. Einnig hef ég lagt til á sama þskj., að aftan við fyrirsögn frv. bætist: „og lögum nr. 72 27. júní 1941, um breyting á þeim l.“ — Ég er mótfallinn ákvæði 2.—3. málsgr. á þskj. 125 og hef því gert ráð fyrir því í minni brtt., að það yrði fellt niður. Vænti ég þess, að hv. d. geti fallizt á brtt. mínar á þskj. 190 sem miðlunartill. — Hirði ég ekki að fara út í þau ummæli hv. 3. landsk. við 1. umr., þar sem hann fullyrti, að ég teldi ekkert rök nema sem kæmu frá mínum heila, en vil aðeins mótmæla því sem hverjum öðrum órökstuddum fullyrðingum. — Vænti ég svo, að till. mínar verði samþ.

Frsm. meiri hl. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. — Ég var kallaður í síma, þegar mál þetta var tekið fyrir, og gat því ekki hafið framsögu í því. —

Þetta mál er ekki það stórmál að taki því að halda langa ræðu um það. Meiri hl. fjhn. vill fallast á málið, eins og það er til komið og fyrir lagt. Aftur á móti er hv. minni hl. fjhn. andvígur því yfirhöfuð að samþ. frv., og hann hefur vitaskuld sína sögu að segja. Svo sé ég, að hér eru komnar brtt. á þskj. 170 og 190, og virðist mér, hvað snertir brtt. á þskj. 170, að hún gangi í svipaða átt og frv. gerir, en um brtt. á þskj. 190 hefur hv. flm. hennar sagt sitt álit, og í raun og veru finnst mér þetta allt vera frekar togstreita um keisarans skegg, og vil ég því leggja til, að hv. d. fallist á þá stefnu, sem meiri hl. n. hefur tekið, sem sé að samþ. frv. óbreytt.

Frsm. minni hl. (Ásmundur Sigurðsson): Herra forseti. — Eins og fram kemur á þskj. 179 hef ég ekki getað orðið sammála hv. meiri hl. fjhn. um afgreiðslu þessa máls. Er ástæðan sú, að ég tel, að sá skattur, sem hér um ræðir og er tekinn sem nefskattur, eigi ekki rétt á sér. Ég hygg, að yfirleitt eigi að afnema þennan skatt og taka skatta á annan hátt, ef nauðsynlegir eru, því að þessi skattur er tekinn af öllum jafnt, gamalmennum og sjúklingum sem öðrum. Þá vil ég benda á það, að nú liggur fyrir hv. Alþ. annað frv. um þátttöku ríkissjóðs í stofnkostnaði kirkjuhúsa, og ef svo færi, að það yrði samþ., þá væri það an af síður ástæða til að hækka þessi gjöld, sem hér er farið fram á, og legg ég þess vegna til, að frv. verði fellt.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. — Ég gat þess við 1. umr. þessa máls, að ég mundi flytja brtt. við frv. Er hún nú á þskj. 170, og er aðalefni hennar það, að kirkjugjaldinu verði nú breytt úr nefskatti, sem leggst að jöfnu á ríka sem snauða, vinnandi sem óvinnandi og lagður hefur verið á fólk frá 15 ára aldri allt fram á gamalsaldur, en í stað þessa verði fyrirkomulaginu breytt í það horf, að gjaldinu verði jafnað niður á útsvarsgreiðendur í sókninni sem hundraðshluta af útsvörum þeirra. Kæmi þetta áreiðanlega til að breyta sáralitlu þeirri heildarupphæð útsvara, sem ákveða þyrfti, með tilliti til þess, að sveitarstj. ætti að skilja það fé frá þörfum sveitarfélagsins og fá það sóknarn. til umráða. Ég held einnig, að með þessari aðferð verði útsvarsgreiðendur mjög lítið varir við sóknargjaldið, og yrði það þar með úr sögunni sem nefskattur. Með því fyrirkomulagi, sem ríkt hefur í þessum efnum, hefur kostnaður við innheimtu sóknargjalda verið mjög hár, og er í l. um kirkjugjöld heimild til þess, að allt að 6% renni í innheimtukostnað, en samkv. brtt. minni yrði enginn sérstakur innheimtukostnaður við þetta, heldur yrði kirkjugjaldið greitt eins og sóknarn. hefur ákveðið samkv. fjárhagsáætlun. — Það má segja, að hér sé um tvö mismunandi sjónarmið að ræða, þ. e. hvort innheimta eigi kirkjugjaldið sem nefskatt eða sem hundraðshluta af stighækkandi skatti eins og útsvar, en ég er eindregið þeirrar skoðunar, að þá leið eigi að fara, svo sem brtt. mín gerir ráð fyrir. — Ég vil á það benda, að í frv. því um sóknargjöld, sem hér liggur fyrir á þskj. 125, er ákvæði um það, að ef kirkjugjaldið reynist of lágt, þannig að það hrökkvi eigi fyrir nauðsynlegum útgjöldum kirkjunnar að dómi sóknarn., þá sé henni heimilt að jafna því, sem á vantar, niður á kirkjugjaldsskylda útsvarsgreiðendur í sókninni sem hundraðshluta af útsvörum þeirra, en þessu mundi fylgja sérstakur kostnaður, og fyndist mér miklu eðlilegra, að allt gjaldið verði ákveðið sem hundraðshluti af útsvörum þeirra með þeim kostnaði, sem því fylgir.

Þorsteinn Þorsteinsson: Herra forseti. — Þegar fjhn. ræddi þetta mál, varð hún ekki alveg sammála um það. Ég fylgi nál. meiri hl., en gat þess, að ef til vill mundi ég koma með brtt. við frv.

Ég vil benda á það, að þetta frv. er tvíþætt. Annar þátturinn er sá að hækka sóknargjöldin, og er töluverð ástæða til þess, þar sem sóknargjöldin nú nægja ekki einu sinni til viðhalds á kirkjugörðum, hvað þá meira. En um leið er farin önnur leið, sem sé sú að mynda nýjan nefskatt, sem á að fara í allt aðra átt, sem sé til að leggjast í sjóð til styrktar kirkjulegum málefnum, sem við vitum ekki, hver eru. Með þessum nýja nefskatti, sem er 50 aurar, verða sóknargjöldin 3 krónur. Fæ ég ekki annað séð en þessi nýi skattur sé með öllu ónauðsynlegur, þar sem ríkið er farið að leggja fram fé til kirkna, þá ætti ríkið að taka þessi mál að sér, og hefur ríkissti. viðurkennt, að þetta bæri að gera, og væri það miklu réttara, að ríkissjóður tæki það alveg að sér, en drægi þá aftur úr framlagi til kirkjubygginga. Ég vil því draga hennan ¼ hluta frá og láta sóknargjöldin vera kr. 2,50, en fella hennan nýja nefskatt niður.

Út af brtt. hv. þm. Barð. vil ég taka það fram, að ég tel seinni brtt. rétta og sjálfsagða, og var svo um talað í n. að hún kæmi fram við 3. umr.

Ég þarf svo ekki að tala miklu lengur um þetta. Það liggur greinilega fyrir, hvort hv. þm. vilja leggja á menn nýjan nefskatt eða halda aðeins þeim gamla og hækka hann, eins og orðið hefur að gera víða langt fram yfir það, sem hér er farið fram á.

Ég skal svo að lokum taka það fram, að ég vil ekki á neinn hátt draga úr sóknargjöldunum, en ég er á móti því að binda mönnum nýja bagga með nýjum nefskatti.

Sigurjón Á. Ólafsson: Herra forseti. — Ég get nú tekið undir það með háttv. frsm., að hér er ekki um neitt stórmál að ræða, en ég er honum ekki sammála um leiðir í þessu máli.

Ég tel, að þetta gjaldkerfi nefskattsins ætti að hverfa sem fyrst. Því er nú búið að brevta á flestum sviðum, og mín skoðun er, að einnig ætti að breyta um kirkjugjöld, svo að þau yrðu hundraðshluti af tekjum manna. Ég er því í prinsipinu samþykkur brtt. á þskj. 170, en þar er lagt til, að sóknargjöldin séu miðuð við útsvar manna, en ekki sem hundraðshluti af tekjum, sem ég hefði frekar kosið, en ég mun greiða þessari brtt. atkv. og tel það framför, ef að því ráði yrði horfið.

En ef sú till. nær ekki fram að ganga, hef ég hugsað mér að bera fram brtt. Ætlaði ég að geyma það til 3. umr., en tel rétt. að hún komi nú þegar, þar sem umr. eru það miklar. Mín till. er að efni samhljóða brtt. á þskj. 190, en sú till. gengur skemmra, þar sem miðað er við gamalmenni með aldurstakmarkið 67 ára, sem sé undanþegið. Mér finnst rangt, að menn greiði strax við 15 ára aldur, ef þeir hafa engar tekjur. Upphaflega var þetta hugsað svo, að þeir einir, sem einhverjar tekjur hefðu, greiddu þetta gjald, en það er rangt, að allir greiði það. Mér þykir því brtt. á þskj. 190 ganga of skammt.

Ég mun og ekki fylgja því að lækka sóknargjöldin. Þau má ekki lækka, eins og nú er háttað verðlagi í landinu, ef þau eiga að koma að nokkrum notum. Ég skal taka það fram að gefnu tilefni, úr því að hv. þm. Dal. vill lækka gjöldin um 50 aura vegna hins nýja kirkjusjóðs, að ég sé enga hættu á, að hann verði misnotaður. Hann gæti ekki orðið stór, en gæti þó komið sveitakirkjum að verulegum notum og gott að hafa slíkan sjóð til að grípa til til þess að skreyta með afskekktar sveitakirkjur. Einn þm. brosir, en ég skal taka það fram, að ég legg ekki lítið upp úr, að guðshús séu falleg.

Ég skal þá lesa brtt. mína, en hún hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Upphaf greinarinnar orðist svo:

Hver maður, karl eða kona, sem orðinn er fullra 16 ára um nýár næst á undan gjalddaga og gert er að greiða skatt til ríkisins eða útsvar til bæjar- eða sveitarfélags, skal greiða“ o. s. frv.

Ég skal taka það fram, að ég tel réttara að miða við 16 ára aldur. Skattgreiðslur eru miðaðar við 16 ára aldur, en ekki 15, og eru mörg rök, sem undir það hníga. Gjaldið er yfirleitt greitt af foreldrunum, ef börnin eru yngri, og þau hafa ekki fjárráð fyrri en 16 ára.

Ég vænti svo, að hæstv. forseti vilji leita afbrigða fyrir þessa brtt. mína.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 194) leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Það eru ekki fáar brtt., sem hér liggja fyrir, og bendir til, að hv. d. sé ekki sammála. Það er þá fyrst brtt. frá hv. 3. landsk. þm. (HV), að hann vill hverfa frá því að innheimta gjald þetta sem nefskatt, en láta miða það við útsvörin, en aðrir vilja, að það sé miðað við tekjur. Enn aðrir hv. þm. vilja áfram halda sér við nefskattinn.

Ég vil hætta við nefskattinn. Það mælir ekkert réttlæti með því að hafa hann og hefur aldrei mælt. Ég er því sammála brtt. á þskj. 170, fyrri hluta hennar, en ég er ekki sammála því, að farið verði að aura saman í einhvern sjóð, sem hv. 1. landsk. þm. vildi, að varið yrði til að skreyta með kirkjur. Ég geri ráð fyrir, að það yrði dálítið skrítin útkoma á sjóðnum þeim. Því er ég algerlega á móti því að fara að aura í sjóð, sem enginn veit. til hvers á að verja. Viðvíkjandi því, að kirkjuráðið fái eitthvert fé til umráða, þá hefur það komið áður til Alþ. og fengið góðar undirtektir, en ég er á móti því að láta það fá fé, sem tekið er með nefskatti af landsmönnum. Ég ber því fram brtt. við brtt. á þskj. 170. Ég vil jafnframt benda flm. að brtt. á þskj. 170 á það, að ef ekki innheimtust öll útsvör, þá bæri hreppnum eða bæjarfélaginu ekki skylda til að láta í sóknargjöld nema hlutfallslega við það sem innheimtist. Árlega innheimtast ekki öll útsvör, og ekk-

ert réttlæti er í því að láta hreppsfélagið borga af þeim peningum, sem það fær aldrei, en nauðsynlegt að setja inn ákvæði til að fyrirbyggja það.

Fari svo, að brtt. á þskj. 190 verði samþ., held ég, að nauðsynlegt sé að hafa ákvæði um það, við hvaða vísitölu á að miða. Það koma nefnilega 2 ár til greina, árið, sem innheimtan fer fram, og árið áður, og er nauðsynlegt að taka fram, hvort árið það er, sem við á að miða.

Ef svo færi, að nefskatturinn fengi meiri hluta hér í hv. d., og má vel vera, að svo fari, þar sem flestir, sem hér eru, mundu annars fá hærri skatt, vona ég, að menn geti orðið sammála um að láta ekki þá menn, sem engin not hafa af kirkjulegri þjónustu, borga. Ég vil benda flm. brtt. á þskj. 190 á, að nú munu vera ákvæði í l., sem heimila þeim, sem ekki vilja vera í þjóðkirkjunni eða fríkirkjusöfnuði, að greiða gjaldið til háskólans, en mér skilst, að ef þessi brtt. verði samþ., þá sé þetta ákvæði fellt niður, að menn geti greitt til háskólans, ef þeir vilja.

Mér er ekki alveg ljóst, hvernig atkvgr. ber að, mundi vilja fylgja brtt. hv. þm. Dal., ef hann ríghéldi ekki í nefskattinn, en helzt vil ég brtt. á þskj. 170, ef hún fengi þá breyt., sem ég leyfi mér að bera fram og afhenda hæstv. forseta, en brtt. mín hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta. Hún er við brtt. á þskj. 170 og hljóðar svo:

„Síðasta málsgr. falli niður."

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 195) leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég vildi aðeins gera athugasemdir við ræðu hv. 1. landsk. þm. Ég er honum að nokkru leyti sammála um það, að eðlilegt væri að afnema nefskattinn, en þá væri óhjákvæmilegt að gera ýmsar aðrar breytingar, t. d. varðandi ýmis fyrirtæki og hvort ætti að taka þetta eins og ríkisskatt, svo sem víða annars staðar. *(BSt:* Þeir þurfa að fá fyrirbænir.) Ég er ekki á móti þessu vegna gjaldabyrðarinnar sjálfrar, því að það er sáralítið atriði, en ég er á móti því vegna þeirrar persónulegu riftingar, sem þetta hefur í för með sér milli kirkju annars vegar og einstaklinga hins vegar. Það er þess vegna, að ég er á móti þessari brtt. Það eru til menn, sem gjarnan vilja fórna miklu meira til kirkju sinnar en nemur hinum lögboðnu gjöldum og hafa lagt á sig miklu meiri gjöld í sambandi við þau mál en l. mæla fyrir um. Það er þess vegna, sem ég er á móti því, að þessu sé nokkuð breytt á þessu stigi málsins, nema gerðar séu breyt. á kirkjunni yfirleitt.

Ég vil eindregið leiðrétta það, sem hv. þm. sagði um kirkjugarðsgjaldið. Það er ekki tekið sem hundraðshluti af tekjum manna, heldur sem hundraðshluti af útsvörum manna og það í örfáum stöðum, t. d. hér í Reykjavík. Í langflestum stöðum er það ekki tekið sem hundraðshlutagjald, en það er í l. heimilað að taka þetta gjald sem hundraðshlutagjald af útsvörum, þó að þeirri aðferð sé ekki beitt víða. En hér í Reykjavík er slíkt gjald tekið, sem er mjög ranglátt. Ég er ekki viss, nema hægt væri að innheimta þetta gjald á miklu sanngjarnari hátt og hagkvæmari, því að þarna er um aðila að ræða *(HV:* sem aldrei verða grafnir.), já, aldrei verða grafnir, en það má samt kannske biðja fyrir þeim.

Till. mín fer fram á að hækka um 100% kirkjugjaldið og taka síðan meðalverðlagsvísitölu á það. Ég hefði getað fellt mig við brtt. hv. 1. landsk., hvað snertir þá, sem eru undanskildir þessu gjaldi, og einnig að miða það við skattgreiðslu, þó að ég telji það lakara, en vegna þess, að þessi till. er bundin við önnur ákvæði, treysti ég mér ekki til þess að fylgja henni eins og hún er. Ég hefði talið rétt, að hann tæki hana aftur til 3. umr., til þess að hægt sé að sjá, hvað við getum gert við málið eftir þessa umr.

Hvað snertir ræðu hv. 1. þm. N-M., þar sem hann talaði um það, hvaða verðlagsvísitölu ætti að miða við, þá hygg ég, að það komi af sjálfu sér, að miðað yrði við árið áður, því að verðlagsvísitalan á greiðslur verður ekki þekkt á þeim tíma, þegar gjaldið á að greiða, það verður því ekki þörf á að taka það fram, að það sé miðað við árið áður. Mér var vel kunnugt um gjaldið til háskólans, en ég hygg, að ef mín till. verður samþ., þá þurfi ekkert sérstakt ákvæði um það. En hitt er ljóst, að ef farið er að taka þetta gjald inn sem tekjuskatt, þá getur verið rétt að athuga, hvort ekki á að breyta því, að þetta eig að renna til háskólans, því að slík efnisbreyting getur haft aðrar og meiri breyt. í för með sér.

Sigurjón Á. Ólafsson: Ég sé ekki ástæðu til þess að svara hv. þm. Barð. miklu. Það, sem ég mælti hér um brtt. á þskj. 170, þarf ég ekki að endurtaka. Ég tel það heppilegra, að sá háttur verði hafður á, heldur en nefskattarnir, sem nú eru í gildi. Hins vegar gæti ég talið rétt, ef hæstv. forseti óskar eftir því, að ber. þessa brtt. á þskj. 170 upp í tvennu lagi. Það mætti segja, að það væri kannske heppilegra. En ég tel a. m. k., að það miði í rétta átt að taka kirkjugaldið á þennan hátt.

Ég vitnaði í áðan, hvernig farið er með kirkjugarðsgjaldið, en það má vera, að það sé um hundraðshluta af útsvörum þar að ræða, en það hefur þá verið leiðrétt, ef ég hef ekki farið rétt með. Það getur líka verið, að þetta séu aðeins heimildarl., en þau eru notuð í Reykjavík og víðar. En að öðru leyti, sem hv. þm. mintist á brtt. mína, þá er hún sjálfstæð till., því að ég er eiginlega samþykkur frv. nema í 1. málsgr., og ég geri eingöngu með brtt. minni till. um að breyta þeirri málsgr. En ég hef tekið fram, að mín og aðrar brtt. koma ekki til atkv., ef brtt. á þskj. 170 verður samþ., og þess vegna verður hún að koma fyrst til atkv., því að hún er alger breyt. á eldri l. En ég er sammála hv. þm. Barð., að rétt væri að taka allar brtt. aftur til 3. umr., og mun ég þá taka mína brtt. aftur, ef við getum orðið sammála um þetta mál.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Ég hef nú hlustað á þessar umr. mér til mikillar undrunar, því að satt að segja er ég undrandi yfir því, hvað þetta litla mál hefur komið mörgum hv. þm. til þess að halda ræður og gera till. um það, því að mér finnst það satt að segja svo ákaflega lítið mál samanborið við margt annað, að allar þær till., sem bornar hafa verið fram, svari varla til málsins og allar þær umr., sem fram hafa farið.

Í fyrsta lagi er deilt um það, hvort gjaldið eigi að vera nefskattur eða hundraðshluti af útsvörum, og get ég gjarnan út af því lýst því yfir, að ég er andvígur því yfirleitt, að gjöld séu tekin sem nefskattur að nokkru ráði. En það gjald, sem hér er um að ræða, er svo ákaflega lítið, 3 kr. á mann, að vísu að viðbættri verðlagsvísitölu, en nær þó ekki 10 kr. með núgildandi vísitölu, og í því peningaflóði, sem nú er að minnsta kosti í landi hér, tel ég, að þess gæti ekki mjög mikið. Menn ráða því, hvort þeir eru í kirkjufélagi eða ekki, alveg eins og menn ráða því, hvort þeir eru í öðrum félögum eða ekki. Félagsgjöld eru nefskattur. Menn verða að vera í stéttarfélögum, og þau gjöld eru innheimt sem nefskattur og eru í flestum tilfellum hærri en það gjald, sem hér er um að ræða. Í ýmsum öðrum félögum, sem menn vilja vera í, er tekið ákveðið gjald af hverjum meðlim, og öll þessi gjöld eru, að ég ætla, nokkru hærri en þetta gjald. Ég hygg, að leitun sé á félagi hér á landi, sem tekur lægra gjald af félagsmönnum en það, sem hér er farið fram á, tæpar 10 kr., svo að þetta út af fyrir sig finnst mér ekki gefa tilefni til breyt. En hvað þá leið snertir, sem farið er fram á á þskj. 170, þá gæti ég fyrir mitt leyti verið með að fara hana, ef um verulega upphæð væri þarna að ræða, sen skipt hefði miklu máli. En það er erfiðleikum bundið að innheimta á þann hátt í mörgum sveitarfélögum, þar sem er ekki ein sókn, heldur margar sóknir, t. d. hér í Reykjavík, og úti um land eru að minnsta kosti víða fleiri en ein sókn í hrepp. Nú þurfa gjöldin ekki endilega að að vera jöfn í sóknum og yrði í fyrsta lagi að leggja hundraðshlutagjad í hverri sókn á sóknarmeðlimina. En þá koma aðilar, sem eru í engri sókn, eða í hvaða sókn eru hlutafélögin í bænum? *(SÁÓ:* Það má deila þeim í sóknir.) Já, það er hægt, en það er erfitt og mjög vafasamt, að það svaraði kostnaði í slíku tilfelli, sem hér um ræðir. Ég sætti mig við það út af fyrir sig, að þetta mál verði samþ. svona Ég er því ekki svo mótfallinn, að ég vilji ekki una við það, en mér finnst það hæpið, að slíkt borgi sig, að ætla að fara að innheimta gjaldið á þann veg, að það mundi valda ýmsum erfiðleikum við innheimtuna, sem ekki mundu annars verða til staðar, ef hin leiðin væri farin.

Ég get fyrir mitt leyti fellt mig við brtt. hv. 1. landsk., þar sem hann vill færa aldurstakmarkið upp í 16 ár og ekki taka gjöld af öðrum en þeim, sem borga tekjuskat og útsvar. Og hans brtt. er stíluð, að því er mér virðist, við frvgr. sjálfa, og er því hægt að sarþykkja hana út af fyrir sig.

Um brtt. á þskj. 190, frá hv. þm. Barð., vil ég segja það, að ef hún yrði samþ. og gjaldið fært niður í 1,50 kr., þá efast ég ekki um, að það yrði of lágt í mörgum tilfellum, því að ég býst við, að 3 kr. gjaldið sé í sumum tilfellum of lágt. Nú hefur hv. þm. hér í sinni brtt. tekið burt þann möguleika, sem er í frvgr., að því, sem á vantar, yrði jafnað niður eftir efnum og ástæðum. Svo ég veit ekki, hvað slíkur söfnuður á að gera, sem þarf meira gjald fyrir sig en 1,50 kr., en fær ekki meira en 1,50 samkv. l. Í gildandi l. frá 1909 er gert ráð fyrir, hvernig að skuli farið, þegar gjald þetta hrekkur ekki til, en það á að falla niður samkv. brtt. á þskj. 190. Ég hygg, að það gjald, sem gert er ráð fyrir í frv., sé ekki of hátt.

Það má svo tala um það fram og aftur, hvort rétt sé að leggja í sérstakan sjóð til kirkjulegra starfa í landinu, og menn draga í efa, að rétt sé að innheimta í slíkan sjóð, eins og gert er ráð fyrir í frv. að verja fénu. Nú er það svo, að í frv. er ekki gert ráð fyrir, hvernig þessu fé verði varið til kirkjulegrar starfsemi. Og ég tel líka, að það megi ganga út frá því, að þessu fé verði varið á þann hátt, sem þeir yfirleitt gætu sætt sig við og mundu una við, sem yfirleitt vilja vera í kirkjufélagi og mundu bera gjaldið. En hvað þeir vilja um þetta segja, sem vilja ekki vera í kirkjufélagi, kemur ekki þessu máli við, því að þeir eru undanþegnir gjaldinu. Ég get vel fallizt á, að nauðsynlegt sé að hafa nokkurt fé til umráða til sameiginlegrar starfsemi, og væru einmitt mörg verkefni, sem þessi sjóður gæti haft og yrði fyrir, ef út í það væri farið. En mér þykir ekki ólíklegt eða óeðlilegt, að ⅙ hluti gjaldsins verði tekinn í þennan sjóð, ef menn vilja hafa þessa starfsemi með höndum. Svo er hitt allt annað, sem hv. 8. landsk. vill, að vilja fella frv. með öllu, og það er skiljanlegt frá hans hendi, því að hann er andvígur því, að slík starfsemi sé um hönd höfð hér á landi, og það er alveg hrein afstaða út af fyrir sig, en á þá skoðun skilst mér, að menn hafi ekki viljað fallast enn þá.

Yfirleitt finnst mér, að þessi málsmeðferð, sem hér hefur verið höfð, sé meiri en frv. gefur tilefni til og að þetta mál sé ekki þess virði, að um það séu hafðar svo miklar bollaleggingar. En ég hef með þessum orðum viljað gera grein fyrir afstöðu minni til einstakra brtt., sem fram hafa komið, og mér virðast þær frekar þýðingarlitlar, en ég mundi geta sætt mig við það, þó að þær yrðu samþ., enda þótt ég geti ekki mælt með neinni þeirra nema þeirri skrifl. brtt., sem borin var fram af hv. 1. landsk.

Gísli Jónsson: Ég hefði haldið, að úr því, sem komið er, sé bezt að fresta þessari umr. og n. reyndi að ná samkomulagi um allar brtt., sem fram eru hér komnar. Ég er fús til þess að ræða um að hækka þetta gjald, en ég vil ekki fylgja þeirri efnisbreytingu að láta taka nokkurn hluta gjaldsins eða allt gjaldið sem útsvar. Það mundi vera leið að taka allar till. aftur til 3. umr., en

ég hygg betra að fá samkomulag um málið í n., áður en gengið er til atkv. við þessa umr.

Frsm. meiri hl. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Ég hafði ekki hugsað mér að hafa mikinn formála um þetta mál. Hins vegar hafa umr. orðið miklar, en hæstv. ráðh., sem stendur að málinu, hefur tekið af mér ómakið, hvað snertir að ræða margar þær brtt., sem fram hafa komið. Mér sást yfir breyt. eins atriðis, þegar ég mælti á móti öllum brtt., en það er 2. liður brtt. á þskj. 190, sem á í raun og veru rétt á sér. Það er, að aftan við fyrirsögnina bætist: og l. nr. 72 27. júní 1941, um breyt. á þeim l. Það ber að nema þau l. úr gildi, um leið og þetta frv. verður samþ., það er a. m. k. skýrara. En þau l. voru breyt. á gömlum l., sem hverfa af sjálfu sér við samþ. þessa frv., ef til kemur. Ræða mín þarf því þeirrar áréttingar við, að meiri hl. n., sem stendur að nál., fellir sig við og er samþykkur því, að 2. liður brtt. á þskj. 190 verði samþ.

Hæstv. ráðh. taldi sig samþykkan eða geta fellt sig við þá skrifl. brtt., sem kom frá hv. 1. landsk., sem sé að þeir einir borgi kirkjugjald, sem eru útsvarsskyldir, og aldurstakmarkið væri 16 ár, en ekki 15 ár, eins og stendur í l. Ójá, við skulum segja það. Ekki mundum við í n. slást út af því, ef hæstv. ráðh., sem stendur að málinu, vill sætta sig við það. Ég vil benda á það, að í l., sem sett voru 1909, var ákveðið þetta aldurstakmark, 15 ár, og hefur það verið svo síðan. Hefur sennilega verið litið svo á, að þetta gjald til kirkju ætti að ná til þeirra, sem væru komnir, eins og sagt var, í kristinna manna tölu, eða með öðrum orðum, væru fermdir. En ef það þykir of mikil raun nú að leggja þetta gjald, sem er tæpar 10 kr., á unglinga fyrir það, að þeir eru ekki nema 15 ára og ekki 16 ára, þá tel ég ekki fært að fara að halda uppi neinni baráttu fyrir því, að þetta sé látið standa áfram í l., að öðru leyti en því, að ég er á móti öllum breyt. á þessu.

Að vísu er það rétt, að þegar þessi l. voru sett, voru ekki eins mörg tækifæri fyrir unglinga að verða af með peninga og nú, og það er sjálfsagt betra fyrir unglinga að setja sínar 10 kr. í bíó eða „kókakóla" eða annað þess háttar. Þessi mikla viðkvæmni hv. þm. fyrir þessu gjaldi er svo broslegt, að ég er viss um, að þegar unglingarnir heyra um hana, gera þeir ekkert annað en hlæja, og ef ég get mér rétt til um unglinga nú á dögum, geri ég ráð fyrir, að þeir séu hreint ekkert hrifnir af þessu.

Yfir höfuð mætti segja, að þessar umr. væru meira til þess gerðar, að mönnum fyndist þeir eitthvað þurfa að hafa sér til dægrastyttingar og eitthvað til þess að tala um, en hér væri um umbætur á l. að ræða.

Ég sé ekki, að menn bæti sig neitt á því að vera að draga þetta mál á langinn, annað en það, ef einhverjir hv. þm. halda, að þeir verði í vandræðum með umræðuefni á næstu þingfundum og þurfi því að tala um þetta mál. Ég óska, að atkvgr. fari fram nú. Það getur aldrei skeð stór skaði, hvernig sem sú atkvgr. fer.

Umr. frestað.

Á 35. fundi í Ed. 17. des., var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 37. fundi í Ed., s. d., var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 125, n. 178 og 179, 170, 183, 190, 194, 195).

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Þetta, sem hér um ræðir, er „principiell" breyting, sem sé að sóknargjöldum er breytt í nefskatt. Væri rétt, að Alþ. afnemi þetta, því þó að þetta gjald nemi ekki meiru en 10 kr. á einstakling, getur það orðið þungt fyrir fátækar og barnmargar fjölskyldur, en mun lægra á ríkum og barnlausum fjölskyldum. Ég tel ekki rétt að skattleggja fátæklinga þannig, og væri réttara, að nefskatturinn væri sem brothluti af heildarútsvarsgreiðslum þegnanna. Það er engum vandkvæðum bundið, að sóknarnefndir skili fjárhagsáætlun, áður en niðurjöfnun útsvara fer fram, og dregst þá sameiginleg upphæð sóknargjaldanna frá heildarútsvarsupphæðinni. Eitt var það, sem hæstv. kirkjumrh. vakti athygli á, að til eru tilfelli, þar sem ein og sama sókn tilheyrir tveim sveitarfélögum. Um þetta atriði er reyndar ekki ákveði í till. minni, en þó liggur beint fyrir, að þessi sveitarfélög greiddu sóknargjöld í hlutfalli við safnaðarmeðlimi sína. Það, sem vinnst við þessa till., er, að afnumið er ranglæti það, sem ríkt hefur í þessu efni, og sérstakur innheimtukostnaður fellur niður, en felst þá í útsvarsinnheimtunni. Ekki er ástæða til að orðlengja um þetta frekar, en ég mundi gjarnan bera fram brtt. um það fyrirbæri, er ein sókn tilheyrir tveim sveitarfélögum.

Sigurjón Á. Ólafsson: Herra forseti. Þetta er aðeins fyrirspurn til fjhn. Svo var nefnilega um talað, að n. athugaði brtt. Ég vildi vita, hvort fjhn. hefur tekið þetta til athugunar milli umr.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 38. fundi í Ed., 18. des., var enn fram haldið 2. umr. frv.

Gísli Jónsson: Ég skal ekki mótmæla þeim úrskurði forseta, að atkvgr. skuli fram fara, en aðeins spyrja hæstv. forseta, hvort ekki væri hægt að fresta atkvgr., þar til fleiri þm. verða viðstaddir.

Forseti (ÞÞ): Því er til að svara, að hér voru inni rétt á stundinni 11 þm. Fjórir hafa þegar fengið burtfararleyfi, en vitað er, að tveir þm. eru hér einhvers staðar í húsinu, en hafa ekki enn mætt í d. Ég hygg, að ekki verði miklu betur sótt eftir jólin, þótt atkvgr. yrði frestað nú, og mun ég láta atkvgr. fara fram.

Frsm. meiri hl. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Þótt atkvgr. fari fram nú, þá finnst mér ráð-

legt að hraða henni ekki svo mjög, að ekki gefist tími til að hafa upp á þeim þm., sem kunna að vera hér í húsinu.

ATKVGR.

Brtt. 195 felld með 5:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GJ, JJós, PZ, ÞÞ.

nei: KJJ, GÍG, HV, LJóh, SÁÓ.

StgrA, ÁS greiddu ekki atkv.

6 þm. (BK, BrB, EE, HermJ, PM, BSt) fjarstaddir.

Brtt. 170 felld með 6:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HV, PZ, SÁÓ.

nei: BrB, GJ, JJós, LJóh, KJJ, ÞÞ.

GÍG, StgrA, ÁS greiddu ekki atkv.

5 þm. (BK, EE, HermJ, PM, BSt) fjarstaddir.

Brtt. 190 felld með 8:2 atkv.

Brtt. 194 felld með 5:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SÁÓ, BrB, GÍG, HV.

nei: JJós, LJóh, KJJ, GJ, ÞÞ.

PZ, StgrA, ÁS greiddu ekki atkv.

5 þm. (PM, BSt, BK, EE, HermJ) fjarstaddir.

Brtt. 183 tekin aftur til 3. umr.

1. gr felld með 6:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JJós, LJóh, SÁÓ, KJJ, GÍG.

nei: PZ, StgrA, ÁS, BrB, GJ, HV.

ÞÞ greiddi ekki atkv.

5 þm. (PM, BSt, BK, EE, HermJ) fjarstaddir.

Frv. þar með fallið.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu.

Hannibal Valdimarsson: Ég er principielt á móti nefsköttum og tel ósæmandi að viðhalda þeim. Segi ég því nei.

2. Stéttarfélög og vinnudeilur.

Á 4. fundi í Sþ., 25. okt., var útbýtt frá Nd.:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 80 11. júní 1938, um stéttarfélög og vinnudeilur (þmfrv., A. 39).

Á 6. fundi í Nd., 28. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Frv. það, sem ég hef leyft mér að bera hér fram til breyt. á l. um stéttarfélög og vinnudeilur, á þskj. 39, fjallar um málefni, sem ekki er með öllu nýtt hér í þinginu, þar sem það kom fram ásamt fleiri brtt., sem fluttar voru og fjallað var um hér á Alþ. árið 1939. Ég hef vikið að þessu í grg., en þær breyt., sem þá var lagt til, að gerðar yrðu á l. um stéttarfélög og vinnudeilur, voru tvíþættar, annars vegar það, að félagsskapur verkalýðsins yrði gerður óháður pólitískum flokkum hér á landi, og hins vegar, að menn nytu jafnrar pólitískrar aðstöðu innan félagsskaparins sjálfs. Fyrra atriðið hefur þegar náð fram að ganga, og mun ég ekki víkja að því hér. Það var almennt viðurkennt, að rétt og sjálfsagt hefði verið að breyta því skipulagi, sem þá var, að l. Alþýðusambandsins og l. Alþfl. væru hin einu og sömu, og var það gert með lagabreyt., sem gerðar voru innan stéttasamtakanna. Þetta náði fram að ganga á grundvelli samkomulags, sem gert var milli stjórnmálaflokkanna.

Þetta frv., sem miðar að því að skapa mönnum jafnrétti innan sjálfra samtakanna, er á svipuðum grundvelli og brtt., sem flutt var 1939. Samkvæmt því er skylda að viðhafa hlutfallskosningu innan verkalýðsfélaganna, þegar tiltekinn fjöldi manna óskar þess. Ég hygg, að mönnum blandist naumast hugur um réttmæti þessa máls, enda háværar óskir um það frá verkamönnum sjálfum, þótt það hafi ekki náð fram að ganga með samkomulagi innan verkalýðsfélaganna, þar sem nokkur skoðanamunur er um þetta atriði. Stéttarfélögin eru þannig, að það er eðlilegt, að menn séu knúðir til þess að vera í þeim vegna aðstöðu sinnar í þjóðfélaginu, og verður það þá þannig, að í þeim verða menn af öllum pólitískum flokkum og með skiptar skoðanir. Hins vegar er það svo, að ekki er óeðlilegt, að pólitískar skoðanir einstaklinga hafi áhrif á það, hverja þeir vildu kjósa til stjórnarstarfa og trúnaðarstarfa. Og ég held, að það sé almenn og augljós staðreynd, að mikið af þeim kosningum, sem þarna fara fram, eru þess eðlis, að menn skiptast í flokka eftir stjórnmálaskoðunum. En þegar t. d. á að kjósa marga menn til trúnaðarstarfa og eingöngu eru viðhafðar meiri hl. kosningar, verður það meiri hl., sem ræður öllu, og réttur minni hl. verður fyrir borð borinn.

Nú að undanförnu hafa hlutfallskosningar verið að ryðja sér til rúms, og menn hafa skoðað þær réttilega sem spor í þá átt að fullnægja grundvallarstefnu lýðræðisins, og síðan þetta mál var flutt á Alþ. hafa víða verið teknar upp hlutfallskosningar, þar sem þær voru ekki áður, bæði í félögum og til þings. Ég vil leyfa mér að minna á, að teknar hafa verið upp hlutfallskosningar í tvímenningskjördæmunum, til búnaðarþings og í stéttarsamtökum bænda, og er því á sama hátt eðlilegt, að þetta væri tekið upp til kosninga í trúnaðar- og stjórnarstörf innan stéttarfélaga verkalýðsins. Það er þess vegna ekki ástæða til þess að vera að fjölyrða um réttmæti þessa máls, því að það er augljóst, að ef á að reyna að fullnægja þeirri grundvallarhugsjón lýðræðisins, að tekið sé tillit til minni hl. í félagsmálum, þá verður að viðhafa svipaðar reglur og hlutfallskosningar áskilja. Það mætti að vísu varpa fram þeirri spurningu, hvort ástæða sé til að lögskipa slíkt sem þetta, það ætti að vera á valdi félaganna sjálfra, hvort þau viðhafa slíkt kosningafyrirkomulag eða ekki. En það er staðreynd, að l. um stéttarfélög

og vinnudeilur kveða svo á, í 3. gr., að stéttarfélög ráði málefnum sínum sjálf með þeim takmörkunum, sem eru sett í l. þessum, og gera þannig ráð fyrir því, að löggjafinn gæti sett ýmsar reglur um starfsemi þessara félaga. Og þegar málunum er nú komið eins og er, þá finnst mér naumast réttmætt að ætlast til þess, að þetta fari eingöngu eftir frjálsum vilja félaganna á hverjum tíma og á hverjum stað, vegna þess að það getur skapað hið mesta handahóf í þessum málum. Sums staðar er meiri hl. það frjálslyndur að hverfa að þessu ráði, en sums staðar ekki, og þá hefur minni hl. ekki aðstöðu til þess að ná rétti sínum, þótt hann vilji fá fram breyt. á lögunum.

Í þessari brtt., sem ég hef flutt hér, er ekki gert ráð fyrir því, að það sé skylt að viðhafa slíkar hlutfallskosningar, nema tiltekinn hluti félaganna óski þess, og er það að sumu leyti eðlilegt, því að stéttarfélög starfa við nokkuð mismunandi skilyrði og aðstöðu, sum eru smá, í litlum byggðarlögum og hreppum, en önnur aftur stór, í kaupstöðum og kauptúnum. Það geta verið þær kringumstæður, að það liggi ekki fyrir óskir manna um það að hafa annað en einfaldar meiri hl. kosningar. En ef fyrir liggur vilji ⅕ hl. félaga í viðkomandi félagi um það að viðhafa hlutfallskosningar, þá er rétt að taka tillit til þess. Ég vil leyfa mér að vænta þess, að þetta mál megi mæta góðum skilningi í þessari hv. d. Það er einnig vitað, að það nýtur víða annars staðar fylgis Það er vitað, að Sjálfstfl. hefur gert almenna flokkssamþykkt um það hjá sér að vinna að því, að það megi takast að koma á slíku kosningafyrirkomulagi innan verkalýðssamtakanna. Það er einnig vitað, að við síðustu kosningar til alþýðusambandsþings í Dagsbrún var samkomulag milli verkamanna innan Sjálfstfl. og Alþfl. um að standa saman um fulltrúaval, og það samkomulag byggðist á því, að takast mætti að koma á hlutfallskosningum innan verkalýðsfélaganna og innan Alþýðusambandsins. Þá er einnig að vænta þess, að sumir hverjir, sem eiga sæti hér í d. og hafa einmitt fjallað um málefni stéttarfélags bænda og búnaðarsambandanna, þar sem slíkar reglur eru þegar komnar á, ljái lið sitt þessu máli, sem hér um ræðir. Ég held þess vegna, að það sé ástæða til að ætla, að málið eigi fylgi að fagna í öllum flokkum hér á þingi. Málefni eins og þetta er í eðli sínu réttlætismál, sem verður ekki stöðvað, og nær því fyrr eða síðar fram að ganga.

Ég vil bæta því við um það, að málið eigi fylgi að fagna í öllum flokkum, að það vill svo til, að núverandi forseti Alþýðusambands Íslands, hv. 11. landsk., hefur barizt fyrir því, að þetta skipulag yrði tekið upp innan verkalýðsfélaganna. Við höfum verið í þeirri aðstöðu að vinna sameiginlega að því, meðan við störfuðum báðir á vegum Sjálfstfl., að komið yrði á hlutfallskosningum innan verkalýðsfélaganna. Ég vil einnig með hliðsjón af þessu vænta nokkurs stuðnings úr þessari átt. Ég ætla svo ekki að svo komnu að hafa þessi orð fleiri, en vil mega leggja til, að þessu máli verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og allsh.

Steján Jóh. Stefánsson: Herra forseti. Með því að mál þetta er í grg. og líka af hálfu hv. frsm. rakið nokkuð til þeirrar rótar, að á Alþ. 1939 hafi komið fram till. í sömu átt og verið afgr. með ákveðnu móti, sem bendi til þess, að samkomulag hafi átt að verða um framkvæmd málsins síðar, og þar sem ég átti nokkurn þátt í því, að málið var tekið til meðferðar á Alþ. og lét í ljós skoðun mína á því þá, þá þykir mér rétt að fara um þetta mál nokkrum orðum nú í upphafi.

Eins og rakið er í grg. frv. og hv. frsm. benti á, þá lauk því frv., er Bjarni Snæbjörnsson, þm. Hafnf., flutti 1939 um svipað efni, á þann veg, að málið var afgr. með rökstuddri dagskrá, sem prentuð er upp í grg. frv., og hefur hv. flm. og frsm. bæði í ræðu sinni og grg. dregið af henni ályktanir, sumar réttar, en aðrar ekki réttar. Eins og allir vita, sem þekkja til sögu verkalýðshreyfingarinnar á Íslandi, þá var það þannig fram til ársins 1940, að Alþýðusamband Íslands og Alþfl. var ein skipulagsbundin heild, og svo hafði víða verið á frumbýlingsárum verkalýðshreyfingarinnar annars staðar, t. d. í Svíþjóð og Bretlandi, og er að nokkru leyti enn í dag. En þegar fram liðu stundir og komið var að þessum tíma, 1939, þá heyrðust raddir um það innan verkalýðssamtakanna og einnig meðal stjórnmálaflokkanna, að ástæða væri til þess að gera skipulagsbundinn greinarmun á Alþfl. og Alþýðusambandinu, og þess vegna var flutt sú till., sem þáverandi þm. Hafnf., Bjarni Snæbjörnsson, flutti á Alþ. 1939. Eins og allir vita, þá lauk því þannig eftir frjálsa ákvörðun Alþýðusambandsins og Alþfl. 1940, að gerður var skipulagsbundinn skilnaður á milli þessara tveggja samtaka, og eftir það hefur Alþýðusambandið starfað eftir l. sínum og samkvæmt yfirlýsingum, óháð stjórnmálaflokkum, og hefur Alþfl. eftir þann tíma ekki haft rétt til að hafa þar á hendi íhlutun mála öðruvísi en efni gáfust til eftir skoðunum manna innan verkalýðshreyfingarinnar. Þessu var þess vegna breytt 1940 og einnig því, sem að var fundið þá, að leyft hafði verið að hafa tvö verkalýðsfélög sams konar á sama félagssvæði, en þá störfuðu í Hafnarfirði, eins og menn muna, tvö verkalýðsfélög. Meðan Alþýðusambandið var skipulagslega tengt Alþfl., frá 1930 til 1940, voru l. Alþýðusambandsins og flokkslög Alþfl. sameiginleg, og enginn mátti mæta á Alþýðusambandsþingi, nema hann væri skipulagsbundinn alþýðuflokksmaður. Þetta ákvæði hafði ekki gilt, frá því að Alþýðusambandið var stofnað 1916 og fram til 1930, en raun bar vitni um það, að á meiri hl. þessa tímabils voru fulltrúarnir á Alþýðusambandsþingi svo að segja allir alþýðuflokksmenn, og var svo allt til þeirrar stundar, er kommúnistar klufu sig út úr og stofnuðu Kommúnistafl. 1930, en þá var þetta ákvæði um sameiginleg lög Alþfl. og Alþýðusambandsins sett inn. Nú skal ég ekkert deila um það, hversu eðlilegt það hafi verið að halda þessum skipulagsbundnu tengslum milli Alþfl. og Alþýðusambandsins, en ég vil minna á það í þessu sambandi, að það var í rauninni Alþfl., jafnaðarmenn, sem stofnaði Alþýðusambandið á sínum tíma,

og það var ekki hægt að greina á milli þess á þeim tíma, hvort menn voru í verkalýðsfélagi eða Alþýðuflokksfélagi, því að verkalýðsfélögin voru framan af ekkert annað en flokksfélög alþýðuflokksmanna. Þessi tengsl komu því af sjálfu sér allt frá stofnun Alþýðusambandsins og Alþfl. 1916 og fram til ársins 1930, að kommúnistar klufu sig úr samtökunum og stofnuðu Kommúnistafl. Íslands, þá kom þetta ákvæði inn í l. Alþfl. og Alþýðusambandsins. En svo gerðist breyting á verkalýðsfélögunum, því að í raun og veru voru, eins og ég sagði, engir menn í þeim framan af nema alþýðuflokksmenn, og lítill greinarmunur var gerður á verkalýðsfélögunum og flokksfélögum Alþfl. En þegar verkalýðsfélögin tóku að treysta samtök sín og stofna félög víða um landið og reyna að fá sem flestan verkalýð inn í þessi samtök, breyttist þetta, og kom fljótt að því, að inn í þessi samtök komu aðrir en þeir, sem voru alþýðuflokksmenn. Það var þess vegna eðlileg rás viðburðanna hér á landi, að þegar inn í verkalýðsfélögin voru komnir menn, sem ekki voru alþýðuflokksmenn, þá mundi til þess draga, að skilnaður mundi gerður milli Alþýðusambandsins og Alþfl. Þetta var gert á sameiginlegu þingi Alþfl. og Alþýðusambandsins 1940, og ég skal lýsa því yfir, að ég var þessu ákveðið fylgjandi og átti þátt í því, að þessi skipulagslegu tengsl, sem áttu þá að baki nokkuð mörg ár, voru rofin, og það var vegna þess, að þetta skipulag passaði ekki lengur fyrir þessi samtök, þótt það passaði fyrir þau lengi fram eftir hér á landi eins og víða annars staðar. Þetta gerðist af frjálsum vilja og með frjálsu samþykki Alþýðusambandsins og Alþfl. Sömuleiðis var alþýðusambandsl. breytt þannig, að ekki mætti nema eitt félag sömu tegundar á sama félagssvæði vera í Alþýðusambandinu. Samþykkt hinnar rökstuddu dagskrár frá 1939 var því að öllu leyti fullnægt á Alþýðusambandsþinginu 1940, og ég held, að það sé misskilningur hjá hv. flm. þessa frv., að það skorti enn á, að öllum meðlimum verkalýðsfélaganna sé tryggður sami réttur til allra trúnaðarstarfa án tillits til stjórnmálaskoðana. Þetta hefur einmitt verið framkvæmt og framkvæmt með því að nema úr gildi ákvæði Alþýðusambandsl. frá 1930 um það, að enginn mætti mæta á þingi Alþýðusambandsins, nema hann væri skipulagsbundinn alþýðuflokksmaður. Þetta var afnumið, og með því var í rauninni orðin greið gatan fyrir hvern mann án tillits til stjórnmálaskoðana að eiga sæti á þingi Alþýðusambandsins. Rökstuddu dagskránni frá 1939 hefur því verið framfylgt út í yztu æsar, enda hafði ég viljað, að svo yrði, og var því máli fylgjandi hér á Alþ. 1939, og þetta var framkvæmt á alþýðusambandsþingi 1940.

Ég vil þess vegna fyrst og fremst leiðrétta þann misskilning, sem kemur þarna fram hjá hv. flm. málsins, að enn skorti á, að fullnægt sé þessu skilyrði hinnar rökstuddu dagskrár. En þegar þetta er athugað, þá kemur að hinu: Er rétt að setja á Alþ. löggjöf, sem fyrirskipar með vissu móti, að hlutfallskosningar skuli viðhafðar innan verkalýðsfélaganna? Ég lýsti því yfir á Alþ. 1939, að ég áliti þetta rangt. Ég áleit það óeðlileg afskipti löggjafarvaldsins af verkalýðssamtökunum, afskipti, sem ég veit ekki til, að framkvæmd hafi verið nokkurs staðar meðal lýðræðisþjóða. Hitt er svo annað mál, hvort verkalýðsfélögin sjálf, samtakaheild þeirra, ættu að ákveða að hafa hlutfallskosningar hjá sér til trúnaðarstarfa og fulltrúavals, það eru þau sjálfráð um og eiga að vera sjálfráð um.

Hv. flm. þessa máls nefndi nokkur dæmi, þar sem hlutfallskosningar hefðu verið innleiddar á seinustu tímum, og nefndi hann meðal annars stéttarfélög bænda. Það er rétt, að það var ákveðið við stofnun stéttarfélags bænda að hafa hlutfallskosningar, en það voru samtökin sjálf, sem þar stofnuðu til samtakanna, sem komu sér saman um þessa skipulagsháttu í sínum eigin félagsskap. Við þekkjum önnur stór samtök hér á landi, og um þau gildir sérstök löggjöf, það er samvinnufélagsskapurinn. Um þann félagsskap gildir samvinnulöggjöfin, og í þeim félagsskap eru hlutfallskosningar viðhafðar, og í þeirri löggjöf er ákveðið, að félagið eigi að vera opið öllum mönnum, sem fullnægja skilyrðum til þess vegna búsetu á félagssvæðinu — opið öllum án tillits til stjórnmálaskoðana, alveg eins og verkalýðsfélagsskapurinn á að vera opinn öllum verkalýð, konum jafnt sem körlum, á félagssvæðinu, þar sem félög starfa. Ég veit ekki, hvort verkalýðsfélögin telja það réttan hátt á starfsemi sinni að taka upp hlutfallskosningar, en ég vil láta þau ákveða um það sjálf, en alls ekki, að löggjafarvaldið gangi inn á þá braut að fyrirskipa þessum frjálsu samtökum í landinu að fara inn á þessa braut, ef þau ekki ákveða það sjálf fyrir sitt leyti. Ég á litinn þátt nú orðið í starfsemi verkalýðsfélaganna, en ég þekki vel sögu þeirra og starfsemi í 20—30 ár, og ég álít eftir þeirri reynslu, sem ég hef fengið af þeim samtökum, að þessir aðilar séu bezt bærir til þess að ákveða um þetta sjálfir. Ég er þess vegna fyrir mitt leyti andvígur þessu frv., sem fyrir liggur. En ég vil fyrst og fremst leiðrétta þann misskilning og þá hæpnu ályktun, sem dregin hefur verið af rökstuddu dagskránni frá 1939 um framkvæmd á samkomulagi. Í annan stað vil ég lýsa því yfir, að ég hef sömu skoðun um þessi málefni eins og ég hafði 1939 og hef alltaf haft; að það sé ekki svið löggjafarvaldsins að fara inn á að ákveða slíka skipulagsháttu fyrir verkalýðsfélögin frekar en samvinnufélögin, íþróttafélögin og önnur allsherjarsamtök, sem starfa um land allt. Og ég er hræddur um, að ef farið yrði inn á þessa leið með verkalýðssamtökin, þá gæti verið hætt við því, að það kæmu upp sams konar kvaðir snertandi samvinnufélögin og íþróttafélögin, kvenfélögin o. s. frv., en þetta eru samtakaheildir, sem ná yfir allt landið, og ég álít, að löggjafarvaldið eigi ekki að grípa fram fyrir hendur þeirra, heldur eigi að láta þessar félagsheildir um það, hvað þau vilja vera láta í sínum skipulagsháttum. Þess vegna vil ég óska þess, að menn athugi mjög vel það, sem hér er farið fram á, og athugi, hvaða dilk það mundi draga á eftir sér, ef farið yrði inn á þessa

vafasömu braut í löggjöf, hvað snertir almenn samtök og félagsskap manna í landinu.

Hermann Guðmundsson: Herra forseti. Hv. 5. landsk. þm. hefur tekið af mér það ómak að tala margt um þetta mál, þar sem hann tók margt fram af því, sem ég vildi sagt hafa. En ég get þó ekki stillt mig um að segja nokkur orð, bæði vegna þess, að ég er forystumaður þeirrar stofnunar, sem þetta mál snertir, og einnig vegna þess, að hv. flm. hefur látið mig verða þess heiðurs aðnjótandi að geta mín í sambandi við framsöguræðu sína. Nú vil ég taka það fram, að ég er þessu frv. andvígur, fyrst og fremst vegna þess, að ég álít, að verkalýðshreyfingin eigi sjálf að ákveða um þetta, en ekki löggjafarvaldið. Hv. flm. gat þess, að þetta frv. væri fram komið til þess að skapa jafnrétti innan verkalýðshreyfingarinnar. Það er svo innan verkalýðshreyfingarinnar, sem og margra annarra samtaka, að það er mjög um það deilt, hvaða fyrirkomulag skuli gilda um val trúnaðarmanna, en verkalýðshreyfingin hefur til þessa ráðið því sjálf. En þegar rætt er um það að skapa jafnrétti innan verkalýðshreyfingarinnar, þegar menn eru svo sannfærðir um, að slíkt þurfi að gera, að þeir semja frv. eins og þetta, þá er vert, að menn athugi betur hugmyndir sínar um jafnrétti og svo verk sín.

Ég verð að segja það, að mér virðist kenna mikils ósamræmis milli þeirrar hugmyndar, sem ég hef um jafnrétti, og þess, sem fram kemur í frv., og vil ég í því sambandi benda á, að samkvæmt frv. á ⅕ hluti félaganna að binda alla félagsheildina undir ákveðið form. I. d. ef deilt er um það í einu verkalýðsfélagi, hvaða stjórnarform skuli hafa, og ⅘ vilja hafa það fyrirkomulag, sem nú gildir, en ⅕ vill annað, þá á ⅕ að ráða, en hinir ekki. Þetta finnst mér ekki jafnrétti.

Hv. flm. gat um það, að fram hefðu komið kröfur um það, að hlutfallskosningar yrðu teknar upp í verkalýðsfélögunum, og að þær ættu vafalaust fylgi að fagna, og hann gat um það, sem eins konar réttlætingu fyrir þessu frv., að slíkar kröfur hefðu víða komið fram, en ekki náð fram að ganga. En ég vil spyrja hv. þm.: Hvar hafa þessar kröfur komið fram og hvenær, í hvaða verkalýðsfélögum, og í hvaða verkalýðsfélögum hafa þær verið felldar? Það fór eins og ég reiknaði með, að enda þótt hv. flm. sé lögfræðingur, þá veittist honum erfitt að færa heim ummæli sín um jafnréttið í þessu frv., sem hefur inni að halda ójafnrétti í orðsins fyllsta skilningi og er freklegt brot á viðurkenndu félagafrelsi í landinu. Ég get ekki fengið annað inn í mitt ferkantaða höfuð, ef svo mætti segja, en að ⅕ hluti geti samkvæmt því ákveðið það form, er ⅘ verði að sætta sig við, hvernig sem þeim líkar það, eða m. ö. o. að það sé minni hlutinn, sem ráði, en ekki meiri hlutinn. Hv. flm. virðist líta þveröfugt á þetta. En að því athuguðu, hvaða fyrirkomulag gilti um fulltrúaval, ef frv. hans næði samþykki, er það þó einkum jafnréttið, sem yrði fyrir borð borið, er ⅕ hluti atkvæða réði fyrir ⅘ hlutum.

Hv. flm. vildi gefa í skyn, að ég hefði snúizt mjög í þessu máli, að ég hefði haft aðrar skoðanir, er ég var í Sjálfstfl. Það er ekkert leyndarmál, að í dag hef ég aðrar skoðanir á mörgum þjóðfélagslegum málum en ég hafði, meðan ég var í Sjálfstfl. Þess vegna er ég hér í dag sem þm. fyrir Sósfl. Þó hef ég í dag nákvæmlega sömu skoðun og ég hafði 1939 á því, að verkalýðsfélögin eigi sjálf að ráða sínum innri málum og þar á meðal, hvaða kosningafyrirkomulag þau hafa í sambandi við val sitt á mönnum í trúnaðarstöður. Flm. virtist leggja á það mjög mikla áherzlu, og var sem hann skoðaði það sem einhver rök fyrir framgangi frv. síns, að málfundafélagið Þór í Hafnarfirði átti þátt í frv. Bjarna Snæbjörnssonar 1939, og gaf hann raunar í skyn, að ég hefði verið formaður þess félags, er samþykkt þess var gerð, sem hann minntist á. Hér kemur fram sama þekkingarleysið hjá hv. flm. og líklega er orsök þessa frv. hans. Ég var nefnilega ekki formaður málfundafélagsins Þórs 1939.

Hv. flm. virðist ekki gera mun á ástandinu í verkalýðsfélögunum þá og nú. Honum virðist sjálfsagt að grípa nú, er eining ríkir innan verkalýðshreyfingarinnar, til sömu ráða og nefnd voru 1939, er sundrung og hjaðningavíg veiktu verkalýðssamtökin.

Ég sé ekki ástæðu til að fara nánar út í ræðu hv. flm. að svo stöddu. Ég óska þess eindregið, að frv. þetta verði fellt af þeim sökum, að það er ekki Alþingis að ákveða um innanfélagsmál verkalýðsfélaganna, þótt flm. hafi á þessu aðra skoðun og vitni í því sambandi m. a. í vinnulöggjöfina. Ég get ekki séð, að neitt það hafi skeð, er réttlæti það, að Alþ. þurfi að grípa á róttækari hátt inn í málefni verkalýðssamtakanna en með vinnulöggjöfinni 1938, eða 1939 undir þeim kringumstæðum, er þá voru. Þá var svipuðu máli vísað frá hér, af því að þm. vildu ekki grípa inn í starfsemi verkalýðshreyfingarinnar, og ég vænti, að sá skilningur sé ennþá fyrir hendi og frv. þetta verði fellt.

Sigurður Guðnason: [Lestrarsalsvörður telur sig munu hafa lið JóhH tvö handritsblöð, er á hafi verið stutt ræða SG og enn fremur upphaf næstu ræðu. JóhH neitar því hins vegar (í des. 1948), að handritsblöðin séu í sinni vörzlu, og mun því mega telja þau glötuð.]

Flm. (Jóhann Hafstein): .... Þá verð ég að segja það í sambandi við þær óskir hv. 8. þm. Reykv. í lok ræðu hans, að það yrði mér sjálfum verst að flytja þetta frv., að við hv. 11. landsk. munum þar verða á sama bát, en hann var hvatamaður þessa máls fyrir fáum árum. Og þessi hv. 11. landsk. er nú hissa á því, að komið er fram frv. um að lögbjóða ákveðið form í stéttarfélögum. Það situr sízt á honum að verða hissa, þótt tekin sé nú upp baráttan, þar sem hann lét hana niður falla í bili a. m. k. Ég held það séu svo ekki fleiri atriði, sem ég þarf að ræða að svo stöddu.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EmJ, EystJ, GÞ, GSv, HÁ, HB, IngJ, JóhH, JPálm, JS, JörB, ÓTh, PO, SB, SEH, BÁ.
nei: HelgJ, HermG, KTh, SigfS, SG, StJSt, StgrSt, BG.
11 þm. (EOl, FJ, GTh, GÞG, JJ, LJós, PÞ, SK, SkG, ÁkJ, ÁÁ) fjarstaddir.
Frv. vísað til allshn. með 20 shlj. atkv.

Á 46., 47. og 49. fundi í Nd., 20. og 21. des., 8. jan., var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 50. fundi í Nd., 9. jan., var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 39, n. 215 og 225).

Frsm. meiri hl. (Hermann Guðmundsson): Mörg verkalýðsfélög í landinu hafa mótmælt frv., og að þeim mótmælum hafa staðið menn úr öllum flokkum, og sýnir það greinilega, hver vilji verkalýðsins er, að hann er andstæður þessari kúgun, sem hér er ætlunin að beita. Það breytir engu, þótt frsm. minni hlutans haldi því fram, að ég hafi barizt fyrir þessu sama áður. Ég var með hlutfallskosningu, en ekki með valdbeitingu og valdboði frá Alþingi. Samþykkt þessa óheillafrv. væri árás á frelsi verkalýðsfélaganna, og ég vil biðja þá menn, sem eru forsvarsmenn annarra félaga í landinu, að athuga það, að þetta er aðeins byrjunin, önnur félög mundu koma á eftir. Samþykkt þessa óheillafrv. væri ósamboðin Alþ. og frekleg árás á lýðræðið í landinu. Ég vona svo, að Alþ. felli þetta frv.

Frsm. minni hl. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. — Ég mun gera nokkra grein fyrir afstöðu minni hl. allshn., en n. klofnaði í afstöðunni til frv.

Þegar frv. var lagt fyrir n., stóð fyrir dyrum alþýðusambandsþing, og þótti rétt að senda því frv. til umsagnar, og í þeirri góðu trú, að það tæki því á þann hátt, sem því sæmdi, og þó ekki sízt vegna fyrri afstöðu forseta Alþýðusambandsins, sem ég hef látið koma fram á öðrum vettvangi, en hann spurði, hvort ég væri því samþykkur að taka aftur þessa till., ef hann beitti sér fyrir málinu innan verkalýðsfélaganna.

Nú er orðið langt síðan alþýðusambandsþingið afgreiddi þetta mál með ályktun, sem ég skal fara um nokkrum orðum, þar eð eðlilegt væri að óreyndu, að þm. tækju nokkurt tillit til ályktunar slíks þings. En hún sneiðir því miður algerlega fram hjá efnishlið málsins. Auk þess er ályktunin þrungin af sleggjudómum um tilgang þessa frv. Afgreiðsla alþýðusambandsþingsins á þessu máli er öll á þann veg, að fullkomlega er því ósamboðin. Frv. er um það, hvort taka skuli upp hlutfallskosningar um val í stjórn og trúnaðarstöður innan verklýðsfélaganna. Ályktunin víkur lítið að þessu, en talað er um, að þetta mundi verða til þess að löghelga pólítískar kosningar innan verkalýðsfélaganna. Þessi samkunda hefur sagt, að samþykkt þessa frv. væri að gera lýðræðið að skrípamynd, þótt það sé vitað, að hlutfallskosningar eru svo miklu lýðræðislegri heldur en sú kosningaaðferð, sem nú er viðhöfð. Svona er áframhaldið í ályktuninni á svipaðan hátt, og get ég fyrir mitt leyti ekki fest sjónir á því, hvernig hlutfallskosningar mundu koma af stað meiri stjórnmáladeilum innan alþýðusambandsins en nú eru. Þarf ekki annað en líta á seinasta alþýðusambandsþing, en þar deildu Sósfl. og Alþfl. hatramlega. Þetta er vitað, og er því þetta tal ekki annað en skinhelgi, sem er langt fyrir neðan virðingu þessarar stofnunar.

Þá er í ályktuninni fullyrt, að frv. sé lævísleg tilraun til að dreifa athygli verkalýðsins frá hagsmunabaráttunni og verið sé að gera tilraun til að sundra þeim með pólitískum hlutfallskosningum. Þetta er svo fjarri sanni sem vera má. Að þessu er vikið í nál. minni hl. og sýnt fram á, að þetta er algerlega fráleitt, heldur er það þvert á móti til þess fallið að skapa heilbrigð verkalýðssamtök. Að þessu máli hafa áður staðið sjálfstæðisverkamenn með hv. 11. landsk., og báðu þeir þm. Hafnf., sem þá var Bjarni Snæbjörnsson, að bera svipað frv. fram á Alþ.

Það er vitað, að hv. 11. landsk. var þá með málinu, og er furða að heyra hann tala nú þveröfugt við fyrri afstöðu og standa að annarri eins ályktun og alþýðusambandsþingsins.

Það má minna á það, að landsfundur Sjálfstfl. samþykkti ályktun varðandi þetta mál, og vitað er, að margir verkamenn innan Dagsbrúnar gerðu með sér samtök til þess að beita sér fyrir þessu máli. Það kom að vísu fram hjá hv. 8. þm. Reykv., að lítill byr hefði verið fyrir þessu máli innan félagsins og alþýðusambandsþingið hefði samþykkt ályktun sína mótatkvæðalaust. Sýnir þetta aðeins vel, undir hvílíkri ofurstjórn verkalýðssamtökin eru, og enn dæmi um það, hvernig er komið stjórnarfari, þar sem kommúnistar ráða, að menn skirrast við að láta í ljós afstöðu sína.

Í ályktun alþýðusambandsþingsins segir enn fremur, að þetta mundi verða til þess, að allt starfið innan verkalýðsfélaganna færi í pólitískt þras og að verkamenn gættu minna að sínum fagmálum. Það er vert að athuga, hvernig þessu er farið nú, hvort verkalýðsfélögin skipta sér nú aðeins af sínum fagmálum. Eru þau ekki einmitt notuð nú sem leiksoppur til pólitísks framgangs ákveðins flokks? Á síðasta alþýðusambandsþingi var t. d. samþykkt ályktun um afstöðu þeirra til stefnu ríkisstj. í ýmsum málum, svo sem nýsköpunarmálunum o. fl. Eru þetta fagmálefni? Taka menn ekki afstöðu til þessa máls eftir stjórnmálaskoðunum? Þá eru samþ. ályktanir um opinbera stjórn byggingamála, um landsverzlun og fleira slíkt. Eru þetta aðeins fagmálefni?

Menn taka afstöðu til slíkra mála eftir stjórnmálaskoðunum, og þeir, sem ætlast til, að verkalýðsfélög taki afstöðu til slíkra mála, eru einmitt að gera þau pólitísk. Er það því eintóm skinhelgi slíkra manna, sem kemur fram í ályktun þingsins um það, að ekki megi gera verkalýðsfélögin pólitísk með hlutfallskosningarfyrirkomulagi!

Afstaðan er sú, að kommúnistar vilja hafa þar pólitíska aðstöðu, en pólitískt lýðræði má ekki koma til greina, þar sem þessir menn koma fótum fyrir

sig. Ég skal svo ekki hafa fleiri orð um afgreiðslu málsins á alþýðusambandsþinginu. Ég skal taka það fram, að þar sem þetta málefni snerti allsherjarsamband verkalýðsins, fylgdi ég því að sjálfsögðu í allshn., að málið væri lagt fyrir þing þess, ekki sízt þar sem forseti þess er maður, sem mér var kunnugt um, að hafði áður gert vel í þessu máli. Því miður brugðust vonir mínar um þá afgreiðslu, sem málið kynni að fá á þessari samkomu.

Þá skal ég víkja nokkrum orðum að flokkunum. Fulltrúi Framsfl. í n. lagði á móti málinu og var þar með meiri hl. Það kom einnig hljóð úr horni annars staðar frá. Í aðalmálgagni Framsfl., Tímanum, þann 20. des., segir svo í leiðara, með leyfi hæstv. forseta:

„Framsóknarmönnum er það ljóst, hverjir gallar og annmarkar fylgja hlutfallskosningum. Þeim finnst það vera frekja og ástæðulaus yfirgangur að skylda öll stéttarfélög til að hafa jafnan hlutfallskosningar. Þess vegna voru þeir á móti frv. allir sem einn."

Nú er það að vísu svo, að flestir flokksmenn Framsfl. greiddu frv. atkv. til 2. umr. Veit ég því ekki, hvort þeim finnst það svo mikil „frekja og ástæðulaus yfirgangur" að skylda félögin til þess að taka upp slíkar hlutfallskosningar.

Mig langar til að minnast á það, að 1. þm. Árn. var flm. að breyt. á jarðræktarl. 1936, þar sem kom fram breyt. á búnaðarl. og kosningum til búnaðarþings. Ein af breyt. var sú í 7. gr., með leyfi hæstv. forseta: „Rétt til að bera fram kjörlista hafa minnst félagsmenn með samtals 40 atkvæði, og skulu vera jafnmargir á hverjum lista og kjósa á og jafnmargir til vara. Komi fram fleiri en einn listi, skal hlutfallskosning viðhöfð."

Síðan hefur jafnan verið viðhöfð hlutfallskosning innan búnaðarsambandanna, en þar er þetta kosningafyrirkomulag fyrst innleitt innan stéttarsamtaka, svo að það er ekki nema von, að okkur komi undarlega fyrir sjónir, að Framsfl. skuli vera á móti því kosningafyrirkomulagi annars staðar, sem hann hefur viljað lögleiða í samtökum bænda. Varðandi þessa lögskipun segir í grg. fyrir frv., ef ég má lesa, með leyfi forseta:

„Með þessu kosningafyrirkomulagi er bændunum gefinn kostur á að hafa áhrif á skipun búnaðarþingsins, eftir því sem þeir hafa vilja og aðstöðu til. Einmitt með þessari skipun búnaðarþings ætti það að vera tryggt, að það væri nokkurn veginn rétt mynd af því viðhorfi, er bændurnir hafa til helztu áhugamála sinnar stéttar, og reyndar þjóðmála yfirleitt.

Líklegt er, að öllum þyki vænt um þessi lagafyrirmæli. Þau svipta engan bónda réttindum, heldur þvert á móti. Þau veita bændunum mikils verð réttindi, sem þeim að sjálfsögðu ber og hefðu átt að vera búnir að fá fyrir löngu, en hefur þó dregizt til þessa. Nú mun þeim af öllum frjálshuga mönnum fagnað."

Þetta segir í hinni almennu grg., en í grg. fyrir 7. gr. er vísað til almenna hlutans. Ég verð því, með tilvísun til þessa, að biðja menn að virða mér til vorkunnar, þó að ég hafi vonazt eftir öðru úr þessari átt. Ég verð líka að minnast á, að það var fyrir forgöngu þessa flokks, að teknar voru upp hlutfallskosningar í hreppsnefndar- og sýslunefndarkosningum.

Varðandi afstöðu Alþfl. vil ég segja það, að það er kunnugt, að verkamenn úr þeim flokki innan Dagsbrúnar voru því hlynntir, eins og hér hefur verið tekið fram, að slíkt fyrirkomulag yrði tekið upp. Flokkurinn eða formaður hans tók afstöðu gegn þessu máli við 1. umr. þess, og hef ég verið að reyna að gera mér grein fyrir því, hvað því geti valdið. Það hafa birzt um það nokkrar greinar í blaði flokksins, og að viðbættum samtölum við nokkra menn hef ég ekki getað skilið annað en að þetta væri bara „taktik". Ég hef heyrt það frá þessum mönnum, að þeir telja rétt og lýðræðislegt að taka upp þetta form. En þeir segja, að það séu ekki nema 25% kommúnistar í verklýðsfélögunum og andstæðingar þeirra þurfi bara að sækja betur fundi til þess að fella þá og útiloka þannig áhrif þeirra í eitt skipti fyrir öll. Á þessa skoðun hef ég ekki getað fallizt, að rétt sé að vera á móti málinu, af því að hægt sé að þurrka út áhrif kommúnista, ef öðruvísi væri á málunum haldið. Ég hef viljað líta svo á, að ekki hafi komið fram þau rök, sem réttlæti það, að Alþ. sé á móti málinu.

Forseti alþýðusambandsins, 11. landsk., sagði, að sín fyrri afstaða í þessu máli skipti engu. En ég held, að fyrri afstaða manna og flokka hljóti alltaf að skipta miklu. Það hefur að vísu komið fram, bæði hjá einstökum persónum og jafnvel heilum flokkum, að þeir taka afstöðu til mála eftir því, hverjir pólitískir hagsmunir eru í húfi á hverjum tíma. En það er ekki á þeim grundvelli, sem Alþ. á að afgreiða mál, heldur eftir því, sem það álítur, að geti orðið til mestrar blessunar.

Ég hafði þau orð við 1. umr. þessa máls, að þó að það yrði nú stöðvað, mundi ekki verða um nema töf að ræða á því að fá fullnægt kröfunum um meira lýðræði og réttlæti innan verkalýðssamtakanna, því að það er það, sem koma skal, þó að því hafi verið veitt fyrirstaða.

Ég vil leyfa mér að vænta þess, að þótt málinu hafi verið veitt fyrirstaða, hafi það gott fylgi innan þings og þess verði skammt að bíða, að það nái fram að ganga.

Frsm. meiri hl. (Hermann Guðmundsson): Í ræðu þeirri, sem frsm. minni hl. flutti, var ein yfirlýsing, sem hafði talsvert gildi. Hann lýsti því yfir, að hann hefði verið því samþykkur, að þetta frv. var sent alþýðusambandsþinginu til umsagnar, og finnst mér ekki fyrir það þakkandi. Við vitum, að hér er um að ræða frv., sem snertir verkalýðinn í landinu. Hvað var eðlilegra en að senda það þangað? Ég geri ráð fyrir, að hann hafi vitað, að ekki væri stætt á öðru, þótt hann hefði viljað. Hann vill reyna að gera sem minnst úr ályktun alþýðusambandsþingsins og ber brigður á, að það sé rétt, sem ég hef sagt. Hann vill einnig telja, að sú kosningaaðferð, sem verkalýðsfélögin hafa, sé ekki rétt, en

telur þá aðferð, sem hann vill beita, rétta og sjálfsagða.

Í sambandi við alþýðusambandsþingið gegnir furðu, að maður með hans kunnugleika skuli leyfa sér að segja, að hér komi ekki fram réttur vilji verkalýðsins. Samþykkt sú, sem hér liggur fyrir, var samþ. einróma, ekki einn var á móti. Nú skyldi maður ætla, að þetta væri fyrir það, að réttar upplýsingar hefðu ekki verið fyrir hendi. En hann sá við þeim leka og útskýrði fyrir fulltrúum, sem fylgjandi eru flokki hans, nauðsyn þess, að slík lagasetning væri gerð. Þrátt fyrir þetta sáu þessir fulltrúar sér ekki fært á alþýðusambandsþinginu að greiða atkv. með frv. Jóhanns Hafsteins, en greiddu atkv. með þeirri samþykkt, sem er í andstöðu við frv., ekki vegna þess, að þeim væri skipað það, eins og hann hefur viljað gefa til kynna, heldur vegna þess, að þeir voru sannfærðir um nauðsyn þess að vera á móti málinu.

Frsm. var að ræða um það, að þetta alþýðusambandsþing hafi verið pólitískt. Því er þá að svara, að hér er ekki um ópólitíska menn að ræða. Ég vil benda honum á það, að honum væri sæmra að kynna sér eðli samtakanna betur, áður en hann fer að ræða um þetta. Verkalýðssamtökin eiga að vera óbundin öllum stjórnmálaflokkum, en þau hljóta að taka afstöðu til þjóðfélagsmálanna. Starfsmenn verkalýðssamtakanna líta svo á, að þeim beri ekki aðeins að berjast fyrir hækkuðu kaupi, og þess vegna mótmæla þeir dýrtíðarráðstöfunum og öðrum málum, sem eru í andstöðu við samtökin — og er það fullkomlega réttlætanlegt. Ég get því ekki séð annað en að það sé eðlilegt, að þing verkalýðsins taki fyrir mál, sem eru pólitísk. Verkalýðurinn er orðið það mikið afl, að ekki er mögulegt annað en að taka tillit til skoðana hans í þessu máli. Og ég vil benda hv. þd. á það, að í þessu máli er það staðreynd, að verkalýðssamtökin hafa lýst andúð sinni á því, svo að ekki verður um villzt. Þetta finnur flm., og í gremju sinni grípur hann í eina hálmstráið, sem hann hefur, en það er persónan Hermann Guðmundsson — og minnir á mína fyrri afstöðu.

Hann segist hafa átt tal við mig um þetta og ég hafi óskað eftir, að hann tæki frv. aftur, og mundi ég þá beita mér fyrir hlutfallskosningum í verkalýðsfélögunum. Ég veit ekki, hvað að honum kemur að segja slíkt, þar sem ég hef ekki fram að þessu reynt hann að ósannsögli. Það, sem ég sagði, var, að ég skyldi beita mér fyrir, að umræður yrðu teknar upp um hlutfallskosningar, en það er allt annað en að beita sér fyrir, að hlutfallskosningar verði lögfestar.

Hann segir, að ég hafi verið með hlutfallskosningum 1939, þegar Bjarni Snæbjörnsson lagði fram sitt frv. 1939 voru ýmsir erfiðleikar innan verkalýðsfélaganna, og mótaðist mín afstaða nokkuð af þeim, en það er rangt, að ég hafi þá verið með því, að Alþ. lögfesti hlutfallskosningar, og að ég hafi beitt mér fyrir þeirrir lögfestingu. Því síður mundi ég vera með slíku nú, þegar verkalýðsfélögin eru sterkari en nokkru sinni áður.

Nú vil ég taka það fram, ef flm. (JóhH) er það ekki kunnugt, að þótt ég sé forseti Alþýðusambandsins, ræð ég þar ekki öllu einn, heldur ríkir þar fullkomið lýðræðisskipulag, og mun væntanlega verða svo í framtíðinni.

Hann segir, að ekkert hafi komið fram, sem bendi til þess, að þingið ætti ekki að samþykkja frv. Ég vil leyfa mér að segja það, að í ræðu hans hefur ekki komið fram neitt, sem sýni, að það eigi að samþykkja það. Ég leyfi mér að halda því fram, að ekki hafi neitt komið fram, sem réttlæti það, að gera þetta frv. að l. Og ég leyfi mér að halda því fram, að það sé ranglátt að ætla að skylda ⅘ af meðlimum félaganna til þess að viðhafa kosningafyrirkomulag, sem þeir vilja ekki.

Ég tel ekki ástæðu til að viðhafa fleiri orð um þetta. Ég býst við því, að hv. d. veiti þessu frv. þá afgreiðslu, sem því hæfir bezt, en hún er sú að fella það.

Jörundur Brynjólfsson: Ég ætla að leiða hjá mér að miklu leyti átökin milli frsm. meiri og minni hl., því að það snertir ekki svo mjög það, sem ég vildi segja um þetta mál.

Eins og fram kemur á þskj. 215, hef ég lagt á móti því, að þetta frv. verði samþykkt hér á þingi. Eins og þar greinir, tel ég það vera skerðingu á athafnafrelsi félaganna, ef Alþ. lögbýður hlutfallskosningar hjá þeim, og því fremur tel ég ekki rétt að gera þetta, þar sem fyrir liggur af hálfu þeirrar allsherjarsamkundu, sem sá félagsskapur hefur, eindregin yfirlýsing um að frábiðja slíka íhlutun. Að svo vöxnu máli tel ég ekki hyggilegt að lögbjóða hlutfallskosningu. Ég get viðurkennt það, að ef á að lögbjóða hlutfallskosningu, tel ég ákvæðum frv. í hóf stillt, þar sem gert er ráð fyrir að ⅕ félagsmanna verði að koma með áskorun um það, en það er svo mikill hluti í hinum fjölmennari félögum, að það réttlætir, að slík kosning sé viðhöfð, en í minni félögum horfir málið öðruvísi við, þó að hlutfallið sé það sama.

Nú vil ég ekki bera minn kunnugleika á þessum málum saman við þann kunnugleika, sem flm. kann að hafa, en frsm. meiri hl. hefur ekki síður kunnugleika á þeim, þar sem hann hefur í mörg ár verið í þeim félagsskap, og hann fullyrðir, að enginn vilji sé fyrir því, að Alþ. lögfesti slíkt fyrirkomulag, og sú ályktun, sem fyrir liggur, staðfestir það, sem frsm. meiri hl. segir, að á þeirri samkundu hafi ekki verið vilji fyrir þessu, heldur þvert á móti. Það er viðurkennt, að þetta væri skerðing á félagafrelsinu, ef það yrði að l., þar sem því yrðu með þessu takmörk sett. Að vísu hafa nokkrir menn látið í ljós, að þeir vilji, að slíkt kosningafyrirkomulag sé viðhaft, en að svo stöddu máli álít ég ekki rétt að fyrirskipa slíka kosningaaðferð, og þá álít ég, að Alþ. eigi að láta það vera.

Bæði hv. 11. landsk. (HermG) og hv. 5. landsk. (StJSt) hafa talað á móti þessu máli, og mig furðar það. En ég get ekki neitað því, að eftir því sem fram hefur komið af hálfu þeirra, sem telja sig vera hér fulltrúa verkalýðsfélaganna í landi, sjó-

manna o. fl., þá finnst mér lítill skilningur hafa komið fram í garð annarra, sem hafa átt í sams konar málum, eftir því sem mér er kunnugt um, að þeir hafa greitt atkv. Það má segja um þá eins og sagt er um valinn, að þegar hann komi að hjarta rjúpunnar, þá reki hann upp skræk, því að þá sé honum ljóst, að það er systir hans, sem hann er að borða. Þetta er þjóðsögn, en vera má, að það sé eitthvað meira. Þeir haga sér eftir því, hvort þeir búast við, að fólkið muni kjósa sig. En það hefur ekki minnstu á hrif á mig, þó að atkv. þeirra hafi fallið svona áður, ég ætla ekki að gjalda líkum líkt í þessum efnum, því að ég veit, að þetta er gert í fullkominni óþökk umbjóðenda þessara manna, þó að segja megi, að þeir hafi helzt til lítið látið verða vart við vilja sinn, því að þeir hafa líka, þegar þeir eru komnir á kosningaaldur, skyldur að rækja gagnvart sínu þjóðfélagi, en til þess er ætlazt með þeirri stjórnskipun, sem við höfum á okkar málum, að þegar fulltrúarnir sýna rangsleitni, þá geti kjósendur svipt þá umboði eða kennt þeim að lifa. En þótt þetta mál liggi nú þannig fyrir, mun ég ekki láta það hafa áhrif á mig gagnvart aðstöðunni til þessa máls, og þannig er einnig ástatt um minn flokk. Við teljum, að það sé hvorki hyggilegt né réttlátt að innleiða þetta að svo vöxnu máli. En þrátt fyrir það skal ég ekki segja um það, ef þannig verður forystan um málefni verkalýðsins, að sá minni hl., sem þar kann að vera einhvern tíma, ef hann verður beittur þeim tökum, sem eru óviðurkvæmileg og hann leitar svo til Alþ. með leiðrétting sinna mála, þá þykir mér ekki nema eðlilegt, að ég eða hver, sem með umboð færi á Alþ., tæki þetta til íhugunar, hvort hægt væri að slá á frest að liðsinna þeim mönnum, sem ofríki væru beittir. En það er þess tíma, þegar það sýnir sig, og þeirra manna að ákveða um það, sem um það eiga að fjalla, og ég sé ekki ástæðu til þess nú, að það þurfi að hafa áhrif á afgreiðslu þessa máls.

Hv. frsm. minni hl., 7. þm. Reykv., furðaði sig á því, að Framsfl. skyldi taka þessa afstöðu til málsins, og vitnaði til blaðsins og ummæla þess. Ég hef nú víst ekki séð það blað, ég hef ekki haft tækifæri til þess að lesa öll blöð, frá því ég fór í jólafrí og þangað til ég kom aftur, það skiptir heldur ekki máli. En hvað það áhrærir, þá þarf hv. frsm. minni hl. ekki að undra svo mjög á því, þó að flokkurinn vilji ekki á þetta fallast, því að yfirleitt hefur Framsfl. tamið sér það að skerða sem minnst félagafrelsi og að menn hafi frjálsræði til athafna, bæði þar og annars staðar. Það, sem hv. frsm. vitnar svo til, að Framsfl. hafi sumpart beitt sér fyrir eða verið með í að innleiða hlutfallskosningar, þá er það ekki sambærilegt við þetta mál, þau dæmi, sem hann nefndi. Framsfl. hefur á engan hátt beitt sér fyrir því að innleiða hlutfallskosningar í sveitarfélögum, en hann var með í því. En það er allt annar félagsskapur en sá, sem hér um ræðir, og á ekkert skylt við það, hann er einn þáttur af okkar stjórnskipan. Ef minni hl. óskar, getur hann komið því við í sveitarstjórnarmálum, sem takmarkast þá við það, og eins er um bæjarstjórnarkosningar. Við sýslunefndarkosningar er ekki nema einn maður kosinn í hverri sveit, svo að það kemur þess vegna ekki til greina með hlutfallskosningar þar. En svo vitnaði hv. frsm. einnig til jarðræktarlaganna. Í fljótu bragði mætti kannske finna nokkurn skyldleika á milli þessa frv. og þess, sem þar ræðir um — ég segi í fljótu bragði, en ég hygg, að hv. frsm. hafi ekki kynnt sér það eða honum hafi yfirsézt um það, hvernig fyrirkomulaginu var áður háttað um kosningar til búnaðarþings. Það var á þá lund, að innan hvers sveitarfélags voru kjörnir fulltrúar til búnaðarsambandsfundanna, þeir fulltrúar kusu svo til búnaðarþings, en bændur höfðu ekki bein áhrif á það, hvernig búnaðarþing var skipað. Búnaðarþing gat þess vegna í ýmsum efnum verið í mjög mikilli andstöðu við bændastéttina. Þegar svo breytt er til svona gersamlega eins og gert er með jarðræktarl. 1936, að bændur sjálfir eiga að velja búnaðarþing að öllu leyti, þá þótti það viðurhlutamikið að hafa það útilokað, að hlutfallskosningar væru viðhafðar, ef menn óskuðu þess. Ef við, framsóknarmenn, sem stóðum að þessari breyt., hefðum haft sérstaklega í huga að ná meiri hl. á búnaðarþingi og ná sem mestu af búnaðarþingi í okkar hendur, hefðum við ekki þurft að hafa ákvæðið svona, því að kosningar undanfarið hafa sýnt það, að Framsfl. er þarna víðast á landinu alls ráðandi. Þetta datt okkur ekki í hug. Okkur fannst réttlátt, eins og á stóð með þennan félagsskap, að það var verið að byggja upp þennan félagsskap fyrir bændur, að hafa það opið, ef bændur kysu það, að innan hvers búnaðarsambands væru viðhafðar hlutfallskosningar, svo að minni hl. gæti í þeim efnum notið sín. Annars lá nokkuð nærri að túlka þetta svo, að þetta væri pólitískt herbragð af okkar hálfu, þegar breyt. var gerð á skipan búnaðarþings, en slíkt vakti ekki fyrir okkur, heldur vildum við fá sterka stofnun fyrir bændastéttina til að vinna að málefnum hennar, það var aðalatriðið, og þess vegna höfðum við löggjöfina að þessu leyti þannig úr garði gerða sem hún er. Nú má vel vera, að síðar meir komi það fram af hálfu bændastéttarinnar, að hún sjái ekki ástæðu til þess að viðhafa áfram hlutfallskosningar og þær verði afnumdar í þeim félagsskap, en það álít ég, að eigi að bíða, þangað til raddir heyrast um það. Komi fram áberandi óskir um það, álít ég, að það eigi að fallast á slíkar óskir. Þetta er þess vegna að þessu leyti til á engan hátt sambærilegt við þetta frv. Ég sé svo ekki ástæðu til að blanda mér frekar í þetta mál, en ég vil vona að lokum, að af hálfu þeirra manna, sem með mér eru í því að greiða atkv. á móti þessu frv., sé það vottur þess, að þeir muni í þessum efnum verða betur á verði en verið hefur fyrir því, að menn fái að njóta síns félagafrelsis, hvar í stétt sem þeir eru, og að það endurtaki sig ekki, sem átt hefur sér stað hér á Alþ., að menn séu sviptir mannréttindum með lagaákvæðum og það að óþörfu.

Það eitt vil ég segja út af ræðu hv. frsm. meiri hl., að þó að, eins og hann segir, verkamenn hafi það sterkan félagsskap, að það muni verða tekið

fullt tillit til þeirra óska, sem þeir láta í ljós, þá er það í sjálfu sér ekki nema eðlilegt, en ég vil segja hv. frsm. meiri hl. það, að það getur engu að síður verið rétt að taka fullt tillit til þess, þó að félagsskapurinn sé ekki sterkur. Það er ekki réttlætanlegt, þó að félagsskapurinn sé veikur, ef hann er vaxandi og starfar vel, að ekki sé tekið tillit til hans eins og þess, sem er sterkur. Til beggja aðilanna á að taka tillit eftir því, sem réttlátt er og mögulegt, — það á ekki að fara eftir kraftahlutföllum, sem félagsskapurinn getur haft í þjóðlífinu til að knýja sín mál fram — það er engin réttlætiskennd, og eftir því lögmáli eigum við ekki að lifa, heldur hinu, hvað rétt er og sanngjarnt í hverju máli. Vil ég vona, að hv. frsm. meiri hl. reyni að fullnægja slíku af sinni hálfu um afskipti hér og annars staðar af málefnum þjóðarinnar.

Frsm. minni hl. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Það er ekki langt mál, sem ég þarf að tala. Ég verð að segja það um síðustu ræðu hv. 1. þm. Árn., að hún var að ýmsu leyti sanngjörn, og komu fram ýmis sjónarmið í henni, svo sem það, að hann mundi liðsinna minni hl., bótt síðar væri. En það er eitt atriði, sem ég þarf að leiðrétta. Hann gerir ráð fyrir því, að í frv. mínu sé miðað við ¼, sem geti krafizt hlutfallskosninga, en í frv. er það ⅕, en það er atriði, sem ég hefði verið tilleiðanlegur til að breyta, ef út í þá sálma hefði verið farið. Annars er aðalatriðið í ræðu hv. þm. staðfesting á því, sem fram kom í minni ræðu, að því er snertir afstöðu Framsfl. Mér fannst full ástæða til þess vegna fyrri afstöðu og vegna svipaðra ákvæða í jarðræktarl. um búnaðarsamböndin, að þetta mál hefði mætt betri skilningi hér en nú hefur orðið. Hv. þm. virðist byggja afstöðu sína á því, að það sé ekki vilji fyrir því hjá verkalýðsfélögunum nú að breyta þessu og vilji þeirra hefði komið fram í ályktunum alþýðusambandsþingsins. Í minni ræðu sýndi ég fram á, að með þeirri ályktun, sem afgr. var á alþýðusambandsþinginu, var ekki málefnalega tekið á málinu og ekki á þann hátt, að ég teldi það sannfærandi fyrir þm., það eru allt of greinileg fingraför kommúnismans á þeirri ályktun. En varðandi ákvæðið í jarðræktarl. þá segir hv. þm., að þegar þau voru samin á sínum tíma, þá hafi þeim, sem að þeim stóðu, þótt rétt að hafa í þeim opna leið til hlutfallskosninga — tilgangurinn hafi verið að skapa sterkari stofnun —, að þeir hafi talið viðurhlutamikið að útiloka hlutfallskosningar. Menn, sem þannig tala, hefði ég viljað sjá í flokki mínum, af því að ég get ekki betur séð en hann viðurkenndi, að þetta væri sambærilegt málefni, því að það segir í 7. gr. l., að það skuli viðhafa hlutfallskosningar, ef fram koma fleiri en einn listi, og það er tilskilið, að það verði að vera 40 félagar, sem standa að honum. Það er rétt, að þetta er ekki að öllu levti sambærilegt sveitarstjórnarkosningum, en þetta er þó ekki óskylt, og ég gat þess, að þeir menn, sem lögðu kapp á að koma á hlutfallskosningum þar, gætu ekki fellt það í þessu máli nú að koma á hlutfallskosningum innan stéttasamtakanna. Ég hef svo ekki fleiri orð um ræðu þessa hv. þm.

Ég taldi fortíð hv. frsm. meiri hl. í sambandi við þetta mál þess eðlis, að full ástæða hefði verið til að ætla, að hann hefði betur á málinu tekið en nú hefur komið í ljós.

Það er eitt atriði í ræðu hv. 11. landsk., sem ég vil sérstaklega staldra við. Hann vildi bera brigður á það, að ég hefði farið rétt með samtal, sem hann vitnaði til, að hefði farið fram á milli okkar, hann kvaðst ekki hafa reynt mig að óorðheldni, en vildi bera brigður á, að ég hefði farið rétt með. Samtal þetta fór fram milli okkar eftir 1. umr. og var á þá leið, að hv. 11. landsk. spurði mig, hvort ég mundi þá taka mitt frv. til baka, ef hann beitti sér fyrir því, að ákvæðið um hlutfallskosningar yrði tekið upp á friálsum grundvelli innan verkalýðssamtakanna. Með tilvísun til þessa samtals hefði verið hægt að búast við annarri afgreiðslu en þeirri, sem fékkst á alþýðusambandsþinginu. Í sambandi við ummælin um það, hvort hann hafi verið með lögskipun á hlutfallskosningum eða ekki, þá langar mig að vitna til ummæla hans sjálfs í blaðinu „Lýðfrelsið", sem hann gaf út og þar sem hann var formaður útgáfustjórnar. Í fyrstu grein blaðsins, sem er eftir Hermann Guðmundsson, 11. landsk., er vitnað til málsins, þegar það var fyrir þinginu 1938. Þar segir svo: „Á Alþ. beriast þm. Sjálfstfl. fyrir því, að stéttarfélögin verði gerð að hreinum fagfélögum, sbr. frv. Bjarna Snæbjörnssonar á haustþinginu 1939. Það er því ekki neitt undrunarefni, heldur eðlileg afleiðing jákvæðrar stefnu, að Sjálfstfl. á svo miklu fylgi að fagna meðal verkamanna sem raun ber vitni." Ég verð að biðja menn að taka eftir því, að hér er enginn fyrirvari gerður um neitt atriði í frv. Bjarna Snæbjörnssonar, en þar var eitt ákvæði um að lögskipa hlutfallskosningar með sömu skilmálum og gert er í mínu frv.

Það var svo annað atriði hjá þessum hv. þm., að hann gerði mikið úr einróma samþykki alþýðusambandsþingsins, þessari ályktun, sem ég hef gert að umtalsefni og átti að sýna, að enginn væri með þessu máli. Ég tók það fram í minni ræðu, að þetta er ekki vitnisburður um það, að enginn hefði viljað líta við þessu máli, heldur vitnisburður um ofurvald Sósfl. á þessu þingi. Ég talaði við fulltrúa á þessu þingi, sem fylgja Sjálfstfl., og allir þeir fulltrúar, sem töluðu við mig, voru sammála um það, að rétt væri að taka upp hlutfallskosningar, en tveir vildu ekki fara lögskipunarleiðina. Það er aftur skiljanlegt, að það er dálítið erfitt fyrir fáa menn og umkomulitla að rísa upp á samkomu eins og þessari, þar sem menn vita, að ofurkapp og yfirgangur kommúnista er í algleymingi. Ég tek þetta fram vegna ummæla hv. 11. landsk., og ég tel það á engan hátt nein ámæli í garð bessara manna, þó að þeir hafi ekki verið mjög skeleggir í að halda á lofti sinni sannfæringu, þar sem þeir vissu, hve fáliðaðir þeir voru og lítils megandi á þessu þingi.

Að lokum sagði hv. þm., að ég hefði átt að kynna mér betur eðli samtakanna, áður en ég flutti þetta frv. Í sambandi við það, að hann talar um eðli samtakanna, vil ég segja það, að ég hef aldrei talið óeðlilegt, þó að pólitík væri tekin til meðferðar innan verkalýðssamtakanna, en ég talaði um skinhelgi þeirra manna, sem vildu gera verkalýðssamtökin að pólitískum leiksoppi. Ég talaði um það, að á sama tíma og þessir menn væru að segja, að þessi málefni ættu að vera ópólitísk, þá væru þeir að berjast fyrir því að innleiða pólitík innan verkalýðssamtakanna.

Umr. frestað.

Á 52. fundi í Nd., 13. jan., var fram haldið 2. umr. um frv.

Frsm. meiri hl. (Hermann Guðmundsson): Herra forseti. Í þeim umr. um þetta mál, sem fóru hér fram á síðasta fundi, tók til máls hv. 1. þm. Árn. (JörB). Mér kom afstaða hans til málsins ekki ókunnuglega fyrir, en nokkur atriði úr ræðu hans vildi ég aðeins drepa á. Hann talaði um það, að við forsvarsmenn verkalýðsins rækjum upp óp í hvert sinn, sem hróflað væri við verkalýðsstéttinni, en kipptum okkur ekki að sama skapi upp við það, þó að aðrar stéttir yrðu fyrir aðkasti. Ég get ekki tekið þessi ummæli til mín og vísa þeim algerlega frá mér. Enn fremur ræddi hann um það, að það mætti ekki hafa áhrif á afstöðu Alþ., þó að verkalýðssamtökin væru sterk og öflug, heldur ætti réttlæti og sanngirni að ráða gerðum þingsins í hvert sinn. Ég vil taka það fram, að hvorki ég né aðrir fulltrúar verkalýðsins hér á Alþ. hafa nokkru sinni gefið í skyn með því að tala um styrk verkalýðssamtakanna, að þau mundu beita valdi eða ofbeldi. Með því að tala um styrk verkalýðsfélaganna höfum við viljað benda á, að þau eru svo víðtæk og öflug samtök, að fullt tillit ber að taka til þeirra, og er ég alveg sammála hv. þm., að Alþ. á aðeins að gera það, sem því finnst sannast og réttast. Loks sagði þessi sami hv. þm., að þeir, sem nú berðust fyrir hagsmunamálum verkalýðsins, ættu að vera minnugir afstöðu sinnar, þegar til kæmu hagsmunamál annarra stétta, og skal ég aðeins taka fram í því sambandi, að ég vil, að allar stéttir njóti sannmælis og réttlætis.

Hv. 7. þm. Reykv. tók svo til máls og talaði alllengi. Endurtók hann ummæli sín um samtalið við mig, og skal ég ekki ræða það atriði mjög, því að þar kemur staðhæfing á móti staðhæfingu, og verða þá hv. þm. að trúa því, sem þykir trúlegast. Þessi hv. þm. las kafla úr grein, er ég hafði skrifað árið 1940 um frv. Bjarna Snæbjörnssonar. Það var margt í því frv., sem ég gat fellt mig við, og þá fyrst og fremst það, sem kom mér til að mæla með frv., að í því var túlkaður sá vilji okkar hafnfirzkra verkamanna að gera verkalýðshreyfinguna hreina verkalýðshreyfingu. Ég fylgdi því að vísu 1940, að hlutfallskosningar yrðu viðhafðar. Þessi hv. ræðumaður kom og að nokkru inn á störf Alþýðusambandsins, og samþykktir þær, sem þingið gerði, virðast honum þyrnir í augum. Hann sagði svo um ræðu hv. 8. þm. Reykv., að hann tæki ekki of mikið mark á samþykktum. Nú veit ég ekki, hve mikið þessi hv. frsm. leggur upp úr samþykktum alþýðusambandsþingsins. Ég get ekki sagt annað en að það tók skýlausa afstöðu gegn þessu frv. Þessi sami þm. sagðist fagna því, hverja afstöðu sjálfstæðisverkamenn tóku í þessu máli. Nú var sannleikurinn sá, að er þeir komu inn á þing alþýðusambandsins, þá ríkti ekki lítil þögn meðal þeirra þar í þeim þingsölum. Hv. þm. sagðist hafa talað við þessa fulltrúa sína, en samt greiddu þeir atkv. gegn þessu frv. Þessi hv. þm. hefði mátt sjá þá miklu og sterku drengi, Hannibal Valdimarsson og Pál Scheving, rekna út í það af kommúnistunum að taka afstöðu gegn þessu frv., eins og hann segir. Þetta er ofmat á kommúnistunum hjá þessum hv. þm. Mér er alls ókunnugt um, hvað menn hafa látið í ljós í samtölum við hv. þm., en á alþýðusambandsþingi réð sannfæring manna úrslitum og annað ekki.

Þessi hv. þm. lauk ræðu sinni með því að tala um skinhelgi. Hann heldur því fram, að hann flytji þetta frv. til þess að koma á meira réttlæti innan verkalýðssamtakanna. Nú er það svo, að verkalýður landsins hefur lýst sig andvígan þessu frv. Frv. hefur hlotið sinn dóm af hálfu verkalýðsins. Að lokum óska ég þess, að þessi hv. d. felli frv. og það með svo miklum meiri hl., að hún sýni, að Alþ. er á móti slíkri réttarskerðingu sem þetta frv. felur í sér.

Frsm. minni hl. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Þetta verður mjög stutt, sem ég vildi segja við þetta tækifæri, og það var nú frekar fátt í ræðu hv. 11. landsk., sem ég þarf að ræða um, og það er nú svo, að erfitt er að hafa samtal við menn, sem snúa frá fyrri afstöðu sinni í málum.

Afstaða sjálfstæðisverkamanna í þessu máli er sú, að þeir fylgja þeim till., sem frv. felur í sér, og ég trúi því ekki, að þeir hafi breytt um skoðun á alþýðusambandsþinginu. Hitt er annað mál, að erfitt er fyrir fámennan hóp að beita sér gegn fjölmennum og sterkum meiri hl. Sjálfstæðisverkamenn þurftu þar líka að berjast gegn ofstopa og frekjugangi kommúnistameirihlutans.

Loks skildist mér á þessum hv. þm., að alþýðusambandsþingið hefði samþykkt ályktun að skora á flm. frv. að hætta við málið. Þessi ályktun er fyrir neðan virðingu allsherjarþings verkalýðsins, og er ekki mark takandi á henni.

Frsm. meiri hl. (Hermann Guðmundsson): Herra forseti. Ég skora á hv. 7. þm. Reykv., að hann sanni þau ummæli sín, að ég hafi fylgt honum að málum, er hann ræddi við mig um þetta frv. Þetta vil ég fá skýlaust hjá hv. þm. — Ég hef svo ekki meira að segja.

Frsm. minni hl. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Við vorum aðeins tveir, er við ræddumst við, en samt lýsi ég því yfir í áheyrn hv. alþm., að

allt er rétt, sem ég hef sagt hér um þetta. Við þetta legg ég drengskap minn.

ATKVGR.
1.—2. gr. felldar með 16:9 atkv.
Frv. þar með fallið.

3. Almannatryggingar (frv. StgrA).

Á 52. fundi í Ed., 17. jan., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr 50 26. apríl 1946, um almannatryggingar (þmfrv., A. 290).

Á 53. fundi í Ed., 20. jan., var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 10 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Steingrímur Aðalsteinsson): Herra forseti. Ég geri ekki ráð fyrir því, að nauðsynlegt sé að hefja langa framsögu í þessu máli. Hv. þm. munu vera þessu frv. kunnir, því að l. um almannatryggingar voru sett á þingi í fyrra, og þá var efni þeirra rætt hér allýtarlega. Ég mun þó gera hér grein fyrir helztu breyt., sem ég flyt við l. um almannatryggingarnar.

1. gr. frv. fjallar um það, hvernig stjórn tryggingana er fyrir komið, og gerir hún ráð fyrir, að í hverju umdæmi skuli starfa fimm manna tryggingaráð, og séu ⅘ nefndarmanna kosnir hlutfallskosningu af sveitarstjórnum umdæmisins, en formaður sé skipaður af ráðh. Í l. um almannatryggingar er gert ráð fyrir 5 manna n., sem sé skipuð að eigin geðþótta yfirstjórnar tryggingana. Sú n. er því valdalaus, og í fyrsta lagi hefur valdalaus n. litla þýðingu, og hins vegar verður því ekki neitað, að það er ekki nógu lýðræðislegt, ef öll stjórn tryggingana er í höndum þeirra manna, sem skipa yfirstjórn tryggingana. Um þetta spunnust allharðar deilur, er l. voru sett, og við sósíalistar fluttum þá brtt. við frv. varðandi þetta, sem nú, og töldum hættu á því, að framkvæmd l. gæti orðið hlutdræg. Átök urðu um þetta allhörð, en bráðabirgðasamkomulag varð um þetta á þinginu, að þessi ákvæði l. skyldu standa óbreytt á þessu fyrsta ári almannatryggingana, með því að fela stjórnum sjúkrasamlaganna framkvæmd l., en þær eru myndaðar með sama hætti og tryggingan. mundu verða samkv. frv., að fjórir meðlimir n. séu skipaðir af sveitarstjórnum, en form. skipaður af ráðh. Alþ. féllst á þessa lausn og hefur því viðurkennt réttmæti þessarar lausnar málsins. Ég hef því tekið þessa till. upp að nýju og vænti þess, að hin stutta reynsla mæli með henni sem framtíðarlausn.

Annað atriðið í þessu frv. er, að lagt er til, að allar fastar lífeyrisgreiðslur hækki um 25%. Við sósíalistar fluttum þá till. þegar í mþn., sem undirbjó tryggingal., og síðan í gegnum alla meðferð málsins á Alþ. Ég álít og viðurkenni, að ekki verði náð þeim höfuðtilgangi tryggingganna nema þeir menn, sem ófærir eru til vinnu, fái tryggt framfæri með l., en lífeyrir verður að vera nægilega hár, svo að þeir menn geti lifað sómasamlegu lífi. Nú er það matsatriði, hve há upphæðin er, en það er skoðun mín, að upphæðir í l. frá í fyrra séu ekki nógu háar. Ég held, að þeirri reglu hafi verið fylgt, að upphæðirnar næmu sem næst því að vera 25% lægri en daglaun verkamanna, eða sem daglaunamaður hefði fyrir vinnu sína. Nú er það almennt viðurkennt, að þótt verkamaður vinni átta stundir á dag, þá munu laun hans rétt hrökkva til framfæris meðalfjölskyldu, og það er skoðun manna, að þau laun mundu ekki nægja fjölskyldu með 5—6 manns. Nú er yfirvinna verkamanna mjög algeng, og við ráðningar á mönnum er oft tekið fram, hvort um yfirvinnu væri að ræða og þá hve mikla. Það er því augljóst, að 25% lægri lífeyrisgreiðsla en daglaunamaður fær fyrir 8 klst. vinnudag mun ekki nægja, og er því þörf að hækka lífeyrisgreiðslurnar um 25%, sem hér er lagt til.

Þriðja höfuðbreyt. er sú, að sett séu ákvæði í l. um ekkjubætur sem fastan lífeyri. Í frv. um almannatryggingar voru ákvæði um ekkjulífeyri þannig, að þær fengu hálfan ellilífeyri. Í meðferð Alþ. var þetta ákvæði fellt niður úr l., og samkv. því eiga ekkjur engan fastan lífeyri að fá. Ég álít það rangt af Alþ. að fella þetta ákvæði niður. Það er sanngjarnt, að konur, sem misst hafa menn sína og þar með fyrirvinnu, en hafa börn á framfæri, fái ekki minna en hálfan lífeyri. Það er erfitt eða ókleift fyrir mæður, sem þurfa að ala upp börn og enga fyrirvinnu hafa, að vinna utan heimilis. Þótt þær fái lífeyri með börnum, þá er hann svo skorinn við nögl, að hann nægir varla til framfæris barni, hvað þá konu. Ég álít því sjálfsagt, að hlutur þessara kvenna verði gerður betri en í l. nú og þær hafi hálfan ellilífeyri, sem sé föst greiðsla meðan þær ala upp börnin og þar til þau fara að vinna fyrir sér sjálf. Sama er lagt til í frv. um einstæðar mæður, að þær njóti sömu hlunninda og þær, sem misst hafa menn sína. Að mínum dómi hafa þær sama rétt á hendur þjóðfélagsins.

Þá er í fjórða lagi, að frv. felur í sér nokkrar breyt. á iðgjaldagreiðslum einstaklinga til tryggingganna. Lagt er til í frv., að persónuiðgjöldin lækki um einn þriðja, en til viðbótar lagt á hundraðsgjald af tekjum umfram tilgreindan persónufrádrátt, eða sem næst þeim tekjum, sem lífeyrissjóðsgjald er greitt af samkv. l. Hundraðsgjöldin eru greidd mismunandi eftir tekjum, þannig að af tekjum upp að 25 þús. er greitt 1% af hreinum tekjum, að frátöldum persónufrádrætti, sem nemur 7000 kr. fyrir hjón, 4000 þús. kr. fyrir einstakling og 3000 kr. fyrir barn. Þeir, sem hafa í árstekjur 25 þús. kr. eða meira, skulu greiða af 25 þús. kr. eins og segir í fyrri lið, en 2% af hreinum tekjum umfram 25 þús. kr. Um þetta var mikið rætt í fyrra á Alþ., en allir ættu að njóta sömu hlunninda og allir að greiða jafnt til iðgjalda. Ég álít hins vegar, að ef gjöldin verða

há, þá sé erfitt fyrir fátækt fólk að inna gjöldin af hendi, nema með því að ganga of nærri gjaldgetu sinni. En tilgangur l. er sá, að allir geti öðlazt þessi hlunnindi án tillits til efnahags og fyrst og fremst þeir, sem fátækastir eru og þurfa að vera öruggir um að njóta hlunninda þessara laga. Ég álít þess vegna, að sanngjarnt sé að taka tillit til efnahags manna í sambandi við iðgjaldagreiðslurnar á svipaðan hátt og gert er ráð fyrir í þessu frv.

Ég held ekki sé ástæða til að rekja efni frv. nánar en gert hefur verið. Eins og ég gat um í upphafi, er hv. þm. þetta mál kunnugt frá meðferð þess á síðasta þingi. Ég vil því aðeins að endingu leggja til, að málinu verði vísað til 2. umr. og heilbr.- og félmn.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Mér þykir rétt að fara nokkrum orðum um þetta mál á þessu stigi, þótt málið sé hv. þm. mjög kunnugt. Það, hvað fáir hlusta á umr. um það, bendir og til þess. Hv. þm. hafa vikið af fundi, af því að þeir telja málið, að því er maður skal ætla, sér svo kunnugt, að þeir treysta sér til að taka ákvörðun um það án þess að hlusta á umr. varðandi það. Ég átti sæti í heilbr.- og félmn. á þingi því, sem hafði með þetta mál að gera. Mér er því kunnugt um, hver meðferð var á því á síðasta þingi. Ég vildi í sambandi við það segja nokkur orð, einkum þar sem ég á ekki sæti í heilbr.- og félmn. að þessu sinni. Í raun og veru er ekkert nýtt í þessu frv. á þskj. 290 frá því, sem sett var fram af Sósfl., þegar gengið var frá þessum l. Og allar þessar till. voru ræddar fram og til baka. Í raun og veru fékkst samkomulag um þetta mál að öðru leyti en því, að flm. þessa frv. gat ekki fellt sig við lausn málsins. Skil ég því tilgang hans með því að bera fram þetta frv. nú. Ég tel þrátt fyrir það, þótt nokkur breyt. hafi orðið á skipan Alþ. síðan l. voru sett, að þá sé vafasamt, að þær brtt., sem hér eru settar fram, nái fram að ganga vegna þess. Ég held, að ekki sé fullkomlega réttmætt enn sem komið er að gera þær breyt., sem hér er farið fram á. Ég skal játa það, að ég hef rætt við nokkra menn úti um landsbyggðina í sambandi við 11. gr., og ég hef ekki orðið var við þessa agnúa, sem flm. var að lýsa á l. En hins vegar hef ég orðið var við það, að viðkomandi mönnum hefur fundizt það nokkuð þunglamalegt, að n. skuli vera kosnar eftir hverjar sveitarstjórnarkosningar á sameiginlegum fundi. Þeir telja, að í þessu sé nokkur kostnaður, þar sem allar sveitarstjórnir þurfa að fara á einn stað til þess að velja þessa menn, og hefðu þeir því kosið að hafa annan hátt á þessu, ef hægt væri. Annað í sambandi við þessa gr. hef ég ekki heyrt. En ég get skilið, að fyrir þessu eru nokkur rök, þar sem víða er erfitt um samgöngur og af þeim ástæðum æskilegt að hafa á þessu annan hátt. Samt hygg ég ekki sé rétt að gera þessa breyt. fyrr en tryggingastofnunin hefur starfað undir þessum lögum a. m. k. í eitt ár, til þess að hægt væri að sjá, hvernig bezt væri að koma þessu fyrir. Ég get ekki fallizt á rök þau, sem flm. hélt fram hér um, að ekki væri fylgt lýðræðisreglum varðandi þessa skipan málanna og hagsmunir hinna tryggðu væru bornir fyrir borð. Við skulum aðeins líta á 11. gr. 2. málsgr. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta: „Tryggingastofnunin hefur skrifstofur eða umboðsmenn á þeim stöðum, sem bezt henta og þörf krefur eftir ákvörðun tryggingaráðs.“ Og síðar stendur: „Hlutverk tryggingan. er að fylgjast með rekstri trygginganna í umdæminu, gera till. um framkvæmd þeirra, gæta hagsmuna hinna tryggðu og benda á atriði, er mættu verða til sparnaðar í rekstri trygginganna.“ *(StgrA:* Þetta eru valdalausir menn.) Það eru ekki valdalausir menn, sem eiga að gæta hagsmuna hinna tryggðu og benda á atriði, sem mættu verða til sparnaðar í rekstri trygginganna. Það er áreiðanlegt, að ef tryggingan. færi fram á lagfæringu á rekstri trygginganna, til þess að auka eða bæta öryggi hinna tryggðu, þá gæti tryggingastofnunin ekki gengið fram hjá þeim bendingum. Ég sé bara ekki, að tryggingan. samkv. þessu frv. hafi nokkuð meiri völd. Það er hér sagt, að hutverk þeirra skuli vera að starfrækja skrifstofur fyrir tryggingastofnunina, þar sem þær eru, og annast rekstur trygginganna í viðkomandi umdæmi í umboði tryggingastofnunarinnar. Ég sé ekki mikla breyt. hér. Ég mótmæli þeirri skoðun eða skýringu flm. á 11. gr., að hér sé um valdalausar n. að ræða. Hv. flm. sagði, að gert hefði verið samkomulag á Alþ. um það, að kaflinn um sjúkrabætur skyldi felldur niður. Þetta er rangt. Sjúkrasamlögunum er falið þetta vald nú, vegna þess að ekki var hægt að koma í framkvæmd heilsuverndarkaflanum. Mér er ókunnugt um, að gert hafi verið nokkurt samkomulag um þetta atriði. Því var neitað í n., þegar l. voru samþ., að samþ. breyt., sem kom frá Sósfl. og var sótt af miklu kappi. Þessu var neitað vegna þess, að samkomulag var um það hjá meiri hl. n., að gr. skyldi sett í l. eins og hún er nú. Þessar fullyrðingar um samkomulag í þessu sambandi eru því ekkert annað en staðhæfingar út í bláinn. Alþ. hefur ekki fallizt á neina slíka lausn, og þetta var aðeins gert vegna þess, að heilsuverndarkaflanum var frestað um eitt ár. Ég tel óráð að breyta þessari gr.

Þá skal ég víkja að hækkun lífeyrisgreiðslnanna um 25%. Um þetta atriði má deila. En ég vil benda flm. á, hvort hann hefur ekki orðið var við það, að frá miklum fjölda sveitarstjórna hafa borizt umkvartanir um það, hversu þung gjaldabyrði væri á þeim eins og l. væru nú. Ég fyrir mína parta hef fengið mörg bréf um þetta atriði, þar sem færð eru þung rök að því, að það sé mjög þung byrði lögð á sveitarfélögin með þessum greiðslum, eins og þær eru nú ákveðnar í l., þótt gjaldið sé nú ekki hækkað um 25%. Ég tel ekki, að þessi rök séu að fullu veigamikil. Mér finnst víða vera horft um of á þau iðgjöld, sem viðkomandi sveitarsjóður verður að greiða, en hins vegar sé lokað augunum fyrir þeim kjarabótum, sem sveitirnar fá með bótunum. En samt hygg ég, að ekki sé rétt, fyrr en a. m. k. er komin eins árs reynsla á þessi

mál, að fara að hrófla við iðgjöldum og bótum. Ég geri ráð fyrir, að stefnt verði að því og tel æskilegt að gera landið að einu verðlagssvæði. Það var rætt mikið um þetta í heilbr.- og félmn., þegar málið var til umr. En ein aðalástæðan fyrir því, að fallið var frá að gera landið allt að einu verðlagssvæði var, að frá sveitarstjórnum komu ábendingar um, að hinir ýmsu fátæku hreppar væru þess ekki megnugir að standa undir sínum hluta. En ég hygg samt, að bróunin verði í þessa átt. Ég get skilið það, að fyrir þá, sem ekki hafa neinar tekjur aðrar en bæturnar, þá verði ákaflega þröngt í búi. En bessar greiðslur, sem eru lögboðnar, eru greiddar öllum og jafnt mönnum, sem hafa aðrar tekjur. Ég tel rétt að láta ekki fara fram breyt. á bessu nú, þótt ég sé fylgjandi því, að bæturnar til beirra, sem ekki hafa annað til að lifa á, verði hækkaðar. Ég get ekki fallizt á að miða við verkamannatekjur fyrir 8 stunda vinnudag með 25% álagi. Ég hygg þetta sé nokkuð fyrir neðan það lágmark. En hins vegar er ekki útilokað, að fjölmargir hafi ýmsar aðrar tekjur en þessar bætur, a. m. k. ef um heilbrigð gamalmenni er að ræða. Þessar tekjur eru því stór bót.

Viðvíkjandi breyt. á ekknabótunum, þá var þetta mál mikið rætt í n. og var hv. flm. kunnugt um það. En ég vil sérstaklega leyfa mér að mótmæla þeim hl. grg. frv., þar sem fjallað er um þetta atriði. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta: „Það skilningsleysi meiri hl. Alþ. á aðstöðu ekkna og einstæðra mæðra, sem fram kom í afgreiðslu þess á þessu atriði tryggingannа, vakti almenna gremju og allmiklar umr. utan þingsins.“ Mér er ekki kunnugt um, að þetta hafi vakið neina gremju eða umr. En sjálfur Sósfl. hefur revnt að vekja þessa gremju við síðustu kosningar. Og það lagðist lítið fyrir kappann, þegar hann hafði ekkert annað til þess að revna að vekja upp gremju en þetta atriði. Það er ákaflega auðvelt að fara með þetta til fátækra ekkna, umturna því, snúa sannleikanum við og koma svo og segja, að það hafi vakið mikla gremju utan þingsins vegna skilningsleysis Alþ. á þessu máli. Ég vil spyrja hv. þm.: Hver er munurinn á aðstöðu ekkna nú miðað við það, sem var áður en þessi l. voru samþ.? Ég hygg, að ef þetta væri borið saman, þá væru engin vandræði að hrekja allan þann óhróður, sem Sósfl. hefur beitt sér fyrir út af þessu atriði. Það var honum engan veginn sæmandi. Sannleikurinn er sá, að Sósfl. átti ekki lítinn þátt í því, að þetta mál fór ekki betur á síðasta Alþ. Og það var vegna þess, að hann lýsti yfir, að hann mundi aldrei fella sig við, að ekki væru nákvæmlega sömu bætur greiddar til ógiftra kvenna, sem ættu börn, og ekkna. Og þegar það er vitað, að samkv. skýrslum er 25% barna fædd utan hjónabands, þá varð að taka það til athugunar, hve mikil fjárfúlga þetta væri, ef ætti að greiða bætur til þeirra kvenna eins og þær væru ekkjur. Það gat komið til þess, að tryggingastofnunin yrði að greiða frá 10 og upp í 70 þús. kr. í heimanmund til hverrar þeirrar stúlku, sem giftist eftir að hún hafði barn alið. N. gat ekki fallizt á að fara þær leiðir, sem Sósfl. vildi fara. Það er fjöldi kvenna, þótt aðeins sé eftir hernámið, sem hafa átt eitt og tvö börn ógiftar. Og mundi því hvenær, er þær giftust, eiga að greiða þeim heimanmund miðað við 3 ára bætur. Það getur vel verið, að þetta sé ekkert athugavert frá sjónarmiði flm., en það eru hér aðrir menn, sem álitu, að ríkissjóður ætti ekki að stuðla að því, að fjöldi barna utan hjónabands væri aukinn. En það liggur í augum uppi, að það mundi ekki stemma stigu við slíku, ef menn vissu, að þeir gætu fengið 20 þús. kr. með viðkomandi stúlku, ef hún hefði fært þeim 1 eða 2 börn áður en þau giftu sig. Hins vegar leyndi hv. flm. því, að það voru aðrar bætur, sem vega upp á móti þessu. Það voru sett ákvæði í l. um, að konur skyldu fá bætur, ef þær hættu að taka barnalífeyri eftir að þær yrðu 50 ára. Og það gildir jafnt fyrir ekkjur og konur með eitt barn, þótt þær væru ekki giftar. Þetta er mikil bót og vafasamt, hvort þetta ákvæði er ekki heppilegra fyrir viðkomandi konur en ákvæðin, sem voru fyrir í l. varðandi þetta. Auk þess var engin trygging fyrir því, þótt kona gifti sig og fengi 10—70 þús. kr. í heimanmund, að það nýstofnaða hjónaband héldi. Þetta gat því komið aftur á ríkissjóð. Þetta var mikið vandamál, en um það vildi Sósfl. aldrei ræða eða viðurkenna.

Varðandi breyt. iðgjaldanna þá var ég alltaf fylgjandi þessu atriði. Ég tel það eðlilegt, að í stað þess að hafa persónugjaldið svona hátt, þá skyldi heldur miðað við tekjur manna. Og mun hv. flm. vita það frá umr. um það, þótt ekki yrði samkomulag um það á síðasta Alþ. En ýmsar orsakir lágu til þess, að það tókst ekki, og það kannske helzt, að um svo margt þurfti að semja og var samið varðandi þetta stóra mál. En ég tel ekki rétt á þessu stigi málsins að fara inn á víðtæka breyt. á l. Ég tel réttara að bíða með slíkt, þangað til tryggingastofnunin er búin að starfa a. m. k. eitt ár undir þessum l. Þá sjá menn, hvaða agnúar koma fram og hvaða áhrif l. hafa á þjóðfélagið.

Það er svo annað atriði, sem e. t. v. kemur ekki þessu máli við, en þetta mál er að langmestu leyti auglýsingamál fyrir Sósfl. Margar þessar gr. í frv. eru svo að segja teknar orðréttar upp úr l. En það á að líta svo út sem hér sé þessi flokkur að koma með nýmæli. Sannleikurinn er sá, að hér er flest tekið upp úr l., nema tölur o. þ. h. Þetta er gert til þess að láta lesa frv. upp í útvarpið, svo að þannig líti út sem hér sé nýmæli á ferðinni, sem þessi þverrandi flokkur sé að taka upp og berjast fyrir.

Flm. (Steingrímur Aðalsteinsson): Herra forseti. Mér kemur það ekki ókunnuglega fyrir sjónir, þótt hv. þm. Barð. sé mér ekki sammála um þetta frv. Eins og hv. þm. gat um, átti hann sæti í heilbr.- og félmn., þegar l. um almannatryggingar voru afgr. Ég átti sæti í henni líka. Kom þá í ljós, að við höfðum í ýmsum atriðum mjög mismunandi sjónarmið varðandi þetta mál. Og ég geri ekki ráð fyrir, þótt við héldum áfram að kappræða um

þessi mál, að við kæmumst að sameiginlegri niðurstöðu. Í þeim tilgangi mun ég ekki halda uppi löngum umr. um þetta mál.

Það voru samt nokkur atriði í ræðu hv. þm., sem ég tel þess eðlis, að ekki sé rétt að láta þau fram hjá sér fara án þess að andmæla þeim. Í fyrsta lagi hélt hv. þm. því fram, og studdi sig við upplýsingar, er hann hefði fengið úti um land, að kosningafyrirkomulag tryggingan. væri of þunglamalegt, þannig að sveitarstjórnir kæmu á sameiginlegan fund til þess að kjósa þessar n. Þetta eru veigalítil rök gegn tryggingan., því að samkv. fyrirmælum l. þarf að kjósa tryggingan. á sama hátt. Munurinn á mínu frv. og l. hvað þetta snertir er sá, að ég legg til, að tryggingan. hafi með framkvæmd tryggingana að gera í héruðunum, en verði ekki valdalausar, eins og þær eru samkv. lögunum. En í þeim er ætlazt til, að tryggingastofnunin setji upp skrifstofur og umboðsmenn, þar sem hún telur þörf á því. Þessar skrifstofur og umboðsmenn hafa með allar framkvæmdir að gera, en tryggingan. gera ekki neitt nema hafa á hendi eftirlit með framkvæmdum hjá þessum skrifstofum og umboðsmönnum. Með þessu móti er þetta kerfi tvöfalt: umboðsmenn og skrifstofur annars vegar en tryggingan. hins vegar. Ég legg til, að tryggingan. stjórni og reki þær skrifstofur, sem tryggingastofnunin telur sig þurfa að hafa í hinum ýmsu tryggingaumdæmum.

Þá sagði hv. þm. Barð., að það væri rangt, að um það hefði verið samkomulag á Alþ. að fela sjúkrasamlögunum framkvæmd tryggingana á yfirstandandi ári. Það má vel vera, að um þetta hafi ekki verið gert samkomulag, en það var þó að minnsta kosti samþ. af meiri hl. Alþ. að hafa þennan hátt á og setja í sjálf l. ákvæði um það. Þetta er síðasta bráðabirgðaákvæðið í l. og hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta: „Til ársloka 1947 skulu stjórnir sjúkrasamlaga í kaupstöðum utan Reykjavíkur annast störf tryggingaráðsins samkv. 11. gr. og jafnframt annast skrifstofuhald og umboðsstörf fyrir Tryggingastofnunina samkv. samningum, er tryggingaráð samþykkir."

Hér er sem sagt skýlaust sagt fyrir um þetta af hv. Alþ. Og hvort hér er um samkomulag eða samþykkt að ræða, skiptir ekki máli.

Þá andmælti hv. þm. hækkun lífeyrissjóðsgjaldanna með þeim rökum, sem ég get skilið af hans hálfu, sem sagt að útgjöldin yrðu of há, ef frv. yrði samþ. Það er gefið mál, að útgjöld tryggingana yrðu meiri, ef þessi hækkun lífeyrisgreiðslnanna yrði samþ. En aðalatriðið er það, hvort þjóðfélagið sé fært um að veita þegnunum þær tryggingar, sem koma að fullu gagni í þeim tilfellum, sem þeir þurfa á þeim að halda. Og þær ná ekki tilgangi sínum, nema lífeyrisgreiðslurnar séu þegnunum fullnægjandi, þannig að þeir þurfa ekki að leita annarrar opinberrar aðstoðar sér til framdráttar. Að svo komnu máli er ekki hægt að fullyrða nokkuð um það, hvort þær tekjur, sem tryggingastofnuninni eru ætlaðar l. samkv., hrökkvi eða muni ekki hrökkva, þótt lífeyrisgreiðslurnar yrðu hækkaðar um þetta. Á þetta er engin reynsla komin enn sem komið er. Um þetta er aðeins til áætlun, sem er undirbúin af tryggingastofnuninni eða mönnum, sem hún hefur falið framkvæmd verksins. Ég geri ráð fyrir, að þeirra sjónarmið sé að gera tryggingastofnunina sem stofnun sem öruggasta. Það er því ekki útilokað, að sú áætlun geri meira en standa undir þeim útgjöldum, sem henni er nú ætlað samkv. l. En um þetta fæst reynsla, og þá er nógur tími til að tala um það, að hve miklu leyti og á hvern hátt tryggingastofnuninni yrði aflað meiri tekna til þess að standa undir nauðsynlegum útgjöldum.

Þá sagði hv. þm., að það væri rangt hjá mér, er ég segi í grg. frv., að niðurfelling ekknabótanna hefði valdið gremju utan þings. Ég held ég megi fullyrða, að til þingsins hafi komið erindi úr fleiri en einni átt, þar sem látin var í ljós megn óánægja með ráðstafanir þingsins í þessu máli. Og ég býst varla við, að annað, sem um þetta hefur verið rætt síðan, hafi farið með öllu fram hjá hv. þm. Barð., svo athugull sem hann er og fylgist vel með þingmálum og því, sem um þau sést á prenti.

Þá var hv. þm. að spyrja, hvernig aðstaða ekkna hefði verið áður en þessi l. voru sett. Það er vitað mál, að aðstaða ekkna hefur ekki versnað, heldur batnað, en hún hefur ekki batnað að sama skapi og aðstaða annarra þjóðfélagsþegna, sem fá fullan elli- og örorkulífeyri. Það er þetta misræmi, sem ég ætlast til, að leiðrétt sé með þessari breyt. á l. Hv. þm. talaði mikið um þau feikna útgjöld, sem það gæti bakað ríkissjóði, ef samþ. væri 4. gr. þessa frv. varðandi ekknabætur og greiðslur til ógiftra kvenna og ekkna, sem giftust. Þm. taldi, að það hefði verið okkur sósíalistum að kenna, að þetta ákvæði hefði verið í frv., þegar það var lagt fyrir þingið, eins og önnur ákvæði þessarar gr. En þetta er nokkur misskilningur hjá hv. þm. Mér er ekki kunnugt um þetta. Það kom aldrei fram við meðferð málsins, að við berðumst sérstaklega fyrir þessu ákvæði. Við lögðum aðeins áherzlu á, að ekkjur fengju greiddan lífeyri, meðan þær hefðu fyrir börnum að sjá, og sama gilti um ógiftar konur, sem hefðu börn á framfæri. Þetta er fyrir mér mergurinn málsins. Hins vegar hef ég tekið þetta upp óbreytt eins og það var í frv., þegar það kom fyrir þingið, og hafði ég vænzt þess, að það gæti orðið til þess, að samkomulag gæti orðið um málið. Ég er reiðubúinn að ræða um það við hv. þm. Barð. eða aðra, sem samkomulags vildu leita um þetta atriði, að breyta þessu atriði eða fella það niður. Fyrir mér var og er þetta atriði, sem hv. þm. ræddi svo mjög um, ekkert aðalatriði.

Það síðasta, sem hv. þm. sagði um þetta mál, var, að frv. væri flutt í auglýsingaskyni. Þessi ummæli skipta auðvitað ekki nokkru máli, og get ég því látið mér þau í léttu rúmi liggja. En sé það raunverulega þannig, að þessar breyt. á l. séu veigalitlar og að mestu leyti teknar upp úr l. eins og þau eru nú og séu því fluttar í auglýsingaskyni, þá ætti að vera auðvelt að ná samkomulagi um framgang þeirra.

Gísli Jónsson: Í sambandi við 11. tölulið undir ákvæðum til bráðabirgða vil ég benda á, að ég veit ekki til, að orðið hafi nokkurt samkomulag um það, eins og hv. flm. talaði um. Þetta var af eðlilegum ástæðum sett inn í l. og kom ekki neinu samkomulagi við. Þau rök, að þessu skuli breyta vegna þessa samkomulags, tel ég ekki rétt.

Viðvíkjandi því, að hingað hafi komið mótmæli gegn breytingunni, sem gerð var á gr. um ekknabæturnar, þá var mér ekki kunnugt um það. En hins vegar kom eitthvað af mótmælum, sem pöntuð voru af vissum flokki. En þau mótmæli hef ég ekki tekið alvarlega, þar sem ég veit, að þau voru pöntuð af sósíalistum í þeim félagssköpum, sem þeir ráða yfir, til þess að geta gert málið að æsingamáli fyrir kosningarnar. Hins vegar leyndu þeir fyrir kjósendum þeim kjörum, sem aðrar gr. frv. fólu í sér og ég hef bent á. Ég skal ekki deila um það, hvort kjör ekkna séu lakari en annarra þegna í þessu þjóðfélagi. Ég hygg, að það mál sé ekki að fullu rannsakað. Ég hef ekki séð nein sérstök gögn um það. En því er ekki hægt að neita, að kjör þeirra eru stórum betri en þau voru. Ég álít, að rétt sé, að reynslan sýni, hvernig þetta reynist, áður en farið er að breyta l. Það er rétt, að breyta þyrfti ýmsu, t. d. hækkun bóta og að gera landið að einu verðlagssvæði. En í sambandi við þetta vil ég benda á, að í 116. gr. voru sett ákaflega sterk takmörk við þessu. Það var sjáanlegt, að ef þessi takmörk yrðu ekki sett, hefði svo getað farið, að tryggingamálin riðu ríkissjóðnum að fullu. Ég tel ekki rétt að hækka bæturnar nú um 25%, meðan ekki liggur fyrir reynsla um áhrif tryggingana á þjóðfélagið. Ég sé ekki, að mikið vit sé í því að hækka nú bæturnar um 25% og beita svo ákvæði 116. gr. og skera þær niður. Það yrði að beita ákvæði 116. gr., ef þessi breyting yrði samþ.

Það er ekki rétt hjá hv. flm., að það hafi ekki verið komið frá sósíalistum inn í frv., að ógiftum konum, sem ættu fleiri en 2 börn, ætti að greiða eins og ekkjum. Það var mikið rætt um þetta. En það samkomulag, sem náðist, tel ég þannig, að bæði giftar og ógiftar konur megi betur við það una en ákvæðið eins og það upphaflega var í frv. Ég er því fylgjandi, að frv. fari til n., en ekki út úr þessari hv. d. eins og það nú er.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 9 shlj. atkv.

Á 109. fundi í Ed., 9. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 290, n. 582 og 597).

Frsm. meiri hl. (Gísli Jónsson): Herra forseti. — Heilbr.- og félmn. hefur haft þetta mál til athugunar. Hún hefur rætt það á nokkrum fundum, borið það saman við gildandi lög og leitað álits Tryggingastofnunar ríkisins, og er álit hennar birt sem fylgiskjal með áliti meiri hl. n. á þskj. 582. N. gat ekki orðið sammála um afgreiðslu málsins. Meiri hl. er ekki samþykkur frv. og leggur því til, að það verði fellt, en minni hlutinn, hv. 4. landsk. (BrB) vildi láta samþ. frv. óbreytt, eins og fram kemur í nál. hans. Ástæðan til þess að meiri hl. n. vill ekki leggja til, að frv. verði samþ., er í meginatriðum sú, að hann lítur svo á, að ekki sé komin nægileg reynsla á tryggingalögin til þess að rétt sé að gera á þeim víðtækar breytingar. Fyrir Nd. liggur frv. um að breyta þessum lögum, og væri því eðlilegt, að þetta mál hefði verið látið bíða til að sjá, hversu því reiddi af, og taka þau svo saman til meðferðar, en vegna þess að meiri hl. heilbr.- og félmn. lítur svo á, að ekki eigi að gera neinar breyt. á lögunum á þessu þingi, þá leggur hann til, að frv. verði fellt. Ég skal nú gera nokkuð nánar grein fyrir þessari afstöðu og því ekki beri að samþ. þetta frv.

Í 1. gr. frv. á þskj. 290 er gert ráð fyrir að breyta 11. gr. laganna. Þetta mál var mjög umrætt á síðasta aðalþingi, þegar lögin voru samþ. Komu þá fram brtt. við þetta atriði, en meiri hl. n. og hv. d. vildi ekki fallast á þær, en þær voru að efni það sama og felst í 1. gr. frv. á þskj. 290. Í grg. er sagt, að með þeirri breytingu verði meira lýðræðisform á þessum málum. Það get ég ekki fallizt á. Breyt. er í því fólgin, að tryggingarnefndirnar verði að ⅘ kosnar í héraði, en oddamaðurinn skipaður af ráðherra, að fengnum till. tryggingaráðs, og sé hann form. Eins og nú er háttað, er nefndin öll kosin í héraði eftir lýðræðisreglum eingöngu. Hún er kosin af þeim, sem sækja fundi og atkvæði greiða, en enginn meðlimur skipaður af ráðherra, og það tel ég meira lýðræði en það form, sem í frv. felst. En annar munur er hér einnig á, því að nefndinni er einnig falið að vera umboðsmaður tryggingastofnunarinnar, og tel ég það ekki til bóta. Eins og nú er háttað, eru tveir aðilar í héraði. Annar aðilinn er aðili hinna tryggðu, sem sé nefndin, og hinn fulltrúi þess, sem tryggir. N. gætir hagsmuna hinna tryggðu, og við hlið hennar er umboðsmaður tryggingastofnunarinnar, og þessir tveir aðilar vinna saman í héraði, og það er langtum eðlilegra en að aðilinn sé aðeins einn og tryggingastofnunin skipi aðeins formann nefndarinnar. Þeir, sem halda, að réttur smælingjanna verði fyrir borð borinn með þessu skipulagi, geta ekki vænzt þess, að betur verði fyrir séð með því skipulagi, sem þetta frv. gerir ráð fyrir, þar sem þeir tryggðu eiga ekki form. n. Þeir ættu því allra manna sízt að greiða því atkv. En ef umboðsmaður nú, eins og l. nú eru í gildi, hefur nokkra tilhneigingu til þess að ganga á rétt tryggingarþega, snýr tryggingarþeginn sér þá til þeirrar n., sem kosin er heima í héraði til þess að gæta þeirra hagsmuna, sem tryggðir eru. Svo ég sé ekki, að þær till., sem felast í þessu frv., séu til neinna bóta fyrir tryggingarþega og því enginn ávinningur fyrir þá að samþ. þetta frv., sem liggur fyrir, og breyta þannig l., heldur verði þeim miklu fremur gerður óhagur með því. Þess vegna legg ég á móti því, að þessi 1. gr. frv. verði samþ., jafnvel þó tími væri til að breyta l. að öðru leyti.

Um 2. gr. frv. er það að segja, að þar er gert ráð fyrir að hækka allverulega bæturnar, og út af

fyrir sig vildi ég mjög gjarnan vilja geta fylgt því máli, að bæturnar væru hækkaðar. En áður en slíkt stórt spor er stigið, verður að koma miklu meiri reynsla á þessa löggjöf en nú er orðið. Ég get upplýst hér, að fjöldi bréfa frá oddvitum utan af landi streymir til þm. Hér liggur t. d. fyrir bréf frá oddvita, þar sem hann kvartar yfir því, hversu þessi tryggingagjöld séu þungur baggi á sveitinni. Það er álitið, að í þeirri sveit séu 13 bændur og búið sé nú að greiða til tryggingannna 26 þús. kr., sem skiptist niður á þessa 13 bændur. Ég hef fengið mörg slík bréf. En þessi gjöld yrðu þó að hækka um 25%, ef frv. yrði samþ. En þótt ég hafi fengið mikið af svona bréfum, finnst mér viðkomandi oddvitar hafa gleymt meginatriði þessa máls, og það er, hversu mikið kemur inn í hreppinn af þessu fé aftur frá tryggingunum, því að það er mikið atriði, þeir virðast aldrei gæta þess.

En þegar um það er að ræða, að tryggingakostnaðurinn er allur um 72 millj. kr., þá eiga sveitarfélögin í raun og veru að borga aðeins ⅕ hluta, og þá er ekki hægt að loka augunum fyrir því, að stór hluti af þessari fjárhæð gengur aftur til sveitarfélaga, þó að það gangi að vísu ekki beint til þeirra, heldur til þeirra, sem tryggðir eru, en þetta atriði virðast oddvitarnir ekki taka til greina. Og þegar ég hef gert fyrirspurn til þeirra um þetta, hafa þeir ekki svarað því atriði, því að þá var ekki farið að greiða út tryggingarnar og þeir því ekki farnir að sjá, hvað mikið kemur inn í hreppinn aftur. Þegar t. d. á heimili eru 10 börn og 2—3 gamalmenni, getur komið mikið inn. Ég vil þess vegna ekki breyta þessum l. hvað þetta snertir, fyrr en komin er einhver reynsla. Og ég get búizt við, að þessi liður hækki útgjöldin um 6 millj. kr., ef gert er ráð fyrir að hækka gjöldin um 25%.

Um 3. gr. er það sama að segja, 25% hækkun á barnalífeyri, og verður hækkunin þar um 2,5 millj. kr., og mundi hækkunin því á þessum 2 liðum verða um 8,5 millj. kr. Þetta var mjög umdeilt á þeim tímum, sem l. voru samin, en náði þá ekki samþykki vegna þess, að ekki þótti varlegt að fara inn á meiri bætur en gert var þegar gengið var frá síðustu fjárl.

Um 4. gr. hefur því verið haldið fram í grg. og af flm., að það hafi valdið mjög miklum ágreiningi og gremju, að þær breytingar skyldu vera gerðar á frv. á síðasta aðalþingi að fella niður ekkjubætur, eins og hv. flm. hefur lýst, að hafi verið gert. Nú er þetta ekki fellt burt, heldur nokkuð breytt, og skal ég nokkuð skýra, hvernig sú breyting hefur verið gerð. Í l. nú er það þannig, að ekkja, hver sem hún er og á hvaða aldri sem hún er, fær 200 kr. á mánuði fyrstu 3 mánuðina eftir að hún er orðin ekkja, eða 600 kr. á mánuði eftir núgildandi vísitölu, í staðinn fyrir 420 kr., og þar að auki ef hún á barn, þá í 9 mánuði 1350 kr. Hún fær því rúmlega 6 þús. kr. fyrsta árið. Þetta fær hún sem ekkjubætur. Í frv., eins og það var áður og eins og í raun og veru er tekið upp hér, nema hvað bæturnar eru hækkaðar um 25%, þá er gert ráð fyrir því að setja slíka konu á árslaun, þ. e. að hún fái 600 kr. á ári þar til hún nær 67 ára aldri og kemst á full ellilaun. Þetta vildi n. ekki fallast á í fyrra, og varð að samkomulagi að gera þessa breyt. meðal annars af því, að ef ekkja giftist, þá skyldu henni greiddar þriggja ára ekkjubætur og þá einnig að greiða þriggja ára lífeyri barnanna þegar hún giftist. Nú skilst mér, að hennar ekkjubætur yrðu um 2325 kr., eða um 7 þús. kr. ekkjubætur, ef frv. yrði samþ., eða 7 þús. kr. með hverju barni. Ef börnin væru 10, yrðu það 70 þús. kr., sem þarna er um að ræða.

Það varð niðurstaðan í n. í fyrra, að það væri ekki trygging fyrir því, að hjónaband, sem byggt væri á þeim heimanmundi, gæti haldizt þann tíma, sem til væri ætlazt, og þess vegna gæti þetta allt komizt yfir á tryggingastofnunina aftur.

Það má segja, að ekki sé nægilega séð fyrir ekkjum eins og nú er. Ég skal ekki dæma um það, en það er miklu betur gert með þessum l. en verið hefur hingað til. Þær hafa rúmar 6 þús. kr., ef þær eiga börn, þá barnalífeyri, og er það ekkert líkt því, sem þær hafa haft. Tryggingalöggjöfin þarf hins vegar að fá á sig reynslu hér eins og annars staðar, og það þarf að vita, á hvern hátt er hægt að halda áfram í þessum efnum. Og það eru vonir allra þeirra manna, sem vænt þykir um þessar tryggingar, að það verði hægt smátt og smátt að bæta svo úr þeim, að menn geti, hvort sem þeir eru öryrkjar eða gamalmenni, sótt þangað allan sinn lífeyri. Sá er munur á minni skoðun og hv. flm. á þessu máli, að hann vill taka þetta allt í einum áfanga, en ég vil fara hægara og ekki leggja meiri gjöld á fólkið en það getur borgað. Þess vegna vil ég fella þessar breytingar.

Um 5. gr. er það að segja, að ég tel hana ekki til bóta frá því, sem nú er í gildandi l. Hér er aðeins að ræða um heimild fyrir tryggingaráð, það er ekki skylt. Eftir l. er það skylda, að viðkomandi ekkja fái þennan lífeyri til 67 ára aldurs. Það er að vísu hægt fyrir tryggingastofnunina að meta fjárhag hennar. En með þessu frv. er aðeins um heimild að ræða, sem tryggingaráð hins vegar þarf alls ekki að fara eftir. Ég tel þetta ákvæði frv. lakara.

Sama er að segja um 6. gr. Þar stendur í 38. gr., að Tryggingastofnunin geti veitt bætur eins og þar greinir, en það er líka í gildandi l. En þarna er um að ræða nokkuð hærri upphæð, sem ég tel ekki heldur rétt að ráðast í á þessu stigi málsins.

7. gr. frv. er um breyt. á 107 gr. l. Það, sem felst í þeirri gr., var þrautrætt í n. á síðasta Alþ., en varð ekki samkomulag um. Ég fyrir mitt leyti hefði tilhneigingu til þess að fara inn á þessa braut, sem þarna er farið inn á. En þetta var margrætt við tryggingafræðinga og tryggingan., og þeir aðilar vildu ekki leggja til, að farið yrði inn á þessa braut. Þeir töldu, að svo stór hluti af tryggingargjaldinu væri tekið í nefskatt, þannig að þeir, sem hefðu hæstar tekjurnar, hefðu greitt mestan hlutann. En þótt ég hefði áhuga fyrir þessu, vil ég samt sem áður ekki að svo stöddu leggja inn á þessa braut, fyrr en séð er, hvernig l. verka. En sú reynsla fæst að sjálfsögðu eftir 1—2 ár.

Ég vil í sambandi við allar þessar till. benda á, að ef þetta skyldi verða samþ., þá held ég, að nauðsynlegt sé að breyta 116. gr. En ég sé ekki, að gert sé ráð fyrir því í frv. En í 116. gr. er svo fyrir mælt, að ríkissjóður skuli aðeins leggja fram ákveðinn hluta, hann á aðeins að leggja fram sjö og hálfa millj. kr. að viðbættri verðlagsuppbót. En ef þetta frv. verður samþ., sé ég ekki annað en nauðsynlegt sé að hækka þá upphæð um 25%. Ég vildi aðeins benda hv. flm. á þetta, ég býst við, að honum hafi sézt yfir það, en það er óhjákvæmilegt að hækka þessa upphæð nema því aðeins, að útreikningurinn sé þannig, að stofnunin standist þetta.

Að síðustu vil ég taka fram, að ég legg til fyrir hönd meiri hl. n., að frv. verði fellt á þessu stigi málsins. En ég vil taka það fram, að með því er hvorki ég né einstakir nm. að sýna andúð á tryggingalöggjöfinni. Hv. þm. Str. var ekki á fundi, þegar málið var afgr., og veit ég ekki, hvaða afstöðu hann hefur til málsins.

Frsm. minni hl. (Brynjólfur Bjarnason): Herra forseti. — Eins og hv. frsm. meiri hl. n. gat um í ræðu sinni, gat heilbr.- og félmn. ekki orðið sammála um afgreiðslu þessa frv. Meiri hl. n. vildi láta fella þetta frv., en ég vildi láta samþ. það óbreytt.

Nú er það svo, að hv. frsm. meiri hl. hefur látið í ljós, að hann væri í raun og veru hlynntur frv. og markmiði ýmissa atriða þess. En hann legðist samt á móti því af þeim ástæðum, að hann telur, að ekki sé fengin sú reynsla á framkvæmd tryggginanna, að rétt sé að gera á þeim breytingar að verulegu leyti. Þetta sama sjónarmið kom fram í umsögn tryggingaráðs, sem það vísaði til um annað frv. um breyt. á l. um almannatryggingar, sem flutt var af hv. þm. V-Húnv., og sú umsögn var aðeins send n. sem umsögn um þetta frv. og látið þar við sitja af meiri hl. tryggingaráðs.

Ég álít, að þær röksemdir geti á engan hátt verið nægilegar fyrir hv. meiri hl. n. til þess að leggja til, að frv. þetta verði fellt. Þetta eru ekki heldur neinar röksemdir, að vegna þess að þetta hefðu allt verið deiluatriði í fyrra, þá sé alveg sjálfsagt að fella það nú. Þá var ekki heldur talað um það, að reynsla þyrfti að skera úr um það, heldur komu þar til greina ólíkar skoðanir á því, hvernig tryggingalöggjöfin ætti að verða úr garði gerð. Og þessi mismunandi sjónarmið hljóta að vera uppi enn.

Það þarf enga reynslu til þess að skera úr um það, hvort sé heppilegra að hafa ákvæði l. að því er snertir þessi atriði, sem hér er um að ræða, eins og þau eru nú eða breyta þeim eins og farið er fram á í frv.

Í fyrsta lagi skulum við athuga 1. gr. frv. Eins og sakir standa, þá er fyrirkomulag tryggginganna að þessu leyti til mjög svipað því, sem farið er fram á í þessu frv., þar sem sjúkrasamlögunum er falin framkvæmd þess verkefnis, sem samkvæmt l. eins og þau eru nú er ætlað að verði falið sérstökum umboðsmönnum tryggginganna og skrifstofu, sem tryggingaráð setur á fót, en samkv. þessu frv. á að fela n., sem kosin er í héraði. Um þetta voru harðar deilur, þegar l. voru sett. En þó varð samkomulag milli þriggja flokka, sem að því stóðu að ganga frá þessari gr. l. eins og hún nú er, og fyrst um sinn skyldi þetta ekki koma til framkvæmda eins og ætlazt var til í frv., heldur skyldu sjúkrasamlögin á hverjum stað hafa þetta starf með höndum, og þannig er það nú. En þetta fellur úr gildi um næstu áramót. En meiningin var sú, að í millitíðinni yrði reynt að finna einhverja lausn á þessu máli. Það eru þess vegna ekki mikil rök, þegar hv. þm. ber það fyrir sig, að ekki sé komin reynsla á þessa hluti. Slíkt nær ekki nokkurri átt í þessu sambandi. Spurningin er aðeins um það, hvort á að hverfa frá því fyrirkomulagi, sem nú er, að sá aðilinn, sem með umboð fer fyrir tryggingarnar í héraðinu, sé kosinn í héraðinu sjálfu eða tilnefndur af tryggingaráði. Spurningin er, hvort á að breyta um fyrirkomulag á skipun miðstjórnar tryggginganna, hvort á að gera hana sterkari en hún er nú, eða hvort nú á að halda áfram því fyrirkomulagi, að fólkið heima í héraðinu kjósi sjálft í þetta starf.

Nú segir hv. þm. Barð., að hann teldi, að þetta væri í raun og veru ekki eins lýðræðislegt og ákvæði núgildandi l., þar sem formaður tryggingan. skal skipaður af ráðh. samkv. þessu frv., sem hér liggur fyrir.

Það er ekki þetta, sem um er að ræða, heldur hitt, að samkv. núgildandi l. er ætlazt til þess, að þær n. séu alveg valdalausar, en eins og nú er, eru öll völdin í höndum skrifstofunnar, sem sett er upp af tryggingaráði, en hér er lagt til, að þessar n. fái í raun og veru völdin og hafi á hendi framkvæmd tryggginganna í héraði í umboði Tryggingastofnunarinnar. Og þegar svo er, þá er það ekki nema í anda lýðræðisins, að formaðurinn sé skipaður af ráðh. En ef orðið gæti samkomulag um það, að nm. væru kosnir í héraði, þá er flm. fús á að fallast á það.

Þá er það 2. gr. Þar er lagt til, að elli- og örorkustyrkur verði hækkaður allverulega. Nú er það svo eins og sakir standa, með þeirri upphæð, sem gamalmennum og öryrkjum er ætluð samkv. núgildandi l., þá er þessi lífeyrir alls ekki nægilegur til þess, að þetta fólk geti lifað af þeim styrk, ef það hefur ekki neinar tekjur annars staðar frá. Það er ekki hægt með nokkru móti að lifa af þeim styrk einum saman.

Ég álít, að þegar sett eru tryggingal., þá eigi þau að ná þeim tilgangi að verja hina tryggðu gegn skorti. Það þýðir það, að lífeyririnn verður að vera það hár, að það sé hægt. Það verður að miða tryggingar við það eða þennan lífeyri, að hægt sé þó að framfleyta með honum, og við það verður að miða, annars nær hann ekki sínum tilgangi og er engin trygging í þeim tilfellum, þar sem sá tryggði hefur ekki í annað hús að venda. Nú mun hv. þm. Barð. ef til vill svara því að því er snertir elli- og örorkulífeyri og lífeyri yfirleitt, að þetta verði að fara eftir efnum og ástæðum þjóðarinnar. Þetta er vita-

skuld alveg rétt. En við skulum gera okkur ljóst, hver er tilgangur tryggginganna. Hann er sá að verja hina tryggðu skorti. Og ef litið er á þennan tilgang þeirra, þá getur hann fyrst orðið í anda lýðræðisins, að þær geti varið þá, sem tryggðir eru, frá því að líða skort. Og ef ætti að miða tryggingarnar við sitt eðli og tilgang, þá er ekki hægt annað en hafa þær þetta háar.

Nákvæmlega það sama gildir um barnalífeyrinn, og sama er að segja um ákvæði 4. og 5. gr. frv., sem fjalla um styrk til ekkna og mæðra. Þarna er um vísi að mæðralífeyri að ræða, og er tilgangurinn með honum að gera þessum konum, sem þannig er ástatt um, að þær hafa fyrir börnum að sjá, kleift að framfleyta lífinu og gegna þeirri þýðingarmiklu móðurskyldu, sem þær hafa tekizt á hendur fyrir þjóðfélagið, að ala upp sín börn, en það er fjarri því, að það sé tryggt með núgildandi l., og það er víst rétt hjá hv. þm., að samkv. 35. gr. fá ekkjur nokkrar bætur í 3 mánuði eftir að þær verða ekkjur. Þetta er náttúrlega út af fyrir sig gott og blessað. En þetta hjálpar þeim ekki til þess að framfleyta lífinu síðar meir eða að geta gert skyldu sína að ala upp sín börn.

Í núgildandi l. átti 36. gr. að vera eins konar uppbót fyrir eldri konur, sem verða ekkjur. En þær bætur, sem ákveðnar voru þar, eru svo sáralitlar, að þeim er ákaflega lítill styrkur að þeim, þar til þær fá ellilífeyri. Á fyrsta ári eru það rúmar 100 kr., og manni virðist, að slíkar tryggingar séu ekki annað en útgjöld fyrir ríkissjóð og komi að engu gagni.

Um 5. gr. sagði hv. þm., að sér fyndist hún lakari, þ. e. a. s. sú breyting, sem hér er farið fram á á 36. gr. núgildandi l., vegna þess að hér er aðeins um heimild að ræða. Það stendur í þessari gr. frv. með öðrum orðum, að ef umsækjandi þarf þess, fær hann þær bætur, og þar kemur einmitt fram þetta lýðræðislega eða sósíalistíska sjónarmið, sem gengur í gegnum þetta frv.

Um 7. gr. sagði hv. þm. Barð., að þrátt fyrir andmæli, sem hér hefðu komið fram, væri hann í sjálfu sér hlynntur henni, en vildi, að fyrst fengist nokkur reynsla (eins og hann sagði um önnur atriði þessa frv.) í framkvæmd l., áður en hann vildi samþ. hana. Það er mjög gleðilegt, að þessi hv. þm. skuli vera efnislega fylgjandi þessu. Og er þess þá að vænta, að síðar meir megi reikna með hans fylgi til þess að breyta fyrirkomulagi á iðgjaldagreiðslunum í svipað form og hér er farið fram á. Hins vegar er það misskilningur hjá þessum hv. þm., að það þurfi nokkra reynslu að fá í framkvæmd l., til þess að taka ákvörðun í þessum efnum um að breyta iðgjaldagreiðslunum. Hér er um að ræða mismunandi skoðanir um það, hvernig iðgjöldin séu lögð á og hvernig tekna sé aflað til tryggginganna. Það er í talsvert mikilli óvissu nú, hvaða tekjur tryggingarnar hafa af iðgjöldunum. Og þetta er í nokkurn veginn jafnmikilli óvissu, þó að þetta frv., sem hér liggur fyrir, yrði samþ. Það er að vísu hægt að gera um þetta nokkuð lauslega áætlun, en það getur alltaf skakkað nokkuð miklu í þeirri áætlun í báðum tilfellum, hvort sem þessu verður hagað á þann veg, sem í frv. þessu er gert ráð fyrir, eða ekki. Og kemur í raun og veru engin reynsluþekking þar til greina, heldur hitt, hvort menn eru fylgjandi því, að tekna til tryggginganna verði aflað með nokkru tilliti til efnahags manna eða alveg án tillits til efnahags manna, að því er iðgjöldin snertir.

Þá taldi hv. frsm. meiri hl. n., að það mundi sennilega verða nauðsynlegt að hækka eitthvað framlag ríkissjóðs til tryggginganna, ef þetta frv. yrði samþ. Það kann vel að vera. Svo mikið er víst, að þetta eykur útgjöld tryggginganna allverulega. Hv. þm. nefndi tölur. En ein talan, sem ég nefndi, er ekki rétt, eftir þeim áætlunum, sem gerðar hafa verið. Það er um barnalífeyrinn, það er 1,4 millj. kr. sem hann mundi verða hærri eftir brtt. okkar, samkv. þeirri áætlun, sem gerð var. En hvað sem því líður, þá er um talsverða hækkun á útgjöldum að ræða. Og getur vel verið, að þá hækki eins framlag ríkissjóðs. En frá mínu sjónarmiði er það ekkert aðalatriði, hvort þetta, sem hér er lagt til, er gert nú eða síðar, vegna þess að það er allt í óvissu um fjárhagsáætlun tryggginganna, og það þarf undir öllum kringumstæðum á næsta ári að endurskoða hana, það er alveg óhjákvæmilegt. Og þá er spurningin sú, hvort ekki sé rétt að bíða með það, þangað til reynsla er fengin. Því að það er einmitt það atriði, sem reynslan getur skorið úr um til fullnustu. Tryggingarnar eru þannig vaxnar, að það er ekki hægt að gera um þær áætlun, sem búast megi við, að standist. Þar hlýtur alltaf að skakka allverulegu.

Ég vildi svo leggja til, að þetta frv. verði samþ.

Steingrímur Aðalsteinsson: Herra forseti. — Ég þarf í raun og veru ekki að ræða mikið um þetta mál, ef ekki verða um það frekari umr. af hálfu þeirra, sem standa í gegn framgangi frv., því að það er sáralítið, sem komið hefur fram af rökum gegn þeim till., sem felast í frv. mínu, sem hér er til umr., og hv. frsm. minni hl. n. hefur líka þegar svarað því litla, sem fram hefur komið í því máli. — Ég skal þó aðeins drepa á örfá atriði í þessu sambandi umfram það, sem þegar hefur verið gert.

Hv. frsm. meiri hl. n. hélt því fram, að það mundi verða þeim tryggðu í óhag, ef gerð yrði breyt. á 11. gr. l., eins og frv. gerir ráð fyrir, og vildi hann andmæla því, sem ég sagði í grg. frv., að með breyt. væri verið að vinna að því að koma þessari framkvæmd tryggginganna í lýðræðislegra horf en nú væri samkv. l. Það, sem hann taldi þeim tryggðu í óhag samkv. breyt., var, að eins og nú væri, ættu hinir tryggðu að kjósa trygginganefnd, eins og gert er ráð fyrir í l., að öllu leyti, en samkv. brtt. mínum ættu sveitarstjórnir, sem eru umboðsmenn hinna tryggðu í hverju umdæmi fyrir sig, aðeins að kjósa fjóra þessara nefndarmanna, en ráðh. að skipa formanninn. Ef litið er á málið eingöngu frá þessu sjónarmiði, þá má kannske segja, að betra væri fyrir þá tryggðu að kjósa alla mennina í nefndina á hverjum stað og að enginn væri þar

stjórnskipaður. En þetta er ekki nema bara eitt sjónarmið í þessu sambandi og raunar í þessu sambandi algert aukasjónarmið. Því að það, sem skiptir miklu í þessu sambandi, er, að trygginganefnd, samkv. l. eins og þau eru nú, er alveg valdalaus um framkvæmd tryggingannna og getur ekki gripið inn í framkvæmd tryggingannna, hvernig sem með hana er farið. En samkv. minni till. er gert ráð fyrir, að þessar nefndir, sem kosnar skulu vera að fjórum fimmtu hlutum í héraði, en hafa formann stjórnskipaðan, hafi framkvæmd tryggingannna með höndum og séu valdaðili um tryggingarnar og framkvæmd þeirra í tryggingaumdæminu. Og með því tel ég, að hagsmunum þeirra tryggðu sé betur borgið og áhrif þeirra á tryggingarnar sterkari en samkv. því, sem nú er gert ráð fyrir í l. Og ég held því fram, að eftir till. minni í frv. í þessu efni séu tryggingarnar færðar í miklu lýðræðislegra horf en nú er, þannig að áhrif félagsmanna sjálfra — því að það má líta á viðkomandi menn sem félaga í tryggingafélagi — séu miklu meiri, eins og ég tel, að eðlilegt sé.

Önnur aðalbreyt., sem frv. felur í sér, er sú, að ýmsar tegundir bóta hækki um 25% frá því, sem nú er. Hv. frsm. meiri hl. n. sagði að vísu, að hann mundi mjög gjarnan vilja vera með því, ef hægt væri að hækka bæturnar, en taldi sig þó ekki geta verið með því á þessu stigi málsins. Hann færði hér fram ákaflega lítil rök fyrir því, hvers vegna hann gæti ekki látið það eftir sér að vera með því að hækka þessar bætur eins og þyrfti að vera. Þó fór hann að tala um það, að sér hefðu borizt mörg bréf frá sveitarstjórnum um að sveitunum væri um megn að inna af höndum sinn hluta um fjárframlög til Tryggingastofnunarinnar. En í staðinn fyrir að færa þetta sem rök gegn því, að bæturnar væru hækkaðar, fór hv. frsm. meiri hl. n. að andmæla þessum skoðunum sveitarstjórnanna, og færði rök gegn því, að þetta álit væri rétt hjá þeim, þar sem hann taldi, að þó að útgjöldin til tryggingannna væru hækkuð frá því, sem verið hefur, þá fengju sveitarfélögin frá tryggingunum tillög, sem væru meira virði en útgjöldin, sem þarna væri um að ræða. Og ég held, að þessi skoðun hv. frsm. meiri hl. n. sé rett. Ég held, að það sé fjárhagslegur hagur fyrir sveitarfélögin í heild — ekki kannske sveitarsjóðina út af fyrir sig — að almannatryggingarnar hafa verið settar, þannig að inn í sveitarfélögin renni meira vegna tryggingannna en sem nemur útgjöldum sveitarfélaganna til þeirra. Því að með tryggingum eftir tryggingal. er a. m. k. ákaflega mikið dregið úr þeim stóra útgjaldalið — og í sumum tilfellum yrði hann alveg felldur niður, ef l. næðu alveg tilgangi sínum, — sem sveitarfélögin hafa haft, sem er framfærslukostnaðurinn, þannig að útgjöld sveitarfélaganna til almannatryggingannna eru engin rök fyrir því, að ekki væri hægt að hækka þessi gjöld um 25%, eða m. ö. o. að koma bótunum í það horf, sem hv. frsm. minni hl. n. talaði um, að þær tryggðu hverjum einstaklingi sæmilegt lífsviðurværi, hvernig sem fjárhag hans og ástæðum að öðru leyti væri háttað, og þetta hlýtur að vera tilgangur tryggingalaganna. Og að því verður að stefna. Og tilgangurinn með flutningi þessa frv. er að stefna að því, að bótunum verði komið í það horf, að þær verði fullnægjandi fyrir þá, sem þeirra þurfa að njóta.

Þá gerði hv. frsm. meiri. hl. n. aths. við þau ummæli mín í grg. frv., þar sem talað er um, að í meðferð tryggingalagafrv. á þinginu í fyrra hafi verið felldar niður úr frv. ekkjubæturnar, og segir hv. frsm., að þær hafi ekki verið felldar niður með öllu. Ég held, að þetta hafi verið orðað þannig í grg., að ekkjubæturnar hafi verið felldar niður sem fastur lífeyrir. Og það var gert undir meðferð málsins í fyrra, en hins vegar sett inn ákvæði um mjög takmarkaðar bætur til ekkna yfirleitt. Og þó að það sé að vísu rétt, sem hv. frsm. meiri hl. n. sagði, að eins og tryggingal. eru nú, þá sé betur séð fyrir ekkjum en áður hefði verið gert, með því að láta þær þó hafa þessar litlu tímabundnu bætur, þá eru það engin rök fyrir því, að ekki sé ástæða til að gera betur við þær en gert er samkv. l. eins og þau eru nú. Því að því fer nú betur, að aðstaða hinna tryggðu er yfirleitt til mjög mikilla muna betri með þeim l., sem nú eru, heldur en áður en l. voru sett. En aðstaða ekknanna er að mínum dómi nú hlutfallslega lakari með þeim bótum, sem þeim nú er ætlað að fá samkv. l., heldur en hinna annarra aðila, sem eiga að njóta bóta samkv. þessum l. Og ég vil leiðrétta þetta með flutningi þessa frv. Ég tel ekki, að ekkjur eigi að sitja við lakari kjör en aðrir aðilar, sem eiga að njóta bóta samkv. tryggingal.

Ég sé ekki ástæðu til að fara að rekja hverja tryggingategund fyrir sig. Og þó að ég hafi talað sérstaklega um ekkjubæturnar, að þær væru hlutfallslega lægstar, þá tel ég allar bæturnar yfirleitt of lágar. Og jafnvel þó að þær væru hækkaðar um 25%, mundu þær verða of lágar. Maður, sem hefur aðeins 1200 kr. í grunnstyrk, held ég, að varla verði um deilt, að geti ekki veitt sér það, sem kallast megi sæmilegt til lífsframfæris, miðað við þá dýrtíð, sem við höfum nú við að búa. Hitt er svo annað mál, sem er í raun og veru aðalatriðið, sem hægt er að deila um í sambandi við þessi tryggingalög, hvort fé sé fyrir hendi til þess að standa undir útgjöldum, sem af tryggingunum leiðir, og þeim viðbótarútgjöldum, sem verða mundu vegna tryggingannna, ef frv., sem hér liggur fyrir, væri samþ. En það er hins vegar mín skoðun, að hið íslenzka þjóðfélag sé ekki svo illa á vegi statt og lífsskilyrði í þessu landi séu ekki það léleg, ef þau eru hagnýtt á skynsamlegan hátt, að ekki sé hægt að veita hverjum einasta íslenzkum þegni sæmilegt lífsviðurværi. Og ég tel, að þeir, sem fyrir elli sakir eru orðnir það þrotnir að lífskröftum, að þeir eru ekki lengur færir til þess að vinna fyrir sínu daglega brauði, eigi rétt á því, að þjóðin sjái þeim fyrir sams konar lífsviðurværi og þeir sáu sér fyrir, meðan þeir höfðu fulla lífsorku. Og sama gildir að mínu áliti um menn, sem vegna veikinda eða slysa hafa tapað lífsorku sinni og hafa ekki tækifæri til að vinna sér fyrir tekjum eins og aðrir þegn-

ar þjóðfélagsins, ég tel skyldugt, að þeim sé séð fyrir lífsviðurværi, sem sé sambærilegt við það, sem aðrir þegnar þjóðfélagsins hafa yfirleitt. Og út frá þessu skoðað tel ég lítið atriði, hvort tryggingarnar kosta einni milljóninni meira eða minna, heldur sé það skylda þjóðfélagsins að skaffa það fé, sem nauðsynlegt er, til þess að framkvæma tryggingarnar svo, að sómasamlegt sé og svari til þarfa þeirra einstaklinga, sem trygginganna eiga að njóta á hverjum tíma.

Viðvíkjandi því, sem hv. frsm. meiri hl. n. sagði um það, að ef þetta frv. væri samþ., þá þyrfti að breyta 116. gr. l., sem fjallar um framlag ríkissjóðs, þá held ég, að það sé a. m. k. að nokkru leyti byggt á misskilningi. Því að sú upphæð, sem þar er talað um, 7½ millj. kr. í grunn, er aðeins áætlunarupphæð. Hins vegar er tekið fram í 116. gr., að ríkissjóður beri ábyrgð á greiðslunum samkv. tryggingal. Og í þessari sömu gr. er einnig gert ráð fyrir því, að útgjöld trygginganna geti farið fram úr þessari áætlun, sem hér er gerð. Og þessi 7½ milljón kr. sem framlag ríkisins er aðeins hluti af þeirri áætlunarupphæð. Og þess vegna eru ákvæðin um það, hvernig að skuli farið, ef þetta fer mikið fram úr áætlun, þ. e. a. s. þá skuli taka til endurskoðunar þessi ákvæði. Ég hygg því ekki nauðsynlegt í þessu sambandi að breyta 116. gr. l., því að það mundi leiða af sjálfu sér, að ef útgjöldin færu það mikið fram úr áætlun, þá mundi koma til þeirrar endurskoðunar, sem þar er gert ráð fyrir. Og þá kemur til athugunar, hvernig skuli afla fjár til þess að standast þessi útgjöld. En í tilefni af þeirri breyt., sem hér um ræðir í frv., sá ég ekki ástæðu til að flytja brtt. um þessa áætlun, heldur láta reynsluna skera úr um það, hvernig tekjurnar mundu standast áætlun. Og væri nógur tími síðar til þess að taka þessi atriði til athugunar sérstaklega.

Þó að það að vísu hafi ekki komið fram í þessum umr. hér, af því að þær hafa ekki orðið langar, þá hefur því áður verið haldið fram, að till. þeim, sem felast í þessu frv., sé haldið fram af Sósfl. aðeins sem agitationarmáli, en ekki vegna neins sérstaks áhuga fyrir hagsmunum þeirra tryggðu. Ég vil leyfa mér að nota tækifærið hér til þess að andmæla þeim ummælum, sem fram hafa komið í þessa átt, þó að þau hafi ekki komið fram í þeim röksemdum, sem færðar hafa verið fram hér nú. Eins og tekið er fram í nál. minni hl. n., vil ég leggja áherzlu á það hér, að mjög mörg félagasamtök hafa gert samþykktir, sem hníga í sömu átt og þetta frv., sem hér liggur fyrir, og þar með félagasamtök, sem ekki standa í sambandi við Sósfl. Fundur Kvenréttindafélagsins var haldinn hér í Reykjavík fyrir nokkru síðan, þar sem forstöðumaður trygginganna var kvaddur á fund til viðræðna um þessi mál, og þar voru framsöguræður haldnar af konum, ég held úr öllum pólitískum flokkum, sem færðu fram sömu rök og ég hef nú gert, til þess að sýna, að fólkið hefur fundið agnúa á tryggingal., og að það óskar eftir breyt. á l., sem fara mjög í sömu átt og frv. það, sem hér liggur fyrir. Hitt skal ég viðurkenna, að þetta er flokksmál Sósfl. að því leyti, að meginstefna hans og starfsemi miðar að bættum hagsmunum fólksins í landinu. Og að því leyti er þetta mál því flokksmál, því að þær breyt., sem við óskum að gera á l. og þetta frv. felur í sér, miða að því að tryggja betur hagsmuni þess mikla fjölda fólks, sem á við þessi l. að búa. Og Sósfl. mundi verða það mikið gleðiefni, ef fulltrúar annarra flokka hér á þinginu og aðrir flokkar yfirleitt vildu taka upp sama sjónarmið og gera þetta mál að sínu flokksmáli að þessu leyti.

Umr. frestað.

Á 112. og 113. fundi í Ed., 10. og 11. apríl, var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 118. fundi í Ed., 15. apríl, var fram haldið 2. umr. um frv.

Frsm. meiri hl. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Það er nú orðið svo langt síðan umr. fóru fram um þetta mál, að ég veit ekki, hvort ástæða er til að svara ýmsu því, sem fram kom frá hv. minni hl. Ég vil þó ekki láta hjá líða að benda á, að flest af því, sem hv. 4. landsk. þm. hélt fram í ræðu sinni, var byggt á því, að hann virtist ekki skilja frv. eins og það liggur fyrir, og vildi ég ráðleggja honum að leggja nokkra vinnu í það að kynnast málinu í heild til þess að geta flutt um það ræður síðar, er byggðar væru á kunnáttu og skilningi á lagabókstafnum. — Það sama kom fram hjá hv. 6. landsk. þm. (StgrA). Hann virtist ekki heldur hafa lesið t. d. 11. gr. frv. og skilið innihald hennar, því að annars hefði hann ekki haldið fram því, sem hann hélt fram, m. a. því, að nefndirnar væru algerlega valdalausar. Þegar notaðar eru slíkar aðferðir og verið að berja fram staðleysur, sem m. a. byggjast á því, að menn hafa ekki lesið þau gögn, sem verið er að ræða um, sé ég ekki ástæðu til að halda uppi löngum ræðum til andmæla, svo lengi sem hv. minni hl. vill ekki halda sig að málinu sjálfu og reyna að setja sig inn í kjarna þess. — Ég legg því ákveðið til fyrir hönd meiri hl. n., að frv. verði fellt.

ATKVGR.

1. gr. felld með 11:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: StgrA.

nei: BK, EE, GJ, GÍG, HV, PZ, PM, SÁÓ, BSt, BBen, ÞÞ.

5 þm. (BrB, HermJ, JJós, LJóh, ÁS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Hannibal Valdimarsson: Ég vil taka það fram, að ég tek ekki efnislega afstöðu til breyt. á almannatryggingal. við þessa atkvgr., en legg hins vegar mikið upp úr þeirri umsögn tryggingaráðs, að það vilji ekki leggja til, að gerðar séu breyt. á almannatryggingalöggjöfinni, fyrr en fengin sé reynsla á framkvæmd l. Með tilvísun til þessa segi ég nei.

2.—9. gr. felldar með 10:1 atkv.

Frv. þar með fallið.

4. Atvinna við siglingar (frv. PO).

Á 22. fundi í Nd., 22. nóv., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 66 17. júlí 1946, um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum (þmfrv., A. 126).

Á 24. fundi í Nd., 26. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 18 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Pétur Ottesen): Þetta frv. er flutt samkv. ósk bæjarstjórnar Akraness, en hún hefur keypt þau ferjuskip, sem í ráði er að nota á hinum nýja ferjustað við Hvalfjörð. Eins og kunnugt er, var byrjað á s. l. sumri á lendingarbótum á þessari ferjuleið, sem liggur milli Eyrar í Kjós og Kataness á Hvalfjarðarströnd. Þar er örskammt yfir fjörðinn, og með þeim ganghraða, sem er á þessum ferjuskipum, er gert ráð fyrir, að þau verði 5—10 mínútur hvora leið yfir fjörðinn á þessum stað. Kröfur þær, sem eru í núgildandi l. um atvinnu við siglingar, virðast ekki eiga við þessi ferjuskip, sem eru að vísu allstór. Eftir þeim upplýsingum, sem ég hef fengið, hafa þau burðarmagn til að flytja 150—200 smálestir. Um stærð þeirra samkv. máli hafði ég ekki fengið upplýsingar, þegar frv. þetta var flutt. Með tilliti til þeirrar örskömmu leiðar, sem þarna er yfir fjörðinn, hefur verið talið eðlilegt, að ekki yrðu gerðar hærri kröfur til skipstjórnarmanna á þessum skipum en felast í 4. gr. núgildandi l. um þetta efni, en það eru þau skilyrði, sem skipstjórnarmenn þurfa að uppfylla til þess að stýra allt að 30 smálesta skipum. En sama máli gegnir um þær kröfur, sem gerðar eru um fjölda yfirmanna á skipum, sem leggja leiðir sínar með ströndum fram, að þar sé heldur ekki ástæða til að gera sams konar kröfur, að því er snertir þessar ferjur. Hefur því verið farið inn á þá leið, að samgmrh. ákveði um tölu yfirmanna á þessum skipum eftir að hafa leitað álits kunnáttumanna á þessu sviði, skólastjóra stýrimannaskólans og vélstjóraskólans. Ætti með þessum hætti að vera hægt að stilla þannig til, að nauðsynlegs öryggis sé gætt í þessum efnum.

Það er ekki fleira, sem taka þarf fram í sambandi við þetta frv. Legg ég til, að því verði vísað til sjútvn. að lokinni þessari umr., og mun hún að sjálfsögðu leita álits skólastjóra stýrimannaskólans og vélstjóraskólans um málið til frekara öryggis og undirbúnings frá Alþ. Það er nú svo langt komið með undirbúning þessarar ferju, að gera má ráð fyrir, að þessi ferjustarfsemi geti hafizt seinni hluta næsta sumars. Það er alkunna, að þetta ferjumál hefur vakið mjög athygli manna, sem búa á Vestur- og Norðurlandi, og einnig um Borgarfjörð, og eru við það tengdar, eftir því sem mér bezt skilst, vonir um það, að þetta gæti bætt úr samgöngum á þessu sviði og dregið mikið úr kostnaði við samgöngur milli Norður- og Vesturlands annars vegar og Reykjavíkur hins vegar með því að stytta leiðina, samanborið við það að fara fyrir Hvalfjörð, auk þess sem sú leið er mjög ótrygg að vetrarlagi, a. m. k. í því ástandi, sem vegurinn nú er í við innanverðan Hvalfjörð. Þess er því að vænta, að það verði greitt úr um þetta atriði, og auðvitað verður þannig frá þeim skilyrðum gengið, sem sett verða um réttindi til skipsmanna á þessum ferðum, að fullt öryggi sé, en þó ekki gengið lengra en nauðsynlegt getur talizt til þess að gera rekstur ferjuskipanna ekki um of kostnaðarsaman.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til sjútvn. með 20 shlj. atkv.

Á 79. fundi í Nd., 21. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 126, n. 417).

Frsm. (Pétur Ottesen): Þetta litla frv. er fram komið vegna þess, að í ár eru hafnar ferðir með bílferju yfir Hvalfjörð. Það er þegar byrjað að vinna að lendingarbótum í sambandi við þessa væntanlegu bílferju og einnig að vegagerð. Hér er um að ræða stutta siglingu yfir fjörðinn, sem tekur um 5 til 10 mínútur hvora leið, og þó að þessar ferjur séu stórar, eiga að geta tekið marga bíla, eða allt að 150 smálestir, þá þykir eðlilegt, að eigi verði gerðar meiri kröfur um skipstjórn en ráð er fyrir gert í þessu frv., þ. e. að rétt til að vera skipstjóri á þeim hafi hver sá, sem hefur skipstjórnarréttindi, þar sem ekki er um aðrar ferðir en hér um getur og ef til vill til Reykjavíkur, N. sendi frv. til umsagnar skólastjóra stýrimannaskólans og vélstjóraskólans, svo sem fram er tekið í grg., og telur skólastjóri stýrimannaskólans nægilegt, að skipstjórnarmenn ferjanna hafi þá sjófræðilega þekkingu, sem áskilin er í frv. Skólastjóri vélstjóraskólans telur, að vélamenn á ferjunum þurfi að hafa gengið undir hið meira mótorvélstjórapróf Fiskifélags Íslands.

Það hefur svo orðið um það samkomulag í n. að mæla með samþ. þessa frv.

ATKVGR.
1.—2. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 80. fundi í Nd., 24. febr., var frv. tekið til 2. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 79. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 81. fundi í Ed., 27. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til sjútvn. með 12 shlj. atkv.

Á 129. fundi í Ed., 9. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 126, n. 783).

Frsm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. — Sjútvn. hefur athugað þetta frv. og borið það saman við gildandi l. Ef þetta frv. verður að l., þá er gert tvennt í senn, annars vegar rýrðar þær kröfur, sem gerðar eru til skipstjórnar á skipum, eins og þær eru í dag með l. nr. 66 frá 1946, og hins vegar breytt lagaákvæðum um tölu yfirmanna á skipum samkv. sömu l. Það er tekið fram í grg., að þetta sé gert vegna þess, að ekki sé ástæða til þess að hafa skipstjórnarmenn með þeirri þekkingu, sem l. ákveða, til að sigla ferju yfir Hvalfjörð. Í fyrsta lagi er ekkert kveðið á um það nú, hvers konar för hér sé um að ræða, þó að gengið sé út frá því, þegar frv. er samið, að hér séu notaðar ákveðnar ferjur, sem þegar hafa verið keyptar til Akraness og hafa verið keyptar í því skyni að halda uppi ferju yfir Hvalfjörð.

Þessar ferjur munu vera um 200 tonn að stærð, eftir því sem fram kemur í þskj. frá fyrra aðalþingi. Ef svo skyldi vera, að um þessi för sé að ræða, þá ber að krefjast miklu meira náms af skipstjórum, sem fara með slíkar ferjur, en gert er, ef þetta frv. yrði að l., því að þetta frv. ákveður þá, að ekki sé krafizt annarrar og meiri þekkingar hjá slíkum skipstjórnarmönnum en krafizt er á mótorbátum frá 6—30 tonn.

Nú vil ég benda á, að það er ætlazt til þess og gerð áætlun um það, að slík ferja, eins og hér ræðir um, muni flytja ekki minna en 20 þús. manns yfir fjörðinn á ári. Og þegar tekið er tillit til þess, að einmitt á þessari leið er verið að koma upp væntanlega mjög stóru hvaliðjuveri og auk þess búið að koma upp stórkostlegum olíugeymum, svoleiðis að umferð um þennan stað verður margfalt meiri en nú er, þá er alveg sýnilegt, að það er ekki rétt að minnka kröfurnar til skipstjórnarmanna, sem eiga að hafa ábyrgð á lífi þúsunda manna á þessari leið, þó að ekki sé hún löng. Ég held líka, að það séu ekki nein rök til fyrir því, að þetta sé nauðsynlegt, því að sannleikurinn er sá, að tugir manna af eldri skipstjórum munu óska eftir þessu starfi til þess að mega vera seinni ár sín í svo rólegu starfi sem hér um ræðir, svoleiðis að það er ekki af þeirri ástæðu, að það sé ekki hægt að fá nægilegt framboð af slíkum mönnum, að óskað er eftir að gera þessa breyt. á l., nema síður sé. Ég vil einnig benda á í sambandi við þetta, þó að það væri að vísu nokkru lengri leið, en þó ekki til neinna muna, benda á það, er Laxfoss fór á sínum tíma frá Akranesi, hlaðinn fólki, og það óhapp vildi til, að hann strandaði hér við hafnarmynnið. Það er ekki heppilegt í slíkum tilfellum, ef menn með lægstu prófum til skipstjórnar á mótorbátum væru hafðir sem skipstjórar. Ég vil einnig í þessu sambandi benda á, að í öðrum löndum er það algild regla, að skipstjórar á ferjum, — þó að um styttri leið sé að ræða en hér, t. d. yfir Temsá — eru valdir úr hópi hinna prýðilegustu skipstjóra, þar eð þeir flytja svo gífurlega marga, þótt leiðin sé stutt, og eru ekki gerðar minni kröfur til þeirra en hafnsögumanna. Því sér n. ekki ástæðu til að leggja til að gera þá lagabreyt., sem lögð er til í l. gr. þessa frv., að draga úr kröfum til skipstjórna á hinni fyrirhuguðu Hvalfjarðarferju.

Um hitt atriðið er farið hér inn á nýja leið, ef viðkomandi ráðh. er falið það vald að ákveða tölu yfirmanna á þessum bílferjum, og getur n. ekki fallizt á það heldur að mæla með því, að hafður verði einn stýrimaður og einn skipstjóri. Ef ferjan gengur daga og nætur, sem öll líkindi eru til, þá verður ekki komizt af með færri yfirmenn en venjulegt er að hafa á skipum. Yrði þetta frv. að lögum, þá nær þetta ekki eingöngu til yfirmanna ofan þilja, heldur einnig til vélamanna. En það eru 1000 ha. vélar í þessum ferjum, hvorki meira né minna. Og við teljum ekki rétt að ráðherrar, sem hafa ekki að jafnaði eins mikla þekkingu á þessum hlutum og þeir, sem réðu núgildandi lagaákvæðum um þetta, fari með þetta vald, og við sjáum heldur engan fjárhagslegan sparnað í því að samþykkja þetta, því að tala yfirmanna á þilfari yrði í reyndinni að verða lík og hún er nú, og tala yfirmanna í vélarrúmi verður að sjálfsögðu að fara eftir stærð þeirrar vélar, sem fyrir hendi er. Við sjáum því enga ástæðu til að draga úr þessum ákvæðum, eins og gert er í frv. þessu, og n. er sammála um að leggja til, að frv. verði fellt í heild. Ég skal þó geta þess, að hv. 1. þm. Reykv. var ekki á fundi, er n. afgreiddi þetta mál, og tók því ekki afstöðu til þess.

ATKVGR.
1. gr. felld með 9 shlj. atkv.
Frv. þar með fallið.

Lagafrumvörp afgreidd með rökstuddri dagskrá.

1. Búnaðarmálasjóður (frv. StgrSt o. fl.).

Á 25. fundi í Nd., 27. nóv., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 38 15. febr. 1945, um stofnun búnaðarmálasjóðs (þmfrv., A. 145).

Á 30. fundi í Nd., 2. des., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 32. fundi í Nd., 4. des., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 20 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Pétur Ottesen: Ég sé, að hv. 1. flm. þessa frv. er hér ekki viðstaddur, en mér þykir ekki ástæða til, að málið tefjist fyrir þá sök, enda málið mjög svo kunnugt öllum þm.

Það er aðeins ein breyt. frá því, sem áður gilti, sem felst í þessu, og það er skipting á fénu milli Búnaðarfél. Íslands og stéttarsamtaka bænda. Önnur breyting er ekki á þessu frá því, sem áður var.

Mér þykir ekki ástæða til að reifa málið frekar, og óska ég, að málið gangi til 2. umr. og landbn.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Ég átti alls ekki von á því, að nú væri komið með frv. til l. um breyt. á l. þeim um búnaðarmálasjóð, sem samþykkt voru á síðasta þingi. Ég sé ekki, að það yrði til nokkurra bóta, þótt l. yrði breytt.

Eins og menn muna, voru langvarandi deilur um málið, en þeir, sem voru í minni hl., virtust ekki sætta sig við þá afgr., sem það fékk.

Með þessu frv. er gert ráð fyrir, að fé búnaðarmálasjóðs verði skipt í tvo jafna hluta, og renni annar hlutinn til Búnaðarfélags Íslands, og skuli búnaðarþing ráðstafa því fé, hinum hl. er ætlað að renna til stéttarsamtaka bænda. Ég tel, að bændastéttin sé það þroskuð félagslega að ekki þurfi að leita á náðir Alþ. og lögfesta gjöld til stéttarsamtaka hennar, og ég tel það hina mestu vanvirðingu henni til handa. Ég hef ekki orðið þess var, að stéttarsamtök verkalýðsins hafi farið fram á lögfestingu á árgjöldunum, og foringjar verkamanna mundu aldrei gera tilraun til þess. Bændasamtökin þarfnast þess eigi heldur. Hv. þm. er vel kunnugt um, hvernig högum bænda er háttað, enda vitað, að þeir eru færir um að stofna félagsskap á frjálsum grundvelli. Nú gæti ég trúað því, að einhver flm. stæði upp á eftir og segði, að nauðsynlegt væri að breyta þessu, vegna þess að fé sjóðsins kæmi bændastéttinni ekki að notum, og að réttara væri, að búnaðarþing en ekki búnaðarsamböndin ákveði, hvernig fénu er varið. Þetta sögðu þessir menn á síðasta þingi, og ég býst við, að þeir segi það enn þann dag í dag. Samkv. l., sem nú gilda, er svo fyrir mælt, að fé sjóðsins skuli notað til jarðræktar og annarra framkvæmda, eftir því sem fundir í búnaðarsamböndunum ákveða í hvert sinn. Það var sagt hér á síðasta þingi, að bændur væru sviptir ákvörðunarrétti um, hvernig fénu skuli ráðstafað, en þetta er auðvitað hrein vitleysa. Bændur hafa ráðin yfir fénu. Aðalfundir búnaðarsambandanna hafa ákvörðunarréttinn.

Ég sé ekki ástæðu til að ræða þetta frekar, og ég geri ráð fyrir, að menn séu þess minnugir, hvílíkt þrætuepli þetta mál hefur verið. Ég tel aðstæður lítið breyttar og þess vegna tilgangslaust að deila meira um það. Ég tel því hyggilegast að afgreiða málið nú og vísa því frá. En sé það nú sett í n., þá verður úr því önnur þrætan til. Ég vil svo leyfa mér að bera fram svohljóðandi rökstudda dagskrártill.:

„Þar sem l. um búnaðarmálasjóð voru samþ. til framtíðarlausnar eftir langvarandi deilur á síðasta Alþ. og þar sem þau l. tryggja, að fé sjóðsins verði varið á hinn heppilegasta hátt fyrir bændastétt landsins, telur deildin frv. á þskj. nr. 145 að ástæðulausu flutt og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá.“

Forseti (BG): Hv. dm. hafa heyrt hina rökst. dagskrá, sem hv. 2. þm. Rang. hefur nú lýst, og liggur till. þessi þá einnig fyrir til umr.

Flm. (Steingrímur Steinþórsson): Herra forseti. Ég hafði því miður ekki veitt því eftirtekt, að þetta mál var á dagskrá nú í dag, og svo tafðist ég æðistund, þegar ég var á leiðinni á fundinn, svo að ég náði aðeins að hlusta á nokkurn hluta ræðu hv. síðasta ræðumanns.

Ég get vel skilið það, að það komi heldur illa

við hv. 2. þm. Rang. og aðra þá, sem telja sig fulltrúa bændastéttarinnar, að þetta mál skuli nú enn bera á góma hér á Alþ. Ég sé enga ástæðu til að vísa þessu máli frá með dagskrá, enda þótt deilumál sé, og mér er ekki ljóst, að mál þau, sem verið hafa til umr. hér í d. í vetur, hafi verið það mörg og merk, að fyrir því megi ekki eyða tíma til að ræða mál eins og þetta, enda þótt nokkur skoðanamunur sé um það; og skein það mjög augljóslega út úr allri ræðu hv. 2. þm. Rang.

Ég geri ráð fyrir því, að hv. þm. Borgf., sem mælti fyrir frv. í minn stað, hafi að einhverju leyti rifjað það upp fyrir hv. d., hvernig mál þetta er til komið í fyrstu. Eins og hv. alþm. mun kunnugt, var það búnaðarþing, sem undirbjó málið, búnaðarþing, sem hv. 2. þm. Rang. (IngJ) talaði með mikilli lítilsvirðingu um sem einhverja samkundu í Reykjavík, og það svo, að ég hefði ekki búizt við að heyra slík ummæli frá manni, sem telur sig fulltrúa bændastéttar landsins. Það er hins vegar vitað, að þetta mál um stofnun búnaðarmálasjóðs hefur verið betur undirbúið heldur en flest mál, sem fyrir hv. Alþ. hafa komið. Það var mþn., kosin af búnaðarþingi, sem lagði frumdrögin að frv., og svo vel var frá þessu gengið, að það var sent til umsagnar allra búnaðarsambanda landsins, sem öll án undantekningar mæltu með, að löggjöf yrði sett á þann veg, sem upphaflega frv. var. Þar með var greinilega mörkuð sú braut, hvernig verja ætti fé úr búnaðarmálasjóði. Samkv. frv. skyldi verja því á þann hátt, að það ætti að nota það að nokkru leyti til þess að undirbúa þá hreyfingu, sem þá var að skapast um stéttarsamband bænda, þannig að sú stofnun, þegar búið væri að undirbúa hana, yrði ekki févana, þegar hún tæki til starfa, en öðrum bræði skyldi féð renna til Búnaðarfélags Íslands, til þess að unnt væri að koma upp nauðsynlegum aðseturstað fyrir félagið hér í Reykjavík. Öll búnaðarsambönd landsins féllust á þessa hugmynd og sömuleiðis, hvernig fénu skyldi varið. Ég minnist þess, hve einn af fulltrúum Búnaðarsambands Suðurlands, Páll á Ásólfsstöðum, sagði mér frá því af mikilli hrifningu, hversu auðvelt hefði verið að fá alla fulltrúa Búnaðarsambands Suðurlands til þess að samþ. að leggja þennan skatt á framleiðsluvöru bænda í þessu augnamiði, eins og frv. gerði ráð fyrir. Þannig stóð Búnaðarsamband Suðurlands einhuga um það — eins og öll hin búnaðarsambönd landsins —, hvernig verja ætti þessu fé, og var það lagt í hendur búnaðarþings að ráðstafa því á þann hátt, sem ákveðið var í frv. til l. um stofnun búnaðarmálasjóðs. En svo þegar málið kemur til hv. Alþ. með þessum undirbúningi, og þar sem aðeins er farið fram á það við hv. Alþ., að það hlutist til um með löggjöf að innheimta þetta gjald með löglegum og eðlilegum hætti, þá er hér á síðasta stigi málsins sett inn í frv. ákvæði um það, að landbrh. verði að samþ., hvernig fé þessu skuli varið. Þetta gátu bændur vitanlega ekki sætt sig við, þar sem hér var um þeirra eigið fé að ræða, fé, sem tekið var af þeirra eigin framleiðsluvöru og sem nota átti eingöngu til félagsstarfsemi þeirra sjálfra. Síðasti leikurinn í þessu máli og það, sem skeði, þegar núverandi l. um búnaðarmálasjóð voru sett, er, þegar breytt er algerlega frá þeirri stefnu, sem búnaðarþing og búnaðarsamböndin höfðu ákveðið um það, hvernig fénu skyldi fyrir komið, og það tekið frá Búnaðarfélagi Íslands, úr umsjá búnaðarþings, og í stað þess er ákveðið, að féð skuli renna til búnaðarsambandanna í nákvæmlega sama hlutfalli eins og það hefði runnið í búnaðarmálasjóð frá búnaðarsamböndunum áður. Þetta er náttúrlega sú fáránlegasta aðferð, sem hægt er að hugsa sér í þessu skyni. Til hvers er verið að sópa þessu fé saman úr öllum búnaðarsamböndunum, ef síðan á að telja það nákvæmlega í sama hlutfalli aftur til búnaðarsambandanna? En það, sem hér gerðist, var vitanlega það eitt, sem hv. þm. Rang. mun mjög vel vita, að með því að taka þetta fé þannig frá Búnaðarfélagi Íslands og frá Stéttarsambandi bænda, þá átti að kyrkja þessi félagssamtök fjárhagslega. Það gat ekki annar tilgangur verið með þessu en einn. Það vita allir, sem þekkja til um félagsstarfsemi bænda, að brýn nauðsyn er á, að fé til búnaðarsambandanna verði aukið frá því, sem nú er, og að þau fái meiri fjárráð á einn eða annan hátt, og þetta er tilgangur okkar flm. með þessu frv., sem við flytjum hér nú, en það er ekki hægt á þann hátt, sem hér hefur verið gert. Félagssamtök bænda höfðu komið sér saman um, hvernig með þetta mál skyldi farið, en hv. Alþ. hefur leyft sér að ómerkja þessi stéttarsamtök bænda með því að synja þeim um að ráðstafa sínu eigin fé eins og þau álitu réttast vera. Þetta atriði gerir það að verkum, að aldrei verður hljótt um þetta mál, fyrr en hv. Alþ. hefur leiðrétt það, sem það hefur gert í málinu áður. Þar sem nú situr nýkosið Alþ., sem að nokkru leyti er skipað öðrum fulltrúum heldur en voru hér, þegar l. þau, sem hér um ræðir, voru sett í fyrra, þá töldu flm. þessa frv. sjálfsagt að leita eftir því, hvort nú væri ekki annar vilji ríkjandi hér á hv. Alþ. heldur en þá var um meðferð þessa máls. Ég tel, að um afgreiðslu málsins í fyrra hafi miklu meira ráðið ofstæki þeirra flokka, sem að þessu stóðu, heldur en róleg íhugun, og ég veit með vissu, að ýmsir þeirra, sem þá fylgdu málinu, voru í rauninni ekki ánægðir með afgreiðslu þess og fundu, að hér var verið að níðast á heilli stétt landsmanna, stétt, sem aðeins óskaði eftir aðstoð hv. Alþ., til þess að hægt yrði á löglegan hátt að innheimta þetta gjald af framleiðsluvöru sinni, sem var þannig fé, sem aðeins var tekið af bændum sjálfum. — Hv. 2. þm. Rang. talaði um það hér áðan, að auðvelt væri að útvega stéttarsambandi bænda fé með frjálsum framlögum bænda, en ekki þyrfti að sækja framlög í búnaðarmálasjóð, eins og upphaflega frv. gerði ráð fyrir. Þessi gjöld eru hliðstæð við það, þegar verkamenn greiða gjöld til sinna stéttarsamtaka, en hér er aðeins farin önnur leið, sem ég tel miklu réttmætari, því að hitt er nefskattur. Við skulum segja, að ef sú leið væri farin, þá greiddi hver bóndi 100 krónur til þessara samtaka á ári hverju, og

væri þá lagt nákvæmlega jafnmikið á ríka bændur sem fátæka. En með þeirri tilhögun, sem hér er viðhörð, er gjaldið tekið eftir framleiðslumagni hvers bónda, og tel ég réttmætast og eðlilegast, að sú leið sé farin, og í beztu samræmi við þessi mál. En ef gjaldið er lagt á í hlutfalli við framleiðslumagn hvers bónda, er ekki hægt að innheimta það á annan hátt en eins og hér er gert ráð fyrir. Það kann vel að vera, að hv. 2. þm. Rang. hafi nægilegt fylgi hér í hv. d. nú, til þess að málinu verði vísað frá, og er þá sjálfsagt að beygja sig fyrir því, eins og hlýtur að verða. En ég vil aðeins segja það, að það er þá hans slæma samvizka um það, sem gerzt hefur áður í þessu máli, sem orsakar það, að hann er svo áfjáður í það nú, að það sæti hér ekki þinglegri meðferð, og ég skoða það sem ofbeldi af hv. d., ef það kemur fyrir, að málinu verði vísað frá með rökstuddri dagskrá, sem fá eða ekkert fordæmi á í þingsögunni um mál, sem hefur fengið slíkan undirbúning sem það, sem hér um ræðir.

Jón Pálmason: Herra forseti. Ég verð að segja það, að ég varð mjög undrandi, þegar ég sá þetta frv., sem hér liggur fyrir, lagt fram, og það er af því, að þetta mál er búið að vera mikið deilumál á undanförnum tveim aðalþingum. Á þingi 1944, þegar betta mál var fyrst lagt fram, var við síðustu umr. þess samkv. samþ. ríkissti. bætt inn í frv. ákvæði um það, að úthlutun fjár úr sjóðnum skyldi vera að áður fengnu samþykki landbrh. á hverjum tíma, og er þetta ákvæði í samræmi við ýmis ákvæði í l. um hliðstæða sjóði, bæði varðandi fjárreiður Búnaðarfélags Íslands, Fiskifélags Íslands og fleiri stofnana, að ég nú ekki tali um úthlutun úr fiskveiðasjóði. Út af þessu urðu miklar deilur, en málið var samþ. á því þingi. Á síðasta þingi kemur svo fram frv. um að fella þetta ákvæði niður, enda þótt hæstv. landbrh. hafi þá samþ. þá áætlun, sem gerð var um úthlutun úr sjóðnum. Þetta er ekki hægt að taka öðruvísi en grímuklætt vantraust á hæstv. landbrh. Út af þessu máli hefur ekki aðeins verið deilt hér á þingi, heldur einnig í blöðum og á mannfundum, og hefur um fá mál, sem eru jafnmikil smámál og þetta, verið deilt eins mikið víðs vegar um land. En þar sem málið var afgr. hér á þingi með verulegum meiri hl., mátti ætla, að þeir, sem undir urðu í þessari deilu, létu sér lynda, að minnsta kosti fyrst um sinn, þá afgreiðslu, sem þá var gerð, og því virðist flutningur málsins nú aðeins gerður til þess að skapa hér deilur um það á ný, deilur, sem ég er ekkert viðkvæmur fyrir, og fer því fjarri, eins og l. flm. hélt fram, að hér mundu einhverjir vera, sem væru viðkvæmir fyrir deilum um þetta mál, en hins vegar er hér um lítið og einfalt mál að ræða, sem alger óþarfi er að vekja upp harðvítugar deilur um, þegar ekki ár er liðið, síðan það fékk afgreiðslu hér á þingi, og af því að svona stendur á, þá mæli ég eindregið með dagskrártill. hv. 2. þm. Rang. (IngJ), og ætti að afgreiða málið nú þegar. Ég veit, að þótt það færi til hv. landbn., eru ekki neinar líkur fyrir samkomulagi um það frekar en á síðasta þingi, því að þar mun ríkja svipuð afstaða til málsins nú eins og þá. Það, sem síðasti ræðumaður, hv. 1. þm. Skagf. (StgrSt), lét orð falla um í sambandi við þetta mál, var í raun og veru endurtekning á mörgu af því, sem hér var sagt í fyrra, og einnig á því, sem komið hefur fram í ræðu og riti, að með þessu hefði verið níðzt á bændastétt landsins á óviðeigandi hátt. Því fer vitanlega alls fjarri, og mætti slíkt undarlegt heita. Hér hefur það eitt verið gert, að þessu gjaldi, sem innheimt er með skatti, skuli varið til þess að styrkja framfarir í sveitum landsins, eftir því sem bændur sjálfir í búnaðarsamböndunum hafa ákveðið. Varðandi það, að tilgangurinn með þeirri breyt., sem gerð var í frv. í fyrra, hafi verið sá að kvrkja — eins og hv. síðasti ræðumaður orðaði það — Búnaðarfélag Íslands og Stéttarsamband bænda, þá varð ég satt að segja mjög undrandi yfir að heyra slík ummæli. Búnaðarfélag Íslands hefur 100 þúsund krónur til umráða, sem Alþ. veitir því af fjárl., og er ekki til annars ætlazt en að það fái fé eftir því, sem þörf er á, og í samræmi við það, sem aðrar hliðstæðar stofnanir hafa. Og ég held — sem betur fer —, að ekki sé ástæða fyrir bændur eða fulltrúa þeirra að kvarta yfir því, að illa sé farið með Búnaðarfélag Íslands með fjárframlögum og að þess vegna þurfi ekki að setja gjald á framleiðsluvöru bænda til þess að styrkja hag Búnaðarfélagsins. Það er og heldur ekki rétt, að með þessu sé verið að gera einhverjar óviðeigandi ráðstafanir til niðurdreps fyrir þessa nýju stofnun, Stéttarsamband bænda. Hvað það snertir, að sérstök þörf sé á að leiðrétta ranglæti, sem hér hafi verið framið á síðasta þingi, þá fer því alls fjarri, að um slíkt sé að ræða, því að frv. var breytt á þennan hátt með samþ. meiri hl. Alþ., og þyrfti því aftur að fást meiri hl. Alþ. til þess að kippa ákvæði því, sem hér um ræðir, út úr l., sem sé því. að landbrh. þyrfti nokkuð að skipta sér af meðferð þessara mála. Og þeir, sem að þessum málum hafa staðið, væru þá algerlega lausir við afskipti landbrh. af úthlutun fjár úr sjóðnum, og væru það þá bændur sjálfir í búnaðarsamböndunum, sem réðu því. — Þá vil ég mótmæla því, sem hv. síðasti ræðumaður sagði, að það hefði verið algert samkomulag meðal bænda um þetta mál, því að tvö stærstu búnaðarsambönd landsins sendu Alþ. áskoranir um að samþ. frv. eins og það lá fyrir á síðasta þingi, þótt að vísu hefðu komið mótmæli frá nokkrum búnaðarsamböndum um hið sama. En að það komu á víxl mótmæli og meðmæli varðandi málið, sannar, að röng er sú fullyrðing, að bændastéttin hafi verið sammála um afgreiðslu þess. — Ég tel, að þetta mál hafi verið svo þrautrætt hér á síðasta þingi og úr því skorið með því, hvernig meiri hl. Alþ. snerist við því, að hreinn óþarfi sé að bera það fram nú, og til þess eins gert að stofna til óþarfa deilna. Er ég ekki undrandi yfir því, að þeir geri það, sem harðast börðust í þeim efnum hér í fyrra, en hins vegar er ég alveg undrandi yfir því, að hv. 1. þm. Skagf.,

sem þá stóð ekki í þeim deilum, skuli leggja sig niður við það nú, og þekki ég hann ekki að því, að hann vilji stofna til óþarfa deilna um mál, sem þannig er vaxið, að það hefur enga þýðingu að hefja deilur um á ný.

Pétur Ottesen: Herra forseti. Mér þykir hv. þm. A-Húnv. (JPálm) finna nokkuð mikið til sín, þegar hann lýsir því hér yfir á fyrsta stigi þessa máls, að það hafi enga þýðingu að bera það hér fram. Er hann sá drottinshöfðingi yfir högum og athöfnum hv. þm. hér í hv. d., að hann geti upp á sitt eindæmi lýst yfir því, að þetta mál sé frá upphafi fordæmt? Það gæti vel verið, að hv. þm. A-Húnv. hefði við einhvern grun að styðjast í þessum efnum, ef svo hefði staðið á, að hér hefði engin mannabreyting á orðið í hv. Nd. frá því, að þetta mál var hér síðast til umr. En það er nú síður en svo. Síðan hafa farið fram nýjar kosningar til Alþ., og við þær kosningar hafa orðið æðimiklar mannabreytingar hér, sem þá kemur sérstaklega fram í hv. Nd., sem er skipuð miklum meiri hl. hv. þm. — Mér finnst því það vera dryldni — ég verð að segja mikilmennskubrjálæði, sem kemur fram hjá hv. þm. A-Húnv. í því að lýsa því yfir á fyrsta stigi málsins, að það hafi enga þýðingu að bera málið fram. Ég veit, að hann álítur þá menn í bændastéttinni, sem að því standa að halda þessu máli í sínum upphaflega farvegi, lítilmótlega, en hitt verð ég að segja, að það gegnir alveg furðu um hugarástand þessa hv. þm., að hann skuli taka sér það vald að leyfa sér að lýsa slíku yfir, sem ég hef hér á minnzt, í viðurvist meiri hl. hv. þm. Ég veit ekki, hvort hv. þm. hafa gefið honum umboð til þessarar árásar, en ætla, að svo sé ekki, heldur sé þetta hans eigin uppfinning, sem stjórnast þá fyrst og fremst af því, sem ég áðan sagði. Ég minnist þess ekki, að mál, sem flutt er og varðar alveg sérstaklega eina stétt í þjóðfélaginu, eins og þetta mál, sem er hreint landbúnaðarmál, og sem tengt er við hagsmunasamtök bændastéttarinnar og á að þjóna þeim, hafi nokkurn tíma mætt slíkri meðferð eins og þetta mál mætir hér. Ég man aldrei til þess, að borin hafi verið fram rökst. dagskrá til þess að vísa máli frá við 1. umr., og held ég, að þótt leitað væri í þingsögunni síðast liðna áratugi, þá hafi slíkt ekki komið fyrir. Þetta er ef til vill leyfilegt samkvæmt þingsköpum, enda getur hæstv. forseti skorið úr um það, en hitt er algengt á síðasta stigi máls, við 2. eða 3. umr., að hafa þá afgreiðsluaðferð að vísa máli frá með rökst. dagskrá. — Það hafa nú verið flutt á þessu þingi fjöldamörg frv., sem snerta aðrar stéttir þjóðfélagsins, t. d. verkamenn, iðnaðarmenn, embættismenn, kaupsýslumenn, sjómenn, útgerðarmenn o. fl., og hefur engum hv. þm. dottið í hug að sýna þá frámunalegu þröngsýni að amast við því, að þessi mál fái að ganga til 2. umr. og takast fyrir með þinglegri meðferð, en það má segja, að það sé að minnsta kosti óvenjuleg meðferð að vísa máli frá á fyrsta stigi þess. Fyrsta fórnarlamb þessarar þröngsýni á svo bændastéttin að vera hér eða þetta mál bændastéttarinnar. Það hefur verið vel við öllum öðrum slíkum málum tekið, þótt menn hafi haft um þau mismunandi skoðanir. Þannig er það t. d. algengt, að n. er fengin til þess að flytja frv. fyrir ríkisstj., og þykir sjálfsögð skylda að gera þetta, þótt menn séu í grundvallaratriðum móti ákvæðum slíkra frv., og er venjulega tekinn fram fyrirvari í grg. að því er þetta snertir. Það er sú eðlilega, þingræðislega og frjálslyndislega meðferð í uppburði mála á hv. Alþ., að þannig sé farið að. Hér er hins vegar brugðið út af þeirri leið í þessu máli og af þeirri þröngsýni, sem ég hef þegar lýst, sem líklega finnast engin dæmi fyrir í þingsögu síðustu áratuga. Ég get búizt við því, að hv. 2. þm. Rang. þykist nokkuð stór karl, þar sem honum hefur verið att á þetta forræði. Annars efast ég um, að hann eigi upptökin að þessu, heldur mun hann hafa leiðzt út í þetta í trú á forsjón og yfirráð hv. þm. A-Húnv. yfir atkvæðagreiðslu þm. og þykist því standa mjög föstum fótum og geta vísað málinu frá. En ég skýt því til hv. dm., að þeir láti ekki framhleypni og þröngsýni þessara manna hafa þau áhrif á atkv. sitt, að þeir vísi málinu frá. Ekkert tilefni var gefið af mér í þeim fáu orðum, sem ég sagði áðan, til þess að hefja miklar umr. um málið. Sökin er þeirra, að málið er komið á þetta stig í umr. Það er alkunna, að þegar um kunn mál er að ræða eins og nú, þá verða litlar eða engar umræður við 1. umr., en hér er þessi regla brotin eins og allar aðrar reglur. Hv. 2. þm. Rang. og hv. þm. A-Húnv. hefja báðir umræður um þetta mál við 1. umr., en ég mun lítt fara út í að svara andmælum þeirra. Hv. 1. þm. Skagf. hefur svarað hv. 2. þm. Rang., en þegar það atriði var áður til umr. lenti hv. þm. A-Húnv. í þvílíkum hrakningum, að hann kaus að þegja, en hann vissi þá, að meiri hl. þm. var með þeim breyt., er hann lagði til, og kaus að neyta afls. En sem dæmi upp á málflutning þessa hv. þm. má geta þess, að hann hélt því fram, að till. um að fella niður ákvæðið um, að landbrh. samþ. úthlutun fjárins, væri grímuklætt vantraust á ráðh. En þetta var algerlega hrakið. Ráðh. hafði t. d. samþykkt fjárhagsáætlun búnaðarþings og sýndi, að hann átti alls ekkert vantraust skilið. Aftur á móti fólst í till. hv. þm. A-Húnv. fullkomið vantraust á landbrh. Þannig hefur þessi hv. þm. haft endaskipti á hlutunum ásamt með kommúnistanum í landbn., sem hann hafði stöðugt samneyti við, en þeirra viðskiptum lauk jafnan þannig, að kommúnistinn sneri á hann, þótt hann væri ekki eins breiður um axlir og gildur eins og hv. þm. A-Húnv. Það var á sínum tíma eðlilegt, að búnaðarþing skipti þessu fé, og það er jafneðlilegt nú, að fénu sé skipt milli búnaðarþings og stéttarsambandsins. Starfsemi búnaðarþings er klofin í tvennt, en báðir aðilar berjast fyrir hagsmunamálum bænda og ættu að úthluta fénu. Hringrásin í þeim l., sem nú gilda, líkist því helzt, að hún væri sett af þrem frægum sögupersónum, sem hétu Gísli, Eiríkur og Helgi. Fjárins er fyrst aflað hjá búnaðarsambönd-

unum og sent svo út til þeirra aftur. Hafa og heyrzt háværar raddir um að kippa þessu í lag og koma því í það form, sem bændur höfðu áður samþykkt. Undirbúningur þessa máls var óvenjulega góður, og hafði verið leitað álits og fengið samþ. forystumanna búnaðarsambandanna. Vænti ég þess af hv. d., að hún láti ekki flekast af offorsi 2. þm. Rang. og borginmannlegu tali hv. þm. A-Húnv. og vísi málinu frá. Heldur skulu hv. dm. fara aðrar leiðir og réttari og láta málið ganga til 2. umr., og kæmi þá fram, hvort málið fengi þá afgreiðslu, sem við flm. vildum, og hvort núgildandi ákvæði yrðu niður felld. Þá er komið á það stig, að til úrslita getur dregið. En sú aðferð, sem hér hefur átt að beita, er því hatramlegri, að hér á í hlut forseti Sþ., sem á að vaka yfir virðingu þingsins og hafa í heiðri þingsköp og þinglegar reglur, og er það stórfurðulegt, að forseti geti tekið undir eins fíflslega till. og komið hefur frá hv. 2. þm. Rang.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Þá er hv. þm. Borgf. setztur í sæti sitt. Hann hefur nú talað allengi, og kemur það sér vel, að ritstjóri Tímans skuli vera viðstaddur til þess að skrifa niður. Þótt hann þykist hér tala fyrir hönd bænda, þá get ég fullyrt, að hann talar hér ekki nema fyrir hönd lítils hluta þeirra, en hann hefur hér talað rækilega máli framsóknarmanna, enda ekki í fyrsta sinn, sem framsóknarmenn beita þessum hv. þm. fyrir sig. Hann talaði einnig máli framsóknarmanna á Selfossfundinum í fyrra, þegar hann kom austur með fríðri fylkingu með þá till. upp á vasann að fá samþ. vantraust á þá menn, er vildu hafa fyrirkomulag búnaðarmálasjóðs, sem nú er. En hvað varð um þessa fylkingu? Hún var hrakin úr einu víginu í annað, og þá var það, að þessi hv. þm. bjargaði framsóknarmönnum frá algerri smán, þótt þeir yrðu undir í málinu, því að ef hv. þm. Borgf. er vel upplagður, getur hann haldið býsna góðar ræður. En svo hart var hann leikinn eftir fundinn, að hann var þegjandi hás daginn eftir. *(JPálm:* Alveg mállaus. — *PO:* Hv. þm. A-Húnv. hefði víst oft óskað, að ég væri mállaus.) Svo hart var fylkingin leikin, að till. þeirra félaga voru aldrei bornar upp, og bændurnir á Selfossfundinum voru með búnaðarmálasjóðsl., eins og þau nú eru. Það getur satt verið, að heyrzt hafi háværar raddir um að breyta þessum l., því að vitað er, að fáeinir bændur hafa aðrar skoðanir í þessu máli. En ég veit, að meginþorri vill hafa l. eins og þau eru nú, og þegar bændurnir hafa fengið að kynnast framkvæmd l. og fengið féð í samböndin, þá ætla ég þá verða fáa eða enga, sem vilja breyta l. Þó að hv. þm. Borgf. þykist helzt einn geta hér talað fyrir hönd bænda, að minnsta kosti sjálfstæðismanna, þá má hann vita, að svigurmæli og dylgjur að minnsta kosti eru ekki fyrir hönd bænda töluð. Slíkt dugir lítt við afgreiðslu mála. Hann talar um fíflslega till., ofstæki og þröngsýni og svo, að ég hafi þó líklega ekki átt upptökin að þessu. Ég hef heyrt svona málflutning hjá framsóknarmönnum, en ég hélt, að þessi gamli og reyndi sjálfstæðisþingmaður vissi, að það tíðkast ekki hjá sjálfstæðismönnum að *láta* menn gera hitt og þetta móti vilja þeirra. Þessi hv. þm. taldi óviðkunnanlegt að vísa máli frá við 1. umr., en þegar um er að ræða mál, sem þrautrætt hefur verið hér á þingi á þessu ári, sé ég ekki, að á umr. sé bætandi. Það væri vissulega óviðkunnanlegt að vísa nýju máli frá við 1. umr., en þetta mál hefur verið þrautrætt hér og leyst eins og bezt var og happasælast fyrir bændur. Þarf því ekki meira um það að ræða, og er því eina rétta leiðin að vísa því frá, þó að hætt sé við, að hv. þm. Borgf. skipti um ham og ærist. Hv. 1. þm. Skagf. var hógværari, en rök hafði hann ekki að mæla, þau er ég heyrði. Hann taldi eðlilegt, að ég vildi forðast umræður um málið. Ég veit ekki af hverju. Fyrri ræða mín gaf ekki tilefni til slíks álits. En ég tel það óviturlegt að þrátta dögum saman um mál, sem þegar er leyst, sérstaklega þar sem mörg önnur verkefni bíða úrlausnar. Má t. d. nefna, að fjárl. eru enn óafgreidd, þótt komið sé fram undir jól. Hv. 1. þm. Skagf. taldi þetta mál bezt undirbúið allra mála, og hefðu bændur verið því samþ. í þess upphaflegu mynd, en bændur voru aldrei spurðir um, hvort þeir vildu ekki heldur hafa það eins og það nú er, enda hafa bændur ekki verið á móti núverandi fyrirkomulagi. En þegar búnaðarþing ákvað að reisa hótel, risu bændurnir upp gegn því og vildu heldur leggja féð í jarðrækt en hótelbyggingu í Reykjavík. En er forsvarsmenn hótelbyggingarinnar urðu varir við vilja bænda, urðu þeir að sveigja af og ætluðu þá að verja aðeins helmingi fjárins í hótelið og síðan á undanhaldinu jafnvel aðeins ¼. Ofar jarðræktarframkvæmdum hafa búnaðarþing og stjórn Búnaðarfélags Íslands sett hótelbyggingu fyrir 100 gesti, en til þess að það megi takast, þarf allan búnaðarmálasjóðinn í mörg ár. Framsóknarmenn vilja nú fá hálfan búnaðarmálasjóðinn til handa Stéttarsambandi bænda, og þetta vilja þeir fá lögfest. Þeir treysta bændum ekki til að greiða árgjöld til félagsskaparins af fúsum vilja. Þetta er móðgun við bændastéttina af verstu tegund.

Hv. 1. þm. Skagf. sagði, að það væri að vega í sama knérunn, að búnaðarmálasjóðsgjaldið sé lagt á bændur og heimila félagsgjöld að auki. Ég veit ekki, hvað á að gera við fé búnaðarmálasjóðs, ef bændur eiga ekki að fá það aftur beint eða óbeint með því að ráðstafa fénu vel. Ég tel, að með breyt. hv. flm. yrði vegið í sama knérunn, því nái þær fram að ganga, er hagnaður bænda mjög vafasamur.

Ég er sannfærður um, að bændur vilja borga sín félagsgjöld af fúsum vilja, ef sambandið verður þeim til gagns. Þeir munu styðja bæði það samband og þá menn, sem fyrir því standa, ef þeir treysta þeim. Ég er sannfærður um, að það er óverðskuldað árás á bændur að vantreysta þeim til að byggja upp sín félagssambönd á frjálsum grundvelli. Flm. þessa frv. eru því beinir árásarmenn á bændur. Í fyrsta lagi vantreysta þeir þeim til

að borga sín félagsgjöld, og er það hin ósvífnasta árás og lítilsvirðing í garð bænda, og þessir menn ættu að spara sér orð eins og þau, að ég o. fl. viljum níðast á bændum, eins og hv. 1. þm. Skagf. og hv. þm. Borgf. sögðu. *(PO:* Það er réttmætt.) Nei, það eru rakaleysur, og þessi frammígrip hv. þm. sýna, að samvizkan er ekki góð. Ég þekki hann það vel og veit, að skapið er ekki gott, og karlmennskan brýzt svona fram, að hann þolir ekki að verða undir og kýs sér þá heldur þann auma kost að fylgja röngu máli.

Hv. 1. þm. Skagf. sagði, að þm. reyndu að kyrkja samtök bænda í fæðingu með þeirri breyt., sem gerð var á búnaðarmálasjóðsl. Þetta segja þeir, sem vantreysta bændum til að greiða félagsgjöld í stéttarsambandið af frjálsum vilja, aðrir ekki. Við, sem stóðum að þeirri breyt., sem gerð var á frv., ætluðumst alls ekki til að kyrkja Stéttarsamband bænda í fæðingunni eða þvinga upp á bændur neinum skatti vegna þess. Við vissum, að það þyrfti ekki nein lög til að bændur borguðu sín félagsgjöld, þeir mundu gera það af frjálsum vilja, og við viljum ekki lítilsvirða þá með því að lögbjóða neitt þar um.

Ég verð að segja, að bændur hafa ekki enn þá þakkað þessum hv. þm. á verðskuldaðan hátt fyrir þá lítilsvirðingu, sem þeir hafa sýnt þeim með því að segja, að lögfesta verði þessi gjöld, ef þau eiga að nást.

Bændur eru á mun lægra þroskastigi en verkamenn að áliti þessara manna, því að ekki láta foringjar verkamanna sér detta í hug að fara fram á slíkt fyrir þeirra hönd.

Það er réttmætt að afgr. þetta mál nú strax við 1. umr., því þetta er aðeins til að vekja óþarfa deilur, og er af fylgismönnum þess reynt að hampa grýlu framan í þm. til þess að reyna að blekkja þá til fylgis við málið. Með fleiri en hv. þm. Borgf. er það svo, að beir þola ekki að bíða ósigur og vilja heldur vinna það til að flytja rangt mál að nýju, ef tækist að blekkja þm. til fylgis við það. Ég sagði, að ræða hv. þm. Borgf. hefði verið fullyrðingar og rakaleysur, og ég held, að aðrir þm. séu mér sammála um það.

Ég þarf svo ekki að orðlengja þetta meira. Ég hef þegar svarað hv. 1. þm. Skagf. eftir þörf og get því farið að stytta mál mitt.

Ég býst við, að þeir hv. þm., sem töluðu áðan, muni standa upp aftur og vita, hvort ekki tekst betur. Ég sé, að hv. þm. Borgf. er kominn í sama skap og á Selfossi. Hann var þá aðalhjálparhella Framsóknar, og svo mun enn verða. Væri illt, ef hann missti málið eins og þá, ef umr. lengdust í marga daga.

Óþarfi er að endurtaka það, að dagskrártill. mín er eðlileg og ekki fíflsleg nema að áliti hv. þm. Borgf. og stuðningsmanna hans. Allir telja það eðlilegast að afgreiða málið nú þegar við 1. umr.

Jónas Jónsson: Í þeim deilum, sem fram hafa farið um þetta, hef ég fengið óverðskuldaða frægð frá þeim formanni Dagsbrúnar og hv. þm. A-Húnv., því að ég gat þá ekki átt nema eitt lítið atkv. í Ed.

Ég álít heppilegt, að ýmislegt varðandi þetta mál verði skýrt nánar, því að deilur þessar stafa af vanumræðum og að menn skilja ekki algeng fyrirbæri í félagsmálum. Ef hv. 1. þm. Skagf. hefði kynnt sér stéttarsamtök, hefði honum aldrei dottið í hug að bera svona nokkuð fram, enda er ekkert fordæmi til fyrir slíku máli, að stéttarfélag fari fram á slíka hluti við ríkið. Þetta verður hv. 1. þm. Skagf. að gera sér vel ljóst.

Hann verður að gera sér grein fyrir því, að fyrir þessu er ekkert fordæmi og að fyrir svona bónum verður að vera einhver skynsamleg ástæða, annars er þessi aðferð óafsakanleg. En ég neita því fyrirfram, að nokkur skynsamleg ástæða sé til þessa.

Það er rétt, sem stóð í Þjóðviljanum, að ég hafi átt þátt í stofnun alþýðusambandsins. Það gerði ég af því, að þeir voru þá veikari aðili, og ég vil leyfa mér að benda á það, að þeim, sem að stofnun alþýðusambandsins stóðu, hefði aldrei dottið í hug að fara þannig að, því að þeir skildu það, að ef ríkið ætti að greiða slík félagsgjöld, væri það háð þingmeirihlutanum, hvort þeir fengju nokkra peninga, og það gæti haft alvarlegar afleiðingar, þegar stuðningsmenn þess væru ekki í meiri hl. á Alþ. Alveg það sama gildir um sjómannafélög og önnur stéttarfélög. Slík aðferð sem þessi er ekki þekkt.

Ég mun þá víkja að hv. þm. Borgf. Við skildum síðast austur á Selfossi. Hann var þar sem annars staðar hinn duglegasti, en ég vil minna á það, að bændur eru honum lítið þakklátir fyrir tvo hluti. Í fyrsta lagi þegar hann vann að því haustið 1944, að sú tilslökun var gerð af búnaðarþingi að gefa eftir í verðlagsmálunum í von um, að ríkisstjórnin mundi semja um lækkun dýrtíðarinnar á réttan hátt. Ég vona, að hv. þm. Borgf. taki þetta ekki sem móðgun við sig. Þetta er einsdæmi, og hljóta hann og hv. 1. þm. Skagf. að hafa trúað, að aðrar stéttir fetuðu í fótspor þeirra og lækkuðu líka, en það fór á annan hátt. Þetta undanhald var notað til að lækka afurðir bænda. Ég sagði, að þetta gilti aðeins, ef aðrar stéttir legðu líka fram sinn skerf. Ég segi þetta í fullu bróðerni við hv. þm. Borgf., en hann verður að játa, að við, sem ekki vildum fara þessa leið, höfðum á réttu að standa. Og ég vil benda hv. þm. Borgf. á, að þeir, sem á þessu byrjuðu, hafa haldið áfram með hverju óhappaverkinu af öðru. Hv. þm. Borgf. sá, þegar hann kom á Selfoss, að bændur höfðu ótrú á aðferðinni frá haustinu 1944, sá, að það var ekki drengileg aðferð, er bændur ætluðu að taka til þess eina ráðs, sem þeir gátu. Það, sem gerðist, var, að hv. þm. Borgf. og félagar hans héldu hverja ræðuna á fætur annarri, en bændur sögðu, að það, sem þeir sögðu, væri vitleysa og þeir kynnu þeim óþökk fyrir að láta sjá sig þarna. En að hrasa einu sinni er ekki sama og að hrasa tvisvar. Búnaðarfélag Íslands stóð ekki sterkara eftir þetta, og þegar forystumenn Búnaðarsambands Suðurlands sáu það 1944, að þeir menn, sem stóðu fyrir Búnaðarfélagi Íslands, voru ekki heppilegir málsvarar, tóku þeir það ráð að stofna til stéttarsambands bænda. Bænd-

ur höfðu þá sannfærzt um, að Búnaðarfélag Íslands gæti verið forsvari þeirra í verðlagsmálum.

Ég skal víkja að því, sem bændur sáu, að Búnaðarfélag Íslands er ríkisstofnun, og víkingurinn, sem situr hérna á móti mér, formaður Dagsbrúnar, vildi ekki, að Dagsbrún væri háð ríkinu. Dagsbrún er því rétt stofnuð sem stéttarfélag. Ég vildi spyrja hv. 1. þm. Skagf. að því, hvort honum virðist, að Búnaðarfélag Íslands sé frjáls stofnun, eins og t. d. samvinnufélögin, svo sem Kaupfélag Þingeyinga, sem er algerlega frjálst og sjálfstætt, svo sem öll önnur samvinnufélög og stéttarfélög.

En Búnaðarfélag Íslands er stofnun, sem búin er til af Alþ. og fær fé frá Alþ., og því með lögþvingað skipulag, en ekki félag, og þó að ég hafi gert það áður, vil ég enn, ef hann hefur ekki trúað því, benda honum á, að Búnaðarfélag Íslands er aðeins deild úr stjórnarráðinu.

Ég vil minna á, að þegar Sigurður Sigurðsson búnaðarmálastjóri var búinn að fá ræktunarl. samþ., þótti það eðlilegast, að Búnaðarfélagið sæi um framkvæmdina. Alþ. sagði, að það skyldi fá þetta, ef það, þ. e. Alþ., legði til 2 menn. Sigurður Sigurðsson, sem var meiri ræktunarmaður en stjórnmálamaður, féllst á þetta, og Alþ. hafði öll ráðin. Þetta hefði ekki komið fyrir neitt frjálst félag. Þetta var því aðeins hægt, að þetta var aðeins stjórnardeild. En upp úr þessu kom upp deila, mjög leiðinleg deila, sem allir iðrast eftir, að skyldi koma fyrir. Það þótti miður að hafa tvo forstjóra fyrir Búnaðarfélaginu. Þá höfðu alþýðuflokksmenn og framsóknarmenn stjórn landsins með höndum, og við í meiri hl. gripum þá til þess ráðs að láta Alþingi skera á það kýli. Bændaflokksmenn og sjálfstæðismenn höfðu þá meiri hl. búnaðarfélagsins í höndum sér. Við settum því í fjárl. skilyrði um það, að styrkur til búnaðarfélagsins yrði ekki greiddur nema með samþykki ráðherra. Hvers vegna gátum við gert þetta? Það var vegna þess, að búnaðarfélagið er deild úr stjórnarráðinu. Ef þetta félag hefði verið byggt upp á líkum grundvelli sem Alþýðusamband Íslands, hefðum við ekki þorað að gera þetta. Alþýðusambandið hefur kraft til þess að spyrna við fæti. Ef hundurinn hefði ygglt sig, þá var það til lítils, því búnaðarfélagið er vita máttlaust.

Á þessum tíma ráðum við ágætan mann sem búnaðarmálastjóra. Þessi maður var Steingrímur Steinþórsson. Hann hafði gegnt búnaðarkennslu og skólastjórn að Hólum um nokkur ár. Honum tókst að koma á friði í búnaðarfélaginu inn og út á við. Nú mega deilur hv. 1. þm. Skagf. sín lítils, því búnaðarfélagið er ekkert félag, heldur aðeins stjórnardeild, og ef bændur vilja eða þurfa að gæta síns hlutar, þá er þetta félag það aumasta, sem til er, sem má fara með eins og hver vill. Ég vil segja hv. þm. Borgf. það, að það var ég, sem hafði frumkvæðið að því að leysa þetta mál á sínum tíma. Þá er þar komið þessu máli, að Alþýðuflokkurinn ber fram frv. til l. um orlof. Hv. þm. Borgf. og hv. 1. þm. Skagf. var báðum kunnugt um þetta. Þá tók formaður Framsóknarflokksins það ráð að reyna að hengja bændur aftan í þetta frv. En þetta mislukkaðist gersamlega. En hvers vegna mislukkaðist það? Það var aðeins af því, að fulltrúar bæjanna eru í meiri hluta hér í deildum Alþ. og bændafólkinu er skellt aftan úr af þessum meiri hl. Í þessum sviptingum kom fram sú fáránlega tillaga, að hvert heimili í sveit fengi 10 kr. á ári í ferðakostnað, í ferðastyrk. Svona var ræfilsskapurinn orðinn mikill, að hugsa sér 10 króna ferðasjóð á heimili. Það er aumur áfangi á þessari leið. En þá voru það hv. 2. þm. Skagf. og hv. þm. Borgf., sem sögðu: „Við skulum leggja skatt á bændur.“ Ég held, að þeir hefðu ekki átt að leggja út á þá ófæru leið, og það endaði líka illa. Hér var lykkja á leið þeirra, að til þessa þurftu þeir samþykki bæjarmeirihlutans á Alþ. Í öðrum félögum var það svo, að þau söfnuðu sjálf árstillögum í félögunum. Þess vegna er það, að er þetta mál kom fram, þá gekk bæjarmeirihlutinn ekki inn á þetta á Alþ. Ef bændur hefðu nú skilið þetta sem bendingu og tekið frv. aftur, þá gátu þeir sagt: „Þetta máttum við vita. Við ráðum ekki okkar högum.“ Þetta mál kom svo til Búnaðarfélagsins og búnaðarþing fjallaði um það og landbrh. samþykkti. Sunnlenzkir bændur vildu nú rétta hag sinn með því að stofna stéttarfélag bænda. Þá er það, að hv. þm. Borgf., sem er trúr bóndi og einn hinn mesti í sinni sveit, varð fyrir vonbrigðum haustið 1944. Þá fékk hann eitt tækifæri til að rétta hlut bændafólksins. Við geymdum hugmyndina um stéttarfélag bænda, framsóknarmenn, nokkrir kratar og ef til vill einhverjir kommúnistanna. Hann hafði hér tækifæri að leita samstarfs við okkur. Þetta gerði hann ekki, en gekk á veiðar, líkt og ungir menn, sem skreppa vestur að Fiskivötnum á veiðar sér til gamans. Það var farið herskildi að bændum í stað þess að fara eftir hvítum línum. Eins og það var virðulegt af hv. þm. Borgf. að neita að styðja Ólaf Thors í stjórnarmyndun hans, þá var það jafnmikil flónska að tapa svo aðstöðu sinni í þessu máli. Nú er bændastéttin varnarlaus, ef 10 menn neita að flytja olíu í einhverja sveit. Þessir 10 menn geta ráðið yfir 6 þús. bændum. Þm. Borgf. ræður engu um verð á mjólk, þótt hann sé góður bóndi, heldur er það bæjarmeirihl. á Alþ., sem ræður þessu. Ég þekki illa víking þann, sem stjórnar Dagsbrún, ef hann vill eiga undir 1. þm. Skagf. um kaup verkamanna í Reykjavík.

Allt er nú dregið úr höndum fulltrúa bænda á Alþ., og sveitafólkið lifir á náð og miskunn bæjarbúanna. Þess vegna er það, að þegar þetta mál kemur hér fram og búnaðarfélagsmenn hafa eyðilagt Stéttarsamband bænda, þá bera þeir þetta frv. aftur fram hér á Alþ. Bæjarkraftarnir settu þetta frv. fram, og þetta mál varð til án minnar vitundar og í baráttunni um meiri hl. á þingi. Nú heldur sá meiri hl. áfram þessu máli, og loks kemur það til Ed., og vill það þá svo til, að það veltur á mínu atkv., hvert vald ráðh. skuli vera. Þá var það, að ég gekk inn á það að greiða atkv., svo frv. yrði ekki drepið. Ég kom þar að líkt og pólití inn á dansleik, þar sem allt liggur útúrdrukkið

og í kös, og þá greiddi ég atkv. gegn ráðherravaldinu. Síðan hafa verið teknar á leigu tvær tylftir manna, skrifandi og talandi til þess að níða mig.

Nú gleð ég búnaðarmálastjóra með því, að ástæður voru þannig í vor, að Sunnlendingar hafa fáein þúsund til ráðstöfunar. Í tveim sýslum, þar sem ég er kunnugastur, það er Þingeyjar- og Árnessýslu, þá voru Þingeyingar í vor orðnir auralausir og stungu upp á því að taka lán. Hlutur þeirra samkv. l. um búnaðarmálasjóð er 16 þús. kr. Hvernig ætlar svo búnaðarmálastjóri að útvega þeim lán? Það, sem er eftirminnilegast í þessu máli, er, að forkólfum Búnaðarfélagsins dettur þetta alls ekki í hug, fyrr en örðugleikarnir voru komnir og búið að skera á alla hringa til lána. Þá var það, að Gunnar Þórðarson í Grænumýrartungu kom til mín og sagði: „Hindra þú, að þetta komi fram.“ Ég sagði honum: „Far þú til þíns vinar og láttu hann hjálpa þér að leiðrétta þetta.“ Hyggnir menn skildu, að bændur töpuðu, því fulltrúar þeirra eru í minni hl. á þingi og í landinu. Málið þarf að skýrast, svo að dugandi menn eins og hv. þm. Borgf., sem er hér á villigötum, komist á rétta leið. Það væri t. d. hugsanavilla hjá formanni Dagsbrúnar, sem situr hér við hliðina á formanni stórkaupmannafélagsins, ef hann léti hann geyma peningakassann fyrir sig. *(HB:* Hann er ekki viðstaddur.) Hann hefur kassa samt.

Umr. frestað.

Á 33. fundi í Nd., 6. des., var fram haldið 1. umr. um frv.

Flm. (Steingrímur Steinþórsson): Herra forseti. Ég er nú nokkuð undrandi yfir þeim umr., sem spunnizt hafa út af þessu frv. hér við 1. umr., og það er fjarri því, að við tveir flm., sem töluðum hér lítils háttar, er frv. var lagt fram, gæfum tilefni til þess, að svo langar umr. yrðu um frv. á þessu stigi málsins. Þessu máli hefur verið tekið með svo miklu ofstæki og ofstopa, að furðu sætir. Ég þarf ekki að leiða rök að þessum ummælum, það gerði hv. þm. Borgf. svo rækilega í ræðu sinni um daginn. Sýndi hann fram á, hvílíkt gerræði það væri að ætla sér að vísa málinu frá á fyrsta stigi þess með dagskrártill. Aðalrök þeirra manna, sem að þeirri till. standa, eru þau, að þessi l. séu svo ný, að ekki sé rétt að bera fram till. til breyt. á þeim. En hvaða rök mæla gegn því, að l. sé breytt á næsta þingi, eftir að þau eru sett, ef sú breyt. hefur fengið þinglega meðferð og athugun í n., en það vilja þessir menn nú hindra? Þetta er nú hreint ekki dæmalaust, að l. sé breytt á næsta þingi, eftir að þau eru sett. Fyrir þessu þingi liggja t. d. frv. um breyt. á l., sem sett voru á síðasta reglulegu þingi, t. d. frv. til l. um breyt. á tryggingalöggjöfinni.

Ég ætla nú ekki að fara að svara öllu, sem ástæða væri til að svara í ræðum hv. þm. A-Húnv., hv. 2. þm. Rang. og hv. þm. S-Þ., því ég óska fremur eftir því, að þær umr. fari fram á síðara stigi málsins hér í hv. d. Þá mun ekki standa á okkur flm. að ræða málið ýtarlega, en að svo stöddu er það ástæðulaust með öllu, því að ég er viss um, að frávísunartill. hv. 2. þm. Rang. nær ekki samþykki, það væri til vansæmdar fyrir þessa hv. d. og nær engri átt.

Mér hnykkti við, er hv. þm. A-Húnv. talaði um það í ræðu sinni með miklum rosta eins og einvaldsherra, að þýðingarlaust væri að ræða þetta mál hér, það væri tilgangslaust, þar eð vitað væri fyrir, hvernig um það færi. Þessi ummæli tel ég ekki sæmandi, sízt þegar þess er gætt, að það er forseti Sþ., er lætur þau sér um munn fara. Og þegar talað er um, að ekki megi vekja óþarfa deilur um þetta mál hér, þá er mér spurn: Er ekki Alþ. einmitt sá vettvangur, sem jafna ber deilurnar á? En á þetta mál hefur aldrei mátt minnast, jafna deilur í því og komast að einhverri lausn.

Hv. þm. V-Sk. flutti dagskrártill. á síðasta þingi, þar sem lagt var til að vísa málinu — það er búnaðarmálasjóðsmálinu, hvernig tekjum sjóðsins skuli varið — heim til búnaðarfélaganna og láta fara fram atkvgr. um það þar. Þessi till. var bæði skynsamleg og rökrétt hugsuð, og á hana hefði hv. Alþ. átt að fallast. Þetta mátti þá ekki nefna sökum ofstopa þeirra, sem á móti voru, og það sýnir bezt ótta þeirra við það, hvernig fara mundi, ef málinu væri vísað til búnaðarfélaganna. Mér virðist því nú, er Alþ. hefur fellt jafnsanngjarna till., að ekkert geti verið fjarstæðara en að þingið vísi þessu máli frá sér, án þess að það sé einu sinni rætt í n. Og hvar ætti málið að lenda, ef þannig væri farið með það? Það er skylda Alþ. að varðveita eðlileg lýðræðisréttindi þegnanna og frjáls félagssamtök í landinu og heppilega uppbyggingu þeirra og veita aðstoð sína, ef félagssamtök leita til þess um úrræði. Þetta er skylda æðsta varðar laga og lýðræðis í landinu, Alþ. sjálfs.

Hér hefur legið fyrir þinginu frv. til l. um breyt. á l. um stéttarfélög og vinnudeilur, þar sem hlutazt er til um atkvæðisrétt í félögunum og innri mál þeirra. Verkalýðsforkólfarnir hafa sterklega mótmælt þessu frv., og íhlutun af hálfu Alþ. sem sú, er þar er talað um, finnst mér ekki koma til mála móti vilja verkalýðsfélaganna, að blanda sér þannig í innri mál þess félagsskapar, er á að vera frjáls af þeirri íhlutun, af því hann vill það. En jafnsjálfsagt er hitt, er frjáls félagsskapur í landinu leitar til Alþ. til úrlausnar á málefnum sínum, að Alþ. leitist þá við að veita þá úrlausn. Hv. þm. S-Þ. taldi það fjarstæðu að innheimta búnaðarmálasjóðsgjaldið á þann hátt, er við leggjum til, sökum þess að bæjarflokkarnir, eins og hann sagði, væru í meiri hl. á Alþ. En það eru ekki þessir flokkar, sem vinna gegn þessu máli eða sýna því andúð, og þessi rök hv. þm. eru furðuleg, því ef til vill er það hann sjálfur, sem er foringi þeirra, sem berjast gegn því, að sjóðurinn verði slíkur, sem honum var í upphafi ætlað að verða, ásamt þeim hv. þm. A-Húnv. og 2. þm. Rang. Þetta eru raunverulega þeir, sem hv. þm. S-Þ. gæti kallað foringja bæjarliðsins eða bæjarflokkanna í þessu máli. Mér dettur ekki í hug,

að hinir raunverulegu foringjar bæjarflokkanna sýni jafnmikið ofstæki í þessu máli og hv. þm. S-Þ. vill vera láta. Slíkt er fjarstæða að ætla. Eins og það er skylt að styðja verkamenn gegn íhlutun um félagssamtök þeirra, er það skylda verkamanna eða fulltrúa þeirra að styðja félagssamtök bænda, er þeir leita aðstoðar Alþ. um þessi samtök sín. Það er óhæfa og óviðurkvæmilegt að brigzla Alþ. um, að það þurfi endilega að sýna ójöfnuð í málinu, þótt það snerti ekki beint mál, sem foringjar bæjarflokkanna eru umboðsmenn fyrir.

Ég tel sérstaka ástæðu til að mótmæla þeim ummælum hv. þm. S-Þ. og hv. 2. þm. Rang., að ekki hafi verið leitað til búnaðarfélaganna um það, hvernig búnaðarmálasjóðsgjaldinu skuli varið. Þetta er alrangt. Frv. um búnaðarmálasjóð var ásamt grg. sent öllum búnaðarfélögum landsins, og þar var greinilega tekið fram, hvernig verja ætti þessu fé í þarfir landbúnaðarins, og þetta var gert í tíma, áður en fulltrúar voru kjörnir til búnaðarþings. Þetta er því ekki annað en ein rökleysa andstæðinga þessa frv., er liggur hér fyrir til umr., og sýnir hún bezt það ofstæki, sem beitt er í þessu máli, er vill kæfa málið í fæðingunni.

Vinur minn hv. þm. S-Þ. óskaði oft eftir því í ræðu sinni, að ég gæfi upplýsingar um eitt og annað, en ég verð að segja, að ég fann ekkert nýtt í þeirri klukkutímaræðu, er hann hélt hér. Ég hef svo oft heyrt hann flytja alveg sömu ræðuna á pólitískum fundum, búnaðarfundum, og átta til tíu útgáfur hef ég séð af henni í Ófeigi. Hann gat því sparað sér að flytja hana hér enn þá einu sinni. En því miður, verð ég að segja, af því mér er vel við þennan hv. þm., hefur hann orðið því einangraðri, því oftar sem hann hefur flutt ræðu sem þessa, og mig furðar ekki á því, að ræðuflutningurinn hafi leitt til þess. Það, sem hv. þm. virtist helzt vilja fá upplýsingar um, var það, hvort gjald til stéttarfélaga hefði yfirleitt nokkurn tíma verið innheimt með þeim hætti, sem hér er gert ráð fyrir. Það skiptir raunar ekki miklu, hvort fordæmi er fyrir þessari aðferð, en þó má benda á, að í nágrannalöndum okkar, t. d. í Noregi, er slíkt gjald innheimt eftir stærð jarða, miðað við bústærð og tekið af jörðinni eða framleiðslunni, á líkan hátt og við hugsum þetta, en ekki sem nefskattur eins og tíðkast t. d. í verkalýðsfélögunum.

Ég vil leggja áherzlu á það, að bændur sjálfir leggja á sig þetta gjald, og það er því óhæfa og öfugmæli er hv. þm. S-Þ. segir, að þetta fé sé sótt í ríkissjóð. Þetta er alrangt. Þetta fé fer aldrei í ríkissjóð. Bændur leggja sjálfir á sig þetta gjald, taka það hjá sjálfum sér. Hin einu afskipti ríkisins af því eru þau, að ríkisstofnun innheimtir það, en það er ekki tekið úr ríkissjóði, því þangað fer það aldrei. Og að ætla Alþ. að misbeita valdi sínu í þessu efni er óhæfa og getsakir í þess garð, er ég vil ekki sætta mig við.

Ég sé nú ekki ástæðu til að fara að ræða um skipulag Búnaðarfélags Íslands við hv. þm. S-Þ., vin minn, Jónas Jónsson. Við höfum svo oft rætt um það mál áður, og ég veit, að hann hefur fengið grillur í hausinn um þetta, sem þýðingarlaust er að reyna að hrófla við. Ég hef svo oft heyrt hann segja sömu söguna, að búnaðarfélagið væri að leysast upp, það væri ekki annað en deild úr stjórnarráðinu, o. s. frv. Þetta er ekki rétt. Búnaðarfélagið er sjálfstætt félag, er ríkissjóður eflir að starfsfé, eins og fleiri félög. Það er hins vegar rétt, að hér áður fyrr voru gerðar samþykktir hér á Alþ., er sviptu þetta félag sjálfstæði, t. d. má í því sambandi nefna setningu jarðræktarl. En ég held, að þessi bönd hafi verið horfin af félaginu fyrir 10 árum síðan, eða um tveimur árum eftir, að ég varð framkvæmdarstjóri þess. Síðan hefur ekkert verið gert af hálfu Alþ. eða ríkisstj. til að skerða sjálfstæða starfsemi félagsins. Enginn landbrh. hefur síðan gert neitt til að hindra eðlilega þróun og eðlilegt sjálfstæði búnaðarfélagsins, og þetta segi ég jafnt um alla, sem verið hafa í þessu ráðherrastarfi síðan. Það er því útúrsnúningur einn að vera að tala um þessa hluti nú, ósjálfstæði búnaðarfélagsins og þess háttar. Það er sögulegt, en snertir ekkert það, sem gerist í dag. En mér getur ekki annað en komið í hug, er hv. þm. er sífellt að ala á því, að búnaðarfélagið sé aðeins deild úr stjórnarráðinu, það sé ekkert félag o. s. frv., hvort hann sé nú ekki að undirbúa herferð ásamt undirforingjum sínum, þeim hv. þm. A-Húnv. og hv. 2. þm. Rang., á hendur búnaðarfélaginu til að leysa það upp, að sínu leyti eins og þessir menn hafa undirbúið herferð í því máli, sem hér er nú til umr. Ég segi ekki, að svo sé, en það er ómögulegt annað en láta sér detta það í hug í sambandi við slíkan málflutning, því Búnaðarfélag Íslands er nú sjálfstæðara en það hefur nokkru sinni verið áður.

Það væri í sjálfu sér ástæða til að ræða hér margt fleira, en ég geri það nú ekki við 1. umr. málsins. Mér þykir eðlilegra að geyma það, unz málið er komið úr n. og búið er að athuga, hvort ekki næst frekar samkomulag um það nú en í fyrra. Þá var hér bent á heppilega leið til úrlausnar, ef Alþ. hefði tekið henni með sanngirni, en ekki ofstopa og ofstæki, og nú beita sumir sér enn þá fyrir því, að málinu verði ekki á þinglegan hátt vísað til 2. umr. og nefndar.

Jón Pálmason: Herra forseti. Það er nú eitt og annað, sem hv. flm. þessa frv. hafa sagt, síðan ég talaði hér síðast, sem ég tel ástæðu til að víkja að til viðbótar því, sem ég sagði þá. Í síðustu ræðu sinni endurtók hv. 1. þm. Skagf. þau ummæli hv. þm. Borgf., að það væri sérstaklega vansæmandi fyrir mig sem forseta Alþ. að mæla með því, að dagskrártill. hv. 2. þm. Rang. yrði samþ. En það er ekki sízt vegna þess, að ég er forseti Sþ., að ég legg þetta einmitt til í þessu máli, því að vitað er, að það stofnar hér til langvarandi rifrildis. Það var heitasta deilumálið á síðasta fjárlagaþingi, og ástæðulaust er að hefja þær deilur á nýjan leik. En úr því að það hefur nú engu að síður verið gert, tel ég heppilegra að afgreiða málið við eina umr. en láta það tefja þingstörfin lengur. Það er því sízt vegna ofstækis, að ég mæli með því, að dagskrártill.

hv. 2. þm. Rang. verði samþ., því að ef hún verður samþ., er þetta mál útgert hér.

Annars ætla ég strax að víkja að ræðu hv. þm. Borgf., sem ekki gæti talizt óvenjuleg af hálfu framsóknarmanna, og hann virðist vera orðinn einn af þeim. Hann komst þannig að orði, að ég hefði *látið* hv. 2. þm. Rang. flytja þessa till., og er þetta alltítt orðalag hjá framsóknarmönnum. Nú bætti hv. 1. þm. Skagf. við þetta með því að gefa í skyn, að við hv. 2. þm. Rang. værum verkfæri hv. þm. S-Þ. Það er raunalegt að hlusta á svona getsakir og þvætting á Alþ. Það er undarlegt að heyra hv. 1. þm. Skagf., sem maður þekkir að því að vera sjálfstæðan mann (hvað sem hv. þm. Borgf. líður), brigzla þm. um, að þeir séu verkfæri annarra.

Þá var hv. þm. Borgf. að tala um yfirlæti og jafnvel mikilmennskubrjálæði, þó að ég benti á, að þýðingarlaust væri að vekja þrætur um þetta mál. Það hefur ekki orðið svo mikil breyt. á d. Annars mun það koma í ljós við atkvgr. um dagskrártill. 2. þm. Rang. Það er því algerlega út í loftið mælt, að hér sé um mikilmennsku að ræða.

Ég ætla því næst að víkja ofurlítið að því, sem hv. þm. Borgf. sagði um, að við hefðum gefizt upp við að rökræða þetta mál á síðasta þingi. Þetta er líka út í loftið, en hitt er rétt, að okkur þótti ekki viðeigandi að svara þvættingi þeim, sem þessi hv. þm. flutti í tveggja stunda ræðu, því að aðalatriðið var að koma málinu fram í þeirri mynd, sem það var flutt.

Hv. 1. þm. Skagf. var að tala um, að málið hefði verið árás á frjálsan félagsskap bændanna. Þetta er helber vitleysa, því að bændastéttin er klofin í þessu máli og það liggur ekkert fyrir um það hvoru megin meiri hlutinn er. Það voru fleiri búnaðarfélög, sem lýstu sig fylgjandi þessum l. *(JS:* Þetta er ósatt.) Það munu liggja hér frammi skjöl, sem sanna þetta.

Þá vil ég fara nokkrum orðum um upphaf þessa máls vegna þess, sem fram hefur komið. Það hófst á því, að till. kom fram í Nd. um að leggja fram 60 þús. kr. til orlofs fyrir bændur, eða sem svaraði 10 kr. á hvern bónda, og skyldi þetta vera ferðasjóður. Frv. þessu var svo breytt í Ed., þannig að í stað 60 þús. kr. framlags skyldi lagt ½% gjald á afurðir bænda, sem rynni í ferðasjóð þann, er um ræðir í frv., en frv. dagaði uppi á þessu þingi.

Það, sem næst skeður, er það, að búnaðarþing tekur upp þetta gjald, en breytir um verkefni þessa fjár og leggur til, að það verði notað til húsbyggingar fyrir Búnaðarfélag Íslands og þá um leið til hótelbyggingar, en nokkrum hluta til styrktar Stéttarsambandi bænda. Hv. 1. þm. Skagf. sagði, að engin bönd væru í l. um fjárráð búnaðarfélagsins. Þó eru fjárreiður þess allar háðar samþykki landbrh., en það er einmitt þetta atriði í þessum l., sem mestar æsingar hafa verið út af, og þó segir búnaðarmálastjóri, að þetta hafi aldrei komið að sök. Það hefði líka verið opinbert vantraust á núverandi landbrh., ef þetta ákvæði hefði verið afnumið úr þessum l., þar sem fé þetta er innheimt af hinu opinbera. Aftur á móti tel ég það ekki vantraust á ráðh., þó sett séu ákvæði um, að féð skuli fara til búnaðarsambandanna í réttu hlutfalli við framlög þeirra, þó að hv. þm. Borgf. leyfi sér að hafa þannig endaskipti á sannleikanum að telja það. Þá hefur þessu máli mjög verið blandað í deilur um Stéttarsamband bænda, sem stóðu um, hvort sambandið skyldi óháð eða deild í Búnaðarfélagi Íslands, og þess vegna alls ekki nátengdar búnaðarmálasjóði. Nú var það gert að flokksmáli hjá Framsókn að vera á móti l. um búnaðarmálasjóð, og átti við afgr. þess máls að nota handjárnaaðferðina á hv. þm. S-Þ., en eins og kunnugt er, beygði hann sig ekki fyrir handjárnaákvæðinu og lét sig hvergi, eins og allir raunar vissu, sem þekkja JJ. Það, sem næst skeður, er það, að þm. Borgf. fer á aðalfund Búnaðarsambands Suðurlands til að berjast fyrir Framsókn, eftir því sem bezt verður séð. Þessi fundur stóð í 16 eða 17 st. — annars ætla ég ekki að lýsa honum nánar. Menn, sem samþykkir voru l. um búnaðarmálasjóð, voru þar í meiri hl., sem sjá má af því, að stj., sem lýst hafði sig samþykka l. þessum, var öll endurkosin, þó að þm. Borgf. sýndi sig þar eystra sem verkamann Framsóknar, en ekki heiðarlegan sjálfstæðismann. Eitt, sem þm. Borgf. var að nudda með, var það, að kommúnisti hefði verið aðalfylgismaður minn í n., og talaði með lítilsvirðingu um það og taldi það niðrandi fyrir mig sem bónda að vera í félagsskap með manni, sem væri kommúnisti. Nú stendur þannig á, að við höfum verið í opinberri stjórnarsamvinnu við kommúnista, og þess vegna eðlilegt og sjálfsagt, að við störfuðum saman að ýmsum málum. Ég tek þessa aths. þm. Borgf. því ekki alvarlega. Varðandi það atriði, sem 1. þm. Skagf. sagði, að það væri ekki þingræðisleg aðferð að vísa ekki máli til n., þá er þetta fjarri sanni. Það má afgr. mál við hvaða umr. sem er.

Aths. þessa sama þm. varðandi Búnaðarfélag Íslands sé ég ekki ástæðu til að fara út í. Ég tel ekki ástæðu til að blanda meiru en þörf er á í þessa deilu, sem hér um ræðir, og tel þess vegna heppilegast að afgr. málið við þessa 1. umr.

Bjarni Ásgeirsson: Herra forseti. Hv. síðasti ræðumaður byrjaði á því, að hér væri verið að stofna til langvarandi rifrildis að ástæðulausu. Það er ekkert nýtt, þegar sá, sem rangindum er beittur, vill rétta sinn hlut, að sá, sem rangindunum beitir, telji það rifrildi að ástæðulausu og kalli slíka menn óróaseggi. Hv. þm. A-Húnv. tók það atriði upp eftir þm. S-Þ. og jótraði á því, þegar hann, þm. S-Þ., skírskotaði til fylgis síns á aðalfundi Búnaðarsambands Suðurlands. Það sanna í þessu máli er það, að Guðmundur gamli á Hofi, sem illu heilli hafði tekið málstað þessara manna — og verður að teljast elliglöp af hans hálfu, — var endurkjörinn í stjórn félagsins. En þess ber að gæta, að kosning þessi fór fram á öndverðum fundi þessum og áður en raunveruleg deila um þetta mál varð. Og það hef ég eftir greinargóðum manni, sem sat þennan fund, að hann teldi mjög vafasamt, að kosningin hefði farið á þessa leið, hefði hún farið

fram í lok fundarins, enda ber það heim við undirtektir fundarmanna í þessum umræðum. Þá sannaði það mjög andstöðu bænda við þetta mál, hvernig kosningar fóru til búnaðarþings. Enda þótt í broddi þeirrar fylkingar, sem var í andstöðu við Búnaðarfélag Íslands, væri maður einkar vinsæll, Bjarni Bjarnason skólastjóri, varð sú fylking undir við kosningarnar og fékk ekki nema tvo menn af fimm, þrátt fyrir mikinn áróður.

Ég get ekki elzt við að svara hv. þm. S-Þ., enda hefur l. þm. Skagf. gert það rækilega. Þó get ég ekki varizt að minnast á eitt atriði, sem er algert nýmæli hjá þm. S-Þ., en það er það, að Búnaðarfélag Íslands sé ekkert félag, en eins og kunnugt er, hélt það upp á 100 ára afmæli sitt nú fyrir nokkru. Með öðrum orðum, ég veit ekki, hvort nokkurt félag í þessu landi er eldra. Um það, hvernig Búnaðarfélag Íslands er byggt upp, get ég skýrt nokkuð, ef einhver hefði glapizt á að trúa því, sem þm. S-Þ. var að segja. Búnaðarfélag Íslands hefur deild í hverju hreppsfélagi, þar sem bændur hverrar sveitar ráða ráðum sínum og kjósa sér stjórn. Þá hafa þessi hreppabúnaðarfélög með sér sambönd, sem í eru ein eða fleiri sýslur. Þessi sambönd hafa sín þing og ráða ráðum sínum, en a þeim eiga sæti fulltrúar allra hreppabúnaðarfélaganna. En svo er Búnaðarfélag Íslands samband allra búnaðarsambandanna. Ég efast því um, að það sé nokkurt félag á Íslandi, sem byggt er upp á lýðræðislegri hátt, en þó leyfir þessi hv. þm. sér að koma fram fyrir allan þingheim og segja, að Búnaðarfélag Íslands sé ekkert félag. Hitt er annað mál, að ríkið hefur falið Búnaðarfélagi Íslands að annast ýmis mál, sem víða í öðrum löndum munu heyra undir ráðuneyti ríkisins, eins og t. d. sandgræðslu, jarðrækt o. fl., og til þessarar starfsemi fær það fé úr ríkissjóði, og til ráðstöfunar á þessu fé þarf samþykki landbrh., eins og eðlilegt er, þar sem þetta fé er ákveðið í fjárl. af Alþ., þó að Búnaðarfélag Íslands ráðstafi því fyrir hönd ráðuneytisins. En Búnaðarfélag Íslands er samt frjáls félagsskapur, hvað sem þessu líður. Þó að öll þessi starfsemi væri tekin og sett undir ríkið, þá er Búnaðarfélagið til eftir sem áður og er sambandsfélag allra búnaðarfélaga á landinu og getur hagað allri sinni starfsemi eftir vild sinni, en að vísu þá starfað þess minna, og slíkt starf hefur nú verið og verður að vera til, hvernig sem ríkið hugsar sér að búa að búnaðarfélaginu. Búnaðarfélag Íslands er því hreinn stéttarfélagsskapur, sem bændur landsins eru í, og er ekki síður lýðræðislega byggt upp heldur en Alþýðusamband Íslands. Hitt er annað mál, að Búnaðarfélag Íslands hefur lengst af ekkert skipt sér af þeim venjulegu stéttarmálum, sem verkamannafélög landsins yfirleitt hafa með höndum, sem er m. a. vegna þess, að bændur hafa verið fráhverfir því að skipa sér í slík félög og hafa ekki talið það nauðsynlegt allt til þessa. En svo kom fyrir atburður á þingi árið 1943, þar sem það sýndi sig, að þetta var ekkert hégómamál, að þarna vantaði hlekk í félagakerfið í landinu, og hæstv. Alþ. fann þetta, þegar Alþ. þurfti að leysa vandamál, sem varðaði alþjóð. Og þá löggilti það Búnaðarfélag Íslands sem venjulegt stéttarfélag til þess að semja við fulltrúa frá verkalýðsfélögunum og ríkinu um vandamál landbúnaðarframleiðslunnar og landbúnaðarvöruverðið. Búnaðarfélag Íslands tók að sér þessa starfsemi og gekk til samninga við áðurnefnda aðila, og var það hið alkunna sexmannanefndarstarf, og þeir aðilar, sem að því stóðu, leystu það starf, svo að til fyrirmyndar má þykja, með fullkomnu samkomulagi. — En eftir að þetta gerðist, var öllum bændum ljóst, að þeir urðu einnig að taka upp sinn þátt í félagsstarfi samhliða þeirri starfsemi, sem Búnaðarfélag Íslands hefur haft með höndum. Það var nauðsynlegt, eins og nú var komið. Þarna vantaði þá hlekk í félagakerfi stéttarfélaga landsins. Þá kom upp nokkur ágreiningur meðal bænda um það, hvort það nýja stéttarfélag ætti að vera algerlega laust í tengslum við Búnaðarfélag Íslands og fara sínar eigin götur eða hvort Búnaðarfélag Íslands ætti að taka að sér þessa starfsemi, og bændur litu á þetta ýmsum augum. Um tíma horfði til nokkurs óefnis um þetta, og klofningur varð í bændastéttinni út af þessu máli. Þá var það á haustþinginu 1945, að Búnaðarfélag Íslands beitti sér fyrir því að sameina þessi tvö sjónarmið, að finna millileið út úr þessu máli, sem allir gætu sætt sig við. Og sú millileið var í höfuðatriðum ákveðin þannig, að stéttarsamband íslenzku bændanna skyldi að vísu vera sjálfstæð stofnun innan búnaðarfélagsskaparins, sem væri alls ráðandi yfir þeim málum, sem það færi með, en það væri þannig taug á milli þessa félagsskapar og búnaðarfélagsins, að ákveðin væri verkaskipting þar á milli, til þess að hvor þessara tveggja starfsgreina færi ekki með sömu mál, sem leitt gæti af sér árekstra og óþægindi í afgreiðslu þessara mála. Og eftir allmikil átök, sem má kalla fæðingarhríðir þessa nýja félagsskapar, fór svo að lokum, að á framhaldsstofnfundi stéttarsambands bænda á s. l. hausti á Hvanneyri var fullkomið samkomulag allra fulltrúa á fundinum um þetta, bæði þeirra, sem andstæðastir höfðu verið því áður, sem þar var samþ., um það, hvernig þessum málum skyldi skipað, og hinum, sem frá öndverðu höfðu verið með því, sem þar var samþ. Og nú er stéttarsamband bænda þannig stofnað með fullkomnu samkomulagi allra þeirra manna, sem áður höfðu deilt um þessi mál. Þetta samband er nú svo byggt upp, að í l. beggja félaganna er ákveðin verkaskipting milli þeirra að öllu leyti og hvort félagið fyrir sig er sjálfrátt um þau mál. En þó að nokkur ágreiningur væri um það um skeið, hvernig ætti að byggja þetta stéttarsamband upp, þá var aldrei ágreiningur um það, að bændur yrðu, um leið og þeir hæfu þessa starfsemi, að afla fjár til starfsemi síns eigin stéttarfélags, í þeirri vissu, að það er sjálfsagður hlutur í hverju stéttarfélagi, að þeir, sem í félaginu eru, standi sjálfir straum af starfsemi félags síns fjárhagslega. Og þá var það, að farið var að leita að eðlilegum leiðum til þess að koma fjárhagshlið þessarar starfsemi á fastan grundvöll. Og það varð ofan á að grípa til hugmyndar, sem hefur fæðzt í landbn. hv. Nd.

— eins og hv. þm. A-Húnv. minntist lítillega á —, að leggja gjald á söluvörur bænda, sem þeir gætu ráðstafað sjálfir. Og þessi hugmynd var víkkuð það út af búnaðarþingi, að það var ákveðið, að einmitt þessi aðferð skyldi við höfð til þess að afla þessari stéttarstarfsemi eigin tekna. En það var undirskilið, að beir réðu sjálfir og einir meðferð þessara mála. Þannig var frv. borið fram á Alþ., og þannig var frá því gengið af búnaðarfélagsskapnum í landinu. — Það er því ekki sambærilegt hinu, þegar hv. þm. A-Húnv. er að reyna að réttlæta það, að ráðh. eigi að hafa íhlutun um það, hvernig fé er varið, sem Búnaðarfélag Íslands fer með fyrir ríkið. Það er alveg sitt hvað og eins ólíkt eins og hvítt og svart. —

Nú gerist það á Alþ., að bændur eru gerðir ómyndugir um það, hvernig þeir verji því fé, sem þeir höfðu sjálfir ákveðið að leggja á sig til sinnar eigin starfsemi, og ég verð að segja það, að meðferð Alþ. á félagsskap bænda í þessu máli er svo óheyrileg, að ekkert dæmi er til í íslenzkri þingsögu um annað slíkt ofbeldi viðkomandi frjálsum félagsskap í landinu. Ef við eigum að fá dæmi um annað slíkt hjá stjórnarvöldum landa, verðum við að sækja þau til Þýzkalands og Ítalíu, frá þeim tíma, er nazistar og fasistar fóru þar með völd, því að þarna eru svo þverbrotnar allar lýðræðisreglur, sem gilda í félagsskap yfirleitt í landinu, að það er ekkert til hliðstætt því í neinu lýðræðisþjóðfélagi. Í þessi tuttugu ár, sem ég er búinn að sitja á Alþ., hef ég aldrei vitað öðru eins ofbeldi beitt í neinu máli gegn neinni stétt, eins og bændasamtökin í landinu voru beitt í þessu máli, og ég veit með vissu, að allir þeir bændur, sem hugsuðu út í þessi mál og fundu til eins og menn, voru hneykslaðir út af þessari framkomu — og fleiri en þeir, allir menn í landinu, sem gerðu sér grein fyrir því, á hvaða leið Alþ. var í þessu máli. — Ég skal segja eitt lítið dæmi um þetta úr mínu kjördæmi við síðustu kosningar. Þar er kona, sem alin er upp í alþýðusamtökunum í Reykjavík og beitti sér mjög mikið fyrir þeim, meðan hún átti þar heima. Eftir að hún flutti í Mýrasýslu, gat hún ekki haldið þeirri starfsemi áfram, en svo mikla tryggð hefur hún haft við sinn flokk, að hún kaus Alþfl. alltaf, þótt hún flyttist úr Reykjavík. Svo gerðist það á framboðsfundi í vor, að þegar frambjóðandi Alþfl. var að stíga niður úr ræðustóli og skoraði á alla frjálst hugsandi menn í landinu að kjósa Alþfl., að þá segir þessi kona hátt og snjallt þarna á fundinum: „Við þessar kosningar á allt sveitafólk, sem ekki vill láta traðka á sér, að kjósa Framsóknarflokkinn.“ — Vegna uppeldis þessarar konu fann hún til þess, hver óréttur hafði verið sýndur í þessu máli, nefnilega gagnvart bændasamtökunum í landinu. En því miður hefur ekki öll sveitaalþýða í landinu verið jafnnæm fyrir þeim órétti, sem beitt var gagnvart henni, eins og þessi kona, ef dæma skal eftir kosningaúrslitunum, sem urðu s. l. vor í sveitakjördæmunum. Ég veit að vísu, að ekki allir, sem hafa kosið þá menn, sem stóðu að þessari ofbeldisframkvæmd á þessari löggjöf, hafa gert það með ljúfu geði vegna þessara mála, heldur voru ýmis gömul bönd, sem bundu þá við þessa frambjóðendur. En hitt er annað mál — og er sorglegt til þess að vita — að vitanlega er því eins farið í bændastéttinni, sem finnst í öllum löndum og öllum stéttum og félögum, að til eru menn, sem svo eru skapi farnir, að þeir þola að láta bjóða sér ýmislegt, menn, sem Þorsteinn Erlingsson kveður um:

„Það er hart, að hróður þann
hundar af manni drógu,
að þeir flatar flaðri en hann
framan í þá, sem slógu.
Þrælslund aldrei þrýtur mann,
þar er að taka á nógu.
Hann gerði allt, sem hundur kann,
hefði hann aðeins rófu.“

— Og það er kannske vel til fallið, að hv. 2. þm. Rang. gerist formaður þeirra bænda í landinu, sem segja mætti, að þessi kveðskapur Þorsteins Erlingssonar að einhverju leyti ætti við.

Pétur Ottesen: Herra forseti. Það er aðeins örstutt, sem ég ætla að segja. Ég ætla alveg að láta hjá líða að þessu sinni að svara því, sem til mín hefur verið vikið í sambandi við þetta mál. Ég legg áherzlu á að flýta því, að málið geti gengið til 2. umr. Ég skal að vísu viðurkenna, að það er afar mikil sjálfsafneitun að nota nú ekki tækifærið til þess að svara hv. þm. A-Húnv., þ. e. ræðu hans hér áðan, og þá líka síðari ræðu hv. 2. þm. Rang., sem hann flutti, þegar þetta mál var hér, því að báðir þessir hv. þm. lögðu sig svo flata undir höggið, að það væri hægt að veita þeim hér alveg verðskuldaða ráðningu, og það getur vel skeð, að ég geri það við 2. umr. þessa máls. En ég ætla að láta það hjá líða nú. — Ég vildi aðeins minnast á eitt, af því að það er nokkuð skýr lýsing á því, hvernig hv. þm. A-Húnv. fer með heimildir, því að hann sagði hér áðan, að það hefði verið meiri hluti búnaðarsambandanna, sem sendu áskoranir til Alþ. eða létu í ljós vilja sinn gagnvart síðasta þingi, sem hefðu mælt með breytingunni. Til þess að hafa alveg óyggjandi svör við þessu hef ég nú aflað mér nokkurra gagna í þessu máli, síðan hv. þm. A-Húnv. talaði hér um þetta mál. Þær sakir standa þannig eftir þessum gögnum, að 11 búnaðarsambönd hafa mótmælt breyt. á þessum l. á síðasta þingi, en aðeins voru það 2 búnaðarsambönd, sem mæltu með henni. — Ég vildi ekki láta hjá líða að gefa þessar upplýsingar, og þá alveg með sérstöku tilliti til þess, að það er forseti Sþ., maðurinn, sem hefur verið falið það hlutverk að bera uppi sóma hæstv. Alþ., sem lætur sér sæma að fara svona óráðvandlega með alveg augljósar heimildir, sem fyrir liggja.

Ég vænti þess, að hv. þd. sýni svo sem að undanförnu það frjálslyndi og þá sanngirni gagnvart þeirri stétt, sem mál þetta tekur til, að ekki aðeins fái þetta mál að ganga til 2. umr., heldur einnig gaumgæfilegrar athugunar á hæstv. Alþ. Og vil ég þess mega vænta, að sú verði niðurstaðan, að sú

leiðrétting verði hér á gerð, sem stefnt er að með þessu frv.

Jónas Jónsson: Það hefur, eins og ég bjóst við, orðið málinu til góðs, að nokkrar umr. hafa farið fram um það, og verða þær umr. væntanlega eitthvað meiri, vegna þess að formælendur þess, eins og hv. þm. Mýr. og hv. 1. þm. Skagf., eiga eftir að skilja aðalatriðin í þessu máli, sem þeir berjast fyrir. Þeir sem sagt hafa ekki enn náð út yfir að skilja það mál, sem hér liggur fyrir. Og það er alveg rétt — af því að þessir menn eru í valdaaðstöðu í Búnaðarfélagi Íslands —, að nokkuð sé gert til þess að beina þeim á rétta leið.

Það, sem hér liggur fyrir, er það, að forkólfar Búnaðarfélagsins hafa beðið Alþ. að lögfesta skatt á bændur landsins í ákveðnu skyni, þ. e. a. s. bændastéttin á að fá fyrir forgöngu þessara manna vissa peninga, sem teknir eru með því að leggja á stéttina visst gjald með landslögum, til þess að stéttin hafi þá til sinnar stéttarstarfsemi. — Þetta er algerlega nýtt. Það er ekkert fordæmi fyrir þessu fyrirkomulagi að færa peninga úr ríkissjóði og ráðstafa þannig. Það er ekkert fordæmi hægt að finna um þetta frá fiskimönnum. Það eru viss tæknileg atriði, sem félag þeirra á að leysa af hendi og fær peninga í því skyni úr ríkissjóði. Ástæðan til þess, að búnaðarfélagsforkólfarnir hafa lent inni á þessari braut, er eins konar samkeppni við launakröfur Alþfl., eins og ég sagði í fyrradag og hv. þm. A-Húnv. rökstuddi nokkuð ýtarlega. Það var háð nokkuð hörð barátta af fulltrúum frá verkalýðnum fyrir því, að verkamenn fengju að ferðast með fullu kaupi frá vinnuveitendum, eins og launastéttir aðrar, sem mögguleika höfðu til þess. En þá fyrst er það, sem hv. þm. Mýr. og hans flokksbræðrum dettur í hug að fara að hugsa um þetta, þannig að bændur fái líka hliðstætt fé til umráða. Það er algerlega nauðsynlegt fyrir forkólfa búnaðarfélagsins að skilja þessa sögulegu staðreynd, nefnilega að þetta var ekki hugsað fyrir bændur þannig, að hér væri um félagsskap að ræða. Það var heldur nokkurs konar kapphlaup við orlofslöggjöfina, að reynt var að koma því fram, að bændur fengju ferðastyrk. En hann fékkst ekki á þann veg, að Alþ. léti málið þannig til sín taka. Ég hélt því fram þá, og enginn treysti sér til að neita því, að meiri hluti þingsins — sem eru ekki neitt venju fremur vondir menn, en eru ekki sveitaþingmenn — væri ófáanlegur til þess að gera þetta. Þessi þingmeirihluti veitti fé úr ríkissjóði til orlofs handa fólki, sem kaup eða laun tekur hjá öðrum, en neitaði bændum um sams konar fjárgreiðslur. Og ef Stefán Jóhann, forseti Alþfl., hefði ekki komið með þetta frv., eru ekki líkur til, að nein rödd hefði heyrzt um það, að slíkan sjóð skyldi stofna. Þessi fjárveiting til bænda er því eftiröpun eftir því, sem Stefán Jóhann fékk fram á Alþ. fyrir verkamenn og launastéttirnar. Og þess vegna er það, að það, sem illa er til stofnað, má búast við, að verði ekki langlíft. Því verð ég að segja það, að þessi forsaga málsins er vottur um það, að það er ekki nógu skapandi gáfa þarna að verki. Þessir menn, sem vildu fá þarna fram hlunnindi fyrir bændur, áttu að geta fundið eðlilegri leiðir fyrir bændastéttina til þess að afla fjár til orlofsferða sinna. Það var ein leið opin til þess og ekki nema ein, sú, að leiðtogar bænda — án þess að vera í sambandi við búnaðarfélagið — færu til bænda og segðu: „Þið þurfið að ferðast, eins og þið þurfið ýmissa hlunninda við. Þess vegna legg ég til, að þið stofnið félag eingöngu í þessu skyni, að þið getið tekið ykkur orlofsferðir, og þetta sé ykkar stéttarfélagsskapur. Þið leggið á ykkur viss gjöld í þessu skyni.“ — Og ég veit, að ýmsir greindir bændur vildu þetta, og hv. þm. Skagf. minntist á, að þetta væri þekkt að einhverju leyti í Noregi.

Fyrstu hrakfarirnar í þessu efni hjá búnaðarfélagsforkólfunum var, að þegar þeir máttu sjá, að þeir komust ekki þessa leið, sem þeir ætluðu að fara til þess að fá þetta fé handa bændastéttinni, þá sáu þeir ekki, hvaða leið var eðlilegust. Og þeir máttu sjá, að til þess að eitt félag væri óháð sem stéttarfélag, þá varð það að hafa sinn eigin fjárhag, ráða sjálft yfir sínum málum og hafa sína stjórn. Og þetta er það, sem reynt hefur verið að gera skiljanlegt bæði hv. þm. Mýr. og hv. 1. þm. Skagf. En þessu hafa þeir gengið fram hjá, því að sá stéttarfélagsskapur, sem væri undirgefinn stjórn Búnaðarfélags Íslands, yrði beygður með tiltölulega auðveldu móti af þjóðfélaginu, af því að Búnaðarfélag Íslands er ekki frjáls félagsskapur. Það er leiðinlegt, að svona vel gerðir menn, eins og hv. þm. Mýr. og hv. 1. þm. Skagf., skuli ekki sjá, að þegar Alþ. er tvisvar búið að taka af þessu félagi æðstu stjórn og setja algerlega aðra stjórn í staðinn, fyrst með því að fara svo með stjórnina og síðan framkvæmdastjórann hjá þessu félagi, þá er ekki hægt lengur að deila um það, að þetta er ekki frjálst félag lengur. Það er sannarlega furðulegt fyrirbrigði, að þessir annars merkilegu tveir hv. þm. skuli ekki vera búnir að sjá þetta enn þá. Og enda þótt hv. 1. þm. Skagf. segi, að búnaðarfélagið hafi ekki orðið fyrir neinu aðkasti hingað til, síðan skipt var um búnaðarmálastjóra — sem vel getur satt verið — þá geta menn þó séð, að það, sem gert hefur verið tvisvar af því opinbera, getur orðið gert alveg eins í þriðja eða fjórða skiptið, þar sem Alþ. hefur sagt því fyrir verkum, þegar Alþ. hefur þótt ástæða til.

Ég benti á það í fyrradag, að örlítið félag, tíu til tuttugu manna félag, geti haft ótrúlega mikið vald með því að neita um sína þjónustu. En formaður Búnaðarfélags Íslands hefur látið sig þetta litlu skipta. En hann gæti gert mikið í þessu máli, með sinni góðu greind, ef hann hefði ekki gert öfugt, eins og Sveinn dúfa, því að hann fór til hægri, þegar á að fara til vinstri, og til vinstri, þegar á að fara til hægri. — Það, sem lá fyrir bændastéttinni eftir hinar miklu hrakfarir haustið 1944, var að reyna að búa sér til tæki til þess að stýra sér út úr þeim vandræðum. En það gat hún ekki gert nema með því að taka sjálf verðlagningarvaldið yfir landbúnaðarvörum í sínar hendur. Ég tók það fram í dag og áleit, að formaður bún-

aðarfélagsins hefði gjarnan mátt heyra það, að þegar bændur urðu fyrir þessu óhappi haustið 1944, þá kemur Búnaðarfélag Íslands, sem er ekkert nema stjórnardeild, og fer að tala um, hvernig landsstjórnin eigi að vera. Og það vita allir, að það var sagt þá í stærsta blaði í Reykjavík, Morgunblaðinu, að leiðtogar Sjálfstfl. og Framsfl. hefðu beðið búnaðarfélagið að kalla saman sitt þing til þess að vinna að því að greiða fyrir myndun ríkisstj. Nú verð ég að vísu að taka fram, að ég tel ekki allt alveg óyggjandi sannleika, þó að það standi í Morgunblaðinu. En þessu var ekki mótmælt, hvorki af sjálfstæðismönnum né búnaðarfélaginu né af framsóknarmönnum, og þegar ég og aðrir reyndu að mótmæla þessu gerræði, þá stóðu form. Sjálfstfl. og Framsfl. saman, — þá komu þeir sér í eitt skipti saman, aðeins eitt skipti — um það, að reyna að hindra, að bændur á Suðurlandsundirlendinu gætu komið vilja sínum fram. Þeir tóku sig svo til, þessir góðu menn, til að sýna fram á, að þessi skrítni samningur eða þessi skrítni bátur, sem var bara afturendinn, en vantaði framendann og var þess vegna ekki góður til að vera á floti, væri góður. Þeir sendu m. a. hv. 1. þm. S-M. og hv. þm. A-Húnv. austur á Skeið, og þáverandi forseti Alþ., núverandi hv. þm. V-Sk., og form. Framsfl. börðust hlið við hlið við Ölfusárbrú, og að sama skapi var vel skipað í Rangárvallasýslu. Þá var ekki neinn þústur á mínum góðu Framsóknarsamherjum við hv. 2. þm. Rang. Allt var ein kærleikskeðja á þessum fundum, og það lék ekki á tveimur tungum, eins og þetta þýðingarmikla og merka blað sagði frá, að búnaðarfélagið hóf þessi fundarboð fyrir forstöðu tveggja flokka, og þessi vitnisburður staðfestist með því, að flokksformennirnir stjórnuðu þessum fundum, sem voru gerðir til að beygja bændur á Suðurlandi og venja þá af því að hafa sjálfstæða skoðun. *(GSv* grípur fram í.) Það gleður mig að heyra, að hv. þm. V-Sk. er hér nærstaddur. Hann getur bæði nú og síðar verið vitni um þá ást og eindrægni, sem ríkti í þessu efni, m. a. við Ölfusá, þar sem þessi hv. þm. gekk svo vel fram í að framfylgja boðum síns yfirboðara, sem var búinn að brúka búnaðarfélagið á þennan einkennilega hátt. Það er líka stuðningur fyrir þessa frásögn Morgunblaðsins, að eftir að búnaðarfélagið hafði kallað búnaðarþing saman og það hafði lýst yfir, að það vildi gefa eftir, því að það gaf upp sexmannagrundvöllinn að þessu sinni og lagði þar ofan á litlar 8 milljónir fyrir eitt ár, þá skrifuðu þessir stóru herrar í blöð sín og sýndu þá kurteisi að afsaka þessa milljónasamþykkt. Þeir skrifuðu grein, sem þeir hafa að líkindum samið í sameiningu, form. Framsfl. og form. Sjálfstfl., en svo látið prentarana breyta örlítið, settu svo þessa grein út hvor með sínu nafni í Tímann og Morgunblaðið. Í þessum greinum þakka þeir bændum mjög vel fyrir þegnskap og drengskap, hæla þeim mikið fyrir, hvað þetta hafi verið fallega gert af þeim, en taka báðir fram, að drengskapurinn sé ekki eins mikill og menn hyggi, því að bændur hafi engan rétt haft og hafi því ekki getað tapað neinu, en það hafi hins vegar verið skynsamlegt af þeim að gera þessa verzlun við mannfélagið, því að vel geti verið, að þeir hafi eitthvað upp úr þessu. Nú vil ég beina því til formanns búnaðarfélagsins, sem sýnir okkur þá ánægju og gagn að vera hér við, hvort hann haldi, að ef bændur hefðu verið sjálfir kvaddir til, að þeir hefðu viljað láta 8 milljónir og gefa upp sexmannagrundvöllinn, þó að þeir hefðu orðið fyrir þeirri ánægju að fá formenn þessara flokka í stjórn. Þó að ég efist ekki um, að margir hefðu viljað fá þessa merku menn til að stjórna landinu, þá höfðu þeir ekki þá óeigingirni, að þeir hefðu viljað eyðileggja málstað sinn til þess, og ekkert stéttarfélag veraldarinnar, sem rétt er myndað, hefði gert tilboð, sem var bindandi aðeins fyrir annan aðilann, eins og þetta var fyrir hina tvöföldu, hálu aðstöðu búnaðarfélagsins. Félagið er stjórnardeild og lætur vera forsjón bænda og á að vera það, og mun ég síðar sýna fram á, hvernig það rækir sín störf. En þegar búnaðarfélagið fór út fyrir það svið, sem því var ætlað, þá gerðust þessir ótrúlegu hlutir, að búnaðarþing var kallað saman til að reyna að mynda ríkisstj. og síðar til að eyðileggja það, að bændur sjálfir gætu bjargað sér. Búnaðarfélagið var búið að gera þá mestu ólukku, sem það gat gert, þegar það kom út á það svið, sem það hafði ekki leyfi til að vera á, þar sem allt var planlaust og rakalaust, sem þeir gerðu, og varð því að slysi. Sorgarsaga búnaðarfélagsins frá 1944 er flestum kunn, og mér er sagt frá mönnum, sem voru á búnaðarráðsfundum í vetur og voru áður í búnaðarfélaginu, að þeir hafi lýst yfir hreinlega, hvað þeir hafi verið blekktir mikið og sjái eftir því, sem þeir hafi gert 1944, og þetta er alveg rétt að viðurkenna, og þetta álít ég, að forseti búnaðarfélagsins ætti að gera manna mest. Ég veit, að honum hefur gengið gott eitt til, því að hann gerði þetta í góðri trú, en það bar þveröfugan ávöxt, því að vissulega ætlaðist hann ekki til að fá í landsstjórn menn, sem halda fram, að a. m. k. 90% af kjósendum í Mýrasýslu hafi enga lífsmöguleika, engin menningarskilyrði séu þar hugsanleg og þess vegna eigi byggðin að leggjast í eyði. Þessi skoðun kom fram hjá frambjóðanda þessa flokks í Þingeyjarsýslu. Hann hélt fram, að dreifbýlið hefði enga menningu eða framtíð. Þetta er stefna flokksins, og hann vinnur trúlega eftir því. Það, sem hafðist upp úr gjafapólitíkinni 1944, var því aðeins þetta, að koma svona flokki til valda og svona mönnum í ríkisstjórn. Og ástæðan til þess, að sunnlenzkir bændur og greindir bændur út um land komu með hugmyndina um stéttarfélag bænda í verðlagmálum, var þetta óhapp. Ég veit, að allir leiðandi menn í búnaðarfélaginu ætluðu að gera gott 1944, en það varð ákaflega vont, af því að búnaðarfélagið á ekkert að hugsa um að mynda ríkisstjórnir eða fella þær, það er utan við þess vettvang, og þar af leiðandi er það svo, að búnaðarfélagið er það háð ríkisvaldinu, að það lætur eggja sig til að kalla saman búnaðarþing í pólitískum tilgangi, af því að einhverjir flokksleiðtogar vilja hafa þá til þess.

Ég held, að það sé þá bezt að bæta því við, fyrst

farið er að tala um þessa hryggilegu atburði 1944, og það er gagnlegt fyrir sögu framtíðarinnar að segja það, að það er nokkurn veginn víst, að þegar leiðtogar Framsfl. og Sjálfstfl., líklega báðir í góðri trú, byrjuðu þetta tilhugalíf, þá höfðu þeir báðir verið alllengi í leit eftir paradís, návist kommúnistafl., og það er vitað, að þeir báðir höfðu tapað, því að rauða maddaman hafði þá verið ósveigjanleg með sína blíðu marga mánuði og báðir höfuðbiðlarnir sáu ekkert fram undan annað en ömurleik og einstæðingsskap, ef þeir ættu að treysta á þá maddömu. En hvað gerist svo? Nú höfðu þessi ósköp gerzt, að búnaðarþing hafði verið kallað saman og látið gefa eftirgjafaryfirlýsingu til að létta fyrir. Ég held, að ég verði að segja hv. þm. Mýr. smásögu þessu til skýringar, og ég vona, að hann skilji hana, af því að hann er svo góður sveitamaður. Það var einu sinni merkisbóndi nokkur í Öxnadal, ég hugsa, að hv. 1. þm. Eyf. kannist við hann. Hann fékk sér stundum nokkuð mikið í staupinu í kaupstaðnum. Hann átti ágætan reiðhest og reið honum jafnan. Þegar hann var að koma drukkinn úr kaupstaðnum og datt af baki, þá kraup hesturinn á kné, til þess að hinn drukkni riddari gæti komizt á bak aftur. Eins fór hér. Búnaðarþing kraup á kné, til þess að hinir vösku, ófullu pólitísku riddarar gætu komizt á bak. En hvað gerðist svo, þegar þessi fagnaðarlæti stóðu sem hæst? Þá snýr rauða maddaman við, snýr sér að öðrum þessara flokka með opinn faðminn, kastar sér um hálsinn á honum og segir: „Ég er þín, að minnsta kosti um stundarsakir.“ Upp úr þessu kom svo núverandi ríkisstjórn. Það leiðir af sjálfu sér, þegar einn biðill, sem hefur verið lengi á sínu ferðalagi, allt í einu fær svona svör, þá getur hann ekki neitað, en það er sárt fyrir okkur hv. þm. Mýr. af flokkslegum ástæðum að verða að viðurkenna, að okkar kæru flokksbræður urðu afskiptir. Og ef ég hef lesið rétt greinar í Tímanum undanfarið, þá búast framsóknarmenn við því, að þessi sáttmáli muni halda áfram og Framsfl. muni ekki hafa annað af sinni eftirgjöf og pólitíska ævintýri 1944 en sorglegar endurminningar. Ég vona því, að þegar jafnskýr maður og hv. þm. Mýr. lítur á þetta og rennir huganum yfir fundina, þá hljóti hann að skilja, að bændur hafa ástæðu til að vantreysta Búnaðarfélagi Íslands í þessu efni. Þeir geta trúað ákaflega vel Pálma Einarssyni til að mæla fyrir skurðum og Páli Zóphóníassyni til að rekja ættartölur kúa, þar er ekki ástæða til að efast um hæfileikana, en það er rótgróin ástæða til að efast um hæfileika búnaðarfélagsins til að blanda sér inn í annað en fagleg mál, því að hv. þm. Mýr. og hans menn brutu þarna af sér og áttu eftir að brjóta meira af sér, en allt í beztu trú.

Nú í sumar var haldinn fundur á Hvanneyri. Það er dálítið merkilegt að segja frá því, að aðdragandinn er sá, að það voru menn á Suðurlandi, sem töldu, að illa hefði verið haldið á málunum. Það var búið að vekja landshreyfingu til að stofna samband um verðlagsmál bænda, en þá hljóp búnaðarfélagið til eins og formlegur flokkur og hertók þetta samband. Leiðtogar búnaðarfélagsins höfðu aldrei gert neitt til að skapa stéttarsamband. Þeim var nóg að hafa búnaðarfélagið, eins og það var. Þeir sögðu, eins og stendur í Alþingisrímunum, þegar Arnljótur er að halda ræðu:

„Bankann þarf ei, Þórshöfn dugar,
þar er Snæbjörn minn.“

Þeim fannst ekki ástæða til, að neitt væri til nema þeirra „organisation“, sem var þá orðin stjórnarmóðir. Þeir komu austur að Laugarvatni og voru þá búnir að setja allt kosningaapparat búnaðarfélagsins í gang til að hafa áhrif á gerðir fundarins, búnir að beita öllu því ofbeldi og kúgun, sem þeir gátu. Í mitt kjördæmi var t. d. búið að senda mann, sem hafði verið framsóknarmaður, alþýðuflokksmaður, kommúnisti og unnið með sjálfstæðismönnum, til að reyna að blekkja bændur á laun og reyna að koma að þeim óvörum á fundinum. Svo mikils þótti hér við þurfa. Svo koma þeir allir að Laugarvatni, eftir að hv. þm. Mýr. var búinn að kalla þá saman í Reykjavík til að æfa þá í, hvernig þeir ættu að kjósa hv. þm. Borgf. sem fundarstjóra og hvernig hann, hv. þm. Mýr., ætti að koma þar fram eins og Kristján konungur IX., þar sem hann stendur á stjórnarráðsblettinum með stjórnarskrána, eins átti hann að koma þar með stjórnarskrá bændasamtakanna í framréttri hendi, mikið plagg, þar sem stæði, hvernig allt ætti að vera, þar sem bændur áttu ekki að vera frjálsir, heldur sérstök deild í búnaðarfélaginu, og forseti búnaðarfélagsins átti að stíga eins og keisari á sinn veldisstól í formannssæti og tróna þar. Þetta gekk allt eftir áætlun, eins og þegar Hitler hertók Pólland og Tékkóslóvakíu. Þó að búnaðarfélagið hefði beðið fullkominn ósigur fyrir kommúnistum í sambandi við stjórnarmyndunina, þá gat það þó rétt hlut sinn heima þar.

En Adam var ekki lengi í Paradís. Þrátt fyrir allan þennan mikla dugnað var mikið af bændum, sem vissu, að þetta var stórkostlega vitlaust og að það þekkist hvergi nokkurs staðar, að stéttarfélag sé látið vera háð ríkisvaldinu. Það vissu þeir, þó að þeir hefðu ekki staðið í stræku. Og þá átti að gera klókindabragð með því að segja: „Við skulum bera þetta undir bændur. Við skulum láta almenna atkvæðagreiðslu bænda skera úr, hvort þessi nýja hreyfing skuli verða frjáls eða ófrjáls.“ Þeir treystu blaðakosti sínum, Tímanum og Degi, að þau gætu talið bændum trú um, að þeir ættu að fara á básinn. En svo verður nokkuð ofan á. Mér er sagt, að hv. 1. þm. Skagf. hafi sagt, sem vel má vera, með sínu góðlátlega blíða brosi, þegar atkvæðakassarnir komu í búnaðarfélagið: „Það er bezt að hafa atkvæði sunnlenzku bændanna ofan á, til þess að talningin verði ánægjulegri, þegar neðar kemur í kassann.“ Þetta var allt mjög skynsamlegt. *(StgrSt:* Þetta er ein af gróusögum hv. þm., sem enginn sannleikur er fyrir.) Ég verð að hryggja hv. þm. með því, að þetta er satt. Hann veit, að hann hefur svo sorglega sögu að segja frá brölti sínu 1944 og áfram, að honum er heppilegra að viðhafa það lítillæti og ástúð, sem honum er lagin, en að vera með dryldni. *(StgrSt:* Ég hef ekki haft eins illt af brölti mínu og hv. þm. af sínu brölti.) Ég veit, að þessi

hv. þm. hlýðir minni vinsamlegu bendingu, fyrst með þögn nú og síðar með kurteisri ræðu, þegar þar að kemur. En hvernig sem menn hafa spáð fyrir þessu, þá varð niðurstaðan allt önnur en sú, sem forkólfarnir gerðu ráð fyrir. Þó að þeir beittu öllum þeim tækjum, sem þeir höfðu ráð á, til að fá bændur til að fara á básinn, þá fengu þeir aðeins örlítinn meiri hluta fyrir innlimuninni. Og þá er tekið undarlegt ráð, þ. e. a. s., að inn í þetta mun hafa komið annað, sem kom líka fram í ræðu hv. þm. Skagf. Um sama leyti, kannske eitthvað áður, hafði landbrh. tekið í sína þjónustu Árna Eylands, sem lengi hafði verið starfsmaður í búnaðarfélaginu og unnið þar mjög myndarlega og líka fyrir sambandið og unnið manna mest að útbreiðslu vélanotkunar hjá bændum landsins. Það má segja, að Árni Eylands hafi meira en nokkur annar Íslendingur unnið að því að auka þekkingu bænda á vélum og hjálpað til að fá hingað til lands sem heppilegastar vélar. Þar að auki er hann prýðilega ritfær og hafði verið ritstjóri Freys um stund, en hvort sem hann braut af sér eða ekki, þá var honum sagt þar upp, en fór í þjónustu landbrh. og var gerður fulltrúi í landbrn. *(Forseti BG:* Ég vil leyfa mér að vekja athygli hv. þm. á því, að fundartími er senn á þrotum. — *BÁ:* Þetta kemur nú málinu heldur lítið við. — *StgrSt:* Sambandið sagði Árna fyrst upp.) Ég vildi óska þess, að hæstv. forseti reyndi til að halda hv. 1. þm. Skagf. við sinn eigin ræðutíma, svo að það er bezt fyrir þann hv. þm. að geyma krafta sína til þess. Árni Eylands hafði verið hjá sambandinu og unnið þar vel, en frá búnaðarfélaginu var hann rekinn. Nú er hann orðinn yfirmaður búnaðarfélagsins í stjórnarráðinu, og ekki er ósennilegt, að búnaðarfélagsforkólfarnir hafi verið farnir að renna grun í, að ef búnaðarfélagið héldi áfram þessa götu, þá yrði kannske gerð nokkur breyt. í yfirstjórn þessara mála. Að minnsta kosti var það svo, að um það leyti, sem Hvanneyrarfundurinn var, og að því mun ég víkja nánar, þegar þessari umr. verður haldið áfram síðar, þá var í Morgunblaðinu hógvær grein um það, að búnaðarfélagið sé aðallega farið að gefa sig við kaupgjaldsmálum bænda, en sinni síður sínum upprunalegu málum, og því sé líklegt, að það hafi þá afleiðingu, að Búnaðarfélag Íslands verði aðeins stéttarfélag, en hin tæknilegu mál komi í stjórnarráðið. Og ég vil svo enda á því nú, að á Hvanneyrarfundinum kastaði búnaðarfélagið öllu fyrir borð, tók allt aftur, skar á öll tengsl milli búnaðarfélagsins og stéttarsambandsins. Hv. þm. Mýr., sem átti að setjast á keisarastólinn á Hvanneyri, gekk frá honum og afhenti keisaradæmið einhverjum öðrum, en um það tölum við seinna. [Frh.]

Umr. frestað.

Á 34. fundi í Nd., 9. des., var frv. tekið til frh. 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 35. fundi í Nd., 11. des., var enn fram haldið 1. umr. um frv.

Jónas Jónsson [frh.]: Það hafa margir legið í kvefi undanfarið, og ég er einn af þeim, svo nokkuð er farið að fyrnast yfir það, sem sagt hefur verið hér um þetta mál. — En ég var kominn þar í þessari sögu, að á síðasta sumri var hið undarlega stéttarsamband bænda kallað saman á Hvanneyri, þannig að undrum sætti. Það hefur í raun og veru leikið nokkur vafi á því, hvort þeir menn, sem mætt höfðu á fyrsta fundinum, væru réttilega fengnir eða hvort þeim hefði ekki verið hnuplað frá búnaðarfélaginu. Nú voru þeir kallaðir aftur saman á þennan fund, og nú gerðu menn ráð fyrir því, að þeir hefðu lítils háttar meiri hluta fyrir því í atkvgr., að hin nýju bændasamtök yrðu undirdeild í búnaðarfélaginu, því að maður ætlaði, að nú yrði farið að standsetja þetta nýja hús. En þegar þangað kemur, er allt breytt. Þá voru allir höfuð-leiðtogar búnaðarfélagsins horfnir frá því, sem gert var áður. Einn af helztu mönnum búnaðarfélagsins var farinn í ferð til þess að kaupa hross fyrir ríkisstjórnina, og er það maður vaskur og fylginn í málum. Annar helzti maðurinn í búnaðarfélaginu var látinn athuga samþ. að nýju. Svo kemur það í ljós, að búnaðarfélagsstjórnin hefur gefizt upp á að innlima bændasamtökin í búnaðarfélagið, og allur Hvanneyrarfundurinn gekk út á það að eyðileggja allt, sem gert hafði verið í málinu áður af hálfu búnaðarfélagsins. Ástæðan til þess var náttúrlega sú, að stjórn búnaðarfélagsins sá, að það var svo mikil ólund í bændum út af þess verknaði og að það mundi aldrei verða þeim til gleði að ganga beint framan að þeim með ráðagerðir búnaðarfélagsstjórnarinnar. Þess vegna var það látið heita svo, að þetta væru frjáls samtök, og búnaðarfélagið sleppti alveg hendi sinni af þeim. Og formaður búnaðarfélagsins — eftir þeim l., sem hann hafði búið til áður — mun hafa vikið úr sæti, sem skyldi vera tákn þess, að hans veldi væri þar með búið.

Nú skyldi maður ætla, að þar sem þetta var atburður, sem komið hefur við nálægt 6 þús. bændum á landinu, sem skyldaðir eru til að vera í búnaðarfélögum í landinu, mundi hafa verið sagt greinilega frá þessu. En í þeim tveimur blöðum, sem standa næst formanni búnaðarfélagsins, Tímanum og Degi, var ekki sagt eitt einasta orð um þetta. Þar var sagt, að allir væru ánægðir og allt væri eins og vera ætti. Það hefur nefnilega farið þannig, að fólkið úti um landið hefur alveg snúið við frá ráðagerðum forustumanna búnaðarfélagsins, svo að þeir hafa neyðzt til að láta taka frá sér þennan kjörgrip.

Rétt um sama leyti kom hins vegar í Morgunblaðinu ritstjórnargrein, þar sem augsýnilega var verið að benda leiðtogum búnaðarfélagsins á það, að mögulegt væri að gera á þessu þá verkaskiptingu, að búnaðarfélagið tæki að sér verðlagsmál og deilumál fyrir bændur, en stjórnarráðið tæki aftur að sér þá framkvæmd búnaðarmálanna, sem það hefur falið búnaðarfélaginu að framkvæma. Þessa leið hafa leiðtogar búnaðarfélagsins komið auga á áður, og þess vegna hafa þeir búizt við, að rétt væri að hætta við þessa ráðagerð alla.

En spurningin er: Ef sunnlenzku bændurnir höfðu

rétt fyrir sér, hvers vegna var þá allur þessi áróður og allt þetta ofbeldi og undirróður og stórmæli um, að þessum málum væri hvergi betur komið en hjá búnaðarfélaginu?

Eftir að þetta var allt um garð gengið á Hvanneyri og búið að segja ósatt frá því, sem gerðist þar, þá leggst þetta allt í það sama sofandi ástand í þessum málum, sem það áður var í. — Það var kölluð saman stjórn búnaðarsamtakanna. Frá henni heyrðist ekki neitt. Hún gerði ekki neitt, og hún getur ekkert gert.

Þannig er ástandið orðið í þessum málum, að það eru ýmsir leiðtogar, sem fengizt hafa við það að bjarga bændum í þessum efnum, þar sem þeir hafa rekið sig á hvert skerið af öðru. — Fyrst er þetta: Þeim dettur í hug að fara að ná í peninga, af því að Stefán Jóhann Stefánsson er að reyna að ná í peninga handa verkafólki. Það mistekst. Síðan er reynt að stofna búnaðarmálasjóð. Þá taka leiðtogar búnaðarfélagsins sig til og reyna að setja sjóðinn undir eftirlit. Síðan, þegar málið er enn tekið fyrir, sendir Alþ. peningana í hendur sveitamönnum. Um sama leyti leggur búnaðarfélagið undir sig bændasamtökin, og árið eftir kastar stjórn búnaðarfélagsins þeim frá sér og vill ekkert við þau eiga. Þessi sorgarsaga sýnir forráðamönnum búnaðarfélagsins, að þeir hafa farið villir vega.

Ef þetta mál kemst til 2. umr., álít ég vel við eigandi að ræða við þessa góðu menn um það, hvort þeir gætu ekki snúið sér að því sem allra fyrst að sinna búnaðinum eingöngu og láta þessa reynslu sína verða til þess að dreifa ekki kröftunum. Og sem dæmi um það, að rétt væri fyrir búnaðarfélagið að dreifa ekki kröftunum, heldur halda sér við sitt eiginlega verkefni, vil ég nefna þá einu tilraun, sem gerð hefur verið um það, sem kommúnistar og nokkrir framsóknarmenn hafa mestan áhuga fyrir í búnaðarmálum, að taka stór lönd til ræktunar samfelld og nota til þess nýjustu tækni. Það hefur verið aðeins gerð ein tilraun í þessu efni — það er hin svo kallaða Síbería, sem liggur í hjarta Suðurlands, rétt við rafmagn, rétt við síma, rétt við mjólkurbú og rétt við kaupstað. En þessu máli er fylgt lítið eftir. Þegar búið var að ræsa fram 100 hektara með ærnum kostnaði og allt benti á, að nú ætti að byrja á slíkri ræktun fyrir alvöru, sem kommúnistar hafa viljað hafa, hvað þá? Þá gleymir búnaðarfélagið að halda þessu máli til streitu, heldur liggur þetta land þannig, að skurðirnir eru opnir og strengirnir í plógförunum eru uppgrónir, þannig að illfært er um landið. — Þetta dæmi vil ég leggja fram sem síðustu röksemd um það að sinni, að búnaðarfélagið er á villigötum, þegar það er að vinna að öðrum málum en sem undir það heyra, svo sem að gera tilraunir til að mynda ríkisstjórn, búa út bændasamtök eða starfa að verðlagningarmálum, meðan það á jafnáberandi hátt, eins og átt hefur sér stað um Síberíuræktunina, kemur í ljós, að búnaðarfélagið getur ekki leyst verkefni, sem lágu algerlega á leið þess. Þessi mistök félagsins stöfuðu af því, að leiðtogar félagsins hafa verið að fást við málefni, sem þeir hafa ekki ráðið við. — Og af þessu álít ég, að skylda Alþ. sé að beina búnaðarfélaginu inn á þau verkefni, þar sem störf þess geta haft mikla framtíð, ef það sinnir þeim. — Hygg ég ekki ástæðu til að hafa fleiri orð um þetta að sinni.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. — Ég ætlaði að nota þann tíma, sem ég hef leyfi til að tala í þessu máli, til þess að segja nokkur orð við hv. þm. Mýr., hv. 1. þm. Skagf. og að nokkru leyti við hv. þm. Borgf., og þar sem enginn þeirra er viðstaddur hér nú, vil ég fara þess á leit við hæstv. forseta, að hann fresti umr., þar til þessir hv. þm. eru viðstaddir á fundi. Og ég sé ekki, að það þurfi að hraða þessari umr. svo, að ekki sé hægt að verða við þessari beiðni. Ég kann ekki við að halda ræðu um þetta mál, þegar áður nefndir hv. þm. eru ekki viðstaddir. Vænti ég því, að hæstv. forseti verði við þeirri beiðni minni um að fresta umr. til morguns í þeirri von, að hv. þm. verði þá viðstaddir.

Umr frestað.

Á 36. fundi í Nd., 12. des., var enn fram haldið 1. umr. um frv.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Þegar þetta mál kom til umr. í gær, voru mjög fáir þdm. viðstaddir, og þegar hv. þm. S-Þ. var að tala fóru forsvarsmenn þessa frv. út, en ástæðuna til þess veit ég ekki. Fór ég fram á það við hæstv. forseta, að hann frestaði umr., og varð hann við þeim tilmælum, og er því málið nú hér aftur til umr. Það er að vísu ekki margt, sem ég þarf að ræða um við forsvarsmenn þessa frv., þá hv. þm. Mýr. og hv. 1. þm. Skagf., en þó eru nokkur atriði, er ég vildi taka fram. Hv. 1. þm. Skagf. var að tala um, að óviðeigandi væri að vísa málinu frá á fyrsta stigi, og taldi það ósvífni og frekju að bera fram till. þess efnis. En ég vil benda þessum hv. þm. á, að þetta mál er alls ekki á fyrsta stigi, því að þetta er 4. umr., sem fer fram um það á því herrans ári 1946. Það eru ekki nema fáir mánuðir síðan l. um búnaðarmálasjóð voru sett, og þá fóru fram um málið 3 umr., eins og venja er til. Nú hefur málið verið hér til umr. í þrjá daga og fátt nýtt komið fram, en ef til vill eru einhverjir þm., sem óska eftir 5. umr., en það kemur í ljós við atkvgr. um dagskrártill. mína. Hv. 1. þm. Skagf. sagði enn fremur, að með þessu frv. þeirra fjórmenninganna væru bændur að leita aðstoðar Alþ. Óska bændur eftir breyt. á búnaðarmálasjóðsl.? Ég get fullyrt, að bændur sem heild gera það ekki, en ég viðurkenni, að hópur framsóknarbænda óskar eftir breyt. vegna þess, að framsóknarmenn hafa gert þetta mál að flokksmáli, og hafa foringjar framsóknarmanna fengið trygga fylgismenn sína í hópi bænda til að mótmæla núverandi ákvæðum l., meðan þeir hafa enn ekki haft tækifæri til að kynnast þeim í framkvæmd. Hér er ekki verið að leita aðstoðar fyrir bændur, heldur er verið að gera tilraun til þess að svipta bændur þeirri aðstöðu, er þeir nú hafa hlotið. Rétt væri að spyrja þá fjórmenningana,

hvers vegna þeir flýttu sér svo mjög að reyna að koma fram breyt. á l. En ég veit, hvers vegna það er. Það er af þeirri ástæðu, að ef þeir drægju það í 1—2 ár, væri ómögulegt að fá fram breyt. L. eru vinsæl með bændum, og er þeim hafa kynnzt framkvæmd þeirra, er útilokað að koma á breyt., og þá, ef tilraun verður gerð til slíks, munu mótmælin streyma að úr öllum áttum, einnig frá flokksbræðrum hv. 1. þm. Skagf. og hv. þm. Mýr. Mér er alveg óskiljanlegt, hvers vegna þessir hv. þm. vilja breyta l., þar sem þeir hljóta að sjá, að þau eru bændum til góðs, og ég hef það álit á þeim, að í raun og veru séu þeir hlynntir bændastéttinni. Enn fremur minntist hv. 1. þm. Skagf. aftur á það, að málið hefði verið vel undirbúið og bændur spurðir um álit sitt og veitt jákvætt svar. En eins og ég hef áður tekið fram, voru bændur aldrei spurðir að því, hvort þeir vildu ekki heldur hafa núverandi fyrirkomulag, en tvö stærstu búnaðarsamböndin hafa lýst sig fylgjandi því. *(Forseti BG:* Þetta er orðin óheyrilega löng aths.) Ég hélt, að hæstv. forseti mundi ekki sníða mér svo þröngan stakk, en skal nú samt til að misbjóða ekki þolinmæði hæstv. forseta stytta mál mitt. Hv. 1. þm. Skagf. sagði, að ég og fleiri menn héldum hér uppi árásum á Búnaðarfélag Íslands, og gaf í skyn, að búast mætti við frekari árásum. Mér er þetta með öllu óskiljanlegt. Er það árás á búnaðarfélagið, þó að það eigi ekki að ráðstafa fé búnaðarmálasjóðs? Ég held ekki, því að búnaðarfélagið hefur alltaf starfað án þess að ráðstafa því fé. Ég held því, að þessi hv. þm. ætti að spara sér stóryrðin, þótt skoðanamunur sé. Hann sagði, að sjálfstæði Búnaðarfélags Íslands hefði ekki verið skert og enginn landbrh. gert tilraun til þess síðan 1936. Ég skil ekki, hvers vegna hann skyldi taka einmitt þetta ártal. Því hver var landbrh. þá? En búnaðarmálastjóri þarf ekki að óttast árásir á búnaðarfélagið frá hendi okkar sjálfstæðismanna, og ég veit, að hann þekkir svo vel sögu félagsins, að hann veit, að sjálfstæðismenn hafa alltaf viljað efla það og gera það sterkara. Skal ég nú víkja nokkrum orðum að því, er hv. þm. Mýr. sagði. Þessi hv. þm. sagði, að það hefði verið áberandi á Selfossfundinum, hvað fulltrúar Búnaðarfélags Íslands hefðu fengið góðar viðtökur og undirtektir. En ég skal taka fram, að það var áberandi, hvað hv. þm. S-Þ. fékk þar góðar undirtektir, einkum er hann túlkaði málstað þeirra, er þá vildu breyta frv. um búnaðarmálasjóð. Það þýðir ekki fyrir þennan hv. þm. að gefa í skyn, að hann hafi haft meiri hluta á fundinum, því að hann og félagar hans gátu ekki borið upp till. í þá átt að víta þann meiri hluta Alþ., er þá vildi breyta búnaðarmálasjóðsfrv. Þessi hv. þm. sagði og, að kosningin til búnaðarþings í Búnaðarsambandi Suðurlands hefði ekki bent til þess, að bændur þar væru fylgjandi núverandi fyrirkomulagi. En stór hópur bænda, sem var á þeirri línu, kaus ekki þá Bjarna Bjarnason og Sigurjón Sigurðsson af því, að við slíkar kosningar kemur einnig til greina flokksfylgi. Margir framsóknarbændur yfirgáfu ógjarnan sinn flokk út af einu máli, og held ég, að það sé þýðingarlaust fyrir hv. þm. Mýr. að taka þetta dæmi. Þegar svo þessi hv. þm. var að enda ræðu sína, klykkti hann út með kvæði eftir Þorstein Erlingsson, sem túlkar hreinskilni og sannleiksást. Ég held, að hann hefði ekki átt að taka sér í munn þetta kvæði, um leið og hann túlkar þennan málstað, vegna þess að það, sem slá átti annan, sló hann sjálfan. Til þess að angra nú ekki hæstv. forseta skal ég nú láta hér staðar numið. Vil að lokum aðeins taka það fram, að dagskrártill. mín er í fyllsta máta eðlileg, þar sem hún er borin fram á fjórða stigi málsins. Hvort dagskráin verður samþykkt, veit ég ekki, en þó hygg ég, að meiri hluti dm. verði mér samþykkur.

Flm. (Steingrímur Steinþórsson): Ég skal reyna að ofbjóða ekki þolinmæði hæstv. forseta og skal því vera stuttorður. Ég hygg, að hv. 2. þm. Rang. hefði alveg getað sparað sér þessa ræðu, því að þetta er sama upptuggan og hann hefur þrástagazt á hér í d. Ég mótmæli því sem hreinum ósannindum, að fulltrúar Búnaðarfélags Íslands hafi haft meðferðis einhverjar till. á Selfossfundinum. Þetta eru hrein og vísvitandi ósannindi hjá þessum hv. þm., og hefur hann ekkert fyrir sér í þessu, og ef hann ekki trúir mér, þá getur hann spurt hv. þm. Borgf. Geri ég ráð fyrir, að hann taki flokksbróður sinn trúanlegan. En hefði hv. 2. þm. Rang. haft eins mikið fylgi á Selfossfundinum og hann vill vera láta, hvers vegna bar hann sjálfur ekki fram till.? Nei, svona blekkingar og vesaldómur er alveg óþolandi. Hv. þm. virðist alltaf vera glaðastur á svipinn, þegar hann veit, að hann fer með mest ósannindi. Eina aðalröksemdina fyrir dagskrártill. sinni telur þessi hv. þm., að þetta sé 4. umr., sem fari fram um málið á þessu ári. Veit ekki þessi hv. þm., að síðan l. voru samþ., hafa farið fram kosningar og ekki færri en 6 nýir menn tekið sæti í þessari hv. d. Með þessum rökstuðningi fyrir dagskrártill. leyfir hann sér blátt áfram að ráðstafa atkv. hv. þdm.

Það er ekki um þá spurningu að ræða, hver sé afstaðan til þessa máls, heldur hvort eigi að vísa því til n. og láta það þar hljóta þá venjulegu afgreiðslu þingmála. Það er alls ekkert sjálfsagt mál, að hinir 6 eða 7 nýju þm., sem eru í þessari hv. d., greiði atkv. í þessu máli eins og þeir, sem fyrir voru.

En þessi síðasta ræða hv. þm. sýndi, að hann var kominn í rökþrot vegna frumhlaups síns með dagskrártill., sem hann hélt, að yrði samþ. Ber þar tvennt til. Mér dettur ekki í hug, að nokkur maður í d., nema hv. 2. þm. Rang. og hv. þm. A-Húnv., láti sér til hugar koma að greiða þessari till. atkv. Það hefur verið bent á leiðir til samkomulags, t. d. till. hv. þm. V-Sk. í fyrra, en þá var ofstækið of mikið. En það eru til margar leiðir til samkomulags, ef vilji er fyrir hendi. Hv. þm. sagði, að Framsókn hefði gert þetta að flokksmáli. Ég veit nú ekki, hvað hv. 2. þm. Skagf. eða hv. þm. Borgf. segja um það, eða ýmsir aðrir sjálfstæðismenn, sem eru andstæðir l., eins og þau eru nú. Nei, þetta er ekki flokksmál, þetta er stéttarmál, en það er

verið að reyna að gera það að pólitísku flokksmáli af hv. 2. þm. Rang.

Þá verð ég að minnast á eitt atriði, sem sýnir, hversu vel hv. þm. fylgir sannleikanum. Hann sagði, hv. þm., að tvö stærstu búnaðarsambönd landsins hefðu mótmælt þessari breyt. Það er rétt, að annað þeirra er eitt af þeim stærstu, Búnaðarsamband Suðurlands, en hitt er eitt minnsta búnaðarsambandið á landinu, og sýnir þetta vel málflutning og rök hv. þm.

Ég álít nú ekki fleiri orða þörf um þetta mál, en ég vildi þó segja það um þetta mál, áður en það fer til n., að við flm. erum albúnir að ræða málið við hvaða aðila sem er, en séu allar leiðir til samkomulags lokaðar, þá munum við berjast fyrir því eins harðri baráttu og unnt er. Við höfum ekki að fyrra bragði vakið illdeilur um þetta mál við 1. umr., og hefði okkur verið miklu kærara að leita samkomulagsleiða.

Jón Pálmason: Herra forseti. Það eru nú liðnir nokkrir dagar, síðan þetta frv. var hér síðast til umr. Ég kvaddi mér hljóðs aðallega út af einu atriði, sem sé því, að hv. þm. Borgf. kom með þau furðulegu ósannindi, að ég hefði sagt, að meiri hluti allra búnaðarsambanda landsins hafi verið með l., eins og þau voru í fyrra. Þetta hef ég aldrei sagt, svo að ummæli hv. þm. um þetta eru út í hött.

Varðandi ræðu hv. þm. Mýr. hef ég ekki miklu til að svara. Hv. þm. komst svo að orði, að fordæmi fyrir þessum l. fyndist hvergi nema í löndum nazista og kommúnista og öðrum einræðislöndum. *(BÁ:* Nazista og fasista sagði ég.) Jæja, nazista og fasista. Þetta eru furðuleg ummæli, og virðist hv. þm. hafa gleymzt, að bændur eiga sjálfir að skipta því fé, sem þeir fá til framkvæmda. Og sannleikurinn er sá, að málið er vinsælt meðal bænda. Fulltrúar Framsóknar ætluðu að reyna að slá sér upp á því í mínu kjördæmi í vor, en þeir gáfust upp við það, er þeir fundu hug bænda.

Búnaðarsamböndin hafa meiri þörf á fjárhagslegri aðstoð til þess að koma framförum í framkvæmd, og til þess þurfa búnaðarsamböndin að hafa fasta starfsmenn, enda er vaxandi vilji fyrir því innan búnaðarsambandanna, og því virðist ekki úr lagi að verja þessu fé til þess. Það gefst svo vonandi tækifæri til að ræða þessi mál nánar síðar í riti, en ekki hér á hinu háa Alþ.

Jón Sigurðsson: Herra forseti. Ég hafði ekki hugsað mér að taka til máls við þessa umr., var enda lasinn, svo að ég mun ekki blanda mér inn í þessar deilur. En ræða hv. 2. þm. Rang. gaf tilefni til þess, að ég bað um orðið og ætla að segja örfá orð, áður en gengið verður til atkv. En áður ætla ég aðeins að víkja að því, sem hv. þm. A-Húnv. sagði. Hann taldi, að búnaðarsamböndunum væri mikil þörf á starfsmanni. Það dregur enginn í efa, og það vita allir, að tilgangurinn með búnaðarmálasjóði var að styrkja búnaðarsamböndin. En það, sem ég ætlaði að ræða um, var ræða hv. 2. þm. Rang. Sú ræða byggðist öll á því að reyna að færa rök að því, að bezt væri, að l. væru eins og þau eru nú. En einustu rökin voru þau, að tvö búnaðarsambönd hefðu lýst sig samþykka þeim í þessari mynd. Það er nú varla hægt að stæra sig af minna, því að þetta eru aðeins 2 af 13. 11 búnaðarsambönd hafa mótmælt, og geta menn af því séð, hverjar eru óskir bænda almennt. Á hinn bóginn höfum við flm. þessa frv. áskoranir frá stjórnum 11 búnaðarsambanda um að flytja þetta mál hér. Varðandi dagskrártill. hv. þm., þá getur þannig löguð afgreiðsla ekki byggzt á öðru en því, að álit bænda almennt væri þveröfugt við það, sem það er. Hv. þm. sagði, að þetta væri mál Framsóknar og það styddu það ekki aðrir en framsóknarmenn. Ég get nú búizt við, að hann telji okkur hv. þm. Borgf. svarta sauði í flokknum. *(ÓTh:* Ekki tel ég það.) En mér þykir ólíklegt, að hv. þm. Barð. verði talinn meðal svörtu sauðanna, en svo sem menn muna, var hann einn af aðalstuðningsmönnum málsins í fyrra og barðist ötullega fyrir því í Ed. Sýnir þetta, hve mikið er á ummælum hv. þm. að byggja.

Bjarni Ásgeirsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að taka þátt í þessum umr. meira, en ummæli hv. þm. A-Húnv. gáfu tilefni til að biðja um orðið. Hv. þm. mótmælti því, að hér væri um ofbeldi að ræða, en slíkt hefur ekki nokkru sinni verið sýnt á landi þessu þau 20 ár, sem ég hef setið á þingi, og ég veit ekki til, að slíkum aðferðum hafi verið beitt af neinum nema Hitler og Mússolini. Þessu er neitað með því, að sagt er, að bændum sé sjálfum falið að skipta fénu, en hér er nú reyndar öllu snúið öfugt. Það, sem felst í þeim breyt., sem við viljum fá á l., er að bændur ráði því sjálfir, hvað þeir gera við féð, en Alþ. geti ekki notað það til þessa eða hins. Ég álít það meginvillu, að meiri hluti bænda vilji hafa l. eins og þau eru nú, því að þá eru þeir ekki einráðir um, til hvers skuli verja fénu. En samkvæmt till. okkar fá þeir sjálfir að ráða, en hv. þm. virðist ekki treysta þeim til þess, því að það er tekið af þeim aftur og þeir verða ómyndugir síns fjár. En vantraustið á bændum kemur enn greinilegar fram í grg. hv. þm. A-Húnv., þar sem hann talar um snakkfundi bænda, fundi, sem ekki mætti hafa að neinu. Ég segi bara það, að svona aðferðir væru hliðstæðar því, að menn úr verkalýðsfélögum kæmu til Alþ. og bæðu það að taka eitthvað af fé verkamanna og verja því til einhvers, sem verkamenn ekki kjósa. Ég gæti vel trúað þessum hv. þm. til þess, ef þeir þyrðu að kúga verkamenn, en munurinn er sá, að verkamenn þora þeir ekki að kúga, en bændur þora þeir að kúga. Þeim hefur tekizt að villa svo um fyrir miklum hluta bænda, að þeir halda, að þessum mönnum sé óhætt að treysta, en mér kæmi ekki á óvart, þó að augu bænda opnuðust fyrir því fyrr eða seinna, hvaða leik er hér verið að leika og hvað hér er á ferðinni.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 37. fundi í Nd., 13. des., var frv. tekið til frh. 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 38. fundi í Nd., 16. des., var enn fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Rökst. dagskráin frá 2. þm. Rang. samþ. með 15:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÁkJ, ÁÁ, EmJ, GÞ, GTh, HB, IngJ, JóhH, JJ, KTh, LJós, ÓTh, SG, SK, StJSt.

nei: StgrSt, BÁ, EystJ, GSv, GÞG, HelgJ, JS, JörB, PÞ, PO, SigfS, SkG, BG.

SB greiddi ekki atkv.

6 þm. (EOl, FJ, HÁ, HermG, JPálm, SEH) fjarstaddir.

1 þm. gerði grein fyrir atkv. sínu:

Sigurður Bjarnason: Ég hef í allri meðferð þessa máls hér í hv. þd. viljað sem minnst afskipti hafa af máli þessu. Ég er sömu skoðunar nú og ég var á síðasta Alþ. um þetta mál. Ég greiddi ekki atkv. um málið sjálft á síðasta þingi. — Ég mun halda afstöðu minni óbreyttri gagnvart þessu máli, sem ég hafði á síðasta þingi til þess, og ekki taka þátt í meðferð þess við atkvgr. En ég tel samt ekki rétt að varna málinu þinglegrar meðferðar. — Ég greiði ekki atkv.

2. Þingsköp Alþingis (frv. GÞG).

Á 5. fundi í Nd., 24. okt., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 115 19. nóv. 1936, um þingsköp Alþingis (þmfrv., A. 22).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 25 shlj. atkv.

Flm. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Í þessu frv. felast tvær breyt. á gildandi þingsköpum. Hin fyrri er fólgin í því, að hafi útvarpsumræða verið ákveðin, geti umr. farið fram bæði á undan og eftir útvarpsumræðum. Er þessi brtt. flutt í tilefni af því, að forseti Sþ. hefur nýlega úrskurðað, að skilja beri gildandi þingsköp þannig, að umr. geti ekki haldið áfram að útvarpi loknu. Hin síðari er, að gert er ráð fyrir, að minni hluta í þingflokkum sé veittur viss réttur við útvarpsumræður. Það er augljóst, að ef sú regla, sem gilt hefur, fær að haldast óbreytt, þá getur það orðið til þess að skerða alvarlega málfrelsi þingmanna, ef skoðanir innan flokka eru skiptar. Ef meiri hluti flokks eða stj. hans vildu koma í veg fyrir, að tilteknir þm. tækju til máls, þyrftu þeir ekki annað en að óska útvarpsumr. um málið og ákveða, að aðrir en þeir skyldu tala. Samkv. núverandi þingsköpum er m. ö. o. ekkert því til fyrirstöðu, að flokkstj. geti varnað vissum þingmönnum að taka til máls við umr. Þetta er varhugavert og hættulegt. Hingað til mun það sjaldan hafa komið fyrir, að síðustu umr. hafi verið útvarpað, en það átti sér stað í „flugvallarmálinu" svo nefnda. Aukaþing var kallað saman með stuttum fyrirvara, og urðu margir þm. síðbúnir, t. d. ég, sem var utan lands og náði því ekki í 1. umr. málsins. Síðari umr. var svo útvarpað og átti ég ekki kost á að taka til máls um málið. Ég flutti ásamt öðrum brtt., en umr. var útvarpað og umr. ekki um málið eftir það, og gátum við því ekki mælt með brtt. okkar. Þegar okkur var þetta ljóst, reyndum við að koma fram með grg., en var hafnað. Við gátum því engum skýringum komið á framfæri, hvorki mælt með till. okkar munnlega né skriflega. Þarf ekki að taka það fram, að slík vinnubrögð eru mjög varhugaverð og afleiðingarnar skaðsamlegar þingræðinu.

Samningamenn þingskapanna hafa tekið mikið tillit til utanflokkamanna, svo að utanflokkamaður á rétt á ræðutíma til hálfs á við hvern þingflokk, þó til samans, ef fleiri eru utanflokkamenn en 2, ekki lengri ræðutíma til samans en hver þingflokkur. En þeim skeikaði mikið, er þeir tóku ekkert tillit til þess, að flokkar eru ekki ávallt sammála innbyrðis. Menn skiptast í flokka eftir afstöðu og viðhorfi til grundvallaratriða þjóðskipulags og afstöðu til stétta og ýmsum hagsmunum.

Það er augljóst, að til eru mörg önnur mál en þau, sem snerta þann grundvöll, sem flokkaskiptingin byggist á, t. d. menningarmál. Um þau hafa oft skapazt miklar deilur í þinginu, og fer því fjarri, að flokkarnir hafi ávallt verið innbyrðis sammála. Sama gildir og um ýmis utanríkismál, að þá er flokkaskipun önnur en venjulega. Væri meiri hluti flokka eða flokksformenn á einu máli um, að minni hlutinn fengi ekki að láta skoðun sína í ljós, gera þingsköp það kleift, eins og nú er, en ég tel þetta mjög hættulegt þingræðinu. Flugvallarsamningurinn, sem lá fyrir síðasta aukaþingi, er þess eðlis, að ekki er óeðlilegt, þó að venjuleg flokkaskipun raskist í afstöðunni til hans, og þannig getur farið um ýmis mál. Og er þá rétt að meina minni hlutanum að láta álit sitt koma fram? Ég get látið þetta nægja sem rökstuðning fyrir þessu frv.

Ég vil benda á, að um stórmál geta myndazt minni hlutar innan flokkanna, svo stórir, að ranglátt væri, að ekkert kæmi fram frá þeim við útvarpsumr. Hér er því lagt til, að ef flokkur klofnar um mál og sé því lýst yfir við forseta, sé skylt að veita minni hlutanum rétt til að tala í ræðutíma flokksins í hlutfalli við tölu þm. í minni hlutanum, þó aldrei lengur en ⅓ af ræðutíma flokksins.

Þingsköp, eins og þau eru nú, eru ekki byggð á anda sanns lýðræðis, því að ekki er eðlilegt tillit tekið til minni hluta, sem kunna að myndast í afstöðu til einstakra mála. Aftur á móti eru þingsköp frjálsleg, hvað snertir rétt flokka. Flokkur, sem á aðeins einn þm., fær jafnan ræðutíma og flokkur, sem á 40 þm. Og einn utanflokksmaður fær ½ ræðutíma á við stóran þingflokk. Þingsköpin eru nú ranglát, því að allt að tíu manna minni hluta, sem myndazt getur, eins og flokkaskipt-

ing er nú, væri hægt að meina alls réttar við sérstök tækifæri.

Ég læt svo nægja að vísa til grg. fyrir frv. Frv. er komið fram vegna umr. um flugvallarmálið á síðasta aukaþingi. Þá kom það í ljós, að þingsköp eru gölluð, því að þm. var bannað að taka til máls. Þá kom það fram, að réttur minni hl. var skertur. Í mínum flokki var það svo, að við, sem vorum í minni hl., fengum ekki að gera grein fyrir skoðunum okkar. Að þetta var hægt samkv. þingsköpum tel ég varhugavert og þingræðinu sjálfu skaði að því.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til allshn. með 24 shlj. atkv.

Á 79. fundi í Nd., 21. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 22, n. 426).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Frsm. (Jörundur Brynjólfsson): Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta mál. Ég get látið nægja að skírskota til nál. á þskj. 426.

N. taldi ekki rétt að fallast á þessa breyt. á þingsköpum Alþ., án þess að frekari íhugun fari fram en n. hefur haft aðstæður til að gera, og því vill n. leggja til, að frv. verði vísað frá með rökst. dagskrá, sem er á þskj. 426. N. er yfirleitt þeirrar skoðunar, að rétt sé, að með nokkru meira frjálslyndi verði um þetta búið en nú er ákveðið í þingsköpum. En þá breyt. er þó aðeins hægt að gera, eftir að náin athugun hefur farið fram, en eins og tekið er fram í nál., telur n. æskilegt, að ríkisstj. láti slíka athugun fara fram fyrir næsta Alþ.

Hermann Guðmundsson: Herra forseti. Ég vil aðeins með nokkrum orðum gera grein fyrir þeim fyrirvara, sem ég hef um afstöðu til þessa máls.

Ég er hv. flm. að mestu sammála um það, að eins og nú er búið um þessi mál, sé það of þröngt. En ég gat fallizt á það, að málið yrði rannsakað betur, og því skrifa ég undir þetta nál. og get fallizt á þá rökst. dagskrá, sem n. flytur, að „í því trausti, að ríkisstjórnin láti fara fram fyrir næsta Alþingi nákvæma athugun á ákvæðum þingskapa um útvarp, þykir deildinni ekki ástæða til að samþykkja frv. og tekur fyrir næsta mál á dagskrá." Það er gert í þeirri trú, að þetta mál verði athugað betur og að rýmra verði um flokkana en verið hefur, svo að það verði ekki hindrað, að menn geti látið í ljós skoðun sína í jafnþýðingarmiklu máli og flugvallarsamningurinn var.

Ég er því sammála flm., að rétt sé að breyta þessum ákvæðum, en rétt að athuga það nokkru nánar.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Ég er n. þakklátur fyrir þær undirtektir, sem málið hefur fengið í henni. Mér virtist á þeim, sem töluðu, að þeir væru sammála um, að í þessu máli væri þörf breyt. og að minni hl. flokka ætti kröfu á að láta rödd sína heyrast. Á hitt atriðið var hins vegar ekki minnzt, að umr. mættu halda áfram, eftir að útvarpsumr. er lokið.

En frv. þetta er tvíþætt. Í fyrsta lagi felst það í því, að umr. haldi áfram, þó að útvarpsumr. séu, og að minni hl. hafi nokkurn rétt, og þó takmarkaðan. Ég get vel fallizt á það, að þetta atriði sé athugað nánar, en hitt atriðið hefur n. leitt hjá sér. Eins og menn muna, var útvarpað síðari umr. um flugvallarsamninginn í haust. Þá átti ég þess engan kost að mæla með brtt., sem ég flutti, þar sem um þál. var að ræða, en um þær eru ekki nema 2 umr. En fram hjá þessu atriði virðist n. hafa gengið, en um hitt atriðið get ég fallizt á, að nánari athugun fari fram á málinu, og er þakklátur n. fyrir undirtektirnar.

Jón Pálmason: Herra forseti. Mér þykir ástæða til að segja örfá orð, áður en þetta mál fær endanlega afgreiðslu hér í d. Flm. getur þess, að þetta frv. sé flutt vegna afgreiðslu flugvallarsamningsins í haust.

Ég vil lýsa ánægju minni yfir því, að hv. 4. þm. Reykv. hefur flutt þetta mál, því að með því hefur hann fallizt á, að úrskurður minn í því máli hafi verið réttur. Hitt er svo annað mál, að þetta er vandleyst, þegar svo stendur á sem um þetta mál. Um þál. mega aðeins vera 2 umr., og því erfitt, þegar þarf að útvarpa annarri. Allt öðruvísi stendur á um frv., og þá hefur verið venja að útvarpa 1. eða 3. umr.

Ef svo virðist, að ástæða sé til þess að breyta núgildandi þingsköpum um þetta atriði, þá virðist mér helzt, að það verði að hafa önnur ákvæði um þál. en frv., og ef um frv. hefði verið að ræða, hefði sá ágreiningur aldrei orðið, sem varð í haust.

Hvað því viðvíkur, ef flokkar eru klofnir, þá held ég, að erfitt verði að taka tillit til þess og fyrirbyggja um leið, að ekki sé klofningur hafður að yfirskini, og þá held ég, að það verði erfitt að komast hjá því, að meiri hl. flokksstj. verði að ráða því, hverjir taka til máls við útvarpsumr., því að það yrði erfitt viðfangs, ef flokksmenn færu að deila innbyrðis. Skal ég svo ekki hafa þessi orð fleiri.

Hermann Guðmundsson: Herra forseti. Það er aðeins stutt aths. viðvíkjandi því, sem hv. flm. sagði, að n. hefði gengið fram hjá öðru atriði frv.

Síðast í nál. er tekið fram, að Hermann Guðmundsson óski þess getið, að hann telur afgreiðslu þess máls, sem flm. frv. vitnar í, flugvallarmálsins, hafa verið óviðunandi og að rétt sé, þó að útvarpsumr. um eitthvert mál sé lokið, þá geti almennar umr. um það haldið áfram á Alþ. Það, sem þarna segir í nál., er yfirlýsing frá mér um skoðun mína á því atriði frv.

ATKVGR.

Rökst. dagskráin á þskj. 426, frá allshn., samþ. með 19 shlj. atkv.

3. Iðnskóli í sveitum.

Á 13. fundi í Sþ., 18. nóv., var útbýtt frá Ed.: *Frv. til l. um iðnskóla í sveitum* (þmfrv., A. 113).

Á 16. fundi í Ed., 20. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. Deildin leyfði með 11 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Hermann Jónasson): Herra forseti. Þetta frv. var flutt hér á síðasta reglulegu Alþ. og komst þá til n. Það var þá allmikið rætt, svo að það er þessari hv. d. vel kunnugt, og þarf þess vegna ekki að hafa um það neina verulega framsögu. Ég vil aðeins segja það, að þegar þetta frv. var flutt, þá bjóst ég naumast við, að það fengi jafneinróma meðmæli og það fékk hjá teiknistofu landbúnaðarins og Landssambandi iðnaðarmanna. Frv. fylgir grg. sú, er með því var síðast, og enn fremur meðmæli frá teiknistofu landbúnaðarins og Landssambandi iðnaðarmanna. Landssambandið gerði að vísu ýmsar aths. við frv. og stakk upp á breyt., sem sumar hverjar eru þannig, að ég er þeim ekki mótfallinn, eins og t. d. það að hafa skólana ekki svona stóra í sniðum, eins og gert er ráð fyrir í frv., vegna þess að þeir telja, að smíðastofur fyrir allt að 400 menn, eins og gert er ráð fyrir í frv., séu of stórar til þess, að hægt sé að reka þær með hagkvæmum hætti. Þetta frv. fékk samt sem áður ekki afgreiðslu á síðasta þingi. Ég hygg, að það hafi verið mest fyrir það, að ekki hafi unnizt tími til vegna ýmislegra anna að rannsaka, hvað þetta mál er stórt og nauðsynlegt.

Ég hygg, að ekki þurfi að lýsa fyrir hv. d., hvað mikil nauðsyn er, þegar við erum á öllum sviðum að tileinka okkur nýja tækni á öllum sviðum til sjávar og sveita og í iðnaði, að koma upp skólum eins og þessum, þar sem möguleikar eru fyrir unga menn að afla sér tæknikunnáttu. Og þótt það sé sérstaklega ætlazt til, að þetta frv. megi verða til þess að auka tæknikunnáttu þeirra manna, sem annast eiga húsasmíðar í sveitum, og það sé eitt af því, sem er einna mest aðkallandi nú, þá efast ég ekki um, að það eigi eftir að koma fleiri skólar hér á landi, hliðstæðir þeim, sem hér er gert ráð fyrir, að samþ. verði. Ég segi þetta vegna þess, að ég get bætt því við þær röksemdir, sem liggja fyrir í grg. um þetta frv. og voru færðar fram á síðasta reglulegu Alþ., þegar þetta frv. var flutt, að einn af kunningjum mínum, sem þurfti að útvega skólavist erlendis manni, sem var útskrifaður úr menntaskólanum, en hafði ekki fengið þá einkunn í stærðfræði, sem til þess þarf að komast inn í háskólann, hann minntist á þetta við mig. Ég nafngreini hann ekki, en hann er öllum hv. þm. vel kunnur. Hann sagðist hafa leitað á Norðurlöndum um skólavist fyrir þennan unga mann. Þá fékk hann bækur um þessa skóla, og í Noregi einum skipta þeir skólar nokkrum tugum, sem eru hliðstæðir þeim skólum, sem hér er gert ráð fyrir. Við erum áreiðanlega einstakir og einhliða Íslendingar með okkar skólamenntun að því er þetta snertir, þó að við að sjálfsögðu höfum ýmsa tækniskóla, sem ég þarf ekki að rekja hér fyrir þessari hv. d. Við höfum tekið upp, eins og kunnugt er, héraðsskóla í sveitum, húsmæðraskóla og búnaðarskóla, en þessi hlið málsins hefur verið stórkostlega vanrækt, svo að ekki sé sagt algerlega vanrækt. Við vitum allir, að þeir möguleikar, sem menn nú eiga á því að afla sér menntunar á þessu sviði, og þær leiðir, sem nú eru opnar, eru þannig, að þær má telja lokaðar a. m. k. að hálfu leyti. Þess vegna efast ég ekki um, að á þessum skólum er eins mikil þörf og á nokkrum skólum, sem eru hér á landi.

Ég sé ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta frv., en vona og ég veit, að ef það er tekið til vandlegrar íhugunar, þá hlýtur það að ná samþykki allra þm.

Ég hygg, að málið hafi á síðasta Alþ. verið í iðnn., og óska ég, að því verði vísað þangað að lokinni þessari umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til iðnn. með 9 shlj. atkv.

Á 79. fundi í Ed., 24. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 113, n. 420 og 423).

Frsm. meiri hl. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Þetta mál var fyrir hv. d. á síðasta aðalþingi, og var þá afgr. frá meiri hl. allshn. með rökst. dagskrá. Nú hefur n. fengið þetta mál á ný til umhugsunar, og hún hefur heldur ekki í þetta skipti getað orðið sammála um afgr. þess. Málið hefur þó verið rætt mjög gaumgæfilega á mörgum fundum n. Þar að auki hefur það verið sent til ýmissa aðila iðnstéttanna, og er umsögn þeirra aðila prentuð hér sem fskj. með nál. á þskj. 423.

Minni hl. n., hv. 1. þm. N-M. (PZ), vildi leggja til, að frv. væri samþ. með nokkrum breyt. Á þetta sjónarmið gat meiri hl. n. ekki fallizt, og liggja til þess þau rök, er ég skal greina.

Það er þá í fyrsta lagi, að á meðan iðnfræðslan almennt byggist á því, að iðnnemar læri hjá meisturum, eins og iðnlöggjöfin gerir ráð fyrir, allt að því fjögur ár, þá getur meiri hl. n. ekki fallizt á það að raska þeim grundvelli, sem öll iðnlöggjöfin í landinu er byggð á, en það er í raun og veru gert með þessu frv.

Í öðru lagi getur meiri hl. n. ekki fallizt á að stuðla að því, að sveitirnar fái aðra og lakari iðnaðarmenn en kauptaðirnir eða landið almennt, en að því er bókstaflega stefnt með þessu frv., þar sem hugsað er, að nemendur frá þessum skóla starfi ekki einungis í sveitum, heldur líka í þorpum með undir 300 íbúa, en hafi ekki réttindi til þess að starfa sem fullgildir iðnaðarmenn á hvaða stað sem er á landinu.

Meiri hl. n. getur ekki fallizt á, að hús, sem byggð eru í sveitum, sumpart fyrir fé þegnanna sjálfra, en sumpart fyrir fé ríkisins, eins og nú á sér stað með fjöldamargar byggingar í sveitum,

séu byggð undir umsjá þeirra manna, sem hafa miklu minna nám og þar af leiðandi lakari hæfni til þess að standa fyrir byggingu heldur en almennt er gert ráð fyrir samkv. iðnlöggjöfinni.

Þá telur n., að sá fjöldi, sem árlega kæmi frá þessum skóla, sem hér er gert ráð fyrir, mundi fljótt dreifast út um landið, og það væri ógerningur að halda jafnmörgum mönnum í sveitunum aðeins, og það mundi valda ýmsum erfiðleikum í sambandi við iðnaðarmenn, og að því vill n. ekki stuðla, að svo verði.

Að síðustu vill svo meiri hl. n. benda á, að kostnaðurinn við að koma upp slíkum skóla, sem hér er farið fram á, er gífurlegur, þar sem ætlazt er til þess, að þarna séu svo og svo margir í heimavist. Það mundi kosta stórfé að byggja slíkan skóla og verkstæði, sem þarf í sambandi við hann. Og með tilliti til þeirra réttinda, sem gert er ráð fyrir, að þessi skóli veiti, þykir meiri hl. n. ekki rétt að leggja til, að komið verði upp slíkum skóla.

Umsagnir viðkomandi aðila, m. a. frá Landssambandi iðnaðarmanna, og fleiri umsagnir hníga allar í sömu átt, að þeir telja ekki rétt, að slíkum skóla sem þessum verði komið upp, og í því sambandi vil ég leyfa mér að vísa í fskj. 1, frá Landssambandi iðnaðarmanna. Það telur, eins og meiri hl. n., að það séu á þessu svo margháttaðir erfiðleikar, að ekki sé ráðlegt að leggja út í slíkt.

Umsögn frá iðnsveinasambandinu fer í sömu átt, og sama má segja um umsögn frá iðnnemasambandinu, sem leggur á móti því, að frv. verði að l. Umsögn þess er á fskj. 2. Iðnsveinasambandið bendir á það á fskj. 3, að ef á frv. væru gerðar stórar breyt., þá væri hér um merkilegt mál að ræða. En til þess að hægt væri að leggja til, að frv. yrði samþ., þyrfti helzt að setja n. til þess að athuga málið miklu meir en gert hefur verið. Mér skilst á þessum umsögnum, að ef fara á að breyta þessu, þá þurfi í raun og veru að gerbreyta fræðslukerfinu þannig, að almennt sé farið að kenna iðnir í skólum landsins, en ekki hjá meisturum, og ef það væri gert almennt, horfir málið öðruvísi við, en þá þarf málið miklu meiri undirbúning en það hefur fengið á þessu stigi. Að síðustu er það fskj. 4. Það er umsögn trésmíðameistara á Akureyri, sem iðnn. hefur verið sent, án þess að hún óskaði eftir henni. En það þótti rétt að láta það skjal fylgja með.

Þegar mál þetta var afgr. á síðasta aðalþingi, þá var vísað til l. nr. 26 13. jan. 1938, um bændaskóla, um heimild til þess að taka upp kennslu við þá skóla í mörgum greinum, sem ætlazt er til, að kenndar séu samkv. þessu frv. Og þá var á það bent, að það væri innan handar fyrir hæstv. ríkisstj. að láta auka svo þá kennslu, að það mætti inna þar af hendi mikinn hluta af því, sem hér er ætlazt til með þessu frv. Þá hafa einnig verið samþ. l. nr. 38 7. maí 1946, þar sem gert er ráð fyrir að koma upp verknámsdeildum við héraðsskólana, og er ætlazt til, að kennt verði nokkuð af þeim smíðum, sem gert er ráð fyrir í þessu frv.

Sé það aðaltilgangur frv. að gera menn búhaga í sveitum landsins, þá virðist hægt að ná þeim árangri samkv. þessum l., sem þegar eru fyrir hendi, og þarf því ekki ný lagafyrirmæli til þess að framkvæma það. En sé það tilgangur frv. að koma upp iðnaðarmannastétt, sem kann miklu minna heldur en nú er krafizt samkv. núgildandi l., þá er ekki hægt að ná þeim tilgangi nema með því að setja upp slíkan skóla, en það telur meiri hl. n. ekki til bóta á neinn hátt, hvorki fyrir sveitir landsins né fyrir landið yfirleitt, og meiri hl. n. er algerlega á móti því, að inn á þá braut verði lagt.

Það hefur svo ekki verið tekin nein endanleg afstaða til þess í n., hvort rétt væri að stuðla að því að gerbreyta fyrirkomulagi um kennslu í iðnaði í sambandi við þetta mál.

En ég vil í þessu sambandi benda á, að nú liggur fyrir þinginu frv. um breyt. á iðnlöggjöfinni. Og eftir því sem ljóst er um fylgi fyrir því á þessu stigi málsins að gerbreyta fyrirkomulagi um iðnfræðslu í landinu almennt, svo sem gert er ráð fyrir í þessu frv., þá virðist meiri hl. n. meðal annars af þeim ástæðum ekki rétt að mæla með því, að þetta frv. verði samþ. Meiri hl. n. leggur því til, að frv. verði afgr. með rökst. dagskrá, eins og kemur fram á þskj. 423.

Frsm minni hl. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti. Ég gat ekki orðið sammála meðnm. mínum um afgr. þessa máls. Ég get að vísu viðurkennt það sjónarmið, að það gæti vel komið til mála að vísa öllum breyt. við iðnlöggjöfina, bæði því, sem í þessu frv. felst, og þá ekki síður því, sem felst í frv., sem áður var búið að samþ. hér í hv. d., um iðnfræðslu, frá á þessu stigi málsins með tilliti til þess, að n. situr á rökstólum, er skipuð var 1941 til þess að samræma alla skólalöggjöf í landinu. Frá þeirri n. hefur komið í þingið gegnum hæstv. ríkisstj. og menntmn. d. heill bunki af frv. Þó er það nú svo, að hún á eftir nokkurn hluta af fræðslunni í landinu og þar á meðal alla iðnfræðsluna. Við vitum það um störf þeirrar n. og að Sigfús Sigurhjartarson og Ingimar Jónsson voru settir í n. til þess að athuga um það, hvernig ætti að haga iðnfræðslunni og hvernig hún gæti bezt fallið inn í heildarskólakerfið.

Þegar l. um iðnfræðslu voru hér til afgr., kom ég með rökst. dagskrá um það, að beðið væri álits þessarar n. Þá var þessi hv. d. á móti því, og dagskrá mín var felld. Þess vegna tel ég, að hér eigi líka að ganga það sama yfir og að það komi þá ekki til mála að fara að vísa þessu frá, því að fyrst deildin afgreiðir áfram mál, sem svona var ástatt um, á líka að afgreiða þetta. Og ég tel, að það, sem er höfuðefni þessa frumvarps, sé, að þetta eigi að kenna í skólum, en hverfa frá því að láta meistarana hafa iðnnema sem vinnuþræla, en kenna þeim lítið, — þá stefnu eigi að taka upp í heild sinni, bæði í kaupstöðum og sveitum. Þess vegna virðist sú meginhugsun, sem í frv. felst, vera alveg rétt, þó að hún sé ekki útfærð hér nema að því, er sveitirnar snertir. Og að það er ekki gert, er af þeirri ástæðu, að þar, í sveitunum, er

þörfin fyrir iðnaðarmenn — ekki búhaga menn, því að þeir eru þegar til um allt landið, og mönnum er hjálpað til þess að verða búhagir, m. a. með kennslu í bændaskólunum, því að þar eru kennd handverk nokkra klukkutíma á viku hverri — heldur vantar okkur þá menn í sveitirnar, sem geti staðið fyrir húsabyggingum. Og það er það, sem á að ná með þessum væntanlega skóla, að útvega þá menn. Ég tel, að þessi nauðsyn sé brýn, og brýnni nú heldur en nokkurn tíma áður. Það liggur fyrir, að það eru ákaflega mörg býli á landinu, sem svo er ástatt um byggingar á, að það þarf að byggja upp á þeim, og þó eru hin býlin enn þá fleiri, þar sem þarf að gera viðbótarbyggingar og breyta byggingum vegna þeirra breyt. á búnaðarháttum, sem nú eru að verða um nokkuð stórt svæði á landinu, þar sem menn eru meira og minna að hverfa frá sauðfjárbúskap og fara inn á kúabúskap, og vantar víða tilfinnanlega útihús í sambandi við þá breyt. Til þess að standa fyrir byggingum í sveitum vegna þessarar breyt. á búskapnum er ákaflega brýn þörf á mönnum. Og það er fyrst og fremst sú þörf, sem ég vil láta iðnskóla í sveit leysa. Þess vegna taldi ég, að þetta frv. ætti að samþykkjast. — Kostnaður við þetta mál er að vísu nokkur í framkvæmd. En það er hugsað þannig hér í frv., að fengið sé fé til þess að láni og skólinn sjálfur rísi undir láninu, þannig að skólinn þurfi ekki að kosta ríkissjóð beint útlagt fé í peningum. Þess vegna er það misskilningur hjá hv. frsm. meiri hl. n., að þetta þurfi að verða svo ákaflega dýrt. — Ég tel þess vegna, að þetta frv. eigi að samþ. En hins vegar tel ég, að það þurfi að gera á því nokkrar breyt. Ég tel, að breyta þurfi nokkuð ákvæðunum um hina bóklegu kennslu, sem hér er gert ráð fyrir. Ég tel ástæðu til að leggja meiri áherzlu á húsasmíði heldur en í frv. er gert í kennslu á þessum skóla. Fleiru álít ég, að þurfi að breyta, og ég mun koma með brtt. við frv., ef það sýnir sig, að meiri hl. þessarar hv. d. vill afgr. frv. sem l., en ekki með rökst. dagskrá. Ég tel á því ákaflega brýna þörf að fá iðnlærða menn út um sveitir landsins og því sé brýn þörf á að fá þessa stofnun, sem geti gert þessa menn hæfa í því starfi, sem þeim er ætlað að vinna. Þess vegna vil ég samþ. þetta frv. með þeirri breyt., sem ég mun koma með við 3. umr., ef hv. þd. fellst á að afgr. ekki málið með rökst. dagskrá. En ég sé ekki ástæðu til að koma með brtt., meðan ekki er séð, hvernig fer með þá dagskrártill.

Hermann Jónasson: Herra forseti. Þetta frv. liggur nú hér fyrir í annað sinn eftir að vera afgr. með rökst. dagskrá í fyrra, og þá með dagskrá á þá leið, að þeir, sem samþ. hana, vonuðust eftir, að málið yrði afgr. af milliþn. En nú er lagt til að vísa málinu frá með þeim röksemdum, að það þurfi ekki frekari afgreiðslu og því eigi að vísa því frá fyrir fullt og allt.

Ég er undrandi yfir því, hvaða fjandskap eða þrákelkni þetta frv. mætir hér á hæstv. Alþ. Því að það er nokkurn veginn víst, að þó að það dragist í eitt, tvö eða þrjú ár að samþ. þetta frv. eða annað í sömu átt, þá verður ekki ráðin bót á aðkallandi þörf fyrir sveitirnar, nema með því að taka upp aðferðir, sem gert er ráð fyrir hér í þessu frv., um kennslu í iðngreinum, sem þar koma til greina. Hvernig hugsa hv. þm. sér að leysa vanda þeirra ungu manna í sveitunum, sem vilja fara í iðnaðarnám? Það er vitað, að mjög mikil tregða hefur verið á því að geta komið mönnum til iðnaðarnáms, því að meistarar hér í Reykjavík og annars staðar eru ófáanlegir til þess að taka nema ákveðna tölu nemenda til iðnaðarnáms, og þar með er ekki um neitt iðnaðarnám frekar að ræða. Og það kemur mjög sjaldan fyrir, að hægt sé að koma pilti utan úr sveit til iðnaðarnáms hér í Reykjavík, nema með því móti, að hann eigi kunningja hér til aðstoðar. Ég þekki þetta vel af eigin reynd. Ég hef staðið í því í hálft annað ár að reyna að koma manni hér til iðnaðarnáms og kom honum loks að fyrir sérstakan kunningsskap. Ég hef líka komizt í það, meðan ég var ráðh., að senda mann — hann var úr Þingvallasveitinni — til Kaupmannahafnar til erlendra iðnfyrirtækja til náms, af því að ekki var hægt að koma honum fyrir til þess hér.

Það er vitað mál, að sá skortur, sem er nú á iðnaðarmönnum í sveitum landsins, er svo stórkostlegur, að það er næstum ómögulegt að byggja upp í sveitum. Við vitum það vel, sem erum að afgreiða lán til endurbygginga og nýbygginga í sveitum, að þeir, sem þar búa, hafa ekki iðnaðarmenn til að vinna að húsbyggingunum í sveitunum. Iðnaðarmennirnir eru fluttir hingað til Reykjavíkur og hafa nægilegt að starfa í kaupstöðunum. Þessi skortur á iðnaðarmönnum til að byggja húsin í sveitunum er svo tilfinnanlegur orðinn, að Alþ. verður með einhverju móti að ráða fram úr þessu vandamáli, ef sveitirnar eiga ekki að leggjast í auðn. Meðan iðnaðarmenn hafa nægilegt að gera hér í kaupstöðunum — og það hafa þeir vonandi fyrst um sinn, ef ekki skellur kreppa yfir þetta land, en þá má búast við, að byggingar yrðu ekki heldur framkvæmdar í sveitum — tel ég einsýnt, að sveitirnar fái ekki iðnaðarmenn til þess að vinna þau störf, sem þær þurfa vegna endurbygginga og nýbýlabygginga. Og þá vil ég spyrja þessa hv. alþm., sem ætla sér nú að afgr. þetta mál að síðustu þannig að vísa því frá með rökst. dagskrá, hvernig þeir ætli sér að ráða fram úr þessum vanda fyrir íslenzkar sveitir. Það væri fróðlegt að fá að vita um það. Það er alveg vitað, að þessi leið, sem bent er hér á, deildirnar, sem eru við héraðsskólana, og það, sem nemendur eiga að læra á þeim skólum verklegt, er engin lausn á málinu fyrir sveitirnar. Það er búið að sýna sig, bæði hér og erlendis, að það að ætla sér að sameina bæði verklegt og bóklegt nám, eins og gert er ráð fyrir í þessum deildum héraðsskólanna, er ákaflega þýðingarlítið. Þó að þar sé einn kennari við hvern slíkan skóla, sem stundar það að kenna verklegar námsgreinar og hefur sem part af sínu starfi að kenna smíðar, þá kann það að koma að nokkru gagni að vísu, en nær alls ekki því, sem ætlað er að ná með því frv., sem ég hef

borið hér fram. Það er satt að segja næsta undarlegt, að við Íslendingar skulum vera svo einkennilega mikið gersneyddir því, sem kallazt getur praktiskt viðhorf til hlutanna og þar á meðal til skóla í landinu, að við eigum héraðsskóla, búnaðarskóla — og húsmæðraskóla, þó að þeir kæmu seinast —, en héraðsskóla, þar sem á að nema allt milli himins og jarðar, en við erum samt sú eina allra Norðurlandaþjóðanna, sem höfum ekki iðnskóla neitt nálægt því, sem þörf er fyrir. Allar hinar Norðurlandaþjóðirnar hafa þessi mál í miklu betra lagi hjá sér, og þar eru í sumum þessum löndum iðnskólar dreifðir víðs vegar um landið. En við höfum tæpast námskeið fyrir menn til þess að læra þar að fara með vélar. Það er verið að setja upp námskeið af Kaupfélagi Eyfirðinga til þess að kenna mönnum að fara með vélar. Það er náttúrlega ágætt, að þetta félag stendur fyrir því. Við hælum okkur af því, að við leggjum fram fimm millj. kr. til endurbygginga og nýbýla í sveitum á ári, en þó skortir byggingamenn í sveitum, og verður bersýnilega ekkert gert til þess að ráða fram úr þeim vandræðum, heldur á bara að afgr. þetta frv. hér með rökst. dagskrá. Þannig á að ráða fram úr þessu máli nú.

Af hreinustu tilviljun fékk ég hjá einum manni hér í bænum gott yfirlit yfir iðnaðarnám í skólum erlendis. Þessi maður á son og hafði leitað fyrir sér um að koma honum í iðnskóla, af því að hann hafði ekki tekið nógu hátt próf í reikningi til þess að geta komizt í háskólann. Hann lánaði mér skýrslur fyrir nokkra iðnskóla — skólakerfi, sem er ekki til hjá okkur, nema að iðnskólinn er til hér í Reykjavík, þar sem iðnnemar hafa í sambandi við þann skóla verið hjá meisturum, þannig að oft og einatt má líkja því við þrælahald. Hvort breyt. á þessu kann að hafa orðið í seinni tíð, veit ég ekki. *(HV:* Það er ekki). Ég fullyrði, að þetta nám, sem á að heita, hjá meisturum er ekkert nám á þessum fjórum árum, ef miða skal við það, sem almennt er kallað að stunda nám í fjögur ár, og ég tek ekkert mark í sambandi við þetta mál á þessum bréfum frá þessum mönnum, sem vilja hafa áfram þau forréttindi að hafa þessa ungu menn í þjónustu sinni, eins og þeir hafa haft þá hingað til. Þessir ungu menn, sem heitir, að séu að læra hjá meisturunum, eru menn, sem vinna mikið af tímanum — a. m. k. framan af þessum 4 árum — við allt annað oft og einatt heldur en það, sem þeir hafa ráðizt til að læra með því að vinna við það. Niðurstaðan verður þá sú, að svo hlýtur að fara, að skólafyrirkomulag verður tekið upp í iðnfræðslunni miklu meir yfirleitt í kaupstöðunum en nú er. Það er sú leið, sem maður verður að fara í þessum málum.

Það er talað um það hér, að sú skoðun, að rísa beri gegn þessu máli, sem hér liggur fyrir, sé vegna þess, að menn séu mótfallnir því að raska iðnaðarfræðslukerfi landsins. Sannleikurinn er sá, að ég hef látið alveg afskiptalaust í þessu frv. það iðnfræðslukerfi, sem gildir í kaupstöðum landsins. Við, sem höfum ekki verið alls kostar ánægðir með iðnlöggjöfina, höfum varið til þess miklum tíma á undanförnum árum að koma í veg fyrir, að sú iðnlöggjöf næði til sveitanna, þannig að ekki mætti byggja hús úti í sveit nema undir eftirliti þessara iðnaðarmanna, sem iðnlöggjöfin löggildir. Og við höldum skiptingunni í þessu frv. þannig, eins og nú gildir, að þessir menn, sem mundu nema samkv. þessu frv., ef að l. yrði, hafi aðeins réttindi til að byggja hús úti í sveitum og minni þorpum. Ég get, satt að segja, ekki séð, hvað þetta kemur iðnaðarmönnum með sín réttindi í kaupstöðunum og stærri þorpum eiginlega við. Það er eðlilegt og mannlegt, að þeir haldi fram í lengstu lög — eins og menn gera um hvaða stéttarhagsmuni sem er, að ég ekki nefni eina stétt fremur en aðra —, það er eðlilegt, að þeir haldi því fram, að það kerfi, sem gilt hefur í þessum efnum, eigi að gilda áfram. En í raun og veru kemur þetta mál, þ. e. það, sem farið er fram á í þessu frv., iðnaðarmönnum í kaupstöðunum ekki nokkurn skapaðan hlut við, vegna þess að þessir menn, sem fá mundu réttindi eftir ákvæðum þess, eiga ekki að hafa réttindi nema á takmörkuðum svæðum, þar sem ekki þarf á lærðum iðnaðarmönnum að halda til þess að standa fyrir byggingum, þ. e. a. s. lærðum að því marki, sem tilskilið er í gildandi iðnlöggjöf til þess, að menn öðlist réttindi til að standa fyrir byggingum í kaupstöðum. Það er nú svo, að ef byggt er fyrir sunnan Fossvogslæk, þarf ekki til þess lærðan iðnaðarmann, sem stafar af þeim ástæðum, sem liggja til grundvallar iðnlöggjöfinni, eins og flestir hér kannast við.

Ég geri ráð fyrir, að margir af þeim mönnum, sem lærðu í þessum skóla, sem frv. gerir ráð fyrir, ef hann væri settur upp, mundu eftir 18 mánaða nám verða miklu færari til þess að standa fyrir byggingum en margir menn, sem unnið hafa í 4 ár hjá meisturum og átt hefur að heita, að væru allan þann tíma við nám, en hafa unnið allt annað mikinn hluta af þessum 4 árum hjá meistara. Ég hygg, að margir af þeim mönnum, sem stundað hefðu þetta 18 mánaða nám í iðnskóla, væru alveg eins góðir sveinar í iðninni eins og hinir frá meisturunum, eins og ég gat um. Og þegar á að bæta úr þeirri þörf, sem nú er fyrir hendi og þetta frv. miðar að að bæta úr, þá er a. m. k. óhætt að fullyrða, að hvort sem þessir menn, sem þarna væru útskrifaðir af iðnskóla samkv. því, sem frv. gerir ráð fyrir, væru betri eða nokkru lakari heldur en þeir, sem læra hjá meisturunum að kalla í 4 ár, en eru mikið af þeim tíma í alls konar vinnu, þá er það víst, að með þeim, sem eftir ákvæðum þessa frv. lærðu, gætu sveitirnar fengið iðnaðarmenn, sem þeim kæmu að fullu gagni. Og væri það fyrir sveitirnar mjög ólíkt því ástandi, sem nú er, að hafa allmarga slíka iðnaðarmenn, þar sem sveitirnar verða nú að búa við það að hafa algerlega ólærða menn til þess að standa fyrir húsabyggingum, vitanlega til ógurlegs tjóns fyrir land og þjóð, því að þar, sem byggð eru steinhús í sveit af algerlega ólærðum mönnum, þar er margra undirstöðuatriða alls ekki gætt. Þau hús eru byggð eins

og þetta binghús, sem við erum hér í, þar sem engin einangrun er til þess að verja raka úr jörð. Þessir ólærðu menn kunna ekki að hafa rakavörn í húsum. Það er náttúrlega ekki margbrotinn lærdómur að búa út rétta rakavörn. Þannig getur það verið um ýmis fleiri atriði í sambandi við byggingar. En þeir, sem í sveitum búa, fá ekki iðnaðarmenn til þess að sjá um byggingar fyrir sig og verða þess vegna oft að fá til þess menn, sem eru algerlega vankunnandi um ýmis atriði, sem nauðsynlegt er að taka til greina við húsabyggingar.

Mig tekur það í einlægni blátt áfram sárt, að þeir menn, sem fjalla um þetta mál, skuli ekki hafa skilning á því að vilja samþ. frv. nú þegar á þessu þingi. Það er ef til vill nauðsynlegt að gera á því ýmsar breyt. Mér dettur ekki í hug að mótmæla því, og ég hefði verið þakklátur fyrir till. til breyt. á frv. til bóta frá því, sem nú er, því að betur sjá augu en auga. En að kasta frá sér þessu máli, sjáandi það, að sveitirnar vantar iðnaðarmenn, það er ákaflega kaldranaleg afgr., enda þótt vísað sé því til afsökunar til héraðsskólanna, en það er vitað, að þeir geta ekki sinnt þessu hlutverki, sem þessum iðnskóla í sveit er ætlað að sinna. Það hefði verið miklu betra að leggja niður verknámsdeildirnar við héraðsskólana til þess að kenna það verklega við sérstaka skóla í staðinn, þar sem nemendur gætu lagt sig eindregið fram við verklegt nám til þess að geta orðið fagmenn, til þess að skólarnir gætu sinnt þessu hlutverki sínu, svo að gagni kæmi fyrir sveitirnar.

Ég skal svo ekki orðlengja um þetta frekar á þessu stigi málsins. Það mun halda áfram að aukast þörfin fyrir iðnaðarmenn í sveitum landsins. Það mun halda áfram að sýna sig, að það, sem ég held fram hér, er staðreynd, þannig að ekki verður hjá því komizt að ráða fram úr þessum vanda fyrir sveitirnar. Þetta mál mun, þótt vísað verði frá nú, verða flutt hér á Alþ. aftur í einu eða öðru formi og samþ. Það eru margir ungir menn, sem þurfa ekki langt nám til þess að verða ágætir fagmenn, menn, sem eru upplagðir fyrir starfið. En möguleikunum fyrir þessum mönnum mörgum hverjum á að loka, að því er virðist, með því að samþ. ekki þessa leið, sem frv. vísar til, eða einhverja, sem er svipuð og n. hefði átt að benda á í hennar stað. En það er nú stundum svona, að það tekur langan tíma að koma fram góðum málum, og svo virðist ætla að verða í þessu efni. En ég vildi, að ég væri um alla hluti eins viss og það, að ekki verður langt þangað til nauðsynin kallar svo að um þetta mál, að það verður samþ. hér á hæstv. Alþ.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Ég er sannfærður um það, að þetta er allmerkilegt mál, sem hér er á ferð. Mér finnst það benda á einhverja linku í störfum Alþ., þegar máli eins og þessu er vikið frá afgreiðslu þingsins ár eftir ár. Ég held, að það sé ekki hægt að skýra það með öðru en því, að vandanum við að búa svona mál í heppilegt form sé vikið frá sér af einhverri tregðu við að leggja það á sig. Það er vafalaust, að eitthvað er hægt að finna að þessu frv., sem hefði þurft að laga. En í þessum fskj., sem hér liggja fyrir með þessu máli, er það fyllilega viðurkennt, að hugmyndin sé góð, sem kemur fram í frv. T. d. í III. fskj. segir svo, með leyfi hæstv. forseta (Þetta fskj. er frá Sveinasambandi byggingamanna): „Teljum vér sjálfa hugmyndina um iðnskóla í sveitum góða og af nauðsyn fram komna.“ En svo hefur þessi aðili ýmislegt að athuga og benda á, sem hann telur standa til bóta í frv., eins og það, að nemendafjöldinn kunni að verða of mikill samkv. frv. vegna þess, hve verkleg kennsla sé plássfrek og plássfrekari en bókleg kennsla o. s. frv., og leggur til, að búsáhaldadeildinni verði alveg sleppt, vegna þess að verkleg kennsla í héraðsskólum og bændaskólum ætti að geta gert menn nokkurn veginn búhaga. En það, sem ég legg mest upp úr í sambandi við fskj. I frá stjórn Landssambands iðnaðarmanna, er það, sem ég vil nú lesa. Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta: „Meðmæli landssambandsstjórnarinnar með frumvarpinu frá 7. febr. 1946 byggist á því, að í stað manna, sem ekkert hafa lært og enga æfingu fengið í iðnaðarstörfum, en taka þó að sér iðnaðarstörf í sveitum og þorpum landsins, oft samkvæmt beiðni opinberra aðila, komi menn, er dálitla tilsögn hafa fengið.“ M. ö. o., þarna er af Landssambandi iðnaðarmanna fyrir ári síðan viðurkennt, að þetta frv., ef að l. verður, bæti úr þessu ástandi. *(SÁÓ:* Er ekki rétt að lesa næstu grein á eftir?) Ég ræð, hvað ég les, hv. þm. Hann getur svo lesið hér á eftir það, sem hann vill í viðbót. En hér er sem sagt miðað að því, að til þess að sjá um byggingar í sveit, skuli í stað manna, sem enga verklega þekkingu hafa til þess eða æfingu, en hafa verið beðnir að sjá um húsabyggingar, jafnvel beðnir þess af hálfu þess opinbera, koma menn, sem þó dálitla þekkingu hafa, eftir að þeir hafa unnið allt að tvö ár undir handleiðslu kennara í skipulögðum skóla. Og ég er ekki sannfærður um, að fjögurra ára nám með öllu fokkinu og öllu sendisveinastarfinu og öllu því, sem alkunnugt er, að fer fram í þessu fjögurra ára námi hjá þessum meisturum — eins og hv. þm. Str. hefur bent á í þessum umr. — ég er ekki sannfærður um, að þetta fjögurra ára nám sé með svo miklum ágætum, að með tveggja ára námi í góðum, skipulögðum skóla yrðu sveinar miklu verr að sér í iðn sinni heldur en þessir sveinar, sem búið er að útskrifa eftir fjögurra ára nám hjá meistara. En ef reynslan sýndi það nú, þá hygg ég, að það lægi beinast við að lengja þá eitthvað námstímann í þessum bóklega skóla, sem frv. er um, eða fækka námsgreinum, eins og Sveinasamband byggingamanna bendir á.

Ég held, að það dyljist engum, að þörfin fyrir endurbyggingu sveitanna er mikil og að það eru ekki fyrir hendi menn með neina fagþekkingu eða iðnréttindi til þess að inna þetta nauðsynlega endurbyggingarstarf af hendi. Og þess vegna ber þjóðfélaginu skylda til þess að bæta þar úr, eins vel og kostur er. Og það væri einmitt að mínu áliti aðferðin til að bæta úr þessu að koma upp slíkum

skóla, sem hér er um að ræða. Það er ekki sæmandi, að það skuli vanta hér byggingar, bæði í kaupstöðum og sveitum.

Iðnaðarmenn í landinu hafa fengið lagalegan stuðning til þess að standa í vegi fyrir því, að ágætir hæfileikar ungra manna á verklegu sviði fái að njóta sín og að þeir fái menntun á þennan hátt. Ameríka gæti sannarlega verið okkur til fyrirmyndar að þessu leyti, og þeir, sem alltaf mæna í vestur og horfa þangað eins og hundtík upp á sinn herra, mættu læra það af Ameríkumönnum að reyna ekki síður að koma mönnum áfram á verklegu sviði heldur en í bóklegum efnum. Ég er þess vegna undrandi á því, að Alþ. skuli ætla að víkja málinu frá sér enn um sinn, þótt viðurkennt sé af iðnaðarmönnum, að hugmyndin sé góð og það sé ágætt, að menn komi, sem nokkra þekkingu hafa, í staðinn fyrir menn með enga þekkingu. Iðnaðarmannasambandið hefur fyrir ári síðan mælt með frv., hvað sem það gerir nú, og útmálað gagnsemi þess.

Ég vil leggja áherzlu á það, að Alþ. slái botn í þetta mál með jákvæðri ályktun. Þörfin er svo rík, að ekkert annað á við. Þm. verða að nenna að vinna að málinu og koma því í eitthvert form.

Frsm. meiri hl. (Gísli Jónsson): Frsm. minni hl. taldi, að ekki kæmi til mála að vísa frv. frá, og færði fyrir því þau rök, að hann vildi taka upp breytta háttu í kennslu í iðnaði almennt, og er þetta út af fyrir sig mál, sem hægt er að tala um, en það er ekki hægt að taka það upp bara fyrir sveitirnar. Það er kannske nær sanni að taka upp kennslu bæði í sveitum og kaupstöðum, en ég vil benda hv. þm. á það, að þeir hafa nýlega sent frv. héðan út úr d., þar sem þeir samþ. að halda uppi þessari kennslu um sinn undir stjórn meistara. Með tilvísun til þessa er ég á móti því að taka upp þessa kennslu í sveitunum. Ég vil, að þm. þekki mismuninn á þessu. Mér heyrðist líka á hv. þm. Str., að hann væri með því að taka upp kennslu í skólum í staðinn fyrir að láta menn nema í 4 ár hjá meisturum. En þá ætti þetta að gilda fyrir landið allt. Frv. um iðnfræðslu lá hér fyrir, og átti þá að taka þetta upp í sambandi við það frv.

Hv. þm. N-M. segir, að okkur vanti ekki búhaga menn. Ef það er réttur skilningur hjá honum, að þessi skóli á ekki að vera til þess að fjölga búhögum mönnum í þessu landi, þá er engin ástæða til að hafa verklega deild við alþýðuskólana eða búnaðarskólana. Mér heyrðist ekki þm. Str. vera á sama máli, því að hann sagði, að menn kynnu ekki svo mikið, að þeir gætu farið með sínar eigin vinnuvélar. Ég veit, að Alþ. hefur lagt fram fé til þess að koma upp vélaverkstæðum út um sveitir landsins, og tel ég því fé vel varið. Ég tel rétta stefnu að vinna að því að gera menn búhaga, þótt þeir geti ekki staðið fyrir að reisa byggingar í sveitum, en sé nóg af búhögum mönnum í sveitunum, er ekki ástæða til að eyða fé til þess að auka þá kennslu.

Það er um það að ræða, hvort á að halda uppi skóla til þess að gera menn búhaga eða hvort á að útskrifa fullgilda iðnaðarmenn fyrir sveitirnar. Það er aðalágreiningurinn, og við teljum, að þessir menn verði ekki nógu góðir fyrir sveitirnar. Hv. þm. N-M. gat þess, að ekki mundi þurfa nema lítið sem ekkert fé úr ríkissjóði til þess að koma þessu upp. Ef þetta er rétt, held ég það verði ekki mikill vandi fyrir aðila í sveitum landsins, í héruðunum sjálfum eða sýslunum að koma þessu upp, sé ekki um annað en ábyrgðina að ræða. Ég held jafnvel, að voldug fyrirtæki, eins og Samband íslenzkra samvinnufélaga eða Kaupfélag Eyfirðinga, mundu geta komið upp slíkum skóla, ef hann á að geta borið sig fjárhagslega. En ég er ekki viss um, að þetta sé rétt, og vil benda á það, að komið hefur verið upp byrjunarvísi að svona skóla á Hólmi, og ég held, að engir nemendur séu dýrari en þeir, sem koma þaðan.

Hv. þm. Str. var undrandi yfir þeim fjandskap, sem þetta frv. mætti á Alþ. Ég vil benda honum á, að það er misskilningur að afgreiðsla málsins sé nokkur fjandskapur við málið sjálft. Það er ágreiningur um það, hvort á að tryggja sveitunum fullkomna iðnaðarmenn eða fúskara. Það er þetta, sem deilt er um milli meiri hl. iðnn. og þeirra, sem eru með þessu frv. Meiri hl. iðnn. lítur svo á, að með þessu frv. sé ekki verið að tryggja sveitunum nægilega góða iðnaðarmenn, auk þess sem hún lítur svo á, að engin vissa sé fyrir því, að þessir menn stöðvist í sveitinni, eftir að búið er að kenna þeim, því að sveitirnar geta ekki tekið á móti þeim öllum saman. Hann spurði, hvað við vildum leggja til. Það er eðlileg spurning. Ég skal benda hv. flm. á það, að í l. um húsagerð í sveitum er í 2. k. samþ. að fara inn á þá leið, sem ég álít langheppilegasta, eins og nú er, að byggingaframkvæmdir eigi að vera á hendi ákveðins aðila, sem hefði möguleika til þess að láta vinna þessi verk í héruðunum í heild. Þetta væru menn með fullkomna þekkingu og fullkomnar vélar. Ég tel, að þetta sé heppilegri lausn á málinu en að útunga svo og svo mörgum fúskurum, en útiloka starfsemi samkvæmt 15.—17. gr. þessara l., og ég vil segja það, að ef fé fengist til þessa, fyndist mér eðlilegt að ræða það, hvort ríkissjóður vill ekki styrkja það. Þessir menn hafa fullkomna ábyrgð, fullkomna þekkingu og fullkomnar vélar. Það sést þá, að ekki sýnum við málinu sjálfu fullan fjandskap.

Það var annað atriði, sem flm. ber fyrir brjósti, sem ekki kemur því við að koma upp byggingum, en það er, hvernig þm. hugsar sér að koma piltum, sem vilja nema, í nám. Það er allt annars eðlis. Nú tek ég það ekki sem sönnun, að ekki sé hægt að koma sveitapiltum í nám hér í Reykjavík, auk þess sem það eru ýmsir aðrir staðir til en Reykjavík. Í öllum þorpunum eru menn, sem hafa öll réttindi til þess að kenna iðnað, svo að ekki þarf að hrúga þeim öllum til Reykjavíkur. En það er annað vandamál: Það er ekki hægt að fá þessa menn til að fara í sveitina aftur. Ég hugsa, að það sé hægt að finna miklu fleiri dæmi, þar sem piltarnir úr sveitinni hafa ekki viljað hverfa heim aftur, heldur en þau, að ekki væri hægt að koma

þeim í iðnað. Iðnaðarmannalöggjöfin nú opnar möguleika til þess, að menn geti fengið aðgang að iðnaðinum miklu fyrr en áður var.

Flm. talaði um skort á iðnaðarmönnum. Ég held ekki, að það sé meiri skortur á iðnaðarmönnum í sveitunum heldur en hér. Hér liggja fyrir tugir húsa, sem eru hálfsmíðuð. Það er skortur á iðnaðarmönnum um allt land, og þess vegna hefur þurft að taka gerviiðnaðarmenn til þess að vinna þessi verk. Þetta er tímabilsástand í landinu. Ég veit ekki betur en verið sé að laga þetta þannig, að ekki verði lagt í meiri mannvirki á hverjum tíma en sem svarar vinnuafli í landinu, og þá kemur til athugunar, hvernig á að haga störfum í hinum ýmsu héruðum landsins, og þá þarf að athuga og gera upp störf þeirra manna, sem taka að sér byggingar og skipulagningar í sveitunum. Það þarf ekki að segja mér, að ekki sé hægt að skipuleggja flokka til þess að framkvæma þessi störf í sveitunum, ef vinnuafl er fyrir hendi. Ég væri fús til að taka upp fulla samvinnu við hv. þm. Str. um það, hvort ekki væri rétt að skipa héraðsbyggingameistara í héruðunum, sem gæfu upplýsingar, stæðu fyrir byggingum og aðstoðuðu við byggingar á hinum ýmsu svæðum. Ég hygg, að þeir mundu á stuttum tíma geta leiðbeint um rakavarnarlagnir o. fl., og mætti undir þeirra stjórn nota meira gervimenn og ólærða menn en gert er nú, því að mér finnst ekki rétt að láta menn með minni þekkingu standa fyrir byggingum í sveitum heldur en í kaupstöðum. Ég teldi, að það mætti hjálpa mikið, ef byggingarfulltrúi væri í héruðunum, sem leiðbeindi á allan hátt og sæi um þessi mál, og vona ég, að þetta verði ekki tekið sem fjandskapur gegn málinu.

Hv. þm. Str. hafði mjög stór orð um það, hvernig tímanum væri hagað hjá meisturum almennt. Hann fullyrti, að þessir menn væru ekkert betri iðnaðarmenn eftir 4 ár heldur en þeir mundu verða úr þessum skóla. Ég vil þó benda honum á það, að til þess að hægt sé að ná þessum árangri á 18 mánuðum, sem þessir menn ná á 4 árum, þarf að binda námið við ákveðið fag, en það er ekki gert. Það eru svo mörg fög, að það eru ekki líkur til annars en að það yrði fúsk, þar sem ætlazt er til, að lærðar séu 10—12 námsgreinar og sumar svo vandasamar, að það þyrfti 18 mánuði fyrir hverja. Svo segir flm., að þetta komi iðnaðarmönnum í kaupstöðum ekki við, en það kemur Alþ. við, hvort verið er að byggja upp fyrir milljónir króna úr ríkissjóði til þess að útskrifa fúskara, auk þess sem það kemur við iðnaðarstétt alls landsins, en ekki eingöngu iðnaðarstétt kaupstaðanna.

Ég vildi benda hv. 3. landsk. (HV) á það í sambandi við það, sem hann las, að hann las ekki allt. Hann tók út úr samhengi, eins og við var að búast. Í bréfi Landssambands iðnaðarmanna segir: „Stjórn landssambandsins telur þá menn, er útskrifast kynnu úr umræddum skólum, ekki kunnáttumenn. Hún telur ekki æskilegt né öruggt að láta þá taka að sér iðnaðarstörf.“ Og er þá rétt að styðja að því, að þessum mönnum sé fallið að byggja upp sveitirnar? Ég tel nú þetta meiri fjandskap við sveitirnar heldur en hitt, sem við sýnum þeim. Þeir segja líka: „Iðnaðarmenn geta þessir menn ekki kallazt og fá engin iðnréttindi, nema þeir geri sér nemendur hjá meistara og læri á venjulegan hátt.“ Þeir eru á þeirri skoðun, að þeir geti ekki lært á svo skömmum tíma, og sérstaklega ekki, þegar þeir eiga að læra svo og svo mörg fög, eins og ætlazt er til.

Ég sé svo ekki ástæðu til að ræða þetta mál frekar. Ég er fús til, eins og ég sagði áðan, að ræða aðferðir, sem geta leyst þetta vandamál, en tel ekki, að frv., eins og það er borið fram, leysi þann vanda, sem þarf að leysa.

Þá kemur til greina sú hugmynd, að ríkið setji upp trésmiðju til þess að smíða allar hurðir og glugga, sem þarf að smíða í opinberar byggingar. Það er vitanlegt öllum, að það er langódýrast að hafa sama form á þessu, og er hugsanlegt að kenna mönnum það í staðinn fyrir að hafa það eins og nú er, en það er mál, sem þarf undirbúning, og þó hv. 3. landsk. vildi væna iðnn. um það, að hún nennti ekki að hugsa málið, þá vil ég segja það, að henni ber náttúrlega ekki skylda til þess að gjörbreyta svo frv., að það þekkist ekki, ekki einu sinni fyrirsögnin, — en þetta er ef til vill leið. Ég veit, að húsameistari, Björn Rögnvaldsson, og jafnvel búnaðarbankinn hafa verið inni á þessari stefnu, að stofna bæri landstrésmiðju, en þá smiðju mi þó ekki setja í sveit. Hún þarf að vera á þeim stað, þar sem ódýrt er að koma hráefni að henni og fullunnum afurðum frá henni.

Sigurjón Á. Ólafsson: Það hefur verið rætt mikið um þetta mál. Flokksbróðir minn, hv. 3. landsk., fann hvöt hjá sér til þess að standa með flm. og mæla með frv., og skal ég ekki segja, hvaða ástæða er þar á bak við. Ég þarf ekki að draga fram þau rök, sem komu fram í n. og meiri hl. n. beygir sig fyrir. Mín undirskrift byggðist á því m. a., að þetta frv. stefnir ekki í rétta átt í iðnfræðslumálum.

Það hafa verið færð þau rök fram sem meðmæli með þessu frv., að ekki væru til menn, sem gætu byggt hús, smíðað húsgögn og annað, sem þarf út um hinar dreifðu byggðir landsins. Ég veit ekki, hve mikil rök eru fyrir þessum fullyrðingum. Undanfarandi ár hafa verið reistar margar byggingar í kauptúnum, þar sem búa undir 300 manns. Auk þess hafa verið byggðar ýmsar opinberar: gagnfræðaskólar og barnaskólar, íþróttahús, sundlaugar, prestssetur og aðrir embættismannabústaðir. Einnig má nefna húsabyggingar til iðnrekstrar. Ég veit, að fyrir þessum byggingum hafa staðið menn með fullkomna iðnþekkingu, og ég veit ekki til, að það hafi verið neinum vandkvæðum bundið að fá menn til þessa. Það, sem flm. á við, eru þá byggingar á einstökum bændabýlum á landinu. Nú veit ég ekki, hvað mikið er búið að byggja af nýtízku byggingum í sveitum landsins, en það eru sumpart skólabyggingar, prestssetur og sumpart aðrar byggingar, þar á meðal íbúðarhús og vönduð peningshús. Ég hef ekki orðið var við ann-

að en það fengjust iðnlærðir menn til þess að stjórna verki við slíkar byggingar. Ég hef heldur ekki orðið var við, að þetta eitt út af fyrir sig hafi staðið sveitunum fyrir þrifum, eins og flm. vildi halda fram.

Það hefur réttilega verð bent á það af flm., að hér hafi verið varið milljónum og aftur milljónum til bygginga á undanförnum árum í sveitum landsins. En það er kaldhæðni örlaganna, að sá maður, sem telur sig fulltrúa sveitanna, skuli stefna að því og beita sér fyrir byggingarframkvæmdum, sem uppfylla ekki þær kröfur, sem almennt eru gerðar til traustleika og endingar, m. a. fyrir vanþekkingu þeirra, sem byggingarframkvæmdunum stjórna. Ég þekki dæmi um það, að það hefur orðið að rífa byggingar eftir 20 ár, sem byggðar hafa verið af slíkum mönnum, og hv. þm. getur ekki sem fulltrúi byggingardeildar og aðalráðamaður banka, sem lánar fé til þess að byggja, mælt með því, að slíkar byggingar rísi upp, sem ekki geta verið varanlegar fyrir komandi kynslóð. Ég skal ekki fara út í iðnaðarnámið, sem hann benti á. Það kann vel að vera, að hann hafi eitthvað fyrir sér í því, að það sé örðugt að koma mönnum í iðnaðarnám, en ég hygg þó, að það hafi ekki verið áberandi nú síðustu 4 árin. Það var erfitt fyrir styrjöldina, en hefur rýmkazt mjög mikið, og ef nýja iðnfræðslulöggjöfin, sem nú liggur fyrir, gengur í gegnum þingið, þá geri ég ráð fyrir því, að iðnfræðsluráð hafi full tök á því að segja fyrir um, hvað þörfin er mikil fyrir iðnaðarnám í landinu, bæði fyrir þessa iðnfræðslugrein og aðrar. Það þýðir ekki að vitna í tímann, sem liðinn er, þegar möguleikar eru til batnandi ástands í þessum efnum. Það hefur verið vitnað hér í umsögn Landssambands iðnaðarmanna af hv. 3. landsk., en hann las ekki setningu, sem ég vil leyfa mér að lesa upp. Þar segir: „Iðnaðarmenn geta þessir menn ekki kallazt og fá engin iðnréttindi, nema þeir gerist nemendur hjá meistara og læri á venjulegan hátt.“ Það er þetta, sem rétt var að lesa upp líka, því að það, sem þeir meina, er það, að það er að myndast þarna önnur stétt, sem mætti kalla iðnaðarmenn, en er annar flokkur iðnaðarmanna, sem koma má inn á vinnumarkað þeirra manna, sem hafa full réttindi. Það er því rétt, sem hv. frsm. n. segir, að reynslan er sú, að menn úr sveitum leita til bæjanna til þess að vinna af því m. a., að þeir fá þar betur borgaða vinnu sína í mörgum tilfellum, svo að það er ekki þetta, sem mestum vandkvæðum veldur með að byggja í sveitum, að það séu ekki til menn, heldur hitt, að þeir draga við sig að fara út í sveitirnar, ef vinna er til í bæjum og kauptúnum. Hins vegar skal ég ekki blanda mér í þá kenningu, hvort það verði heppilegt í framtíðinni að hafa fast skólanám, en leggja niður meistarafræðsluna. Það má vera, að í framtíðinni þyki sú leið heppilegri, en hins vegar er enginn vafi á því, að það verður kostnaðarsamt fyrir ríkið að kosta alla slíka fræðslu í skólum. Ég get ekki látið hjá líða að benda a, að í frv. er stefnt að vissu marki með því að fara út í tveggja ára nám, ekki lengra en það er eftir 12. gr., en þar er gert ráð fyrir, að verklegt nám reglulegra nemenda sé 3900—4200 vinnustundir alls þessi 2 ár, sem þýðir 488 vinnudaga þessi tvö ár í fyrra tilfellinu, en 525 vinnudaga í seinna tilfellinu. Frv. gerir að vísu ráð fyrir því, að skyldunámið geti farið upp í 10 stundir á dag; og svo kemur rúsínan: Nemendur eiga að hafa frítt fæði, húsnæði og tvennan vinnuklæðnað á ári, en þeir fá ekki greitt kaup, fyrr en þeir eru búnir að vinna 3200 vinnustundir. Það var verið að tala um þræla hjá iðnmeisturum, en ég sé ekki betur en hér sé um þrælahald að ræða. Þeir eiga að fá æfingu og leiðsögn í því að byggja hús í sveitum, og sennilega á að byggja í sveitum með kauplausum verkalýð í þessum efnum, og þá skilur maður, hvert stefnt er með þessu frv. Það er hægt að fá ódýrar byggingar í sveitum, ef það er hægt að fá menn til að vinna kauplaust, en þetta felst í 12. gr. frv. Þykir mér það mjög merkilegt, að hv. 3. landsk. skuli vilja stuðla að slíkri ráðsmennsku, þótt í skóla sé. En hitt er meira atriði, sem ég legg mesta þýðingu í, og það er það, að iðnstéttirnar, jafnt meistarar, sveinar og nemar, eru allir á einu máli um það, að það sé varhugavert að fara inn á þá braut að búa til stétt við hliðina á lögleyfðum iðnstéttum, og mæla þeir því gegn slíku fyrirkomulagi. Við lifum á þeim tímum, þegar sérfræðiþekkingin á að vera í heiðri höfð, og ég verð, með allri virðingu fyrir hv. flm. og 3. landsk., að segja það, að ég legg meira upp úr dómi iðnstéttanna í þessum efnum en þeirra dómi.

Það er ekki hagsmunaatriði iðnstéttanna að mæla á móti frv. Þær hafa ekki hag af því, að skólafyrirkomulagið sé eins og það er nú, og meistarar hafa heldur ekki hag af því. Ég hef orðið þess var, sérstaklega í löggjöf Norðurlanda, að þar byggir löggjafinn yfirleitt í svona málum á sérfræðilegri þekkingu iðnstéttanna um úrlausn slíkra mála sem þessara. Þeir láta iðnstéttirnar undirbúa málin, og það er aðeins form að láta lögfesta þau á löggjafarþinginu, en þar koma ekki einhverjir menn og segja: Við höfum meira vit á þessu en iðnstéttirnar.

Það má vel vera, að í Noregi séu til iðnskólar, ég skal ekki bera á móti því, en það er ekki alveg sama, hvort það er 4 milljóna þjóð, sem er að byggja upp stétt þar í landi, eða hvort það er 120 þús. þjóð. Þeir hafa ráð á því að hafa þetta fjölbreyttara en við.

Þá vitnaði hv. 3. landsk. í Ameríku, en ég veit ekki, hversu fróður hann er um það, hvernig fyrirkomulagið er í Bandaríkjunum eða í Kanada. Það er alltaf hægt að fullyrða og segja: Svona er það, án þess að menn hafi nokkuð fyrir sér, og ég dreg í efa, að hv. 3. landsk. hafi nokkra þekkingu á því, hvernig það er með iðnréttindi í Vesturálfu, og það eitt hef ég heyrt iðnfróða menn segja, að hvarvetna sé þetta að færast í það horf, að iðnstéttirnar séu að fá meiri réttindi en áður. Hitt er annað mál, að við getum margt lært af Bandaríkjamönnum, en ég býst við því, að það, sem við þurfum að læra af þeim, sé fyrst og fremst tekniska hliðin á hlutunum. Ég get ekki séð, eins og

málið liggur nú fyrir, að endurbætt verði það skipulag, sem gilt hefur um nokkra áratugi í þessum efnum, með því að setja upp slíka skóla sem hér er gert ráð fyrir, sem við vitum ekki, hvað mikið verða sóttir, og eiga að veita réttindi móts við hina skólana, því að enginn mun ganga þess dulinn, að menn, sem koma af þessum skólum, þeir munu koma til bæjanna og segja: Við erum jafngildir til að vinna að þessum störfum eins og við, þ. e. þeir, sem hafa réttindi samkvæmt iðnfræðslulöggjöfinni. Í þessu liggur hætta á ágreiningi innan þessara stétta. Það er hvergi séð fyrir því, að þessir menn geti jafnazt á við hina, sem gengið hafa á iðnskóla og hlotið það nám, sem iðnfræðslulöggjöfin ætlast til, að þeir hljóti. Ég tel því, að ekki sé neitt óvenjulegt eða óviðkunnanlegt í því að vísa þessu máli frá með rökst. dagskrá, og mér kemur kynlega fyrir sjónir, að jafnvel hv. 3. landsk., sem telur sig bera fyrir brjósti allt það, sem heitir réttindi verkalýðsins, að hann skuli vilja á þennan hátt fara að skerða réttindi iðnstéttanna, eins og hér er verið að gera. Þess vegna er það dálítið undarlegt fyrir mér, að hann skuli gerast talsmaður fyrir þessu frv.

Hermann Jónasson: Það kom fram, hvar hundurinn er grafinn, hjá þessum hv. þm., sem síðast talaði. Það eru tvö atriði, sem hann gerir sérstaklega að mat, annað er 12. gr. í þessu frv., sem hljóðar þannig, með leyfi hæstv. forseta: „Verklegt nám reglulegra nemenda skal vera 3900—4200 vinnustundir alls, þó aldrei yfir 10 stundir á dag. Sú vinna, sem þeir leysa af hendi þennan tíma, er eign skólans, en á móti veitir hann ókeypis húsnæði, kennslu, verkfæri til notkunar, fæði og tvennan vinnuklæðnað á ári og auk þess greiðslur samkvæmt venjulegum verkamannataxta fyrir þær vinnustundir, er umfram verða 3200. Leyfa má þó nemendum að vinna í umframstundum þessum að verkefnum í eigin þágu og þá án greiðslu frá skólanum. Skólanum skal og heimilt að kaupa af nemendum meiri vinnu, er þeir vinna á verkstæðum hans og við framkvæmdir hans.

Hirðingu herbergja sinna og þvotta á fötum sínum annast nemendur með umsjón, er skólinn veitir.“

Það er gert ráð fyrir því, að námið sé 3900—4200 vinnustundir alls, þó aldrei yfir 10 stundir á dag. En á móti veitir skólinn ókeypis húsnæði, kennslu og verkfæri til notkunar, fæði og tvennan vinnuklæðnað á ári. Svo heldur áfram. Fyrir þær vinnustundir, sem umfram verða 3200, koma greiðslur samkvæmt venjulegum verkamannataxta, svo að nemendur hafa ekki aðeins frí föt, meðan þeir vinna, heldur kaup fram yfir. Ef það er ekki fjandskapur gegn þessu frv., að hv. þm. skuli gera þetta að mat, þá veit ég ekki, hvað fjandskapur er, því að hvað hafa nemendur, sem hér eru við nám í Reykjavík, upp á að hlaupa annað en taka víxla, þar sem þeir eru ekki einu sinni matvinnungar þessi fjögur ár, sem þeir eru við nám. Ég hef fengizt við fjársýslu þeirra manna og þekki þetta því eins vel og hv. þm., en hér eru kjörin þessi. Enn fremur kom það fram, að hann er hræddur um, að þessir menn komi til kaupstaðanna og verði eins færir eins og iðnaðarmennirnir þar, og það er nú reynsla, sem hv. þm. Barð. segir, að hafi komið fram í Englandi. Hv. þm. er hræddur um, að nemendur úr þessum skólum verði ekki lakari heldur en iðnaðarmenn hér. Annars er ekki hægt að bera mikla respekt fyrir þessari málfærslu, þegar þess er gætt, að það eru bornar brigður á það, að það vanti menn í sveitir landsins, þrátt fyrir það að það sé tekið fram þrisvar í nál., að svo sé. Svo er risið gegn þessu máli, þó að menn verði að viðurkenna að það vantar iðnaðarmenn í sveitirnar. Ég get t. d. skýrt frá því, að það hafa verið tekin lán í Búnaðarbankanum nú á örfáum dögum upp á 400 þús. kr., en um leið og bændur eru að taka þessi lán, þá er það vitað, að það vantar iðnaðarmenn út um allt land, svo að það lítur helzt út fyrir, að það verði ekki hægt að koma upp þessum byggingum sökum skorts á iðnaðarmönnum. Og þessu máli ætlar þingið að kasta frá sér og gera ekkert í því að útvega sveitunum iðnaðarmenn, heldur, eins og t. d. landssambandið segir, fá ófaglærðum mönnum í hendur vandasöm iðnaðarverk. En ég ætla að segja það, að ég ber ekki sérstaklega mikla virðingu fyrir Landssambandi iðnaðarmanna í þessu máli, og það finnst fleirum en hv. 3. landsk. umsögn landssambandsins allt öðruvísi nú heldur en hún var í fyrra. En hvers vegna er það? Það er bezt að skýra frá því. Þeir spurðu mig að því, hvort það væri meiningin, að þessir skólar næðu út fyrir sveitirnar. Ég sagði, að það væri ekki meiningin, og ég sagði þeim vegna hvers. Ég sagði þeim, að ég áliti, að raunverulega ættu skólar að koma í staðinn fyrir langt iðnaðarnám, sem nú tíðkaðist í kaupstöðum, en mér dytti ekki í hug að eiga við það, heldur ætti að koma skólunum í gegn fyrir sveitirnar án þess að breyta iðnfræðslunni. Þegar þeir spurðu mig, hvort ég væri fylgjandi þessu fyrirkomulagi í kaupstöðum, þá mæltu þeir með því, en nú álíta þeir fært að rísa gegn þessu, sem þeir voru með í fyrra. Nú eru l. um iðnfræðslu komin það langt, að þeir eru ekki lengur hræddir um, að forréttindin verði tekin af þeim, og þá mæla þeir gegn þessu. Þeir voru með frv. í fyrra, með tveimur lítils háttar breyt., en nú mæla þeir gegn því. Hvað er nú mikið leggjandi upp úr umsögn eins og þessari? Sannleikurinn er sá, að þeir eru hræddir um það, og fyrir því færði hv. þm. Barð. rök í fyrra, að ef skólafyrirkomulagið verður tekið upp í viðkomandi iðnnámi í sveitum, þá verði það einnig tekið upp í kaupstöðum landsins. Skólar í sveitum með því fyrirkomulagi, sem ég hef gert ráð fyrir í þessu frv., hafa sýnt sig að vera miklu fullkomnari heldur en gamla fyrirkomulagið, og þess vegna hefur það einnig verið tekið upp í kaupstöðum, og þetta er eina leiðin til þess að þetta fyrirkomulag verði tekið upp alls staðar. Þar af leiðandi ætti hv. þm. Barð., sem er því fylgjandi að taka upp svona skóla og sleppa gamla fyrirkomulaginu, að vera þessum skóla fylgjandi og láta hann sýna sig í framkvæmd, því að ef hann er fullkomina

í framkvæmd, þá koma þessir skólar alls staðar á eftir. Þetta er það, sem forréttindamennirnir í iðnaðarmannastéttinni sjá og eru hræddir við, og þess vegna vilja þeir ekki fá skólann, því að nú eru þeir hræddir við hann. Þetta held ég, að hv. 1. landsk. ætti að vita, því að það var fyrir þetta sjónarmið, sem hann stóð upp og talaði, það er ekki til neins fyrir hann að vera að dyljast í því efni.

Hv. þm. Barð. sagði, að ágreiningurinn væri um það, hvort við ættum að hafa góða iðnaðarmenn eða fúskara. En ég held því fram fyrst og fremst, að það væru stórkostlegar endurbætur að fá menn með tveggja ára námi til þess að sinna þessum störfum. Í annan stað er ég sannfærður um það, að þessir menn verða eins fullkomnir í þessum efnum eftir 2 ár eins og hinir eftir 4 ár, því að mikið af þessum tíma, 4 árum, eru nemendurnir alls ekki við nám, meginhlutann af þessum tíma eru þeir notaðir til eins og annars og látnir vinna aðeins eitt verk, látnir vinna við smíðar í langan tíma. Og ég vitna enn í það, sem hv. þm. Barð. tók fram um þetta efni hér í fyrra, því að þar færði hann fram reynsluna, sem Englendingar hafa fengið í þessum efnum og er óvefengjanleg. Þeir hafa nú fengið vegna nýs kennslufyrirkomulags, sem þeir urðu að taka upp í staðinn, ágæta iðnaðarmenn á ⅙—¼ af þeim tíma, sem fór í þetta nám áður. Það er vitanlega ekkert því til fyrirstöðu, að þetta frv., ef það yrði að l., gæti samrýmzt húsagerðarsamþykktum í sveitum. Þessir menn gætu unnið undir umsjá enn þá faglærðari manna að húsbyggingum, þótt ekki væru gerðar húsagerðarsamþykktir, því að það leysir ekki neitt, þótt það sé fyrir hendi einn fullkominn maður, ef hann hefur ekki iðnaðarmenn til að vinna undir sinni stjórn. Það er alveg það sama með byggingarfulltrúa í sveitum. Það hefur verið talað um það í búnaðarbankanum að reyna að tryggja betri frágang á húsabyggingum. Enn fremur er enginn vafi á því, að það er hægt að koma upp trésmiðjum, sem hv. þm. Barð. ræddi um, í sambandi við svona skóla. Þær gætu smíðað glugga og hurðir í fjölda sveitabýla. Það er ekkert undarlegt, þó að skólinn á Hólmi væri dýr, þar sem voru 6 nemendur, og það er alveg óupplýst, hvort ekki væri hægt að koma þessum skóla upp, þar sem er góð höfn og flutningar að landinu eru ódýrir.

Því miður hefur ekki verið bent á neina úrlausn í þessu máli, sem að gagni gæti komið. Það er viðurkennt, að sveitirnar skortir iðnaðarmenn, en það er ekki bent á neina úrlausn út úr þeim ógöngum, sem fyrir eru, þó að þær séu svo miklar, að það verði ekki séð fram úr því, hvernig á að ráða fram úr þeim vanda. Það er fullvíst, að þessi skóli, sem hér er gert ráð fyrir, komi til með að fjalla um nokkuð margt, og það gæti kannske verið betra, að nemendur lærðu fleiri iðngreinir í þessum skóla en hér er gert ráð fyrir. En það má hins vegar gera ráð fyrir því, að það verði stutt, þangað til það rísa upp sérstakir skólar í sveitum, þar sem kennd er meðferð á alls konar vélum, þó að því máli hafi ekki verið hreyft nú, því að léleg meðferð á vélum skaðar ríkið áreiðanlega meira en slíkir skólar mundu kosta. Og það er alveg rétt, sem hv. þm. Barð. minntist á, að hann hefur tekið því vel, að vélaverkstæði væru reist í sveitum.

Ég geri ráð fyrir því, að ég tali ekki aftur í þessu máli. Það lítur út fyrir, að þessi dagskrá muni verða samþykkt. Þar með er aftur vegið í þann knérunn, að vísað er frá með dagskrá einu allra bezta nauðsynjamálinu, sem fyrir Alþ. hefur komið s. l. 2 ár, því að það sjá allir, að það vantar fagmenn í sveitum landsins, og að það er hvergi meiri þörf á að byggja upp heldur en þar. Menn rísa gegn þessu máli, en benda ekki á neina lausn.

Nú þessa daga er verið að veita lán til húsbygginga í sveitum upp á 400 þús. kr., og allir þessir menn, sem eru að taka lánin, spyrja: Hvar getum við fengið menn til að byggja? En þessu máli er bara kastað frá sér og vísað burt með dagskrá án þess að geta bent á rök fyrir því, hvernig eigi að útvega fagmenn. Það vita náttúrlega allir, að það fást ekki fagmenn með húsagerðarsamþykktum einum. Maður, sem þarf að byggja, þarf fagmenn til þess að vinna verkið, og hann þarf líka byggingarfulltrúa til þess að geta tryggt betri byggingar, eins og hv. þm. Barð. benti á, en hann byggir ekki öll húsin, fagmenn vantar eftir sem áður. Við eigum að leggja niður þetta gamla þunglamalega fyrirkomulag við iðnaðarnámið og taka upp annað léttara og reyna, hvort er betra í framkvæmd. Ef þetta reyndist illa með skólana, þá fellur það niður af sjálfu sér, en ef það reyndist vel, þá yrði það fyrirkomulag tekið upp. Þessu yrði auðvitað hagað í samræmi við reynsluna, en reynslan annars staðar virðist benda til þess, að þetta skólafyrirkomulag verði tekið upp. Þó verður það sennilega þannig hjá okkur, að þessi tvö kerfi verði sameinuð. Það verða skólar, sem verða kannske ekki í einu lagi eins og þessi, síðan verða nemendur hjá meistara einhvern tíma á eftir. Þetta tvennt sameinað, held ég, að verði talið bezta fyrirkomulagið, og reynslan annars staðar bendir í þá átt, því að eftir því sem ég bezt veit — öfugt við það, sem hv. 1. landsk. segir, að stéttirnar ráði þessu —, þá er ríkið farið að láta sig þetta meira skipta. Skólarnir eru farnir að ryðja sér til rúms í staðinn fyrir hið þunglamalega gamla iðnaðarnám. Það er ekki hægt að hugsa sér óheppilegra eða hættulegra fyrirkomulag heldur en að láta stéttirnar ráða þessu, hvort sem það er iðnaðarstéttin eða önnur stétt, þar sem þær hafa þarna sérhagsmuni, sem oft og einatt eru andstæðir hagsmunum þjóðfélagsins. Skólinn er í andstöðu við hagsmuni þeirra, sem mæla gegn honum, í andstöðu við hagsmuni iðnaðarmanna; þess vegna er það ekki óeðlilegt, þó að iðnaðarmenn mæli gegn honum. Þeir kæra sig ekkert um að fá fjölda nemenda við hliðina á sér. En hvaða tillit á þjóðfélagið að taka til þess? Þetta er þjóðfélagsvandamál, sem þarf að ráða fram úr, en ekki fyrst og fremst sérhagsmunir iðnstéttarinnar. — Ég skal svo ekki orðlengja frekar um þetta mál. En það er vitanlegt, að ef það verður drepið nú, þá kemur það aftur

á næsta þingi, og það mun alltaf koma hér aftur, þangað til það verður samþ., og smátt og smátt mun það fara þannig, að staðreyndirnar í kringum okkur munu sjálfar hlaða að okkur, að þeim, sem berjast með oddi og egg gegn þessu máli, skjöldum staðreyndanna, og þeir munu ekki berjast gegn þessu máli. Það er ekki hægt að halda áfram með þetta ástand án þess að gera breytingar. Nú er það ekki svo, að ég haldi fast við þetta frv., svo sem það liggur fyrir. Það er sjálfsagt að gera á því breyt., ef það er nauðsynlegt, ég er fús til sam vinnu um allt slíkt. Maður sér, hvernig ýmsum hugmyndum skýtur upp í sambandi við þetta mál, sem sýna, hvað það er nauðsynlegt. Það er t. d. alveg tilvalið, eins og hv. þm. Barð. benti á, að setja upp eins konar smiðjur í sambandi við þetta, sem smíða glugga og hurðir fyrir stóran hluta af landinu, en slíka hluti eru nú hrein vandræði að ná í.

Ég ætla svo ekki að orðlengja frekar um þetta. Ég vona, að þessum hv. þm. snúist hugur á seinustu stundu og greiði atkv. á móti þessari dagskrá.

Frsm. minni hl. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti. Ég ætla að segja hv. 1. landsk. sögu af einum iðnaðarmanni hér í bænum. Hann stundaði iðnaðarnám í skóla í Noregi og útskrifaðist þar og fékk öll réttindi til að vinna þar í landi, síðan kom hann hingað heim, en hér fékk hann engin réttindi, nema hann færi í nám hjá meistara. En eftir mikið þjark var samþ., að hann þyrfti ekki að vera nema 1 ár hjá meistara. Svona reyndist iðnskólinn þar. Svona litu Íslendingar á þetta. Svona lítur hv. 1. landsk. á þetta, og svona lítur hv. þm. Barð. á það. Þó að menn fari í iðnskóla hér á landi eða annars staðar og læri það sama og talið er, að iðnaðarmönnum sé kennt á 4 árum hjá meistara, þá er það álitið, að það séu einhverjir fúskarar. Þessir menn hafa ekki trú á öðru en meisturunum, og það er það, sem okkur greinir á um. Þó að hv. þm. Barð. komi hér fram á þennan veg, þá viðurkennir hann í hjarta sínu, að skólar kenna mönnum betur en meistarar. Aftur á móti viðurkennir hv. 1. landsk. ekki þetta, því að hann er á annarri línu. Ég held, að hv. þm. Barð. misskilji orðið búhagur eða vilji leggja allt aðra merkingu í það orð heldur en almennt hefur verið gert fram að þessu. Þessum skóla er ekki ætlað að gera menn búhaga, það er bændaskólunum ætlað að gera. Honum er ætlað að gera menn meira en búhaga. Honum er ætlað að gera menn að iðnaðarmönnum, svo að þeir geti tekið að sér sjálfstætt iðnaðarverk. Þá hélt hv. þm. Barð. því fram, að enginn skortur væri á iðnaðarmönnum, þeir væru nógir til að fullnægja eftirspurninni, er skapaðist með húsagerðarsamþykktunum. Ég get sagt honum, að síðan húsagerðarsamþykktirnar komust á, þá man ég sérstaklega eftir fjósum, sem ekki hafa komizt í framkvæmd, af því að það vantar menn. Þess vegna leit ég svo á, að þörfin á þeim mönnum, sem gert er ráð fyrir, að til verði eftir þessum l., sé svo brýn, að sjálfsagt væri að koma þessum skóla upp í sveitunum. Ég lít ekki á þessa menn sem neina fúskara. Ég hef trú á því, að þeir verði fullkomlega á borð við suma af þeim, sem læra hjá meisturum. Ég hefði getað bent á það, eins og hv. þm. Barð., að það hafa verið byggð hús og það af meisturum, sem ekki hafa staðið nema 20 ár. Það má finna hús byggð af meistara, sem leka, svo að fólkið verður að hafa undir lekanum, ef skúr kemur úr lofti. Það er alls staðar hægt að finna mistök, eins þar sem meistarar hafa verið að verki. Hv. þm. Barð. og hv. 1. landsk. töluðu um það, að ríkissjóður kastaði milljón á milljón ofan í það að byggja upp sveitirnar. Mér er ekki kunnugt um þetta. Við samþ. lagafrv. á þinginu í fyrra, þar sem lagt var til, að lánsstofnun lánaði sveitunum alveg á sama hátt eins og lagt var fyrir lánsstofnun að lána fé til iðnaðarmanna og útgerðarmanna, en þetta var ekki neitt framlag ríkissjóðs út af fyrir sig. Það var veittur byggingarstyrkur til endurbygginga í sveitum, en það er horfið, hann er ekki veittur lengur. Hafi hv. 1. landsk. átt við það, þá er það gamli tíminn, sem hann talar um, hann getur kannske vitnað í hann. Þegar þeir því tala um milljón á milljón ofan, þá er það ekkert annað en fjarstæða, sem þó mætti kannske réttlæta með því, að sveitirnar hafa fengið stofnfé til að kaupa verkfæri, en það eru ekki neinar milljónir. Ég hef trú á því, að eins og það er hægt t. d. í Noregi að kenna iðnaðarmönnum í 2 ár í iðnskóla, svo að þeir verði fulllærðir iðnaðarmenn og fái réttindi, þá sé þetta líka hægt hér á landi. Ég hef enga trú á því, að Íslendingar séu það tornæmari heldur en Norðmenn, að þeir geti ekki lært að vera iðnaðarmenn á 2 árum alveg eins og þeir. Og þá er bara að koma þessum skóla þannig fyrir að veita sömu kennslu og veitt er í norskum skólum. Við verðum hiklaust að vinna að því að koma okkar iðnfræðslu í það horf að láta skóla annast kennsluna, og það getum við gert með því að samþ. þetta frv. Það er sóun á tíma að láta menn vera 4 ár hjá meistara, þar sem þeir verða þó ekki betri en margir, sem lítið eða ekkert hafa lært. Það verður að reyna að komast af með sem stytztan tíma til þess að gera hvern mann sem bezt færan í sínu starfi og til þess að fá starfstíma þeirra sem lengstan fyrir þjóðfélagið.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Ég hafði hér yfir íslenzkan góðan og gildan málshátt um þá, sem sífellt mændu til Ameríku, en vildu ekki líta þangað í þessum efnum, þar sem sú höfuðregla ríkti að greiða sem bezt fyrir því, að verkleg hæfni manna fengi notið sín sem bezt. En hér virtist vera hið gagnstæða, ef svo miklar hömlur væru hafðar á því, að menn menntuðu sig verklega, að menn gætu ómögulega hugsað sér nema eina aðferð til þess, þ. e. a. s. þá, að hafa nemendur undir hendi meistara í fjögur ár. Ég gat búizt við því, að einhverjir af þeim, sem sífellt mæna til Ameríku, t. d. Vísisliðið og Sjálfstfl. almennt, töluðu eins og hv. 1. landsk. hefur gert hér, en ég hélt ekki, að hann færi að taka upp þann hugsunarhátt, sem alltaf mænir upp til síns herra, en þessi er niður-

staðan. Hv. 1. landsk. talaði um það, hvernig þessum málum væri hagað á Norðurlöndum, en hann er því vafalaust ekki kunnugri heldur en ég, þótt hann kunni að vera kunnugri í Ameríku. En á Norðurlöndunum öllum er það þannig, að þar eru tugir af tekniskum skólum, þar sem menn geta stundað nám og fengið fullkomin iðnréttindi alveg á sama hátt eins og þeir öðlast réttindi með því að stunda nám hjá viðurkenndum meisturum og ljúka þannig iðnaðarnámi. Hví má ekki opna báðar þessar leiðir hér? Hví mega ungir menn, sem ætla að mennta sig, ekki velja um það, hvort þeir gerast námsmenn hjá meistara í 4 ár og öðlast víðtækari rétt eða ganga í tekniskan skóla og ljúka námi á 2 árum með takmarkaðri réttindum? Hv. þm. Barð. hélt því fram, að hér yrði að vera um annað hvort þetta að ræða, en mér finnst, að þetta hvort tveggja gæti verið hlið við hlið í íslenzkri löggjöf. Ef hið gamla fyrirkomulag um verklegt nám undir húsbóndahendi meistara sýndi það í reynslunni, að þeir menn, sem þann veg hafa lært, sköruðu fram úr og væru hæfari iðnaðarmenn en þeir, sem lokið hefðu prófi í slíkum iðnskóla sem hér um ræðir, þá mundi fyrst og fremst verða leitað til þeirra um að hafa verklegar framkvæmdir með höndum, en hinir, sem hefðu notið þessarar skólamenntunar, mundu þá vinna að þessum störfum fyrst í stað, meðan neyðin er sárust, en iðnaðarmenn fást ekki til þess, eins og ástandið er nú. Það er búið að fara svo með þessi mál, að kaupstaðirnir hafa togað úr sveitum landsins hvern lagtækan mann til þjónustu í byggingarframkvæmdum kaupstaðanna, og þess vegna er útilokað að fá iðnlærða menn til að inna byggingarstörf af hendi í sveitunum. En á þessu verður að ráða bót, því að það er ekki hægt að bíða með byggingarframkvæmdir í sveitunum svo nokkru nemi. Aftur á móti játa ég það, að ef svo skyldi fara, að þeir menn, sem sæktu menntun sína í skóla eins og þennan, skyldu koma hv. þm. Barð. og hv. 1. landsk. á óvart — að dómur reynslunnar yrði kveðinn upp á þann hátt, að þeir yrðu hinum kannske jafnsnjallir —, þá skal ég játa það, að gamla kerfinu kynni að vera hætt, en annars ekki. Hér er full þörf á að opna aðra leið en þá, sem ríkt hefur, og þegar talað er um það, að það eigi að spyrja iðnstéttirnar, það eigi að fara eftir þeirra till., þá vil ég segja það, að það orkar tvímælis að spyrja iðnstéttirnar eða einungis hennar aðila, tvo eða þrjá. Það á fyrst og fremst að afgr. þetta mál, ekki eftir dómi iðnstéttanna, heldur eftir því, hvað er þörf þjóðfélagsins í þessum málum, svo að það er víðtækara sjónarmið, sem á að taka tillit til, heldur en að spyrja einn aðila, hvað gera eigi. Hv. 1. landsk. lét undrun sína í ljós yfir því, að ég sem gamall verkalýðsmaður skyldi vilja fylgja frv., sem þrengdi mjög kosti iðnstéttanna. En þá hlýtur hann að bera mjög fyrir brjósti meistara iðnstéttanna, því að það að koma upp slíkum skóla mundi ekki þröngva kosti iðnstéttanna nema meistaranna, og ég ber þá ekki fyrir brjósti.

Þetta nýja fyrirkomulag mundi opna ungum mönnum nýja leið til verklegrar þekkingar. Ég hef svo sem áður kynnzt þekkingaróttanum, t. d. er ég var nemandi í Gagnfræðaskólanum á Akureyri fyrir 20 árum og fyrir Alþ. lá að breyta þeim skóla í menntaskóla. Nei, þá var hætta á offjölgun stúdenta, sagði hv. Alþ., það náði engri átt að unga þannig út stúdentum. En nú eru orðnir þrír menntaskólar í landinu og heimild í fjárl. til að reisa menntaskóla í sveit, og hér í Reykjavík liggur það í loftinu að reisa einn menntaskóla í viðbót. Nú er runninn af mönnum sá ótti við offjölgun stúdenta, sem þeir voru áður tröllteknir af. En nú skýtur þessi draugatrú upp kollinum að nýju í nokkuð annarri mynd, þegar hefja á hina verklegu menntun upp úr afgömlum og stirðnuðum formur. Það hefur þegar verið gert á Norðurlöndum, og í því efni mætti gjarnan líta til Ameríku.

Tvennt var það í ræðu hv. þm. Barð., sem ég get vel tekið undir. Annað var það, að hér ætti að vera byggingarfulltrúi í hverju héraði, sem væri fær leiðbeinandi og ráðunautur í byggingamálum. Á því væri fullkomlega þörf, það væri ágætt, það kemur ekki beint þessu frv. við, en þyrfti að koma til viðbótar því. Og ég tel, að hv. þm. Barð. ætti ekki að skiljast við þessa hugmynd, þótt þetta frv. yrði samþ. Annað var það, sem hann minntist á, að gluggar og hurðir væru smíðaðar í einni stórri verksmiðju og framleitt þannig „standardiserað". Ég er hv. þm. Barð. alveg sammála um þetta. Það nær ekki neinni átt að smíða allar hurðir og glugga í höndunum úti um allt land, og væri miklu betra að gera það í einni stórri verksmiðju, sem sendi svo teikningar út um landið og gæfi þeim, sem væru að byggja, kost á að panta þessar vörur. Slík framleiðsla yrði miklu ódýrari og hagkvæmari en nú er og mundi flýta fyrir nauðsynlegum aðgerðum í byggingarmálum, því að bæði er þetta nú kostnaðarsamt og erfitt um útvegun. Það er nógu erfitt um að fá menn til að smíða hús í sveitunum, þó að spursmálið um hurðir og glugga væri leyst á þennan hátt, það þarf að gerast að auki. Það skyldi ekki standa á mér að vera því fylgjandi, að slík verksmiðja væri reist, t. d. sem deild úr landssmiðjunni. Því fylgdi engin áhætta, og brýna nauðsyn ber til, að þetta verkefni sé upp tekið.

Ég tel, að það sé full þörf á að opna hér nýja leið til menntunar iðnaðarmanna. En hér er talað líkt og það gangi glæpi næst að fylgja þessu máli, þar eð ný iðnaðarlöggjöf hafi fengið góðar undirtektir hér á þinginu. Ég játa, að það frv. er til bóta að ýmsu leyti, en því miður byggir það of mikið á hinni gömlu verklegu löggjöf, og sumum vitlausustu ákvæðum hennar er meira að segja haldið. Ég skal t. d. benda á eitt. Því er enn slegið föstu í þessu frv., að iðnréttindi geti menn ekki öðlazt fyrr en eftir fjögurra ára nám. Þessu er slegið föstu sem algildu. En í gagnfræðaskólum er hverjum nemanda, sem hefur gáfur og dugnað, opin leið og heimilt að ljúka sínu námi svo fljótt sem hann getur. Sama er að segja um menntaskólana og háskólann. Ég man t. d. eftir því, þegar

ég var í Gagnfræðaskólanum á Akureyri, að piltur kom austan af Langanesi og settist í fyrsta bekk, en sagði sig síðan úr skóla og tók próf utanskóla. Þessi maður lauk gagnfræðaprófi eftir tvö ár og náminu í lærdómsdeild á tveimur árum, eða venjulegum sex ára skóla á fjórum árum. Þetta var Gísli Guðmundsson, fyrrverandi ritstjóri. Er nokkurt vit í að viðhalda þessum aðstöðumun þeirra, sem hafa hæfileika til verklegs náms, og hinna, sem hafa andlega hæfileika eða hæfileika til bóklegs náms? Sá iðnnemi, sem allt leikur í höndunum á og hefur brennandi áhuga á hinu verklega námi sínu, getur lokið náminu á margfalt skemmri tíma en klaufinn, en er þó bundinn til fjögurra ára. Ef hæfileikamenn eiga að fá að njóta sín og ljúka náminu fyrr en aðrir, ef þeir vilja, þá þarf að vera opin leið fyrir þá til að sanna hæfni sína eða próf, en ekki hefur vantað andstöðuna hér gegn því ákvæði.

Ég hef nú margsinnis lesið hina rökst. dagskrá meiri hl. iðnn., og með leyfi hv. forseta ætla ég nú að lesa hana hér upp. Ég ætla að lesa hæg., svo að menn geti fylgzt vel með því, hve fágætt plagg þetta er:

„Með því að nú þegar er heimild í lögum til þess að taka upp verklega kennslu í ýmsum skólum landsins á svipaðan hátt og gert er ráð fyrir í þessu frv. og að það er á valdi ríkisstjórnarinnar, hvenær hún lætur þau ákvæði koma til framkvæmda, en sérskóli sá, sem frv. ræðir um, mundi hins vegar hafa stórkostleg útgjöld í för með sér, án þess þó að ná þeim árangri, sem gildandi iðnlög ætlast til, að náð verði, sér deildin ekki ástæðu til frekari aðgerða í málinu og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá."

Það er tvennt, sem felst í þessari dagskrá. Þar eð gert er ráð fyrir verklegri kennslu í ýmsum skólum landsins, er ekki þörf á að afgr. þetta frv. hér, það er nóg, sem fyrir er, við það er ekki bætandi. Hin ástæðan, sem dagskráin er rökst. með, er sú, að það verði of kostnaðarsamt að hafa þennan fyrirhugaða skóla. Hinir sömu menn, sem bera fram þessar ástæður gegn málinu, hafa og flutt þau rök gegn því, að skólinn mundi veita of litla verklega menntun og svo hraklega yrði búið að nemendunum fjárhagslega, að skólahaldið minnti á þrælahald. Hér stangast rök þeirra með öðrum orðum algerlega. Hv. 1. landsk. þykist mæla með dagskránni sökum þess, hve hraklega verði búið að nemendum skólans fjárhagslega samkv. þessu frv., þótt skólahaldið yrði þá vissulega ódýrara, ef svo væri, en á hinn bóginn skrifar hann undir dagskrána með þeirri forsendu, að skólinn verði of dýr. Þannig eru rökin.

Ég skal nú víkja nokkuð að hinum þungu skólakjörum, sem talað er um, og gera nokkurn samanburð. Nú verða iðnnemar að stunda sitt nám í fjögur ár. Fyrsta og annað árið hrekkur kaup þeirra naumast fyrir fæði, en fjórða árið fá þeir nokkurt verulegt kaup. En í þessum fyrirhugaða iðnskóla hér fá nemendur að vísu ekki beinar kaupgreiðslur, en þeir fá ókeypis fæði, húsnæði, kennslu, verkfæri til notkunar og nokkurn klæðnað, og svo kaupgreiðslur, ef þeir vinna yfirvinnu. En kaupgreiðslur þær, sem iðnnemar fá hjá meisturum, duga ekki til að greiða fyrir þessar þarfir. Og hver er svo munurinn? Samkv. þessu frv. eiga iðnnemar að öðlast réttindi eftir tvö ár í stað fjögurra, og það er líka nokkurt kaup. Ég hefði raunar vel getað fellt mig við, að nemendur hefðu fengið kaup í skólanum, en hins vegar er sómasamlega séð fyrir þörfum þeirra án þess. Nokkurn gjaldmiðil fengju þeir þó, ef unnin væri aukavinna, sem á að greiðast í peningum, og það væru þá vasapeningar. Mér virðist, að þeir nemendur kæmu nokkurn veginn skuldlausir úr skólanum, og ekki er það nú almennt, að menn hafi miklar tekjur í skólum, hitt er reglan, að menn verði að borga þar skólagjöld og eitthvað með sér. Ég vísa því á bug aðdróttunum um, að nemendur verði illa haldnir í skólanum. Ég tel aðbúð þeirra enga frágangssök. Hins vegar skyldi ég styðja brtt. í þá átt að gera hlut þeirra enn þá betri, en það mundi hafa aukakostnað í för með sér, en andstæðingar málsins, sem tala mest um aðbúðina, vilja þó einmitt vísa málinu frá vegna kostnaðarhliðarinnar, sem ríkið þarf að standa straum af.

Annað er það, sem mikið er talað um, að nemendur úr þessum skóla verði fúskarar í samanburði við þá iðnaðarmenn, sem koma frá meisturunum. Nú er það svo í nýju fræðslul., að gert er ráð fyrir almennu skólanámi frá 12 til 16 ára, og fyrstu tvö árin er um skyldunám að ræða. Hver einasti unglingur hér á landi verður að stunda það nám í framtíðinni, en langflestir verða þó í skóla allt þetta árabil, eða í fjögur ár, og skólanum verður skipt í bóknámsdeild og verknámsdeild. Þeir, sem velja verkleg störf, stunda námið í verknámsdeild. Í flestum héraðsskólum eru nú þegar skilyrði til að stunda verklegt nám, og hið sama er að segja um suma gagnfræðaskóla. Nú er það vitað, að allir unglingar eiga í framtíðinni að hafa notið tveggja til fjögurra ára náms, þar sem helmingurinn af námstímanum fer í verklegt nám, en síðan mundu unglingarnir úr verknámsdeildinni fara í iðnskólann og vera þar í tvö ár. Það er þetta, sem hv. þm. verða að taka með í reikninginn, þegar verið er að tala hér um fúskara. Það eru allar líkur til, að nemendur, sem koma í þennan iðnskóla, verði búnir, a. m. k. í tvö ár, að helga sig verklegu námi, meðferð véla og þess háttar í gagnfræðaskólum og héraðsskólum, áður en þeir koma í þennan skóla, og það nám væri því til viðbótar tveggja ára námi í iðnskólanum. Ég efast um, að þessir menn yrðu upp og ofan verr menntaðir en þeir, sem nú útskrifast frá meisturunum, en lærlingavali meistaranna ráða oft persónulegar ástæður, klíkuskapur, kunningsskapur, ættarbönd eða annað, en hæfari menn hafa aftur á móti oft verið útilokaðir frá náminu að undanförnu.

Eftir því, sem ég hugsa betur um þetta, verð ég sannfærðari um, að ekki er rétt að láta lengur við svo búið standa að opna ekki nýja leið til menntunar iðnaðarmanna. Ég tel alveg sjálfsagt, að þessi skóli komi til viðbótar verklegri kennslu

í gagnfræðaskólum og héraðsskólum, eins og bóknámsdeildirnar veita réttindi til framhaldsnáms í menntaskólum, kennaraskóla og öðrum framhaldsskólum. Verknámsdeildirnar þurfa einnig að vera grundvöllur undir einhver réttindi, annað er óhugsandi. Ég tel hóflega í sakirnar farið að veita þessum mönnum fyrst réttindi til að standa fyrir smíði smærri íbúðarhúsa og útihúsa í sveitum, sem þó þurfa að vera góð. En það er trúa mín, ef þessi leið reyndist eins góð og gamla leiðin til menntunar iðnaðarmanna, að Alþ. rýmkaði síðar réttindi þessara manna, unz þeir stæðu jafnfætis öðrum iðnaðarmönnum í því efni. Þar ganga þeir með sigur af hólmi, sem almenningsálitið dæmir þess verða. Það er nauðsynlegt að rýmka leiðirnar til menntunar á verklega sviðinu, eins og við höfum gert á bóklega sviðinu að undanförnu. Nú kreppir skórinn fastar að á verklega sviðinu, og það er skylda Alþ. að vísa þessu máli ekki frá. Það má breyta frv., en tilraunina verður að gera, ekki til að fjandskapast við meistarana eða neina aðra, heldur af þjóðarnauðsyn. Þetta er ekkert sérmál, þetta er þjóðarmál, þetta er ekki mál meistaranna.

Umr. frestað.

Á 80. fundi í Ed., 25. febr., var fram haldið 2. umr. um frv.

Sigurjón Á. Ólafsson: Herra forseti. Ég hafði kvatt mér hljóðs við umr. um þetta mál í gær, þar sem tveir hv. þm. höfðu talað á móti dagskrártill. okkar í meiri hl. n., en það voru þeir fyrri flm. till., þm. Str., og 3. landsk. Ég lagði ekki allt á minnið, sem fyrri flm. sagði, en geri ráð fyrir, að það hafi byggzt á sömu rökum og 3. landsk. hélt fram, og mun ég því láta nægja að svara honum.

Þessir hv. þm. hafa haldið því fram, að nauðsyn væri að stofna til skólahalds þess, er hér um ræðir, m. a. til þess að halda fólkinu í sveitunum. Um þetta mætti tala langt mál, en ég ætla að spara það nú. Ég býst við, að um það fólk eða þá pilta, sem nám stunduðu við þennan skóla, færi á sama hátt og reynslan hefur sýnt með héraðsskólana, þ. e. að þessir piltar mundu leita til bæjanna að afloknu námi. Ég held því, að þessir skólar yrðu alls ekki til þess að halda fólkinu í sveitinni. Til þess þarf aðrar leiðir. Ég skal svo ekki fara frekar út í þennan lið, sem hér er tekinn upp. En það voru ýmsar aðrar véfengingar í ræðum beggja þessara hv. þm., m. a. viðvíkjandi því, sem ég og fleiri hafa haldið fram, að það eigi að halda við iðnfræðslukerfinu, eins og það er. Þar hafa báðir þessir hv. þm. haldið því fram, að þetta væri á annan hátt annars staðar á Norðurlöndum. Ég get upplýst minn góða flokksbróður, hv. 3. landsk., um það, að þetta er alls ekki rétt, sem hann hélt fram. Ég hef leitað mér ýtarlegra upplýsinga um þetta mál, m. a. hjá formanni Landssambands iðnaðarmanna, og fengið að vita, að þessu er alls ekki eins háttað á Norðurlöndum og þeir vilja halda fram, m. ö. o. á Norðurlöndum er yfirleitt nákvæmlega sama skipulag á iðnfræðslu og hjá okkur. En ég hef mínar upplýsingar frá fleirum en honum, mönnum, sem lengi hafa verið á Norðurlöndum, og þeir segja, að iðnfræðslan sé á sama hátt og hér, með meistarakennslufyrirkomulaginu. Það er rétt, að það eru til skólar, eins og hv. 3. landsk. benti á, t. d. skólar eins og Teknologisk Institut og Selskabsskolen í Danmörku. En þeir taka móti nemendum, sem hafa iðnréttindi, til þess að veita þeim fyllri fræðslu en þeir hafa, þegar þeir útskrifast sveinar, svo að þeir verði færari í sinni grein en almennir iðnsveinar eru. Sama fyrirkomulag er í Noregi og Finnlandi í þessu efni, að þar eru skólar, sem veita mönnum framhaldsfræðslu. Þeir starfa að jafnaði 5—6 mánuði að vetrarlagi, en menn geta gengið í þessa skóla misjafnlega langan tíma. Maðurinn getur verið 1—2 tímabil o. s. frv. Enn fremur hafa þeir á Norðurlöndum það, sem við gætum kallað námskeið, þar sem einnig er veitt fræðsla í þessum efnum, aukafræðsla, en iðnfræðslan er ekki bundin við þetta. Hér er bara um það að ræða, að menn geti aflað sér aukinnar þekkingar. Þessi námskeið veita bæði bóklega og verklega æfingu, sérstaklega í fögum eins og t. d. hjá málurum, að þeir æfa sig í að mála til að skapa sér meiri leikni undir leiðsögn færustu manna í þessu efni. Þegar svona er, getur maður skilið, hvað þessir skólar þýða. Þeir eru til að gefa stéttinni enn þá meiri fullkomnun en iðnfræðslan veitir, en það er ekki verið að búa til gerviskóla, eins og hv. 3. landsk. talar um, sem hafa aðeins tveggja ára nám og veita iðnréttindi út á slíkt nám. Ég skal játa, að það er nokkuð annar háttur í Svíþjóð um þessi mál, en þó er það svo, að það stefnir í sömu átt hjá þeim, að leggja afskaplega mikið upp úr iðnmeistarafræðslunni, og þeir útskrifa ekki nokkurn mann nú orðið til að heita iðnaðarmaður í einhverri grein, nema hann hafi verið svo og svo langan tíma undir leiðsögn iðnaðarmeistara. Ég skal taka fram, að þessir iðnaðarmenn á Norðurlöndum eiga að starfa jafnt í bæjum og sveitum og byggja þar, sem byggingarsamþ. krefjast, að farið sé eftir ákveðnum reglum um byggingarfyrirkomulag. Þar er enginn skilsmunur á gerður, hvort byggja á í sveit eða bæ. Hjá okkur hefur verið tekinn upp sá háttur að sníða iðnfræðsluna eftir því, sem Norðurlöndin hafa hjá sér, sem hafa margra áratuga reynslu, hvernig heppilegast sé að undirbúa þessa starfsmenn þjóðfélagsins undir lífið.

Þetta vildi ég segja út frá því, sem dregið var í efa, að rétt hefði verið með farið hjá mér, og ég held, að hv. frsm. hafi að nokkru leyti komizt inn á þetta sama og staðfest umsögn mína í þessu efni.

Þá hélt hv. 3. landsk. þm. því einnig fram, að það væri nú svo, að meistararnir, og helzt í Reykjavík, toguðu ungu mennina úr sveitunum til náms og drægju þá þar með til bæjanna. Ég veit ekki, hvaða rök hann hefur fyrir þessu. Ég hygg, að áhöld séu um það, hvort þeir séu yfirleitt fleiri úr sveitum en bæjum, sem veljast til iðnnáms. Um það liggja ekki fyrir neinar hagfræðiskýrslur. Það má vera, að hægt sé að fá að vita hjá iðnsambandinu, hvaðan þeir menn séu, sem stunda hér nám í iðngreinum. En ég get frætt hv. 3. landsk. um það,

eins og ég kom lauslega að í fyrri ræðu minni, að það er ekki meistaranna sök, að nú, síðan stríðið hófst, er iðnnemafjöldinn of lítill, miðað við þá þörf, sem iðnaðurinn krefst. Það er upplýst, að meistararnir fá ekki nú á síðari árum þann iðnnemafjölda, sem l. standa til og þeir telja sér þörf á að fá í iðngreinarnar, og við vitum, hver ástæðan er. Það er nóg vinna og sæmilegt kaup, og menn vilja heldur fá að vinna hvers konar vinnu en fara í nám með að sjálfsögðu lægra kaupi en greitt er við almenna vinnu. T. d. fór fram ekki alls fyrir löngu athugun á þessu í byggingariðnaðinum. Trésmiðir einir töldu sig þurfa að fá um 60 nema. Viti menn, þeir fengu 40. Ég hélt, að þetta út af fyrir sig væri nokkur rök, og ég skil ekki, að þetta geri pilta of bjartsýna á að þyrpast í þessa iðnskóla með þeim vinnukjörum, sem þar er boðið upp á. Ég er ekki viss um, að miklar líkur séu fyrir, að slíkir skólar yrðu fjölsóttir, nema síður sé. Það var upplýst í umr. á nefndarfundi í morgun, að jafnvel í þeim skólum, búnaðarskólunum, sem bændur hafa fyrir sig til að búa sig undir lífið, sé nú ekki nema ⅔ af nemendum, sem skólarnir rúma, og það eru slæmar horfur með umsóknir að bændaskólunum næsta ár. Þar gefur að líta spegilmynd af því, að það er ekki eins mikið aðstreymi að þessum skólum og æskilegt væri, og ég er hræddur um, að aðsóknin að þessum skólum yrði ef til vill frekar léleg. Og hvað þýðir að reisa dýra skóla, sem ekki eru fullsetnir nemendum? Þar er farið út á nokkuð hálan ís.

Þá sagði hv. 3. landsk., og var það sama og hv. flm. hélt fram, að það væri álitamál, hvort ætti að fara eftir till. iðnstéttanna í þessu efni. Það er ekki langt síðan hér var mál fyrir þessari d. Það var þá verið að tala um háskólann. Mér heyrðist, að hv. 3. landsk. vildi sannarlega fara eftir till. sérfræðinganna. En hvað er háskólinn rétthærri um sín mál en iðnstéttirnar um sín? Ég vil meina, með allri virðingu fyrir okkur þm., að við höfum ekki svo raunhæfa þekkingu á þessum málum, að við eigum ekki að hlusta á till. sérfræðinga meðal þessara stétta. Ef iðnstéttirnar yfirleitt halda fram, að sú stefna, sem í þessu frv. felst, miði að því að skemma fræðslulöggjöfina í iðnaðarmálum, ekki eingöngu fyrir meisturum, heldur einnig fyrir nemum og sveinum, þá hljóta allir að vera sammála um, að verið sé að reka nýjan fleyg inn í iðnfræðsluna til að rýra þá þekkingu, sem skylt er að hafa til undirbúnings undir lífið. Og ættum við þm. þá að teljast vitrari þeim og neita þessari staðreynd? Ég segi nei. Því var haldið fram, að við værum hér með eitthvert meistarasjónarmið. Ég vil frábiðja mér slíka aðdróttun. Ég hef, síðan ég kom á þing, verið einn af þeim mönnum, sem vilja efla sérþekkinguna og telja, að það sé hollast fyrir nútímaþjóðfélag, að sérþekking fái að ráða á hverju sviði.

Hv. þm. vitnaði hér í menningarmál, sem hér hafa verið rædd á þingi og menn hefðu sýnt andúð, og nefndi þar menntaskóla Norðurlands. Það kann vel að vera, að til hafi verið menn á þingi, sem hafa spyrnt við fótum að einhverju leyti, þegar það mál var á döfinni, en ég minnist þess ekki, að flokksmenn okkar hér á þingi hafi spyrnt þar við fótum. Hins vegar var það ekki höfuðástæðan, að mönnum þætti ekki æskileg aukin menntun, heldur mun það hafa verið kostnaðarhliðin, sem réð þar miklu og hefur oft ráðið hér á þingi, að menn hafa ekki verið eins örir að samþ. ýmis mál og ella væri.

Þá minntist hv. þm. á námstímann og bar hann saman við þann námstíma, sem nú gildir um iðnnám. Eftir frv. á hann að vera 2 ár, en í núgildandi l. er miðað við 4 ár nám í mörgum greinum. Er þar farið eftir þeirri venju, sem gildir yfirleitt á Norðurlöndum um þetta mál. Hins vegar er það, að þegar við ræðum um iðnfræðslul. og iðnnám, þá verða flestir sammála um, að ekki sé rétt að binda allar iðngreinar við 4 ár, því að í sumum er það eðlilegt að heimta miklu skemmri tíma. Í frv. um iðnfræðslu, sem nú liggur fyrir þinginu, er það líka opið, að iðnfræðsluráð skuli hafa úrslitavald um það, hvernig námstímanum skuli raðað niður, en við megum vera þess fullvissir, að það hníga öll rök að því, að framvegis eins og hingað til verði iðnaðarnám numið hjá meisturum í hinum ýmsu iðngreinum.

Nú er það að vísu rétt, að samkvæmt þessu frv. er ekki nema um nokkurn hluta iðnstéttanna að ræða. Það eru aðallega iðnstéttirnar í byggingaiðnaðinum, múrsmiðir, rafvirkjar, rörlagningamenn og húsgagnasmiðir. Þetta er þær iðngreinar, sem frv. gerir aðallega ráð fyrir. Ég skal játa, að í flestum tilfellum eru þessar iðngreinar bundnar við 4 ára námstíma. Hins vegar vil ég ekkert um það fullyrða, ég er ekki fyllilega dómbær um það, hvort þetta er of langur tími eða ekki. Hins vegar skal ég skjóta því hér inn í, að það er fyllilega ætlazt til með því frv., sem nú liggur fyrir um iðnfræðslu, að betur sé litið eftir námssamningum, þ. e. a. s. að námið verði framkvæmt eins og l. ætlast til, því að hér hefur bólað á þeirri kenningu, ef til vill með nokkrum rökum, að í einstöku tilfellum væri námið ekki eins gott af hálfu meistaranna gagnvart sveinum og nemum og vera þyrfti. Það er ætlazt til, að þessi skipan komizt á, sem gert er ráð fyrir í iðnfræðslul., svo að það komi ekki til, að nemarnir verði hafðir eins og sendisveinar hjá meisturunum, eins og hv. 3. landsk. orðaði það.

En við megum bara ekki gleyma því, þegar við tölum um iðnaðarnám, þá er það tvíþætt. Það er ekki allt verklegt nám. Sú kvöð hvílir á meisturum að veita þessum piltum og greiða kostnað af bóklegu skólanámi. Áður var það svo, að nemar urðu að byrja kl. 8 á morgnana og vinna allan daginn, og að því loknu byrjaði bóklega námið, sem var venjulega 4 tímar, og við það urðu þeir að sitja fram á harða kvöld. Þetta er nú úr sögunni, svo að nú fer mikill hluti námstímans einmitt í bóklegt nám. *(HV:* Hvar er það úr sögunni?) Í Reykjavík. *(HV:* Reykjavík er ekki allt Ísland.) Ég held, að mikill hluti iðnaðarmanna læri einmitt í Reykjavík, svo að það sé rétt að taka nokkurt tillit til hennar. En ég get frætt hv. þm. um það, að þar sem sú skylda hvílir á meisturum að kosta nám sveinanna,

t. d. í Svíþjóð, eru borgaðar 900 kr. af ríkisfé til meistaranna fyrir að mennta iðnsveinana. Og þegar um það er að ræða, að mikill hluti af þessu 4 ára námi er bóklegt og hert verður á, að verklega námið verði fyllilega rækt, þá get ég ekki skilið, að hér sé of langt farið um þær iðngreinar, sem eru þess eðlis, að þær útheimta nána þekkingu í sínu fagi, og ég vil meina, að tveggja ára nám í þessum skólum til að mennta piltana sé of skammt.

Hv. þm. talaði um úrvalspilta og klaufa. Klaufar geta eins komizt inn í iðnskóla í sveitum eins og bæjum. Það verða ekki allt úrvalsmenn, sem fara í iðnskóla í sveitum. Það er engin trygging fyrir því. Það er rétt, að það geta fundizt piltar, sem eftir 2 ára nám geta orðið góðir iðnaðarmenn, en við megum ekki fara eftir undantekningum, heldur eftir þeirri almennu reglu í þessu efni. Það eru alltaf til undantekningar, og ef það ætti að miða löggjöfina við undantekningar, þá þyrfti hún ekki alltaf að vera eins ýtarleg og hún er.

Þá urðu nokkrar umr. út af því, sem ég benti á við 12. gr., en það eru þau kjör, sem iðnnemar við þessa sveitaskóla eiga að búa við. Það var reynt að telja dæmið þannig, að þau væru nokkurn veginn svipuð því, sem nú eru yfirleitt í kaupstöðum og bæjum, þar sem piltar eru hjá meisturum í námi Nú er það svo, eins og ég drap á í minni fyrri ræðu, að þeir námssamningar, sem gerðir hafa verið samkvæmt l., hafa ekki haldið. Það hefur ekki verið hægt að fá iðnnema inn í fögin með því lága kaupi, sem gert er ráð fyrir samkvæmt samningsgerð og l. Reynslan er sú, og hef ég það eftir góðum heimildum frá iðnfulltrúum og piltum, að á fyrsta ári í byggingariðnaðinum er greitt upp undir ¾ af fullu dagkaupi, á 2. ári er duglegum piltum greitt gervismiðakaup og svo áfram. Ég talaði við meistara, sem hefur pilt á 3. ári. Hann segist borga honum 300 kr. á viku, en pilti á 4. ári segist hann borga gervismiðakaup. Þetta er mér tjáð, að sé orðið nokkuð almennt, vegna þess að piltar þurfa ekki að fara í nám til að fá allsæmilegt kaup, ef nóg er vinna. Þeir hafa margir haft námssveinakaup á seinni árum, sérstaklega í byggingariðnaðinum.

Ég held því, að segja megi, að eins og nú er háttað, í Reykjavík a. m. k., þá séu kjör iðnnema allverulega betri en gert er ráð fyrir, að verði í þessum sveitaskólum að frv. óbreyttu, og grunur minn er sá, að menn mundu horfa í, hvaða kjör þeim er boðið upp á, og þar af leiðandi mundi það draga úr aðsókn til að stunda nám í slíkum skólum.

Hv. 3. landsk. dró svolítið í land, þar sem hann ætlast nú ekki til, að þeir, sem koma úr þessum sveitaskólum, leggi í að byggja meiri háttar íbúðarhús. Hann tæpti á einlyftum húsum og sérstaklega fjósum, sem þeir ættu að taka að sér að byggja. Ég skal játa, að ég hef ekki komið í mjög mörg fjós, en mér skilst, að það sé ekki vandalaust að byggja vandað fjós, heldur þurfi að hafa vit hjá sér til að geta byggt fjós, svo að vel sé, alveg eins og hvert annað hús. Það þarf að byggja vel yfir þessa mestu nytjagripi landbúnaðarins, alveg eins og það þarf að byggja vel yfir fólkið, og ég hygg að það þurfi að mestu leyti sömu kunnáttu til að byggja fjós og til að byggja íbúðarhús.

Ég skal nú stytta mál mitt. Höfuðkjarninn frá mínu sjónarmiði er sá, að við höfum iðnlöggjöf, sem hefur sýnt sig að skapa stétt, sem ég held, að enginn með rökum dragi í efa, að hafi reynzt hlutverki sínu vaxin. Ég tel því mjög misráðið að fara nú að reka fleyg í þá löggjöf með því að byggja hér og þar skóla eins og þá, sem hér er gert ráð fyrir, því að það þýðir ekki að tala um að byggja einn iðnskóla. Við þekkjum kröfurnar, að ef einn skóli rís upp á þessum stað, þá vilja menn fá sams konar skóla á öðrum stöðum. Við höfum nú búnaðarskóla í Borgarfirði og á Hólum í Hjaltadal, og nú hafa verið háværar kröfur um að fá búnaðarskóla á Suðurlandsundirlendinu. Við skulum taka gagnfræðaskólana. Nú er þess krafizt, að helzt hver sýsla hafi gagnfræðaskóla. Þetta verður stefnan með nýju fræðslulöggjöfinni, og eins verður það með þessa iðnskóla. Menn sætta sig ekki við að fara t. d. norður í Skagafjörð sunnan og austan af landi, heldur vilja fá slíka skóla nær sér.

Hv. 3. landsk. hefur skilið, að ekki er hægt að reisa skóla, nema allverulegt fjármagn sé fyrir hendi. En þegar margir skólar bíða óreistir, þá verður að vega og meta, hvar þörfin er mest. Og af því að hv. 3. landsk. er skólastjóri gagnfræðaskóla, þá hélt ég, að hann vildi láta gagnfræðaskólana og héraðsskólana ganga fyrir, en láta þessa skóla fremur bíða, því að slíka fræðslu vantar, og um þetta má segja, að þeir, sem einhverja iðn vilja nema, geta numið hana í kaupstöðum landsins, en það er víðar en í Reykjavík, sem það er hægt. Ég veit ekki betur en iðnskólar séu í fleiri kaupstöðum, Akureyri, Ísafirði og víðar. Hvort farið verður hér inn á þessa braut, að reisa sveitaiðnskóla, veit ég ekki, en ég vildi leyfa mér að benda á dæmi í nágrannalöndum okkar, og skal ég þar nefna Svíþjóð. Svíar hafa haft hvort tveggja, sveitaiðnskóla og iðnfræðslu undir hendi meistara, en mér er kunnugt um, að þeir hníga æ meir að iðnfræðslu undir hendi meistara.

Mér er ekki grunlaust um þekkingarskort hv. 3. landsk. á iðnfræðslu Bandaríkjamanna, og auðheyrt er, að hann hefur enga hugmynd um, hvað hann er að segja um það mál. Fróðir menn segja mér, að Ameríka hnígi nú meir og meir að því að þrengja iðnfræðsluna, og er það vitanlega gert til þess að reyna að fyrirbyggja, að fúskarar nái að komast inn í stéttina.

Hvað viðkemur fræðslu í meðferð véla, þá býst ég við, að hægt sé að koma henni á, án þess að þessi skóli verði stofnaður. Við Íslendingar notfærum okkur æ meir vélaiðju nútímans, og með notkun vélanna lærum við að fara með þær, bæði af reynslunni og af námskeiðum og annarri fræðslu. Ég býst við, að þessir tveir hv. þm. standi upp á eftir mér og mæli með þessu máli, en ég geri ráð fyrir, að rök þeirra verði lítilvæg sem fyrr, þegar þetta mál hefur verið rætt hér.

Hermann Jónasson: Herra forseti. — Ég verð að segja það, að mig undrar stórlega, hvað hv. 1. land-

sk. er orðinn íhaldssamur. Er þetta hvað furðulegast, þegar þess er gætt, að maðurinn var áður fyrr hinn framsæknasti, en ég tel, að þetta sýni ljóslega, hversu ellin getur leikið menn grátt. Hann aðhylltist þá svo mjög hina radikölu stefnu, að hún var oft við hann kennd og nefnd Sigurjónismi. En svo hverfur hann um stundarsakir frá þingmennsku, en kemur svo aftur til þings og er þá orðinn íhaldsmaður. Þetta minnir mig á mann nokkurn, föður eins okkar frægasta tónskálds. Hann hóf að rita ævisögu sína og var þá radikal, en svo hætti hann um 7 ára skeið, en hélt svo áfram ritinu, en er þá orðinn svo gerbreyttur og íhaldssamur, að hann segir m. a., að Jón Sigurðsson forseti hafi verið þjóðmálaskúmur, og allt eftir því.

Hv. 1. landsk. heldur því fram, að aðalkjarni þessa máls sé, að við eigum ágæta iðnaðarmenn og því þurfi ekkert að gera í iðnfræðslumálunum. Mér er spurn, hvað er stagneruð íhaldssemi, ef ekki þessi hugsunarháttur? En svo kemur hann með önnur rök. Af þessum ástæðum segir hann enga þörf fyrir skóla. Iðnaðarmenn, sem lært hafa undir hendi meistara, séu svo fullkomnir, að þeir þurfi alls ekki að vera betri. En svo segir hann, að ef einn sveitaiðnskóli væri reistur, og hann slær því föstu, að hann yrði ómögulegur, þá kæmu allir hinir fjórðungarnir á eftir og heimtuðu slíkan skóla, og þó heldur hann því fram, að engin þörf sé fyrir þá. Hann telur og, að rök okkar til stuðnings þessa máls verði vegin og léttvæg fundin, en ég vil benda honum á það, að rök okkar þurfa ekki hans skýringa við. Í gær komu fram þær till., að í gagnfræðaskólum og héraðsskólum skyldi haldið uppi nokkurri iðnfræðslu fyrir nemendur á vissum aldri. Nú er það auðvitað, að þeir, sem þetta nám stunda, verða ekki fullkomlega hæfir til að inna af hendi öll þau smíða- og byggingastörf, sem aðkallandi eru í sveitum landsins, nema þá ef til vill þeir, sem eru sérstaklega duglegir. Í frv. er átt við það að koma upp skóla fyrir þessa menn, sem námi vilja halda áfram, en allar líkur mæla með því, að það yrði úrvalið úr þessum gagnfræðaskóla- eða héraðsskólanemendum. Þessir menn yrðu þá fullkomnir iðnaðarmenn, en ég tel, að mönnum geti ekki dulizt, hversu nauðsynlegt það er að opna þessum unglingum leið til framhaldsnáms, en án þessara skóla yrði hún að mestu lokuð. Með skólunum samrýmdist þörf sveitanna fyrir iðnaðarmenn og þessi brýna þörf fyrir betri iðnfræðslu. Ég er ekkert hræddur við að stofna nýja skóla og sízt slíkan skóla sem þennan. Ég vildi benda á það, að þarft væri að taka eina af héraðsskólabyggingunum fyrir þennan skóla, t. d. héraðsskólann á Reykjum í Hrútafirði, en hann væri sérstaklega heppilegur. Vitanlega yrði þá að leggja niður héraðsskólann, en nú er það auðvitað, að ef slíkur iðnskóli væri fyrir hendi, þá mundu færri sækja um héraðsskólana. Ég get ómögulega skilið það sjónarmið, sem fram kemur hjá hv. 1. landskjörnum, að iðnfræðsla þurfi eingöngu að fara fram undir hendi meistara. Það má ómögulega vera val á milli meistaranáms og skóla. Mundu ekki flestir frjálshuga menn vilja hafa, eins og aðrar þjóðir hafa, bæði meistarakerfi og skólakerfi í þessum greinum? Ekki sízt ætti þetta að liggja beint við, þar sem það er vitað, að við höfum nú einstrengingslegri kennslu í þessu en nokkur önnur nágrannaþjóð okkar. *(SÁÓ:* Þetta er rangt.) Hv. 1. landsk. var rétt að sleppa orðinu, þar sem hann sagði, að í Svíþjóð væri bæði meistarakerfi og skólakerfi. *(SÁÓ:* Aðeins í Svíþjóð.) Ég hef skýrslur í höndunum, sem sanna það, að slíkir skólar eru bæði í Noregi og Danmörku. Ég veit t. d. um nemanda, sem ekki hafði nægilega hátt próf til þess að fá aðgöngu að bóklegu námi utanlands, en aftur á móti hafði hann næg tækifæri til að komast að við verknámsskóla, og ég var einmitt að blaða í skýrslum þessara skóla, rétt áður en ég fór að heiman frá mér áðan, svo að ég þarf enga sögusögn um það, að þeir séu hvergi til á Norðurlöndunum nema í Svíþjóð. Það er annars einkennilegt, að ekki skuli mega róta við þessu steinrunna kerfi, sem í gildi er hér hjá okkur, svo að menn rísi ekki upp og mótmæli umbótum á því.

Menn mega vera vissir um það, að þótt frv. þetta verði fellt nú, þá skal ég koma með skýrslur, sem sanna það tvímælalaust, að við erum langt á eftir öðrum þjóðum, hvað snertir iðnfræðslu. Ég er alveg steinhissa á því, að þegar menn vita, hve langt við erum á eftir tímanum í þessum efnum, þá skuli þeir ekki með nokkru móti fást til að breyta því til batnaðar.

Nú er það svo, að námstími hjá meistara er 4 ár, en heimilt er að útskrifa nemanda eftir skemmri tíma, ef hann er sérstaklega duglegur. En það er bara með naumindum, að það fáist samþ., að þessir sérstaklega duglegu menn fái að ljúka prófinu, áður en þessi 4 ár eru liðin. Uppvíst er, að sveitirnar vantar svo tilfinnanlega iðnlærða menn, að engin leið er til uppbyggingar þar. Ef þetta er ekki steinrunnin hugsun, þá veit ég ekki, hvernig hún er, en vonandi, að það verði ekki hugsun af þeirri tegund, sem ræður niðurlögum þessa frv. Vænti ég þess, að hv. þd. sjái sér fært að afgreiða frv. þetta, svo að sómi sé að. Ég er sannfærður um, að þessi skóli yrði einn þarfasti skóli landsins, sem fljótlega hlyti almenna viðurkenningu. Ég læt svo mál þetta útrætt nú, þótt ég gjarnan vildi ræða það betur, en ég hef tekið tvisvar til máls við þessa umr. og gert aths., svo að mér er víst ekki heimilt að ræða það frekar við þessa umr.

Ásmundur Sigurðsson: Herra forseti. — Það er nú búið að ræða þetta mál mikið, bæði í gær og í dag, og hef ég ekki miklu við þær umr. að bæta. Ég vildi þó drepa á eitt atriði, sem mér virðist mönnum mikið til hafa gleymzt. Hv. þm. Str. gat þess þó lítillega. En þetta atriði, sem ég hygg, að beri að athuga, er það, að ég álít, að þessa umræddu iðnþekkingu megi öðlast að mestu leyti í gagnfræðaskólunum. Á s. l. ári voru samþ. hér á Alþ. lög um gagnfræðaskóla. Þar er svo fyrir mælt, að þeir skuli skiptast í tvær jafnhliða deildir, verknámsdeild og bóknámsdeild. Lög þessi hafa ekki enn komið til framkvæmda, og hræddur er ég um, að iðnskólar í sveitum dragi mjög úr framkvæmd laga þessara.

Hitt er svo annað mál, að brýn þörf er fyrir fullnuma iðnaðarmenn í sveitum landsins, en þeirri þörf ætti að verða fullnægt með fullnuma iðnaðarmönnum, hvaðan svo sem þeir kæmu.

Í frv. er svo ráð fyrir gert, að skilyrði fyrir skólavist sé, að nemandi hafi verið einn vetur í héraðsskóla eða gagnfræðaskóla, og II. einkunn gerð að lágmarkskröfu fyrir kunnáttu hans. Við héraðsskólana eru smíðadeildir, og er þar nokkuð mismunandi kennsla. Einna mest er hún við héraðsskólann á Laugum, og hefur hún sýnt sig vera til mikils gagns nemendum. Ég býst við, að einhver kunni að segja, að gagnfræðaskólarnir geti aldrei komið að fullum notum við kennslu í verklegum greinum, meðan kennsla fer aðeins fram á vetrum, en nú er enginn kominn til að segja, að hún geti ekki haldið áfram sumarlangt í þessum greinum.

Hv. þm. Str. gat þess, að hann teldi nemendur í gagnfræðaskóla of unga til þess að stunda iðnnám, þar eð flestir væru aðeins 14—15 ára, þegar þeir settust í 1. bekk gagnfræðaskóla. Þetta taldi hann ástæðu fyrir því, að gagnfræðaskólar væru ekki heppilegir til iðnnáms. Nú er svo ráð fyrir gert, að miðskólaprófi ljúki nemendur um það bil 15 ára gamlir. Vafalaust mundu það verða margir nemendur, sem að því prófi loknu héldu ekki áfram námi, heldur hættu ýmissa hluta vegna um 1—2 eða jafnvel 3 ára bil og byrjuðu þá nám við gagnfræðaskóla, og væri þá fallin brott og að engu orðin þessi ástæða.

Ég sé ekki ástæðu til að ræða þetta frekar að sinni. Ég sakna þess, að í hinni rökst. dagskrá, sem fylgdi nál. meiri hl. fjhn., kemur ekki fram nein ósk um, hvenær ríkisstj. láti koma til framkvæmda lögin um verknámsdeildir við gagnfræða- og héraðsskóla. Ég vil því leyfa mér, með leyfi hæstv. forseta, að bera fram skrifl. brtt. við hina rökst. dagskrá. Niðurlag till. á eftir orðunum „koma til framkvæmda“ hljóði svo: beinir deildin því til ríkisstjórnarinnar að láta eins fljótt og mögulegt er hefja kennslu með líku sniði og um getur í frv. þessu við einn eða fleiri gagnfræðaskóla í sveit og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 453) leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Björn Kristjánsson: Hv. 1. landsk. talaði hér í gær og brýndi mjög raustina og ásakaði sinn kæra flokksbróður, 3. landsk., um, að hann gætti illa hagsmuna hinna vinnandi stétta, þar sem hann styddi frv. hv. þm. Str., sem hann taldi að í sér fæli, að nemendur yrðu að vinna kauplaust, og kallaði hann það þrælavinnu. Það mátti skilja það á ræðu 1. landsk., að nemendum þeim, er ynnu hjá meisturum, byðust ólíkt betri kjör. Ég var ekki svo kunnugur því í gærdag, en í gærkvöldi vildi svo til, að ég hitti að máli bónda einn úr kjördæmi mínu, sem hafði í hyggju að senda son sinn til iðnaðarnáms hjá meistara hér í Reykjavík. Hann fór því að kynna sér þau kjör, er nemendur fengju hjá meisturum hér, og leitaði upplýsinga hjá náfrænda sínum, sem hefur stundað iðnaðarnám hér tvö undanfarin ár. Hann fékk að sjá kaupsamning hans, og mun ég lesa hér upp aðalatriði samningsins, með leyfi hæstv. forseta. Þessi unglingur var duglegur og lagtækur og hafði nokkuð kynnzt á heimili sínu því starfi, er hann nú fór að stunda nám í. En kaupið, sem hann átti að fá, var á 1. ári 42 krónur á viku, á 2. ári 50,40 kr., á 3. ári 59,00 kr. og á 4. ári 67,20 kr. Það kann að vera, að hér sé átt við grunnkaup, en jafnvel þótt verðlagsuppbót væri greidd á þetta kaup, þá eru kjörin ekkert glæsileg og langt frá því að sýna það Gósenland, sem hv. 1. landsk. boðaði. Þá var það upplýst af hv. þm. Barð., að oft og tíðum séu iðnnemar látnir vera sendisveinar fyrsta árið, og veit ég ekki, að hvaða gagni það kemur verðandi iðnaðarmönnum að hlaupa með bréf og skilaboð um bæinn. Annað árið, sagði þessi sami hv. þm., fer svo oft í að moka skít og sópa gólf, en fyrst á 3. ári byrjar námið. Ef þetta eru réttar upplýsingar, sé ég ekki, að það sé neitt sérstaklega glæsilegt fyrir iðnnema að stunda nám hjá meisturunum. Annars er óþarfi að ræða þetta frv. mikið meira. Þau rök, sem andstæðingarnir hafa lagt fram, eru næsta veigalítil, en formælendur frv. hafa hins vegar gert svo glögga grein fyrir því, að fáu þarf þar við að bæta. Ég vildi þó aðeins benda á mótsagnirnar í málflutningi þeirra hv. þm., sem andmælt hafa þessu frv. Hv. 1. landsk. viðhafði mörg orð um það, að til einskis væri að koma á fót iðnskóla í sveit, þar sem engir mundu sækja hann. Litlu síðar komst svo þessi sami hv. þm. að þeirri niðurstöðu, að háværar kröfur mundu koma fram um að fá slíka skóla í hverjum landsfjórðungi. Það er merkilegt, að maður, sem setið hefur svo lengi á þingi, skuli viðhafa slíkan málflutning. Ég held og, að engin hætta stafaði af því að fá sem flesta slíka skóla. Stefnan hefur verið og er sú að veita hverjum þjóðarþegni sem fyllsta fræðslu og menntun, og þegar talað er um kostnað, sem af því kynni að leiða, þá ættu menn að minnast þess, að í fræðslulöggjöfinni, sem afgr. var hér í fyrra, var ríkinu gert að leggja fram milljónatugi til skólabygginga og skólahalds. En svo þegar á að setja á stofn iðnskóla í sveit, þá á ríkiskassinn að vera tómur og engin leið til að bæta úr þessu vandamáli sveitanna, samtímis því sem talað er um, hve lágt við stöndum í tæknilegri menntun. Hv. þm. sagði í gær, að þeir nemendur, sem kæmu af þessum skólum, mundu ekkert kunna og hélt því fram, að bændur gætu fengið iðnaðarmenn úr bæjum til að sjá um byggingarframkvæmdir *(SÁÓ:* Ég held, að hv. þm. blandi hér saman mínum orðum og annarra.) Það getur verið, og ef svo er, bið ég afsökunar á því, en mér er kunnugt um, að bændur geta oft ekki fengið iðnaðarmenn, og þó svo sé, þá eru þeir allt of dýrir fyrir þá. Bændur geta oft ekki fengið annað vinnuafl en nágranna sína, sem alltaf öðru hvoru eru bundnir við bústörfin heima hjá sér og geta því ekki stundað vinnuna að staðaldri. Vilja svo hv. þm. halda því fram, að það beri sig fyrir bændur að fá iðnaðarmann úr kaupstað og hafa hann á fullu kaupi, meðan hann bíður eftir hinu

stopula vinnuafli, sem nágrannar hans geta látið í té, því að oft er ekki kostur á annarri vinnu. Það þarf að fá lærða iðnaðarmenn, sem búa úti í sveitunum, og að því stefnir þetta frv. Ef það verður fellt, þá er alls enginn möguleiki til að byggja upp í sveitunum. Frávísun þess jafngildir því löggjöf um að leggja heilar sveitir í auðn. Ég hef áður sagt, að ekki væri þörf á að ræða þetta frv. miklu nánar. Ég stóð aðallega upp til að gefa upplýsingar um kaupið, sem iðnsveinar fá hjá meisturum hér, það kaup og þau kjör, sem hv. 1. landsk. var svo ánægður með í gær.

Frsm. meiri hl. (Gísli Jónsson): Ef hæstv. forseta þykir nú orðið mikið mælt um þetta frv., bið ég hann að minnast orða hv. flm., er hann sagði í gær, að aldrei hefði verið flutt á þingi svo merkilegt frv. Er því ekki að undra, þótt mörg og merkileg orð kunni um það að falla. En ég vildi benda hv. flm. á, að það, sem mestum erfiðleikum veldur um afgreiðslu þessa máls, er það, að hann blandar saman í frv. tveimur óskyldum málum. Bak við frv. stendur tvennt. Annað atriðið er að bæta úr vöntun á kunnáttumönnum í sveitunum, en sú vöntun er reyndar víðar en þar, og má sjá af hagskýrslum, hve mikið fé er greitt erlendum iðnaðarmönnum, er hér eru nú. Og einmitt vegna skorts á iðnaðarmönnum í kaupstöðum, soga þeir til sín iðnaðarmenn sveitanna, af því að í kaupstöðunum bjóðast betri kjör. Hv. flm. hélt því fram, að með dagskrártill. vildu þm. kasta þessu nauðsynjamáli frá án þess að benda á nokkrar leiðir til úrbóta. En það hefur verið bent á leiðir og gerðar tilraunir til úrbóta, og leiðin var sýnd með húsagerðarl., þar sem skapaðir eru möguleikar til að byggja fleiri hús með minna liði, en hv. flm. lokar augunum fyrir því. Þar er gert ráð fyrir ódýrari byggingarframkvæmdum með notkun véla, en ekki með því afturhaldsfyrirkomulagi, sem hv. þm. N-Þ. talaði um, þar sem hann gerði ráð fyrir, að bændur stunduðu byggingarframkvæmdir í hjáverkum, þegar þeir hefðu ekkert annað að gera. Hinn aðalþáttur þessa frv. er svo sá, að hv. flm. vill brjóta niður það lögverndaða iðnfræðslukerfi, sem nú er. Hann vill þó ekki, að þær breyt. nái nema til sveitanna fyrst í stað, en auðheyrt var, að hann vill, að það nái einnig til kaupstaðanna síðar. Þegar hv. flm. játaði þetta, snerust menn á móti. Það væri því æskilegt, að hann greindi þessi tvö höfuðatriði frv. að, því að þessu má ekki blanda saman. Það má vafalaust fá samkomulag um tilraunir til þess að bæta núverandi iðnfræðslukerfi, enda tel ég það síður en svo gallalaust, en það verða aldrei neinir iðnaðarmenn, sem læra 4 eða 6 fög á stuttum tíma. Ef tímanum yrði varið til náms í einni iðngrein, væri öðru máli að gegna. Viðvíkjandi iðnfræðslu í Bretlandi, þá er þar miðað við viss stig í iðngreininni, og þar er mönnum veitt fræðsla til að verða undiriðnaðarmenn. En þeir, sem læra margar greinar á stuttum tíma, geta aldrei staðið fyrir vandasömum verkefnum. Ég mótmæli því, sem hv. 1. þm. N-M. sagði, er hann hélt því fram, að engu fé væri varið úr ríkissjóði til bygginga í sveitum. Ég leyfi mér að benda á, að á fjárl. fyrir 1946 er veitt ekki minna en 500 þús. kr. í byggingastyrk og 300 þús. kr. til byggingar- og landnámssjóðs, en mikið af því fé fer í byggingarframkvæmdir, og á frv. til fjárl. fyrir árið 1947 er lagt til að veita 300 þús. kr. byggingastyrk, og landbrh. upplýsti á fundi í fjvn., að þar þyrfti að bæta við 200 þús. kr. Þá er í fjárlagafrv. gert ráð fyrir að veita 2½ milljón kr. í byggingasjóð og auk þess aðrar 2½ millj. í byggingar- og landnámssjóð. Það er því hreinasti óþarfi að halda því fram, að engu fé sé varið til bygginga í sveitum. En það er jafnóverjandi að láta þær byggingar verða í höndum fúskara, sem óhjákvæmilega verður, ef þetta frv., sem hér um ræðir, verður óbreytt að l. Hv. flm. tók iðnfræðslukerfið í Noregi máli sínu til stuðnings. En engin gögn um fyrirkomulagið í Noregi liggja fyrir, og tel ég það hreina vanrækslu, ef hann leggur þessi gögn ekki fram, því að aldrei hafa þau komið fyrir n. Ég tek því mátulega fullyrðingar hv. flm. og hv. 1. þm. N-M. um þetta atriði. Hv. flm. lagði mikla áherzlu á, að þessir iðnskólar ættu að taka við af verknámsdeildum gagnfræðaskólanna, en það geta nú orðið 4 ár, þangað til reynsla hefur fengizt af þeim. Þó ég leggi ekki svo mjög mikið upp úr fyrirkomulagi á Norðurlöndum, því að ekki er víst, að okkur henti það alltaf, þá skal ég upplýsa, þar sem alltaf er vitnað til Norðurlanda, að þar fæst enginn unglingur til að fara í verknámsdeildirnar og engir foreldrar vilja láta börn sín fara í þær, því að það er talinn hreinn tossastimpill á hverju barni að fara í slíkt nám. Ég er fús til að taka meginatriði þessa máls til vandlegrar athugunar, hvenær sem er, ef hv. flm. vill leggja á sig það erfiði að kryst-allisera það svo, að það sé berandi fram. Þá má taka til rækilegrar athugunar, hvort ekki megi bæta úr iðnfræðslufyrirkomulaginu um allt landið og bæta einnig úr iðnaðarmannaskortinum í sveitum. Það getur komið undir væntanlegt fjárhagsráð, sem mundi ákveða fjármagn og vinnuafl í því skyni, og gæti það orðið skjótasta leiðin til úrbóta og betri en að koma upp skóla. Hvað viðvíkur sjálfri dagskrártill., sem hv. 3. landsk. lýsti svo skemmtilega í gær og kvað eitt merkilegasta plagg, sem fram hefði komið á Alþ., þá leyfi ég mér að halda því fram, að ef hann les þetta plagg vandlega, þá muni hann sjá, að þetta er ekki óeðlileg afgreiðsla af hálfu n. Úr sumum þáttum frv. er leyst í öðrum skólum, svo sem gagnfræðaskólum og búnaðarskólum. Þá er það og eðlileg afgreiðsla á hinum þætti frv., sem miðar að því að gerbreyta því iðnfræðslukerfi, sem meiri hl. þings vill viðhalda, og því ekki eðlilegt, að n. leggi til breyt. Sé ég því ekki neitt óeðlilegt við dagskrártill. Við því mátti hins vegar búast, að hv. 3. landsk. mundi taka slíka afstöðu, því að hann hefur tilhneigingu til að snúa út úr öllu hér á þingi og umturna ræðum og till. og fá aðra meiningu út úr þeim en allir aðrir. Því kemur mér ekki á óvart, þótt hann reyni að gera þessa dagskrártill. hlægilega. Og ég fylgi ekki breyt. 8. landsk., því að í l. er skipun um þessa framkvæmd.

Ég mun svo láta hér staðar numið og ekki tefja umr. um þetta frekar.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Það er erfitt að koma því fyrir í stuttri aths., sem ég vildi segja í þessu máli, en ég mun leitast við að stytta mál mitt, hæstv. forseti.

Ég vík mér þá fyrst að hv. þm. Barð., og hann sagði, að ástæðulaust væri að afgreiða málið, og færði hann þau rök gegn því, að það væri þegar heimilað í l. um gagnfræðaskóla, að smíðakennsla færi fram í þeim. Þetta er alrangt. Ég er sjálfur skólastjóri fyrir gagnfræðaskóla, og ætti ég því að vera kunnugur verksviði þeirra, en í þeim l. er ekki stafur um að kenna skuli þar húsabyggingar, sem felst í þessu frv. Gagnfræðaskólarnir starfa aðeins nokkra vetur, en á 4. vetri má kenna nemendum vinnuaðferðir og meðferð véla og verkfæra, og geta þeir lært það á tveim árum, en helzt þurfa þeir fjögur ár. Á þessa þekkingu má byggja með því að bæta við námstímann einu til tveim árum, sem bundin séu við byggingu steinhúsa, raflagningar og vinnu eftir teikningum, eða í stuttu máli, að nemendur læri að byggja og ganga frá steinhúsi í sveit. Ég tek undir það með hv. þm. Barð., að ef ekkert er gert í því að veita þessum nemendum réttindi og viðurkenningu, þá kemur tossastimpillinn á þá.

Ég geri það fyrir hv. l. landsk. að samsinna honum í því, að rétt er, að húsakostur sveitanna batni. En hvernig er þessum málum farið? Búið er að toga allan þorra verklaginna manna til bæjanna og þá sérstaklega til Reykjavíkur, og samt hrekkur þetta ekki til við byggingarframkvæmdirnar, heldur verður einnig að toga menn úr öðrum löndum hingað, og er eytt í það geysimiklum gjaldeyri. Svo segja menn, að hægt sé að fá iðnkunnandi menn. Eru ekki sveitirnar þegar tómar af slíkum mönnum, svo að ekkert er hægt að byggja þar? Allir fara til Reykjavíkur. Nú er talað um að koma upp sérstöku námskeiði fyrir iðnaðarmenn í sveit, og þeir gangi að námi loknu undir strangt próf, og ef þeir standist það, þá verði þeim veitt réttindi. En hér er reynt að bregða fyrir þá fæti og hindra, að þessir menn fái tækifæri til að fullnuma sig, fullnuma sig sem handverksmenn með viðbótarnámi, en það er það, sem felst í frv.

Hv. l. landsk. sagði, að fara skyldi eftir till. meistaranna í þessu efni. *(SÁÓ:* Nei.) Ég held nú, að taka ætti takmarkað tillit til umsagna meistaranna, og ég veit, að hv. l. landsk. mundi ekki, ef um sjómannamál væri að ræða, spyrja togaraeigendur, heldur færi hann til einhvers togarakarlsins að spyrja hann, að öðrum kosti þætti honum þeirri stétt misboðið. Það á að taka tillit til þeirra manna, sem eiga að búa við þetta ófremdarástand. Hv. l. landsk. sagðist hafa sérþekkinguna í hávegum og hætta væri á, að hún biði hnekki með þessu frv. Mér sýnist nú einmitt, að meistarar mættu fagna því. Ég vék að því í gær, hverjir gallar feldust í iðnlöggjöfinni, og benti m. a. á fjögurra ára einskorðun námstímans, jafnt klaufans og afburðamannsins. Nei, þetta er ekki rétt, hér eiga mismunandi hæfileikar að fá að njóta sín. Enn fremur er það alrangt, að jafnlangan tíma þurfi til þess að læra allar iðngreinar, en fyrir þessu er gert ráð í núverandi iðnlöggjöf. Það þarf 4 ár til þess að læra að byggja fullkomið hús, 4 ár til þess að læra að sóla skó, 4 ár til þess að læra að raka mann og 4 ár til þess að verða vélsmiður. Ætli þetta sé á viti byggt? Nei, meistararnir okra aðeins á nemendum sínum, og sú stefna virðist ráða enn hér á Alþ. Nei, þetta er aðeins kákiðnlöggjöf. Nemendur eru látnir erfiða að deginum til og stunda svo bóklegt nám að kvöldinu til, og er því bóklega fræðslan kák eitt og nafnið tómt. Þetta er ekkert fyrirkomulag, og ætti að vera búið að þvo það af fyrir löngu. Á sömu bókina er það lært, er hv. l. landsk. fer að tala um þau ríflegu kjör, sem nemendur njóta hjá sumum meisturum. En færi nú hv. l. landsk. til togaraútgerðarmanna til þess að spyrja þá um kjör sjómanna, ef þeir ættu í hlut? Nei, hann mundi fara til einhvers togarakarlsins. Upplýsingar meistaranna eru ekki einhlítar. Hv. þm. N-Þ. sagði hér áðan frá því dæmi, að nemandi nokkur hefði sem svaraði 500 krónum á mánuði fyrsta árið við að læra iðn, en síðasta árið 806 krónur, og ég hefði nú haldið, að hv. þm. væru ekki alveg ómerk heimild. Og hver lifir nú af slíku, 500—800 krónum á mánuði? Ekki ég og ekki hv. l. landsk. heldur. Það er því alrangt, að séð sé fyrir góðum kjörum nemenda. Það er illa séð fyrir bóklega náminu, það er illa séð fyrir verklega náminu, og það er illa séð fyrir fjárhagshlið þessara mála. Og svo berjast menn gegn 25—30 manna skóla úti á landi. Nú bíða framkvæmdir iðnaðarmanna úti um sveitir landsins, og þjóðin býr við heilsuspillandi húsakynni, og nú er talað um að reisa skóla, sem kenni nemendum húsbyggingar, svo að unnt verði að koma þeim húsum upp, sem bráð nauðsyn ber til, og þá á að víkja þessu máli frá í annað sinn. Aukinnar iðnfræðslu er brýn þörf, og með því að reisa þennan skóla og gefa gervismiðunum, sem þess óska, tækifæri að ganga undir strangt próf, mun mega bæta úr þessu ófremdarástandi á skemmri tíma en nú má ætla, og gerði það mögulegt að byggja upp sveitir landsins. Einnig mundu þessir menn verða til þess, að þeim útlendingum fækkaði, sem hingað eru fluttir, og spara eitthvað af þeim mikla gjaldeyri, sem þeir taka með sér út úr þessu landi.

Sigurjón Á. Ólafsson: Herra forseti. Ég skal nú ekki misnota athugasemdatíma minn. Hv. þm. Str. breiddi sig yfir íhaldssemi mína. Það hefur nú kannske ekki reynt á það, en ég held, að fræðslukerfið sé nú betra heldur en það, sem hann vill nú koma upp, og ég vil hugga hv. þm. með því, að ég mun láta sannfæringuna ráða í þessu efni sem öðrum, og vona ég, að enginn geti vænt mig um einræðiskennd né nazisma í þessum efnum né öðrum, og vona, að ég verði laus við slíkar aðdróttanir, er ég hverf út úr þjóðmálabaráttunni. Hv.

þm. segir, að núverandi fyrirkomulag á iðnfræðslu sé steinrunnið afturhald og að slíkt þekkist ekki á Norðurlöndum. Þetta er talað af mikilli vanþekkingu. Okkar iðnlöggjöf er byggð á sams konar löggjöf á Norðurlöndum, og hef ég það að sönnu eftir formanni iðnaðarsambandsins. — Við hv. þm. N-Þ. vil ég segja örlítið. Hann varð undrandi yfir því, að ég skyldi fullyrða, að ef þessi skóli yrði byggður á einum stað á landinu, þá mundu fleiri héruð koma á eftir og heimta sams konar skóla. Það er staðreynd, sem reynslan hefur sýnt, að menn sætta sig ekki við að sækja skóla langar leiðir. En það er alrangt að blanda saman því að byggja skóla og fræðslunni sjálfri. Ég er á móti kákfræðslu, ég er á móti slíku. Þá vil ég svara hv. þm. varðandi kjör nemenda, sem hv. 3. landsk. þurfti nú endilega að brengla, en það er ákveðið í því dæmi, sem ég nefndi, að

1. árið fá nemendur 25% af launum sveins
2. — - — 30% - — —
3. — - — 40% - — —
4. — - — 45% - — —

Ég tortryggi ekki þessar tölur, þar sem það var einn merkur flokksbróðir minn, er lét mér þessar tölur í té. Aðrir iðnfulltrúar staðfesta þetta líka, og eru nemendum greiddar 300—450 krónur á viku, og er það sambærilegt í byggingariðnaðinum. Hv. þm. getur rengt þetta, en ég flyt hér mál trúverðugra manna. Í járniðnaðinum skal ég ekki fullyrða um reglurnar.

Þá fór hv. þm. út í þá sálma, að til vandræða horfði vegna fólksfækkunar í sveitum landsins, og er rétt að svara honum hér að nokkru. Atvinnan getur minnkað fyrr en nokkurn grunar. Þetta ástand, sem nú ríkir, getur staðið eitt ár enn. Við vitum ekki, hvað framtíðin ber í skauti sínu. En að því hlýtur að koma, að hægt sé að metta þörf bæjanna í þessu efni, og þá kemur röðin að sveitunum. Þessir menn eru þá til taks til þess að byggja þar. Og það hafa farið menn úr bæjunum til þess að standa fyrir byggingum og það jafnvel til þeirra framkvæmda, sem ekki teljast til hins opinbera. Ég mun nú fara að ljúka þessu, þar sem ég hafði lofað að vera ekki langorður. Hv. 3. landsk. fór svo með heimildir áðan sem hans er vandinn. Það virðist vera hans sérstaka list að rangfæra ummæli manna, enda gerði hann það áðan, þegar hann vitnaði í ummæli mín. Hann sagði t. d., að fyrir mér vekti sérstaklega að berjast fyrir sjónarmiði meistaranna. *(HV:* Það er engin rangfærsla.). Jú, það er rangfærsla, því að skipulagið, sem nú er í iðnaðarmálunum, er ekki verk meistaranna. Það, sem er höfuðatriðið fyrir mér, er málstaður sveinanna og nemendanna. Þeir vilja aðeins láta endurbæta það skipulag, sem nú ríkir, en telja skipulagið gott að öðru leyti. Það er þetta sjónarmið mitt, sem hv. þm. Str. viðurkenndi í gær, að væri sjónarmið sveinanna og nemendanna. Og það er það. *(HermJ:* Ég held bara, að hv. þm. hafi versnað síðan í gær.) Það á víst að skilja þetta sem svo, að hv. þm. taki það aftur, sem hann sagði í gær. Það er ekkert nýtt, þótt þessi hv. þm. dragi það aftur í land, sem hann hélt fram í gær *(HermJ:* Ég er ekkert að draga í land varðandi það.) Varðandi námstímann, sem hv. 3. landsk. var að breiða sig út yfir, þá sagði ég það í ræðu minni, að það væri á vitorði iðnnema og annarra, að námstíminn væri of langur í ýmsum iðngreinum og það væri iðnráð, sem ætti að gera fyrstu till. um það, hvað námstíminn ætti að vera langur. Það eru mörg rök, sem hníga að því að stytta námstímann í mörgum iðngreinum, en ég er ekki að segja, að svo skuli vera með byggingariðnaðinn. Um það get ég ekki dæmt. Ég sagði, að sú löggjöf, sem nú færi gegnum þingið, yrði að tryggja, að námið yrði virkilegt nám, en ekki káknám. Um kjör nemendanna ætla ég ekki að endurtaka neitt af því, sem ég sagði áðan.

Ég hef svarað hv. þm. N-Þ. Ég hygg, að þau kjör, sem nemendur búa nú við, séu þannig, að þeir telji sig ekki vanhaldna. En hvernig þau eru vestur á Ísafirði, þekkir hv. 3. landsk. betur en ég, en þá er það hans að endurbæta það. *(HermJ:* Þeir eru áreiðanlega vanhaldnir. Ég þekki marga pilta, sem lifa á víxlum.) Ég þekki þetta líka. En það bætir hv. þm. ekki með því að koma upp iðnskóla í sveitum, því að kjörin, sem iðnnemendur eiga að hafa þar, eru ekki til fyrirmyndar. Þar kemur einræðið fram undan úlfshárunum. *(HermJ:* Er nú málshátturinn orðinn þannig?)

Mál þetta er orðið útrætt. Ég hygg, að búið sé að draga það fram í því, sem hægt er að draga fram.

Að lokum vil ég segja það, að ég held, að ef breyta skal um fræðslukerfi í landinu, þá eigi ekki að gera það á þann veg, sem hv. þm. Str. leggur til. Það á að hugsast af mþn., á hvern hátt hægt sé að gera framtíðarskipulagið hagkvæmast og ódýrast. Slíkt verður ekki bezt gert með því að fleygja inn í þingið frv., sem eru vanhugsuð og stefna að því að draga úr þeirri iðnfræðslu, sem reynt er að halda uppi í landinu. En að þessu stefnir frv. hv. þm. Str. Ef menn eygja möguleika á því að koma á betra skipulagi í þessum efnum, ber að undirbúa það mál sem bezt og gera það í samvinnu við hinar vinnandi stéttir, en ekki í andstöðu við þær.

Umr. frestað.

Á 81. fundi í Ed., 27. febr., var frv. tekið til frh. 2. umr.

Hermann Jónasson: Herra forseti. Ég vildi fara þess á leit við hæstv. forseta, að málið væri tekið út af dagskrá í dag, en tekið fyrir seinna, þar sem ég hef í morgun verið að leitast við að útvega mér gögn í málinu, sem mér þykir betra að hafa við höndina, er ég geri mína aths., en mér hefur ekki tekizt að fá þau enn þá. Ég fer ekki sízt fram á þetta sökum þess, að það hefur komið fram hér við umr., einkum þó hjá hv. þm. Barð., sem er einn af flm. hinnar rökst. dagskrár, að svo mætti fara, ef nýjar upplýsingar kæmu fram í þessu máli, að tekið yrði til athugunar að hverfa frá hinni rökst. dagskrá og gera breyt. á frv., en fella það ekki.

Forseti (ÞÞ): Þar sem hv. flm. þessa máls vill nú fresta því, en hann ætti að hafa mestan áhuga á framgangi þess, sé ég ekki ástæðu til að ganga á móti þeirri ósk, en samþ. að fresta málinu nú, og þá að líkindum fram yfir helgi, þar eð fundur er fyrirhugaður í Sþ á morgun. Samkvæmt ósk flm. er því umr. um þetta mál frestað og það tekið út af dagskrá.

Á 33. fundi í Ed., 3. marz, var enn fram haldið 2. umr. um frv. (A. 113, n. 420 og 423, 453).

Frsm. minni hl. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti. Ég kveð mér hljóðs aðeins í því skyni að leiðrétta misskilning hjá hv. þm. Barð. Hann þóttist vera að afsanna það, sem ég sagði, er ég mótmælti staðhæfingum hans og hv. 1. landsk. um, að byggt hefði verið í sveitum fyrir margar milljónir króna af ríkisfé. Hann las upp úr fjárl. síðasta árs og fjárlfrv. því, sem nú liggur fyrir, og þóttist þar með vera að sanna þetta, en kann auðsjáanlega ekki að gera greinarmun á því, hvort ríkið býr til lánsstofnanir vegna bygginga eða leggur beint fram fé til þeirra. Ég tók það fram til leiðbeiningar fyrir hann, að búið hefði verið að lofa meira fé á síðasta ári en hægt hefði verið að standa við, og því þyrfti að standa á fjárl. þessa árs fjárveiting vegna endurbyggingastyrkja, og þar með búið. En þó fullyrðir hv. þm., að svona verði þetta í framtíðinni, alltaf verði byggt fyrir ríkisfé, og í því sambandi nefndi hann tvær og hálfa milljón króna, sem er framlag í sjóð, sem á að lána til bygginga. Það er eins og hann viti ekkert, hvað gerðist hér á síðasta þingi, viti ekkert um stefnubreyt., sem varð í þessum efnum. En þó er hv. 1. landsk. enn þá skilningssljórri. Ég stóð hér upp aðeins til að leiðrétta þennan misskilning.

Steingrímur Aðalsteinsson: Herra forseti. Það eru nú orðnar langar umr. um þetta mál, og ég hafði ekki sérstaklega hugsað mér að taka þátt í þeim. Ég fer því ekki langt út í einstök aðriði í ræðum manna. Það er aðeins eitt atriði, sem mjög hefur verið hamrað á af forsvarsmönnum frv., sem ég vil leitast við að svara, og það er það, sem hv. flm. og hv. 3. landsk. hafa haft stór orð um, að þeir, sem flyttu hina rökst. dagskrá hér, þá m. a. ég, sýndu með því, að þeir væru fjandsamlegir umbótum á iðnfræðslunni í landinu og vildu ríghalda í stirðnuð form þeirrar fræðslu, meistarakennslufyrirkomulagið. Ég vil algerlega mótmæla því, að afstaða mín til hinnar rökst. dagskrár mótist af því, að ég sé fjandsamlegur umbótum á iðnfræðslunni, það er þvert á móti. Ég gat þess við umr. um iðnfræðslufrv. hér fyrir skömmu, að ég væri sízt á móti þeirri breyt., að iðnfræðslan færi fram í skólum samhliða kennslu hjá meisturum. En þetta frv., sem hér er nú til umr., er enginn mælikvarði á það, hvernig iðnfræðslunni verður hagað, því að það breytir ekki iðnfræðslulöggöfinni og raskar því ekki fyrirkomulagi iðnfræðslunnar. Og ekki auðveldar það þeim, er stunda iðnnám, að öðlast iðnréttindi, því að nemendum úr þessum skóla er ekki ætlað að öðlast nein iðnréttindi þrátt fyrir skólagöngu sína, enda var það svo í upphafi, að flm. þessa frv. mælti fyrir því á öðrum grundvelli en nú er gert. Þá talaði hann um, að þessi skóli væri nauðsynleg aðgerð til að bæta úr neyðarástandi í byggingarmálum sveitanna og með því að koma honum upp yrði unnt að fá menn til að standa fyrir byggingum, sem væru að einhverju leyti betur að sér en nú gerist. En á því stigi málsins hélt hann því ekki fram, að þetta frv. hefði í för með sér umbætur á iðnfræðslunni í landinu, enda er það alveg ljóst og liggur í hlutarins eðli, að enda þótt iðnfræðsla í skóla kynni að vera betri í sjálfu sér og þótt meistarakennslunni væri ábótavant, eins og ég býst við, að megi segja, þá væri útilokað, að árangur yrði betri af því að kenna 5—6 námsgreinar á tveimur árum en eina námsgrein á helmingi lengri tíma. Jafnvel þótt meistarakennslunni sé ábótavant, næst varla betri árangur með því að grauta þannig saman námsgreinum. Og auk þess er þessi leið útilokuð vegna þess, að hún felur ekki í sér neinar breyt. á fyrirkomulagi iðnfræðslunnar, eins og ég sagði áðan. Nemendur þessa skóla öðlast engin réttindi. Og þetta álit er í rauninni mjög stutt af öllum umsögnum, sem n. hafði borizt um þetta frv., t. d. umsögn Landssambands iðnaðarmanna. Þar er beint sagt, að nemendur úr þessum skóla verði ekki iðnaðarmenn. Til viðbótar þessari umsögn er samhljóða álit flm., þar sem hann treystist ekki til að mæla með því, að menn þessir öðlist réttindi. Ef forsvarsmenn þessa frv. álíta, að betri árangur náist með þessu móti, að betri iðnaðarmenn útskrifist úr þessum skóla en þeir, sem fyrir eru, þá ættu þeir, ef þeir vildu vera samkvæmir sjálfum sér, að beita sér fyrir því, að ákvæði um réttindi þeim til handa væru sett inn í frv., ella væri engin sanngirni í þessu. Og ég vil hér með skora á þá forsvarsmenn að beita sér þegar fyrir réttindum þessara iðnaðarmanna, ef þeir ætla að halda við þann málflutning sinn, að þeir verði betri iðnaðarmenn. Ef þeir treystast hins vegar ekki til að beita sér fyrir því, að ákvæði um réttindi verði sett í þetta frv., hörfa þeir frá fyrri málflutningi sínum, að þetta frv. feli í sér umbætur á fyrirkomulagi iðnnámsins eða iðnfræðslunnar í landinu. En ég held, að þeir hafi ekki þessa skoðun, heldur geri ég ráð fyrir, að þeir viti, að þetta nám verði ekki annað en kák og því ekki forsvaranlegt að veita nemendum úr þessum skóla iðnréttindi. Það verður að taka þetta mál eins og það liggur fyrir og eins og mælt var fyrir því í upphafi, að það væri fram komið til að bæta úr núverandi neyðarástandi í sveitunum í þessum efnum. Þannig lít ég á það, og við það miðast mín afstaða. Þetta álit felst líka í hinni rökst. dagskrá og enn þá betur í brtt. við hana á þskj. 453 frá hv. 8. landsk., þar sem lagt er til, að kennsla með svipuðu sniði og um getur í frv. verði sem fljótast tekin upp í einum eða fleiri héraðs-

skólum í sveit. Ég held, að með því fyrirkomulagi náist nokkurn veginn sami árangur og stefnt er að með frv., að bæta úr ríkjandi vandræðaástandi til bráðabirgða, en hitt verði að leysast í sambandi við endurskoðun iðnfræðslunnar almennt. Allir vita, að verið er að vinna að því verkefni af mþn. í skólamálum, og það er rétt að taka ekki afstöðu til umbóta á iðnfræðslunni, fyrr en álit hennar liggur fyrir. En þetta frv. hér felur ekki í sér neinar umbætur á iðnfræðslunni, það er aðeins tilraun til að bæta úr ríkjandi neyðarástandi í svipinn, og það verður bezt gert með því að samþ. hina rökst. dagskrá ásamt brtt. hv. 8. landsk. við hana.

Hermann Jónasson: Herra forseti. Þær aths., sem gerðar hafa verið í þessu máli, eru nú orðnar mjög margvíslegar, og sé ég ekki ástæðu til að rekja þær. Ég vil þó aðeins minnast á það, sem sagt hefur verið um kjör nemenda í skólanum. Samkvæmt 12. gr. frv. tel ég það liggi skýrt fyrir þeim, sem vilja lesa, að kjörin eru þannig, að peningalaus nemandi getur fengið inngöngu í skólann og lokið þar námi sínu án þess að leggja sér til annað en vinnu sína í skólanum. Hverjum félausum unglingi er því opin leið að ganga í þennan skóla. Hann fær þar fæði, húsnæði, ljós og hita, nokkurn klæðnað og fjárgreiðslur fyrir yfirvinnu eða vinnu, sem unnin er fram yfir 8 klukkustundir. Auk þess geta nemendur unnið að sérstökum verkefnum fyrir sig utan vinnutíma og selt þá hluti, sem þeir gera þannig.

Ég skal svo aðeins víkja að öðru leyti að þeim mótbárum, sem fram hafa komið gegn málinu. Eftir því sem ég kynni mér betur skóla erlendis og fyrirkomulag þar, verð ég sannfærðari um, að við búum hér við fyrirkomulag, sem er með öllu óhafandi, og ég er viss um, að hv. 6. landsk., sem vill áreiðanlega sýna sanngirni, mundi einnig komast á þá skoðun, ef hann gerði þennan samanburð. Hv. 6. landsk. sagði að þetta frv. hefði ekki í för með sér neina breyt. á iðnfræðslunni í landinu, en ég skal nú koma að því síðar og færa rök gegn þeirri fullyrðingu hans.

Hér hefur komið fram sá reginmisskilningur, að löggjöf af þessu tagi ætti að vera í sambandi við þá breyt. á iðnfræðslul. almennt, sem liggur fyrir þessu þingi, og ekki sé nema um aðra leiðina að ræða, skóla eða meistaranám. Þetta hefur t. d. komið fram hjá hv. þm. Barð. Það hefur komið fram sá misskilningur, að ef það hefði átt að koma með löggjöf í þessa átt, þá hefði slíkt átt að vera í sambandi við breyt. á iðnlöggjöfinni, sem verið er að gera, og hafa beri iðnréttindin annaðhvort bundin við skólanám eða nám hjá meistara. Þetta hefur komið fram hjá hv. þm. Barð. Ég álít þetta reginmisskilning. Það er að mínu áliti ekki skólanám eða nám hjá meistara, sem hér á að koma til greina. Það er ekki skólanám í iðnfræðslunni eða meistaranám í iðnfræðslunni, það fyrirkomulag, sem hér á að ríkja. Það á að vera hvort tveggja. Það er að mínu áliti alrangt að ætla sér að leggja niður það gamla fyrirkomulag, sem verið hefur í þessum efnum. Það er gamalt kerfi og þaulreynt hér í þessu landi. En það er jafnfráleitt að ætla sér að útiloka það, að það sé eitthvert kerfi við hliðina á því og að ungir menn geti náð sveinsréttindum eftir öðrum leiðum en því gamla fyrirkomulagi, sem nú er á þessum málum. Þess vegna er ekkert athugavert við það, þótt gamla fyrirkomulagið með meistarakennslu haldi sér og annað kerfi komi við hliðina á því.

Ég hef því miður ekki getað aflað mér upplýsinga um fyrirkomulag annars staðar í löndum í þessu efni, nema úr einu landi, og upplýsingarnar eru í skýrslu, sem ég hef góðfúslega fengið lánaða hjá ríkisstj. um fyrirkomulag í þessu efni í Svíþjóð. Það fyrirkomulag sannar einmitt það, sem ég hef verið að halda fram í þessu efni.

Það er annars dálítið eftirtektarvert, að sá maður, sem er hjá okkur eiginlega fremstur í öllu að því er snertir iðnað, Sveinbjörn Jónsson, hann hefur ekki náð iðnréttindum eftir þeim leiðum, sem lögboðið er nú í landinu. Hann vann með föður sínum, gekk síðan í einn af þessum iðnskólum eða kvöldskólum í Osló og kom svo hingað heim. En maðurinn er það duglegur og flinkur, að það kom vitanlega ekki til mála að neita honum um réttindi, þar sem hann var — kannske í fleiri en einni grein — fremri en meistarar hér — kannske á mörgum sviðum. Þetta er eitt dæmi um það, hvernig lífið sjálft knésetur reglugerðir í þessum efnum. Það er þetta, sem maður er nú farinn að reka sig á. Það er líka talsvert eftirtektarvert, sem hér hefur verið haldið fram í sambandi við þetta mál. Ég má til að skjóta því hér inn í. Því er haldið hér fram, að það sé n. í skólamálum, sem eigi að rannsaka þessi mál, og hv. 6. landsk. þm. álítur, að svo eigi að vera. En hér er frv. um iðnlöggjöf á ferð í gegnum þingið, og líkur eru til þess, að það komist í gegn. Hvers vegna er það þá ekki stöðvað, fyrst talað er um að vísa þessu máli, sem hér liggur fyrir, frá á þeim grundvelli, að mþn. sé að rannsaka þessi mál í heild? Ég man ekki, hvernig hv. 6. landsk. þm. greiddi atkv. um það mál. Kannske vill hann vísa því máli frá, þangað til mþn. hefði tækifæri til að rannsaka iðnlöggjöfina í heild. En það, sem ég er sannfærður um eftir að hafa kynnt mér þessi mál lítillega, er, að það ætti að vísa því máli frá og rannsaka þessi mál öll nánar, a. m. k. ef þessu máli, sem hér liggur fyrir, verður vísað frá á þeim grundvelli.

Nú ætla ég með örfáum orðum að drepa á það fyrirkomulag, sem er t. d. í Svíþjóð í þessum málum. Og það mun viðurkennt, að ég hygg, að Svíar standi a. m. k. eins framarlega eins og nokkur önnur Norðurlandaþjóð — og jafnvel þótt til fleiri þjóða væri jafnað — í iðnaði. Eftir beiðni atvmrn. hefur maður, sem dvelur í Svíþjóð nú um eitt til tvö ár, kynnt sér, hvernig fyrirkomulagið er á þessum málum í Svíþjóð. Og við athugun á því, hvernig þessi maður gerir grein fyrir því, sjáum við fljótt, að það fyrirkomulag er með nokkuð öðrum hætti en hér hjá okkur og ekki eins bundið í skorðum

og iðnaðarnámið hefur verið hér um skeið og eins og á að vera, ef sú löggjöf ræður, sem er nú á leið í gegnum þingið. Ég ætla ekki að lesa þessa skýrslu í heild, því að þótt hún sé ekki löng, tekur það of langan tíma. En sá maður, sem kynnt hefur sér þetta að beiðni ríkisstj., segir í stuttu máli þetta:

„Tréskipasmíðanemi er ráðinn til smíða á skipasmíðastöðinni sem hver annar smiður um óákveðinn tíma, venjulega ekki skriflega. Hann getur hætt námi eða farið á aðra skipasmíðastöð. Er hann hefur unnið þannig samanlagt eða á einum stað í 4 ár, er hann fullkominn iðnaðarmaður eins og hér, en sveinspróf er ekki haldið og þess ekki krafizt."

Hér er það auðsjáanlega látið duga, ef meistarar sækja eftir manninum eftir að hafa reynt hann og telja hann til þess hæfan að starfa í viðkomandi iðn. Ég er ekki sérstaklega að nefna þetta sem fyrirmynd endilega, heldur til þess að sýna fram á, að þetta er yfirleitt ekki eins bundið hjá Svíum eins og hér, en Svíar eru þó vissulega formfastari en flestar aðrar þjóðir í byggingariðnaðinum.

Í þessari skýrslu stendur hér enn fremur: „Í byggingariðnaði var mér sagt, að námstilhögun væri eitthvað svipuð. Í stáliðnaðinum er handiðnaðarnámið svipað, en flest hin stærri stáliðnaðarfyrirtæki halda kvöldskóla fyrir þá iðnnema, sem óska þess að fá tekniska fræðslu og þá sérstaklega í þeirri starfsgrein, sem viðkomandi fyrirtæki hefur með höndum."

Svo segir hann í skýrslunni: „Þá kemur flokkur iðnaðarmanna, sem fá sérstaka menntun. Það eru þeir, sem hin stóru iðnfyrirtæki mennta sérstaklega til þess að veita verkum forstöðu. Námið er í föstu formi og bundið við skóla fyrirtækisins og miðað við þá starfsgrein, sem þar er starfrækt. Lýsingin er í stuttu máli og tekin upp eftir frásögn ungs manns, sem tekur þátt í þessum iðnnámsflokki hjá stóru vélsmíðafyrirtæki. Flokk þennan mætti kalla, eftir því sem mér skildist á honum, fyrsta flokks iðnnema, sem hafa skyldur gagnvart fyrirtækinu, enda hefur það talsverðar skyldur gagnvart iðnnemunum. Ráðningartíminn er þrjú ár. Verklegt nám er 35 klst. á viku með góðri tilsögn í handiðnaðarfræðslunni. Bóklegt nám er 10 klst. á viku í tekniskri iðnfræðslu."... Eftir þessi þrjú ár eru þessir fyrsta flokks iðnnemar útskrifaðir. Svo stendur hér: „Námstíminn, 3 ár, virðist nokkuð stuttur, en hins vegar er þetta fyrirmyndarkennsla, og eftir að hafa starfað eitt til tvö ár frá því, að námstíma er lokið, eru þetta fyrsta flokks iðnaðarmenn."

Hér er ekki talað um, að það þurfi til þess neitt próf. Það er ekki farið eins strangt í þetta eins og hér hjá okkur, að menn megi með naumindum taka próf, þótt þeir séu fullfærir í iðngreinunum, ef þeir eru ekki búnir að stunda nám hjá meistara í 4 ár. Hér sést af þessari skýrslu, að í Svíþjóð er það þannig, að menn eru fyrst ráðnir til þess að vinna hjá iðnfyrirtæki eða stofnun og fá svo eftir fjögur ár full iðnaðarmannaréttindi, þannig að þeir eru taldir fyrsta flokks starfsmenn.

Ekki er þar með búið. Þessi maður, sem hefur rannsakað þetta fyrir ríkisstjórnina, segir, að þann 28. ágúst 1945 fer hann til Uddevalla til þess að kynna sér Göteborgs och Bohusläns Landstings centrala Verkstadsskola Uddevalla. Hann skýrir frá því, að í skóla þessum séu 180 nemendur, — en það eru hátt á þriðja þúsund nemendur í öðrum iðnskóla í Svíþjóð, sem hann segir frá hér á eftir. Í þessum skóla er hægt að nema flestar eða allar iðngreinar. Og hann telur hér upp ýmsar þeirra. Þar eru margs konar verkstæði, vélaverkstæði, húsgagnaverkstæði, rafvirkjaverkstæði o. fl., og skólanum er skipt niður í mörg hverfi í bænum. Þetta er Göteborgs Stads Yrkesskolor. — En um Uddevallaskólann segir hann: „Námstíminn er 4 ár, sveinspróf er haldið að loknu námi." — Hér er þriðja fyrirkomulagið. — „Sveinar þessir eru mjög eftirsóttir. Sumarfrí er allur júlímánuður." Þetta segir enn fremur í skýrslu þessa manns um þessa skóla.

Svo kemur hér í Svíþjóð fjórða leiðin, sem ungir menn geta þar farið til þess að nema einhverja iðn. Hann segir frá því hér, þessi sami maður, sem sendur var af ríkisstj. til að kynna sér þessi mál í Svíþjóð, að 23. febr. 1946 hafi hann farið á fund rektors Göteborgs Stads Yrkesskolor, því að þar er reyndar um marga skóla að ræða með alls 2780 nemendur s.l. ár, vélskóla, húsgagnaskóla, rafvirkjaskóla, bifvirkjaskóla og matreiðsluskóla. Aðalskólinn er sex hæða hús, en auk þess er 21 deild á ýmsum stöðum í borginni fyrir mismunandi námsgreinar, svo sem sjómennsku, sem verður að vera staðbundin vegna sérstakrar kennslu. Hér segir í skýrslunni, að vélskólinn sé tveggja ára dagskóli, og nemar byrji 15 ára. „Að loknu þessu tímabili", stendur hér, „eru þeir eftirsóttir af vélsmíðafyrirtækjum." Og þar kemur svar við því, sem hv. 6. landsk. þm. var að bera fram, að þetta er ekki breyt. frá iðnlöggjöfinni, ef miðað er við svona skóla. Svo er í skýrslunni: „Að loknu Yrkesskólanámi má telja allt að 3 árum, þar til piltarnir geta talizt fullkomnir sveinar." En eftir að hafa numið hjá þessu fyrirtæki, eru þeir fullkomnir iðnaðarmenn. Og ef menn, sem kæmu af skóla, þar sem þeir hefðu stundað svona tveggja ára nám hér, ynnu svo í tvö ár á eftir undir stjórn sér færari manna — eins og hv. þm. Barð. var að tala um, þ. e. ef hafðir væru eftirlitsmenn með húsagerð í sveitum — mundu þá ekki þessir menn vera þá orðnir fullkomnir iðnaðarmenn, sem stæðu jafnfætis öðrum iðnaðarmönnum? — Þessir skólar í Svíþjóð, sem ég hef talað um, eru að hálfu leyti eign Gautaborgar og að hálfu leyti eign ríkisins.

Að lokum tekur þessi maður fram í skýrslu sinni, að þessir skólar, sem eru mjög hliðstæðir þeim skóla, sem lagt er til með þessu frv., að stofnaður verði, hafi þrenns konar takmark: „1) Það er almenn tæknifræðsla, þannig að menn og konur geti betur hjálpað sér sjálf á heimilum og við almenn störf. 2) Skólinn er hin bezta tilraunastöð til þess að rannsaka, hvort ungur maður sé fær um eða líklegur til að verða iðnaðarmaður. 3) Undirbúningsnám fyrir iðnaðarmenn er þarna ágætt í mörgum

starfsgreinum, svo sem í vélsmíði og fleiri iðngreinum, þar sem námið getur verið staðbundið.“

Ég er ekki í neinum vafa um það, að reynslan af þessum skóla, sem hér er gert ráð fyrir í þessu frv., yrði sú sama og reynslan af þessum skólum annars staðar er, eftir því sem ég veit bezt. Ég veit, að Norðmenn hafa slíka skóla í tugatali. Og mér er sagt, að þeir séu einnig í Danmörku. En hvers vegna í ósköpunum eigum við Íslendingar þá ekki að fá *einn* skóla af þessu tagi hér? Erum við betur á vegi staddir með það fyrirkomulag, sem við höfum nú hér í þessum sökum? Erum við í sambandi við iðnfræðsluna hér í landinu, eins og hún er, einasta þjóðin á Norðurlöndum, sem hefur enga þörf fyrir svona skólanám í þessum efnum? Hvers vegna á að loka fyrir það?

Hv. þm. Barð. og hv. 6. landsk. þm. tala um, að það sé gert ráð fyrir, að þessir menn, sem af iðnskóla í sveit koma eftir þessu frv., fengju engin réttindi, og **að** þetta frv. grípi ekki inn í iðnfræðslulöggjöfina. Ég gerði ráð fyrir því, að það hefði ekki nokkra minnstu þýðingu að fara fram á, að breytt væri fyrirkomulaginu um meistaranám frá því, sem nú er. Ég veit, að það er haldið svo fast utan um þau réttindi, að mér hefur ekki dottið í hug að hreyfa við því fyrirkomulagi, og ég álít líka, að það fyrirkomulag eigi að haldast. En mér finnst allt of mikil þröngsýni, ef við megum ekki fá hér á Íslandi *einn* skóla, sem fær að sýna í framkvæmd, hvort náð geti tilgangi sínum á þann veg, sem gert er ráð fyrir í frv., eða svipaðan. Ef slíkur skóli væri stofnaður og niðurstaðan yrði sú, að þessi skóli ynni það gagn, að það sýndi sig, að þaðan kæmu iðnaðarmenn, sem stæðu fullkomlega jafnfætis þeim, sem útskrifaðir eru frá meisturum, þá veit ég, að þetta kerfi sigrar hér sem annars staðar í löndum, við hliðina á meistarakennslunni. Og það sannast, að þetta kerfi verður aldrei tekið upp með öðru móti heldur en þannig að gera í byrjun litlar kröfur til réttinda fyrir þetta skólanám, en fá leyfi til að sýna sig í framkvæmd og að ganga undir dóm reynslunnar. Og það hefur einmitt komið í ljós, að Svíar hafa haft þetta fyrirkomulag á sínum tveggja ára iðnskólum. Það er því rétt hjá hv. 6. landsk. þm., að þetta breytir ekki iðnlöggjöfinni í bráð. En ég er jafnsannfærður um það, að í framkvæmd verður þetta breyt. á iðnfræðslunni í landinu, vegna þess að ég er þess fullviss, að þetta fyrirkomulag mun reynast svo vel hér eins og annars staðar, að það verði okkur nauðsynlegt, og að sá lærdómur, sem menn öðlast í þessum skólum, öðlist jafnframt sína viðurkenningu, alveg á sama hátt og það er upplýst, að sá iðnaðarmaður, sem er mest fyrir iðnaðarmönnum hér, hann hefur ekki önnur réttindi en sem byggjast á því að vera útskrifaður úr svona skóla. *(Samgmrh.:* Hvað segir hann um þetta frv. hv. flm.?). Hæstv. ráðh. veit, að þegar menn eru búnir að fá réttindi, þá er það ekki rétta leiðin fyrir ríkið, frá almennu sjónarmiði í þjóðfélaginu, að fara til þeirra manna, sem hafa réttindi í þjóðfélaginu í einhverri grein, til að spyrja þá, hvað gera skuli til almennra þrifa fyrir þjóðfélagið í þeirri grein. *(HV:* Stundum man ekki kýrin, að hún hefur kálfur verið.) Ég hringdi fyrir ekki löngu til þessa manns, sem ég hef hér talað um, Sveinbjarnar Jónssonar, og spurði hann: „Hvaða menntun hefur þú? Hefur þú farið þessa lögboðnu leið til þess að fá réttindi í iðninni?“ Hann sagði með ákaflega miklu yfirlætisleysi: „Ég hef lélega menntun. Ég vann hjá föður mínum og var á kvöldskóla í Noregi.“ — Og þetta var einmitt sams konar skóli, sem hér er gert ráð fyrir í frv.

Ég beini því sérstaklega til þessarar hv. þd., að við skulum láta það fyrirkomulag, sem hér er nú, vera eins og það er um meistaranámið, en hafa svo það fyrirkomulag, sem gert er ráð fyrir í þessu frv., við hliðina á því, og prófa okkur áfram með þessa skóla. alveg eins og aðrar þjóðir. Og ég beini því einnig til hæstv. iðnrh., sem hér er staddur og hefur orð fyrir iðnaðarmönnum og mikinn áhuga fyrir iðnaðarmálum, hvort hann vilji ganga inn á að taka upp þennan þátt um iðnfræðsluna, að hafa þetta tvennt hlið við hlið hjá okkur, og þá einnig, hvort hann geti gengið inn á, að hér verði komið upp fullkomnum skóla, eins og Svíar hafa gert, ef honum þykir þessi skóli ekki nógu fullkominn hugsaður, þannig að nemendur frá þeim fullkomnari skóla heldur en hér er gert ráð fyrir fengju full meistararéttindi, bæði í sveitum og kaupstöðum. Ég beini því til þessa hæstv. ráðh., hvort hann vilji veita þessu máli inn í þann farveg, sem mætti vissulega gera með því að breyta frv. því, sem hér liggur fyrir, eða í öðru lagi ná þessu með því að breyta því frv., sem liggur nú fyrir hæstv. Alþ. um iðnaðarnám. En ég geri tæpast ráð fyrir, að meisturum verði ljúft að ganga inn á síðartöldu leiðina, og ég geri ekki ráð fyrir, að skólafyrirkomulag í þessum efnum, hliðstætt því, sem er t. d. í Svíþjóð í þessum málum, verði tekið upp hér hjá okkur, nema með því að gera þær litlu kröfur um réttindi fyrir þá menn, sem frá þessum skólum koma, eins og gert er ráð fyrir í þessu frv. En ég er jafnsannfærður um, að menn, sem kæmu úr svona skóla, yrðu fljótt góðir iðnaðarmenn, sem fengju viðurkenningu í dómi reynslunnar, eftir að þeir hefðu unnið að loknu skólanámi í eitt til tvö ár í iðninni. Og þessi maður, sem hefur verið látinn kynna sér þessi mál í Svíþjóð, segir, að sér virðist, að sænskum iðnaðarmönnum sé yfirleitt hagleikur í blóð borinn. En þar er almenn þekking mikil um iðnaðinn vegna þessara góðu skóla. Og hér í þessu frv. er ekki farið fram á annað en það, að við Íslendingar gerum það í iðnfræðslunni, sem hinar Norðurlandaþjóðirnar hafa gert á undan okkur, að koma upp svona skóla, sem þær telja sig ekki mega án vera.

Að lokum vil ég segja þetta. Ég er sannfærður um, að ég er að flytja hér mál, sem er rétt, og að við í framtíðinni komumst ekki af án þess, að þessum skólum verði komið hér upp, alveg eins og hjá öðrum Norðurlandaþjóðum. Og það er mjög mikil spurning, eins og hér hefur verið bent á, hvort þessar verknámsdeildir við gagnfræðaskólana eru ekki alveg skakkt spor. Það hefur einmitt verið bent á það hér af skólamönnum, sem telja sig hafa

reynslu fyrir því, að einmitt þessar deildir hafi orðið tiltölulega gagnslausar deildir við þessa skóla í Danmörku. Þær hafa verið stimplaðar sem tossadeildir, og þessir menn, sem í þeim eru, fá engin réttindi. Þeir eru þarna af skyldu, vegna þess að þeir eiga erfitt með að stunda bóklegt nám. Og spursmálið er, hvort ekki eigi að taka allar þessar deildir út úr skólunum, þar sem einn maður er að fást við þessa kennslu, sem maður finnur alls staðar, að er aukaatriði með bóknáminu, sem er meira virt, og sameina þær í einn skóla. Það er atriði, sem ætti að athuga, eða a. m. k. það, hvort nemendur úr þessum deildum, ef þær eiga að halda sér, geta ekki fengið einhver réttindi til að komast í eitthvert annað iðnaðarnám, eins og nemendur úr bóknámsdeildum fá rétt til þess að komast í gegnum aðrar bóknámsdeildir, tröppu af tröppu, alveg upp í háskólann.

Nú hef ég lokið þessum aths. og lokið rétti mínum til þess að tala frekar í þessu máli, en vildi vona, að d. sæi sér fært að fella þessa rökst. dagskrá. En ef svo skyldi fara, að dagskráin yrði samþ., tel ég útilokað annað en að vísa einnig frá til athugunar frv. því um iðnaðarnám, sem nú liggur fyrir þinginu, og málið allt verði tekið til athugunar á miklu víðtækari grundvelli en hingað til hefur verið gert.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Ég hef á fyrra stigi þessa máls, bæði á þessu þingi og því síðasta líka, þegar þetta mál var til umr., látið í ljós skoðun mína á þessu frv., og hef ég ekki miklu við það að bæta, en hv. flm. þessa frv., sá sem talaði síðast, hefur í sinni síðustu ræðu komið máli sínu þannig, að mér finnst ekki hægt að láta því ómótmælt, og þó einkum það, hvernig iðnaðarfræðslunni skuli komið fyrir í höfuðatriðum.

Hann byrjaði mál sitt á því, eftir því sem mér heyrðist, að hann hefði sannfærzt um það æ betur, því betur sem hann kynnti sér þessi mál, að það fyrirkomulag, sem við nú búum við í þessum efnum, væri með öllu óhæft. Síðan kom hann að vísu inn á það, að hann hefði ekki getað kynnt sér málið mjög rækilega, og aðallega skildist mér að lokum, að það væru upplýsingar frá einu landi eða einum manni um það land, sem hann hefði í höndum, svo að hans „studium" þessu viðkomandi hefur ekki verið allt of víðtækt. Það er rétt, að frá þeim manni, sem við fólum að athuga þetta í Svíþjóð, liggja ekki fyrir aðrar upplýsingar en þessar. En ég hef haft aðstöðu til að kynnast þessu frá fleirum og skýri frá því hér, sem kann að hafa þýðingu, að á fundi norrænna iðnskólamanna, sem haldinn var í Kaupmannahöfn fyrir nokkrum árum, þar sem ég var viðstaddur, var rætt um þetta mál fram og aftur, meistarakennslu og skólakennslu, hvort þætti heppilegra. Þar var maður, sem enginn ber brigður á, að hafi vit á þessum hlutum, sá Dani, sem áreiðanlega hefur mest kynnt sér iðnfræðslu, ekki aðeins í Danmörku, heldur og víðar um heim. Hann sagði í framsöguræðunni, sem hann hélt um þetta: „Meistarakennslan hefur hér á landi verið það kennsluform, sem hefur verið svo að segja einráðandi síðast liðin 400 ár." — Mér skilst, að það sé af þessum sökum, sem hv. flm. frv. kallar þetta form úrelt kennsluform, af því að það hefur verið notað í langan tíma. En hvernig hefur þetta 400 ára gamla form gefizt? Hann segir, að ástæðan til þess, hvað þetta kennsluform hefur verið lífseigt, sé hinn heilbrigði kjarni í þessari kennsluaðferð. Hann segir loks, þessi sami skólamaður, að ástæðan til þess, að farið hefur verið sums staðar frá meistarakennslu yfir í skólakennslu, sé ekki sú, að meistarakennslan sé ekki nógu góð, heldur hitt, að það hafi ekki verið hægt að skaffa hana. Það er ástæðan fyrir því, að farið hefur verið yfir í skólakennsluna, ekki af því, að meistarakennslan sé ekki æskilegra form, heldur af hinu, að ekki hefur verið hægt að skaffa nógu víðtæka meistarakennslu, þegar iðnaðurinn hefur verið spesialiseraður. Iðnaðurinn á Íslandi ætti ekki að vera kominn á það stig, að hann sé svo spesialiseraður. Sannleikurinn er sá, að þar, sem farið hefur verið inn í þessa skólakennslu, hefur það verið gert af því, að meistarakennsla hefur ekki fengizt nógu góð eða nægilega fullkomin handa nemum. Í Svíþjóð aftur á móti er það fyrirkomulag, eins og hv. flm. sagði, að mestur hluti kennslunnar fer fram í skólum, fyrst og fremst vegna þess, að ríkisvaldið hefur þar haft miklu minni afskipti af iðnaðarkennslu en gerist annars staðar á Norðurlöndum. Menn eru teknir þar til iðnaðarnáms án þess, að nokkrir samningar séu gerðir. Þeir eru við þetta í 3—4 ár, án afskipta hins opinbera, og þegar þeir eru búnir að þessu, taka meistarar þá í vinnu fyrir nokkru hærra kaup, og svo eru þeir búnir. En að forminu til er þetta íhlutunarlaust af hálfu hins opinbera. — Í Danmörku hefur verið viðhaft sama kerfi og hér, og hefur það gefizt vel. Þar gilda í þessum efnum l., sem eru svipuð íslenzkum l., og yfirleitt er öll iðnaðarkennsla í Danmörku meistarakennsla. — Í Noregi hefur verið haft enn annað form, þar sem hefur verið starfræktur forskóli í eitt ár eða 12 mánuði fyrir fyrstu námsgreinarnar, einstöku lengur, og þar er þessum skóla hnýtt við iðnfræðslukerfið, þannig að hann er liður í því kerfi.

Allt er þetta mjög ólíkt því, sem lagt er til í frv. hv. þm. Str. Að halda því fram, að iðnaðarstarfið sé orðið svo spesialiserað hér á landi, að af þeim sökum sé erfitt að láta nema fá fullkomna kennslu, sé ég ekki að geti átt sér stað, nema þá kannske í örfáum tilfellum. *(HermJ:* Hvað ætli sé mikið hér af ólöglegum nemum?) Ég veit ekki, hvað margir ólöglegir nemar hafa verið, en ég veit bara það, að í árslok 1945 voru hér á landi um 1500 löglegir nemar og í árslok 1946 er þessi tala komin upp í 1800. Tvö síðast liðin ár hafa byrjað iðnnám á venjulegan hátt á sjötta hundrað nemendur. Ég efast um, að það sé æskilegt fyrir þjóðfélagið, að fleiri en þetta fari yfir í iðnnám. Ég held, að séð sé fyrir þörf iðnaðarins með þessari tölu, sem er mjög verulegur hluti árlegrar viðkomu pilta í landinu. Og ég hef aldrei heyrt undan því kvartað, að piltar fengju yfirleitt ekki á þennan hátt nokkurn veginn þá kennslu, sem þeir þurftu að fá til þess að vera

fullkomnir iðnaðarmenn. Það eru náttúrlega til undantekningar, en slíkt getur alveg eins komið fyrir í skólum. Ég held þess vegna, að meðan möguleikar eru til fyrir meistarakennslu og samkvæmt þeirri reynslu, sem bezt hefur fengizt erlendis, þá eigi ekki að hverfa frá henni. Mér virðist þess vegna, að það sé fjarri því, að meistarakennslan sé úrelt kennsluform, sem beri að flýja frá. Með hliðsjón af því móti, sem ég nefndi áðan, þar sem þetta var rætt í heilan dag, virðast öll rök mæla með því, að þar, sem meistarakennsla er möguleg, ætti hún að vera a. m. k. aðalkjarninn. Hitt gæti ég fallizt á, að væri að ýmsu leyti gott form, eins og Norðmenn hafa gert, að taka eins árs skóla inn í fræðslukerfið, sem gæti verið forskóli og kennt fyrstu frumdrög iðnaðar. En það er fjarri því, að þessi skóli, sem hv. þm. Str. er með, fullnægi því atriði, því að hann er, eins og ég áður hef lýst við umr. um þetta mál, þótt það kunni að vera óþinglegt orð, þá verður hann að teljast viðrini. *(HermJ:* En hvað um sænsku skólana?) Ég skora á hv. þm. Str. að nefna einn einasta sænskan skóla, sem er eins og þessi, þar sem einum og sama manni er skipað að læra sex iðngreinir á 2 árum og fara svo út í lífið og halda, að hann sé útlærður í öllum þessum iðngreinum, þegar hann er kominn úr skólanum. En það er, eins og ég sagði, viðrinisform. Ég get því vel tekið undir það, sem hér hefur verið sagt, að málinu verði vísað frá, því að þetta form verður engum til góðs.

Hv. þm. vitnaði í einn ágætan iðnaðarmann, sem ég þekki vel, og vildi segja, að hann hefði hlotið sína menntun eins og hér er gert ráð fyrir. Það vill svo til, að þessi maður hefur gefið umsögn um frv., því að í fskj., sem prentað er á þskj. 423, segir hann, að Landssamband iðnaðarmanna mundi ekki telja þá menn, er útskrifast kynnu úr umræddum skóla, kunnáttumenn og ekki æskilegt að láta þá taka að sér störf. Ég hef enga ástæðu til þess að rengja þennan ágæta mann, og í sömu átt hníga öll þau rök, sem birzt hafa í fskj. með þessu frv., öll mæla þau gegn frv.

Ég skal að lokum leyfa mér að benda á það út af því, sem hv. flm. sagði um það, að ef þessu frv. yrði vísað frá með rökst. dagskrá, væri rökrétt afleiðing af því að vísa einnig frá frv. til l. um iðnfræðslu, sem liggur hér fyrir þingi. Ég vil leyfa mér að benda á, að á þessu er reginmunur. Frv. um iðnfræðslu er undirbúið af mþn., sem starfaði að þeim undirbúningi í rúmt ár og lagði í það mikla vinnu. Í þeirri mþn. voru menn, sem representeruðu bæði sjónarmið sveina og meistara, og lögfræðingur, sem hefur fengizt mest allra lögfræðinga við meint brot á iðnaðarlöggjöfinni og þekkir þeirra kosti og galla. Ég tel því, að sá undirbúningur, sem það frv. hefur fengið, sé á engan hátt sambærilegur við þann undirbúning, sem það frv. hefur fengið, sem hér liggur fyrir. Ég vil því vona, að hið fyrra frv. nái fram að ganga, ef skorinn verður af því sá agnúi, sem hér var inn settur og kippa mundi fótum undan allri iðnfræðslu, eins og hún er praktiseruð hér í þessu landi, ef samþ. kynni að verða.

Ég skal svo ekki fara lengra út í þetta, en segi þessi orð að gefnu tilefni, því að þær upplýsingar, sem komu um þetta sænska form, virtust mér vera mjög einhliða og ekki skýrt frá ástæðunum fyrir því, hvers vegna kennsluformið er í Svíþjóð eins og það er, en frá því hef ég nú sagt.

Eiríkur Einarsson: Það er nú vegna rásar viðburðanna, að ég hef komizt í þá n., sem hefur fjallað um frv. þetta, iðnn., nú á miðju þingi. Og þar sem ég hef skrifað undir nál. meiri hl. n. um, að málið verið afgr. með rökst. dagskrá, þá tel ég réttmætt af mér að gera grein fyrir því, hvers vegna ég tel, að svo eigi að gera.

Ég vil taka fram, að ég álít í rauninni gott og þakkarvert, að frv. um þessi mál skuli hafa komið fram til þess að róta upp í hugum sumra þm. um nauðsyn þess, að séð sé fyrir nægilega mörgum og góðum smiðum til þess að inna af höndum nauðsynlegar húsagerðir á sveitabýlum. En ég tel hins vegar, að frv. sé ekki þannig sniðið, að ég sjái mér fært að ljá því atkv., að komið verði upp einum slíkum skóla með 50 nemendum fyrir sveitafólkið, með þeim námstíma, sem þar er gert ráð fyrir, og á þann hátt, sem þar er miðað við. Um þetta hefur verið svo mikið rætt, að ég ætla ekki að endurtaka það. Þau rök skýra sig frá sjónarmiði hvers eins, eftir því sem þeim þykir líklegast, og ég hef þar mínar skoðanir. En það er annað, sem vakir sérstaklega fyrir mér, þegar um þetta er rætt og afgreiðslu frv., sem hér liggur fyrir, og það er, að ég tel, að í þessum sökum verði að viðhafa mjög mikla kostgæfni um það að samræma það til náms í skólunum, sem samræmanlegt er. Að koma upp nýjum skóla með nýju formi til nýs náms umfram það, sem nauðsyn krefur, tel ég, að eigi ekki að gera. Er þá eitthvað til samkvæmt skólakerfi landsins, sem gæti í einhverju fullnægt þeim þörfum, sem á að fullnægja samkvæmt frv.? Ég held, að það sé vafasamt að svara þeirri spurningu neitandi, og ég held það megi gera það að álitamáli, hvort ekki er hægt að svara því játandi. Við vitum, að samkvæmt skólalöggjöfinni er svo ráð fyrir gert, bæði um gagnfræðaskólana og héraðsskólana, og sérstaklega finnst mér viðeigandi að nefna í þessu sambandi bændaskóla landsins, að þar séu iðngreinar þessar kenndar, þó að raunar sé í þeim lagasetningum stiklað á því stærsta. En til þess finnst mér eigi að setja inn í slík l. svo þýðingarmikil atriði um fræðslu æskulýðsins til nauðsynlegs frambúðarstarfs, að það verði meira en bókstafur laganna. Og ég tel, að sérstaklega ætti í þessu sambandi að vera tekið til alvarlegrar íhugunar og endurbóta af hálfu þeirra, sem umráðaréttinn hafa, hvernig eigi að fylgja þessu betur og meir eftir en svarar til þess, sem enn er orðið. Ég álít einmitt, að þessir skólar, bændaskólar landsins, sem eru eingöngu fyrir unga pilta, þeir ættu á sérstakan hátt að vera hentugur grundvöllur til þess í sambandi við annað nám, sem þar fer fram, t. d. jarðrækt, að taka á ýtarlegan hátt þetta nám að sér. Bændaskólarnir eru nú í uppsiglingu og verða senn þrír eða kannske fjórir,

og þá áliti ég það í sjálfu sér hagkvæmnisatriði, að slíkir kunnáttumenn, sem eru komnir úr sveitunum til þess að læra þau fræði, sem bændaefnum framtíðarinnar henta bezt, búfræði, þeir séu úr nálægum héruðum og dreifistöðvarnar því fleiri en ein um þetta mál, sem kæmu þar til greina, og væri það betra en að einn skóli væri stofnaður fyrir allt landið.

Ég vil líka benda á það í þessu sambandi, að sú lagasetning, sem fyrir er í landinu og miðar að þróun og hagkvæmri skipun þeirra málefna, sem eru skyld þessu, svo sem jarðræktarsamþykktir, sem má nú gera úti um sveitir landsins, og samþykktir um húsagerð í sveitum, ætti að vera lyftiafl slíkra möguleika til framgangs um þessi málefni.

Ég sagði í upphafi máls míns, að frv. væri fram komið af góðum vilja til úrbóta í þessum efnum, og eins og þegar hefur komið fram, hefur það að ýmsu leyti inni að halda sjónarmið mín sjálfs, þó að ég telji það ekki henta eins og það liggur fyrir, heldur líti á það sem vakningu til úrbótar á nauðsynjamáli. Ég sagði áðan, að frv. væri komið fram af góðum vilja og að það sé til úrbóta í þessum efnum. Frá mínu sjónarmiði er það því allrar virðingar vert, þótt ég telji það ekki henta, heldur álít það frekar til vakningar á nauðsynjamáli. Teldi ég heppilegra, að það, er frv. fjallar um, yrði sameinað þeim skólum, sem eru sama eðlis, og þá fyrst og fremst bændaskólunum. Yrði að því mikill kostnaðarsparnaður að hafa þetta allt saman undir sama hatti. Ég tel nauðsyn á því að láta þá skóla — hvort sem það eru bændaskólar eða héraðsskólar —, sem eiga að þroska sveitafólkið til síns lífsstarfs, taka þessi mál föstum tökum og jöfnum höndum, því að þessir skólar, sem reknir eru af ríkinu, eru allt of kostnaðarsamir til þess að vera reknir með svefnhöfga. Þeir verða að vera reknir með vitund þess, að þeir eru kostaðir til að verða þjóðfélaginu að sem beztu gagni. Þetta eru aðeins lauslegar bendingar, sem ég vildi láta í ljós, þar eð ég tel þörf úrbóta í þessum efnum. — Hv. flm. vék að þeim möguleika í ræðu sinni, að einhverjir hinna starfandi héraðsskóla yrðu teknir til kennslu í þeim greinum, er hér um ræðir, og tel ég þá till. enga fjarstæðu. Skoðun mín á alþýðumenntuninni hér á landi er sú, að henni sé ábótavant, af því að hún hefur ekki fundið sitt markmið, og tel ég svefnhöfgann það versta, sem getur átt sér stað í skólum æskunnar. Af þessum ástæðum óska ég eftir, að þessi málefni verði tekin til gaumgæfilegrar og bráðrar athugunar.

Samkvæmt undirskrift undir nál. mun ég greiða atkv. með rökst. dagskránni á þskj. 423, ekki af því, að ég sjái ekki, að hér þurfi á ýmsan hátt úrbóta við, heldur geri ég það í trausti þess, að þegar þessu máli verður vísað til hæstv. ríkisstj., taki hún á því með víðsýni og fullri sanngirni.

Hermann Jónasson: Herra forseti. Ég vil aðeins svara því, sem kom fram hjá hæstv. samgmrh., að þessi skóli, sem ég er að flytja frv. um, væri ekki hliðstæður neinum skólum annars staðar, og hann nefndi hann eins konar viðrini, eins og hann komst svo smekklega að orði. Kom hann svo með dæmi um það, að alls staðar væru forskólar nema þá í Danmörku, og í Noregi væri eins árs skólanám í þessum efnum. Ég fletti upp í umr. frá í fyrra, er þetta mál var til umr., og þá upplýsti hæstv. ráðh., að í Noregi væri fyrst 18 mánaða skóli, síðan yrðu nemendur að vera 2 ár hjá meistara, og teldust þeir eftir það fullgildir iðnaðarmenn. Hvað viðvíkur skólanum í Svíþjóð, sem ég nefndi síðast, get ég frætt hann um það, að námsgreinar hans eru 21 að tölu, og er þetta eins konar forskóli, og stendur í plaggi því, er ég hef hér fyrir framan mig um þennan skóla, að þegar nemendur hafi verið þar í 2 ár, séu þeir mjög eftirsóttir af iðnaðarmönnum, en er þeir hafi unnið hjá meisturum í 2 ár, geti þeir fengið full iðnréttindi. Ég vil nú spyrja hæstv. ráðh., hvort hann vilji mæla með því að breyta þessum skóla mínum í það horf, að þar verði sama fyrirkomulag og í þeim sænsku eða norsku, þ. e. að nemendur verði 18 mánuði eða 2 ár á skóla og síðan tvö ár hjá meistara og fái síðan full iðnréttindi. Fullyrða má, að hvergi sé erfiðara en hér á landi að koma nemendum til meistara. Veit ég dæmi þess, að orðið hefur að senda efnilega menn utan í þessu skyni, sem óvíst er að hverfi aftur heim. Í þessu sambandi minnist ég þess, að hér var á sínum tíma rætt um 97 ólöglega iðnnemendur, og var verið að berjast fyrir því að fá þá viðurkennda, af því að ekki var hægt að koma þeim eftir öðrum leiðum. Hygg ég, að það hafi verið núverandi hæstv. fjmrh., sem var að reyna að ráða bót á þessu ástandi.

Vil ég benda á, að með litlum breyt. mætti hafa þennan skóla, sem ég er að flytja frv. um, með sama fyrirkomulagi og þá sænsku eða norsku, m. ö. o. að nemendur þurfa að vera 2 ár við nám í skólanum, síðan 2 ár hjá meistara og yrðu þeir þá viðurkenndir fagmenn eftir próf. — Það er annars dálítið einkennilegt, að sá maður, sem nú stendur á móti því, að þessi leið verði farin, hann stóð á sínum tíma í hinu mesta stappi út af því, hvort hann ætti að fá viðurkennd sín iðnréttindi, og átti þannig að útiloka þennan mann frá stéttinni, sem nú er fyrir öllum iðnmálum. *(Samgmrh.:* Hvernig er hann fyrir öllum iðnmálum?) Hann er eins konar forsvarsmaður iðnaðarmanna, því að hann hefur skrifað undir álitsgerð þeirra í þessum efnum.

Skal ég svo ekki orðlengja um málið frekar, en þótt því verði nú vísað frá með rökst. dagskrá, þá skuluð þið sanna það, hv. þm., að þessi skóli, sem hér er farið fram á, mun koma og verður ekki staðið gegn því. Okkur vantar ekki aðeins skóla í þessari námsgrein, heldur munu rísa upp skólar í fleiri námsgreinum, t. d. í meðferð véla og þess háttar. Ég mun því á næsta þingi enn á ný bera fram frv. um þessi efni eftir nánari undirbúning og þótt kannske verði í öðru formi.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Hv. þm. Str., flm. þessa frv., vildi eins og áður bera forskólana sænsku og norsku saman við þennan skóla,

er frv. fjallar um, og spurði, hvort ég vildi fyrir mitt leyti mæla með, að þetta frv. yrði fært í það form, sem skandinavisku skólarnir, er hann nefndi, væru í. Skal ég svara því til, að ég er mjög fús til að taka það til athugunar, en leyfi mér að halda fram, að sá skóli, er frv. ræðir um, er allt annars eðlis en þeir sænsku og norsku. Hv. þm. Str. sagði, að kennd væri 21 námsgrein við þennan sænska skóla, en þess ber að gæta í því sambandi, að þar stundar hver nemandi yfirleitt ekki nema eina námsgrein, en í þeim skóla, er frv. fjallar um, er mælt svo fyrir, að nemendur eigi að læra 6 iðngreinar á tæpum tveim árum. Iðnnemar í Svíþjóð og Noregi stunda þannig eina námsgrein í samtals 4 ár, verja einu ári á skóla til undirbúnings, sem þá er tekið til greina og dregið frá, en fúska ekki í 6 iðngreinum, eins og hv. flm. ætlast til með þessu frv. Í Noregi tekur þessi forskóli yfir 12 mánuði í flestum iðngreinum, en í sumum 18 mánuði. Ég hef sjálfur komið á einn slíkan forskóla í Noregi og átt þar tal við forstöðumann hans um fyrirkomulag náms þar. Var mér sagt, að það gæfist vel að láta hvern nemanda stunda eina námsgrein í eitt ár við skólann og síðan hjá meistara í 3 ár. Er þetta gert fyrst og fremst af því, að aðstæður hafa reynzt erfiðar til að koma nemendum allan námstímann að hjá meisturunum. Þá vil ég benda á, að meistarakennslan er miklu hagkvæmari fyrir þjóðfélagið í heild og fyrir ríkissjóð, meðan skilyrði fyrir henni eru í landinu, og fer fjarri því, að hún sé neitt miðaldafyrirkomulag, eins og hv. flm. vildi halda fram.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Mér skilst, að hér sé verið að deila um það, hvort betur muni henta íslenzkum atvinnuþörfum, að menn stundi verklegt nám undir hinu gamla meistarakerfi, eða farið verði inn á nýja leið í þessum efnum, skólaleiðina. Í þriðja lagi finnst mér það svo koma hér til greina, hvort ekki megi fara báðar þessar leiðir, sem er það sjónarmið, er ég tel eiga mestan rétt á sér.

Það er ekkert að undra, þótt meistarakennslan sé farin að verða úrelt, þar eð hin verklega tækni hefur tekið slíkum stakkaskiptum á síðustu áratugum, sem raun ber vitni um og öllum er ljós. Iðnaðurinn áður fyrr var eingöngu framkvæmdur með handverkfærum í smiðjunum og á vinnustöðvunum, en nú er vélaiðnaður rekinn á gersamlega ólíkan hátt við það, sem áður var. Það hefur nú verið upplýst hér, að sú hin mikla iðnaðarþjóð, Svíar, hafi öðrum þræði farið inn á skólaleiðina á þessu svioi. Hæstv. samgmrh. upplýsti, að í Svíþjóð gengju menn til skipasmíðanáms sem verkamenn, en gætu síðan öðlazt réttindi í skipasmíðaiðn eftir ákveðinn tíma. Hins vegar hafa íslenzkir verkamenn, er stunda vinnu á skipasmíðastöðvum — hina sömu vinnu og nemarnir í þessari grein og hjá sömu meisturum —, ekkert tækifæri til að öðlast slík réttindi sem sænskir verkamenn, eins og l. er nú háttað. Fæ ég ekki séð, að nokkur hætta sé á því, að iðnaðarlöggjöfin hrynji í rústir, þótt öllum þeim, sem hafa langa reynslu og kunnáttu í hinum ýmsu iðngreinum, verði veitt tækifæri til að sanna hæfni sína með prófi. Ég þekki t. d. vélfræðing, sem stundaði nám á sínum tíma hjá vélsmiðju Þingeyrar. Varð hann að hætta námi sökum veikinda og hafði ekki aðstöðu til að ljúka því, er hann hafði fengið heilsu aftur, heldur tók að sér vélgæzlumannsstörf í vélsmiðjunni. Nú er þessi maður almennt talinn einn færasti vélsmiður á Ísafirði, en samkvæmt íslenzkri löggjöf hefur hann ekkert tækifæri til að sanna eða fá viðurkenningu á hæfni sinni. Slíka agnúa sem þessa þarf að sníða af íslenzkri löggjöf, og er það ekki samboðið þjóðfélaginu að standa þannig í vegi fyrir, að þegnar þess fái viðurkenningu á hæfni sinni og kunnáttu. — Þá held ég því fram í sambandi við hina nýju skólalöggjöf um vinnudeildir í héraðsskólum og gagnfræðaskólum, að efnilegum nemendum í verklegum fræðum þar verði gefinn kostur á, eftir að hafa lokið námi við þessa skóla, að halda áfram verklegum fræðum í framhaldsskóla, og tel ég sjálfsagt, að það komist inn í iðnaðarlöggjöfina, að slíkir menn fái iðnréttindi, eftir að hafa verið 2 ár hjá meistara eða í framhaldsskóla, þar eð þeir hafa fengið 4 ára kennslu í meðferð handverkfæra og algengustu vinnuvéla og iðnverkfæra. Leið þessara manna til lokanáms á að stytta með því að veita þeim rétt til að taka próf hjá meistara eftir styttri námstíma. En höfuðsjónarmiðið verður að vera það að meina engum, sem kunnáttu hefur til að bera, að sanna hæfni sína á prófi og hljóta réttindi í samræmi við það.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 84. fundi í Ed., 4. marz, var enn fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 453 felld með 6:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BrB, PZ, PM, StgrA, ÁS.

nei: GJ, GÍG, JJós, SÁÓ, BBen, ÞÞ.

BK, EE, HV, HermJ, LJóh, BSt greiddu ekki atkv.

3 þm. gerðu grein fyrir atkv.:

Eiríkur Einarsson: Ég get nú fallizt á, að hér sé nokkur hvatning um það, að ríkisstj. stuðli að því, að eitthvað í þessa átt verði gert í skólamálum til sveita. En þar sem þarna er til tekið, að í einum eða fleiri gagnfræðaskólum sé tekin upp svona kennsla, þá þykir mér það helzt til þröngskorðað og að vísu ekki alveg réttsælis, sem að mínu áliti þyrfti meira að miða við bændaskólana. Vil ég láta till. liggja milli hluta og greiði ekki atkv.

Frsm. meiri hl. (Gísli Jónsson): Með því að hv. flm. frv. lýsti því yfir hér í gær við umr. um þetta mál, að þessi breyt. væri í raun og veru einskis virði, þá geri ég ráð fyrir, að hann vilji ekki hafa þennan hátt á málinu, og segi ég því nei.

Hermann Jónasson: Herra forseti. Ég vil fyrst og fremst þakka hv. þm. Barð. fyrir það, hvað hann

tekur mikið tillit til mín, en ég tel, að þótt þessi breyt. sé gerð á dagskrártill., þá nær það alls ekki þeim tilgangi, sem ég ætlaði að ná með frv. En ef á að fara að gera einhverja kákbreytingu á þessu, þá álít ég, að slíkt muni tefja þá lausn málsins, sem þarf að koma sem fyrst. Ég greiði þess vegna ekki atkv. með þessari brtt., jafnvel þótt hún sé dálítið spor í rétta átt.

Rökst. dagskráin á þskj. 423, frá meiri hl. iðnn., samþ. með 10:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BrB, EE, GJ, GÍG, JJós, LJóh, PM, SÁÓ, StgrA, BBen.

nei: HV, HermJ, PZ, BSt, BK.

ÁS, ÞÞ greiddu ekki atkv.

4. Sala spildu úr landi Englands.

Á 32. fundi í Ed., 4. des., var útbýtt:

Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til að selja spildu úr landi Englands í Lundarreykjadalshreppi (þmfrv., A. 173).

Á 33., 34. og 36. fundi í Nd., 6., 9. og 12. des., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 37. fundi í Nd., 13. des., var frv. enn tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 20 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Pétur Ottesen): Þannig stendur á, að jörðin Gilstreymi í Lundarreykjadal er önnur fremsta jörðin í dalnum. Þar er myndarlegur búskapur, hýsing í bezta lagi, og er þegar búið að taka til ræktunar allt það land nærri bænum, sem tiltækilegt þykir að rækta. En svo hagar til landamerkjum milli Gilstreymis og Englands, sem var kirkjujörð frá Lundi að fornu, að þau eru heima undir túni í Gilstreymi, en land þeirrar jarðar er í aðrar áttir frá bænum, og þó einkum til fjalls, og er það bæði mikið og við hæfi jarðarinnar. Frá Englandi eru aftur á móti 3½ km. út að landamerkjunum milli bæjanna. Nú hefur bóndinn í Gilstreymi farið fram á að fá keypta um 5 ha. landsspildu af landi Englands við landamerkin, og er það land sæmilegt til ræktunar með því að þurrka það upp. Í því skyni hefur hann leitað samþykkis ábúanda Englands, umráðamanns jarðarinnar, sem er hreppstjórinn í Lundarreykjadalshreppi, og prófastsins í Borgarfjarðarprófastsdæmi, og eru þeir allir samþykkir því fyrir sitt leyti, að bóndinn í Gilstreymi fái keypta þessa landspildu, eins og frá er skýrt í grg. þessa frv. Rýrir þetta í engu gildi Englands, því að þar er gott og mikið land til ræktunar heima við bæ. Með tilliti til þess, hve mikla þýðingu þetta mál hefur fyrir áframhaldandi byggð í Gilstreymi, vildi ég nú mælast til þess við hv. Alþ., að það veitti ríkisstj. heimild til að selja þessa litlu landspildu. Á undanförnum árum hefur þrásinnis verið leitað til Alþ. með svipuð tilmæli, enda virðist liggja opið fyrir og vera sjálfsagt að sinna þeim til að tryggja búskap vissra jarða, gefa færi á að skipta nokkru landi á milli þeirra, þar sem það getur haft úrslitaþýðingu fyrir byggð jarðanna og myndarlegan búskap þar. Ég mælist svo til þess, að frv. verði vísað til hv. landbn., eins og venja er til um slík mál, og vænti þess, að n. taki það til velviljaðrar athugunar og afgreiðslu við fyrstu hentugleika.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til landbn. með 19 shlj. atkv.

Á 62. fundi í Nd., 30. jan., var frv. tekið til 2 umr. (A. 173, n. 332).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Frsm. (Jón Sigurðsson): Herra forseti. — Landbn. hefur athugað þetta frv. Það er þannig vaxið, að jörðin Gilstreymi í Lundarreykjadal er landlítil jörð og hefur lítið ræktunarland, en skammt frá landamerkjum hennar og tiltölulega stutta leið frá núverandi túni liggur land annarrar jarðar, Englands í Lundarreykjadal, og í því landi, rétt við landamerkin, er landspilda, sem er mjög gott ræktunarland, liggur um 3½ km frá Englandi eða frá túni þeirrar jarðar og er því miklum mun óheppilegra til ræktunar frá þeirri jörð en frá Gilstreymi. Nú óskar ábúandi Gilstreymis að fá þessa ræktunarspildu keypta, og þetta hefur verið borið undir alla þá aðila, sem þarna eiga hlut að máli, bæði ábúanda Englands, umboðsmann jarðarinnar og alla, sem þetta snertir á einhvern hátt, og hafa allir orðið sammála um að mæla með því, að þessi landspilda verði látin af hendi til ábúanda jarðarinnar Gilstreymis. N. taldi eðlilegt að verða við þessum tilmælum og mælir því með því, að frv. verði samþ.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 65. fundi í Nd., 3. febr., var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 18:1 atkv. og afgr. til Ed.

Á 63. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 65. fundi í Ed., 5. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til landbn. með 12 shlj. atkv.

Á 93. fundi í Ed., 13. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 173, n. 505).

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég vil fyrst vekja athygli hæstv. forseta á því, að nál. er dags. 10. febr. í stað 10. marz, og leiðréttist það sem prentvilla. — Þetta frv. fer fram á það, að leyft verði að selja spildu úr landi Englands í Lundarreykjadal til Gilstreymis, sem er næsta jörð fyrir framan England og liggur fremst í Lundarreykjadal vestanverðum. Orsökin til þess, að farið er fram á þetta, er sú, að bóndinn á Gilstreymi hefur takmarkað ræktunarland. Búskapur á þeirri jörð hefur frá gamalli tíð byggzt á fjallaslægjum langt frá, en eins og búskaparháttum er nú komið, er ekkert vit í því frá hagfræðilegu sjónarmiði að nytja þær fjallaslægjur. En um leið og notkun þeirra fellur niður, þá verður það bú, sem hægt er að framfleyta á jörðinni, það lítið, að varla er hægt að lifa á því eftir þeim kröfum, sem menn nú gera til þarfa sinna. Þess vegna vill þessi bóndi fá viðbótarland, svo að hann geti stækkað túnið og um leið haft stærra bú. Nú er á það að líta, að með þessari beiðni mælir hreppstjóri Lundarreykjadalshrepps og ábúandinn á Englandi, þótt hvorugur taki með í reikninginn, hvernig fasteignamat þarf að breytast á Englandi annars vegar og Gilstreymi hins vegar, ef af þessu verður, og það liggur heldur ekkert fyrir um það, hvernig afgjaldið þarf að breytast. Nú er á það að líta hins vegar frá sjónarmiði okkar, sem hér sitjum í d., að í landi Englands er þriðja stærsta hitasvæðið í Borgarfjarðarsýslu, þar sem upp koma í kringum 16 lítrar af 93 stiga heitu vatni á hverri sekúndu. Þetta hitasvæði liggur um 1 km. neðan við þennan blett, sem talað er um að láta Gilstreymisbóndann fá, en annars eru volgr ur víða í landinu. Nú blandast engum hugur um það, að þessi heita uppspretta — Englandshver — skapar möguleika til margra hluta í framtíðinni, t. d. til virkjunar og rafmagnsleiðslu út frá henni. En hvernig þetta verður í framtíðinni í kringum Englandshver, veit enginn, og eins og þau mál eru óráðin fyrir framtíðina, þá er landbn. þessarar d. sammála um að leggja ekki til, að þessi blettur verði seldur. Hins vegar vill n. ekki standa á móti því, að bóndanum á Gilstreymi verði leyft að nota blettinn til að rækta hann, meðan ríkissjóður þarf ekki á honum að halda fyrir einhverja starfsemi, sem kynni að rísa þar upp í sambandi við Englandshver. N. hefur því lagt til, að málið verði afgr. með rökst. dagskrá, þar sem málinu er vísað frá í trausti þess, að ríkisstj. hlutist til um það, að bóndinn á Gilstreymi fái þennan blett á leigu fyrir vægt afgjald til að rækta hann og hafa af honum full not, þangað til einhver starfræksla hefst við hverinn. Með þessu ætti að vera leyst þörf bóndans á Gilstreymi til þess að bæta við sig ræktanlegu landi, án þess að það minnki möguleikana fyrir því, að Englandshver verði síðar notaður á einhvern hátt. Meira held ég, að ég hafi svo ekki um þetta að segja. Landbn. er sammála um að leggja þetta til við hv. d.

ATKVGR.
Rökst. dagskráin á þskj. 505, frá landbn., samþ. með 10 shlj. atkv.

---

5. Verbúðir.

Á 50. fundi í Nd., 9. jan., var útbýtt:
Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að koma upp verbúðum við Faxaflóa (þmfrv., A. 275).

Á 51. fundi í Nd., 14. jan., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 51. fundi í Nd., 14. jan., var frv. tekið til 2. umr.
Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Frsm. (Pétur Ottesen): Herra forseti. Í desembermánuði s. l. flutti ég þáltill. um sama efni og það, sem ræðir um í þessu frv. Var í þessari þáltill. skorað á ríkisstj. að beita sér fyrir því, að bætt yrði úr brýnni þörf í því efni, að komið yrði upp verbúðum og aðstöðu til fiskverkunar og beitningarskúrum til þess að salta í fisk, ef til þess þyrfti að taka, en á þessu er mikil vöntun í verstöðvum við Faxaflóa og sennilega víðar í aflasælum verstöðvum víðs vegar um landið. Þó að þessi þáltill. kæmi nokkuð seint fram, var þó svigrúm, ef undinn hefði verið bráður bugur að málinu, til þess að bæta úr brýnni þörf í þessum efnum fyrir þá vertíð, sem hófst nú við Faxaflóa um áramótin síðustu. Benti ég í grg. fyrir þessari þáltill. á fljótvirkustu leiðina til þess að bæta úr þessari þörf, sem sé þá, að fengnir yrðu í þessu skyni braggar, sem allmikið er af hér í nágrenninu og í Hvalfirði, og mætti bæði fljótlega rífa þá og koma þeim upp og mundi ekki vandkvæðum bundið að gera þá þannig úr garði, að þeir yrðu sæmilegar verbúðir til bráðabirgða, og auk þess mætti með þeim hætti bæta úr þörfinni, sem á því er að koma upp beitningarplássum og aðstöðu til söltunar á fiski. Þessi þáltill. gekk hér til n., en ekkert var frekar í málinu gert, sem má ef til vill rekja til þess, sem fleiri framkvæmdir hafa strandað á, að við búum við það ástand á Alþ. um skeið, að ekki er til ríkisstj. nema til bráðabirgða, og má með sanni

segja, að margar nauðsynlegar framkvæmdir hér á Alþ. hafi tafizt af þeim sökum, að við höfum orðið að búa svo lengi við það miður skemmtilega ástand, og skal ég ekki nota þetta tækifæri til þess að rekja það hér frekar, hvað afgreiðslu fjárl. og annað hefur rekið í strand fyrir það, að svona er ástatt. En ég veit, að aðgerðaleysið í þessu máli á fyrst og fremst rót sína að rekja til þess, að sú ríkisstj., sem nú er til bráðabirgða, hófst ekki handa um að gera neitt til úrlausnar í þessu máli, en þetta hafði það í för með sér, að allmargir bátar eða útgerðarmenn utan af landi, sem vildu koma hingað á vertíðinni og fá viðlegu við Faxaflóa, hafa orðið frá að hverfa af þessum sökum, að ekki er hægt að taka á móti fleiri bátum en þegar er orðið, sem fyrst og fremst stafar af vöntun á viðleguplássi og aðstöðu til fiskverkunar.

Þetta frv., sem ekki kemur fram fyrr en komið er þetta fram á vertíð, er því ólíklegt til að bæta úr þeirri brýnu þörf, sem var á aðgerðum fyrir þessa vertíð, en er hins vegar engan veginn að ófyrirsynju fram komið þrátt fyrir það. Því ef ekki fæst úr þessu bætt með öðrum hætti, þá er ekki annað líklegra en að það verði að fara inn á þá braut, að ríkið beiti sér fyrir framkvæmdum í þessum efnum, sem fyrst og fremst væri beint að því að hvetja viðkomandi aðila til þess að gera það, og væri það langæskilegast, að ríkið þyrfti ekki sjálft að fara að gera þetta eða taka sig fram um það að leggja fram fé í þessu skyni. Þetta frv., sem sjútvn. hefur flutt og tekið er fram í grg., að einstakir nm. hafi óbundnar hendur um afstöðu til, er eingöngu miðað við Faxaflóa í þessum efnum, en í þáltill., sem ég flutti og ég hef nú minnzt á, var það ekki eingöngu einskorðað við Faxaflóa, þó að þörfin í bili væri þar brýnust, heldur átti það einnig að ná til annarra fiskisælla verstöðva við strendur landsins, og er það að sjálfsögðu til athugunar í sjútvn. fyrir 3. umr., hvort ekki þyrfti að breyta ákvæðum þessa frv. og færa það út á víðara svið en í frv. felst. auk þess sem n. tæki frv. til athugunar að öðru leyti.

En það hefur komið í ljós, eins og vikið var að í grg. þáltill., sem ég flutti um þetta efni, að auknингu bátaflotans hafa ekki fylgt hraðar aðgerðir í því efni að bæta úr aðstöðunni í verstöðvum hvað þetta snertir, frá því sem verið hefur, auk þess sem enn skortir á það, að þessari öru og miklu bátafjölgun hafi einnig verið mætt með nægum hafnareða lendingarbótaaðgerðum einmitt í þeim verstöðvum, sem mest mæðir á um og liggja við aflasælustu fiskimiðin. En það kemur náttúrlega í ljós, að aukning bátaflotans kemur því aðeins að tilætluðum notum fyrir okkur, að jafnframt verði bætt úr í þessum efnum, þannig að bátarnir geti fengið inni á þeim stöðum, þar sem arðvænlegast er að reka útgerð með þeim á hverjum tíma, og í þessum efnum skortir mjög mikið á það, hvað snertir Faxaflóa, og reyndar víða kringum strendur landsins, þar sem fýsilegt er og arðvænlegt undir venjulegum kringumstæðum að reka útgerð. Ég held þess vegna, að það sé rétt að láta þetta mál ganga áfram, og geri ég ráð fyrir því, að sjútvn. taki það til athugunar fyrir 3. umr., og væri æskilegt, að samband væri milli forseta og n. um það, að málið væri ekki tekið á dagskrá aftur, fyrr en þeirri nýju athugun á málinu væri lokið, sem sennilega þarf ekki að dragast lengi úr þessu.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 57. fundi í Nd., 21. jan., var frv. tekið til 3. umr. (A. 275, 296).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Brtt. 296,1 samþ. með 18 shlj. atkv.
— 296,2 samþ. með 19 shlj. atkv.
— 296,3 samþ. með 19 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. til Ed., með fyrirsögninni:

Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að koma upp verbúðum fyrir viðlegubáta.

Á 24. fundi í Sþ., 22. jan., var frv. útbýtt frá Ed. eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 308).

Á 55. fundi í Ed., 24. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til sjútvn. með 13 shlj. atkv.

Á 93. fundi í Ed., 13. marz, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 94. fundi í Ed., 14. marz, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 308, n. 507 og 511).

Frsm. meiri hl. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Þetta frv., sem prentað er á þskj. 275, er borið fram í hv. Nd., og fer frv. fram á það að heimila ríkisstj. að reisa verbúðir við Faxaflóa og enn fremur að veita ríkisstj. heimild til þess að taka leigunámi húsnæði til þess, ef þurfa þykir. Sjútvn. hefur rætt þetta mál, og hefur hún ekki orðið sammála um afgreiðslu þess. Minni hl. n. hefur gefið út sérstakt álit, en meiri hl. hefur lagt til, að málinu verði vísað frá með rökst, dagskrá. Grg. okkar er á þá leið, að með l. nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur, er svo ákveðið, að ríkið greiði ákveðinn hluta lendingar- og hafnarbóta, og að ríkið ábyrgist þann hluta kostnaðarins, sem ekki er greiddur úr ríkissjóði. Enn fremur er þar um að ræða verbúðir í viðleguhöfnum, og heyrir það mál því líka hér undir, og njóta þær sams konar réttar og önnur hafnarmannvirki. Ef koma á nú upp verbúðum í höfnum, þá er horfið frá þessari skipan málanna, og mætti þá eins setja í l., að ríkið kæmi

upp hafnargörðum eða máske upp heilum höfnum eða léti moka upp úr höfnum. Ég held nú, að ríkið hafi ekki þurft hingað til að ýta undir þessar framkvæmdir, en framkvæmdum við hafnargerðir hraðað svo, að ríkið hefur haft erfitt með að fullnægja með styrki til framkvæmda þessara, eins og segir í l. Ég vil leyfa mér að benda hv. þm. N-Þ. á það, að ég held, að það sé meira að segja ein höfn í hans héraði, sem beið árum saman eftir fyrirgreiðslu af ríkisins hálfu, og ég held, að réttara hefði verið fyrir hv. þm. að fylgja meiri hl. n. en minni hl.

Minni hl. n. segir, að nauðsynlegt sé, að ríkið beiti sér frekar fyrir slíkum framkvæmdum sem þessum, en ég held nú, að það mundi aðeins verka öfugt, og væri einkennilegt, ef á að fara að íþyngja ríkinu enn, og ég held nú, að það væri nær, að hafnarstjórnin tæki lánin og krefði svo ríkissjóð til ábyrgðar fyrir því, sem á vantaði.

Meiri hl. leggur til, að málið verði afgr. með rökst. dagskrá og ríkið veiti nú þegar til verbúða samkv. fyrri heimild og málið verði tekið af dagskrá. Sé miðað við sett lagaákvæði, þá raskar þetta settum grundvelli, sem þessi mál hafa verið byggð á, raskar öllu því, sem hafnarframkvæmdir hafa verið byggðar á með tilliti til fyrri l. Ég vænti þess, að rökst. dagskráin verði samþ. Og ég vil mjög aðvara um það að fara inn á þá braut til þess að raska ekki því kerfi.

Frsm. minni hl. (Steingrímur Aðalsteinsson): Herra forseti. Eins og hv. þdm. er kunnugt, þá hefur sjútvn. ekki orðið sammála um afgreiðslu þessa máls. Meiri hl. n. vill vísa því frá með rökst. dagskrá, eins og hv. frsm. meiri hl. n. nú hefur lýst. Ég, ásamt hv. þm. N-Þ., mæli með því, að frv. verði samþ. með þeirri breyt., sem felst í brtt. okkar á þskj. nr. 511.

Þetta frv. var flutt hér á þinginu fyrri hluta vetrar fyrir frumkvæði báv. hæstv. atvmrh. Það hefur síðan legið hér fyrir þinginu alllengi, og hefur verið leitað um það umsagnar þeirra aðila, sem sérstaklega hefðu á því þekkingu og hefðu hagsmuna að gæta í sambandi við það. Og fyrir sjútvn. lágu umsagnir um þetta frv. frá Fiskifélagi Íslands, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands og Alþýðusambandi Íslands, og hafa þessir aðilar mælt með því, að frv. verði samþ. Fiskifélagið hefur að vísu bent á, að heppilegra væri að gera á því lítils háttar breyt. Og brtt. okkar eru einmitt í samræmi við þá till., sem fram kom í umsögn fiskifélagsins um þetta atriði. Sömuleiðis kemur fram í umsögn fiskifélagsins, að þó að þessu máli hafi að vísu verið bjargað, að áliti þess, fyrir þessa vertíð, sem nú stendur yfir, þá sé það samt sem áður þannig, að víða sé ekki aðeins skortur á verbúðum í þeim verstöðvum, sem til greina koma fyrir bátana víðs vegar að af landinu, heldur sé það líka svo, að víða sé aðbúnaður þeirra manna, sem vinna við útgerð bátanna og heima eiga í fjarlægum stöðum, „óviðunandi", eins og það er orðað í umsögn fiskifélagsins. Þegar ástandið hefur verið þannig undanfarið, að verbúðir, sem notaðar hafa verið, eru að áliti fiskifélagsins óviðunandi, og þegar svo þar við bætist, að bátafloti landsmanna vex nú hröðum skrefum, þannig að þörfin fyrir verbúðir verður miklu meiri heldur en áður hefur verið, þá hygg ég, að full ástæða sé til þess, að sérstakar ráðstafanir verði gerðar af ríkisvaldinu til þess að bæta úr þessu ástandi. Og það er tilgangur frv., að svo verði gert.

Nú svarar hv. meiri hl. sjútvn. því og hv. frsm. þess meiri hl., að það hafi þegar verið gerðar af hálfu ríkisvaldsins ráðstafanir, sem ættu að vera nægar í þessu efni, þ. e. a. s., að með ákvæðum hinna almennu hafnarlaga sé hverjum stað fyrir sig gert kleift að koma upp verbúðum eftir þörfum, þegar fé sé veitt til þess á fjárl. að vissum hluta og ábyrgð ríkisins fyrir láni til þeirra mannvirkja að öðru leyti. En í þessu felst að mínu áliti ekki fyllilega rétt túlkun. Samkv. hinum almennu hafnarl. hefur ríkið ekkert frumkvæði um það að byggja verbúðir. Það er heimilt samkv. ákvæðum hafnarl. að reisa verbúðir, og þá fá viðkomandi staðir til þess fjárframlög og ábyrgð af hálfu ríkisins. En eftir þeim l. hefur ríkið sjálft ekkert frumkvæði um það fremur en um aðrar hafnarframkvæmdir. Það er hafnarstjórn eða sveitarstjórn á hverjum stað, sem á að hafa þar frumkvæði, en ekki ríkið sjálft.

Nú er það vitað og liggur í hlutarins eðli, að stjórnendur á hverjum stað, hvort sem það eru hafnarstjórnir, bæjarstjórnir eða hreppsnefndir viðkomandi staða, leggja áherzlu fyrst og fremst á það að koma upp þeim hafnarmannvirkjum, sem nauðsynleg eru fyrir þann stað sérstaklega og eigendur þeirra báta, sem í heimaflotanum eru á hverjum stað, en taka af skiljanlegum ástæðum miklu minna tillit til útgerðar báta annars staðar að af landinu, sem hafa þörf fyrir að fá viðlegupláss á hinum ýmsu stöðum. Það leiðir af þessu, og það hefur verið reynslan, að verbúðir sitja á hakanum fyrir öðrum framkvæmdum við hafnargerðir, og af því hefur líka skapazt þetta ástand, sem ég held, að mönnum beri nokkurn veginn saman um, að sé, að skortur er á verbúðum, til þess að fullnægt verði þörfum báta, sem nú eru til og vitað er, að fjölga mun á þessu ári og vonandi ár frá ári. Það má líka benda á það, að nokkur hætta er á, að það dragi úr áhuga viðkomandi stjórna á hinum ýmsu útgerðarstöðum og þá um leið úr framkvæmdum þeirra til þess að koma upp verbúðum á þessum stöðum, að til er nokkuð af gömlum verbúðum, sem eru þó orðnar mjög lélegar, samkv. umsögn fiskifélagsins óviðunandi, en eigendur þeirra vilja nota áfram svo lengi sem mögulegt er. Það eru þeirra hagsmunir, að þessar gömlu og úreltu verbúðir séu notaðar í lengstu lög, og þeir hafa þess vegna ekki áhuga á því, að byggðar séu þar nýjar verbúðir, nema sem minnst. Ég skal ekki segja, hve mikil brögð eru að þessu. En þetta dregur samt úr því, að hafnarstjórnir heima fyrir á hverjum stað leggi eins mikið kapp á að leysa þau vandræði, sem stafa af vöntun á verbúðum, eins og þær leggja kapp á framkvæmdir hafnarmála að öðru leyti. — Þetta allt dregur sem sagt úr því, að staðirnir heima fyrir hafi það frum-

kvæði í þessum málum, sem ætlazt er til með þessu frv., að ríkisstj. sjálf hafi. Og þess vegna koma hafnarl., sem hv. frsm. meiri hl. sjútvn. hefur vitnað í í þessu efni og rökst. dagskrártill. er byggð á, ekki að því gagni í þessu tilliti, sem hann vill vera láta.

Afstaða mín í n. byggist þess vegna á því, að ég álít, að það sé alveg nauðsynlegt að gera sérstakar ráðstafanir að hálfu ríkisvaldsins til þess að bæta úr þeim vandræðum, sem eru með verbúðir í hinum ýmsu veiðistöðvum og sem sennilega verða enn tilfinnanlegri fyrir næstu vetrarvertíð, vegna þess að bátum mun enn fjölga. Ég álít þess vegna fulla ástæðu til þess að samþ. þetta frv., sem hér liggur fyrir. — Hins vegar hefur minni hl. sjútvn. orðið ásáttur um að flytja brtt. við 1. gr. frv., sem felur það í sér, að heimild til þess að reisa verbúðir sé ekki bundin aðeins við þær verstöðvar, þar sem bátar eru gerðir út á vetrarvertíð, eins og er í frv., og því síður að það sé bundið eingöngu við Faxaflóahafnirnar, eins og var í upphaflega frv., heldur sé þessi heimild almenn, þannig að ef hún á annað borð er veitt, megi nota hana í hverju því tilfelli, sem ríkisstj. teldi nauðsynlegt, án þess að það sé bundið við nokkur ákveðin landssvæði eða árstíma. Þó að verstöðvarnar séu að vísu líklega stórvirkastar hér við Faxaflóa, þá álít ég rétt, að þessi heimild nái einnig til annarra staða, ef ríkisstj. álítur þörf á að gera sérstakar ráðstafanir þar í þessu efni, eins og t. d. við Norðurland og Austurland eða hvar annars staðar sem væri, og á ég ekki sízt við Suðausturland, þar sem allmikil útgerð hefur verið á vetrarvertíð og verður meiri, ef hafnarskilyrði þar verða bætt, eins og ráðgert er og nokkur von er til, að framkvæmt verði. Hins vegar voru í frv. ákvæði til þess að heimila að taka leigunámi húsnæði, sem kynni að vera fyrir hendi á ýmsum stöðum, sem hagkvæmt væri til þessara nota, a. m. k. til bráðabirgða. Sú heimild var felld niður í meðferð málsins í Nd. Hins vegar mælir fiskifélagið með því, að hún sé tekin upp í frv., og ég álít, að full þörf sé á því og það sé rétt, að ríkisstj. hafi einnig þá heimild, ef til þess skyldi koma, að hagkvæmt væri að nota heimild til þess að taka húspláss leigunámi í þessu skyni. Er till. um það í brtt. okkar í minni hl. sjútvn., að þessari heimild verði bætt inn í frv. aftur.

Ég held, að það sé ekki fleira, sem ég sé ástæðu til að taka fram í þessu sambandi til rökstuðnings fyrir afstöðu minni hl. sjútvn. í þessu máli. Ég heyrði því miður ekki alla ræðu hv. frsm. meiri hl. n. En í því, sem ég heyrði af henni, fann ég ekki koma fram nein önnur rök fyrir afstöðu hans en að hann vitnaði til hinna almennu hafnarl. En ég álít, að ákvæði þeirra komi alls ekki að þeim notum í þessu sambandi, sem hann ætlast til, þ. e. a. s., að samkv. þeim sé ekki nægilegt frumkvæði til þess að bæta úr þessum skorti, sem frv. þetta miðar til að bæta úr og nauðsynlegt er að gera nú, — þetta frumkvæði sé ekki nægilegt í höndum ríkisins samkv. hafnarl. En úr þessum vandræðum er nauðsynlegt að bæta, til þess að landsmenn geti notað þann bátaflota, sem þeir ráða yfir nú og munu ráða yfir á næstu tímum. En það er vissulega frumskilyrði fyrir því, að bátaflotinn komi að gagni, að bætt hafnarskilyrði og viðleguskilyrði séu fyrir hendi, til þess að hægt sé að nota bátana. Og með samþykkt þessa frv. mundi verða auðveldara að bæta úr í þessu efni en annars yrði.

Frsm. meiri hl. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Í sambandi við ræðu hv. 6. landsk. þm. vil ég benda á, að hér í brtt. er talað um, að þetta sé nú aðeins gert þar, sem viðhlítandi hafnarskilyrði eru fyrir hendi. En einmitt þar, sem komið væri upp viðhlítandi hafnarskilyrðum, þá er a. m. k. þeim þættinum lokið, og það er þá á eftir ekki eins aðkallandi fyrir viðkomandi hafnarstjórn að nota fé til áframhaldandi framkvæmda til þess að bæta hafnarskilyrði, ef lausn verbúðamálsins er orðin meir aðkallandi en að bæta höfnina. Og úr því að það á ekki að koma þessum verbúðum upp almennt, þá finnst mér þetta vera rök á móti því að samþykkja frv., að þessum byggingum á að koma upp þar, sem viðhlítandi hafnarskilyrði eru fyrir hendi, þ. e. a. s. á móti því, að ríkisstj. eigi að hafa frumkvæðið í þessum efnum. Eða ber þá hv. 6. landsk. þm. það traust til núverandi ríkisstj., að hún muni frekar hrinda þessu í framkvæmd en þeir menn heima fyrir, sem finna bezt, hvar skórinn kreppir að? Ég skal í sambandi við það benda honum á það, að fyrrv. ríkisstj., sem hann ásamt mér studdi vel og dyggilega, hún hefur ekki framkvæmt það að koma upp verbúðum í þeirri einu höfn, sem skylt hefur verið að koma upp verbúðum í, þ. e. í landshöfninni í Njarðvíkum. Ég held, að hægt sé að benda á, að miklu minni framkvæmdir hafi verið gerðar í hafnarmálum í þessari landshöfn en í höfnunum, sem báðum megin liggja. T. d. Vogarnir hafa afkastað miklu stærri mannvirkjum í hafnarframkvæmdum á síðasta ári, síðan landshöfnin var samþ. í Njarðvík, en hefur verið gert í sjálfri landshöfninni. Sama er að segja um Sandgerði. Og mér er ekki kunnugt um annað en að dregið hafi úr hafnarframkvæmdum í Keflavík, síðan hún var innlimuð í landshöfnina. Var þar þó unnið áður myndarlega að hafnarframkvæmdum á hverju ári. Ég held þess vegna, að það mundi ekki flýta neitt sérlega mikið fyrir byggingu verbúða, þó að þetta frv. yrði samþ. og þó að brtt. yrðu samþ. við það, sem minni hl. n. ber fram. — Ég hef getið um það, að það er miklu meir sótt á heiman að frá útgerðarstöðunum um að fá framlög til hafnarframkvæmda úr ríkissjóði, þegar aðilarnir heima fyrir eiga að sjá um þetta, heldur en þegar þeir, sem eiga að fara með stjórn landsins, eiga að sjá um þetta og vita, að ekki er hægt að uppfylla allar þær kröfur í þessum efnum, sem uppfylla á samkv. lögum.

Hv. 6. landsk. þm. sagði, að alþýðusambandið, fiskifélagið og farmanna- og fiskimannasambandið hefðu mælt með samþykkt þessa frv. Það er rétt. En þessir aðilar höfðu ekki mætt hjá n. til þess að athuga þetta mál í sambandi við hafnarl. almennt. Þeir hafa þess vegna, að ég held, ekki gert sér grein fyrir því, hvort þetta frv., ef að l. verður, spillir ef til

vill ekki fyrir framkvæmd hafnarl. heima fyrir á hverjum útgerðarstað með því að opna þessa sérstöku leið og hvort það mundi ekki tefja fyrir öðrum hafnarframkvæmdum í landinu eftir hafnarl. Farmanna- og fiskimannasambandið og alþýðusambandið vilja að sjálfsögðu, að komið sé upp sem mestu af verbúðum, hver eða hverjir sem gera það. Og alþýðusambandið hefur kannske verið undir áhrifum frá hv. 6. landsk. þm., þegar það mælir með því, að ríkið geri þetta, því að hann álítur, að það sé bezt. Fiskifélagið hefur hins vegar sagt, að það hafi auglýst eftir bátum, sem óskuðu viðlegu hér við Faxaflóa, en enginn hafi gefið sig fram. Og það frekar staðfestir hitt, að á þessari vertíð hafi ekki verið vöntun á verbúðum við Faxaflóa. Þó vil ég ekki skoða þetta sem fullkomna staðfestingu á, að svona sé.

Ég vil umbætur í þessum málum. Og ég veit, að sumir eru komnir langt í umbótum í þessum efnum í sínum hafnarframkvæmdum, eins og í Vestmannaeyjum, þar sem svo langt er komið, að hæstv. samgmrh. hefur samþ., að byggja mætti verbúðir þar fyrir eina millj. kr. samkv. hafnarl. En ég efa mjög, að nokkuð hefði verið búið að gera í þessum málum þar, ef ríkisstj. hefði átt að hafa frumkvæðið að því að ráðast í að byggja á einum stað, eins og í Vestmannaeyjum, a. m. k. ætla ég, að ekki væru þar verbúðir fyrir eina millj. kr. Ef ríkisstj. ætti að koma upp slíkum verbúðum í verstöðvum úti um land, meira og minna, þá verður slíkt ekki gert á stuttum tíma og miklu minna en ef menn á hverjum stað fyrir sig eiga að hafa sjálfir með þetta að gera.

Hv. 6. landsk. þm. sagði, að það mundi draga nokkuð úr framkvæmdum í þessum efnum, að til eru gamlar verbúðir á sumum stöðum. Ég get ekki séð, að slíkt geti komið til greina, nema því aðeins, að þessar verbúðir séu í eigu hafnarsjóðanna sjálfra. Ég efast um, að gamlar verbúðir séu nokkurs staðar í eigu hafnarsjóðanna, heldur held ég, að þær séu mest í eigu einstaklinga, en slíkt á alls ekki að geta torveldað það, að hafnaryfirvöldin á hverjum stað geti komið sér upp nýtízku verbúðum, nema síður sé, svo að ég held, að ekki sé ástæða til þess að samþykkja þetta frv. eða brtt. við það með tilliti til þessa atriðis. Ég tel það mjög óheppilegt fyrir málið sjálft, þ. e. uppfyllingu þeirrar þarfar, sem er fyrir verbúðir í verstöðvum kringum landið, að taka úr hafnarl. þann þátt, sem þar er um byggingu verbúða og framlög til þeirra, og gera um það sérstök l. á þann hátt, sem hér er stefnt að í þessu frv. Ég segi þetta ekki af því, að með núverandi fyrirkomulagi telji ég framkvæmd á þessu ódýrari fyrir ríkissjóð. En það kom til af því, að þörfin fyrir að byggja verbúðir, þar sem komin væru hafnarskilyrði, var mönnum ljós, að ákvæði var sett inn í hafnarl. um, að veita skyldi fé og ábyrgð af hálfu þess opinbera til þessara framkvæmda, eins og til annarra hafnarframkvæmda, þannig að bætt væri aðstaða þessara manna, sem eiga að búa í verbúðunum. Þetta var þannig tekið inn í l. af beinni þörf og látinn sami styrkur og ábyrgð til þessara mannvirkja eins og til annarra hafnarmannvirkja. En ef þetta atriði væri tekið þannig út úr, eins og lagt er til í þessu frv., þannig að um þetta atriði ætti ríkisvaldið að hafa frumkvæði, þá gæti það orðið til þess, að hafnarl. yrði breytt og það látið vera alveg á valdi ríkisvaldsins, hvar í kringum landið verbúðum væri komið upp með tilstyrk þess opinbera. En það teldi ég spor stigið aftur á bak.

Ég vildi því mjög mælast til þess, að hv. minni hl. sjútvn. tæki sína brtt. til baka og fylgdi hinni rökst. dagskrá.

Frsm. minni hl. (Steingrímur Aðalsteinsson): Það er kannske varla ástæða til þess, að við séum að þrátta um þetta mál hér, ég og hv. þm. Barð., því að við erum búnir að gera það í sjútvn., og það eru fáir fleiri hér í hv. d. til þess að hlusta á okkar rökræður um málið. Ég vil þó svara nokkrum orðum, sem fram komu í ræðu hv. þm. Barð. nú síðast.

Hann taldi mótsögn í röksemdafærslu minni, hvað það snertir, að samkv. frv. ætti aðeins að byggja þessar verbúðir á stöðum, þar sem viðhlítandi hafnarskilyrði væru, — en þegar viðhlítandi væru orðin hafnarskilyrði á einhverjum stað, taldi hann, að fyrst væri tækifæri fyrir hafnarstjórn á þeim sama stað til að snúa sér að því að byggja verbúðir. Ég held, að það sé ekki rétt, að þarna sé um mótsögn að ræða hjá mér. Fyrst og fremst er það matsatriði, hvenær hafnarskilyrði eru orðin viðhlítandi á einhverjum stað, því þó að búið sé að bæta þau mjög, er síður en svo þar með sagt, að ekki þurfi að bæta þau enn meira, færa þau út og endurbæta þau á ýmsan hátt. En bygging verbúða er sá þáttur, sem ég hélt fram og held enn fram, að hafnarstjórnir muni hafa minnstan áhuga fyrir og þess vegna muni alltaf koma á eftir öðrum hafnarmannvirkjum aðgerðir til þess að koma upp verbúðum, a. m. k. í svo stórum stíl, að nægilegt sé, ekki aðeins fyrir heimabátana, heldur líka fyrir þann fjölda báta, sem hlýtur að sækja til margra verstöðva annars staðar að af landinu. Þess vegna held ég, að það sé þörf á alveg sérstökum aðgerðum af hálfu ríkisins til þess að örva ákveðið framkvæmdir í þessu efni.

Þá hélt hv. þm. Barð., að mér skildist, fram, að ég mundi ekki hafa svo mikið traust á hæstv. núv. ríkisstj., að ástæða væri fyrir mig að fela henni framkvæmdir í þessum málum fremur en hafnarstjórnum á viðkomandi stöðum. — Ég ætla ekki að lýsa hér sérstöku trausti og ekki heldur vantrausti á núv. hæstv. ríkisstj. í sambandi við þetta mál. En ég held samt sem áður, að hún hafi aðstöðu til þess að vera stórvirkari í þessum framkvæmdum en hafnarstjórnir og einnig hljóti hún að hafa nokkurn áhuga á því, að veiðifloti landsmanna geti verið að starfi sem allra mest óhindraður og fái til þess skilyrði og möguleika, vegna þess að fyrst og fremst má búast við þeim tekjum fyrir þjóðarbúið af sjávarútveginum, sem núv. hæstv. ríkisstj., eins og aðrar ríkisstj., þarf sérstaklega á að halda. Og þess vegna álít ég, að ef henni er falið að sjá um framkvæmdir á þessum hlutum, muni hún ekki sitja auðum höndum, heldur muni hún framkvæma þessa hluti, eftir því sem möguleikar verða til á hverjum tíma.

Þá minntist hv. þm. Barð. á það, að fiskifélagið hefði í umsögn sinni sagt frá því — og það er rétt —, að það hefði beðið þá menn, sem vantaði viðlegupláss fyrir báta sína, að gefa sig fram, en enginn hefði komið. En þessi auglýsing fiskifélagsins birtist ekki fyrr en síðast í janúar, eða eftir að vertíðin var byrjuð. Það er rétt, að eftir þeirri auglýsingu gaf enginn sig fram, sem vantaði viðlegupláss fyrir báta sína. En það er ekki sönnun fyrir því, að fyrir þessum málum hafi verið séð á viðunandi hátt. Og mér er kunnugt um, að fyrir jólin s. l. voru það eigendur, að ég hygg 20 eða 30 báta, sem sóttu um viðlegupláss fyrir þá, en gátu ekki fengið. Einhverjir þeirra fengu viðlegupláss, m. a. hér í Reykjavík, en áreiðanlega fengu þeir ekki allir viðunandi pláss fyrir þá, þannig að ég veit, að sumir eigendur þessara báta hættu alveg við að gera út hér á Faxaflóa, vegna þess að þá vantaði viðlegupláss. En það var ekki von, að menn vildu fara að gefa sig fram eftir þessari auglýsingu fiskifélagsins, eftir að byrjuð var vertíð. — Þessi auglýsing fiskifélagsins er því ekki sönnun fyrir því, að ekkert sé þörf að gera í þessu efni. Enda mælti fiskifélagið ákveðið með því, að frumv. þetta, sem hér liggur fyrir, væri samþ., til þess að ráðstafanir verði gerðar, að minnsta kosti fyrir næstu vertíð, í þessu efni. Og slíkra ráðstafana er áreiðanlega þörf, ekki aðeins að áliti fiskifélagsins, heldur býst ég við allra þeirra, sem í þessu efni hafa hagsmuna að gæta í þessu sambandi og þeirrar aðstöðu þurfa að njóta, sem verbúðir skapa mönnum.

Þá var hv. þm. Barð. að andmæla ummælum mínum um það, að vegna þess að til væri nokkuð af gömlum og úreltum verbúðum, sem eigendur þeirra vildu nota í lengstu lög, þá drægi það úr áhuga heima fyrir á viðkomandi stöðum á að byggja nýjar verbúðir. Og taldi hv. þm. Barð. þetta því aðeins koma til greina, ef þessar verbúðir væru í eigu hafnarsjóða, en það mundu þær ekki vera, og því væru þetta ekki rök í málinu, sem ég bar fram um þetta. Ég held þvert á móti, að þó að þessar verbúðir séu í eigu einstaklinga — ég hef að vísu ekki dæmi um það, en mér þykir eðlilegt, að í mörgum tilfellum muni það vera svo —, þá mundu þeir einstaklingar, sem eiga verbúðirnar, hafa nokkur áhrif á hafnarstjórn á hverjum stað og á stjórn mála viðkomandi héraðs, og þess vegna komi þetta til með að verka alveg á sama hátt, þó að verbúðir séu í eigu einstaklinga.

Þá er það að lokum eitt atriði, sem ég tel, að sé nú ekki alveg réttilega fram tekið í þessari rökst. dagskrá hv. meiri hl. sjútvn., þar sem talað er um, að samþykkt þessa frv. og sú framkvæmd, sem gerð yrði á grundvelli hennar, mundi raska hlutföllum þeim, sem sett eru í gildandi hafnarl. um framlög til verbúða annars vegar og annarra hafnarmannvirkja hins vegar. Ég fæ ekki séð, að það mundi verða, því þó að ríkisstj. á þann hátt hefði frumkvæði um það að byggja verbúðir á einhverjum stað, þá er í fyrsta lagi gert ráð fyrir því í frv., að um slíkar framkvæmdir sé leitað samkomulags við viðkomandi hafnarstjórnir og leitað eftir þátttöku þeirra í kostnaðinum eftir þeim hlutföllum, sem hafnarl. gera ráð fyrir. Og ef slíkt samstarf tækist milli ríkisstj. og viðkomandi hafnarstjórnar, þá verða verbúðirnar eign viðkomandi hafnarstjórnar eða sveitarfélags, þannig að þá mundi þetta falla í þann farveg, sem ákveðið er með hinum almennu hafnarl. Hins vegar þótt þetta yrði ekki þannig og ríkið eignaðist verbúðirnar á einstöku stöðum, þá mundi það ekki raska þeim ákvæðum, sem í almennu hafnarl. eru, og hver verstöð gæti eftir sem áður byggt verbúðir samkv. ákvæðum hafnarl. og notið til þess þess stuðnings, sem ríkissjóður veitir með þeim l. Ég sé því ekki, að þetta raski þeim ákvæðum, heldur sé beinlínis við þau miðað. Og síðustu ummæli hv. þm. Barð. um það, að þessi ákvæði séu komin inn í hafnarl. af beinni þörf til þess að létta viðkomandi verstöðvum að byggja, ekki aðeins sínar hafnir, heldur og verbúðir —, eru því aðeins viðbótarviðurkenning á því, hversu þörfin þarna er mikil, og ekkert annað en rökstuðningur fyrir því, að gera þurfi meira í þessum efnum en hingað til hefur verið gert, og það er aðeins það, sem ætlazt er til með þessu frv., sem hér liggur fyrir, og þess vegna er það, sem ég, ásamt hv. þm. N-Þ., hafði þá aðstöðu í n. að mæla með samþykkt þessa frv.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 95. fundi í Ed., 17. marz, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

Rökst. dagskráin á þskj. 507, frá meiri hl. sjútvn., samþ. með 9:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JJós, LJóh, PM, SÁÓ, BBen, EE, GJ, GÍG, ÞÞ.

nei: HV, HermJ, PZ, StgrA, ÁS, BSt, BK, BrB.

6. Almannatryggingar (frv. SkG).

Á 11. fundi í Nd., 6. nóv., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 50 7. maí 1946, um almannatryggingar (þmfrv., A. 75).

Á 12. fundi í Nd., 7. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Flm. (Skúli Guðmundsson): Með þessu frv., er hér liggur fyrir, er lagt til, að gerðar verði nokkrar breyt. á l. um almannatryggingar, er samþ. voru á síðasta aðalþingi. Helztu breyt. eru á ákvæðum l. um sjúkratryggingar og slysatryggingar. Það er nú þannig, að réttur til sjúkra- og slysabóta er mjög ójafn eftir búsetu og eftir því hvort viðkomandi aflar sér tekna í annarra þjónustu eða á annan

hátt. Ég hef hér lagt til, að allir hafi sama rétt til sjúkra- og slysabóta, og fjalla 3.—10. gr. frv., að báðum meðtöldum, um þessi atriði. Þá er einnig lagt til í þessu frv., að fæðingarstyrkur, sem ákvæði eru um í 34. gr. l., verði jafnhár fyrir allar mæður, hvort sem þær vinna á heimilum sínum eða utan þeirra, en á honum er gerður munur í l. Einnig er lagt til í frv., að þeir vinnuveitendur, sem eingöngu hafa í þjónustu sinni börn sín, foreldra og systkini, greiði ekki atvinnurekendaiðgjald, en um það eru ákvæði í 112. og 113. gr. l. Tel ég sanngjarnt, að þau heimili, er séð er farborða eingöngu með fjölskylduvinnu, greiði ekki þetta iðgjald auk persónugjalda. Enn fremur legg ég til, að tryggingarnefndir, sem kjósa á í tryggingarumdæmunum, verði valdar með öðrum hætti en nú er ákveðið í l., en samkv. þeim eiga sveitarstjórnir að kjósa þessar n. í hverju umdæmi. Það hefur þegar komið í ljós, að þetta fyrirkomulag á vali þeirra skapar óþarfa fyrirhöfn, að kalla skuli þurfa saman marga tugi manna í hverju umdæmi til að kjósa þessar n. Ég tel einfaldara að fela sýslun. þetta. Ég held, að ég hafi þá drepið á aðalatriðin í þessu frv., og vísa að öðru leyti til grg. Þessi tryggingarl. eiga að mestu leyti að koma til framkvæmda um næstu áramót, og þá mun reynast þörf fleiri breyt. á þeim. En áður en þau koma til framkvæmda, tel ég mikla þörf á að gera þær breyt. eða lagfæringar, er þetta frv. fjallar um, og vænti ég, að þeim verði vel tekið. Að svo mæltu legg ég til, að frv. verði vísað til 2. umr. og félmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 24 shlj. atkv.

Á 80. fundi í Nd., 24. febr., utan dagskrár, mælti

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Það var nokkuð snemma á þessu þingi, að ég bar fram frv. til l. um breyt. á l. um almannatryggingar. Það mun vera hið 49. í röðinni af málum þessa þings. 7. nóv. 1946 var það tekið til 1. umr. í d. og vísað til heilbr.- og félmn. Síðan hefur ekkert af því heyrzt. Nú hefði ég talið gott, að sú n. vildi nú eftir svona langan tíma láta eitthvað frá sér heyra um það. Hér mun eitthvað vera á fundi af nm. úr þeirri n., ef til vill allir. Ég vil leyfa mér að beina þessum tilmælum til þeirra, að n. fari að láta uppi álit sitt um málið það fyrsta.

Á 107. og 108. fundi í Nd., 8. og 9. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 114. fundi í Nd., 15. apríl, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 75, n. 585).

Frsm. (Helgi Jónasson): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir, er frá hv. þm. V-Húnv. Það er búið að liggja alllengi hjá n., og kom það til af því, að n. var ekki sammála um það í byrjun, hvernig hún ætti að afgr. þetta mál. Fjórir nm. voru á móti frv., og aðeins einn nm., þ. e. a. s. ég, var með því. Hins vegar voru allir samþykkir þeirri till., sem hér liggur fyrir. Frv. þetta var sent til umsagnar tryggingarráðs, og lagði það mjög á móti því, að frv. væri samþ., eins og það nú liggur fyrir, og óskaði eftir því, að tryggingarlöggjöfinni yrði ekki breytt efnislega, fyrr en nokkur reynsla væri fengin af framkvæmd hennar. Þetta sjónarmið féllst n. á að lokum og varð einhuga um að mæla með því, að frv. yrði vísað frá með rökst. dagskrá.

Það er ekkert undarlegt, þótt brtt. komi fram við tryggingarl., enda liggja nú þegar fyrir þinginu þrjú frv. um breyt. á þessum l. Þetta er von, því að l. um almannatryggingarnar eru svo stórkostlegt stökk frá því, sem áður var, að það er ekki undarlegt, þótt komi fram óskir um nokkrar breyt. N. er og þeirrar skoðunar, að óhjákvæmilegt verði á næstunni að breyta þessum l. mjög mikið, enda kemur æ betur og betur í ljós, hve erfið l. eru í framkvæmd, og það er áreiðanlegt, að bæði þjóðfélagið og einstaklingar komast í þrot með að uppfylla þær skyldur, sem l. leggja þeim á herðar, enda er nú að koma í ljós megn óánægja með þau ákvæði, sem l. hafa að geyma, og eru ýmis af þeim í frv., sem hér er um að ræða, en n. féllst á það, að heppilegast mundi fyrir málið, að þessu væri frestað. Var það álit n., að þeir menn og þeir flokkar, sem hefðu staðið að því að koma l. á, mundu ekki fallast á að breyta þeim, fyrr en gallar á þeim hefðu komið fram. Þetta áleit ég nokkuð rétta skoðun. Ég leit svo á, að heppilegt væri að fá meiri reynslu og að rétt væri að vísa málinu til stjórnarinnar, til þess að hún láti fara fram gagngera endurskoðun á l. Mér virtist það heppilegast fyrir málið á Alþ. að vinna að því að fá löggjöfina nákvæmlega endurskoðaða á næsta ári.

Ég skal svo ekki hafa um þetta fleiri orð.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Ekki get ég borið lof á hv. heilbr.- og félmn. fyrir till. hennar í sambandi við þetta frv. mitt. N. fékk þetta mál í nóvember s. l. ár. Hún skilaði svo nál. þann 27. marz í ár, en þótt málið hafi legið svona langan tíma hjá n., hefur henni ekki enzt sá tími til þess að átta sig á því. Að vísu kom l. þm. Rang. auga á nauðsynina á því að breyta l. um almannatryggingar, m. a. þeim ákvæðum, sem þetta frv. mitt fjallar um. Ekki færir n. nein rök fyrir þessu, enda mun það tæplega hægt, því að rökin fyrir því munu vera vandfundin. N. segir, að ekki sé fengin reynsla af l. Ég held ekki, að það þurfi neina reynslu af því, sem er skráð í l. Það þarf enga reynslu til að sjá það, að það eru stórir hópar manna í landinu, sem ekki njóta þeirra hlunninda, sem l. veita öðrum, og þetta fer ekkert eftir því, hvernig efnahagslegar ástæður manna eru, heldur eftir allt öðru. Til þess að njóta fullra hlunninda l. um sjúkrabætur og slysabætur þurfa menn að hafa einhvern húsbónda yfir sér. Ef menn starfa húsbóndalaust, hvort heldur er á sjó eða landi, fá þeir engar skaðabætur, nema þeir hafi keypt þau réttindi fyrir sérstakt, hátt gjald, sem allir aðrir,

sem hafa húsbónda yfir sér, eru lausir við að greiða. Það þarf enga reynslu til að sjá þetta. Réttur manna er misjafn, og alveg sama er um gjöldin, sem lögð eru á menn samkvæmt þessum l. Sum af þessum gjöldum eru þannig lögð á, að það er ekki viðunandi. Samkv. 113. gr. verða allir, sem hafa menn í vinnu, að borga sérstakt gjald, sem skal varið til að borga slysa- og sjúkratryggingar. Ég tel fjarstæðu að skattleggja eingöngu þá, sem hafa menn í vinnu, án þess að líta á, hvernig efnahagur þeirra og ástæður eru að öðru leyti. En þó tekur gjaldið samkv. 112. gr. út yfir, því að það er sérstakur refsiskattur fyrir að taka menn í vinnu. Samkv. þeirri gr. verður maður, sem gerir út bát hér á vertíðinni, að borga á tíunda hundrað kr., ef hann hefur 10—12 menn í vinnu, og ef hann gerir út bát á síldveiðar, verður hann að borga á sjöunda hundrað kr. Áhættugjaldið samkv. 113. gr. nemur hærri upphæð. Bóndi, sem hefur heima fjögur börn yfir 16 ára aldur, sem vinna við búið, verður að borga samkv. þessari gr. á 13. hundrað kr. á ári, vegna þess að hann hefur haldið börnunum heima á heimilinu. Þau verða náttúrlega að borga persónugjöld. Þetta er aukaskattur, sem þarf að borga, vegna þess að börnin eru heima, en menn, sem vinna hjá öðrum, eru lausir við þessi aukagjöld. Þeir þurfa aðeins að borga persónugjöldin samkv. 107. gr., en ekki aukaskatt. Það er m. ö. o. svo, að mönnum er refsað samkv. þessum l. fyrir að taka menn í vinnu. Þeir verða að borga drjúga sekt fyrir þetta athæfi, og svo kemst heilbr.- og félmn. að þeirri niðurstöðu, að það vanti reynslu, til þess að það megi hrófla við þessum lagaákvæðum. Það þarf enga reynslu til þess að sjá það, sem hver maður hlýtur að sjá, að réttur manna og einnig skyldur samkv. þessum l. er gífurlega misjafn. Það er lagður drjúgur skattur á vissa hópa manna, skattur, sem aðrir eru lausir við. Það ranglæti, sem samþ. var, var Alþ. til vansæmdar, og Alþ. mun hljóta því meira ámæli sem þetta viðgengst lengur.

Ég mun að sjálfsögðu greiða atkv. gegn þessari svokölluðu rökst. dagskrá n., og verður fróðlegt að sjá, hvort fleiri líta svo á, að það þurfi frekari reynslu, áður en hróflað verður við þessum l.

Katrín Thoroddsen: Ég skrifaði undir nál. með fyrirvara, vegna þess að ég gat ekki fallizt á þau rök, sem þar eru borin fram. Ég er sammála hv. þm. V-Húnv. í því, að þessum l. eins og öðrum beri að breyta, jafnskjótt og gallar á þeim koma í ljós, og á tryggingarl. eru margir og miklir vankantar. Hins vegar áleit ég þessar till. á þskj. 75 ekki það mikið til bóta, að ég vildi fylgja málinu. Þó vil ég segja það, að ég álít ranglátt, að gerður sé munur á fæðingarstyrkjum eftir því, hvort konur vinna úti eða inni, og vil fylgja honum að málum í því að hækka hvort tveggja.

Frsm. (Helgi Jónasson): Hv. þm. V-Húnv. er ekki ánægður með það, hvernig n. hefur farið með þetta frv. hans, en ég held, að ef hann vill líta á þetta með sanngirni, þá sjái hann, að n. hefur fundið beztu leiðina, að vinna að endurskoðun l. Hv. 2. landsk. (KTh) er óánægð með l., en bara ekki þetta, heldur annað. Það er svo, að þm. eru óánægðir með l., en það hefur ekki komið fram heildarálit á þeim, og er vafasamt, hverju á að breyta og hverju ekki. Ég get verið sammála hv. þm. V-Húnv. í þessu máli. Við viljum báðir fallast á þær breyt., sem koma fram í þessu frv., en svo koma aðrir þm. og óska eftir, að það komist annað fram. Þess vegna verður að taka málið til rækilegrar endurskoðunar og fá þeim ákvæðum breytt, sem eru ranglátust og fjarstæðukenndust. Hv. þm. V-Húnv. talaði um það, hvað réttur húsbænda væri skertur. Ég veit, að þetta er rétt að nokkru leyti, en við höfum aðra löggjöf, hjúalög, og samkv. þeim l. eru skyldur atvinnurekenda gagnvart vinnufólki sínu ekki svo litlar. En þessi réttur er, bæði hvað snertir sjúkrakostnað, uppihald og annað, felldur niður hér í tryggingarl., og þetta eru líka hlunnindi fyrir atvinnurekendur frá því, sem áður var.

Það er margt, sem þarf athugunar við í þessum l., og ég er þess fullviss, að það verður að breyta þeim á næstu árum. En þótt við hér á Alþ. færum nú að taka nokkrar gr. úr l. og breyta þeim, þá er það lítil bót. Það verður aldrei til frambúðar. Það verður að taka l. öll í heild til endurskoðunar og sníða af þeim þá agnúa, sem mest óánægja er út af, bæði hjá atvinnurekendum og öðrum. Ég get sagt hv. flm. það, að tryggingarráð hefur nýskeð farið fram á það við félmn. og fjmrh., að ákvæðum 112. og 113. gr. tryggingarl. verði breytt þannig, að atvinnurekendagjaldið verði ekki innheimt nema að ¼ og vinnuvikurnar á ári verði ekki taldar nema 13 og af því fólki, sem vinnur fyrir litlu kaupi, verði vinnuvikurnar ekki reiknaðar nema ¼, og ef það eru teknir krakkar í sveit yfir sumarmánuðina, þá sé ekki borgað nema ¼ af gjaldinu. Þetta er aðeins lagfæring til bráðabirgða, þangað til l. verða endurskoðuð, og ég held, að allir hljóti að fallast á endurskoðun l. á næstu árum. Ég teldi heppilegra, að hægt væri að fá samkomulag innan þingsins um slíka endurskoðun, heldur en að taka nú inn ákvæði, sem vafasamt er, hvort ná samþykki þingsins.

Skúli Guðmundsson: Mér þótti gott að heyra, að hv. 2. landsk. telur þó, að það geti komið til greina að breyta þessum l. að einhverju leyti á þann hátt, sem ég hef lagt til, þó að það sé illt, að hv. þm. skuli ekki vilja leggja því máli lið nú þegar. Hv. frsm. n., hv. 1. þm. Rang. sagði, að tryggingarráð hefði nú þegar, skildist mér, sent eitthvert erindi til fjmrh. og félmn. um það, að ekki yrðu innheimt að öllu leyti þau iðgjöld, sem greiða á samkv. 112. gr. l. Ég vil benda á það, að samkv. l., eins og þau eru, er engin heimild til þess að veita tilslökun á þessum gjöldum, nema þegar um er að ræða börn eða fósturbörn, sem vinna fyrir lítið eða ekkert kaup hjá foreldrum sínum. Það er sú eina undanþága, sem l. gera ráð fyrir, að komi til greina. Það er t. d. engin undanþága veitt

frá gjöldum af foreldrum atvinnurekanda. Ef aldraðir foreldrar eru hjá honum, sem þó hafa ekki náð þeim aldri að hafa náð ellilífeyri, þá verður barnið, sem í þessu tilfelli er atvinnurekandinn, að greiða fullt iðgjald samkv. 112. gr. vegna vinnu foreldranna, eins fyrir því, þó að þeir hafi ekkert kaup umfram fæði og húsnæði fyrir vinnu sína. T. d. um það, hvað þessi lagasetning í fyrra var fráleit samkv. ákvæðum 112.—113. gr., er það, að ef krakki héðan úr Reykjavík fer upp í sveit um sumarið og vinnur þar fyrir fæði, en fær kannske lítils háttar kaup fyrir snúninga, þá verður bóndinn að borga 6 kr. á viku í tryggingarsjóð fyrir það að taka þennan ungling til vika á heimilinu.

En það er engin heimild til þess í l. fyrir ríkisstj. að veita undanþágu frá þessu. Það er ekki hægt að víkja frá því nema með lagaboði. Ég skal viðurkenna, að þó að mitt frv. væri samþ., þá stendur þetta eftir sem áður, vegna þess að ég fór ekki lengra út í það í till. minni að gera breyt. á 112. gr. en það að undanþiggja þessu gjaldi fósturbörn og foreldra atvinnurekenda. Þetta dæmi, sem ég nefndi, sýnir, hversu fráleitt þetta ákvæði er í l. Það er hins vegar enginn möguleiki fyrir ráðuneytið að gera neinar breyt. á þessu aðrar en þær að slaka til á iðgjöldum fyrir vinnu barna.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 115. fundi í Nd., 16. apríl, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

Rökst. dagskráin á þskj. 585, frá heilbr.- og félmn., samþ. með 21:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÁÁ, EmJ, FJ, GSv, GTh, GÞG, HB, HelgJ, JóhH, JörB, KTh, AJ, PÞ, SigfS, SB, SG, SEH, SK, StJSt, ÁkJ, BG.

nei: EystJ, HÁ, IngJ, PO, SkG.

StgrA greiddi ekki atkv.

8 þm. (BÁ, EOl, GÞ, HermG, JPálm, JS, JJ, ÓTh) fjarstaddir.

7. Kvikmyndastofnun ríkisins.

Á 56. fundi í Ed., 27. jan., var útbýtt:

Frv. til l. um kvikmyndastofnun ríkisins (þmfrv., A. 325).

Á 59. fundi í Ed., 28. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið og of skammt liðið frá útbýtingu þess. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Flm. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Þessu frv. mínu fylgir nokkuð ýtarleg grg., og ætti því í raun og veru ekki að vera þörf að fylgja því úr hlaði með langri ræðu. En þar sem í frv. eru nokkur nýmæli, sem ekki er víst, að allir geri sér fulla grein fyrir án nokkurra skýringa, vil ég fara nokkrum orðum um efni þess.

Frv. er í raun og veru í tveimur meginköflum að efni til, og er fyrri kaflinn um innflutning kvikmynda. Nú er þessu hagað svo, að meginhlutinn af innflutningi kvikmyndanna er í höndum stærstu kvikmyndahúsanna hér á landi og þá hér í Reykjavík. Þessi kvikmyndahús leigja síðan aftur út þessar myndir til kvikmyndahúsa annars staðar á landinu, og á hverjum stað taka þau fyrir notkun kvikmyndanna allháa leigu, og ég hygg, að það sé nokkuð mikið fé, sem kvikmyndahús, sem bezta aðstöðu hafa til kvikmyndareksturs, moka inn á því einu að leigja myndir í hringferð kringum landið og taka leigu fyrir á hverjum stað. Það mætti segja mér, að oft hefðu þau upp með þessum leigumáta þá leigu, sem þau í raun og veru þurfa að greiða fyrir myndirnar.

Það liggur í hlutarins eðli, að það er í raun og veru á valdi þeirra kvikmyndahúsa, sem hafa nú innflutning kvikmynda með höndum, hvers konar kvikmyndir eru sýndar í íslenzkum kvikmyndahúsum. Það er ekkert undarlegt, þó að eigendur kvikmyndahúsanna velji þær fyrst og fremst út frá því sjónarmiði, hve miklum hagnaði þær geta skilað, því að í raun og veru er það sá eini tilgangur með rekstri kvikmyndahúsa nú í landinu, að þau séu fyrst og fremst gróðafyrirtæki.

Hér er lagt til, að ríkið eitt skuli hafa með höndum innflutning kvikmynda og rekstur kvikmyndahúsa og verði stofnun sett á fót, sem heitir Kvikmyndastofnun ríkisins, til þess að annast þetta tvíþætta hlutverk. Ég tel það fullvíst, að með þeirri breyt., að ríkið eitt sjái um innflutning kvikmynda, sé hægt að ráða því, að þær kvikmyndir, sem sýndar yrðu hér á landi, yrðu annars eðlis en þær, sem nú verða fyrir valinu. Ég hygg, að það ætti að vera hægt að framkvæma þetta á þann veg, að kvikmyndir hefðu miklu meira menningarlegt gildi en nú er, einkum ef sá aðilinn, sem hefði þetta vald með höndum, væri á ábyrgð menntmrh. í landinu. Það er því lagt til í þessu frv., að innflutningi kvikmyndanna verði hagað á þennan hátt, hann verði tekinn úr höndum hinna ýmsu kvikmyndahúsa og látinn heyra undir menntmrh. með það meðal annars fyrir augum að tryggja, að þær myndir, sem sýndar eru, hafi menningarlegt gildi og séu þjóðinni til gagns og gleði um leið, en ekki siðspillandi og menningarsnauðar. Auðvitað er það ætlun mín, að kvikmyndir verði eftir sem áður skemmtitæki, en ekki einungis menningartæki, og ég tel, að þótt tekið sé fullt tillit til menningarlegs gildis kvikmyndanna, þá sé fullkomlega hægt að fullnægja þessu sjónarmiði. Nú hefur það oft viljað vera svo, að kvikmyndir hafa verið valdar meira með það fyrir augum, að hægt væri að fá sem allra mesta peninga fyrir þær, heldur en að þær væru góð skemmtun fyrir óspilltan huga almennings. Þær hafa verið langt fyrir neðan það oft og tíðum. Ég

ætlast til, að kvikmyndir verði fyrst og fremst fræðslutæki og það betra fræðslutæki en þær hafa verið til þessa, en fyrst og fremst óbrigðulla menningartæki en þær hafa verið, hjá okkur að minnsta kosti. Og menningartæki eiga kvikmyndir að geta verið á borð við góðar bækur eða jafnvel þeim fremri.

Þá kem ég að hinum meginþætti frv. Fyrir honum er gerð nokkur grein í 4. gr. frv., en þar segir: „Kvikmyndastofnun ríkisins skal keppa að því að gera kvikmyndir að sem almennustu og þjóðlegustu menningartæki, hliðstæðu útvarpi og skólum. Í þessu skyni skal kvikmyndastofnunin m. a.:

1. reka kvikmyndahús sem víðast um landið, en halda uppi ferðasýningum kvikmynda, þar sem ekki eru skilyrði fyrir rekstri fastra kvikmyndahúsa;
2. sjá skólum landsins fyrir fræðslukvikmyndum og aðstoða þá við sýningar slíkra kvikmynda;
3. vanda sem bezt val þeirra erlendra kvikmynda, sem fluttar eru inn í landið til sýningar, með tilliti til þess að bægja burtu siðspillandi, óþjóðhollum og menningarsnauðum kvikmyndum;
4. gera íslenzka texta við erlendar kvikmyndir, eftir því sem föng verða á;
5. efla innlenda kvikmyndagerð og gera íslenzkar kvikmyndir.

Af rekstrarhagnaði kvikmyndastofnunar ríkisins er heimilt að styrkja leiklist, hljómlist og aðrar skyldar listgreinir."

Í næstu gr. frv. er svo rætt um fyrirkomulag á stjórn og rekstri kvikmyndastofnunarinnar, og skal ég geta þess, að þar er gert ráð fyrir, að svipað fyrirkomulag verði þar og stjórn útvarpsins er fyrir komið, enda er ætlazt til, að þessi menningarlega stofnun, sem hér er um að ræða, verði mjög að starfi til í sama anda og útvarpsrekstur ríkisins.

Þá er að síðustu ákvæði um það í þessu frv., að kvikmyndastofnun ríkisins skuli ein hafa rétt til að reka kvikmyndahús á Íslandi, eftir að þessi l. ganga í gildi, og hafi rétt til þess að taka þau kvikmyndahús, sem nú eru í landinu, eignarnámi. Nú er það kunnugt, að nokkur kvikmyndahús eru í landinu, sem ekki eru í einstaklingsrekstri og eru í opinberum eða hálfopinberum rekstri, eins og t. d. Tjarnarbíó, sem ríkið hefur kostað, svo og kvikmyndahús í Hafnarfirði og á Akranesi, sem bærinn rekur. Þá er gert ráð fyrir því í þessu frv., að slík hús megi áfram verða rekin með sama formi með samningi við stjórnendur kvikmyndastofnunar ríkisins og þau ekki tekin eignarnámi, fyrr en þá að öll kvikmyndahús, sem rekin eru af einstaklingum, hafa áður verið tekin undir stjórn kvikmyndastofnunar ríkisins.

Þessu næst vil ég þá, þar sem ég hef nú gert nokkra grein fyrir meginefni frv., fara nokkrum orðum um þær helztu breyt., sem af því mundu leiða, ef frv. yrði að l.

Nú eru kvikmyndahúsin lítið útbreidd nema í aðalkaupstöðum landsins. Það eru óvíða kvikmyndahús í kauptúnum og þorpum, og þar sem þau eru, þá búa þau við mjög þröngan kost. Sýningar fara mjög víða fram í lélegum pakkhúsum, og gefur að skilja, að það umhverfi, sem kvikmyndahúsgestum er þar boðið, er mjög óaðlaðandi og menningarsnautt. En í sveitum landsins eru þess vart dæmi, að kvikmyndahús séu rekin, nema þar hafi þorpsmyndun átt sér stað. Og ég tel mjög miður farið, að ekki skuli hafa verið hægt að gera allan landslýð aðnjótandi kvikmyndasýninga, einkum ef hægt væri að sjá um, að kvikmyndir, sem sýndar væru, væru ekki aðeins skemmtandi og fræðandi, heldur líka göfgandi og mannbætandi. Ég tel það alveg auðsætt mál, að með því fyrirkomulagi, sem í þessu frv. er farið fram á, væri slíku marki hægt að ná, ekki sízt ef hægt væri að koma á samfelldu kvikmyndahúskerfi, ekki aðeins í kaupstöðum og kauptúnum, heldur líka í sveitum landsins, a. m. k. þar sem samgönguskilyrði eru sæmileg. Þó veit ég, að í allra strjálbýlustu sveitum og þar sem samgöngumálin eru í mestum ólestri yrði föstum kvikmyndahúsrekstri vart við komið, og hef ég viðvíkjandi þeim sveitum gert ráð fyrir, að kvikmyndastofnun ríkisins héldi uppi ferðasýningum kvikmynda, og mætti slíkt þá vera hliðstætt við það fyrirkomulag ríkisins að hafa farskóla í hinum strjálbýlustu og fámennustu sveitum. Þarna væri þá varið nokkrum hluta af þeim mikla gróða, sem kvikmyndahúsin raka saman á stöðum eins og Reykjavík, til þess að auka menningu úti um byggðir landsins, þar sem aðstaðan er miklu erfiðari og ekki er hægt að halda uppi kvikmyndasýningum, nema með kostnaði annars staðar frá.

Því hefur verið haldið fram, og sjálfsagt ekki að ástæðulausu, að ein aðalástæðan til þess, að fólkið flykkist svo mjög til kaupstaðanna, sé hinn mikli möguleiki til skemmtana, og mætti þá einkum ætla, að það væri unga fólkið, en úr þessari hættu mætti ef til vill bæta með þessu móti.

Þá er hér gert ráð fyrir því, að kvikmyndastofnunin sjái skólum landsins fyrir fræðslukvikmyndum. Skólarnir hafa nú á síðustu árum eignazt fræðslukvikmyndir og hafa líka átt þess nokkurn kost að fá erlendar fræðslukvikmyndir, sem fræðslumálastjóri hefur útvegað, aðallega frá Svíþjóð. En aðstæður til þess að nota þessar kvikmyndir eru mjög óvíða fyrir hendi. Það er aðallega í byrjun þessa árs, að heitið geti, að möguleikar hafi verið til þess að sýna þessar fræðslukvikmyndir. Notkun fræðslukvikmynda er á byrjunarstigi hér hjá okkur, en kunnugt er frá öðrum löndum, að kvikmyndir eru að taka alláhrifaríkan þátt í kennslu erlendis.

Það munu allir geta verið sammála um það, að fyrst og fremst beri að fræða Íslendinga um sitt eigið land, gróður og dýralíf. En þetta er ekki hægt, fyrr en við höfum fengið einhvern aðila til þess að búa til íslenzkar fræðslukvikmyndir. Það er hætt við, að erfitt yrði að fá á fjárl. styrk til þessa, ef ekki væri hægt að fá þær fyrir það fé, sem aflast við sýningu kvikmynda, en það væri einmitt mjög æskilegt, að einhverju af þeim ágóða yrði einmitt varið til töku íslenzkra fræðslukvikmynda handa skólum landsins.

Þá er eitt af þeim verkefnum, sem þessari kvikmyndastofnun er ætlað að hafa á hendi, val þeirra kvikmynda, sem fluttar eru inn í landið til sýninga.

Ég held, að það sé ekki ofmælt, að flestir foreldrar í kaupstöðum og þorpum, þar sem kvikmyndahús eru, eigi nú í erfiðu stríði með að halda börnum sínum frá villtri kvikmyndahúsafíkn, eins og foreldrar eiga í baráttu við það að verja börn sín frá drykkjuskap og tóbaksreykingum. Og ég viðurkenni, að eins og kvikmyndahúsreksturinn er nú, er full ástæða fyrir uppalendur barna að reyna að verja þau fyrir mörgu því, sem sýnt er í kvikmyndahúsunum nú. En væru kvikmyndahúsin orðin að menningarstofnun, þá væri ekkert nema gott um það að segja, að börnin væru sólgin í að fara þangað til þess að afla sér fræðslu og menntunar.

Í 4. gr. frv. er gert ráð fyrir því, að kvikmyndastofnuninni verði lagt það á herðar að gera íslenzkan texta við erlendar kvikmyndir. Ég hugsa mér það helzt þannig, að gerður yrði íslenzkur texti við beztu erlendar kvikmyndir, áður en þær væru sendar í hringferð sína kringum landið. Íslenzkir kvikmyndahúsagestir hafa ekki heyrt íslenzkt orð í kvikmyndum, þar eð tal allt er þar á erlendum málum, og vitanlega verður því ekki breytt með þessu fyrirkomulagi, en það má hafa íslenzka lesmálstexta, og er það mjög nauðsynlegt, því að flestir eru ekki það færir í erlendum málum, að þeir tapi ekki meira og minna, ef svo er ekki. Með íslenzkum texta má fá mikil aukin not kvikmynda, og er það enn meiri nauðsyn, ef kvikmyndirnar verða gerðar að alþjóðareign og farið að sýna þær út um sveitir, þar sem enn minna er um málakunnáttu.

Þá er og gert ráð fyrir, að kvikmyndastofnunin láti taka innlendar kvikmyndir, fréttamyndir, sögulegar kvikmyndir, landfræðilegar kvikmyndir og myndir af íslenzkum öndvegisskáldverkum, svo sem áður er getið.

Nokkur íslenzk skáldverk hafa verið valin til kvikmyndagerðar erlendis. Ég minnist t. d. Fjalla-Eyvindar, sem leikinn var af sænskum og dönskum kvikmyndaleikurum, en sviðið var Lappland. Þegar horft er á þá mynd, fylgir sænsku og dönsku máli — Svíarnir töluðu sænsku og Danir dönsku — útlent fólk í annarlegu landslagi, og svo er einnig í kvikmyndinni af Sögu Borgarættarinnar. Ef íslenzk öndvegisskáldverk eru valin til kvikmyndatöku, tel ég engri stofnun það skyldara en þeirri stofnun, sem hér um ræðir, og það er einnig skylda íslenzkra leikara að stuðla að þessari starfsemi. Þá mundum við eignast listrænar kvikmyndir á okkar eigin máli og með innlendri hljómlist.

Þá er líka hugsanlegt að semja við erlend kvikmyndatökufélög um töku á myndum af skáldverkum okkar í íslenzku landslagi, en auðvitað þá á erlendu máli, og gæti það verið eigi lítil landkynning. Það er talað um, hve erfitt það sé fyrir íslenzka rithöfunda, hve fámenn þjóðin sé, en með þessu móti er hægt að koma verkum þeirra út um víða veröld.

Ég skal játa það, að kvikmyndirnar hafa ekki að öllu leyti fært okkur ómenningu. Á einu sviði hafa þær fært okkur menningu, en það er á sviði tónlistar. Frægustu söngvarar og hljómlist heyrast hvergi hér nema í kvikmyndahúsum. Því er svo kveðið á í frv., að kvikmyndastofnuninni sé heimilt að styrkja leiklist, hljómlist og aðrar skyldar listgreinar, og mætti jafnvel standa skylt.

Þegar málum eins og þessu hefur verið hreyft hér á hv. Alþingi, hefur venjulega verið miðað að því að taka kvikmyndahúsin úr eigu einstaklinga og fá þau í hendur bæjarfélaga. Og vissulega er það betra en ekki, en ýmisleg menningarleg not verða ekki með bæjarrekstri, sem fást með þeirri aðferð, sem hér er lagt til. Með því móti er skylt að verja því fé, sem fæst af kvikmyndahúsum, til ýmiss konar menningarstarfsemi í þágu alþjóðar. Þegar einstaklingar eiga kvikmyndahúsin, ráða þeir því alveg sjálfir, en þegar þau eru í eigu sveitar- eða bæjarfélaga, er ágóðanum varið til ýmissa gagnlegra hluta á takmörkuðu svæði, en hefur ekki það almenna gildi, sem hér er ráð fyrir gert. Ég sá það nýlega, að Bretar væru nú að þjóðnýta kvikmyndahús hjá sér og hyggjast gera það í tveim áföngum. Nú fyrst annan helming þeirra og síðar hinn helminginn.

Ég mun nú ekki hafa fleiri orð að sinni, en ég heiti á þm. að líta á það menningargildi, sem þetta mál hefur, og kynna sér það rækilega, því að það er aðalatriði málsins.

Ég legg svo til, að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. menntmn.

Umr. frestað.

Á 60. fundi í Ed., 29. jan., var fram haldið 1. umr. um frv.

Gísli Jónsson: Herra forseti. — Þetta frv. ákveður, að kvikmyndarekstur skuli allur tekinn til starfrækslu af ríkissjóði og einkaeigendum sé bannað að reka kvikmyndastarfsemi. Þær ástæður, sem færðar eru fram fyrir þessu, eru í fyrsta lagi, að þetta er talin mjög mikil tekjulind, sem eigi að liggja hjá ríkissjóði einum, en ekki hjá þegnum landsins. Nú er það vitanlegt, að þessu má að sjálfsögðu einnig ná á annan hátt og hefur verið náð á annan hátt; með því að taka eins stóran hluta af þessum tekjum frá einstaklingum og ríkinu þykir eðlilegt á hverjum tíma, svo að ég tel ekki þessa ástæðu út af fyrir sig veigamikla. Það er á valdi Alþ. á hverjum tíma, hversu mikinn hluta það kynni að taka af þeim gróða. Næsta ástæðan, sem færð er fyrir þessu, er sú, að það ætti að vera á valdi ríkisins, hvaða myndir séu sýndar, hvort það séu myndir til menningarauka eða gagnstætt. Ég hygg, að þessu sé einnig hægt að ná eftir öðrum leiðum, svo sem gert hefur verið í öðrum löndum, t. d. Bretlandi, með því að setja allar myndir undir strangt eftirlit ríkisins, þannig að ekki sé leyft að sýna annað en það, sem talið er hafa menningargildi fyrir þjóðina, svo að ég tel ekki heldur, að þessi ástæða sé veigamikil. Ég vil svo í sambandi við fjáröflunina leyfa mér að minna á það, að ef 3. gr. er samþ. eins og hún er í frv., þá tel ég nokkuð mikið gengið á hagsmuni sveitarsjóðanna, a. m. k. þar sem nú er rekinn kvikmyndarekstur. Sveitarsjóðirnir hafa haft drjúgar tekjur af þessu, og nú er ætlazt til þess,

að þessir tekjustofnar séu felldir burt, með því að ekki má leggja skatt á reksturinn til sveitarfélaganna. Ég vil einnig í sambandi við þetta benda á það, að stefnan hefur verið sú mörg undanfarin ár að ganga jafnt og þétt á tekjustofna bæjanna og sveitarfélaganna, sumpart með hækkandi tekjuskatti, viðaukaskatti og öðrum sköttum, svoleiðis að sveitarfélög og sýslufélög stynja þegar undir þessum ákvæðum, og er mér ljóst, að samband íslenzkra sveitarfélaga mun hafa mótmælt nokkuð stranglega þessum aðförum og krafizt þess, að snúið verði við á þessari leið.

Það má hins vegar segja, að það breyti ekki miklu, þótt skattar séu ekki teknir til ríkisins, þar sem ætlazt er til þess, að ríkissjóður fái allan ágóðann, þótt það sé hins vegar bundið í þessu frv., að þeim ágóða skuli varið í alveg sérstöku augnamiði. Ef aftur á móti þess er gætt að fella þá niður tilsvarandi styrk frá ríkissjóði til menningarmála, þá má segja að allt komi í sama stað niður, en þessu verður ekki til svarað um það, sem lýtur að tekjumissi bæjar- og sveitarfélaga. Því hefur verið haldið fram af hv. flm., að hér væri um mjög mikið menningarmál að ræða, þar sem kvikmyndir væru, og skal ég síður en svo andmæla því. En ég vil í sambandi við þetta benda á það, að það kynni að verða skammt á milli þess að banna einstaklingum að starfrækja slík menningartæki eins og kvikmyndasýningar eru og hinu, að banna þeim bókaútgáfu. Bókaútgáfa er menningaratriði og sömuleiðis blaðaútgáfa, og hvort tveggja getur verið stórkostlegt áróðurstæki. En blaðamennska og bókaútgáfa er engan veginn líkt því annað eins áróðurstæki og kvikmyndir geta verið. Það getur verið, að það sé hollt að taka upp þá stefnu, að ríkið hafi með höndum starfrækslu áróðurstækja, svo sem bókaútgáfu, kvikmynda, útvarps o. fl., en ég efast um, að við séum enn þá komin á það stig, að þjóðin sé sammála um, að rétt sé að fara inn á þá braut. Vil ég í sambandi við þetta benda á það, að þótt reynt hafi verið hvað eftir annað að setja um útvarpið reglur, að það skuli ekki vera notað til áróðurs fyrir ákveðinn flokk, þá minnist ég þess, að svo að segja á hverju þingi síðan 1942 hafa komið fram umkvartanir um það, að þetta hlutleysi hafi verið brotið, og tel ég þá vafasamt, hvort það væri rétt leið, að ríkið tæki að reka aðra stofnun — áróðursstofnun — og gefa enn tilefni til þess að hafa um það deilur, hvort ekki verði einnig brotið hlutleysi þeirrar stofnunar. Ég vil benda á það atriði, að um útvarpið er svo þröngt í þessum efnum, að það má ekki senda þakkarskeyti gegnum útvarpið. Maður nokkur átti 60 eða 70 ára afmæli og vildi senda þakkarskeyti í útvarpinu, en fékk það ekki. Svona þröng er þessi stofnun, að hún leyfir ekki að þakka fyrir það, sem vel er gert.

Ég hygg að það sé mjög varhugavert að reyra þannig í ramma menningartæki þjóðarinnar, og eins og ég sagði, er þá skammt til þess, að einnig sé bannað að gefa út blöð nema af ríkisstj. og þó einkum, þegar hægt er að ná eftir öðrum leiðum svo að segja öllu fjármagni, sem hér er ætlað að ná, og ekki er hægt að neita því, að einnig er hægt að ná því eftir öðrum leiðum, hvort hér séu sýndar þær kvikmyndir, sem hafa menningargildi, og stöðva hinar, sem ekki þykja boðlegar. Ég skal ekki fara lengra út í þetta atriði.

En það var ekki eingöngu þetta, sem gerði það, að ég vildi hreyfa þessu máli við þessa umr., því að ég hygg, að það verði mjög rætt í menntmn., heldur var það grg. þessa frv., sem olli því. Ég held, að þetta sé í annað skipti, sem hv. 3. landsk. hefur hagað sér þannig á þinginu, að fullkomlega er vítavert. Hann leyfir sér að brjóta þinghelgina með því að láta fylgja þessu þskj. gersamlega óviðeigandi ummæli, og hann notar útvarpið til þess að útbásúna um allt land þau atriði, sem hann setur fram í grg. Það er óvirðing fyrir þessa stofnun, að hv. þm. skuli nota sér þann rétt, sem alþm. á til þess að semja grg., vitandi það, að hún verður lesin upp í útvarpið, og gæta ekki betur virðingar sinnar en hér, eiga það svo allt undir Helga Hjörvar, hvort hann stöðvi slík ummæli, vegna þess að þau séu ekki hæf til þess að lesa þau í útvarp. Gerð hv. þm. verður nákvæmlega sú sama, þó að Helgi Hjörvar gæti borgið virðingu hans. Hann segir, að kvikmyndareksturinn hafi verið notaður að féþúfu. Nú veit hv. þm. það, að kvikmyndahúsin eru rekin undir alveg sérstökum ákvæðum skattalaganna, eins og hver annar atvinnurekstur. Það er því algerlega ósæmilegt að leyfa sér að segja, að kvikmyndahúsin séu notuð fyrir féþúfu frekar en annar atvinnurekstur í landinu. Ef ekki er nóg tekið af þessum atvinnurekstri, þá ber ekki að saka þá menn, sem reka hann, heldur þá, sem hafa samið l., og ef ekki er fylgt skattal., þá ber að saka skattayfirvöldin.

Hv. þm. veitist hér m. a. mjög ósæmilega að manni, sem hefur starfað hér að biórekstri í 35 ár, og segir, að hann hafi notað þessa atvinnugrein sem féþúfu og síðan flutt úr landi til kóngsins Kaupmannahafnar og njóti þar nú gróðans, sem hann hafi fengið hér óleyfilega af þessum atvinnurekstri. Ég tel þessa málfærslu óviðeigandi hér á Alþ. Ég veit ekki betur að þessi maður hafi sama rétt til þess að flytja með sinn gróða, hvort heldur er til Danmerkur eða annarra landa, og eyða honum þar, eins og t. d. einn ágætur embættismaður, fyrrv. vitamálastjóri, Þorvaldur Krabbe, og held ég, að enginn hafi álitið, að hann hafi gert rangt, þótt hann á sínum elliárum eyði gróða sínum annars staðar en á Íslandi, þótt hann hafi fengið allan sinn gróða frá íslenzka ríkinu. Ég vil leyfa mér að mótmæla mjög harðlega slíkum ádeilum á fjarverandi óviðkomandi menn. Ég vil einnig benda á það, að það var sannarlega enginn gróðavegur, þegar þessi maður byrjaði að efla menninguna í Reykjavíkurbæ með myndum, sem hann sýndi fyrir 30 árum, en hann endaði með því að byggja upp veglegasta samkomuhúsið, sem Reykjavík hefur enn átt, svo að ég sé ekki, að það réttlæti ummælin í grg. frv. og aðdróttanir í sambandi við, að maðurinn flyzt til Danmerkur. Þann tíma, sem hann dvaldist hér, var hann undir íslenzkum skattayfirvöldum eins og aðrir á hverjum tíma.

Á bls. 3 í grg. er komizt svo að orði, að kvik-

myndagerð og kvikmyndarekstur hafi fallið í ræningjahendur. Hvers konar hugsunarháttur liggur hér á bak við? Þetta segir maður, sem gert hefur það að lífsstarfi sínu að ala upp börn og unglinga og tekur laun úr ríkissjóði í því skyni. Ég held, að það þyrfti að athuga, hvort ekki sé varhugavert að hafa slíka menn fyrir skólastjóra. Enn fremur segir hann í sömu málsgr., að kvikmyndirnar hafi í reyndinni verið notaðar í menningarfjandsamlegum tilgangi. Ég hefði gaman af að sjá hv. þm. standa við þessi orð sín, ef hann segði þau utan þinghelginnar hér. Ég held hann ætti að prenta þetta í blaði sínu og sjá, hvort slík ummæli yrðu þá ekki dæmd. Hann ætti að reyna það.

Þá segir hann í grg., að kvikmyndir hafi oft verið valdar með það fyrir augum, að þær höfðuðu til lægstu hvata fólks og væru umfram allt æsandi og tryllandi eins og áfengt vín. Hann ætti að sjá mynd, sem sýnd hefur verið að undanförnu í Tjarnarbíó, „Glötuð helgi". Hefur hann séð hana? Ég held, að hann hefði átt að skrifa þennan pistil sinn, meðan hann horfði á þessa mynd. Eiga þessi ummæli hans við þessa mynd t. d.?

Hv. þm. sagði í framsöguræðu sinni, að eins og flestar kvikmyndir væru nú, væri jafnvel nauðsynlegt að halda börnum frá þeim eins og víni og tóbaki. Þarna er ekki lítið tekið upp í sig. Ég held það verði erfitt fyrir hann að finna þessum orðum sínum stað. Ég er honum að vísu sammála um það, að sumar myndir eru betur ósýndar en sýndar, en mikill meiri hluti kvikmynda gerir allt annað en spilla fólki, og kvikmyndirnar hafa leitt marga menningarstrauma inn í landið. Auk þess er það á valdi hins opinbera eða löggjafans, hvað sýnt er, og gæti ég verið með hv. þm. í því að setja strangari reglur um það, en einnig strangari reglur um það, hvað hér mætti segja og prenta í þskj., svo að það væri ekki til hreinnar smánar eins og ummæli hans sjálfs.

Ég vænti þess, að sú n., sem fær þetta mál til meðferðar, athugi það gaumgæfilega, ekki síst ákvæði 3. gr., sem ég hef bent á — ef frv. þetta á að fara hér í gegn —, hvert stefni, ef tekjulindum bæjar- og sveitarfélaga er kippt þannig burt. Ég mun síðar ræða þetta mál nánar, þegar það er komið úr n.

Flm. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Mér kom það nú ekki á óvart, þótt hv. þm. Barð. tæki afstöðu gegn frv. eins og þessu og aðalræða hans snerti ekki efnishlið málsins, heldur eitthvað annað, sem hann sagði nú að vísu aldrei berum orðum, en það skildist fullkomlega.

Ég ætla að víkja að þeim ástæðum, sem hann taldi liggja til frv. frá mínu sjónarmiði. Það er þá fyrst, að kvikmyndarekstur væri svo mikil gróðalind einstaklinga. Þetta er að nokkru leyti rétt. Ég tel ekki rétt, að einstaklingar raki saman fé á kvikmyndasýningum, heldur hafi þjóðfélagið sjálft allan hagnað af þessum rekstri, og ekki aðeins það, heldur yfirráð yfir því, hvernig slíku menningartæki er beitt. Hv. þm. Barð. hélt því fram, að gróðann mætti taka af einstaklingum með sköttum. Það verður aldrei hægt, jafnvel þótt hinn þyngsti skattstigi væri ákveðinn, sem tæki allan hagnað kvikmyndahúsa á Akureyri, Vestmannaeyjum, Ísafirði og slíkum stöðum. Þrátt fyrir það mundu kvikmyndahúsin í Reykjavík græða hundruð þúsunda og jafnvel milljónir renna til einstaklinga, þar eð beita verður sama skattstiganum um allt land. Þetta er því ekki hægt, og það er þessi gróði einstaklinga í Reykjavík, sem hv. þm. Barð. er fyrst og fremst að verja með máli sínu.

Þá skildist hv. þm. Barð., að annar megintilgangur frv. væri sá, að talið væri, að ríkið sjálft þyrfti að ráða vali kvikmyndanna, en í stað þess vildi hann opinbert eftirlit. Það á nú að heita, að slíkt eftirlit sé hér, fulltrúar barnaverndarráðs eiga að sjá kvikmyndir, áður en þær eru sýndar almenningi. Og þær hafa verið margsensúreraðar, en samt veit hv. Alþ., að mikill meiri hl. þeirra kvikmynda, sem hér hafa verið sýndar, hefur ekki haft menningargildi og sumar hafa verið siðspillandi og mannskemmandi, einkum fyrir æskulýð í mótun. Settu marki verður því ekki náð í þessu efni með eftirliti. Ábyrgur aðili verður að ráða því, hvaða myndir eru fluttar inn í landið. Þær kvikmyndir, sem einu sinni eru komnar til landsins, eru ekki látnar ósýndar, enda er það aðeins á valdi skoðunarn. að banna þær fyrir börn. En ekki eiga þær margar hverjar erindi fyrir íslenzk augu almennt. Ég hef þá svarað þeim fullyrðingum hv. þm. Barð., að kvikmyndagróðinn verði tekinn með sköttum og að eftirlit með kvikmyndasýningum sé nægilegt. Reynslan hefur skorið úr.

Ég gat búizt við, að hv. þm. Barð. og ef til vill fleiri rækju augun í 3. gr., þar sem talað er um skattaundanþágu stofnunarinnar. Ég sé nú raunar ekkert, sem útiloki það, að stofnunin væri skattlögð, ef það væri talið til ávinnings. En það mundi óhjákvæmilega draga úr því hlutverki, sem henni er ætlað að gegna samkv. frv. Rekstur hennar hlyti að verða fjárfrekur í fyrstu, meðan verið er að kaupa kvikmyndahúsin og koma starfseminni allri í sem bezt horf, svo að það mundi draga úr hlutverki kvikmyndastofnunarinnar, ef hún væri þegar skattlögð. Ég veit ekki, hve gífurlegan skattstofn bæjarfélögin misstu, þótt þetta væri ekki gert. Það væri þá helzt Reykjavík. Ég hygg, að skattar af kvikmyndahúsum í Reykjavík séu eitthvað á annað hundrað þúsund krónur eða nálægt því. En í öðrum kaupstöðum er þetta sáralítill peningur, þrjú, fjögur, fimm þúsund krónur eða svo. Því síður mundi þetta skattfrelsi skipta ríkissjóð, því að ríkið á samkv. þessu frv. að fá til sinna umráða allan rekstrarhagnað stofnunarinnar, og honum á að verja til menningarstarfsemi, en nú rennur hann í vasa stórauðugra einstaklinga, sem hv. þm. Barð. er hér umboðsmaður fyrir. Ríkið fengi því til sinna afnota allan kvikmyndagróðann, sem nú rennur til einstaklinga.

Þá veik þm. Barð. að því, að þetta frv. þrengdi mjög að frelsi og frjálsræði manna, og í sama streng tók einn blaðamaður í morgun, sem talaði um, að-

nú mundu kvikmyndavélar jafnvel verða teknar af þeim, sem ættu þær. Og þm. Barð. talaði um bann á bókum og blöðum í þessu sambandi, og ég játa, að þá væri nokkuð langt gengið út frá hans sjónarmiði, ef farið væri að banna Morgunblaðið og slíkar bókmenntir. En þetta eru hugarórar og ekkert annað. Hverjum einstakling er vitanlega frjálst að eiga sína kvikmyndavél, og aðstaða kvikmyndastofnunar ríkisins til að ráða innflutningi kvikmynda og rekstri kvikmyndahúsanna leiðir til hagnaðar, sem m. a. á að verja til að styrkja innlenda kvikmyndagerð, svo að hér er málinu einmitt snúið alveg við.

Hv. þm. Barð. fann vel, að útvarpsrekstur ríkisins er hliðstæður meginhugsuninni í þessu frv. En við það hafði hann það að athuga, að útvarpið hefði nú gefizt svona og svona, það hefði verið talið brjóta hlutleysið og þess vegna, skildist manni, mundi það betur komið í einkarekstri. En það er áreiðanlegt, þótt fyrir kunni að hafa komið, að hlutleysi útvarpsins væri brotið við og við — það er áreiðanlegt, að sárafáir mundu taka undir það, sem hann gaf í skyn, að útvarpið væri betur komið í höndum einstaklinga. Væri hv. þm. hins vegar með því að ríkið ræki útvarpið þrátt fyrir hlutleysisbrotin, yrði að álykta, að hann væri efnislega samþykkur þessu frv., því að hér er um hliðstæður að ræða.

En þegar hér var komið ræðu hv. þm., sagðist hann nú fyrst vera kominn að aðalatriðinu, og það var að víta ósiðlætið í grg. minni, eins og hann sagði. Það færi ekki nema vel á því, að hann sem eldri þm. gerðist siðameistari minn hér, ef umvandanir hans væru þá á rökum reistar. Hann fullyrti hér í annað sinn, að ég hefði óvirt Alþ. og treyst í því sambandi á sómatilfinningu Helga Hjörvars. — Ég mundi nú reyndar mega ætla, að það væri hvorugum okkar háskalegt að treysta nokkuð á sómatilfinningu og háttvísi hans. En í þessu tilfelli var annars ekkert, sem orkað gat tvímælis. Ég ber því vel brigzl og ásakanir hv. þm. Barð. í sambandi við frv. mitt og grg. En þetta eru hugarórar. Hins vegar get ég ekki ábyrgzt, að öll mín hegðun verði eftir höfði hv. þm., að mínar siðgæðishugmyndir séu hinar sömu og hans, og ég gef ekkert vilyrði fyrir því, að ég beri mín frv. og grg. undir hann og spyrji, hvort hans hátign þóknist að hafa þetta svona. Hann getur verið hér yfirþm. í eigin vitund, en ekki með mínu umboði eða annarra.

Hv. þm. sagði, að strangari reglur þyrfti að setja um það, hvað prenta mætti í þskj. og segja hér, og yrði þá að samþykkja frv. um það. Þetta er leið einræðisins. Hann leyfir sér að brydda á því, að farið verði að skerða skoðanafrelsi, málfrelsi og prentfrelsi, og það fyrst innan veggja Alþ., fyrst á að svipta alþm. þessum réttindum. Hér er það kolgrár nazisminn, sem skýtur upp kollinum, slíkir menn ættu ekki að tala um siðgæði í ræðum sínum og þykjast vera siðapostular.

Fullyrðingar hans um, að ég hafi verið hér með ódrengilegar dylgjur í garð Petersens, er átti Gamla bíó, lýsi ég helber ósannindi. Í grg. minni deili ég aðeins á það ástand, að hægt skuli vera að reka slíkan einstaklingsgróðarekstur og hlaupast síðan á brott með gróðann. Ég skýri þarna aðeins frá staðreynd, en er ekki með nein persónuleg svigurmæli í garð Petersens. Frv. mitt miðar einmitt að skipulagi, sem útilokar, að slíkir atburðir geti gerzt.

Þá var það annað í grg. sem hv. þm. Barð. þótti ósæmilegt, og vil ég lesa það, með leyfi hv. forseta: „Það er að vísu rétt, að af því að bæði kvikmyndagerð og kvikmyndarekstur hafa fallið í ræningja hendur og orðið að einhverju mesta auðsöfnunartæki, sem heimurinn þekkir, þá er reynslan sú, að oft er þessi dásamlega uppfinning, sem helzt mætti þó líkja við sjálfa prentlistina og útvarpið, notuð í menningarfjandsamlegum tilgangi. Fer því þó fjarri, að þetta þurfi svo að vera.“ Þarna er verið að tala um það, að framleiðsla kvikmynda í heiminum og kvikmyndasýningar hafi verið misnotaðar svo, að kvikmyndir séu orðnar að menningarfjandsamlegu tæki oft og tíðum. Þessa skoðun stend ég áreiðanlega ekki einn uppi með. Kvikmyndagerð, sem rekin er út frá blindum einkasjónarmiðum fjárbrallsins, er ekki til menningarauka. Kvikmyndir frá Hollywood hafa það álit á sér um alla veröld, að þær séu gerðar til að græða á þeim, og þegar þær eru eingöngu gerðar út frá því sjónarmiði, höfða þær oft til lægstu hvata fólksins. Og úrval þess lakasta, sem þar er framleitt, sjáum við næstum daglega hér. Ég held, að mér væri alveg óhætt að segja þetta í blaði mínu, Skutli, og hvar sem væri, án þess að eiga á hættu að vera dæmdur fyrir meiðyrði. Það yrði þá helzt að höfða málið fyrir hönd kvikmyndafélaganna í Hollywood, sem hv. þm. Barð. er ef til vill umboðsmaður fyrir. Það er fjarstæða, að þessi ummæli séu meiðandi eða móðgandi fyrir nokkurn hér á landi. Þau eru ekki mannskemmandi fyrir einn eða neinn. Ég hygg, að ég fari hér aðeins með satt mál og rétt um kvikmyndaframleiðsluna í heiminum.

Ég skrifaði áðan upp hjá mér ummæli umboðsmanns siðgæðisins á Alþ. í sambandi við skólastjórastarf mitt. Það ætti hann að reyna að segja utan þinghelginnar. Það héti atvinnurógur utan Alþ. Ég skora á hann að prenta þessi ummæli sín á morgun og vita þá, hvort hann yrði ekki dæmdur fyrir meiðyrði.

Kvikmyndin „Glötuð helgi“ átti að dómi hv. þm. að sýna, að hér væri ekki sýnt neitt rusl. Það er rétt, að þetta er dágóð kvikmynd, sem er undantekning, því að hún er áróður gegn ofdrykkju. En nálega allar kvikmyndir eru hins vegar áróður fyrir drykkjuskap fína fólksins í veröldinni, og það er ef til vill einna mest spillandi í þeim. En jafnvel í þessari mynd, sem er þó undantekning, var skotið inn þessari setningu: „Svona urðu drykkjumenn á bannárunum.“ Þannig er þó þessi mynd látin vinna gegn banni, sem menn hafa þó einna helzt sameinazt um í baráttunni gegn áfengisbölinu. En gott væri, ef Ameríka væri laus við það böl, eins og hún hefur losað sig við bannið. Við eigum ennþá slíkar myndir hér, þótt banninu hafi verið komið fyrir kattarnef.

Eitt af því, sem hv. þm. Barð. taldi gífuryrði í ræðu minni, var það, að halda þyrfti börnum frá þeim kvikmyndum, sem nú eru á boðstólum. En ég er sannfærður um, að flestir foreldrar mundu taka undir þessi ummæli mín, og ég þori að fullyrða, að margar kvikmyndir eru eins hættulegar börnum eins og vín og tóbak. Það er þetta ástand, sem nauðsynlegt er að fyrirbyggja.

Ég vil svo að endingu fagna því, að þessi hv. þm., sem talað hefur á móti frv., hefur ekki komið með neina gagnrýni á efnishlið þess, og vænti, að fleiri verði rakafátt í andstöðu gegn frv.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég vil benda hv. d. á, hvernig rökfærsla hv. flm. er í þessu máli, þegar hann segir, að ég hafi engin rök fært fram gegn frv., þó að ég hafi sýnt fram á, hvernig það kippir fótunum undan ýmsum bæjarfélögum fjárhagslega. Það sér hver heilvita maður, að skattarnir af kvikmyndahúsunum eru ekki lítils virði fyrir bæjar- og sveitarfélög. Hv. 3. landsk. sagði, að þessir skattar væru lítið atriði, nema ef til vill fyrir Reykjavík, en þó fræðir hann okkur á því á sama tíma, að þeir, sem reka kvikmyndahúsin, fari með hundruð þúsunda í gróða. Telur 3. landsk. þetta vera rök? Mér eru þá ekki kunn skattal., ef ekki er hægt að taka drjúgan skatt af slíkum gróða. Ég veit ekki betur en að skatturinn sé 90% af gróða, sem er yfir 200 þúsund. Nei, þessi þm. tekur engum rökum, heldur blaðrar í æsingi.

Ég geri ráð fyrir, að sá sorglegi kvikmyndahúsrekstur, sem átt hefur sér stað á Ísafirði á síðustu árum, sé nokkuð ofarlega í hugskoti þm. En þar rak einstaklingur kvikmyndahús áður, en svo tók verkalýðsfélag við rekstrinum með þeim afleiðingum, að síðan hafa aldrei verið sýndar nema ruslmyndir, en fjárhagsútkoman ekki betri en það, að bæjarsjóður á von á einum 15 þúsund kr. Það er þetta, sem stendur í heila þessa þm. Ég tel, að þessi reynsla hefði fremur átt að kenna honum að fullyrða ekki í ofstopa.

Í sambandi við 3. gr. frv., um skattfrelsi slíkrar stofnunar, vil ég geta þess, að slíkt leiðir í ógöngur. Það hefur verið farið nokkuð inn á þessa leið, að hafa ríkisstofnanir skattfrjálsar, en gefizt illa, því að bæjar- og sveitarfélög hafa ekki þolað það. Þetta hefur líka komið fram, þar sem um bæjarútgerð hefur verið að ræða. T. d. í Hafnarfirði var bæjarútgerðin útgjaldafrí til bæjarins, en bærinn þoldi ekki að tapa þannig 5 til 6 hundruð þúsundum af hverjum togara, ef miðað var við, að hann væri gerður út af einstaklingum, og hefur því verið horfið frá þessu ráði. Sömuleiðis er með síldarverksmiðjur ríkisins. Það þótti ekki annað mögulegt en láta þær greiða til þeirra bæjarfélaga, sem þær eru starfræktar í.

Hvers vegna skyldi líka hv. þm. hafa sett það ákvæði í frv. sitt um fiskiðjuver á Ísafirði, að það greiddi bæjarfélaginu skatt?

Það er ekkert þrifaverk að ræða við hv. þm., því að hann umsnýr öllu. Hann sagði, að ég vildi láta hætta að reka útvarpið sem ríkisstofnun. Þetta eru helber ósannindi. Ég sagði, að enda þótt útvarpið væri ríkisstofnun, hefði verið kvartað um hlutleysisbrot þess, og á sama hátt gæti farið með kvikmyndastofnun, sem rekin væri af því opinbera.

Ef farið yrði inn á þá leið, sem um ræðir í þessu frv., þá tel ég, að eins gæti komið til mála, að ríkið tæki að sér útgáfu allra bóka, en slíkt brýtur algerlega í bága við okkar lýðræðisstefnu. Ég tók það fram í byrjun, að ég mundi ekki fara mikið út í efnishlið þessa máls nú, taldi heppilegra að gera það við 2. umr. eða eftir að n. hefði fjallað eitthvað um málið. En hins vegar þótti mér full ástæða til þess að gera aths. við meðferð málsins nú þegar og þær aðdróttanir, sem komið hafa fram í garð einstakra manna, enda hefur þeim aths. ekki verið mótmælt, heldur hörfað undan og sumar aðdróttanirnar jafnvel bornar til baka eða flúið með þær úr landi til Ameríku.

Flm. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Ég vil þakka þm. Barð. fyrir það, að hann sá ástæðu til þess að hafa ræðu sína í afsökunarformi.

Ég tel allmiklar fjarstæður í ræðu hv. þm., þegar hann líkir saman togaraútgerð annars vegar en kvikmynda- og útvarpsrekstri hins vegar. Það sjá allir, að hér er um tvennt gerólíkt að ræða, og verður því ekki saman líkt með neinni sanngirni. En vegna ummæla þessa hv. þm. um till. mína um skattfrelsi stofnunar þeirrar, sem hér um ræðir, vil ég spyrja hann: Hvers vegna þótti nokkurn tíma tiltækilegt að hafa útvarpið skattfrjálst? Ekki var það mín sök. Það græðir stórfé á hverju ári, sem notað er til menningarstarfsemi, án þess að við það séu gerðar nokkrar aths. Á sama hátt tel ég ástæðulaust að telja það nokkra fjarstæðu, að umrædd kvikmyndastofnun yrði skattfrjáls, því að hér er um hliðstæðar stofnanir að ræða.

Rekstur háskólabíósins sýnir vel, hversu arðvænleg kvikmyndahúsin eru, þar sem það hefur grætt 6 til 7 hundruð þúsund á síðustu þremur árum, en er þó langminnst allra kvikmyndahúsanna. Ég teldi enga fjarstæðu að ætla, að eftir því væri gróði hinna ef til vill milljónir. Ég hef ekki athugað, hvað þau greiða í skatt, en þau fá þó alltaf ⅕ tekna sinna í varasjóð.

Vegna fullyrðinga hv. þm. Barð. um bíórekstur inn á Ísafirði vil ég geta þess, að á meðan á því var einkarekstur, greiddi það aldrei yfir 900 kr. í skatt, og komst meira að segja niður í 357 kr. En nú er rekstrinum hagað þannig, að greitt er 10% af fyrstu 30 þús. kr., en 15% af því, sem fram yfir er.

Þá fullyrti þm. Barð., að hvergi væru sýndar aðrar eins ruslkvikmyndir og á Ísafirði, og eftir því sem mér skildist á orðum hans, þá væru eiginlega hvergi ruslkvikmyndir nema þar. Þessar staðhæfingar verða dálítið broslegar, þegar sú staðreynd kemur í ljós, að allar þær kvikmyndir, sem sýndar eru á Ísafirði, eru fengnar frá kvikmyndahúsunum hér í Reykjavík. Á þessu sést vel, hvernig málarekstur inn er hjá þessum hv. þm.

En sannleikurinn er sá, að þær kvikmyndir, sem hér eru sýndar, eru að miklum meiri hluta rusl-

kvikmyndir, ekki af því að þær versni við að flytjast til Ísafjarðar, heldur vegna þess, að þær eru fluttar inn í landið fyrst og fremst með gróðahagsmuni fyrir augum, án þess að nokkurt tillit sé tekið til, hvaða menningargildi þær hafa. En það er einmitt ætlunin með þessari stofnun að koma í veg fyrir slíkt.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Að gefnu tilefni vil ég segja nokkur orð. Annars gerist ekki þörf að svara því, sem hér hefur verið sagt, enda gagnslaust að reyna að rökræða við þennan hv. þm.

Hann var að spyrja að því, hvers vegna ég samþykkti, að útvarpið væri skattfrjálst. Ég get frætt þennan þm. á því, að útvarpið er miklu meira en skattfrjálst. Það hefur t. d. 500 þús. kr. styrk frá ríkinu, auk þess sem það hefur svo allar tekjur af viðtækjaverzlun ríkisins. En hér er allt annað viðhorf, því að stofnun þessi hefur byggt sig upp sjálf, en ríkið ekki lagt henni til annað en þetta. Annars var mjög um það deilt í fyrra, hvort hækka skyldi gjöld til útvarpsins, og sömuleiðis hefur það komið til umræðu, að ríkið fengi endurgreitt eitthvað af þessu.

Ég vil að endingu taka það fram, að það getur orðið mjög hæpin leið að hafa allar ríkisstofnanir skattfrjálsar, vegna þess hvað það dregur úr tekjum ríkisins.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til menntmn. með 9 shlj. atkv.

Á 124. fundi í Ed., 2. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 325, n. 730).

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Herra forseti. Menntmn. þessarar d. hefur rætt þetta mál á nokkrum fundum frá ýmsum hliðum og kynnt sér það ýtarlega. Ég hygg, að ég megi fullyrða, að n. sé öll sammála um, að það þurfi að bæta kvikmyndasýningar hér á landi, svo að að þeim yrði meiri menningarauki en nú er, því að segja má, að að sumum kvikmyndum sé alls enginn menningarauki, heldur þvert á móti séu þær til tjóns í menningarlífi þjóðarinnar. T. d. hefur þess verið getið í blöðum bæjarins, að litlir drengir hafi haft í frammi hættulega leiki, sem að miklu eða öllu leyti má kenna kvikmyndasýningum, sem þeir hafa horft á. Það er því auðsætt, að af þessum myndum er enginn menningarauki, og þess vegna hygg ég, að það sé ekki aðeins vilji menntmn. þessarar d., heldur vilji allra landsmanna, að þessar kvikmyndasýningar verði algerlega bannaðar.

Hins vegar eru skoðanir nm. skiptar um það, hvernig ríkisvaldið fái bætt þetta, og hefði átt að afgr. till. um þetta efni frá n., þá er engan veginn víst, að hún hefði orðið sammála um þær meginaðferðir, sem hér er um að ræða.

Það má segja, að hér séu tvær meginaðferðir, annars vegar að hafa einkarekstur, eins og nú á sér stað, undir ströngu eftirliti þeirra, sem til þess væru settir af ríkisvaldsins hálfu, og hins vegar, að hafður verði opinber rekstur á þessu, annaðhvort ríkisrekstur, eins og frv. ætlast til, eða bæjar- og sveitarfélagarekstur, kannske samfara ríkisrekstri. Þessar aðferðir, annaðhvort strangt eftirlit ríkisins með einkarekstri eða opinber rekstur, eru leiðir, sem bent hefur verið á.

En það, sem kallast má meginatriði, kom aldrei til atkv. í n., því að flestir nm. litu svo á, að málið væri ekki nægilega undirbúið og mundi ekki vinnast nægur tími til þess að afgreiða það á þessu þingi með því, að n. hefði farið að athuga frv. í því skyni að koma fram með brtt. við það og þar á eftir að koma því í gegnum þingið. Ýmsir nm., og þar á meðal ég, telja, að það þurfi að liggja fyrir kostnaðaráætlun um stofnkostnað þessarar stofnunar, áður en frv. væri samþ., og vitanlega gæti þingn. ekki gert þá áætlun, heldur þyrfti ríkisstj. að láta gera hana. Þess vegna — þó að skoðanir nm. kunni að vera skiptar um kjarna málsins — eru allir sammála um að vísa málinu til ríkisstj. til frekari undirbúnings. Að vísu hefur hv. flm., sem á sæti í n., fyrirvara um þetta. Af þeim ástæðum, sem ég hef greint, leggur n. til, að frv. verði afgr. með rökst. dagskrá, sem fylgir nál. menntmn. á þskj. 730, þar sem einmitt segir svo í hinni rökst. dagskrá, með leyfi hæstv. forseta:

„Í því trausti, að ríkisstjórnin taki til rækilegrar athugunar, á hvern hátt menningarleg not þjóðarheildarinnar af kvikmyndasýningum verði sem bezt tryggð og að ríkisstj. hraði þeirri athugun, svo sem verða má, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá."

Ég hygg, að ég hafi ekki frekar að segja um þetta mál fyrir hönd n., en leyfi mér að óska eftir því, að hv. menntmrh. yrði viðstaddur umr. um þetta mál, til þess að n. geti gengið úr skugga um það — ef dagskrártill. verður samþ. —, á hvern hátt hæstv. ríkisstj. ætlar sér að snúast við henni.

Forseti (GÍG): Ég hef þegar gert ráðstafanir til þess að láta hæstv. menntmrh. vita, að umr. fari nú fram um mál þetta.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Hv. frsm. hefur nú gert grein fyrir afgreiðslu n., og hef ég aðeins það að segja, að ég skrifaði undir nál. með fyrirvara og sætti mig við þessa afgreiðslu, úr því sem komið var, þar eð svo áliðið var orðið þings, að litlar líkur eru til þess, að frv. geti náð fram að ganga. Því er málið afgr. til ríkisstj., til þess að hún geti undirbúið það og helzt lagt það fyrir næsta þing. Hins vegar held ég, að málið liggi það ljóst fyrir, að vel hefði mátt afgreiða það efnislega og segja um, hvort eigi að taka kvikmyndareksturinn úr höndum einstaklinga, sem eingöngu reka kvikmyndahúsin sem gróðafyrirtæki. Ef það væri gert, gætu komið til greina tvær leiðir, eins og hv. frsm. benti á, annars vegar bæjarekstur og hins vegar ríkisrekstur. Sá er munur á bæjarrekstri og rekstri einstaklinga, að það fé, sem græðist, lendir í sameiginlegum sjóði þess bæjarfélags, er um ræðir, ef bæjarrekstur er, í stað þess að renna í vasa einstaklinga, og kemur þá til með að verða

notað til menningarframkvæmda fyrir fólkið, en enn fremur til gatnagerðar, skolpræsagerðar o. s. frv. og þjónar þá ekki því menningarhlutverki sem vera ber. Að öðru leyti er bæjarrekstur í sama tilgangi og einstaklingsrekstur, að afla fjár. Í þriðja lagi er ekki með bæjarrekstri séð fyrir því, að landsmenn utan stærri kaupstaðanna verði aðnjótandi kvikmyndarekstrar sem menningartækis. Ríkisrekstur og einungis ríkisrekstur getur losað kvikmyndirnar undan því að vera gróðafyrirtæki og gert þær að menningartæki, sem komi að gagni bæði í dreifbýli og þéttbýli. Mér sýnist því, að ríkisrekstur hafi fyrst og fremst þessa yfirburði: Í fyrsta lagi kemur hann jafnt að gagni þeim, sem búa í kaupstöðum, og þeim, sem búa úti um land. Í öðru lagi er hægt að tryggja betur val mynda með því, að opinber stofnun, sem bæri ábyrgð fyrir menntmrh., hefði innflutning myndanna á hendi. Úr svo miklu er að velja, að fá má gerólíkar myndir út úr því, hvort sjónarmiðið er að græða eða útvega myndir, sem hafa menningargildi. Það er ekki líklegt, að valið yrði það sama, ef það væri gert af aðila, er bæri ábyrgð fyrir menntmrh., og ef það væri gert af einstaklingum með gróðasjónarmið eitt fyrir augum. Í þriðja lagi færi þá allt það fé, sem afgangs yrði af rekstrinum, til að umbæta myndirnar, t. d. að gera við þær íslenzkan texta og enn fremur til að koma íslenzkri kvikmyndagerð í menningarhorf, og það er ekki nær neinum en þeim, sem hefði allan reksturinn með höndum, að verja fé til íslenzkrar kvikmyndagerðar. Með öðru móti er ólíklegt, að íslenzk kvikmyndagerð komist yfir byrjunarerfiðleikana. Enn fremur eru tónlist og leiklist svo nátengdar kvikmyndarekstri, að eðlilegt er, að nokkrum hluta gróðans af kvikmyndunum verði varið til eflingar þessara listgreina, en það mundu hvorki bæjarfélög né einstaklingar telja sér skylt. Kvikmyndarekstur er annars svo auðveldur, að hann krefst ekki mikillar sérþekkingar, og er auðvelt fyrir ríkið að fá menn, sem áður hafa við hann starfað. Mér finnst raunar, að málið liggi svo ljóst fyrir, að óþarfi væri að fresta því til næsta þings. Réttast væri því að afgreiða það efnislega með samþykkt þess, en það mun nú ekki hægt héðan af, þar sem það hefur svo lengi legið í fórum þingsins.

Sumir menn hafa talað um það, að í mikið væri ráðizt og erfitt í framkvæmd að þjóðnýta kvikmyndahúsin. En ég held nú, að það verði því erfiðara sem lengur dregst. Nú eru hér í bænum í smíðum hvorki meira né minna en 7 kvikmyndahús eða hallir, því að eitt þeirra a. m. k. mun verða stærsta samkomuhús á landinu. Ég tók eftir því um daginn, að Morgunblaðið var dálítið hneykslað yfir þessum kvikmyndahúsagróðri. Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta: „Það eru hvorki meira né minna en sjö kvikmyndahús í uppsiglingu, eftir því sem fróður maður sagði mér í gær. Það er hið glæsilega Austurbæjarbíó, sem verður stærsti samkomusalur landsins og tekið verður í notkun í vor, þá er það Laugavegsbíó, Melabíó, Laugarness- eða Kleppsholtsbíó, Slysavarnarfélagsbíó og hamingjan má vita hvaða bíó.“ Og enn fremur segir blaðið: „Það er vitanlega ekkert við því að segja, að menn byggi bíó eins og annað, og vil ég ekki gera aðra athugasemd við þessar fyrirhuguðu byggingar en þá, að ætli það væri ekki nær að eyða byggingarefni og mannafla í að byggja þak yfir höfuðin á þeim, sem búa í bröggum og óhæfum kjallaraholum?“ Þetta er umsögn Morgunblaðsins um málið. Ég hygg, að ekki verði auðveldara eftir ár að taka kvikmyndahúsin eignarnámi, eftir að 7 eru komin í viðbót, og það er annað að taka þau hálfbúin en þegar þau eru komin í rekstur. Þótt ekki væri nema þetta, er það næg ástæða til að afgreiða málið efnislega nú þegar, a. m. k. til að þjóðnýta þau kvikmyndahús, er nú eru í uppsiglingu.

Ég minntist á það fyrir nokkru í Sþ., er rætt var um vandamál í sambandi við rekstur þjóðleikhússins, að vandinn væri bezt leystur með því að láta leiklistarstarfsemina þar byggjast á kvikmyndahúsagróðanum, og held ég, að erfitt muni á annan hátt að sjá sómasamlega um þjóðleikhúsið. Mér virðist því augljóst, að ríkisrekstur á kvikmyndum tryggi bezt not almennings af rekstrinum, geri mögulegt að láta alla þjóðina njóta kvikmyndanna, geti innt af hendi mikilvægt hlutverk í þjónustu íslenzkrar kvikmyndagerðar og séð borgið listgreinum, sem ríkið kostar nú, og síðast, en ekki sízt, er eingöngu með ríkisrekstri hægt að hafa áhrif á val kvikmyndanna. T. d. er ríkisrekstur alveg nauðsynlegur, ef taka á kvikmyndirnar í þjónustu skólanna, en hingað til hafa kvikmyndir í skólum aðeins verið smátilraunir og til skemmtunar. En ef taka á kvikmyndirnar sem kennslutæki, sem vissulega getur verið mjög hagkvæmt, þá verður það ekki gert nema með allmiklum tilkostnaði af hálfu ríkisins, en þyrfti ekki að kosta skólana, ef ríkið ræki kvikmyndahúsin.

Nú liggur aðeins fyrir að vísa málinu til hæstv. ríkisstj. til heppilegrar lausnar, og geri ég ráð fyrir, að hæstv. menntmrh. láti athuga bæði fjárhagslega og menningarlega hlið málsins, og vona ég, að niðurstaða hans verði sú, að hér þurfi bragarbót á, og óska ég þess, að fyrir næsta þing liggi fyrir álit um það, hvaða rekstur sé heppilegastur. Mér þætti vænt um, ef hæstv. menntmrh. vildi segja álit sitt á málinu við þessa umr. Ég sem sagt mun greiða atkv. með rökst. dagskránni í trausti þess, að ríkisstj. athugi málið og að við nánari athugun verði ljóst, að þjóðinni sé tryggt meira gagn af kvikmyndunum með ríkisrekstri en einkarekstri. Ég sé svo ekki ástæðu til að segja meira um þetta, þar sem ekki er hér um efnislega afgreiðslu að ræða.

Menntmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Það er ekki vafi á því, að kvikmyndasýningar hafa undanfarið orðið síaukinn þáttur í skemmtana- og menningarlífi þjóðarinnar, og það er gleðilegt til að vita, að það eru stöðugt fleiri og fleiri, sem eiga aðgang að kvikmyndasýningum. Jafnframt er hitt ljóst, að kvikmyndahúsarekstur er ekki eins heppilegur og þyrfti. Vandinn er að finna nýjar leiðir, sem bætt geti reksturinn og komið honum í það horf, sem væri í betra samræmi við þær kröf-

ur, sem þjóðin getur til hans gert. Ég mun þó ekki á þessu stigi ræða um leiðir, heldur mun ég geyma mér það, þar til frekari athugun hefur verið gerð. En út af rökst. dagskránni og út af orðum hv. 3. landsk. get ég lýst yfir því, að ég mun beita mér fyrir, að athugun fari fram, og geri ráð fyrir að kveðja til ráða menn, sem kunnugir eru kvikmyndahúsarekstri, og mun ég vinna að því, að athugunin dragist ekki á langinn. Ég get náttúrlega ekki sagt um, hvenær þessari athugun verður lokið, en ég mun verða þess hvetjandi, að hún dragist ekki lengur en eðlilegt er.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Þegar þetta mál var hér til umr. í janúar s. l., fóru nokkur orðaskipti fram á milli mín og hv. flm., 3. landsk. Ef athugaðar eru þær umr., sem fóru fram þá, og það, sem stendur á þskj. 325, þá sést, að oft verður lítið úr því högginu, sem hátt er reitt, og það er dálítið einkennilegt og á sér vafalaust fá dæmi í þingsögunni, að flm. gangist undir að vísa máli sínu frá með rökst. dagskrá. En það, sem fyrst og fremst gaf mér tilefni til að standa upp, var það, að mér virtist, að hv. frsm. og hv. 3. landsk. væru á gagnstæðri skoðun. Í rökst. dagskránni segir aðeins, að hún sé lögð fram í trausti þess, að ríkisstj. taki til rækilegrar athugunar, á hvern hátt menningarleg not þjóðarheildarinnar af kvikmyndasýningum verði tryggð, og að ríkisstj. hraði þeirri áætlun. Þetta sagði svo hæstv. ráðh. að mundi verða gert og segir í grg. dagskrártill., að þetta sé aðaltilgangur flm. En í vetur var aðaltilgangurinn að koma í veg fyrir, að kvikmyndirnar yrðu til gróða fyrir einstaklinga. Hv. 3. landsk. sagði að það fælist í dagskrártill., að ríkisstj. undirbyggi málið fyrir næsta þing. En þetta er alls ekki svo. Í dagskrártill. er ekkert um að undirbúa löggjöf um kvikmyndastofnun, og með þeim skilningi, að hér sé bent á að láta athuga málið greiði ég atkv. með dagskrártill. Mér þykir vænt um, að n. hefur orðið sammála um, að kostnaðaráætlun væri nauðsynleg, og hefur þar með fallizt á það, sem ég hélt fram við 1. umr., að kostnaðaráætlun þyrfti að liggja fyrir, áður en flanað væri í þetta. Ég mun greiða atkv. með dagskrártill., eins og ég skil hana, og ég er ánægður yfir því, að n. hefur fallizt á mín rök og að hv. flm. hefur nú rennt niður öllum stóryrðum og samþykkir nú að láta þetta mál, sem hann í vetur taldi mikilvægasta mál þingsins, sofna værum blundi hjá ríkisstj.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. — Það er alltaf á dálítið sérstakan og einkennilegan hátt, sem hv. þm. Barð. ræðir þingmál. Annars hef ég á fundum menntmn., sem fjallað hefur um málið, aldrei heyrt minnzt á rök hjá hv. þm. Barð. En það er með hann eins og karlinn. Það er fyrst ég sjálfur, svo ég sjálfur, svo ég sjálfur og svo ég sjálfur. Það var aldrei minnzt á rök frá þessum hv. þm. í þessu máli, og raunar ekki í öðrum málum, því að það er sjaldan, að þessi hv. þm. hafi rök að mæla. En hitt skil ég mæta vel, að umboðsmenn kvikmyndahringanna og hringarnir sjálfir fagni því vel, að málið fái ekki afgreiðslu og nái ekki fram að ganga. Hins vegar vona ég, eftir ummælum hæstv. menntmrh., að er málið kemur til athugunar í ríkisstj., verði það vel undirbúið af hennar hálfu fyrir næsta Alþ. Og ég lýsi því yfir, að ef ríkisstj. sér sér ekki fært að flytja þetta frv. á næsta þingi, eftir að hafa athugað þetta mál, þá mun ég flytja þetta frv. hér á nýjan leik. Frv. hefur komið nokkuð við hjarta eigenda kvikmyndahúsanna, en þótt nú verði spyrnt við fæti, þá hafa þeir þó nú þegar nægan auð, en það er menningarleg nauðsyn að taka kvikmyndahúsin í þjónustu menningar, svo að þau séu ekki fyrst og fremst féþjónn. En meðan þetta er ekki framkvæmt, að taka þau eignarnámi, þá vildi ég ekki fella málið, en kaus heldur að fá vilyrði hæstv. menntmrh. um meðferð málsins á milli þinga. Það er glæpur, að hin 7 kvikmyndahús, sem verið er að reisa í þessum bæ, skuli vera í einkaeign, í eigu stórkostlegra fésýslumanna, og mér er kunnugt um, að einn af kvikmyndahúsaeigendunum hefur keypt einkarétt á uppfinningu, sem breytir lesmálsköflum í kvikmyndum, og mér er kunnugt um, að eigendur Gamla bíó og Nýja bíó eiga flest þau nýju kvikmyndahús, sem nú er verið að byggja, og þessir menn hafa myndað með sér hring í því augnamiði að koma upp kvikmyndarekstri á öllum þeim stöðum úti um land, þar sem má telja, að einhvers gróða sé að vænta. Og ég hélt nú, að hv. þm. Barð. væri nú yfir það hafinn að mæla með þessu fyrirtæki.

Í stuttu máli byggist þetta frv. á: 1. að tryggja menningarleg afnot kvikmyndarekstursins. 2. að fjárplógi einstaklinga linni í þessari starfsemi.

Svo leyfi ég mér að gera mér góðar vonir með það, að hæstv. ráðh. láti búa þetta frv. þannig úr garði eftir rannsókn, að það geti náð samþykki á næsta þingi. Niðurstaða þeirrar rannsóknar hlýtur að verða jákvæð, því að þetta er svo mikils vert mál, að það á skilið að ná samþykki og afgreiðslu.

Gísli Jónsson: Herra forseti. — Ég ætla aðeins að leiðrétta nokkrar fullyrðingar, sem hv. 3. landsk. hafði hér í frammi. Hv. þm. sagði, að ég hlyti að vera umboðsmaður kvikmyndahúsaeigenda hér á Alþ. Þetta er ekki rétt. Ég á engra hagsmuna að gæta varðandi þá starfsemi og á engan hlut í kvikmyndahúsi, og þykir mér því vera rétt að leiðrétta þetta. Um rök fyrir málinu skal ég ekki deila, en hv. þm. sagði, að það væri glæpur, ef þetta mál næði ekki samþykki, en hann hefur nú samt ekki haft manndóm í sér til þess að gefa út sérálit í málinu, en talar sjálfur og mælir með hinni rökst. dagskrá.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. — Frv. hefði ekki vegnað betur, ef ég hefði gefið út sérálit, því að þá hefði það verið fellt og ekki náð afgreiðslu. Ég sá ekki betur en að vilyrði hæstv. menntmrh. fyrir málinu væri það bezta, eins og nú standa sakir, og ég vel þá leið að skila málinu fram á leið, en ef hin leiðin er farin, var frv. úr sögunni. Ég læt mig því engu skipta yfirlýsingar hv. þm.

Barð. um manndómsleysi mitt, og vona ég, að þm. Barð. fái ekki sigri að fagna í þessu máli.

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Herra forseti. — Út af þeim umr., sem fram hafa farið á milli hv. flm. frv. og þm. Barð., get ég getið þess, að menntmn. fékk hv. menntmrh. á sinn fund og spurði hann, hvernig hann mundi snúast í þessu máli, og þá gaf hæstv. ráðh. þá yfirlýsingu, að hann mundi útvega sér aðstoð til þess að athuga þetta mál sem bezt. Hv. flm. frv. féllst á það þá að undirskrifa nál. meiri hl., en með fyrirvara, en ég hafði að vísu lagt það til áður í n., að þessi leið yrði farin.

Ég lít svo á, að hv. flm. frv. falli ekki frá neinu, sem felst í þessu frv., með því, en sé að samþykkja það, sem hann vonast eftir með flutningi frv. þessa.

Steingrímur Aðalsteinsson: Herra forseti. — Það er auðséð, að þetta frv. mun ekki ná afgreiðslu á þessu þingi. Ég ætla ekki að fara að ræða frv. í einstökum atriðum, en ég get tekið undir rök flm. frv. um, að ríkið eigi að taka þennan rekstur í sínar hendur. Hins vegar hefur flm. fallizt á, að rökst. dagskráin á þskj. 730 verði samþ., en þar er gert ráð fyrir, að ríkisstj. athugi þessi mál til þess að ná þeim sjónarmiðum, sem hv. flm. hefur flutt hér, og hæstv. ráðh. hefur lýst því yfir, að athugun þessa máls muni fara fram.

Helzt finnst mér of skammt gengið í dagskrártill., þar sem engin fyrirmæli eru um, að hefja skuli framkvæmdir að athugun lokinni. Ég vil því leyfa mér að flytja skrifl. brtt., að eftir fyrirmælunum um athugun komi: og undirbúi löggjöf um kvikmyndastofnun ríkisins. — Það hefur komið í ljós, að athuga þarf, hve mikill kostnaður það yrði fyrir ríkið að koma kvikmyndastofnun ríkisins á laggirnar, en með breyt. á dagskrártill. mundi upplýsast, að leiðin er að þjóðnýta þennan rekstur, og ríkisstj. ætti að undirbúa þetta, en annars væri hætta á því, að þessu yrði slegið á frest. Ég legg því til, að brtt. mín verði samþ.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 748) leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Herra forseti. — Það er vitanlega öllum hv. þdm. ljóst, að með hinni skrifl. brtt. hv. 6. landsk. er slegið föstu, að fara skuli ákveðna leið í þessu máli, en í nál. menntmn. er tekið fram, að n. hafi ekki gert það upp við sig enn, og telur sig ekki geta það, fyrr en nánari upplýsingar liggi fyrir. Ég vil því eindregið mælast til þess, að hin rökst. dagskrártill. n. verði samþ., þar sem hún er samþ. af hæstv. menntmrh. og hann hefur nú talað hér í hv. d. á þeim grundvelli, sem lagt er til í nál., en það mundi aðeins skapa glundroða að samþykkja brtt. hv. 6. landsk., áður en nánari rannsókn í málinu er framkvæmd. Og ég held, ef þessi leið yrði ákveðin, þá væri ekki annað að gera en að reyna að koma frv. í gegnum Alþ. nú þegar. Ef þessi brtt. yrði samþ., þá mundi dagskrártill. missa gildi sitt, þar sem fyrirskipað er í þessari brtt., hvaða leið skuli farin. Og það þýðir lítið að samþykkja dagskrártill., ef fyrirskipa á með breyt. þeirri, sem hv. 6. landsk. ber fram, hvaða leið skuli farin.

Steingrímur Aðalsteinsson: Herra forseti. — Það er rétt hjá hv. 1. þm. Eyf., að með brtt. minni er ákveðin stefna tekin í málinu, en ég held nú, að þetta mál liggi svo vel fyrir, að menn geti nú þegar ákveðið, hvaða stefnu þeir taka til málsins. Og ef ríkið á nokkuð að skipta sér af þessum málum, þá er ekki um aðra stefnu að ræða en að þjóðnýta þessa starfsemi, og ég álít, að með þessari dagskrártill. sé gert ráð fyrir, að ríkisstjórnin athugi væntanlegan rekstur á þessari atvinnugrein. Ég held því, að dagskráin tapi ekki gildi sínu, þótt þessi brtt. verði samþ., en ef það þykir varhugavert, að dagskrártill. verði ákveðnari að orðalagi, þá sýnir það aðeins, að ekki liggur alvara á bak við þessa framkvæmd, og ég tel, að málið liggi nú svo vel fyrir, að þm. geti tekið fullkomna afstöðu til þess.

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Herra forseti. — Ég álít, ef hin skrifl. brtt. hv. 6. landsk. verður samþ., að þá sé það til baga nál., sem fyrir liggur, og einnig brýtur hún í bága við orðalag dagskrártill., sem fyrir liggur. Í upphafi dagskrártill. segir: „N. hefur athugað frv. þetta og rætt það á nokkrum fundum. Munu allir nm. sammála um það, að vinna beri að því, að innflutningi kvikmynda og rekstri kvikmyndahúsa verði hagað á þann hátt, að af því verði sem mest menningarleg not fyrir þjóðina, en sá er tilgangur flm. með frv.

Hins vegar munu þó skoðanir nm. nokkuð skiptar um það, hvaða leiðir beri að velja til að ná því marki."

Hér er því ekki neinu slegið föstu, og ef hv. þm. vill, að þetta mál fái nú þegar framgöngu, þá ætti hann að bera fram nýtt frv. Brtt. hv. 6. landsk. stangast því á við rökst. dagskrána, og er ekki hægt að samþykkja brtt. við hana í þessu formi.

Sigurjón Á. Ólafsson: Herra forseti. — Út af brtt. þeirri, sem fram er komin við rökst. dagskrána, vil ég segja þetta. Ég get tekið undir þau rök, sem hv. frsm. hefur flutt hér í málinu, og ég tek líka fram, að þetta er stórt mál, og ég hef þá skoðun, að kvikmyndahús skuli rekin af bæjar- og sveitarfélögum, og mörg bæjarfélög hafa líka tekið upp þetta fyrirkomulag, og ég tek bæjarrekstur fram yfir ríkisrekstur á þessu sviði, og mun ég því greiða atkv. gegn brtt. hv. 6. landsk. þm.

Eiríkur Einarsson: Það er skrifl. brtt. frá hv. 6. landsk., sem gefur mér tilefni til að segja hér skoðun mína. Ég held, að til þess að þessu máli sem menningarmáli sé sýnd full alúð, þá megi ekki sleppa af neinu því, sem tryggir það, að því verði sinnt, án tillits til þess, hvaða rekstraraðferð eigi að viðhafa. Þar sýnist sitt hverjum, og mun valda ágreiningi í Alþ. Hitt ætti að vera hægt að afgreiða

án ágreinings, að mál sem þetta þyrfti umbóta við í ýmsum menningaratriðum. Til þess að koma þessu máli til hreyfings í trausti þess, að hæstv. ríkisstj. sinni því á líkan hátt og vonir standa til samkv. dagskrártill. og yfirlýsingu hæstv. ráðh., þá þarf að forðast allar sérkreddur í sambandi við rekstrarfyrirkomulagið. Í sambandi við það vildi ég koma með nokkurs konar miðlunartill. milli brtt. hv. 6. landsk. og dagskrártill. Í brtt. hv. 6. landsk. stendur, að undirbúa skuli löggjöf um kvikmyndastofnun ríkisins, en ég vil leggja til, að í stað orðanna „um kvikmyndastofnun ríkisins“ komi: um kvikmyndastarfsemi á Íslandi. — Með þessu móti er málið falið hlutlaust í hendur ríkisstj., og þurfa þá engir að bítast út af því skoðanalega. Og getur þá ríkisstj. unnið að alhliða umbótum á þessu mikilvæga máli. Síðar kemur svo til annarra kasta um það að velja rekstrarfyrirkomulag og miða frv. við það. En ef það er ákveðið nú á byrjunarstigi, þá mundi það aðeins verða málinu til trafala. Til þess að forðast slíkt ber ég fram þessa brtt., og leyfi ég mér að afhenda hana hæstv. forseta.

Forseti (ÞÞ): Mér hefur borizt skrifleg brtt. frá hv. 2. þm. Árn., sem hann hefur nú lýst. Er hún við brtt. frá hv. 6. landsk. og orðast svo: [Sjá þskj. 749.]

Till. er of seint fram borin og skrifleg, og mun ég því leita afbrigða, til þess að hana megi taka til meðferðar.

ATKVGR.

Afbrigðin leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Steingrímur Aðalsteinsson: Herra forseti. — Ég get ekki fallizt á röksemdafærslu hv. frsm. n. um það, að brtt. mín feli í sér nokkra mótsögn varðandi upphaf dagskrártill., eins og hún er nú orðuð. Þótt því sé slegið föstu, að koma skuli á fót kvikmyndastofnun ríkisins, þá er eins þörf fyrir það, að athugað verði, á hvern hátt menningarleg not þjóðarheildarinnar af kvikmyndasýningum verði sem bezt tryggð, eins og talað er um í upphafi till. Það er ýmislegt, sem getur komið til greina. Það felst engin mótsögn í því að ákveða að koma upp stofnun og fela ríkisstj. að láta fara fram athugun á því, hvernig þeirri stofnun skuli haga, svo að tilganginum yrði náð, og undirbúa jafnframt fjárhagslega að koma þessari stofnun á fót. Það hefur verið minnzt á, ég held af hv. 1. landsk., að hann vilji ekki ákveða þetta, því að bæjarfélög mundu vilja hafa kvikmyndarekstur sinn með höndum. Ég álít, að síður en svo sé fyrir það girt, að bæjarfélög geti haft þennan rekstur með höndum, þótt ákveðið sé að koma kvikmyndastofnun ríkisins á fót. Það væri ekki óeðlilegt, að slík stofnun annaðist innflutning kvikmynda og allt val mynda, sem fluttar væru til landsins, og hefði einnig með höndum framleiðslu á íslenzkum kvikmyndum, en aðrir ekki. Með því móti væri tryggt eftirlit ríkisins með allri framleiðslu og innflutningi kvikmynda. En þrátt fyrir þessa tilhögun væri alls ekki óeðlilegt, að bæjarfélög fengju kvikmyndir hjá kvikmyndastofnun ríkisins til að sýna á þeim svæðum, sem bæjarfélögin ná yfir. Og ýmislegt fleira gæti komið til greina í þessu sambandi. Það er því fullkomin ástæða til að fela hæstv. ríkisstj. að láta fara fram athugun á þessu máli í heild og undirbúa löggjöf um það. Aftur á móti finnst mér brtt. hv. 2. þm. Árn. aðeins vera útþynning á dagskrártill. og minni brtt., ef hún yrði samþ. Það ber nokkuð að sama brunni með hana og það, sem virðist vaka fyrir ýmsum, er um málið hafa fjallað, að ekki sé hugsað fyrir miklum framkvæmdum í þessu efni.

ATKVGR.

Brtt. 749 felld með 7:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EE, HV, HermJ, JJós, LJóh, SÁÓ, BK.

nei: GJ, StgrA, ÁS, BSt, BrB, ÞÞ.

3 þm. (BBen, GÍG, PM) fjarstaddir.

3 þm. gerðu grein fyrir atkv.:

Hannibal Valdimarsson: Þótt ég hefði helzt kosið, að till. hv. 6. landsk. yrði samþ., þá tel ég eftir undirtektunum að dæma, að litlar líkur séu til, að svo verði. En þar sem þessi brtt. stefnir líka í rétta átt, þar sem tekið er upp í hana, að undirbúa skuli löggjöf um kvikmyndastarfsemi á Íslandi, og það er til bóta við dagskrártill., þá segi ég já.

Steingrímur Aðalsteinsson: Ég vil, eins og brtt. mín ber með sér, ákveða stefnuna í þessu máli nú þegar og segi nei.

Bernharð Stefánsson: Ég hef gert grein fyrir áliti n. og sé enga ástæðu til að breyta því og stend því við mína undirskrift og segi nei.

Brtt. 748 felld með 8:5 atkv.

Rökst. dagskráin á þskj. 730, frá menntmn., samþ. með 13:1 atkv.

8. Fiskiðjuver á Ísafirði.

Á 22. fundi í Ed., 28. nóv., var útbýtt:

Frv. til l. um fiskiðjuver ríkisins á Ísafirði (þmfrv., A. 149).

Á 26. fundi í Ed., 2. des., var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 12 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. — Nú undanfarið hafa íslenzkir útgerðarmenn og fiskimenn fengið eða tryggt sér að fá mikinn nýjan skipastól. Til þessa hefur verið varið miklu fé á okkar mælikvarða. Þess vegna ríður okkur nú á því

frekar en öllu öðru að nota og nýta þennan skipastól okkar eins vel og mögulegt er.

Eitt mikilsverðasta skrefið í þá átt hlýtur að verða að reisa nógu öflug og stór fiskiðjuver, þar sem bezt hentar og þörfin er brýnust, eins fljótt og verða má. Nú fyrir fáum dögum, er rætt var um frv. hv. 8. landsk. þm. o. fl. um landshöfn og fiskiðjuver í Höfn í Hornafirði, þá kom fram nokkur ótti hjá hæstv. samgmrh. um, að fleiri frv. mundu koma á eftir um svipað efni. Það getur vel verið, að svo fari, og er ekki nema eðlilegt, enda ekki um það að sakast, ef þess er gætt að hafa við afgreiðslu þeirra frv., er fram kunna að koma, það sjónarmið, og það sjónarmið eitt, að fyrst beri að reisa fiskiðjuver þar, sem það kemur að mestum notum fyrir þjóðarheildina, þar sem þörfin á því er brýnust fyrir útveginn, þar sem það liggur bezt við fiskveiðunum, þar sem líkur eru til, að starfstími þess sé lengstur á hverju ári. Það hlýtur t. d. að vera auðsætt, að heppilegra og arðvænlegra er að reisa iðjuver þar, sem það getur haft nægilegt verkefni til að vinna allt árið, heldur en þar, sem vart er um verkefni að ræða fyrir það nema 3—4 mánuði á ári. Við megum því ekki láta okkur henda það í þessu efni, sem þótt hefur brenna við hjá okkur, t. d. í vegamálum, að leggja alldýra vegspotta út um allt, sem stundum hafa síðar verið árum saman fáum eða engum til verulegs gagns.

Nei, við verðum heldur að einbeita allri orku okkar að því að reisa fyrst þau mannvirki, sem eru mest aðkallandi og eru líklegust til að færa okkur mestar og fjölbreyttastar afurðir á skemmstum tíma, miðað við það, sem til þeirra er kostað. Ennfremur ber þess að gæta að öðru jöfnu að reisa fiskiðjuver ríkisins frekar þar, sem sýnt er, að ekki er unnt að koma á fót fiskiðjuveri með þeim hætti, sem gert er ráð fyrir í lögum um stofnlánadeild sjávarútvegsins, en í grg. með þessu frv. er einmitt getið um þær ástæður, sem valda því, að það er ekki hægt á Ísafirði. Nefnilega í stuttu máli þær, að Ísfirðingar hafa lagt hart að sér til að leggja fram nauðsynlegt fé til að tryggja það, að 1 togari og 5 Svíþjóðarbátar gætu bætzt við bátaflotann í bænum. Ísfirðingum var hins vegar svo ljós nauðsyn fiskiðjuversins, að þeir voru reiðubúnir s. l. vor þrátt fyrir örðugleika útgerðarinnar að leggja fram allan þann hagnað, sem vonir stóðu til, að hið háa síldarverð s. l. sumar gæti fært þeim, ef sæmilega aflaðist. — Öllum er kunnugt, hvernig fór um þær vonir, og skal ég ekki rekja það lengra.

Við flm. þessa frv. höfum talið eðlilegra að flytja um það sérstakt frv. heldur en blanda því saman við hafnargerðir eða lendingarbætur, þótt hvort tveggja eigi að koma útveginum að notum og þurfi sums staðar að haldast í hendur. Hvað viðvíkur kostnaði, þá þykir mér rétt að taka það fram, að fullnaðaráætlun um hann liggur ekki fyrir enn, enda tæpast hægt að fá nokkurn mann til að leggja vinnu í að gera slíka áætlun, fyrr en meiri vissa er um, að úr framkvæmdum verði. Hins vegar hefur þetta mál verið rætt allýtarlega við sérfræðinga í þessum málum, og er upphæðin, sem nefnd er í frv., það, sem næst verður komizt, eftir þeim gögnum, sem fyrir liggja. Enda tók ég eftir því, að í frv. hv. 8. landsk. þm. o. fl. um landshöfn og fiskiðjuver í Höfn í Hornafirði er nefnd tilsvarandi upphæð, miðað við stærð eða afköst fyrirtækisins.

Að ekki er nánar farið út í að sundurgreina þá vinnslu, sem gert er ráð fyrir, að þarna fari fram, stafar af því, að það er frekar framkvæmdaatriði, sem að mestu verður falið þeim sérfræðingum, sem sjá um framkvæmdir með væntanlegri stjórn fyrirtækisins.

Þó má geta þess, að ætla má, að fiskiðjuverið leysi af hendi hvers konar vinnslu úr fiski, þar á meðal er t. d. talin vinnsla á karfalýsi, þar sem gert er ráð fyrir, að karfinn verði fyrst flakaður og hraðfrystur, en lýsi unnið úr lifrinni og úrganginum, en karfalýsi er, sem kunnugt er, mjög verðmæt og eftirsótt vara, og einhver beztu karfamið, sem þekkt eru, eru skammt undan Vestfjörðum. Nú eru togararnir á veiðum úti fyrir Vestfjörðum, og verða þeir þeirra, sem afla í salt, að fleygja karfanum og reyndar fleiri fisktegundum.

Hins vegar leita skipin, einnig þau þeirra, sem ekki leggja fiskinn upp fyrir vestan, flest hafnar þar til að leggja upp lýsi, áður en þau halda hingað suður, og væri þá lafhægt að leggja um leið á land karfa og annan fisk, sem hentugur væri til flökunar, ef skilyrði væru til að vinna hann í landi, a. m. k. það af slíkum fiski, sem aflaðist síðustu dagana í hverri veiðiför.

Auk þessa er nú á döfinni að hefja selveiðar í norðurhöfum frá Ísafirði nú í vetur með 2—3 skipum, og verður þá aðkallandi að bræða spikið og gera það að sem beztri vöru, en verkað selalýsi er ágæt útflutningsvara. Þá er og líklegt vegna þess, hvað selveiðisvæðið er tiltölulega nálægt Ísafirði, að hægt verði að flytja heim eitthvað af selkjöti, a. m. k. á stærstu skipunum, ef hægt er að selja það eða vinna úr því seljanlega vöru. Hefur komið fyrir, að norskir selveiðimenn, sem oft leita hafnar á Ísafirði, hafa selt þar selkjöt.

Að lokum vil ég geta þess, að nú þegar hefur farið fram verulegur undirbúningur að því að reisa fiskiðjuver á Ísafirði. Því hefur verið valinn staður á bezta stað við höfnina, og enn fremur hefur verið gerður uppdráttur að aðalbyggingu fyrirtækisins. Að ekki er byrjað á byggingunni, stafar af því, að í ljós hefur komið, að ekki eru tiltök að afla á Ísafirði svo mikils fjár, að hægt sé að reisa fyrirtækið, þó lán fengist úr stofnlánadeild sjávarútvegsins. En bygging fiskiðjuversins er svo áríðandi og aðkallandi, að enga bið þolir.

Vænti ég svo, að hv. d. sjái sér fært að samþ. frv., sem verður væntanlega vísað til hv. sjútvn.

Gísli Jónsson: Herra forseti. — Ég hafði ekki ætlað mér að ræða um þetta mál hér, þar sem það fer til n., sem ég á sæti í, en hv. frsm. gaf mér tilefni til að spyrja um það, hvað hann meini með því að segja, að hér séu lagðir vegspottar út um allt land, sem fáum komi að gagni. Ég sé út af fyrir sig ekki ástæðu til þess að blanda því viðkvæma

máli, vegagerðum, inn í þetta mál. En mér er ekki kunnugt um það, hvar þeir vegarspottar eru. Ég held, að baráttan um vegaframkvæmdir í landinu sé sprottin af eðlilegum þörfum þeirra, sem búa á útkjálkunum, og ég viðurkenni ekki, að þeir hafi fengið bróðurpartinn af framlögunum. Vil ég í sambandi við það benda á það, að sú regla var tekin upp hér illu heilli að verja stórkostlegu fé til vegaframkvæmda þar á landinu, sem vegirnir eru beztir. Þar hafa sums staðar verið brotnir upp vegir, sem geta flutt 6 tonn, til þess að geta látið þá bera 10 tonn, meðan ekki er séð fyrir þessum vegaspottum úti á landinu, þar sem fólkið er enn að berjast við að draga fram lífið, sem gæti þó orðið til þess að forða því frá að dragast inn í þann straum, sem ekki þykir heppilegur, að allt fólk utan af landinu flytji til Reykjavíkur. Ég vildi aðeins láta þetta koma fram, að það er ómaklegt í sambandi við þetta mál að halda því fram, að það sé veitt mikið fé í ónauðsynlegar vegagerðir í landinu.

Flm. (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. — Ég vil aðeins vegna ummæla hv. þm. Barð. geta þess, að ég sagði ekkert um það, að þessir vegir væru ónauðsynlegir, þegar þeir eru komnir og hægt er að nota þá. En við vitum það allir, að það eru iðulega lagðir vegir, sem árum saman eru ekki fullgerðir, og meðan aðeins eru lagðir nokkur hundruð metra vegspottar, koma þeir fáum eða engum að gagni. Það var aðeins þetta, sem ég átti við, en ekki, að vegirnir væru í sjálfu sér ekki nauðsynlegir og gætu komið að fullu gagni, þegar þeir eru komnir svo langt að vera komnir í samband við aðalvegakerfi landsins og þau byggðarlög, sem við þá eiga að búa, eru komin í samband sín á milli. En þetta vitum við allir, að hefur komið fyrir vegna þess, að mönnum er nauðsynlegt að fá vegina, en vegaféð er takmarkað, og þess vegna er ekki hægt að fullgera vegina fyrr en eftir mörg ár.

Gísli Jónsson: Ég vil einnig leiðrétta þennan misskilning hjá hv. þm. Hver vegarspotti, sem lagður er í landinu, hefur komið að gagni og komið að gagni á þennan hátt, annars vegar til að stytta ófæru vegina hjá fólkinu í þeim byggðarlögum, sem við þá eiga að búa, og það, sem er enn þýðingarmeira, að halda uppi voninni hjá þessu fólki um að einhvern tíma fái það veginn. Ef enginn vegur væri lagður, mundi það þýða, að það væri úti um þessa von. Það er þess vegna misskilningur hjá hv. 10. landsk., að þessir vegir komi ekki að gagni. En það þarf að leggja miklu meiri áherzlu á þessi mál til þess að halda uppi voninni hjá þessu fólki um það, að einhvern tíma fái það sinn rétt hjá Alþ. Mér þótti rétt að gera þessa aths. við þennan kafla ræðunnar, sem ekkert kom þessu máli við.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Þetta átti nú að vísu ekki að vera umr. um vegamál, þó það hafi snúizt upp í það. En í tilefni af því vildi ég segja það, að það byggist á ókunnugleika hjá hv. þm. Barð., að hann andmælir þessu atriði, sem Kjartan Jóhannsson vék að í framsöguræðu sinni. Við Ísfirðingar höfum þess dæmi, að byrjað var fyrir 10 árum á vegarspotta í miðri hlíð, en vegurinn var ekki tengdur fyrr en á 9. ári. Að verða að búa við þetta skipulagsleysi, er ekki mennskum mönnum fært að skilja, á hverju byggist, en þetta er samt staðreynd. Hitt er alveg rétt hjá hv. þm. Barð., að þeir eru of fáir og stuttir vegspottarnir, a. m. k. á Vestfjörðum, ef vonirnar ættu að aukast um það þar, að héruðin verði áfram í byggð. Eitt dæmi nægir að nefna fyrir Vestfirði. Af 9 hreppum í Norður-Ísafjarðarsýslu eru 6, þar sem ekki er til akvegarspotti enn, 1946. Í 3 hreppum er til akvegarspotti, en í 6 enginn, svo að þessir vegspottar á Vestfjörðum eru of fáir, og það að endurbæta sífellt góða akvegakerfið í öðrum landsfjórðungum, áður en gerð eru frumdrög að vegakerfi, t. d. á Vestfjörðum, það er ekki nema eðlilegt, að það komi við taugarnar á hv. þm. Barð. og okkur öðrum þm. af þessum afskekkta kjálka. En málið, sem hér er til umr., er að einu leyti sama eðlis eins og þetta. Ef það er meiningin að halda byggð, t. d. á Vestfjörðum, þá verður ekki hjá því komizt að greiða þar fyrir undirstöðuatvinnuveginum og reyna að búa svo um hnútana, að undirstöðuatvinnuvegurinn, sem þar er sjávarútvegur, verði sem bezt sjálfbjarga. Ríkið hefur lagt gífurlegt fjármagn í stóriðju og iðnað í sambandi við sjávarútgerð á Siglufirði. Auk þess, að þar er talinn lengstur og beztur veiðitími fyrir þann sjávarútveg, er Siglufjörður bezt valinn sem miðstöð tengd við síldveiðarnar. Við flm. þessa frv. teljum Ísafjörð hafa svipaða sérstöðu og möguleika fyrir fiskiðnað í sambandi við þorskveiðar eins og Siglufjörður er talinn hafa í sambandi við síldveiðarnar. Að vísu mætti tilnefna aðra staði, sem þarna kæmu til greina, en þeir staðir eru ekki margir að öllu samantöldu, sem hafa svipaða aðstöðu um þetta eins og Ísafjörður.

Hv. 10. landsk. þm. gerði grein fyrir öllum meginatriðum, sem ástæða er til að taka fram í sambandi við þetta mál við 1. umr.

Það er alkunna, að Ísafjarðarbær hefur betri aðstöðu til góðrar sjósóknar og til að afla á hverjum tíma ársins glænýs fisks, — sem er auðvitað betur fallinn til þess, að unnið sé úr þeim afla fyrsta flokks iðnaðarvara heldur en hægt er að tryggja annars staðar. Hafnarskilyrði á Ísafirði eru hin beztu, og er ekki þörf fyrir ríkið að leggja stórfé til þeirra hluta, því Ísafjarðarpollur er ein bezta höfn landsins. Þar er ein bezta bátahöfn landsins, og veitir hún flotanum meira öryggi heldur en nokkur önnur höfn á landinu. Þar hefur varla skemmzt bátur í tvo áratugi, síðan bátahöfnin var byggð, á hverju sem hefur gengið. Á Ísafirði er nýr 200 metra langur hafnarbakki, og yrði fiskiðjuverið vel sett fyrir ofan hann. Fiskurinn yrði fluttur óunninn úr skipunum á flutningaböndum upp á vinnslustöðina og þaðan aftur á sama hátt um borð í skip sem fullunnin vara, og þannig þarf að búa um hnútana, að vinnslukostnaðurinn verði sem allra minnstur og véltæknin notuð sem mest. Undanfarin 2—3 ár hafa færustu sérfræð-

ingar okkar í þessum efnum, dr. Þórður Þorbjarnarson og aðrir, fjallað um þetta mál. Áætlanir hafa þegar verið gerðar og uppdrættir að þessu fyrirtæki, og það sem stendur í vegi fyrir því, að Ísafjarðarkaupstaður ráðist þegar í framkvæmdir, er einungis skortur á fjármagni, og þarf því að leita aðstoðar ríkisins, hvort sem hún yrði í té látin í formi ábyrgðar eða iðjuverið reist sem ríkisverksmiðja, sem ekki væri óeðlilegt, heldur sambærilegt við afstöðu ríkisins gagnvart síldarútveginum. Í þessu frv. eru annars ákvæði um það, að útgerðin á Ísafirði hafi möguleika til að eignast þetta fiskiðjuver, ef henni reynist það annars kleift, ástæða þykir til og Ísfirðingar vilja. Ég vil svo vænta þess og treysta því, þar sem hér er um að ræða stórátak til að tryggja sjávarútveginn í stærsta bæ Vestfjarða, sem jafnframt er hagsmunamál fyrir allt þjóðarbúið, að mál þetta hljóti vinsamlega og gaumgæfilega meðferð í hv. sjútvn. og þessari hv. d.

Jóhann Jósefsson: Ég vil leggja þá spurningu fyrir hv. síðasta ræðumann í sambandi við tal hans um útgerðarmiðstöð í stærsta kaupstað Vestfjarða, hvernig hann haldi að sú aðferð, sem hér er stungið upp á, muni líta út frá sjónarmiði smærri kauptúna vestanlands, þó ekki sé leitað lengra, þeirra útgerðarmanna og annarra þar, sem með framtaki og þegnskap hafa með stofnun hlutafélaga, samlagsfélaga eða samvinnufélaga hrundið svipuðu í framkvæmd og flm. þessa frv. vilja láta ríkið gera á Ísafirði. Í stað þess, að útgerðarmenn og sjómenn á Ísafirði standi að fiskvinnslufyrirtækjum eins og í öðrum verstöðvum vestra, er þar nú snúið inn á nýja braut og „verterað" yfir í það, að allt sé kostað af ríkinu. Ég þykist vita, að hv. flm. þessa frv. séu sínum hnútum kunnugastir og kunnugri en ég t. d. sjónarmiði Vestfirðinga í atvinnumálum. Því væri æskilegt, ef þeir skýrðu frá því, hvernig þeir héldu, að aðrir Vestfirðingar litu á það, að ríkið létti í þessum efnum öllum áhyggjum af stærsta kaupstaðnum þar vestur frá og tæki þar allt að sér.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Hv. þm. Vestm. spyr, hvernig þetta mál muni líta út frá sjónarmiði smærri kaupstaða á Vestfjörðum. Ég skal nú leitast við að svara þeirri spurningu. Það hafa verið reist hraðfrystihús í kauptúnunum á Vestfjörðum og mynduð í því skyni hlutafélög, samlagsfélög o. s. frv., eins og hv. þm. sagði, og þessi mannvirki eru orðin nægileg fyrir bátaútveginn þar. En þrátt fyrir það, að reist hafa verið þrjú hraðfrystihús á Ísafirði, nægja þau ekki nema að mjög litlu leyti til að vinna úr aflamagninu, sem þangað berst, og verður aflinn þá að liggja þar í höfn, og engin trygging er fyrir því, að hægt sé að verka hann á annan hátt en í hraðfrystihúsunum, saltfiskmarkaðurinn er mjög takmarkaður, eins og kunnugt er. Það skiptir því meira máli á Ísafirði en annars staðar, að hinn mikla bátafloti þar þurfi ekki að liggja bundinn í höfn lengur eða skemur vegna skorts á verkunarstöðvum, og það er staðreynd, að á Ísafirði er ekki nægilegt fjármagn til að hrinda því mikla nauðsynjamáli í framkvæmd, sem hér um ræðir.

En spurningu hv. þm. Vestm. mætti einnig svara með annarri spurningu. Hvernig lítur það út frá sjónarmiði Norðlendinga t. d., að flestum síldarverksmiðjum ríkisins skuli vera valinn staður á Siglufirði, í stað þess að peðra þeim út um allt Norðurland? Þetta mun nú ekki þykja nema eðlilegt, þar sem Siglufjörður er langmesta síldarverstöðin og liggur bezt við síldarmiðunum. Hér er um beinar hliðstæður að ræða. Siglufjörður er mesta síldarmiðstöðin norðanlands, og Ísafjörður mesta þorskveiðamiðstöðin á Vestfjörðum. Þar eiga framkvæmdir ríkisins og aðstoð fyrst að koma til, að sínu leyti eins og síldarverksmiðjurnar voru fyrst reistar á Siglufirði, en engin ástæða er til að gera sjónarmið smáþorpanna að yfirgnæfandi aðalsjónarmiði í þessu máli.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til sjútvn. með 12 shlj. atkv.

Á 128. fundi í Ed., 8. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 149, n. 771).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. — Þetta frv. mælir svo fyrir, að ríkisstj. sé veitt heimild f. h. ríkissjóðs til að taka allt að 6 millj. kr. lán til að reisa fiskiðjuver á Ísafirði. Sjútvn. hefur athugað málið og rætt það og leitað umsagnar Landssambands íslenzkra útvegsmanna og nýbyggingarráðs, en hefur ekki fengið umsögn frá Landssambandi íslenzkra útvegsmanna. Hins vegar sendi nýbyggingarráð álit, sem birt er hér sem fskj. Fyrir þessu þingi liggur einnig frv. um fiskiðjuver ríkisins og annað frv. frá einstökum þm. um fiskiðjuver á Hornafirði. N. leit svo á, að þar sem ekki sé enn þá séð fyrir, hvaða afgreiðslu frv. um fiskiðjuver ríkisins fær, þá sé ekki ástæða til að reisa fiskiðjuver á einstökum stöðum á kostnað ríkisins.

Nýbyggingarráð segir, að það geti ekki mælt með því, að frv. nái fram að ganga, og telur, að málið þurfi nánari rannsókn, og mælir gegn því, að einn staður sé tekinn út úr. En ef ríkið ákveður að reisa fiskiðjuver, þá kemur það til álita, hvar heppilegt sé að byggja. Nýbyggingarráð vill, að ef reist eru fiskiðjuver, þá sé það gert þar, sem vaxtarskilyrði séu fyrir hendi. Þetta er stefna nýbyggingarráðs, og væri horfið að henni, þá mælir nokkuð á móti Ísafirði, því að skilyrði þar eru ekki sérstaklega góð. Þetta leggur sjútvn. ekki dóm á, heldur bendir aðeins á það. N. lítur svo á, að rannsaka þurfi betur, hvaða fiskiðjuver skuli reisa, hvort það eigi að vera frystihús, saltfiskshús eða niðursuðuverksmiðjur, einnig að rannsakað sé, hvaða staðir eigi að ganga fyrir með slíka hluti, og einnig, að gerð sé sérstök athugun á því, hvort æskilegt sé, að ríkið hefði þessar framkvæmdir eingöngu eða félög og einstaklingar með aðstoð ríkisins, sbr. stofnlánadeild og fiskimálasjóð. Fyrr en þetta liggur fyrir og ákveðin

stefna er mótuð í þessum málum, vill sjútvn. ekki leggja til, að teknir séu út úr sérstakir staðir. Aftur á móti leggur hún ekki dóm á, hvort Ísafjörður sé heppilegur til þessa, og tekur því ekki efnislega afstöðu til þess. Ég vil benda á, að við afgreiðslu fjárlaga, þá var heimilað að veita 3 millj. kr. lán til að aðstoða byggingu fiskiðjuvera fram yfir það, sem gert er ráð fyrir í lögum um stofnlánadeildina, en hún má lána með mjög hagkvæmum kjörum 60—70%, og með 22. gr. fjárl. er gert ráð fyrir, að veitt sé aðstoð um 10%, og má þá segja, að vel sé séð fyrir aðstoð hins opinbera. Með tilvísun til þessa leggur nefndin til, að málið sé afgreitt með svohljóðandi rökst. dagskrá: Í trausti þess, að ríkisstjórnin láti athuga fyrir næsta reglulegt Alþingi, hvaða tegund fiskiðjuvera sé mest aðkallandi að reisa, og þá jafnframt, á hvaða stöðum á landinu, svo og, hvort nauðsynlegt sé, að ríkissjóður veiti til þess frekari stuðning en fyrir er mælt nú í gildandi lögum, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá. — Einn nm. skrifaði undir nál. með fyrirvara, hv. 6. landsk. Hann vill, að ríkið komi upp fiskiðjuverum, og mun hann sjálfsagt gera grein fyrir sínum fyrirvara. Það er ljóst, að hér er um svo víðtækt mál að ræða, að æskilegt er, að slík löggjöf væri borin upp fyrir tilstilli ríkisstj. og stefnan þá mörkuð í því frv., fremur enn að taka út úr einn einstakan stað eins og í þessu frv. Og ef farið yrði inn á þá leið, mundu aðrir staðir krefjast hins sama, svo að ríkið yrði að sjá hverjum stað fyrir fiskiðjuveri. Ég mun ekki ræða þetta efnislega, en vænti, að málið verði athugað nánar.

Steingrímur Aðalsteinsson: Herra forseti. — Ég hef skrifað undir nál. með fyrirvara. Sá fyrirvari er bundinn við orðalagið, þar sem hin rökst. dagskrá felur í sér, að athugun sé látin fara fram á því, hvaða tegundir fiskiðjuvera séu reistar og á hvaða stöðum, og einnig, hvort ríkið veiti frekari stuðning. Eins og hv. frsm. sagði, þá er það mín skoðun, að ríkið eigi að láta þessi mál sérstaklega til sín taka og reisa stór fiskiðjuver. Ég mun ekki ræða það mikið hér, en þrátt fyrir að þetta sé mín skoðun, þá sá ég ekki ástæðu til að kljúfa n. út af þessu frv., því að ég álít, að það sé ekki rétt að byrja á því að setja sérstök l. fyrir hvern stað, heldur sé gert heildarskipulag, eins og gert er ráð fyrir í frv., sem liggur fyrir Nd., og þess vegna er ekki ástæða til að samþykkja frv. um fiskiðjuver á Ísafirði og í Hornafirði og það því síður, þar sem báðir þessir staðir eru tilgreindir í frv. í Nd. Ef það frv. fengi pósitiva afgreiðslu þessa þings, þá er séð fyrir þeim stöðum, sem sérfrv. hafa verið lögð fram um. Ég skal ekki spá neinu um afdrif þess frv., en vænti, að það verði samþ. í Nd. og komi svo hér í þessa d., og mun ég geyma að rekja það mál, þar til það kemur hingað. En skoðun mín er sú, að reisa eigi fiskiðjuver, og koma þá báðir þessir staðir til greina.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Það var snemma s. l. haust, að þetta frv. var borið fram af Kjartani Jóhannssyni og mér, og sé ég, að nú loks, þegar málið er tekið hér fyrir, þá á að vísa því frá með rökst. dagskrá, vegna þess að allt sé óundirbúið, bæði form fiskiðjuveranna og hvar þau eigi að standa. Þessu er lýst yfir, þegar nýsköpunarstjórnin hefur setið í tvö ár að völdum og hefur haft sérstaka stofnun til að gera athuganir um atvinnuvegi þjóðarinnar. Svo á þriðja ári er sagt, að allt sé órannsakað í þessum málum. En er þetta trúlegt? Ég trúi ekki, að nýsköpunarstjórnin og nýbyggingarráð hafi ekki gert athuganir á því, hvaða staðir hentuðu iðnaði úr sjávarafurðum, og þess vegna koma mér forsendur hinnar rökst. dagskrár einkennilega fyrir sjónir, að minnsta kosti hefur ekki verið velt vöngum yfir því að reisa fiskiðjuver hér í Reykjavík. Nei, þegar um Reykjavík ræðir, þá þarf ekki slíkar athuganir. Ég skil ekki samhengið í þessu og legg ekki mikið upp úr því, hvort óvissa sé um skilyrði fyrir fiskiðjuver á Ísafirði. Þar eru öll skilyrði fyrir hendi, og hygg ég, að öllum alþm. sé það ljóst, svo að rannsókn á skilyrðum þar mundi aðeins sýna það, sem öllum er kunnugt. En byggð á Ísafirði byggist á útgerð, og er því skilyrði fyrir byggð þar, að fiskiðja rísi þar upp. Má því segja, að n. leggi til, að athugað sé, hvort byggð eigi að vera á Ísafirði eða ekki. Nú er búið að verja milljónum kr. með samþykki nýbyggingarráðs og stjórnar eftir ráðstöfun fiskimálan. til fiskiðjuvers í Reykjavík, og hélt ég því, að stefnan væri þegar mótuð og gengið yrði á röðina og reist fiskiðjuver í öllum stærri útgerðarbæjum landsins. Það er rétt, að ágreiningur varð um formið, en það, að málið er flutt af Kjartani Jóhannssyni, sjálfstæðismanni, og mér, alþýðuflokksmanni, sannar, að báðir aðilar á Ísafirði gátu sætt sig við þetta frv., og er þess vegna ekki rétt að vitna í það. Fyrir stuttu síðan, líklega eftir að þessi rökst. dagskrá var tilbúin, hefur hv. frsm. borið fram till. um styrk til að koma upp fiskiðjuveri í Flatey á Breiðafirði. En ætti ríkið að leggja fé þangað án þess að rannsaka skilyrði þar? Ég hygg, að það sé svo skylt, hvort ríkið byggir fyrirtæki eða veitir styrk til þeirra, að ekkert eigi þá að gera, án þess að athugun hafi farið fram. Hér getur hv. frsm. sagt, að þar séu svo mörg hlunnindi og án vafa verði þar að rísa upp fiskiðjuver. Ég álít það líka vafalaust, að fólkið í Flatey þarf að byggja á sjávarútvegi og vinna þar úr aflanum. En þeir, sem er ljós þörf fyrir fiskiðju í Flatey, ættu engu síður að sjá, að nauðsyn er á slíku á Ísafirði. Og ef nú forustumenn þjóðarinnar fara að hugsa um skilyrði fyrir fiskiðjuverum, ættu þeir að hugsa um frv. hv. frsm., og ef þessu frv. verður vísað frá, ætti eins að vísa öllum svipuðum frv. frá. Ég er harla vantrúaður á, að nýbyggingarráð rannsaki þessi mál frekar en það hefur gert s. l. tvö ár, og held ég, að ekki sé þörf á að rannsaka skilyrði til fiskiðnaðar á Ísafirði. Ég held, að nýbyggingarráð hafi alveg látið skína í það, að sjálfsagt væri að láta byggja fiskiðjuver þar, ef samkomulag yrði um form fyrirtækisins, og hafa aðrar mótbárur ekki komið frá nýbyggingarráði. Ég skal

svo ekki fjölyrða um þetta. Ég hygg, að þetta sé vandræðafálm, að rannsaka þurfi skilyrði á Ísafirði, og ég trúi ekki, að allar slíkar athuganir séu óunnar af hálfu nýbyggingarráðs.

Ég á erfitt með að sætta mig við, að þessu máli sé vísað hér frá, þegar sams konar fyrirtæki hefur verið reist hér í Reykjavík á vegum ríkisins. En svona fara ýmis mál, hvað sem rökunum líður, þegar náðarsólin skín ekki hér á Alþ.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Mér virðist það vera orðalag dagskrárinnar, sem 3. landsk. sættir sig sízt við, en ég skal ekki fara frekar út í það. Hins vegar vil ég fara nokkrum orðum um þetta mál og þau afskipti, sem nýbyggingarráð hefur haft af því.

Þegar flm. breiðir sig út yfir nýbyggingarráð með ásakanir út af þessu, þá gætir hann ekki að því, að hér er um fyrirtæki að ræða, sem reisa skal á allt öðrum grundvelli en venja er til og á allt öðrum grundvelli en nýbyggingarráð hefur starfað á. Það var í upphafi yfirlýst stefna nýbyggingarráðs, að einstaklingsframtakið yrði ekki sett lægra en bæjar- og sveitarfélög, og þessari stefnu hefur verið fylgt þannig, að bæði einstaklingar og félög, sveitarfélög sem önnur félög, hafa verið studd eftir megni, en það hefur ekki verið lagður hvorningarsteinn að ríkisrekstri. Í framkvæmdinni hefur þetta mest orðið þannig, að menn hafa tekið höndum saman til þess að koma upp hraðfrystihúsum og öðrum nauðsynlegum fyrirtækjum og víða lagt mjög mikið á sig, en fyrir þessa menn og með þessum mönnum hefur nýbyggingarráð fyrst og fremst starfað. Mörg dæmi er hægt að nefna um það, hvernig einstakir menn og félög hafa bundizt samtökum, og oft var það látið fylgja með umsóknum, hvað þeir hefðu lagt á sig og hvað þeir vildu leggja á sig. Á Vestfjörðum hefur verið reist ísver. Það mun vera á Súgandafirði, en það hefur verið byggt í félagi og með samtökum allra áhugasamra manna, og svo hefur víðar verið. Eitt pláss hefur þó skorið sig úr, hvað þetta snertir, og það er Ísafjörður, en þar hefur að vísu verið áhugi, en bara svo mikill, að hann rúmaðist ekki í einum félagsskap, þ. e. a. s. Ísafjörður er eina byggðarlagið, sem ekki hefur getað komið sér saman um að reisa ísver, og það er það fyrst og fremst, sem hefur valdið því, hvernig nú er ástatt. Bæjarstjórnin hafði mikil afskipti af þessum málum, en þó skilst mér, að flm. þessa frv., sem hér liggur fyrir, séu hvor úr sinni klofningsdeild. Við þessi vandræði, sem fram komu á Ísafirði, var hvergi annars staðar að glíma. Það er fjarri því, að nýbyggingarráð hafi ekki viðurkennt þörf Ísfirðinga fyrir fiskiðjuver, en það var bara ekki svo hægt um vik, þegar tveir aðilar sóttu um, því að vita mátti, að stofnlánadeildin gæti ekki fallizt á, að reist yrðu þar tvö ver nú þegar. Það var því þetta lánleysi Ísfirðinga, að þeir gátu ekki komið sér saman, þó að nýbyggingarráð skrifaði þeim hvað eftir annað og bryndi þá til samstarfs, sem veldur því, að þeir eru ekki búnir að koma sér upp ísveri. En eftir þetta grípa þeir til þess úrræðis að reyna að láta ríkið hlaupa undir baggann og losa sig með því undan allri ábyrgð, en eins og ég drap á áðan, þá er þetta mjög vafasöm braut, sem ekki hefur verið lagt inn á hingað til og brýtur í bága við þá stefnu að styðja einstaklingsframtakið og félagssamtök til þess að hrinda þessum málum og öðrum í framkvæmd, bæði með ódýrum stofnlánum og margháttaðri aðstoð annarri, og fá með því einstaklingana til þess að taka virkan þátt í þessari nýsköpun, en láta ekki ríkið taka ómakið af öllum hlutaðeigandi. Ég hef áður bent á það, að með því að ríkið fari inn á þá braut að reisa ísver og annað því líkt, þá er svo hætt við, að sá áhugi og sú fórnfýsi, sem almenningur hefur sýnt, dvíni eða jafnvel hverfi. Þetta frv., sem hér liggur fyrir, er því ekki nýsköpunarstefna, heldur víxlspor, sem tveir alþingismenn stíga út af félagslegum vandræðum, sundurþykkju, sem þeir hafa þó sjálfir kynt eldinn að. Hv. þm. minntist á, að nú þegar væri verið að reisa fiskiðjuver ríkisins hér í Reykjavík. Það má að vísu segja, að svo sé, en þær framkvæmdir eru ekki á vegum nýbyggingarráðs eða gerðar með þess samþykki. Þær framkvæmdir eru algerlega á vegum fiskimálanefndar og sennilega gerðar með samþykki fyrrverandi atvmrh., en nýbyggingarráð hefur þar ekki verið til ráða kvatt. En eins og gefur að skilja, þá hafði nýbyggingarráð ekkert vald til þess að banna framkvæmd á þessum grundvelli. Í upphafi átti að reisa þetta ísver fyrir fé, sem fiskimálanefnd hafði með að gera, en þar sem kostnaðurinn fór mikið fram úr því, sem gert var ráð fyrir, þá fékk þetta fyrirtæki fé úr stofnlánasjóði, því að ríkissjóður vildi ekki leggja því fé, en þá var líka búið að reisa húsið, svo að ekki var um annað að gera en halda áfram. Af þessu má sjá, að hér er ekki um að ræða fyrirtæki á sama grundvelli og þetta frv. leggur til. Þá var þessi hv. þm. að minnast á, að fyrir lægi frv. um fiskiðjuver í Flatey, en þó að svo sé, þá er ekkert um það, að ríkið reisi fiskiðjuver í Flatey. Það er mikill munur á því, hvort ríkið styrkir eitthvert fyrirtæki, eða það reisi það og reki algerlega, og ef á að fara inn á þá leið, þá er algerlega komið út fyrir þann ramma, sem nýbyggingarráð hefur starfað innan. Ég fyrir mitt leyti tel mjög hæpið að leggja inn á þá leið, þó að það gætu verið þær aðstæður fyrir hendi, að þess þyrfti, og er það þá helzt í sambandi við landshafnir á afskekktum stöðum, því að ef lagt er í landshafnir, þá er nauðsynlegt að hægt verði að nota þær, en þetta á ekki við um fjölbyggða kaupstaði.

Það hefur verið framfylgt þeirri reglu, sem sett var með l. um nýbyggingarráð og framkvæmd af ráðinu, en sú regla er þannig, að það opinbera aðstoði einstaklinga, bæjarfélög og sjómannasamtök til að koma þessu í framkvæmd, og víða er það komið vel á veg. Og meðan haldið er þessari allsherjarstefnu, þá tel ég það mjög óheppilegt fyrir framgang þeirrar stefnu og fyrir framgang þeirra vinnubragða, að fólkið sjálft taki virkan þátt í nýsköpuninni, að blaðið sé brotið við og sagt: Nú gerir ríkið þetta, ríkið reisir fyrst stórt fiskiðjuver á Ísafirði og síðan á Seyðisfirði, Vestmannaeyjum, Siglufirði og guð veit

hvað víða, því að um leið og slík stefna er upp tekin, er kippt fótum undan þeim framfaravilja, sem kann að vera fyrir hendi og venjulega er fyrir hendi hjá fólkinu sjálfu á þessum ýmsu stöðum. Það er þetta, sem ég hef á móti því fyrir mitt leyti, að sú breyt. sé nú gerð, að ríkið taki að sér að koma upp fiskiðjuverum. Ég hef þess vegna sömu skoðun í þessu máli og þegar það kom fyrst fram, og það er búið að upplýsa og það er vitað, að málið er því aðeins fram komið, að í þessu eina plássi, Ísafirði, hefur skorizt svo í odda hjá þeim mönnum, sem að eðlilegum hætti hefðu átt að standa saman að því að koma upp hraðfrystihúsi og fiskiðjuveri, — og þetta hefur hvergi skeð annars staðar á landinu, — og þessir menn, sem mestu ósamþykki hafa hleypt í málið heima í sínum kaupstað, koma nú hér á þingi og taka saman höndum um að komast út úr vandanum með því að leggja allt á herðar ríkisins. Það er m. ö. o. ríkið, sem á að bæta fyrir þeirra ágreining og ofríki hvers í annars garð.

En svo vil ég að lokum benda á það, að þessi stefna virðist ekki eiga sér öruggt fylgi í kaupstaðnum, vegna þess að hv. þm. Ísaf. fékk því til vegar komið að setja ákvæði inn í 22. gr. fjárl. um sérstakan aukinn stuðning við fiskiðjuver á þessum stað fram yfir þann stuðning, sem annars er veittur, án þess að minnast á, að það eigi að vera ríkisrekstur á því. Ég er að minnsta kosti sannfærður um, að þessi till., sem hv. þm. Ísaf. bar mjög fyrir brjósti og fékk stjórn og fjvn. til að standa að, hefur ekki hvað sízt verið miðuð við það, að hans kjördæmi gæti, eins og eðlilegt er, notið góðs af þessu eins og öðru fleiru, ef til kæmi. Þetta er ljós vottur þess, að hv. þm. hefur opin augu fyrir því, að Ísafjarðarkaupstaður þarf að fá gott fiskiðjuver. Um það eru allir sammála, og nýbyggingarráð hefur, eins og ég áður sagði, greinilega undirstrikað þá þörf í bréfi sínu til stofnlánadeildarinnar, og í öðru lagi virðist hann ekki vera eins mikið inni á þessari ríkisrekstrarhugmynd og hv. 3. landsk. og sá hv. þm., sem flutti með honum frv. á sínum tíma. Ég held þess vegna, að dagskráin eigi rétt á sér, a. m. k. efnislega hliðin, hvað sem orðalaginu líður. Ég tel á þessu stigi málsins ákaflega varhugavert að fara að breyta til og fara að reisa fiskiðjuver eingöngu á ríkisins kostnað og hefja þar ríkisrekstur, þar sem við höfum löggjöf um þessi mál, sem framfylgt hefur verið af nýbyggingarráði, þar sem byggt er á öllu öðru en ríkisrekstri.

Viðvíkjandi þeirri aths. hv. þm., að ekki sé mikið að treysta á nýbyggingarráð, að það vinni mikið að þessum málum hér eftir, þá vil ég benda á, að þótt það geri það ekki, þá er löggjöf á leiðinni, þar sem gert er ráð fyrir að stofna annað ráð, fjárhagsráð, sem taki við öllum þeim málefnum og erindum, sem nýbyggingarráð hefur nú. Núverandi ríkisstj. hefur þá yfirlýstu stefnu að halda nýsköpuninni áfram, svo að það, sem hér er talað um, að sé verkefni nýbyggingarráðs, það yrði þá í verkahring fjárhagsráðs. Dagskráin á því fullan rétt á sér, þó að hún tali um stofnun, sem að eðlilegum hætti hverfur, en hverfur aðeins til að rýma fyrir annarri stofnun, sem á að starfa á sama sviði, en hefur sennilega meiri úrræði og miklu meira vald til að vinna að verkefnum í framtíðinni en nýbyggingarráð, svo að af þeirri einu ástæðu ætti þessi hugmynd ekki að vera í neinni hættu. Þar yrðu þá metin þau rök, sem hafa verið færð fram með og móti því, hvort hverfa eigi af þeirri braut, sem mörkuð hefur verið í þessum málum, en taka upp í þess stað ríkisrekstur og ríkisstofnanir í fiskiðnaði, ekki á einum stað í landinu, heldur á fleiri stöðum, ef ætti að taka til greina þær ástæður, sem færðar eru fram fyrir þessu sérstaka frv.

Frsm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. — Þessar umr. hafa nokkuð leiðzt inn á að ræða um það, hvort koma skuli upp fiskiðjuverum ríkisins yfirleitt. Ég gat um það í minni framsöguræðu, að ég vildi ekki svo mjög ræða um það á þessu stigi, af því ég taldi það ekki eðlilegt, og eins og hv. 6. landsk. benti á, þá gefst tilefni til að ræða það út af fyrir sig, þegar til þessarar d. kemur frv. um fiskiðjuver ríkisins. Þess vegna mun ég leiða hjá mér að ræða mjög þá hlið málsins, en ef hv. 3. landsk. óskar að ræða efnislega þá hlið, þá er ekkert því til fyrirstöðu að gera það, en ég taldi ekki nauðsyn að gera það að þessu sinni.

Hv. 3. landsk. virðist alls ekki hafa lesið hina rökst. dagskrá, ef marka má ummæli hans í hans ræðu, því að þótt honum sé það af guði gefið að umsnúa öllu, sem kemur fyrir þessa d., hvort sem það er mál manna eða þskj., þá skil ég ekki, hvernig hann hefur getað fengið það út úr dagskránni, að með þessu væri sjútvn. í raun og veru að leggja til, að rannsakað yrði, hvort Ísafirði ætti að vera gert kleift að starfa áfram sem útgerðarstaður. Ég get ekki fengið það út úr dagskránni og ekki heldur, að neitað hafi verið eða efazt um, að skilyrði séu á Ísafirði til að reka fiskiðjuver. Það væri æskilegt að fá að vita, hvernig hv. þm. getur fengið slíkt út úr dagskránni, að það þurfi nokkuð sérstaklega að rannsaka það á Ísafirði. Ég vil óska, að hann athugi dagskrána miklu betur. Hún fer ekki inn á neitt annað en að ríkisstj. láti athuga, hvaða tegundir fiskiðjuvera sé mest aðkallandi að reisa, en það gefur ekkert tilefni til fullyrðinga um, að þurfi að rannsaka skilyrði fyrir fiskiðjuver á Ísafirði. Enn fremur á að rannsaka, á hvaða stöðum á landinu séu skilyrði til að reisa fiskiðjuver. Þar geta komið fleiri staðir en Ísafjörður til athugunar. Þá gætu komið fram staðir, sem það upplýstist um við rannsókn, að ætti að byrja á fyrr, ekki af því, að ekki sé nægilegt fiskimagn fyrir hendi á Ísafirði, heldur eins og hæstv. fjmrh. sagði, að það kæmu ýmis fleiri atriði til greina en að veiða þorsk og ýsu. Í þriðja lagi er ætlazt til að rannsaka, hvort nauðsynlegt sé, að ríkissjóður veiti frekari stuðning en gert er ráð fyrir í núgildandi l., með öðrum orðum, hvort það sé heppilegt fyrir fólkið í landinu, að ríkið taki að sér að byggja iðjuver og reka þau og hverfa frá þeirri stefnu, sem fylgt hefur verið hingað til. Það er það einasta, sem n. leggur til. Ég vil ekkert um það segja á þessu stigi málsins,

hvort það sé heppilegt, að ríkið taki að sér að byggja og reka öll fiskiðjuver í landinu eða það sé gert á þann hátt, sem nú er gert. Það er vitað um fulltrúa eins flokks, Sósfl., að þeir telja, að ekki þurfi að rannsaka þetta, en fulltrúar hinna flokkanna líta svo á, að þetta þurfi frekari rannsóknar við en enn hefur legið fyrir, en það kemur ekkert við því atriði, sem hv. 3. landsk. sagði, að þyrfti ekki að rannsaka, hvaða skilyrði væru til að reka fiskiðjuver á Ísafirði. Öll hans ummæli um það eru hreint og beint út í bláinn.

Ég vil í þessu sambandi leyfa mér að benda á, að það mundi hverju byggðarlagi út af fyrir sig vera hagur, ef fiskiðjuver væri reist þar og kostað af ríkinu, eins og farið er fram á í þessu frv. M. a. er ákveðið, að það skuli greiða ákveðið gjald, hvorki meira né minna en ½% af brúttó-andvirði seldra afurða, til sveitarsjóðs. Það eru ákaflega stór hlunnindi. Það er talsvert mikill munur fyrir bæ, sem hefur verið stjórnað þannig, m. a. af þessum hv. þm., að búið er að flæma burt, eins og gert hefur verið undanfarið, talsvert af mönnum, sem hafa viljað vinna sjálfstætt að atvinnurekstri, það er búið að flæma þá burt með álögum, og nú er svo komið á þessum stað, að verið er að hrópa til Alþ. og ríkissjóðs að byggja þar milljónafyrirtæki og tryggja þeim fyrirfram ákveðið gjald til handa bænum, sem undanfarna áratugi hefur verið stjórnað þannig, að fólkið hefur verið flæmt burt úr þessum stað. Það er því ekki furða, þó að taugar þessa hv. þm. kæmust í ólag, þegar hann varð þess var, að sjútvn. vill ekki hjálpa þeim til að reisa þarna við á þann hátt, sem hér er farið fram á. Það mundu fleiri sveitar- og bæjarsjóðir en Ísafjörður, þó að ekki hefði verið farið eins með þá og farið hefur verið með þennan stað, vilja eiga aðgang að þeirri gullkistu í framtíðinni.

En svo er annað atriði, sem er alveg órannsakað mál, hvort það er útgerðinni nokkur hagur, að ríkið ræki slík iðjuver. Ég skal ekkert um það fullyrða í dag, en geymi mér að ræða um það, þangað til rætt verður um fiskiðjuver ríkisins almennt.

Hv. þm. beindi skeytum sínum til nýbyggingarráðs og taldi, að það hefði verið aðgerðalítið þessi tvö ár. Hæstv. fjmrh. hefur svarað þessu, en ég vil aðeins segja það, að afgreiðsla þessa máls gaf hv. þm. ekkert tilefni til slíkra orða. Hvort hann hefur fundið tilefni til þess í umsögn nýbyggingarráðs, skal ég ekki segja, en vil aðeins benda á, að í niðurlagi bréfs síns fer ráðið lengra en sjútvn., því að þar tekur það fram, að það óski, að málið sé afgr. með rökst. dagskrá, sem feli í sér, að ríkisstj. sé falið að láta rannsaka og gera till. um, hvar reisa skuli fiskiðjuver ríkisins. Þetta vildi sjútvn. ekki fallast á, því að með því var alveg mörkuð sú stefna, að það skuli þó reisa fiskiðjuver ríkisins, en um það hefur ekki gengið enn efnisleg afgreiðsla í sjútvn., og það er þess vegna, sem dagskráin frá n. er orðuð á annan hátt. Mér þykir rétt, að þetta komi fram. Meiri hl. n. vill ekki ákveða í dag, hvort skuli reisa nokkurt fiskiðjuver ríkisins, en nýbyggingarráð virðist hafa verið undir þeim áhrifum, svo að ekki sé sagt meira, að vilja, að það gæti komið til mála, að fiskiðjuver ríkisins yrðu reist. Þess vegna hefur það sett þessi orð sín í bréfið, en þetta vildi sjútvn. ekki á þessu stigi málsins leggja til, en vildi hins vegar leggja til, að málið væri allt rannsakað, eins og kemur fram í dagskránni, ekki að það sé rannsakað, hversu auðug fiskimiðin séu kringum Ísafjörð, það þarf ekki að rannsaka, heldur að rannsaka, eins og tekið er fram í dagskránni, hvort sé farsælla, og það er meginatriðið, hvort fiskiðjuver skuli reist og rekin af ríkinu eða einstaklingum og félagasamtökum sjómanna. Það hefur verið rætt um annað stórt fiskiðjuver undanfarna daga, síldarverksmiðjur ríkisins. Það eitt er víst, að það verður að leggja byrðar á einhverja til að borga það, sem þar hefur miður farið, og það er sannarlega ekki álitlegt að fara nú að samþ. sams konar löggjöf fyrir fiskiðjuver, sem sjómenn eiga að eiga afkomu sína undir í framtíðinni. Ég er alveg viss um, að svona lagað hefði ekki komið fyrir, ef einstaklingar eða félagasamtök hefðu verið að byggja verksmiðjuna. Ég er þess fullviss, að þá hefði það ekki komið fyrir, sem nú hefur komið fyrir, þegar verið var að byggja hjá ríkinu, og það er hægt að benda á, að svo hefur ekki verið, þegar einstaklingar hafa verið að reisa sams konar iðjuver.

Út af því, sem hv. þm. var að benda á fiskiðjuver ríkisins í Reykjavík, þá vil ég benda honum á, að sú verksmiðja er byggð af fiskimálan. Ef hv. þm. flettir upp l. nr. 75 31. des. 1937 og athugar 14. gr. l., þá sér hann, hvaða vald er gefið viðkomandi ráðh. og hvort ríkisstj. í heild getur tekið það vald af honum eða neinn annar að óbreyttum l. Þar segir, að því fé, sem veitt er fiskimálasjóði, sem er hluti af útflutningsgjaldinu, skuli varið til ákveðinna verkefna, eins og getið er um í 14. gr. Þessi verkefni eru margvísleg, m. a. markaðsleit og að byggja frystihús og fiskiðjuver um landið. Í síðasta lið, 5. lið gr. hér er svo þetta ákvæði, með leyfi hæstv. forseta: „Ríkisstjórninni er heimilt, ef henta þykir, að fela fiskimálanefnd einni ýmsar framkvæmdir samkvæmt framanskráðu, eftir nánari fyrirmælum ráðherra.“ Í krafti þessarar málsgr. hefur þessi ráðh. tekið milljónir úr fiskimálasjóði til þess að byggja fiskiðjuver, án þess að önnur eða meiri lagaákvæði hefðu verið sett um það atriði. Þetta er annað en að ríkið byggi fiskiðjuver hvar sem er á landinu. Ég get sagt hv. 3. landsk., að það er mjög deilt um það atriði, hvort ráðh. hafi haft nokkurt vald til þess eða fiskimálan. að taka þetta fé og nota það þannig. *(HV:* Vissi fjmrh. ekki um, þegar féð var greitt?) Það lá ekki í hans kassa. Það er greitt til fiskimálan., og n. ein hefur vald til að ráðstafa þessu fé ásamt þeim ráðh., sem fer með þau mál. Þetta veit hv. 3. landsk. Hitt er annað atriði, að fiskimálan. tekur sín lán eins og hver annar aðili hjá bönkum og öðrum stofnunum, það er eðlilegt, en að blanda því saman við það mál, sem hér er til umr., er ekkert annað en röng málfærsla, gersamlega röng. Ég er ekki að réttlæta það, sem gert hefur verið hér. Ég álít, að það hefði verið miklu eðlilegra og betra fyrir sjávarútveginn, að þessu fé hefði verið varið miklu meira

til markaðsleitar, og það er þess vegna, sem fiskimálan. og útgerðarmönnum hefur nú verið neitað af fjvn. um stórkostlegt fé til að leita að mörkuðum út um lönd vegna þess, hvernig þeir hafa farið með þennan sjóð, og vísað til þess, að það er alveg vafasamt, hvað mikla heimild ráðh. og fiskimálan. hafa haft til að taka þetta fé til bygginga, en vanrækja næstum öll önnur verkefni, svo sem að leita markaða. Það er ekki hægt að hafa þetta sem rök fyrir því, að ríkið eigi að byggja fiskiðjuver á Ísafirði.

Ég þarf ekki að ræða það ósamkomulag, sem verið hefur á Ísafirði um þetta mál, hæstv. ráðh. hefur gert það. En það er ákaflega auðveld aðferð, þegar menn geta ekki lengur komið sér saman, að hlaupa til ríkisins og láta það taka að sér allan kostnað við að sætta þessa aðila.

Í sambandi við þá ábyrgð, sem hann minntist á, að ég væri að óska eftir í þáltill. fyrir frystihús í Flatey, þá er það gersamlega óskylt mál. Í fyrsta lagi er það, að þessi ábyrgð er því miður ekki fengin enn þá, svo að ég veit ekki, hvaða afgreiðslu málið fær á þingi, og erfitt að spá um, hvort hún fæst, en hinu vil ég alveg mótmæla, að þótt hún fengist, þá ætti hún að vera mælikvarði á afgreiðslu þessa máls, og það er af rökum, sem ég nú skal greina. Í fyrsta lagi vil ég leyfa mér að benda hv. 3. landsk. á, að í fjárl. frá síðasta þingi er í 22. gr. heimild fyrir ríkisstj. til að ábyrgjast 160 þús. kr. lán fyrir Ólafsfjarðarkaupstað til að koma upp fiskimjöls- og niðursuðuverksmiðju. Þetta er annað en að ríkið skuli koma upp slíkri verksmiðju á Ólafsfirði. Sama er að segja um Stykkishólm. Sveitin er í ábyrgð þar, til að íbúarnir geti keypt togara. Það er allt annað en að ríkið kaupi einn eða fleiri togara til að gera þar út. Ég veit, að svo vel gefinn maður sem þessi hv. þm. skilur eðlismuninn á þessu. Í Flatey hefur kaupfélagið lofað 130 þús. kr., íbúarnir 70 þús. kr. og hreppurinn 150 þús. kr., og svo er farið fram á ábyrgð fyrir 150 þús. kr., auðvitað gegn þeim tryggingum, er stj. metur gildar. Að líkja þessu við það að setja upp milljónafyrirtæki, sem sé í einu og öllu stofnað og rekið af ríkinu, er svo fjarri öllum sanni, að mér dettur ekki í hug að halda, að hv. þm. hafi meint það.

Ég skal svo verða við ósk hæstv. forseta og lengja ekki umr. meira og læt máli mínu lokið.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. — Hv. frsm. sjútvn., þm. Barð., hefur rætt nokkuð um þá dagskrá, sem hv. n. hefur látið frá sér fara í þessu máli. Vildi hann halda fram, að með hinni rökst. dagskrá væri ekki ætlazt til, að rannsókn færi fram á því, hvaða skilyrði væru á Ísafirði fyrir sjávarútveg og fiskiðnað. Ég skil vel, að hann skuli vilja hlaupa frá þessu, en frá því verður ekki hlaupið. Ég verð að láta í ljós undrun mína yfir því, ef stofnað hefur verið til fiskiðjuvers fiskimálan., án þess að ríkisstj. — öðrum ráðh. en þeim, sem málið heyrði undir, — hafi verið kunnugt um það. Ég skil ekki, hvernig stj. hæstv. fyrrverandi forsrh. hefur getað stofnað til milljónafyrirtækis, án þess að fjmrh. hefði hugmynd um það, slíkt fyrirtæki hlyti að hafa verið stöðvað, ef það hefði verið skoðun ráðh., að þarna væri um óheimilan verknað að ræða. En hvernig sem þetta hefur gerzt, þá er þarna risið upp ríkisfyrirtæki í Reykjavík, fiskiðjuver, sem kostar 67 millj., hvað sem hver segir um það, á hvern hátt það hafi orðið til. Eitt atriði er það enn, sem hv. þm. Barð. ræddi um, það var, að ábyrgð viðvíkjandi fiskiðjuverinu í Flatey sé óskylt mál. Það er alveg rétt, að það er ekki alveg í sama sniði og þetta mál, sem hér er til umr., en óskylt er það ekki. Þegar hv. þm. Barð. beitir sér fyrir því, að fiskiðjuverinu á Ísafirði sé vísað frá, af því að ýmsir hlutir séu þar órannsakaðir, bæði skilyrði á staðnum og hver kostnaður verður og hvers konar fyrirtæki þetta skuli vera, þá gefur að skilja, að áður en ríkið tekur á sig bagga og ábyrgðir, — því hingað til hefur það þótt kvöð á ríkissjóði og getur, hvenær sem er, komið til þess, að það þýði jafnmikil útgjöld og ábyrgðin hljóðar upp á —, ef það þarf í fyrra tilfellinu að rannsaka öll skilyrði, þá þarf þess líka í hinu síðara.

Þá vil ég víkja nokkuð að því, sem hæstv. fjmrh. sagði í sambandi við þetta mál. Hann vildi halda því fram, að þetta mál væri á öðrum grundvelli byggt en þau mál, sem hefðu átt að koma til kasta nýbyggingarráðs. Ég vil taka það fram, að málið þótti það skylt starfsemi nýbyggingarráðs, að það þótti sjálfsagt, að það færi strax á byrjunarstigi í nýbyggingarráð og fengi þar staðfestingu á öllum áætlunum og meðmæli þess, og þar kvað ráðið upp þann úrslitadóm, sem því þótti hæfa. Ég hef hér fyrir framan mig l. um nýbyggingarráð, og get þar með fengið úr því skorið, hvort það sé rétt, sem hv. ráðh. heldur fram, að þeir í nýbyggingarráði hafi ekki átt að sinna öðrum en þeim, sem byggja á einstaklingsframtakinu, þeirra verksmiðjum. Mér finnst þetta ekki samrýmast því, hvernig hlutverk nýbyggingarráðs er skilgreint í 2. gr. l. Þar segir svo: „Ríkisstjórnin skipar fjögurra manna nefnd, er nefnist nýbyggingarráð.

Hlutverk þess er að búa til heildaráætlun, fyrst um sinn miðaða við næstu fimm ár, um nýsköpun íslenzks þjóðarbúskapar. Skal þar áætlað, hver atvinnutæki, samgöngutæki, byggingar og annað þurfi til sjávar og sveita, til þess að allir Íslendingar geti haft vinnu við sem arðbærastan atvinnurekstur, svo og, hvernig bezt verði fyrir komið innflutningi fáanlegra tækja og efnis á næstu árum, með það fyrir augum að hagnýta sem bezt vinnuafl þjóðarinnar og auðlindir landsins."

Ég sé ekki, að atvinnutækin og stofnanir, sem nýbyggingarráð á að beita sér fyrir, séu neitt flokkuð eftir því, hvort einstaklingsframtakið, félagsstofnanir eða ríkið á í hlut. Heildaráætlun gæti ekki verið til, nema ráðið léti sig skipta allar tegundir slíkra fyrirtækja. Í 2. gr. l. segir: „Þá skal nýbyggingarráð gera áætlanir um, hvar tækin skuli staðsett, og till. um byggingar og aðrar framkvæmdir í því sambandi." Eftir þessu hlutverki ætti að liggja fyrir, hvort Ísafjörður er staður, sem hefur skilyrði til þess, að þar væri reist fiskiðjuver, því að ráðið átti að

athuga, hvaða staðir kæmu til álita, og nýbyggingarráð átti samkv. 2. gr. að „hlutast til um, að slík tæki verði keypt, og hefur milligöngu fyrir þá aðila, sem þau vilja kaupa og óska þess."

Í þriðja lagi segir í 2. gr.:

„Innflutningsleyfi og gjaldeyrisleyfi til framangreindra ráðstafana á fé samkvæmt 1. gr. skulu veitt samkvæmt till. nýbyggingarráðs."

Þetta gerir mér torskilið það, sem hæstv. ráðh. fullyrti, að fiskimálan. skuli hafa getað komið upp fiskiðjuveri í Reykjavík án vilja nýbyggingarráðs, sem á að veita öll leyfi. Hvernig gat þetta farið fram hjá nýbyggingarráði? Hæstv. ráðh. afsakaði nýbyggingarráð með því, að það hefði skort vald til þess að koma í veg fyrir byggingu þessa fyrirtækis á vegum fiskimálan. Ég sé ekki annað en það hafi verið á valdi nýbyggingarráðs að veita öll leyfi. Þá fullyrðir hæstv. ráðh., að ósamkomulag hafi verið á Ísafirði í sambandi við fiskiðjuversmálið. Það er rétt, að eftir að sjálfstæðismenn og kommúnistar komust í meiri hl. í bæjarstj. Ísafjarðar, þá hafa þeir bundizt samtökum um það að stofna til félagsskapar um það að koma upp fiskiðjuveri á Ísafirði, án þess að það yrði opið hlutafélag. Þeir vildu byggja upp fyrirtækið á þann veg, að útgerðarfélög einstaklinga hefðu meiri hl. þess hlutafjár, sem leggja ætti fram. Svo langt gengu þeir til þess að reyna að tryggja sem bezt, að útgerðin fái meiri hl., að þeir neituðu að taka á móti framlagi hlutafjár frá Kaupfélagi Ísfirðinga. Eftir að sú neitun kom fram, var það fyrst, að ekki var hægt að fá samkomulag um það, að allir kepptu saman að einu fiskiðjuveri á Ísafirði. Þó vildu þeir leita eftir hlutafé frá auðjöfrum hér í Reykjavík, en neituðu hlutafé frá Kaupfélagi Ísfirðinga. Það er í sambandi við þetta og í sambandi við þau ummæli hæstv. ráðh., að hlutverk nýbyggingarráðs sé fyrst og fremst það að greiða fyrir fyrirtækjum, sem stofnuð séu á vegum einkaframtaksins, að ég vil leyfa mér að lesa nokkur atriði l. um stofnlánadeild sjávarútvegsins, sem áttu að vera til þess að greiða fyrir nýsköpunarframkvæmdum, sem stofnað yrði til.

Í 1. gr. þeirra l. eru ákvæði um, að stofnuð skuli **sérstök bankastarfsemi til þess að tryggja framgang nýsköpunarfyrirtækja, einkanlega í sambandi við sjávarútveginn.**

Í 3. gr. segir, að undir lánveitingasvið stofnlánadeildarinnar skuli koma síldarverkunarstöðvar, hraðfrystihús, beitugeymsluhús, niðursuðuverksmiðjur, verksmiðjur, sem vinna úr fiskúrgangi, lifrarbræðslur, skipasmíðastöðvar o. s. frv., o. s. frv., og í sömu gr. segir: „Forgangsrétt til lána samkvæmt 2. málslið 1. málsgr. skulu hafa félög útvegsmanna og fiskimanna, sem stofnuð eru til að reka iðnað í þágu útvegsins og eru opin útvegsmönnum og fiskimönnum, og félög, sem meginþorri útvegsmanna á hverjum stað er þátttakandi í, í þeim tilgangi, er að framan greinir, enda skipti félögin arði af rekstri í hlutfalli við viðskipti félagsmanna." M. ö. o., þarna er tekið fram, að forgangsrétt til lána samkvæmt 3. gr. l. eigi að hafa félög sjómanna og útgerðarmanna, sem starfa á samvinnugrundvelli og opin eru nýjum aðilum á hverjum tíma. Þarna er um beinan forgangsrétt að ræða fyrir samvinnufélög, en ekki hlutafélög. Í 8. gr. segir orðrétt: „Út á ný skip má lána allt að ⅔ af virðingar- eða kostnaðarverði, sé það lægra, og út á aðrar eignir allt að ⅗ af virðingar- eða kostnaðarverði, sé það lægra. Þó má lána allt að ¾ út á ný skip og ⅔ út á aðrar eignir, ef bæjar- eða sveitarfélög eru lántakandi eða ganga í ábyrgð fyrir skilvísri greiðslu afborgana og vaxta, þar til lánið er greitt niður um helming. Enn fremur má lána félögum þeim, sem um ræðir í 2. málsgr. 3. gr. laga þessara, allt að ⅔ út á framkvæmdir þær, sem um ræðir í 2. málslið 1. málsgr. þeirrar greinar." Mér skildist á hæstv. ráðh., að opinber fyrirtæki, bæjar- og sveitarfélög hefðu átt að vera jöfn öðrum hjá nýbyggingarráði, en hér stendur, að þau skuli njóta forréttinda, að það skuli veita hærri lán, ef sveitarfélög og það opinbera stendur af þeim. Þessu á ég eftir að koma heim.

Hæstv. ráðh. hélt því fram, að eftir fundinn í nýbyggingarráði hefði komið upp ágreiningur milli aðila heima. En þar voru stofnuð tvö fyrirtæki, annað lokað hlutafélag, sem hafði mestan hluta útgerðarinnar að baki sér, en hitt samlag, opið öllum útvegsmönnum á hverjum tíma, með minnstan hluta útgerðarinnar að baki sér. Bæði fyrirtækin sóttu svo um lán til stofnlánadeildarinnar, og stóð á því, að nýbyggingarráð kvæði upp sinn Salómonsdóm um það, hvort fyrirtækið ætti rétt á láni, og nýbyggingarráð sá sér ekki fært að kveða upp dóminn, og næst liggur þá fyrir, að Alþ. láti fara fram á því sérstaka rannsókn, hvort Ísafjörður eigi rétt á sér sem sjávarútvegsbær.

Nú er um garð gengin fyrsta vertíðin, síðan stofnuð voru þessi tvö félög, hlutafélag íhaldsmanna og samvinnufélag Alþýðuflokksmanna. Þá kemur í ljós, að skipastóll þessara fyrirtækja, sem áttu að standa undir þessu fiskiðjuversfyrirtæki, eru skip Samvinnufélags Ísfirðinga, sem öfluðu nú á vetrarvertíðinni 3847 tonn, og allt skip af þeirri stærð, sem geta stundað veiðiskap sinn heima og hefðu því orðið viðskiptaskip við væntanlegt fiskiðjuver. Hlutafélagið á 3 báta, sem hafa fiskað 678 tonn. Þetta sýnir betur en allt annað, hvers vegna nýbyggingarráð treysti sér ekki til að kveða upp dóm um það, hvort félagið kæmi til greina með lán úr stofnlánadeildinni.

Þá véku þeir að því, hæstv. fjmrh. og hv. þm. Barð., að ekki væri rétt að gera hér einum aðila kleift að víkja undan þeim vanda að skapa slík fyrirtæki sem þetta og láta ríkið framkvæma og kosta allt saman. Í þessu sambandi get ég fullyrt og lýst því yfir, að það er fullur vilji á Ísafirði fyrir því að leggja mikið á sig í þessu efni og engu síðri vilji en finnst annars staðar, og það var fullur vilji að koma upp fiskiðjuveri á Ísafirði, en er síldarvertíð brást í þriðja sinn, þá gátu menn þar ekki komið upp fiskiðjuveri, sem mundi kosta 5—6 milljónir króna, en hefði ríkið nú komið til hjálpar, þá hefðu allir útgerðarmenn og fyrirtæki, sem standa að útgerð, lagt sinn skerf til þess að koma þessu fyrirtæki upp. Hæstv. ráðh. sagði, að ef ríkið kæmi

upp fiskiðjuveri á Ísafirði, þá mundi áhugi einstaklinganna dvína, sem hefðu lagt svo mikið á sig að koma upp hraðfrystihúsum og öðrum fyrirtækjum sjávarútvegsins. Ég held, að þetta sé ekki rétt, en það eru aðrar leiðir, sem drepa áhuga og stórhug, en það er, ef Alþ. neitar um aðstoð til handa stórri útgerðarstöð, sem er það lífsspursmál að nýta afla sinn sem bezt, og þm. sjá enga smugu til þess að koma þessu fyrirtæki upp.

Þá vék ráðh. að því, að hv. þm. Ísaf. hefði komið því inn í 22. gr. fjárlaganna, heimildargreinina, að heimila ríkisstj. að styrkja fiskiðjuver á Ísafirði, en það er aðeins heimild, og er þar með ekki sagt, að Ísafjörður fái styrk til þessa, en það var ekki grundvöllurinn fyrir því, að sjútvn. leggur til að vísa málinu frá með rökst. dagskrá. Ég held því, að hér sé verið að leggjast í mót góðu máli, og ég hefði nú búizt við því, að sá ráðh., sem hv. flm. var staðgengill fyrir, hefði nú lagt þessu máli lið. Það er rétt, að skiptar skoðanir hafa verið á milli sjálfstæðismanna og Alþfl. um það, hvort þjóðnýta ætti fiskiðjuverin, en þetta mál er nú skylt síldarbræðslunum, og með fiskiðjuveri því, er sjútvn. lét reisa hér í Reykjavík, er prinsipið brotið.

Að lokum vil ég segja, að ég uni því hið versta, að þessu máli skuli vera vikið frá með mjög fjarstæðum rökum.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 129. fundi í Ed., 9. maí, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

Rökst. dagskráin á þskj. 771, frá sjútvn., samþ. með 8:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EE, GJ, GÍG, PM, SÁÓ, StgrA, BK, ÞÞ.

nei: HV.

HermJ, PZ greiddu ekki atkv.

6 þm. (JJós, LJóh, ÁS, BSt, BBen, BrB) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Steingrímur Aðalsteinsson: Þó að ég sé því fylgjandi, að reist verði fiskiðjuver ríkisins, og þar á meðal á Ísafirði, þá tel ég réttara að setja um það heildarlöggjöf, en ekki löggjöf fyrir hvern stað um sig. Í trausti þess, að samþ. verði frv. um þetta efni, sem nú liggur fyrir Nd., þá segi ég já við þessari dagskrártill.

9. Kirkjubyggingar.

Á 8. fundi í Sþ., 8. nóv., var útbýtt frá Nd.:

Frv. til l. um kirkjubyggingar og þátttöku ríkissjóðs í stofnkostnaði kirkjuhúsa (þmfrv., A. 88).

Á 15. fundi í Nd., 12. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 21 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Gísli Sveinsson): Herra forseti. Frv. þetta, sem ég hef leyft mér að bera hér fram ásamt hv. þm. Snæf. og hv. 1. þm. Árn., um kirkjubyggingar og þátttöku ríkissjóðs í stofnkostnaði kirkjuhúsa, hefur í öllum aðalatriðum legið fyrir hæstv. Alþ. áður og var fyrst borið fram árið 1944. Þá fylgdi því allýtarleg grg., eins og líka vísað er til í grg. þessa frv., sem hér liggur fyrir. Vænti ég þess, að hv. þm. flestir eða allir hafi fyrr eða síðar kynnt sér þá grg., sem fylgdi frv., er það fyrr var fram borið. Sú grg. gefur nokkuð ljóst til kynna, hvers vegna þetta frv. var flutt og af hvílíkri nauðsyn það nú er fram komið á hæstv. Alþ. enn á ný. En síðan það var borið fram 1944, hefur það gerzt að tilhlutun biskupsins yfir Íslandi og í samráði við hlutaðeigendur, að ekki aðeins öllum þjónandi prestum á landinu, heldur einnig öllum söfnuðum hefur þetta frv. verið sent með tilmælum um, að safnaðarfundir væru haldnir um málið og prófastar létu taka málið til athugunar á héraðsfundum, til þess að þessir aðilar létu í ljós álit sitt á því, hvort þeir væru því fylgjandi, sem í frv. er sett fram. Niðurstaðan af þessu er nú höfð til hliðsjónar við flutning þessa máls, en hún er sú, að málið, sem legið hefur fyrir öllum söfnuðum landsins, eins og ég tók fram, það hefur fengið þær undirtektir, að allir safnaðarfundir, sem málið hafa tekið til meðferðar, hafa gert um það ályktanir og lýst sig málinu fylgjandi og sömuleiðis margir héraðsfundir. Hafa prestastefnan (synodus) 1945 og hinn almenni kirkjufundur sama ár einnig gert um það ályktanir og lýst sig því fylgjandi og óskað þess, að málið nái fram að ganga. Fram hafa komið till., sem eru um ýmsar smávægilegar breyt. á frv. eða til skýringar, þar sem þörf hefur þótt, og er í því frv. um málið, sem nú er borið fram, tekið fullkomlega tillit til þess.

Af því, sem ég nú hef tekið fram, má ætla, að hv. þm. geti skilið það nú og við frekari meðferð málsins, að hér er ekki aðeins um áhugamál að ræða, sem á fylgi vítt og breitt um allt landið, heldur líka nauðsynjamál. Og þetta er ekki aðeins nauðsynjamál fyrir héruð landsins, heldur líka hverja einstaka sveit, meira og minna, eða þá söfnuði, sem er þörf á, að kirkjuhús séu byggð upp hjá þeim. Og má fullyrða, að þörfin á þeirri uppbyggingu sé svo mikil, að það sé almenningsmál, eins og komið hefur fram gagnvart einstökum þm., þannig að um það ætti ekki að þurfa að deila. Á síðustu árum hefur það komið hvað skýrast fram, hversu rík nauðsyn rekur hér á eftir, bæði vegna þess, að kirkjuhús eru víða og hafa verið svo úr sér gengin, að engin bið var gerleg lengur á því að byggja þau upp. Og geng ég þá út frá því, að almennt sé viðurkennt, að kirkjuhús eigi að standa á þessu landi. Í annan stað hefur þróazt hjá mörgum ráðamönnum fólksins sú tilfinning, að ekki væri tilhlýðilegt, sóma og annars vegna, að þessi hús, guðshúsin, væru þannig úr garði gerð, að að þeim væri frekar

smán heldur en hitt. Því að viðkomandi nauðsyn á skýli til þess að hafa guðsþjónustur inni í, þá er nú svo komið, í þessum efnum sem öðrum, að menn sætta sig ekki við það að byggja neina kofa. Þess vegna er viðkomandi þessum byggingum, eins og öðrum, krafa um það, að þær séu þannig gerðar, að mannsæmandi séu og að í þeim sé góður aðbúnaður. En kunnugt er, að mikið hefur skort á af mörgum ástæðum, að kirkjuhúsin væru þannig. Að nokkru leyti er vikið að þessu í grg., sem ég gat um.

Eins og augljóst má vera, er það ókleift fyrir fátæka og lítils megandi söfnuði að byggja slík mannsæmandi kirkjuhús — auk alls annars, sem hvílir á skattborgurum landsins í heild. Þess vegna þótti tímabært að færa þetta mál á þennan vettvang, sem það nú er á og það var fært inn á fyrr á hæstv. Alþ., vegna þess líka, að fullar upplýsingar liggja til þess, að ríkinu ber skylda til — þar sem hér er ríkiskirkja, þjóðkirkja — að halda við húsum til guðsþjónustu, hjálpa fólkinu til þess að eignast slík hús og að halda þeim í góðu ástandi. Þetta er því fremur óumdeilanleg skylda hins opinbera, að því er ég tel, þar sem rökin fyrir því eru einnig þau, að ríkisvaldið tók af kirkjunni þær eignir, sem hún sem sjálfstæð stofnun átti og eignaðist, áður en ríkið tók að sér umsjá hennar, og þeim eignum hefur ekki verið skilað aftur. Afleiðing af þessari eignatöku, eftir að siðbót komst á, var að sjálfsögðu sú, að ríkið tæki að sér byggingu og viðhald kirkna. Öðruvísi gat með þessu móti það ekki náðst, að kirkjuhúsum væri haldið við. Ábyrgðin á þeim aðila, sem hefur þetta með höndum, fé það, sem kirkjan átti, og rekstur kirkjunnar að miklu leyti sem stofnunar, ábyrgð sú er því þessi, að annast um, að kirkjuhúsin séu til og sómasamlega gerð. En af því að kirkjuhúsin höfðu þá staðið uppi, er hinar arðberandi eignir kirkjunnar voru teknar af henni, og söfnuðunum hafði tekizt að eignast kirkjuhús, var látið svo ganga, að söfnuðirnir héldu kirkjuhúsunum við — sem varð í meira og minna óstandi — og ættu að halda því áfram.

Nú leyfi ég mér að vísa til þeirra stjórnlaga, sem gilt hafa og gilda enn, ákvæðanna um, að hér á landi skuli vera ríkiskirkja, og tek þetta fram til stuðnings því máli, að ríkinu ber skylda til að annast þennan hluta kirkjumálanna, að kirkjuhúsin séu í lagi, eins og aðra hluti þeirra mála, sem ríkið hefur tekið að sér að annast.

Nú er hér að vísu ekki um það að tala, að stigið sé þetta spor að fullu með því að samþykkja ákvæði þessa frv., sem hér liggur fyrir. En með því mundi það þó stigið að miklu leyti. Eins og tekið er fram í 1. gr. frv., skal það opinbera, ríkið, ef frv. verður samþ., greiða stofnkostnað þessara húsa að ¾ hlutum. Hitt greiða söfnuðirnir. Og eins og nú er ástatt viðkomandi því að byggja vönduð hús og væntanlega mun verða framvegis um skeið, hvað sem yfir dynur, þá mun jafnvel ¼ stofnkostnaðar við kirkjuhúsbyggingar verða ærinn til þess, að söfnuðir finni til hans. Þar að auki eiga nú — og það er ekki nein till. í frv. til breyt. á því — söfnuðirnir að halda við kirkjuhúsunum á sinn kostnað með kirkjugjöldunum að undirstöðu, sem þeir sjálfir greiða. Sömuleiðis eru hér í frv. sérákvæði um ýmislegt, sem sumt skuli hvíla eingöngu á söfnuðum og sumt að nokkru leyti á söfnuðunum og að nokkru leyti á hinu opinbera, sem hv. þm. munu kynna sér undir meðferð málsins.

Það er vitanlega svo, að allar kirkjur á landinu samanlagt eiga allverulegar og enda miklar eignir, en þær skiptast mjög misjafnt niður á kirkjuhúsin, eins og vitanlegt er, sem sumpart fer eftir megni safnaðanna. Sumpart hafa þessar eignir myndazt af því, að kirkjur hafa verið tekjumiklar og söfnuðir þar þá ekki lagt í mikinn kostnað við kirkjuhúsin, og hefur því safnazt fyrir fé í sjóðum kirkjunnar um landið í heild, sem eru sameinaðir í einum sjóði, hinum almenna kirkjusjóði. Sá sjóður eða þessir sjóðir, sem eru til nota kirkjuhúsanna, eru að sjálfsögðu, eftir ákvæðum frv. einnig, til þess ætlaðir, að kostnaður, sem verður af kirkjuhúsum, hvort sem er stofnkostnaður við byggingu eða viðgerðir, greiðist fyrst og fremst úr þeim. Þessu er ekki breytt hér. Við ætlumst til þess, að þetta fé renni í fyrstu röð til byggingar kirknanna, og síðan komi það af stofnkostnaðinum, sem þar er fram yfir, til skipta á milli ríkis og safnaða að greiða, sbr. ákvæði 1. gr. frv., þannig að ríkið greiði ¾, en söfnuðir ¼ hluta af þessum hluta stofnkostnaðarins. Þetta er því opinbera og söfnuðunum falið að sjá um, og þess vegna er biskupinn sjálfkjörinn yfirmaður þessa og einnig starfsmenn ríkisins, svo sem húsameistari ríkisins, sem eiga að sjá um, að framkvæmdir á þessum byggingamálum gangi eðlilega og reglulega, eftir því sem þörfin kallar að, og eiga þeir að sjá um, að þar sé fyrst unnið að framkvæmdum í þessum málum, sem þörfin fyrir það er brýnust. En þó að ég nefni í þessu sambandi húsameistara ríkisins, þá eru ákvæði í frv. um það, að aðrir húsameistarar geti komið þar til greina til þess að gera teikningar að kirkjuhúsum og áætlanir um byggingu þeirra, og þarf ekki til þess annað en að samþykkja það af þeim, sem þarna standa að. Má vera, að ýmsum mönnum þyki þetta frjálslegra, og þykir mér það að sjálfsögðu, því að söfnuðir geta haft þann vilja, þó að þeir vilji byggja kirkjuhús, að vilja ekki láta byggja eftir einni snúru, en óska heldur t. d. að hafa samkeppni um þessar byggingar eins og ýmsar aðrar, og eftir frv. á það þá að vera gerlegt.

Í frv. er greint, hvernig skuli ákveða, í hvaða röð kirkjubyggingar eigi að framkvæmast. Þar er til tekið, að á fyrsta ári, eftir að l. þessi eru komin í gildi, skuli biskupinn láta fram fara undir umsjón húsameistara ríkisins rannsókn á því, hverjar kirkjur muni þurfa að byggja upp á næstu fimm árum, og að að þeim tíma liðnum skuli fara fram sams konar rannsókn til fimm ára og þannig áfram, þó svo, að skipt sé á milli landsfjórðunga þannig, að ekki sé ójöfnuður í frammi hafður. Og þegar þess er gætt, að nú er þegar töluvert upp byggt af kirkjuhúsum, sem mega endast lengi, þá sjá menn, að þar sem svo sterkir aðilar eiga að vinna að þessu, sem eru ríkið annars vegar og söfnuðir hins vegar,

þá ætti þetta ekki að vera verulega þungbært, heldur mjög létt, einkum þegar fyrir fram er búið að gera áætlun um þetta. En þetta atriði verður þó að beygjast undir það, eins og aðrar framkvæmdir, að ef ógerlegt er að koma einhverju fram, þá verður það að þoka til hliðar um stund, þar til kleift er að framkvæma það.

Ég vil aðeins drepa á það, að hér er svo til tekið í frv., að þau kirkjuhús, sem eru í smíðum, þegar þetta frv. — væntanlega bráðlega — öðlast lagagildi, þau hús geti fallið undir ákvæði þessara l., því að dæmi eru til þess á þessum síðustu árum, að fátækir og fámennir söfnuðir hafa brotizt í að byggja ný kirkjuhús. Ef viðkomandi stjórnarvöld samþykkja það, geta þessi hús komizt undir ákvæði þessara l., og er þessa þörf, því að menn hafa búizt við, að þetta mál gengi hraðar hjá löggjafarvaldinu en raun er á. En ég sakast ekki um það. Aðalatriðið er, að málið hljóti nú afgreiðslu á sómasamlegan hátt.

Þetta mál var til meðferðar hjá menntmn. þessarar hv. d. síðast og fer væntanlega þangað aftur. En þeim hv. nm., sem þar unnu að, vannst ekki tími til þess að senda málið frá sér þegar það var flutt fyrr. Nú er þetta mál flutt svo tímanlega á þinginu, að takast mundi mega að afgreiða málið á þessu þingi.

Ég hef talið mér skylt að taka inn í þetta frv. ákvæði um það, að kleift sé að stofna fríkirkjusöfnuði í landinu, ef vilji er nægur fyrir því. Og ég vil ganga það langt, að þeir söfnuðir, sem að tilteknum meiri hluta samþykkja það, eigi kost á að fá kirkjuhúsin, sem þar er um að ræða, til eignar eða umráða, því að það er að sjálfsögðu þannig, að hvert kirkjuhús, á hvaða stað sem er, er byggt fyrir allan þorra safnaðarins, sem þar er, en ekki þá fyrst og fremst, sem eftir vildu vera í þjóðkirkjunni, ef meiri hluti safnaðarins óskar að hafa fríkirkju.

Að svo mæltu óska ég, að málið verði látið ganga til 2. umr. og menntmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til menntmn. með 12:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SB, SEH, ÁÁ, EmJ, GÞ, GSv, GTh, GÞG, HB, IngJ, JóhH, JS.

nei: KTh, SigfS, SK, StJSt, HÁ, JPálm, BG.

PÞ greiddi ekki atkv.

15 þm. (JörB, LJós, ÓTh, PO, SG, SkG, StgrSt, ÁkJ, BÁ, EOl, EystJ, FJ, HelgJ, HermG, JJ) fjarstaddir.

Á 131. fundi í Nd., 19. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 88, n. 855).

Frsm. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Þetta frv. var flutt á öndverðu þingi og hefur verið rætt á ýmsum fundum menntmn. Efni þess var í stuttu máli það að greiða eftir föngum fyrir byggingu kirkna, en það er vitað mál, að margir söfnuðir þessa lands, fámennir og fátækir, hafa engin ráð til þess að endurreisa eða byggja kirkjuhús nema með aðstoð ríkisins. Það mál hefur verið til umr. á undanförnum prestastefnum, kirkjufundum, héraðsfundum og safnaðarfundum, og niðurstaðan af þeim umr. er eiginlega þetta frv., sem fer fram á, að ríkissjóður greiði ¼ hluta kostnaðar við byggingu kirkjuhúsa og á nokkurra ára bili skuli að því stefnt að endurbyggja þær eldri kirkjur, þar sem þess er þörf. — N. ræddi þetta mál með bæði fyrrv. og núv. kirkjumrh. og einnig með biskupinum yfir Íslandi, og lét hann n. í té ýtarlega umsögn um málið, sem prentuð er með nál. sem fskj.

N. tókst ekki að ná samkomulagi um að mæla með þessu frv. Hins vegar var n. sammála um að æskja þess, að ríkisstj. tæki það til næsta þings til rækilegrar athugunar, á hvern veg ríkisvaldið gæti greitt fyrir kirkjubyggingum, og varð samkomulag um það í n. að afgreiða frv. að þessu sinni með svofelldri rökst. dagskrá:

Í trausti þess, að ríkisstj. taki til rækilegrar athugunar, á hvern hátt kirkjubyggingar þjóðkirkjunnar geti orðið aðnjótandi öruggrar fjárhagsaðstoðar ríkisvaldsins, og leggi niðurstöður sínar fyrir næsta reglulegt Alþ., þykir d. rétt að taka ekki að þessu sinni fullnaðarákvörðun um málið og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Ég vil svo að lokum taka fram, að ég tel sjálfsagt, að ríkisstj. taki á þessu með fullum skilningi. Enda er það svo, að samkv. okkar stjskr. hefur ríkisvaldið tekið á sig þá skyldu að styðja og vernda þjóðkirkjuna, en vitanlega er það einn þátturinn í því starfi að gera kirkjunni kleift að koma upp kirkjuhúsum.

ATKVGR.

Rökst. dagskráin á þskj. 855, frá menntmn., samþ. með 21 shlj. atkv.

Lagafrumvörp, vísað til ríkisstjórnarinnar.

1. Húsaleiga.

Á 68. fundi í Nd., 7. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 39 7. apríl 1943, um húsaleigu (þmfrv., A. 374).

Á 69. fundi í Nd., 11. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 72. fundi í Nd., 12. febr., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 18 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Sigurður Kristjánsson): Herra forseti. Þetta frv., sem við hv. 2. þm. Eyf. flytjum hér nú, er samhljóða frv., sem við fluttum á Alþ. í fyrra. Um afgreiðslu þess frv. er það að segja, að allshn. var ósammála um það. Tveir nm. lögðu til, að frv. yrði samþ. óbreytt, einn vildi breyt. á l., en tveir vildu vísa frv. frá með rökst. dagskrá, og þessi eini vildi þó bíða að koma með brtt., unz séð yrði, hvaða örlög rökst. dagskráin fengi. En örlög málsins urðu samt þau, að það dagaði uppi og varð ekki vísað frá, og er því ekki hægt að vita um vilja Alþ. í þessu máli. Það hafa verið til umr. 3 till. um þessi mál, og allir, sem töluðu við umr. þeirra, voru sammála um, að ástandið í þessum málum væri orðið óviðunandi, og allir greiddu atkv. með því, að eitthvað yrði gert. Af þessu mætti ráða það, að jafnhógvært frv. og þetta er fengi byr á þingi nú. Ég vil nú rifja upp það, sem haft var á móti frv. í fyrra, en það kemur fram í rökst. dagskránni, en þar segir, að „Alþingi það, er nú situr, hefur með þál. falið ríkisstj. að láta tafarlaust fara fram rannsókn á áhrifum húsaleigulaganna, framkvæma endurskoðun á þeim, og leggja niðurstöðurnar fyrir næsta reglulegt Alþ.“ Þetta eru ástæðurnar, og af þessum ástæðum telja þeir, að frv. sé óþarft, en að hið fyrsta þurfi að fara fram rannsókn á þessum l., um það eru allir sammála, og að svo búið megi ekki standa.

Við umr. um þetta mál í fyrra kom í ljós ótti við, að þetta mundi skapa glundroða. Húsaleigun. áleit, og það virðist vera skoðun allmargra þm., að við þetta mundu margir menn lenda á götunni. Nú eru engin rök fyrir þessu færð, og mér er ekki skiljanlegt, hvernig þetta má verða. Þvert á móti eru færð fyrir því rök af ýmsum, að hér sé verulega mikið af húsnæði ónotað, en ég hef ekki getað sannprófað það, en ef þetta er svo, stafar það vitanlega af því, að menn hafa ekki þorað að hleypa fólki inn í það.

Það hafa verið færð fyrir því rök, að húsaleigul. væru sett sem styrjaldarráðstöfun og sé því óeðlilegt að breyta ekki um nú. Þessi ráðstöfun var neyðarúrræði, og hún gekk mjög freklega á rétt manna til að ráða eignum sínum. Af l. hafa skapazt ýmiss konar óþægindi. Það hefur skapazt tvenns konar húsaleiga, önnur, sem er svo há, að telja má hana fullkomið óréttlæti, og svo önnur svo lág, að telja verður húsin verðlaus, sem verður að telja mjög illt. Önnur óþægindi, sem leitt hefur af þessum ráðstöfunum af því, hve lengi þær hafa staðið, er ill sambúð milli eigenda og leigjenda, og mætti mikið í sölurnar leggja til leiðréttingar á því.

Þegar við fluttum þetta frv. upphaflega, var mikið af íbúðum í smíðum, þá fengum við þær upplýsingar, að um 1000 íbúðir væru í smíðum. Af þessu er mikið komið upp, en mikið enn í byggingu. En fólksfjölgun er mikil í bænum og kannske meiri en í hlutfalli við það. En það eru allir á einu máli um það, að ástandið sé óviðunandi.

Sú breyt., sem við höfum gert ráð fyrir, er ekki stórvægileg, en hún er sú, að menn fái umráðarétt yfir húsum sínum, ef um systkin og aðra nánustu vandamenn er að ræða, en nú er aðeins unnt að segja upp leigjanda, ef um er að ræða eiganda sjálfan eða ættingja í beina línu.

Önnur rýmkun, sem gert er ráð fyrir, er sú, að heimilt sé að segja upp húsnæði, sem notað er til atvinnurekstrar. Á stríðsárunum var mikið af íbúðarhúsnæði tekið til að hafa þar veitingasölu, sérstaklega fyrir hermenn. Aðalandstaðan gegn þessari breyt. var sú, að menn voru hræddir um, að með þessu yrði mjög þrengt að kosti mjólkursölunnar, og má það vissulega til sanns vegar færa. En aðalgrýlan í augum manna er samt sú, að þetta mundi lækka húsaleiguvísitöluna að nokkru.

Nú er það vissulega svo, að ég sé mikla annmarka á þessu frv., en ég sé ekki, að það sé hægt að taka nokkrum mönnum blóð, svo sem gert er, til þess að halda niðri dýrtíðinni. Það er hvorki réttmætt né sanngjarnt.

Ég mun ekki fara út í álit húsaleigun. varðandi frv., en ég hef margt við frv. að athuga. En bezt er að láta frv. nú fara til n. Eitt atriði hefur n. sett mjög út á, það að segja megi upp leigu, ef er eldri en 1941. Þetta segir n. að sé háskalegt, en ég held, að það þurfi ekki lítið hugmyndaflug til að sjá eitthvað háskalegt í þessu. Ég vil nú benda á það, að hér er alls ekki um svo stórvægilegt mál að ræða, að ekki megi sæta athugun í n., en ég vil minna á það, áður en málið fer til n., að það er mjög almennt undan því kvartað, að húseig endur láti menn borga eins konar mútur til þess að komast inn í íbúðir, og er ekki því að leyna, að ég veit dæmi þess, en af þessu er enn brýnni ástæða til þess að athuga þessi mál vandlega, og vita, hvort ekki er hægt að hnekkja þessum ósóma.

Nú hefur Reykjavíkurbær látið byggja mörg íbúðarhús, og hefur bærinn ætlað að leigja íbúðirnar með kostnaðarverði. Mér sýnist nú, að húsaleigun. ætti eftir þeim niðurstöðum, sem fást af því, hver kostnaður þessara íbúða verður, að geta fengið mælikvarða um það, hvað er réttmætt að taka í leigu fyrir hvern teningsmetra, og ættu þá að liggja ströng viðurlög við brotum á þessu. En aðalatriðið er, að allir njóti jafnréttis.

Ég mun svo ekki hafa þessi orð fleiri, en mælast til þess, að málið fái afgreiðslu í tíma og að hv. Alþ. taki ákvörðun um þessi atriði, hvort sem það kostar fórn í vísitölu eða ekki.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til allshn. með 19 shlj. atkv.

Á 131. fundi í Nd., 19. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 374, n. 839).

Frsm. (Garðar Þorsteinsson): Herra forseti. Snemma á þessu þingi flutti ég ásamt hv. 5. þm. Reykv. (SK) frv. til l. um breyt. á núgildandi húsaleigul. Við höfðum á síðasta þingi flutt frv. eins að efni til, en allshn., sem það fór til, varð ekki sammála um málið, og mun það hafa verið afgr. með rökst. dagskrá eða dagað uppi. Við fluttum síðan frv. á þessu þingi, og var því vísað til allshn., sem hefur haldið nokkra fundi um málið og fékk strax upplýst, að á síðasta sumri, 28. ágúst 1946, hefði ríkisstj. skipað þriggja manna n. til þess að athuga áhrif húsaleigul. og endurskoða þau og gera ákveðnar till. til úrbóta á því vandræðaástandi, sem ríkir í þessum málum hér í bænum. Meiri hl. allshn. vildi, þegar þetta mál kom til hennar, bíða eftir áliti þessara nm., enda fékkst upplýst frá einum þeirra, að von væri á áliti fljótlega. Ekki alls fyrir löngu kom svo þetta álit n. til ríkisstj., og er n. að vísu klofin um málið, þannig að tveir nm. gera ákveðnar till. og þriðji nm. gerir einnig ákveðnar till., en gengið er mislangt í þeim breyt. Allshn. fékk þetta nál., sem er mjög langt, um 60 síður vélritaðar, aðeins að láni og hefur athugað það, en hefur hins vegar ekki, samkv. ósk hæstv. ráðh., tekið upp eða látið prenta niðurstöður þessarar n., og er það vegna þess, að ríkisstj. er ekki sjálf búin að athuga þetta nál., en hæstv. ráðh. hefur leyft mér að hafa eftir sér, að fyrir næsta Alþ. muni verða bornar fram í frv.formi ákveðnar till., þ. e. frv. til l. um breyt. á gildandi húsaleigul.

Ég fyrir mitt leyti hef kynnt mér niðurstöður bæði meiri hl. og minni hl. n., og eftir atvikum get ég fellt mig við þær niðurstöður, sem þessir menn hafa komizt að. En þar sem hins vegar hæstv. ríkisstj. hefur ekki haft tíma til þess að kynna sér þetta nál., varð að samkomulagi í allshn. að leggja til, að þessu máli verði vísað til ríkisstj., og tekur n. fram, að það sé gert í því ákveðna trausti, að ríkisstj. leggi fyrir næsta Alþ. nú í haust frv. til nýrra húsaleigul., og enn fremur í trausti þess, að til grundvallar því frv. verði að verulegu leyti lagðar þær niðurstöður, sem felast í nál. meiri og minni hl. hinnar stjórnskipuðu n. Ég vil því óska þess fyrir hönd allshn., að afgreiðsla málsins verði sú, að því verði vísað til ríkisstj.

ATKVGR.

Till. allshn. á þskj. 839, um að vísa málinu til ríkisstj., samþ. með 18 shlj. atkv.

---

2. Embættaveitingar og ráðning opinberra starfsmanna.

Á 58. fundi í Nd., 24. jan., var útbýtt:

Frv. til l. um embættaveitingar og ráðning opinberra starfsmanna (þmfrv., A. 314).

Á 59. fundi í Nd., 27. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 18 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Þar sem ég hef ritað alllanga grg. með þessu frv., get ég látið nægja að fara aðeins örfáum orðum um það á þessu stigi málsins. — Í þessu frv. um embættaveitingar og ráðning opinberra starfsmanna eru þrjú meginatriði. Í fyrsta lagi, að óheimilt sé að stofna til embættis eða opinbers starfs nema með sérstakri lagaheimild. Í öðru lagi, að öll embætti og opinber störf skuli auglýsa til umsóknar. Í þriðja lagi, að áður en ráðh. veiti embætti, skuli hann ætíð leita umsagnar tiltekins embættismanns um það, hver sé hæfastur til að hljóta stöðuna. Um 1. og 2. atriðið hygg ég, að ekki geti verið ágreiningur. Í raun og veru er það svo, að samkv. stjórnskipun ríkisins er ráðh. óheimilt að stofna til embætta án lagaheimildar. Framkvæmdarvaldið, ríkisstj., getur ekki bakað ríkinu útgjaldaskyldur, án þess að heimild sé til þess í sérstökum l., a. m. k. fjárl. Engu að síður hefur kveðið nokkuð að því á síðari árum, að til embætta og opinberra starfa hefur verið stofnað, án þess að Alþ. hafi nokkuð verið um það spurt

eða leitað hafi verið nokkurrar heimildar til slíks, og hefur þetta valdið miklu ósamræmi í því, hvernig til einstakra embætta og opinberra starfa hefur verið stofnað.

Fyrir nokkru stóð hörð deila hér á Alþ. um það, hvort stofna skyldi til tveggja dósentsembætta við háskólann, annars í sögu, en hins í bókmenntasögu, og óx sumum mjög í augum þau útgjöld, sem þetta mundi skapa, og var það marið í gegn með litlum meiri hl. En þegar þess er gætt, að s. l. tvö ár hefur verið skipað í 10 embætti við atvinnudeild háskólans af ráðh., án þess að Alþ. hafi haft þar nokkuð um að segja, þá skýtur heldur skökku við, að þar eru veitt mörg embætti við sömu stofnunina, sem Alþ. hafði deilt um, hvort ætti að fjölga embættum við, án þess að löggjafinn kæmi þar nokkuð nærri. Ég er ekki að áfellast stofnun þessara embætta við atvinnudeildina, en aðeins benda á það ósamræmi, sem er á embættisveitingum við sömu stofnunina. Ég hef borið fram fyrirspurn til hæstv. atvmrh. varðandi embættaveitingu við atvinnudeildina, en hann hefur ekki enn séð ástæðu til að svara henni. Ég hygg því, að varla geti orðið um ágreining að ræða varðandi þetta atriði, að halda þessari reglu í heiðri, sem er lögvernduð í stjskr., enda mun hitt vera tiltölulega nýr siður.

Þá tel ég það annað meginatriði frv., að auglýsa beri embættin, áður en þau eru veitt. Það er nauðsynlegt til þess, að hæfir menn veljist í embættin, og sjálfsögð réttlætiskrafa gagnvart þeim, sem hugsa sér að vinna í þjónustu ríkisins. En á þessu hefur verið allmikill misbrestur, og er þess skemmst að minnast, að landbrh. veitti fyrir fáum dögum embætti, án þess að auglýst hefði verið.

Um þriðja meginatriði frv., til hverra ráðh. skuli leita umsagnar varðandi veitingu embætta, skal ég játa, að um ágreining getur orðið að ræða. En það er mjög nauðsynlegt, að til séu fastar reglur um þetta atriði. Slíkar reglur eru í hefð í nágrannalöndunum og þeim stórveldum, sem næst okkur eru. Það ræður auðvitað af líkum, að þau lönd eru þar lengra á veg komin en við, þar sem þau eiga að baki sér lengri þróun þeirra mála. Svo skammt er, síðan Íslendingar tóku öll mál í sínar hendur, að slíkar reglur hafa ekki enn náð að festast hér. Hér veldur og nokkru um fámenni þjóðarinnar og kunningsskapur, og ef athugaðar væru embættaveitingar, frá því að æðsta stjórnin fluttist inn í landið, kæmi í ljós mikil óánægja út af þessum veitingum og skortur á, að sambærilegum reglum væri fylgt. En það leikur ekki á tveim tungum, að nauðsyn er á slíkum reglum, til þess að til starfa veljist hæfir menn, og það er sanngirniskrafa þeirra manna, sem ganga vilja í þjónustu ríkisins, að fastar reglur verði um þetta settar og þeir viti, að góðar og viðhlítandi reglur séu til. En til þess að tryggja réttlæti í veitingu embætta er sú leið farin, að ávallt skuli leita umsagna manna, sem setið hafa lengi í embættum og þekkingu og reynslu hafa í þeim málum. En ekki þótti tiltækilegt að taka veitingavaldið úr höndum ráðh. og láta embættismenn hafa það með höndum, því að rétt er, að sá hafi það, sem ábyrgðina ber, en nauðsynlegt er að tryggja það, að tekið sé tillit til hefðar, sem skapazt hefur, og að sú hefð sé góð og réttlát. Sú leið, sem hér er stungið upp á, er að leita ávallt umsagnar ákveðinna manna, svo sem nánar er greint í frv.

Embættunum er í frv. skipt í tvennt, embætti, sem lúta forstöðuembættum, og forstöðuembætti. Um forstöðuembættin skal leita umsagnar skrifstofustjóra stjórnarráðsins og deildarforseta háskóla Íslands.

Nú má segja, að skrifstofustjórarnir séu háðir ráðh. og því óeðlilegt, að leitað sé umsagnar þeirra. En hér er mikill vandi á höndum, og komu mér ekki aðrir menn betri til hugar, enda er hér um að ræða embættismenn, sem sitja lengi í embættum og ættu að þekkja vel þær reglur, sem til eru, og þær hefðir, sem gilda um þessi mál. En ég er reiðubúinn að ræða þetta atriði við þá hv. n., sem fær þetta frv. til meðferðar, ef hún vildi taka upp aðra skipun á þessum málum.

Um þau embætti, er lúta forstöðuembættum, er gert ráð fyrir, að leitað sé umsagnar þess manns, sem hefur forstöðuembættið á hendi, en auk þess, að fráfarandi embættismanni sé gefinn kostur á að láta í ljós álit sitt á því, hver hann óskar að taki við embættinu.

Í 7. gr. frv. er ákvæði um, hversu meta skuli hæfni umsækjanda til embættis, og er þar gerður greinarmunur á þeim embættum, sem krefjast sérþekkingar, og þeim, sem ekki krefjast þess.

Um fyrri flokkinn er rétt að leggja höfuðáherzlu á, að sá verði valinn í embættið, sem fullnægir bezt kröfum um menntun og sérþekkingu, en ef slíks er ekki krafizt, skuli embættisaldur mestu ráða, þegar valið er milli umsækjenda, og verður að telja það réttlátt, ef um marga hæfa menn er að ræða. Þetta virðist og vera sanngirniskrafa gagnvart þeim, sem nú eru í þjónustu ríkisins, en óska að skipta um embætti, en ég vil taka það skýrt fram, að ekki er ætlazt til, að þessi regla sé látin ráða um þau embætti, sem krefjast sérþekkingar.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta mál að sinni, en vænti þess, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. allshn. Ég tel hér um þýðingarmikið mál að ræða, því að embættaveitingar hafa verið með þeim hætti, að eitthvað verður úr að bæta, annaðhvort með l. eða bíða þess, að hefð skapist um þær, og vænti ég, að hv. n. taki málið til rækilegrar athugunar.

Gísli Sveinsson: Herra forseti. Ég vil ekki á þessu stigi málsins ræða ákvæði þau, sem frv. gerir ráð fyrir, að sett verði, en benda á nokkur atriði, sem rétt er að komi fram nú þegar við 1. umr.

Í frv. gætir nokkurs ókunnugleika, svo og í rökstuðningnum, bæði framsöguræðu og grg. Gert er ráð fyrir, að ákvæði þessa frv. taki til þeirra starfa, sem ráðh. veitir, það er þeirra embætta, sem forseti Íslands hefur í höndum, og annarra embætta, sem ráðh. veita. Það er ekki rétt, að löggjöf fjalli um fleiri embætti, en í 10. gr. er vikið að öðrum störfum, svo sem forstjórum fyrir stofnunum o. fl. Það er ekki eðlilegt, að löggjöfin nái lengra en til þeirra

embætta, er ráðh. veita, því að það mundi trufla umráð stofnananna yfir sínum mönnum. Ég tel því, að það sé ekki réttmætt, þegar hv. flm. tekur þetta inn í 10. gr. og virðist ætlast til, að ráðh. ákveði með reglugerð, hversu með skuli fara. Það er enn fráleitara, því að til hennar skortir alla heimild, t. d. um kaupstaði, sem ekki lúta ríkisvaldinu, og væri því slík reglugerð ólögmæt, þrátt fyrir það að þetta frv. yrði að l.

Það er mjög athugandi, hvort það er eðlilegt, að einstakir þm. ráðist í að bera fram slík frv. Er ekki réttara að ríkisstj. sé falið það? Ég tel, að undirbúningur slíkra frv. þurfi að vera mjög góður og ríkisstj. ætti að hafa hann með höndum og þm. svo að taka afstöðu að þeim undirbúningi loknum.

Sú leið var farin 1945 í sambandi við veitingu embætta héraðsdómara að fela ríkisstj. að leggja frv. um það efni fyrir Alþ., en það hefur ekki komið til framkvæmda enn. Það náði þá ekki lengra en til héraðsdómara, en þegar til þings kom, vildu ýmsir þm. bæta fleiri embættum við, t. d. læknum, og það mætti segja, að heildarfrv. ætti að bera fram, og væri hægt enn, því að árangur er ekki enn kominn í ljós. Það var lagt til 1945, að um veitingu héraðsdómaraembætta gilti sú regla, að leitað yrði umsagnar 3 manna nefndar og væri einn tilnefndur af félagi héraðsdómara, sem er eðlilegt, þar sem það er þeirra stofnun, annar tilnefndur af hæstarétti og sá þriðji af lagadeild háskólans, sem nú útskrifar alla þá, sem til greina koma, og veit því vel um hæfileika hvers og eins.

Ég vil taka það fram, að með þessu er ég ekki og mótmæla því, að allsherjarlagasetning komi um embættaveitingar. Um lækna hefur þegar myndazt föst regla, og þótti því ekki ástæða til að taka þá með 1945. Þau embætti eru veitt samkv. till. frá landlækni og Læknafélagi Íslands, og hefur varla verið frá því vikið um tugi ára. Hvaða ástæða er til að lögfesta þetta, skal ég ekki segja að svo stöddu. Um presta gilda föst ákvæði, þeir eru kjörnir í hverju prestakalli, og eftir því fer veiting þeirra. Ef kosning er ekki lögmæt, sem er algengt, leggur biskup venjulegast til, að sá fái embættið, sem fær flest atkv. Frá þessu hefur svo lítið verið vikið, að ekki er ástæða til að gera rellu út af því. En það er athugandi, hvort ekki ætti að breyta þessu svo, að fella kosninguna niður, en ríkisvaldið veiti prestsembættin, en um það skal ég ekki segja að sinni, en kosningarfyrirkomulagið er gallað. Nú eru aðrir embættismenn á ríkisins vegum, svo sem við háskólann og t. d. við útvarpið. Hv. flm. veit, að aðrar reglur gilda þar um ráðningar, þótt að vísu hafi verið vikið þar frá, en ekki vil ég fara út í það. Aðalreglan er þessi, og svona mætti lengi rekja. Það er hæpið að fara of langt, en ef ríkisvaldið er ekki bundið, þá skapast meiri óánægja með það en ef ekkert væri um aðhald, en verr væri af stað farið en heima setið, ef setja ætti upp ráðuneytisbákn. Ég tel æskilegast að setja í lögin ákveðin skilyrði í þessu efni um það, hverjir kæmu til greina í slík embætti, og þá yrðu mestar líkur fyrir því, að menn gerðu grein fyrir lærdómi og hæfni. Eins og þetta frv. liggur fyrir, tel ég það merkt mál, en ég tel varhugavert að flana hér að neinu. Nú fer málið í n., og mun hún að sjálfsögðu athuga, hvort ekki sé rétt að breyta einhverju og koma ýmsu meir á hreint en nú felst í frv.

Jörundur Brynjólfsson: Herra forseti. — Ég tel það virðingarvert af hv. flm. þessa frv. að hreyfa þessu máli og vekja athygli á því, hve óákveðið er um embættaveitingar. Eftir þeim l., sem nú gilda um þetta, er þetta nokkuð laust í reipunum, en flokksvenjan hefur verið sú regla, sem veitt hefur verið eftir, og jafnvel innan flokkanna hefur sú regla ekki verið einhlít. Það er einnig ljóst, að nokkuð hefur kveðið að því, að ráðh. stofni til embætta án þess að hafa einu sinni fjárveitingavaldið með í ráðum.

Hv. síðasti ræðumaður vék að því, að hæpið væri að einskorða of mjög veitingarvaldið. Ég er ekki fylgjandi því, að sterkar skorður séu settar út í yztu æsar, en núverandi los er óforsvaranlegt, að haldist áfram. Er launalögin voru sett, var vikið að því, að rétt væri að ákveða nánar um réttindi og skyldur embættismanna, en það vannst ekki tími til þess á Alþ. að ganga frá þeim ákvæðum þá. Síðan hefur í þessu ekkert verið gert, en þetta er svo mikilvægt mál, að það nær ekki neinni átt að hafa ekkert við að styðjast sem skilyrði fyrir embættaveitingum, svo sem nám og starfsleikni. Eins er um almennan rétt, að embættisveiting ætti að vera bundin t. d. við lögaldur og ríkisborgararétt, en allt er þetta óákveðið, og eins er um þýðingarmeiri embætti, að sé ekki um fyrri reynslu starfsmanns að ræða, þá er varhugavert, að hann sé samstundis skipaður. Ég vil benda á, eins og hv. þm. V-Sk. tók fram, að vandi er að setja l. um slík efni. Slíkt verður vart gert fyrr en eftir góða íhugun og góðan kunnugleika.

Hv. flm. frv. hefur fundið að stofnun embætta án lagaheimildar. Hyggilegt teldi ég að taka til athugunar aðferðir annarra þjóða í þessum efnum. Hjá Dönum og Svíum er fyrirkomulagið það, að sérstök n. ákveður, hvort taka eigi upp nýtt embætti, en síðan er málið að fengnum úrskurði n. lagt fyrir þjóðþingið. Þetta þyrfti að athuga. Sama ætti að vera um ýmis smærri embætti, að starfsþörfin yrði metin. Annars hygg ég, að sérstakur embættismaður í stjórnarráðinu ætti að hafa umsjón með stjórnarskrifstofunum. Þyrfti hann tvo menn sér til aðstoðar til mats á starfinu, og þriðji aðilinn yrði sá maður, sem þetta heyrði undir.

Þetta frv. drepur aðeins á nokkra þætti þessa máls. Hv. flm. hefur leitazt við að finna leið, sem betri væri, og vill að miðað sé við hæfileika, en ég er hræddur um, að það væri engan veginn öruggt ákvæði í frv., því að oft eru mikil tengsl á milli starfsveitanda og umsækjanda, og er því mikill vafi um örugglegt hlutleysi eins og vakir fyrir flm.

Ég hef vakið máls á þessu til frekari áherzlu á ræðu hv. þm. V-Sk., og ég er sammála honum í því, að hér þarf mikillar athugunar við og kunnugleika, og tel hæpið, að þingnefnd vinnist tími til að gera

þetta mál vel úr garði eða hafi nægan kunnugleika til að leysa þetta verk, en þetta er gott mál. Það má vera, að þessu máli verði vísað til n., sem ég á sæti í, og fer ég því ekki nánar út í þetta að sinni, en mér gefst tækifæri að athuga málið nánar, er n. fer að vinna að málinu. Ég tel vel farið, að hv. flm. þessa frv. hreyfði málinu, ef það yrði til þess, að löggjöf verði sett um þessi efni.

Umr. frestað.

Á 60. fundi í Nd., 28. jan., var fram haldið 1. umr. um frv.

Flm. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. — Það eru aðeins örfáar aths., sem mig langar til að gera. Ég þakka hv. þm. V-Sk. og 1. þm. Árn. fyrir þau ummæli, sem þeir viðhöfðu varðandi mál þetta í gær, þar sem þeir töldu þetta frv. að ýmsu leyti þarft. Hv. þm. gat um, að tvær veilur hefðu verið í rökstuðningi mínum, sem stöfuðu af ókunnugleika. Það hefði sem sé ekki komið fram hjá mér, að mér hefði verið kunnugt um, að á þinginu í fyrra hefði verið lögð fram þáltill. um að skora á ríkisstj. að breyta löggjöf um veitingu héraðsdómaraembætta. Mér var ekki kunnugt um þetta, enda hlaut till. ekki afgreiðslu. Þess vegna sé ég ekki heldur, hvaða máli það hefði skipt, þótt mér hefði verið kunnugt um þessa till. Í þeirri till. er gert ráð fyrir, að leita skuli umsagnar n., og er hún því í grundvallaratriðum ólík frv. þessu, þar sem ég tel óæskilegt, að n. fjalli um þessi mál. Ég er í hópi þeirra manna, sem hafa mjög takmarkaða trú á nefndarskipulaginu og sérstaklega til þess að verða ráðgefandi um slík mál sem þessi. Ég hef viljandi algerlega sneitt hjá því að leita til n. í stað embættismanna í þessu sambandi. Hitt atriðið, sem hv. þm. nefndi í sambandi við þetta mál, var varðandi 10. gr. Sú gr. er um veitingu starfa hjá ríkisfyrirtækjum. Þar segir, að viðkomandi aðilar skuli setja reglugerð varðandi veitingu þeirra embætta, sem þeir hafa með að gera, og ráðh. skuli svo staðfesta þá reglugerð. Hv. þm. sagði, að slík reglugerð væri ólögleg. Hafi ég ekki misskilið hv. þm., þá kemur mér þetta spánskt fyrir, að jafnmikill lagamaður skuli halda þessu fram. Það er ómögulegt að skilja 10. gr. þannig, að ráðh. skuli sjálfur framkvæma og setja reglugerð um þetta efni. Allir, sem lesa 10. gr., munu sjá, að slíkt er misskilningur. Þar er gert ráð fyrir, að viðkomandi aðilar setji sér reglugerð, sem ráðh. svo staðfestir. Ég er þess fullviss, að hv. þm. er kunnugt um mörg hliðstæð tilfelli, t. d. setning heilbrigðisreglugerða og fleiri hliðstæð dæmi. Ég vænti, að þetta sé hér með leiðrétt.

Hv. þm. varð á örlítil ónákvæmni, þar sem hann gat um, að viðkomandi ýmsum embættisflokkum hefðu gilt fastar reglur um skeið eða jafnvel áratugi, og nefndi í því sambandi læknisembætti, þau hefðu verið veitt samkv. till. landlæknis. Þetta er ónákvæmni, því að þótt ég sé ekki gamall maður, þá man ég um veitingu slíks embættis, sem mikill styrr stóð um, og var þá embættið veitt gegn meðmælum landlæknis. Það kæmi mér mjög á óvart, ef hv. þm. er algerlega liðin úr minni stjórnartíð hv. þm. S-Þ.

Fleira kom ekki fram hjá hv. þm., sem ástæða er til að fjölyrða um. Ég þakka þann velvilja, sem kom fram í ræðum hv. þm., og þær aths., sem þeir hafa gert, álít ég, að hafi verið meintar sem mjög velviljaðar leiðbeiningar af þeirra hálfu.

Gísli Sveinsson: Herra forseti. — Ég vil aðeins gera hér örlitla aths. og mæli hana til flm. þessa frv.

Hv. flm. hefur látið hér falla nokkur orð varðandi tvö atriði, sem ég sagði í gær, að stöfuðu af ókunnugleika hv. þm. Hv. flm. játaði frjálslega, að hann hefði ekki haft hugmynd um þáltill., sem flutt var hér á þingi varðandi þetta mál. En ég hafði talið, að beinast lægi við að taka tillit til þess, sem fram hefði komið í þessu máli.

Varðandi ákvæði 10. gr. þá stendur þar sem sé ekki neitt um vald eða heimild, heldur að ríkisfyrirtækjum og opinberum stofnunum, sem ákvæði 2. gr. taka ekki til, svo og kaupstöðum, fyrirtækjum og stofnunum þeirra, skuli hlutaðeigandi aðili setja reglugerð, er ráðh. staðfestir. Þetta er gert að skyldu, sem ég tel að ófyrirsynju. Það er ekki hægt að skylda viðkomandi aðila til að gera þetta með einfaldri reglugerð. En hvað um það, þetta atriði hefur ekki mikið að segja. Hv. þm. drap einnig á það, sem ég sagði í gær um reglur, sem gilt hefðu um veitingu sumra embættisflokka. Hv. þm. nefndi læknaembætti, sem vel mátti, þar sem ég tók það dæmi og taldi, að um tug eða tugi ára hefði gilt sú regla að veita eftir till. landlæknis eða Læknafélags Íslands. Hv. þm. nefndi dæmi í stjórnartíð ákveðins þm., þar sem vikið hefði verið frá þessu. Þar sem liðið er nokkuð á annan tug ára, síðan viðkomandi þm. var ráðh., og þar sem allir sættu sig við þetta, þá tel ég þetta geta staðizt, enda undantekningin aðeins til þess að staðfesta regluna. Ég held því, að allt ætti að geta fallið í ljúfa löð okkar á milli.

Ég er því fylgjandi eins og hv. 1. þm. Árn., að n. taki við málinu, sem svo væntanlega rannsakar það og gerir gangskör að því, að það komist heilu og höldnu til réttra hlutaðeigenda.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til allshn. með 19 shlj. atkv.

Á 126. fundi í Nd., 12. maí, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 133. fundi í Nd., 20. maí, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 314, n. 787).

Frsm. (Jörundur Brynjólfsson): Herra forseti. — Ég þarf ekki að segja mörg orð um þetta mál, get látið nægja að vísa til nál. Þó að það sé ekki margbrotið, þá er þar drepið á það, sem máli skiptir. Ég vil geta þess, að einn nm. gat ekki tekið þátt í afgreiðslu málsins sakir lasleika.

Það er ekki vafi á því, að mál það, er hér er

um fjallað, er mjög þýðingarmikið. Bæði er, að mikið ríður á, að valdir séu hæfir menn, og svo hitt, að þeir hafi trygg réttindi og ákveðnar skyldur í starfi sínu. Nú er allt mjög á reiki um það, hvernig skipað er í embætti, og jafnvel eru til dæmi þess, að bætt sé við opinberum starfsmönnum, án þess að ráðh. sé á nokkurn hátt til þess kvaddur. Þetta virðist vera mjög óheppilegt. Víða erlendis eru sérstakir menn látnir meta, hvort þörf er á að bæta við nýjum starfsmönnum, og hygg ég, að við ættum að taka upp svipað fyrirkomulag.

N. var á einu máli um það, að heppilegast væri, að ríkisstj. undirbyggi og hraðaði löggjöf um þetta efni, því að á henni er mikil nauðsyn, svo að hægt verði að fá fastari grundvöll en nú er. Ég fjölyrði svo ekki frekar um þetta, en vænti, að hv. flutningsmaður og hv. deild geti fallizt á þessa afgreiðslu málsins.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. — Ég get látið nægja örfá orð. Ég er n. þakklátur fyrir, að hún viðurkennir nauðsyn lagasetningar um þetta efni. Ég viðurkenni, að hér er um stórmál að ræða, sem krefst mikils undirbúnings, og við þann undirbúning er margs að gæta. Vegna þess get ég vel sætt mig við, að málinu sé vísað til ríkisstj. í því trausti, að hún láti hendur standa fram ár ermum og undirbúi löggjöf um þetta sem allra fyrst. Ég vil svo aðeins vekja athygli á því, að það er á misskilningi byggt, sem sumir hafa fundið frv. til foráttu, að þar væri lagt til, að undirmenn ættu að gera till. um yfirmenn sína. Það er gert ráð fyrir, að ráðh. leiti umsagnar umsagnaraðila samkv. 4.—6. gr. frv.

ATKVGR.

Till. allshn. á þskj. 787, um að vísa málinu til ríkisstj., samþ. með 18 shlj. atkv.

Lagafrumvörp ekki útrædd.

1. Iðnfræðsla.

Á 4. fundi í Sþ., 25. okt., var úbýtt frá Ed.:
Frv. til l. um iðnfræðslu (stjfrv., A. 41).

Á 5. fundi í Ed., 28. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. — Það er svipað að segja um þetta frv. og það frv., sem var til umr. hér næst á undan. Frv. hefur verið flutt áður og er þess vegna hv. þm. kunnugt. Það er einnig samið af mþn., sem skipuð var samkv. sérstakri þál. til þess að rannsaka þessi mál, kynna sér þau og gera um þau tillögur, og er frv. niðurstaðan af athugunum þeirrar nefndar.

Við iðnfræðslu er hægt að fara tvær ólíkar leiðir, að hafa skólakennslu fyrir iðnaðarmennina eða svokallaða meistarakennslu. Skólakennsla hefur ekki tíðkazt hér á landi fyrir iðnaðarmenn og er raunar sjaldgæf líka úti um heim, þannig að þar er nú meistarakennsla langmest ráðandi, þannig að flestir iðnaðarmenn fá kennslu sína hjá meisturum. En auk þessarar verklegu kennslu, sem þeir fá hjá meisturum, er komið fyrir bóklegri kennslu í skólum, þar sem þeir fá tækifæri til að stunda nokkurt bóklegt nám. Þá er og gert ráð fyrir, að komið verði upp sameiginlegri yfirstjórn þessara mála, er nefnist iðnfræðsluráð og hefur það hlutverk á hendi að vera til eftirlits og íhlutunar um þessi mál. Er t. d. gert ráð fyrir, að það skuli halda uppi leiðbeiningastarfsemi um stöðuval, en eins og kunnugt er, er slíkt starf ekki til hér nú sem stendur. Erlendis hins vegar er svo fyrir mælt, að þegar íbúatala borganna er komin yfir vissa tölu, sé skylt að hafa stofnanir, sem leiðbeini ungum mönnum um það, hvaða störf þeir skuli takast á hendur, með tilliti til hæfileika þeirra og atvinnumöguleika í einstökum greinum. Gert er ráð fyrir að fara inn á þetta með þessu frv., og tel ég það mikið til bóta. Þá er og gert ráð fyrir, að iðnfræðsluráð haldi skýrslur eða fylgist með þróun iðngreinanna, og er það auðvitað mjög mikils virði. Þá er og iðnfræðsluráði falið að skera úr um það, hverjir megi kenna og hverjir megi njóta kennslunnar og hvað margir, en numin burtu ákvæði, sem voru um það í eldri l. Þetta ætti að mæta þeim kröfum, sem uppi hafa verið um það að bæta úr þessum ágöllum gömlu l., sem eru orsök þess, að málinu var hreyft hér í þessu formi.

Fleiri smáatriði eru ný í frv., sem skipta ekki höfuðmáli, og skal ég því láta vera að fara í að ræða þau, en vil láta í ljós þá ósk, að þessu máli verði hraðað, svo að það þurfi ekki að daga uppi á ný, því að það felur í sér verulegar breyt. til bóta frá þeim l., sem nú gilda. — Leyfi ég mér svo að leggja til, að frv. verði vísað til 2. umr. og iðnn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til iðnn. með 13 shlj. atkv.

Á 56., 59. og 60. fundi í Ed., 27., 28. og 29. jan., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 62. fundi í Ed., 31. jan., var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 41, n. 311, 312, 320).

Frsm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. — Ég hygg, að þetta sé í þriðja skipti, sem þetta frv. liggur fyrir hv. Alþingi. Frv. er samið af mþn., sem á sínum tíma var skipuð af ráðuneytinu til þess að endurskoða iðnlöggjöfina. Í fyrsta skipti kom frv. svo seint til Ed., að það vannst ekki tími til að ganga frá því í iðnn. þessarar hv. d. Í annað skipti varð fullkomið samkomulag. Það var á síðasta þ., og gaf þá n. út þskj. um málið, og skrifuðu allir nm. undir fyrirvaralaust. En þá var komið svo nærri þingslitum, að ekki var hægt að afgreiða málið að áliti forseta, og voru það vonbrigði, sérstaklega þar sem fullt samkomulag var um málið. Út í það atriði skal ég þó ekki fara nánar, en aðeins geta um það, að þetta samkomulag hefur mjög verið til umr. nú í iðnn., sem nú er öðruvísi skipuð en þá. Nú eru í henni 5 menn og ekki nema einn, sem var á síðasta þingi.

Nefndin hefur nú rætt þetta mál og haldið um það 10 fundi. Hún hefur kynnt sér nál. á þskj. 697, sem ég gat um áðan, og þær brtt., sem þar voru bornar fram sameiginlega af n. Síðan sendi n. þetta frv. til umsagnar til Landssambands iðnaðarmanna og iðnsveinaráðs Alþýðusambands Íslands og fékk frá þeim svör, sem ætlazt var til, að yrðu birt með nál., en af einhverjum ástæðum hefur það fallið niður.

Ég mun gera grein fyrir þessum svörum í framsögu. Auk þessa kvaddi n. á fund sinn fulltrúa frá landssambandinu og fulltrúa frá iðnsveinaráðinu.

N. var sammála um að leggja til, að gerðar yrðu breyt. á frv., eins og kemur fram á þskj. 311, en tveir nm. (StgrA og SÁÓ) létu í ljós, að þeir mundu halda sig sem mest við það samkomulag, sem náðst hafði milli fulltrúa, meistara og sveina í mþn., sem undirbjó frv. Hins vegar voru aðrir tveir nm. (GJ og PZ), sem vildu gera róttækar breyt. á frv., en með því að n. var sammála um þær brtt., sem ég gat um áðan, þótti rétt, að n. bæri fram sjálfstætt álit, en nm. væri frjálst að bera fram brtt. og fylgja brtt., er fram kynnu að koma. Ég tók það fram, að ég mundi ekki gera það að skilyrði fyrir fylgi mínu við frv., að mínar brtt. næðu fram að ganga, en ég mundi fylgja því eigi að síður. Ég tel nauðsynlegt, að þetta frv. nái fram að ganga, og gefst þá væntanlega tækifæri til þess síðar að bera fram við það brtt., þótt þær verði ekki samþ. nú. Nm. munu svo gera grein fyrir sinni sérstöðu í sambandi við frv.

Einn nm., Kjartan Jóhannsson, sem var varamaður fyrir hv. 10. landsk., átti sæti á mörgum fundum n. til að byrja með og fylgdi í meginatriðum þeim till., sem n. nú ber fram sameiginlega, en hins vegar var ekki svo langt komið, að ljóst væri, hvernig hann mundi taka endanlega afstöðu í málinu. Þó mátti ráða það af framkomu hans, að hann væri fylgjandi a. m. k. sumum þeim till., sem koma frá mér og hv. þm. N-M.

Hv. 10. landsk. (BBen) mætti aldrei á fundum n. vegna anna. Hann hefur því ekki ritað undir nál. og ekki tekið afstöðu til málsins.

Þær meginbreytingar, sem koma fram af n. hálfu, eru fyrst við 7. gr. Þar er gert ráð fyrir, að komi „út frá því sjónarmiði einu". Þ. e. a. s., að ekkert annað sjónarmið ráði en það, sem um getur í þeirri gr. Í sömu gr. er gert ráð fyrir, að við 2. mgr. bætist: „Úrskurði iðnfræðsluráðs samkv. þessari málsgr. má þó áfrýja til dómstólanna, enda sé það gert innan 30 daga, frá því að úrskurðurinn er birtur viðkomandi aðila." Nm. þótti rétt, að úrskurður iðnfræðsluráðs væri ekki lokaúrskurðurinn, heldur mætti að sjálfsögðu leita úrskurðar dómstólanna um þetta atriði, og held ég, að ekki verði um deilt, að þessi breyt. er til bóta.

Við 11. gr. 3. mgr. leggur n. til, að gerð verði svolátandi breyt.: Gr. orðist svo: „Námstími telst hafinn frá dagsetningardegi námssamnings, sem staðfestingu hefur hlotið, enda hafi nemandinn þá byrjað nám sitt." Þetta töldu allir nm. vera til bóta, því að það væri undarlegt, ef nemandi byrjaði nám sitt, áður en samningur var gerður, og þótti rétt að láta námstímann vera frá þeim tíma.

Við 12. gr. 1. málsl. orðist svo: „Námstími skal ákveðinn með reglugerð í samráði við iðnfræðsluráð, mismunandi eftir tegund iðngreina." Í sambandi við þetta vildi ég benda á, að eins og þetta er nú í frv., stendur, að námstíminn skuli vera svo langur sem í reglugerðinni segir. N. fannst, að þetta gæti valdið ágreiningi, hvort þarna ætti að setja, að námstíminn yrði svo langur sem segir nú í reglugerð, eða hvort hann á að vera svo langur sem segir í reglugerð á hverjum tíma, en n. vill taka það fram, að hún getur ekki fallizt á það, þótt 12. gr. verði samþ. óbreytt, að námstíminn verði eins langur og nú er gert ráð fyrir í reglugerðinni, og það sérstaklega vegna þess, að n. lítur svo á, að það þyrfti að ákveða nánar, hversu langur námstími ætti að vera fyrir hverja iðngrein, og mætti í mörgum tilfellum stytta námstímann frá því, sem nú er í reglugerðinni. Vildi ég benda á, að undir 5. lið, um gaslögn, segir: „Við prófið skal nemandinn inna þessi verk af hendi: Bora gat á götuleiðslu, tengja hana við gasmæli og fullgera tengslin, eftir að lögnin hefur staðið í fullar 20 mínútur undir þéttireynslutæki. Enn fremur leggja gasleiðslu frá gasmæli að minnst þrem gaseldavélum eða baðofni, stilla gaseldavélar og bökunarofnsbrennara og slípa þollás." Ég hygg, að í 1. gr. reglugerðarinnar sé, að þessir menn þurfi að inna af hendi 4 ára nám til þess að geta staðizt þessa prófraun. Ég held, að enginn vafi sé á því, að hver meðalgreindur maður geti leyst þessa prófraun af hendi eftir miklu styttri tíma. Ég held, að það þyrfti að endurskoða reglugerðina og það sé hægt að stytta tímann í hinum ýmsu námsgreinum að skaðlausu fyrir alla aðila, og að því miðar þessi brtt. hjá n., að námstíminn sé mismunandi eftir tegund iðngreina.

Þá er önnur breyting við 12. gr. N. leggur til, að bætt sé við nýrri mgr., sem orðist þannig: „Rísi ágreiningur um það, hvort námssamningi hafi verið slitið á löglegan hátt, ákveður iðnfræðsluráð, að hve miklu leyti sá tími, er nemandi hefur stundað nám, skuli dragast frá fullum námstíma hjá öðrum." Þetta þótti nm. til bóta, og voru allir sammála um að bera fram þessa brtt.

Við 13. gr. var samkomulag um að leggja til, að aftan við gr. bætist ný mgr., sem orðist þannig: „Nú hefur nemandi ekki staðizt próf það, sem um ræðir í 1. mgr., og skal hann þá eiga rétt á að ganga undir það á ný, þegar það er næst haldið í iðngreininni, enda sé hann sjálfráður um það, hvar og á hvern hátt hann heldur náminu áfram. Enginn nemandi getur þó átt rétt til að ganga undir próf í sömu iðngrein oftar en þrisvar sinnum." Ég held, að það komi hvergi fram í l., að þessi réttur sé tryggður, og hvergi í reglugerðinni. N. þótti rétt, að nemandi væri ekki skyldur til að halda áfram námi hjá meistara, sem hefur ekki tekizt að kenna honum, svo að hann geti staðizt próf, heldur ætti nemandi sjálfur að ráða því, hvort eða hvenær hann heldur náminu áfram. Nemandi má svo ganga aftur undir próf, en þó má enginn ganga undir próf oftar en þrisvar sinnum. Þetta töldu allir nm. til bóta.

Við 17. gr. Í stað orðanna „til sjúkrasamlags" og út fyrri mgr., eins og stendur í frv., komi: „fyrir nemendur sína samkvæmt lögum um almannatryggingar." Þetta er ekki annað en samkv. löggjöfinni, og getur ekki orðið ágreiningur um það.

Við 23. gr. Í stað orðsins „Meistari" í upphafi gr. komi: Meistarar.

Við 25. gr., að upphaf b-liðar orðist svo: „Hafi nemandi verið meira en 6 mánuði." 3. tölul. a. orðist

svo: „Ef hann er beittur ósæmilegri framkomu á vinnustað," í staðinn fyrir: „ef honum er misþyrmt." N. lítur svo á, að ekki sé rétt að gera ráð fyrir, að sá aldarandi sé uppi nú, að nemendum sé misþyrmt, og telur, að réttur sá, sem tryggja á með þessari lagagrein, sé tryggður með því að taka fram, að ef hann sé beittur ósæmilegri framkomu á vinnustað. Við 27. gr. er sú breyt., að í stað 2. og 3. málsl. í 3. málsgr. komi nýr málsliður þannig: Skal á þeim fundi leggja úrskurð á málið, og ræður afl atkvæða úrslitum. Við b-lið bætist ný málsgr., sem orðist svo: „Úrskurði gerðardómsins má þó áfrýja til dómstólanna, og skal áfrýjunarfrestur til héraðsdómara vera 30 dagar frá birtingu úrskurðarins." N. taldi það til bóta, að úrskurðarvaldið lægi ekki eingöngu hjá gerðardómnum. Ég tel ekki rétt, að nein deiluatriði séu endanlega útkljáð í gerðardómi. Í enskri löggjöf er bannað að gera út um mál í gerðardómi, sem ekki megi áfrýja til hæstaréttar.

Breyt. við 28. gr., 4. tölul. orðist: Koma ósæmilega fram gegn nemanda." Þetta er til samræmis við 25. gr.

Við 31. gr. Í stað orðanna „þegar lokið er öllum" og út gr. komi: „en halda þó gildi sínu, að því er varðar námssamninga, er gerðir hafa verið eftir þeim". Þetta er gert til að fella iðnaðarlöggjöfina og til þess að þurfa ekki að halda henni í vissum atriðum, og leiðir þá af þessu, að 32. gr. falli niður. 33. gr. frv. er breytt á þann veg, að l. þessi öðlast þegar gildi.

Þessar breyt. eru byggðar samkv. samkomulagi iðnn. á síðasta aðalþingi, og hafa aðilar iðnaðarmanna getað fellt sig við þær, og ætti því ekki að verða ágreiningur.

Þá ætla ég að fara nokkrum orðum um þær brtt., sem ég bar fram einn á þskj. 312. Ég hef ekki getað orðið sammála n. um, að 3. gr. skuli orðast eins og í frv. segir, en ég mun þó ekki gera það að skilyrði, að ég fylgi því, en þó hef ég gert svofellda brtt. við 3. gr.: „Sameinað Alþingi kýs með hlutfallskosningu 5 manna iðnfræðsluráð til 4 ára í senn. Ráðherra skipar síðan einn hinna kjörnu manna sem formann ráðsins til sama tíma". Um þetta varð fullt samkomulag í iðnn. í fyrra, þó með þeirri viðbót, að allir fulltrúarnir skuli vera úr hópi iðnaðarmanna. Ég fylgdi þessari viðbót þá til samkomulags, en felldi þennan málslið niður nú, því að hann spillir frekar gr. Ástæðan fyrir því, að ég bar þessa brtt. fram, var sú, að ég tel þetta ekki mál iðnaðarmanna eingöngu. Þeir eiga að vísu afkomu sína að miklu leyti undir því, en það á einnig þjóðin í heild. Hún á einnig töluvert undir þessu, því að ráð þetta hefði víðtækt vald, er mundi snerta allan landslýð. Þess vegna er eðlilegt, að það væri kosið af Alþ., en ekki stéttarfélögunum. Í þessu sambandi vil ég benda á, að á síðasta aðalþingi var breytt einni gr. raforkul., þar sem skipa átti raforkuráð eftir tilnefningu stéttarfélags, en horfið að því ráði, að Alþ. kysi, og býst ég því við fylgi við brtt. mína á þskj. 312 við 3. gr. frv.

Einnig hef ég borið fram brtt. við 18. gr., sem orðist svolátandi: „Nú hefur nemandi verið það mikið frá vinnu á námstímanum, að samanlagðar vinnustundir hans verða færri en 1800 á ári að meðaltali yfir námstímann, og getur iðnfræðsluráð þá ákveðið, að námstíminn skuli framlengjast, þannig að fyrrnefndur vinnustundafjöldi sé uppfylltur." Um þetta varð ekki samkomulag, en þó augljóst, að þetta er eðlilegra.

Við 22. gr. hef ég borið fram brtt., þannig að á meðan nemandi sé frá verki vegna vinnustöðvunar, þá beri honum ekki kaup. Þetta er ákaflega mikið deiluatriði, og mæla allir aðilar á móti þessu, bæði umboðsmenn sveina og nemenda. Ég mun ekki eyða tíma í að lesa þau mótmæli upp, enda eru þau öll á einn veg. Ég tel þetta sjálfsagt, en meðnm. mínir geta ekki fallizt á þetta.

Þá hef ég borið fram brtt. við 2. málsgr. 22. gr., sem er þannig orðuð: „Nú stendur vinnudeila svo lengi, að telja má, að nemandi missi verulega í verklegu námi hennar vegna að dómi iðnfræðsluráðs. Getur þá hvor aðili fyrir sig slitið námssamningum án frekari fyrirvara, og er nemanda þá heimilt óátalið að ráða sig til annarra aðila." Um þetta hefur ekki heldur orðið samkomulag. En þetta eru óviðráðanleg atvik, og tel ég því, að leyfilegt ætti að vera að slíta samningum, og vísa ég þar til annarra samninga.

Ég hef þá gert grein fyrir till. mínum og nál., en svo vildi ég fara nokkrum orðum um till. á þskj. 320 frá hv. þm. N-M. Hann vill, að 4. gr. orðist þannig: „Atvinnumálaráðherra skipar, að fengnum till. Landssambands iðnaðarmanna og iðnfræðsluráðs, iðnerindreka, er aðstoði iðnfræðsluráð í störfum þess. Iðnfræðsluráði er heimilt að skipa iðnfulltrúa með samþykki atvmrh. á þeim stöðum í landinu, er það telur þörf á, og ákveða umdæmi þeirra. Iðnfulltrúar skulu hafa eftirlit með iðnnámi, hver í sínu umdæmi, undir umsjón iðnerindreka og í umboði iðnfræðsluráðs, eftir því sem segir í l. þessum og nánar skal ákveðið í reglugerð og í erindisbréfum iðnfulltrúa". 4. gr. frv. ákveður nú, að iðnfræðsluráð skipi iðnfulltrúa úti um land, þar sem það telur þörf á. Hv. þm. N-M. vill, að skipaður sé einn erindreki, en n. hefur ekki viljað fallast á þetta, enda sýnist óþarft að binda það í l. Á eftir 13. gr. vill hv. þm. N-M., að komi ný gr., þar sem mönnum er gert heimilt að ganga undir próf í verklegum efnum í ákveðnum iðngreinum, þó að þeir hafi ekki stundað iðnnám hjá ákveðnum meistara eða iðnfyrirtæki, sem löggilt hefur verið, ef þeir uppfylla ákveðin skilyrði. Þetta atriði var mjög rætt í iðnn. í fyrra og var þá borið fram af mér, en ekkert samkomulag náðist þá, vegna þess að það þótti raska grundvelli iðnlöggjafarinnar. Eins og nú er háttað, þá er fræðsluskyldan ekki á ríkinu, heldur á meisturum, iðnfræðingum og iðnaðarmönnum sjálfum, og á móti vilja þeir hafa rétt til að fá iðnnema og telja að slík ákvæði, er hér um ræðir, rýri þann rétt þeirra, og er þetta nokkuð eðlilegt sjónarmið. En ekki verður því þó neitað, að eins og iðnlöggjöfin er nú, er meisturum enn þá gefinn mikill réttur með því að halda nemendum í 4 ár í 1—2 ára námi. En ef farin er sú leið, sem n. hefur fallizt

á, þá er síður þörf á, að þessi till. sé samþ. Og það er hart, að maður, sem getur leyst úrlausn, skuli ekki fá réttindi, því að það er vitað, að nú þurfa menn ekki að sitja í skólum, en geta fengið hvaða próf sem er, ef þeir aðeins standast það, sem fyrir þá er lagt, og á þetta við um alla skóla. Ég hef því tilhneigingu til að fylgja þessari brtt., vegna þess að þetta er nokkuð undir valdi iðnfræðsluráðs. Hins vegar er ljóst, að iðnaðarmannastéttin mælir mikið á móti þessu. T. d. segir í bréfi frá iðnráði Alþýðusambandsins, að eins mætti þá leyfa ólærðum mönnum að ganga undir lögfræðipróf. Ég hef ekki gert mér ljóst, hversu mikið þetta losaði um böndin og hvort ekki kæmi þá á ríkið að taka upp kennslu og reisa verklega skóla, en ég geri ráð fyrir, að ráðh. ræði þetta mál. En ef þessar brtt. á þskj. 320 verða samþ., þá er það mjög mikil bylting í iðnaðarmálum þjóðarinnar.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa fleiri orð um þetta. Ég er fylgjandi frv., ef till. n. verða samþ. Einnig vænti ég, að hv. þm. geti fallizt á mínar till., sem eru á þskj. 312.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. — Ég hef ástæðu til að þakka hv. frsm. fyrir framsögu á mínum brtt., og held ég, að þetta sé alveg ný aðferð hér á Alþ. Ég hef skrifað undir nál. með fyrirvara, og byggist það á því, að þar sem starfandi er mþn., sem á að koma með frv. um skóla, þá væri rétt, að þetta frv. biði. Hv. 6. þm. Reykv. og hv. 2. þm. Rang. hefur verið falið að semja frv. um iðnskóla, og ætluðu þeir að hafa lokið því, áður en þessu þingi væri lokið, og þess vegna finnst mér ekki ástæða til að afgreiða þetta mál nú. Ég hef verið sammála n. um breytingar. En ég legg höfuðáherzlu á, að námstíminn sé gerður misjafn, þar sem þarf mismunandi tækni við hinar ýmsu iðngreinar, t. d. að gera við úr eða raka kjálkana á mér. Ég legg því mjög mikla áherzlu á þetta ákvæði, að námstíminn sé gerður misjafnlega langur.

Brtt., sem ég á einn, eru tvær og eru prentaðar á þskj. 320. Önnur segir, að sá ráðh., sem fer með iðnaðarmál, skuli skipa iðnerindreka, að fengnum till. Landssambands iðnaðarmanna og iðnfræðsluráðs, og getur verið þörf á að skýra þetta nánar. Það má vitanlega deila um það, hvort iðnerindreki skuli skipaður af atvmrh. Sumir telja, að þetta ætti að heyra undir menntmrh., en aðrir, að það sé í starfshring iðnmrh., en það, sem fyrir mér vakir með þessari till., er að fá meira samræmi í þessi mál, fá þarna mann, sem mundi verða tengiliður milli ráðsins, ráðh. og iðnaðarmanna. Eftir því sem frv. leggur til, getur ráðh. skipað iðnfræðsluráð. Að vísu á sú skipun að fara eftir tilnefningu ýmissa viðkomandi félagssamtaka, en þrátt fyrir það tel ég, að meiri festa skapist í þessum málum með því, eins og ég legg til, að skipa fastan iðnerindreka.

Hin brtt. mín miðar að því, að þeir, sem hæfir eru í einhverju fagi, eigi rétt á að ganga undir próf. Mér er ekki fyllilega ljóst, hvernig heppilegast er að haga slíkum prófum, en vegna þess að sumir hafa jafnvel talið þau ógerleg, þá hef ég snúið mér til kunnáttumanna, sem um þessi mál hafa fjallað, og leitað álits þeirra á þessu máli. Þeir hafa allir verið á einu máli um það, að vandalaust væri að framkvæma slík próf. Prófin tækju ef til vill nokkuð lengri tíma og gætu staðið nokkra mánuði, en vandalaust telja þessir menn að skera úr með slíkum prófum, hvort viðkomandi skuli öðlast sveinsbréf.

Eins og nú er málum háttað, eru margir menn starfandi í ýmsum iðngreinum, án þess að þeir stundi þar löglegt nám. Þessum mönnum finnst mér skylt að veita réttindi, ef þeir reynast til þess hæfir. Ég fæ ekki séð, að slík próf opnuðu neinar gáttir, eins og einn hv. þm. var að tala um, en að sjálfsögðu verða þau að vera í góðu samræmi og eftir ströngum fyrirmælum, en það tel ég eiga að geta tryggt það, að ólærðir menn eða fúskarar komist ekki í gegnum þau.

Ég hef svo ekki meira um þessar till. að segja á þessu stigi málsins, en ég vil að endingu vekja athygli á brtt. við 12. gr., því að ég tel eðlilegt, að námstími í hinum ýmsu greinum sé eitthvað mislangur, eftir því hver iðngreinin er, og í trausti þess, að sú heimild, sem þar um ræðir, verði notuð, tel ég þessa gr. eðlilega, en vil þrátt fyrir það bera fram eftirfarandi rökstudda dagskrá:

„Þar sem nú er starfandi milliþinganefnd í skólamálum og þess að vænta, að frá henni komi frv. um iðnfræðslu sem einn liður í heildarskólakerfi landsins, sér deildin ekki ástæðu til að afgreiða málið nú og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá.“

Forseti (ÞÞ): Eftir ósk hæstv. samgmrh. er umr. frestað.

Á 63. fundi í Ed., 3. febr., var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 41, n. 311, 312, 320, 350).

Samgmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. — Frsm. n., hv. þm. Barð., gat þess í upphafi máls síns, er hann lagði það hér fyrir hv. d., að þetta mál hefði legið hér fyrir áður og treglega gengið um afgreiðslu þess, og þetta er — ég vil segja því miður — rétt, því að það er hvorki í fyrsta né annað sinn, sem málið hefur strandað hér, heldur hefur það, eins og hann sagði, legið fyrir þrisvar sinnum. Þó virðist mér svo sem þannig sé frá því gengið og það hafi verið það vel undirbúið, að ekki ætti að þurfa að standa svo lengi á því að fá það afgreitt.

Hér er komin fram rökstudd dagskrá frá hv. 1. þm. N-M., sem byggir hana á því, að þörf sé nánari endurskoðunar hjá þeirri mþn., sem hann segir, að sé starfandi til þess að athuga þessi mál, og helztu rök hans fyrir þessari rökst. dagskrá skilst mér því vera þau, að allan þennan undirbúning þurfi að betrumbæta frá því, sem nú er. En um undirbúninginn á þessu máli er það að segja, að hér kom fram frv. á Alþ. um nokkrar lagfæringar á iðnfræðslul., sem var afgr. á þann hátt, að því var vísað til ríkisstj. til þess að fá það athugað. Og það var gert. Skipuð var n., sem vann að því verki, og var hún skipuð fulltrúum frá ýmsum helztu sam-

tökum iðnaðarmanna, sem lögðu í það mikla vinnu að fá l. afgr. í því formi, að allir aðilar mættu vel við una. Ég hefði kannske óskað persónulega, að eitt og annað í frv. væri ofurlítið öðruvísi. En þar sem mér er kunnugt um, að þar er um að ræða samkomulagsafgreiðslu, hef ég ekkert við það að athuga og mundi hafa sætt mig við frv. eins og það lá fyrir. En þeim mun erfiðara er líka að gera á því róttækar breyt., þar sem frv. er nokkurs konar samkomulagsatriði milli þeirra aðila, sem um það hafa fjallað.

Iðnfræðslan er, eins og kunnugt er, tvenns konar. Hún er verklegt nám hjá meisturum, sem þetta frv. ræðir um, og hún fer einnig fram bóklega í skólum, sem ekki gilda um nein l. eða lagasetningar aðrar en þær, sem í þessu frv. standa. Hér hefur verið lagt fram áður frv. um iðnskóla, sem hefur heldur ekki fengið afgreiðslu og ég gæti gengið inn á, að yrði athugað betur, en það ætti ekki að þurfa að verða til þess, að þetta frv. næði ekki afgreiðslu fyrir því. Ég tel sem sagt, að þetta frv., sem hér liggur fyrir, um verklega iðnfræðslu, sé það vel úr garði gert, að ekki þurfi vegna frekari athugunar að slá því enn á frest.

Iðnn. hefur hér á þskj. 311 borið fram nokkrar brtt., eða alls tólf að tölu, og ég get sagt það í heild um allar þessar brtt., að ég get fyrir mitt leyti vel fellt mig við það til samkomulags, að þær verði samþ. Þær valda ekki neinni gerbyltingu á frv. Þær eru lagfæringar og til samræmingar, og sem sagt, án þess að fara út í einstaka liði þeirra, get ég sagt, að í heild sætti ég mig við, að þær verði samþ.

Þá hefur hv. þm. Barð. borið fram á þskj. 312 nokkrar brtt. Um þær vildi ég segja það, að l. brtt. fjallar um atriði, sem náttúrlega getur alltaf orkað nokkuð tvímælis, þ. e., hvernig skuli kjósa í iðnfræðsluráð. Í frv. er gert ráð fyrir því, að 4 ráðsmanna skuli skipaðir samkv. tilnefningu: 2 tilnefndir af Landssambandi iðnaðarmanna, tveir tilnefndir af iðnsveinaráði Alþýðusambands Íslands, og ráðh. skipi svo formann án tilnefningar. Hv. þm. Barð. leggur til, að þessu verði breytt þannig, að allir þessir 5 menn skuli kosnir hlutfallskosningu á Alþ. Út af fyrir sig má segja, að þetta geti eins komið til álita eins og allt annað, en ég teldi þó heppilegra að hafa áfram samband við iðnaðarsamtökin og láta þau hafa einhver áhrif á skipun ráðsins. Þau eiga mikið undir því, að vel takist um skipun í ráðið. En hins vegar mundi, ef ráðið væri kosið af Alþ., meira og minna gæta persónulegra áhrifa frekar en annars, og gæti þá kannske farið svo, að þeir menn, sem þannig veldust, yrðu ekki eins heppilega valdir eins og ef iðnaðarsamtökin sjálf hefðu fengið að tilnefna þá. Einkum er þó einn aðili, sem komið gæti til greina að tilnefna þarna fulltrúa, en það eru iðnnemasamtökin sjálf, sem eru skipuð fyrir allt landið, og gæti ég því gengið inn á, að brtt. á þskj. 350 væri tekin til greina, í stað þess að samþ. l. brtt. á þskj. 312.

2. brtt. frá hv. þm. Barð., við 18. gr., er um námstímann, og má vera, að hún geti komið til greina ekki síður en ákvæði frv. með brtt. n., en upp úr því legg ég ekkert sérstaklega mikið. Ég get fellt mig við hvort sem er. Aftur á móti tel ég brtt. við 2. gr. mjög vafasama, að taka ætti kaup frá nema, sem verður frá verki vegna vinnustöðvunar, sem er nemanum að sjálfsögðu alveg óviðráðanleg. Hann getur ekki ráðið um það, hvort vinnustöðvun verður, þar sem hann vinnur, og engin áhrif haft á gang þeirra mála, en í l. er gert ráð fyrir, að á meðan á vinnustöðvun stendur, megi hann vinna að ýmsum verkum, sem tilheyra ekki framleiðslunni sjálfri, t. d. viðgerð á vélum o. fl., og mætti því hafa af honum mikið gagn, ef hann héldi því starfi áfram, og það teldi ég betra en að láta hann hætta og taka af honum kaupið og skapa þannig möguleika til að segja honum upp.

Á þskj. 320 hefur hv. 1. þm. N-M. borið fram 2 brtt., þar sem fyrri till. fer fram á nokkuð aðra skipun á trúnaðarmönnum úti um land en gert er ráð fyrir í frv. Ég tel hana á engan hátt til bóta og get því ekki lagt til, að hún verði samþ. Aftur á móti tel ég 2. brtt. sérstaklega hættulega, þar sem lagt er til, að mönnum sé þar leyft að ganga undir próf og síðan að fá full réttindi, þó að þeir hafi ekki stundað nám hjá ákveðnum meisturum. Ég tel, að með þessu væri öllum grundvelli kippt undan því skipulagi, sem nú er á þessum málum, og mundi horfa mjög til hins verra, ef út á þessa braut væri farið. Það er yfirleitt svo, að þó að gert sé ráð fyrir prófi iðnnema, þá kemur í prófinu ekki fram nema lítill hluti af því, sem þeir verða að kunna í sínu fagi. Kunnáttu á ýmsum sviðum er ekki hægt að prófa, svo að í fullkomnu lagi sé, með einföldu sveinsprófi, heldur verður að stikla á stóru, taka einstaka liði. Annars er ekki hægt að gefa nægilega tryggingu fyrir því, að maðurinn sé fullfær iðnaðarmaður. Sú vissa getur ekki fengizt, nema maðurinn hafi verið ákveðinn tíma að verki. Ef þessu væri breytt og fært yfir í það horf, að hver maður, sem teldi sig geta uppfyllt prófsskilyrðin, gæti orðið löggiltur starfsmaður í faginu með því að taka próf, þá tel ég, að maður væri kominn út á mjög hála braut.

Ég veit ekki, hvort ástæða er til þess fyrir mig að tala um þetta lengra mál en þegar er orðið. Ég hef lýst skoðun minni á þessum brtt., sem hér liggja fyrir, og teldi mjög æskilegt, ef frv. næði fram að ganga, bæði vegna þess að ég tel, að það feli í sér ýmsar endurbætur frá gildandi l. í þessum efnum, og í öðru lagi sé það ekki vansalaust fyrir Alþ., að frv. dagi uppi, og þá afgreiðslu að láta það daga uppi í n., álít ég, að eigi ekki að taka upp á Alþ., heldur reyna að ganga frá málinu á annan hvorn veginn.

Það minntist einhver þdm. á það, að iðnaðarmannafélag Reykjavíkur, elzta iðnfélagið á Íslandi, ætti í dag 80 ára afmæli. Fyndist mér vel viðeigandi, að það væri á þeim degi, þótt af tilviljun sé, að Alþ. féllist á málið í höfuðatriðum.

Sigurjón Á. Ólafsson: Herra forseti. — Það væri nú að bera í bakkafullan lækinn að ræða frekar

einstakar till. málsins, en ég skal geta þess til viðbótar því, sem hv. frsm. n. sagði, að málið var þrautrætt innan n. Sá ágreiningur, sem þar var, kemur bezt fram í brtt., sem fyrir liggja. Hins vegar er ég þakklátur hv. frsm. n., að hann hefur lýst sig málinu fylgjandi, þótt till. hans hljóti ef til vill ekki samþykki hv. d. Hv. 1. þm. N-M. vill hins vegar, eins og hér hefur komið fram, láta málið daga uppi með sinni rökstuddu dagskrá.

Ég sé ekki ástæðu til að ræða þær brtt., sem n. hefur orðið sammála um. Þær hafa verið skýrðar af hv. frsm., og ég held, að það sé rétt hjá honum, að það sé skoðun okkar allra nm., að þær séu til bóta á frv., og ég hef orðið þess var, a. m. k. frá öllum aðilum, sem þetta mál snertir, að þeir telja einnig þessar breyt. vera lagfæringar til bóta. Hins vegar eru þær breyt., sem fram hafa komið og ágreiningur hefur haldizt um innan n., þess eðlis, að það mundi mjög breyta frv., ef þær yrðu samþ. En áður en ég vík að þeim, skal ég fara örfáum orðum um till. á þskj. 350, umfram það, sem hæstv. samgmrh. minntist á þá till. Ég hafði hugsað mér að bera fram líka brtt., þótt ég ræddi það að vísu ekki innan n., en ég hafði gert ráð fyrir, að d. mundi skera úr því, hvernig iðnfræðsluráð yrði skipað. En ef þessi till., sem fram er komin, verður samþ., er þýðingarlaust fyrir mig að koma með brtt., en ef hún hins vegar verður felld, kemur hún til greina, og því taldi ég rétt að láta hana koma fram nú við 2. umr. En það eru sömu rök sem hæstv. samgmrh. benti á, sem ég færi fyrir þessari till. Iðnnemar eru það fjölmennir, að ekki virðist óréttlátt, að þeir hafi þarna fulltrúa til þess að fjalla um þau mál, sem fyrst og fremst snerta iðnnema. Þeir yrðu í minni hluta, en mundu hafa ýmsar réttarkröfur að flytja þarna og gættu hagsmuna umbjóðenda sinna. Og nú er það svo, að þeir hafa fengið samband, sem nær um landið allt, og er því þessi aðili samnefnari fyrir alla iðnnema í landinu. — En úr því að ég er að tala um þessa gr. frv., þá vil ég og geta þess, að ég mundi telja miklu óheppilegra, að Alþ. kjósi slíka n. Það gæti oltið á atvikum, hvernig sú n. yrði skipuð af hæstv. Alþ. Þar mundi koma meira persónulegt reiptog til greina en þarna mundi eiga sér stað, ef um stéttina sjálfa er að ræða. Ég skal geta þess, að ég hef kynnt mér þetta hjá einni nágrannaþjóð okkar, Dönum. Þeir eru miklu eldri um meðferð þessara mála. Þeirra iðn hefur staðið um tugi ára og mjög stór, en sú skipun er þar efnislega nákvæmlega sú sama og hér er stungið upp á, að atvinnurekendur eigi þarna 6 fulltrúa, launþegar 6 og þrettándi maðurinn tilnefndur af viðkomandi ráðh. Ég býst við, að þeir, sem unnu að því að semja þetta frv., hafi m. a. haft í huga þá reynslu, sem fengizt hefur af þessari aðferð, og hafi því tekið hana upp, og má vel vera, að svo sé víðar á Norðurlöndum í þessum efnum. Ég hef ekki kynnt mér það. En ég hef nýlega fengið iðnaðarlöggjöf Danmerkur og kynnt mér einmitt þessi ákvæði. Þessi reynsla bendir einmitt á það, að þessi háttur sé betri en að láta löggjafarsamkomu ráða þar um, enda er það svo á Norðurlöndum, að iðnaðarstéttir og einnig vinnustéttir eiga þar sína fulltrúa. Það er meginkjarninn á Norðurlöndum, þegar vinnustéttirnar eru annars vegar. Ég hygg því, að það mundi verða meiri samvinna innan slíkra mála, ef sá háttur er á hafður, sem frv. gerir ráð fyrir og ótvírætt bendir til, að fullt samkomulag sé um innan þeirrar n., sem stendur að frv., en í henni áttu sæti bæði fulltrúar frá atvinnurekendum og launþegum. — Ég mun því greiða atkv. með þessari gr. frv., eins og hún er, en á móti brtt., sem flutt er á þskj. 312, er breytir sérstaklega fyrirkomulaginu um kosningu í iðnfræðsluráð. Um aðrar till. á þskj. 312 hefur hæstv. ráðh. fært rök fyrir, hvort hann er með þeim eða móti, en ég fyrir mitt leyti er ekki fylgjandi brtt. við 18. gr. Þetta er að vísu ekki stórvægileg breyt., en hún þrengir kost iðnnemanna. Þar eru vinnustundirnar, sem nemandi má ekki vera frá vinnu, færðar upp í 1800 á ári um námstímann, en í frv. er reiknað með 6 mánuðum, sem er miklu lægri tala, og vil ég halda við þá till., sem gefur þeim meiri réttindi en í þessari brtt. felst.

Ég er algerlega á móti 3. brtt. á þskj. 312, sem fjallar um það, að nemanda beri ekki kaup, meðan hann er frá verki vegna vinnustöðvunar. Mér finnst ekki ástæða til að flytja slíka till. og ætla að knýja hana fram hér á Alþ., þar sem atvinnurekendur eru í raun og veru allir sammála um, hvaða háttur skuli á vera í þessum efnum. Þeir eru sammála um að greiða þeim kaup, þegar svo stendur á, gegn því, að þeir megi láta nemana vinna þau verk, sem þeir telja nauðsynleg, þótt þeir taki ekki þátt í framleiðslustörfum á meðan. Iðnnemarnir hafa engan rétt til að ákveða, hvort verkfall skellur á eða ekki, eins og 1. eru nú, og er því engin ástæða til að svipta þá kaupi, meðan á slíkri deilu stendur. Hygg ég, að þetta séu einu rökin fyrir því, að nemarnir eigi að vera utan við slíkar deilur og eins og þeir kæmu þar hvergi nærri. — Þá kem ég að b-lið sömu brtt. á þskj. 312, um, að 2. mgr. 22. gr. orðist svo sem þar er fram tekið. Í frv. er setningin orðuð þannig, með leyfi hæstv. forseta: „Nú stendur vinnudeila svo lengi, að telja má, að nemandi missi verulega í verklegu námi hennar vegna, og getur þá iðnfræðsluráð ákveðið að framlengja námssamninginn um hæfilegan tíma.“ Þarna er það lagt undir iðnfræðsluráð, hvenær samningi skuli slitið af þessum ástæðum, en samkvæmt brtt. er því slegið föstu — að vísu að dómi iðnfræðsluráðs —, að námssamningnum skuli slitið án frekari fyrirvara. Ég tel þetta ekki til bóta og er því mótfallinn þessari brtt.

Um þær brtt., sem hér hafa verið lagðar fram af hv. 1. þm. N-M. (PZ), get ég verið fáorður. Þær ganga feti lengra í sumum atriðum en n. gat orðið sammála um að ganga. — Vil ég fara nokkrum orðum um fyrri brtt. á þskj. 320 við 4. gr. frv., þar sem gert er ráð fyrir, að skipaður sé sérstakur erindreki, er aðstoði iðnfræðsluráð í störfum þess. Fljótt á litið virðist þessi till. hafa í sér fólginn ávinning, en nú er gert ráð fyrir, að á hinum ýmsu stöðum séu iðnfulltrúar, sem inni þessi störf af höndum, og það hlýtur að liggja í hlutarins eðli, að ef

hér er um að ræða erindreka, þá mundi það vera fastur starfsmaður, sem kostar nokkurt fé, en það, sem honum er fært til gildis, er, að hann eigi að samræma þau störf, sem iðnfulltrúar ættu að hafa með höndum. Ég held nú, að þessi samræming gæti átt sér stað, þótt slíkur erindreki væri ekki fyrir hendi, og þar sem ekki er um marga staði hér á landi að ræða, þar sem verulegur iðnaður er rekinn, þá hygg ég, að fyrst um sinn sé fyllilega séð fyrir samræmingu um störf þessara manna með þeirri skipan, sem frv. gerir ráð fyrir, og líklega væri lagt út í óþarflega mikinn kostnað með skipun fasts starfsmanns í þessum efnum.

Hvað síðari brtt. hv. 1. þm. N-M. snertir, þá er það vitað, að hún hefur mætt mikilli andstöðu hjá iðnaðarmannastéttinni, ekki aðeins hjá iðnsveinum, heldur og hjá atvinnurekendum. Telja þeir, að ef sú regla yrði tekin upp, sem till. þessi fjallar um, þ. e. að heimila mönnum með vissum skilyrðum að ganga undir próf í verklegum efnum í ákveðnum iðngreinum, þótt þeir hafi ekki stundað iðnnám hjá ákveðnum meistara eða iðnfyrirtæki, að slíka heimild yrði mjög hægt að misnota. Mætti flytja langt mál um þetta atriði, en ég mun ekki fara fleiri orðum um það. Verður að skera úr um það með atkv., hvort inn á þessa braut eigi að ganga, en augljóst er, að ef till. verður samþykkt, mundi slíkt þýða gerbyltingu á frv. í þessum efnum og torvelda framgang málsins.

Að lokum vil ég segja það, að þess hefur verið getið af hv. frsm. n., að á síðasta þ. hafi verið samkomulag um þetta mál, og má það vel vera. Þá gaf iðnn. þessarar hv. d. út nál., en nú er það svo, að það eru aðrir menn, sem n. skipa, heldur en þá, og það, sem hefur upplýstst í þessum málum á þessu tímabili, gerir það áreiðanlega að verkum, að sumar af þeim till. n., sem þá voru teknar upp og n. gat orðið sammála um, hafa ekki getað náð samþykki n., eins og hún nú er skipuð. Hygg ég, að frv. sé nú borið fram í fullu samráði bæði við atvinnurekendur og launþega í þessum iðngreinum, og munu hv. dm. skera úr um það með atkv. sínu, hvaða leið skuli farin í þessum efnum. Ég vil aðeins undirstrika það, að afgreiðsla málsins má ekki dragast miklu lengur, og verður það að ná samþykki þess þ., sem nú situr. Hafa verið færð sterk rök að því af hálfu þeirra manna, sem við þessi l. eiga að búa, að þessi löggjöf þurfi að komast á til þess að koma á skipan og leiðréttingum í ýmsum framkvæmdum á þessu sviði og til þess að skapa heilbrigt ástand innan stéttarinnar. Þess vegna held ég, að rétt sé að þakka hv. form. n. Honum er ljós þessi nauðsyn, jafnvel þótt brtt. hans verði felldar.

Menntmrh. (Brynjólfur Bjarnason): Herra forseti. — Hv. Alþ. hefur borizt bréf frá iðnsveinaráði Alþýðusambandsins, sem ég geri ráð fyrir, að dm. hafi kynnt sér, en þar lætur ráðið í ljós álit sitt á brtt. þeim, sem fram hafa komið við frv. Telur ráðið, að það geti sætt sig við þær brtt., sem fyrir liggja frá n., en hins vegar er það á móti brtt. hv. þm. Barð. á þskj. 312 og sömuleiðis brtt. hv. 1. þm. N-M. á þskj. 320. Hins vegar telur ráðið, að fyrri brtt. á þskj. 320 sé til bóta, en gerir samt þá aths., að ekki sé ástæða til að leita tillagna Landssambands iðnaðarmanna, áður en skipaður er iðnerindreki sá, sem gert er ráð fyrir í gr., nema því aðeins, að leitað sé umsagnar iðnsveinaráðs alþýðusambandsins. Mér finnst ekki nein sérstök þörf á því, að þarna standi „að fengnum tillögum Landssambands iðnaðarmanna“, og vil leyfa mér að leggja fram skriflega brtt. um, að orðin „Landssambands iðnaðarmanna og“ í 1. málsgr. gr. falli niður.

Forseti (ÞÞ): Mér hefur borizt brtt. við brtt. á þskj. 320 frá hæstv. menntmrh. Er hún of seint fram komin og skrifleg, og þarf því að veita afbrigði fyrir henni.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 359) leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Steingrímur Aðalsteinsson: Herra forseti. — Ég hafði kvatt mér hljóðs, þegar mál þetta var hér síðast á dagskrá, og hef því ekki fengið tækifæri til að tala fyrr. Er því búið að taka fram í þessum umr. ýmislegt af því, sem ég hefði komið inn á, og get ég því sparað mér að tala hér langt mál.

Eins og fram kemur í nál. á þskj. 311, er n. öll sammála um framgang þessa frv. með þeim breyt., sem þar eru skráðar. Flestar þeirra eru ekki stórvægilegar efnisbreytingar á frv., heldur meiri eða minni háttar lagfæringar, sem n. hefur yfirleitt verið ásátt um, að mundu frekar vera til bóta, enda hefur það komið fram í bréfi iðnsveinaráðs alþýðusambandsins, að það telur sig geta fallizt á breyt. n. Ég tel því ekki ástæðu til að fjölyrða um þær, þar eð hv. frsm. hefur skýrt þær fyrir hönd n.

Ég vil hins vegar minnast nokkrum orðum á aðrar brtt., sem hér hafa verið fluttar við frv., og lýsa afstöðu minni til þeirra. —

Varðandi fyrri till. á þskj. 320 er það að segja, að ég lét í ljós í n., að ég teldi síður en svo fjarstæðu að skipa slíkan erindreka, sem till. gerir ráð fyrir, en að ekki væri nægilega frá þessu gengið, eins og till. var upphaflega formuð í n., þ. e. að skipa aðeins einn iðnerindreka, heldur þyrftu einnig að vera iðnfulltrúar á ýmsum stöðum landsins til þess að fylgjast með framkvæmdum á viðkomandi stöðum, en þar sem till. felur nú einnig þetta í sér, þá sýnist mér, að þessi tilhögun sé frekar til bóta, og mun því greiða atkv. með þessari till. — Hvað snertir síðari till. á sama þskj., er það að segja, að þótt ég í raun og veru hafi nokkra tilhneigingu til að vera með því „principi“ út af fyrir sig, að mönnum verði gefinn kostur á því að öðlast iðnréttindi með því einu að taka próf í viðkomandi iðngreinum, álít ég, eins og sakir standa, naumast nægileg skilyrði fyrir hendi til að halda slík próf á þann hátt, að hægt væri að sanna leikni og kunnáttu viðkomandi manns, svo að unnt væri að veita honum þessi iðnréttindi. Ég lít þannig á, að eins og sakir standa, þ. e. meðan iðnfræðslunni er hagað á þann hátt,

sem nú er, að verklega námið er eingöngu meistarakennsla, þá sé ekki fyrir hendi nein tilhögun, sem telur sér skylt eða er fær um að láta nemendur, sem ekki hafa verið við nám hjá meistara, ganga undir slíkt próf. Eins og hæstv. ráðh. var að tala um, getur slíkt próf, sem haldið er í skyndingu og þar sem verk er leyst aðeins á skömmum tíma, ekki sannað nægilega kunnáttu þeirra manna, sem undir það ganga, að minnsta kosti er það svo í mörgum iðngreinum. Til þess að prófið væri fullnægjandi, þyrfti það að standa yfir langan tíma, jafnvel vikum saman, og eins og ég nefndi áðan, er ekki fyrir hendi nokkur sá aðili í þessum efnum, sem mundi telja sér skylt að taka við manni, sem hefur ekki verið við nám hjá honum, og halda yfir honum nokkurra vikna próf. Ég held þess vegna, að til þess að koma þessu prófi fyrir, yrði ríkið sjálft að hafa slíka stofnun með höndum og veita slíkt próf, en það álít ég, að ekki sé hægt, fyrr en iðnfræðslan sé komin í það horf, að kennslan í iðnskólunum sé einnig verkleg. En með því væri farið inn á nýja braut í þessum efnum, og þá yrði sú löggjöf, sem um þetta yrði sett, byggð á öðrum grundvelli en þetta frv., og þess vegna tel ég þá hugmynd, sem kemur fram í þessari till., ekki falla inn í þetta og því ekki tímabæra. Ég mun því greiða atkv. móti þessari till., eins og málin standa nú, þrátt fyrir það að ég telji þessa hugmynd að talsverðu leyti réttmæta og til athugunar í sambandi við endurskipulag á fyrirkomulagi iðnfræðslunnar í heild.

Hins vegar get ég sagt það í stuttu máli um brtt. á þskj. 312, sem fluttar eru af hv. þm. Barð., að ég er á móti þeim öllum. Eins og fram kom í n., varð ekki samkomulag um þær, og flutti hv. þm. Barð. því till. einn og hefur lýst afstöðu sinni og n. alveg á réttan hátt. — Viðvíkjandi l. till. hef ég gegn henni að færa sömu rök og hæstv. ráðh. gerði. Um 2. brtt. má segja, að það skipti ekki svo miklu máli, hvort hún verði samþykkt eða ekki, en hins vegar eru þar þrengd réttindi iðnnemanna á þann hátt, að hægt er að ákveða framlengingu námstíma þeirra, hversu lítið sem þeir forfallast, en í frv. er aftur á móti ekki heimilt að framlengja námstímann, nema þeir hafi verið meira en 6 mánuði frá námi. Ég held, að eins og námstíminn nú er, sé hann það ríflegur, að ekki sé rétt að íþyngja nemunum með því að þrengja þetta ákvæði enn meir. — Hvað snertir 3. till., er það að segja, að bæði a- og b-liður hennar fela í sér refsiaðgerðir gegn nemunum, meðan á vinnudeilum stendur. Auðvitað geta nemarnir engu ráðið um vinnudeilur eða hversu lengi þær standa, og álít ég fjarstæðu að setja ákvæði, sem hægt er að nota sem refsiaðgerðir gegn nemunum undir slíkum kringumstæðum. Ég tel ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta atriði, þar eð þegar hafa verið færð rök gegn því af öðrum ræðumönnum, en vil aðeins taka undir með þeim.

Að lokum hefur hv. 1. landsk. þm. (SÁÓ) flutt hér brtt. á þskj. 350 um lítils háttar breytingu á tilnefningu í iðnfræðsluráð, þannig að í staðinn fyrir, að iðnsveinaráð alþýðusambandsins tilnefni tvo aðila móti fulltrúum meistaranna, skuli það aðeins tilnefna einn og að hinn fulltrúi þeirra skuli tilnefndur af Iðnnemasambandi Íslands. Hugsunin, sem fram kemur í frv., er sú, að það skuli vera iðnaðarmannastéttin, sem tilnefni þessa fulltrúa, en hins vegar hefur hingað til ekki verið almennt litið svo á af löggjafanum, að iðnnemar séu iðnaðarmenn, fyrr en þeir hafa lokið prófi og öðlazt sveinsréttindi, en ef hv. Alþ. sér ástæðu til og telur rétt að veita iðnaðarsamtökunum slíka viðurkenningu, hef ég fyrir mitt leyti ekkert á móti þessu og gæti hugsað mér að vera með þessari brtt., en álít, að þetta skipti ekki miklu máli eða að af þessu yrði veruleg breyting, þótt till. yrði samþykkt.

Að lokum vil ég lýsa yfir því, að ég er að sjálfsögðu með framgangi frv. með þeim breyt., sem felast í till. n. á þskj. 311, og jafnframt mun ég greiða atkv. með fyrri till. á þskj. 320.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. — Það var á misskilningi byggt hjá hæstv. ráðh., að mín rökstudda dagskrá væri byggð á því, að þetta frv. væri svo illa undirbúið. Hæstv. ráðh. veit, að árið 1941 var skipuð mþn. í skólamálum, sem átti að samræma alla skóla landsins í eitt kerfi. Hann veit, að þessi frv. hafa verið að smákoma frá n., og m. a. er eitt þeirra nú 2. dagskrármálið hér í hv. deild í dag. Formaður mþn., Ásmundur Guðmundsson, hefur skipað undirnefnd, þá Sigfús Sigurhjartarson og Ingimar Jónsson, til þess að gera tillögur um iðnfræðsluna. Mín dagskrártill. byggðist á því, að rétt væri að bíða, þar til frv. kæmi frá n., þar sem þess er varla langt að bíða, en þeim hefur ekki enn unnizt tími til að ljúka störfum, en munu vera með þá hugmynd að samræma iðnfræðsluna í einn stóran iðnskóla. Og sé ég því enga ástæðu til þess að flýta þessu frv., þar sem iðnnemar hafa nú verkamannskaup víðast hvar og geta sjálfir kostað sig í skóla, og er því aðstaða þeirra alls ekki vond. En ég veit, að það er vilji fyrir því að fella dagskrártill., en breyta l. hér í d., og hef ég því flutt brtt. við frv.

Ég heyrði ekki ræðu hæstv. ráðherra, en ef marka má af reynslunni, hefur hv. 1. landsk. bergmálað það, sem hann sagði. Ég verð að segja það, að ég skil ekki, hvernig þeir finna þeim orðum sínum stað, að próf sé engin trygging fyrir hæfni nemanda. Ja, því þá ekki að fella burtu öll próf? Fyrir liggur líka álit frá Iðnnemasambandi Íslands, þar sem þeir mæla gegn samþ. 2. brtt. minnar, hvers vegna nefna þeir ekki, en líklega er ástæðan sú, að svo erfitt sé að koma prófunum svo fyrir, að þau gefi rétta mynd af leikni nemandans. Mér er ljóst, að þetta er erfitt, og ég hef talað um þetta við meistara, bæði múrarameistara, trésmíðameistara og málarameistara, og töldu þeir allir, að þetta væri hægt, en það væri ekki með því að smíða neitt sveinsstykki. Prófið yrði að standa nokkuð lengi, jafnvel nokkrar vikur, og eftir að ég hafði fengið umsögn þessara manna, sá ég ekki neina ástæðu til að útiloka þá menn, sem eru hæfir til að ganga undir prófið, frá því, enda þekkist það ekki við nokkurn skóla, að menn fái ekki að ganga undir próf, þegar þeir eru hæfir til þess og þeir vilja það, nema við háskólann. Þar

þurfa þeir þó ekki nema að innritast og lesa. Hér eru því ekki til önnur tilfelli, að menn fái ekki að reyna að taka próf án þess að hafa fyrst verið í skóla. Menn geta tekið öll önnur próf, sem vera skal. Þannig þarf auðvitað einnig að vera um þetta próf, og til þess að reyna að búa þannig um, að gegnum þetta próf slyppu ekki aðrir en þeir, sem eru þess verðir, hef ég reynt að setja þær skorður við því, að skussar slyppu í gegn, sem eru í mínum brtt. Það vakti ekki fyrir mér að sleppa gegnum prófið fúskurum, sem útskíta nafn sveina og gætu skaðað þá, sem fengið hafa sveinsbréf, og ég er sannfærður um, að þetta er hægt.

Um fyrri brtt. mína vil ég segja það til viðbótar því, sem ég hef áður sagt, og sem svar til þeirra, sem töluðu á móti, að ég er nú ekki viss um, að þetta þurfi að kosta ríkið neitt verulega meira. Það, sem fyrir mér vakti með iðnerindreka, var það að láta hann skapa festu í framkvæmdum þessara mála. Iðnfræðsluráð er skipað til 4 ára, og eftir önnur 4 ár kemur nýtt ráð, og til þess að fyrirbyggja sífellda breytingu og festuleysi er nauðsynlegt, að til sé fastur maður, sem tengir þetta saman. Ég ætla honum líka að samræma iðnskólana á landinu, en þeir eru nú mjög ólíkir og mikil þörf samræmingar, því að allt annað próf er t. d. hér en í öðrum iðnskólum á landinu. Ég er sannfærður um, að það borgar sig að samþykkja þessa brtt.

Önnur brtt. og þó nokkuð veigamikil er við 4. gr. Eins og það er nú í frv., er heimilt að skipa iðnfulltrúa á eins mörgum stöðum á landinu og iðnfræðsluráði sýnist, en það, sem fyrir mér vakir, er það, að til þessa þurfi heimild frá atvmrh. Þetta er brtt., sem ég legg talsvert upp úr og sem mætti segja mér, að sparaði eigi lítið upp í kaup iðnerindrekans, sem ég legg til, að skipaður verði.

Ég er nokkuð hissa á því, hve allir, sem hér hafa talað, og eins þau bréf, sem komu frá Iðnnemasambandi Íslands og iðnsveinaráði Alþýðusambands Íslands, leggja mikið á móti annarri brtt. hv. þm. Barð., og ég held, að þeir hafi ekki áttað sig á, hvað í henni stendur. Þar stendur: „Nú hefur nemandi verið veikur meira en 6 mánuði samtals á námstímanum," — en nú ber öllum saman um, að ekki sé vit að hafa sama námstíma í öllum iðngreinum og því miklu réttara að miða við árið heldur en námstímann allan. Þessu hafa þeir ekki áttað sig á, sem talað hafa á móti þessari brtt.

Ég vona, að mönnum sé ljóst, hvað felst í mínum till., og vænti þess, að menn skilji nauðsyn þeirra og að hv. deild samþykki þær báðar.

Frsm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. — Hæstv. samgmrh. hefur lýst yfir, að hann væri fylgjandi brtt. þeim, sem n. hefur flutt á þskj. 311. Þessar brtt. voru samþ. af iðnn., og sé ég því ekki ástæðu til að ræða þær frekar. Hann gat hins vegar ekki fellt sig við brtt. mína við 3. gr., og í sama streng tóku þeir báðir, hv. 1. landsk. og hv. 6. landsk., en mér fannst þeir ekki færa fullkomin rök fyrir sínu máli. Þeir telja þetta einkamál milli atvinnurekenda og sveina, en það tel ég ekki. Hér er um mikið atriði fyrir þjóðina sjálfa að ræða.

Hv. 1. landsk. bar þetta saman við samsvarandi ákvæði í Danmörku. Ég veit nú ekki, hvaða vald það hefur þar, en öllum hlýtur að vera ljóst, hvílíkt gífurlegt vald þessu ráði er gefið. Þess vegna álít ég, að ríkið eigi að hafa meira en 1 fulltrúa, vegna þess að hér getur verið um mjög mikil útgjöld að ræða. Ég hef því lagt til, að ráðið sé svo skipað, að Alþ. beri ábyrgð á því. Ef rök meðnm. minna eru rétt, ætti t. d. verzlunarstéttin að skipa 4 menn í viðskiptaráð, en ríkið 1. En á þessu er hafður annar háttur, vegna þess að þetta mál varðar þjóðina alla. Ef þessi háttur verður á hafður, verður strax að taka upp baráttu fyrir breytingu á skipun ráðsins.

Þá er komið að 18. gr. Ég sé ekki ástæðu til að ræða um það, þar sem hér er um smáatriði að ræða, en ég vil benda á, að hv. 1. landsk., hv. 6. landsk. og hæstv. ráðherra töldu allir og leiddu rök að því, að til náms þyrftu 4 ár, en ég fæ ekki skilið, á hverju það er byggt, né heldur þau ummæli hv. 1. landsk., að próf væru engin trygging fyrir hæfni nemandans.

Ég mun því snúa mér að brtt. nr. 3, við 22. gr., og þá þeim ummælum hv. 1. landsk. og hv. 6. landsk., að hér sé verið að refsa eða íþyngja nemendum, en þetta stafar af því, að þeir hafa slitið sundur a- og b-lið. Ég vil út af þessu beina þeim tilmælum til hæstv. forseta, að hann beri upp báða liðina, a. og b., í einu, því að vitanlega kemur ekki til mála að samþykkja a.-lið, en fella b.-lið. Þá væri verið að refsa nemendum. Í þessu er engin refsing fólgin, því að nemendur mega þá slíta samninginn og ráða sig til annars, en það er refsing að binda nemendur við kannske ekki neitt í heilt ár með því að banna þeim að segja upp samningum og mega svo framlengja námstímann sem því svarar.

Viðvíkjandi því, hvort rétt sé að fara inn á till. nr. 2 á þskj. 320, að leyfa próf án námssamnings, þá hafa ekki komið fram viðamikil rök þar í móti, og í þessu sambandi vil ég lesa kafla úr bréfi frá Iðnnemasambandi Íslands, með leyfi hæstv. forseta, þar sem þeir segja: „4. þing Iðnnemasambands Íslands lítur svo á, að námstími í ýmsum iðngreinum sé óþarflega langur, og telur brýna þörf bera til, að hlutlaus athugun fari fram á því, í hvaða iðngreinum megi nú þegar stytta námstíma, án þess að um breytta námstilhögun væri að ræða." Þetta þyrfti að athuga, og iðnnemar renna undir þeim rökum, að ekki þurfi fjögur ár til þess að læra iðn, en í mörgum námsgreinum er námið bundið við 4 ár með núverandi námstilhögun. Enn fremur segir í bréfi iðnnemasambandsins, með leyfi hæstv. forseta: „Jafnframt færi fram rannsókn á því, í hvaða iðngreinum væri hægt að stytta námstímann með breyttri árangursríkri námstilhögun. Það er skoðun þingsins, að þar komi aðallega til greina verknámsskólar reknir af ríki og bæjum. Þingið leggur til, að þessi leið verði farin, sérstaklega vegna þess, að hún felur í sér möguleika til úrbóta á því ófremdarástandi, sem nú ríkir í iðnaðarnáminu, svo sem að fjöldi iðnnema fær oft ekki nema nasasjón af því, hvernig vinna skuli hin vandasömustu störf í iðngreininni." Þetta kemur nú beint frá iðnnemum sjálfum, og er þetta ástand sannarlega óþolandi, og ég verð að segja það,

að ef slík ummæli, sem iðnnemar láta frá sér fara, væru í þskj., þá þættu það þungar ásir. Og eftir því sem iðnfyrirtæki stækkar, þá eru iðnnemarnir notaðir í sendiferðir og látnir sópa gólf fyrsta árið, annað árið er þeim kennt að nota verkfæri, þriðja árið læra verkið og fjórða árið týna niður því, sem þeir hafa lært. Þetta er hin þunga undiralda, og þessu viljum við breyta, en mér finnst skiljanlegt, eins og iðnfræðslu er nú háttað, að meistari, sem tekið hefur að sér að halda uppi námi, vilji tryggja tekjur á móti og tryggja sér vinnusamning — ég vil ekki segja þrælasamning. Þótt frv. verði samþ. nú, þá verður breyting gerð á því fyrr eða seinna, og till. hv. 1. þm. N-M. um ákvæði um próf er sú sama og ég bar fram á þingi í fyrra. Því hefur verið haldið fram hér, að próf gæfu enga tryggingu um leikni og kunnáttu nemanda. En er það þá svo, að próf í stýrimannafræði frá stýrimannaskólanum sé einskis virði? Er það einskis virði, er komið er út á haf og enginn er til að leiðbeina eða rétta miða? Ég skil ekki, að ef manni er sagt að gera útskorinn bókaskáp og hans gætt og fylgt, frá því að hann tekur hráefnið, eikina eða einhvern harðvið, þar til að hann skilar því, að hann gæti ekki eins smíðað rúm eða klæðaskáp, og það kemur fram í þessu bréfi, að óskað er eftir, að þessi gr. sé athuguð. Í bréfinu segir, með leyfi hæstv. forseta: „Þá vill stjórn Iðnnemasambands Íslands benda yður á, að hún telur, að nauðsynlegt sé að breyta að nokkru 13. gr. frv. og þá þannig, að í stað setningarinnar „Prófdómendur" o. s. frv. komi: Iðnfræðsluráð skal ákveða, hvert prófverkefni skuli vera í hverri iðngrein fyrir sig, t. d. 10—15 mismunandi verkefni, og skuli nemendur síðan draga um það hjá prófnefnd, hvert verkefni þeir eigi að leysa af höndum." Þetta er lögð stærst áherzla á í þessu máli, og ég vil í tilefni af þessu, að n. taki 13. gr. frv. til gaumgæfilegrar athugunar. Öll rök mæla með því að fara inn á þetta svið, að stytta námstímann í opinberum skólum.

Ég vil svo að síðustu að gefnu tilefni vegna ummæla ráðherra um, að þingnefndir ættu ekki að láta mál koðna uppi, heldur skila þeim til þingdeilda, vísa þessu aftur, en á tveim undanförnum þingum hef ég átt mál í n., án þess að þau fengjust afgreidd, og nú síðast frá í október s. l. Mál þetta kom seint til iðnn., og á síðasta aðalþingi var mikil vinna lögð í málið, en það voru aðrir aðilar en iðnn., sem stöðvuðu málið þá. Það er og af mínum till., að frv. er nú fram borið í Ed., og mér þótti réttara, að málið kæmi fram þar, því að málinu væri hætt við að stöðvast í Nd. Ég tel allar ásakanir um, að málið yrði stöðvað í Ed., talaðar út í bláinn.

Sigurjón Á. Ólafsson: Herra forseti. — Hv. þm. Barð. og hv. 1. þm. N-M. hafa fært hér rök fyrir till. sínum og andmælt mínum till. Ég skal nú fara fljótt yfir sögu, en ég vil enn vitna í löggjöf Dana, en hún skiptir nú ef til vill ekki máli fyrir okkur, en ég held, að mþn., sem hafði þetta mál til meðferðar, hafi haft hliðsjón af þeim reglum, sem Norðurlöndin hafa í iðnlöggjöf sinni. Út af því, sem hv. þm. sagði um mikið vald iðnráðsins, þá verð ég að játa, að ég hef ekki stúderað þetta alveg ofan í kjölinn, en þetta virðist mér vera líkt og í löggjöf Dana. Annað er í þeirra löggjöf, að gert er ráð fyrir, að iðnstéttirnar hafi fjögurra manna ráð úr sveinastétt og meistarastétt, og svipað var rætt um í mþn. Ég hef vitnað í það, hvernig erlenda reynslan hefur verið byggð í meistarafræðslunni, en hana mætti taka upp fyrr eða seinna, en það liggur ekki fyrir nú, og hygg ég, að það þyrfti allverulegan undirbúning. Nú hefur mér skilizt á hv. þm. Barð., að hann muni sætta sig við frv., þótt brtt. hans verði ekki samþykkt nú, og mætti breyta l. síðar að fenginni reynslu. Þetta er alveg rétt hjá hv. þm., en varðandi 22. gr. frv. þá las hv. þm. upp úr erindi, sem barst nú alveg inn á fundinn. Ég játa, að ég er persónulega ekki kunnugur núverandi ástandi í þessum málum, sem gr. fjallar um, en hv. þm. vitnaði í ástæðuna til að gera hér breytingar á, og með því sannaði hann mitt mál. Hins vegar varðandi námstímann, þá verður það hlutverk iðnfræðsluráðs að setja skilyrði í því efni með reglugerðarákvæði. Varðandi það, sem hv. þm. Barð. sagði um próf, þá eru próf ekki alger mælikvarði á kunnáttu og leikni í öllum skólum, og sérkunnáttan er nú í hávegum höfð, og er rétt að tryggja menntunina, svo að hinir ungu menn verði sem bezt undir það búnir að leysa vandaverkin af höndum. Ekki er ástæða til þess að ræða frekar um þetta við hv. þm., en hann vitnaði í bréf hinna ungu manna, iðnnemanna, og vitnaði í það, sem kæmi honum í hag, og er þá rétt, að ég lesi hér kafla úr sama bréfi, sem kemur mínum málstað í hag, með leyfi hæstv. forseta. Þar segir: „Stjórnin er eindregið á móti öllum brtt. Gísla Jónssonar. Í fyrsta lagi er stjórnin mótfallin því, að alþingi kjósi í iðnfræðsluráð, vegna þess að hún telur meiri hættu á, að þar verði menn fremur valdir eftir stjórnmálaskoðun heldur en iðnfræðilegri þekkingu. 2. brtt. Gísla er stjórnin mótfallin vegna þess, að hún telur 18. gr. frv. í alla staði heppilegri, hvað viðkemur fjarveru nemanda vegna veikinda. 3. brtt. a.-lið getur stjórnin með engu móti fallizt á, vegna þess að hún telur, að nemendum beri kaup, meðan þeim er skylt að mæta til æfinga og meðferðar véla og verkfæra, sem á vinnustaðnum eru, því að slíkt tilheyrir óhjákvæmilega sjálfu iðnnáminu, enda geta iðnnemar engu ráðið um vinnustöðvanir. Hvað b.-lið viðkemur, telur stjórnin aðra málsgr. í 22. gr. frv. í alla staði heppilegri og breytingu á henni algerlega óþarfa." — Þetta segja nú iðnnemar.

Það er stórt atriði í þessu máli, að allir þeir fulltrúar, sem mættu í n. úr iðnstéttum, voru á móti, að ákvæði, sem felast í brtt. á þskj. 320, 2. tölul., væru tekin í frv. Og þó að hv. Alþ. sé hér yfirhúsbóndi í þjóðmálum um löggjöf og annað, þá vil ég ekki að gengið sé alveg í berhögg bæði við iðnsveina og iðnmeistara í þessu efni. Ég tel, að þeir hafi það mikil rök fram að færa í þessu máli, að ég treysti mér ekki að ganga þar beint á móti, sem mundi ef til vill hafa þær afleiðingar að koma þessu frv. fyrir kattarnef. En ég tel, að nauðsyn

sé að koma þessari löggjöf á nú þegar. Hún stendur að sjálfsögðu til bóta, og það er fyrsta skilyrðið að koma málinu í höfn nú með væntanlegum umbótum síðar, eftir því sem reynslan sýnir og nauðsynlegt er.

ATKVGR.

Rökst. dagskráin frá 1. þm. N-M. felld með 10:1 atkv.

1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 312,1 felld með 9:4 atkv.
Brtt. 350 samþ. með 9:5 atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 359 samþ. með 10:3 atkv.
Brtt. 320,1 (ný 4. gr.) samþ. með 9:2 atkv.
5.—6. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 311,1 samþ. með 14 shlj. atkv.
7. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
8.—10. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 311,2 samþ. með 14 shlj. atkv.
11. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 311,3 samþ. með 14 shlj. atkv.
12. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 311,4 samþ. með 14 shlj. atkv.
13. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 320,2 (ný gr., verður 14. gr.) samþ. með 8:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JJós, PZ, BSt, BK, EE, GJ, HV, HermJ.

nei: SÁÓ, StgrA, BrB, GÍG, ÞÞ.

ÁS greiddi ekki atkv.

3 þm. (LJóh, PM, BBen) fjarstaddir.

3 þm. gerðu grein fyrir atkv.:

Frsm. (Gísli Jónsson): Því hefur verið marglýst yfir hér í hv. d., að iðnn. stæði saman um frv. óbreytt. Nm. hafa mælt mjög á móti fyrri liðnum við 4. gr. á þskj. 320,1 og síðan samþ. þá gr. og því gerbreytt frv. frá því, sem ákveðið var í frv. Tel ég mig því hafa óbundnar hendur um þetta frv. og segi já.

Hannibal Valdimarsson: Ég er andvígur því, að það sé alveg fast og bundið, að hversu hæfir sem menn eru í ákveðna iðn, þá megi þeir ekki fá réttindi, nema því aðeins að þeir hafi stundað nám hjá meistara. Ég tel, að iðnlöggjöfin eigi að sjá um, að engir óhæfir menn fái iðnréttindi, en ég tel, að iðnlöggjöfin megi því síður standa í vegi fyrir því, að menn, sem hafa fullnægjandi kunnáttu, fái réttindi. Þess vegna er ég samþykkur þessari till. og tel, að það sé ekki gengið á rétt neinna með henni. Að útiloka menn, sem hafa fullnægjandi verklega kunnáttu og geta gengið undir próf, tel ég ranglátt. Ég tel, að þeir menn, sem eru að stimpast gegn því, að þessir menn fái réttindi, sem þessi próf veita, séu fyrst og fremst að stuðla að því að tryggja meisturum ódýran vinnukraft, og það álít ég alveg óþarft að viðhalda slíku þrælahaldi hér í þessum efnum og segi því já.

Hermann Jónasson: Ég tel alveg hættulaust að samþykkja þetta. Það verður ekki misnotað, vegna þess að það er vitað mál vegna þess, hvernig þetta stendur af sér, að þessi próf verða sérstaklega ströng eins og alltaf, þegar um slík próf er að ræða, og má því búast við, að þeir menn, sem komast í gegnum þetta próf, verði kannske betri en iðnaðarmenn, sem komast í gegnum þetta próf með venjulegum námstíma. Þess vegna segi ég já.

14.—16. gr. (verða 15.—17. gr.) samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 311,5 samþ. með 14 shlj. atkv.
17. gr. (verður 18. gr.), svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 312,2 felld með 9:2 atkv.
18. gr. (verður 19. gr.) samþ. með 14 shlj. atkv.
19.—21. gr. (verða 20.—22. gr.) samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 312,3 felld með 8:3 atkv.
22. gr. (verður 23. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 311,6 samþ. án atkvgr.
23.—24. gr. (verða 24.—25. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 311,7 samþ. með 13 shlj. atkv.
25. gr. (verður 26. gr.), svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
26. gr. (verður 27. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 311,8 samþ. með 13 shlj. atkv.
27. gr. (verður 28. gr.), svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 311,9 samþ. með 13 shlj. atkv.
28. gr. (verður 29. gr.), svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
29.—30. gr. (verða 30.—31. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 311,10 samþ. með 13 shlj. atkv.
31. gr. (verður 32. gr.), svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 311,11 (32. gr. falli niður) samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 311,12 (ný 33. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 66. fundi í Ed., 7. febr., var frv. tekið til 3. umr. (A. 360).

Samgmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. — Ég vil aðeins með nokkrum orðum gera grein fyrir afstöðu minni til þessa frv., eftir að samþ. voru við 2. umr. þær breytingar, sem gerðar voru, sérstaklega við 14. gr. Ég tel, að með þessari breytingu hafi grundvellinum verið mjög kippt undan þessari lagasetningu. Þar er gert ráð fyrir, að hver maður fái að ganga undir próf og geti fengið full réttindi iðnnema. Ég tel tilgangslaust að koma með brtt. hér að þessu sinni, en mun bera fram í Nd. brtt. í þá átt að fella þessa gr. niður.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 68. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 72. fundi í Nd., 12. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til iðnn. með 22 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

2. Brúargerðir (frv. SB).

Á 3. fundi í Nd., 14. okt., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 30 2. apríl 1943, um breyt. á l. nr. 32 23. júní 1932, um brúargerðir (þmfrv., A. 1).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Flm. (Sigurður Bjarnason): Herra forseti. — Á síðasta reglulegu Alþ. flutti ég ásamt þáverandi 5. landsk. frv. samhljóða þessu, um að taka upp í brúal. Múlaá í Ísafirði. Þessi á er á þjóðveginum frá Arngerðareyri að Múla. Sá vegur er nú bílfær orðinn, en þessi á er hins vegar nokkur farartálmi og þess vegna nauðsynlegt, að hún sé brúuð. Til þess að svo megi verða, þarf að fá hana tekna upp á brúal., og það er það, sem betta frv. miðar að. Ég þarf ekki að fara mörgum orðum um þetta, en óska, að frv. verði að umr. lokinni vísað til 2. umr. og hv. samgmn.

Pétur Ottesen: Á síðasta þingi lágu fyrir samgmn. till. um breyt. á vegal. og sömuleiðis um breyt. á brúal. Þessum till. hvorum tveggja var, að því er mig minnir vegna till. frá samgmn., vísað til ríkisstj. í trausti þess, að stjórnin undirbyggi þessi mál og legði fyrir næsta þing, þ. e. a. s. það þing, sem nú er nýlega sett.

Nú vildi ég í tilefni af því, að komin eru fram frv. til vegal. og brúal., beina því til samgmrh., hvort ekki sé von á till. frá stjórninni, sem fengið hefðu undirbúning hjá vegamálastjóra, inn á þetta þing, eins og gert var ráð fyrir, því að ef svo væri, mundi það spara þm. að bera fram brtt. um þetta efni.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Það er rétt, sem hv. þm. Borgf. segir, að þessum málum mörgum var á síðasta reglulegu þingi vísað til stjórnarinnar til athugunar, og sú athugun hefur að nokkru leyti farið fram og sennilega að mestu leyti, en þó hef ég ekki enn þá fengið niðurstöðurnar hjá vegamálastjóra. Ég hef gert ráð fyrir því, að þegar þessar niðurstöður frá vegamálastjóra lægju fyrir, yrði tekið til athugunar, hvernig bezt væri að taka málin til afgreiðslu, og vildi ég um það hafa samvinnu við hv. samgmn. deildanna. Ég er alveg á sömu skoðun og hv. þm. Borgf. um það, að heppilegast væri á alla lund, að hægt væri að afgr. þessi mál með samkomulagi, en ekki verði tekin út úr einstök mál, eins og byrjað er á. Hins vegar virðist mér einfaldast, að þessum tveim málum, sem hér liggja fyrir í dag, verði vísað til samgmn., sem hefði þau til athugunar fyrst um sinn, þangað til séð yrði, hvaða till. stj. mundi bera fram í málinu. Ósk mín er sú, að málinu verði vísað þangað.

Flm. (Sigurður Bjarnason): Ég hef að sjálfsögðu ekkert á móti því, sem samgmrh. ræddi um, að afgreiðsla þessa máls dragist eitthvað, þangað til séð verður, hvað verður ofan á um till. vegamálastjóra og samgmn. um heildarlausn þessa máls. Hins vegar verð ég að segja það, þótt það máske sé ekki tímabært hér, að mér finnst meðferð þessara mála á undanförnum þingum ekki hafa gefið mjög ákveðnar vonir um, að samkomulag náist um heildarskipulag, sem allir geti sætt sig við, enda eru þessi mál þannig vaxin, að það þarf nærri því frá ári til árs að fjalla um þau. Hitt er æskilegt, og ég tel það nauðsynlegt, að heildarskipulagi sé komið á þessi mál. Ef hins vegar yrði ekki úr því, að heildartill. kæmu fram frá vegamálastjóra, mundi ég halda því fast fram að fá þessi mál afgr. Þetta frv. var á sínum tíma flutt af nauðsyn, og svo er enn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til samgmn. með 18 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki tekið á dagskrá framar.

---

3. Vegalagabreyting (frv. SB).

Á 3. fundi í Nd., 14. okt.. var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 37 7. apríl 1943, um breyt. á vegal., nr. 101 19. júní 1933 (þmfrv., A. 2).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Flm. (Sigurður Bjarnason): Herra forseti. Það var fyrst á þessu sumri, að akvegasamband komst á við Ísafjarðardjúp. Þetta er mjög stórt spor í samgöngumálum þessara héraða og allra Vestfjarða, en þegar þessum áfanga er náð, hlýtur svo að fara, að krafan um bættar samgöngur innan héraðs komi fram, og grundvöllurinn er sá, að nauðsynlegir vegir

verði teknir í þjóðvegatölu. Það er þannig í þessum héruðum, að aðeins örstuttir vegarspottar eru í þjóðvegatölu, og má því segja, að þau séu vegalaus og þjóðvegalaus. Það er þess vegna, að ég hef flutt hér þetta frv., og mun ég leggja á það mikla áherzlu, að nauðsynlegir vegir verði lagðir þar með svipuðum hætti og í öðrum héruðum landsins. Ég sé ekki ástæðu til að fara um þetta fleiri orðum. Það er gert ráð fyrir, að teknir verði í þjóðvegatölu vegir meðfram öllu Ísafjarðardjúpi norðanverðu, allt til Furufjarðar á Ströndum, en brýna nauðsyn ber til, að lagður verði vegur út Snæfjallaströndina og þar með stytt sjóleiðin til Ísafjarðar og Vestfjarðanna yfirleitt, en gert er ráð fyrir, að í haust verði vegurinn kominn langleiðina til Melgraseyrar.

Þetta frv. miðar að því, að því sem næst vegalaus héruð fái nokkra leiðréttingu sinna mála. Það hefur ríkt misskilningur um þarfir manna, sem þarna búa. Mönnum hefur sýnzt, að þetta fólk gæti látið sér nægja góðar samgöngur á sjó. Þetta er ekki þannig. Samgöngur á landi eru nauðsynlegar, ekki einasta fyrir félagsskap manna, heldur og vegna atvinnurekstrar.

Ég leyfi mér að óska þess, að þessu frv. verði vísað til 2. umr. og samgmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til samgmn. með 19 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

4. Bifreiðaskattur o. fl. (frv. PÞ o. fl.).

Á 3. fundi í Sþ., 22. okt., var útbýtt frá Nd.: *Frv. til l. um breyt. á l. nr. 53 7. maí 1946, um viðauka við og breyt. á* l. *nr. 84 6. júlí 1932, um bifreiðaskatt o. fl.* (þmfrv., A. 16).

Á 5. fundi í Nd., 24. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Páll Þorsteinsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér ásamt þm. S-M. að bera fram þetta frv. Meginefni þess er, eins og fram er tekið í frv., að leggja skuli hlut af benzínskatti til brúargerða, en hinn hlutinn skuli renna til þjóðvega. Undanfarið hefur svo verið, og hefur safnazt í brúasjóð um 1½ milljón króna. Úr þessum sjóði hefur verið veitt t. d. til brúargerðar á Jökulsá á Fjöllum. En með lagabreyt. á síðasta þingi var fellt niður ákvæði um, hvernig skipta skuli gjaldinu, og rennur það til ríkissjóðs, en gengur ekki til brúar- og vegagerða. Vil ég leyfa mér að mælast til, að þetta verði fært í sama horf og var og að gjaldið verði lagt í vegi og brýr.

Það er kunnugt, að lagt er kapp á að leggja vegi um landið, og eru nú greiðfærir vegir frá Reykjavík að Skeiðarársandi og frá Reykjavík til Suður-Múlasýslu. Sums staðar á kaflanum þar á milli eru óyfirstíganlegar hindranir og ekki hægt að tengja akbrautir um landið. Vegna jökulhlaupa á Skeiðarársandi er erfitt að tengja þjóðbrautir þar saman, en kaflann, sem tengir Hornafjörð og Suður-Múlasýslu, má gera greiðfæran og greiða úr samgöngum þar og auðvelda samskipti þessara héraða, en þau hafa haft mikið saman að sælda, t. d. stunda Múlasýslumenn fiskveiðar við Hornafjörð á vetrum. Eingöngu vegna erfiðra hafnarskilyrða er Djúpivogur varahöfn Skaftafellssýslu, og eru dæmi um það, að skip, sem eiga að fara með vörur til Skaftafellssýslu, hafa orðið að fara með þær til Djúpavogs. Þetta væri ekki svo slæmt, ef samgöngur væru góðar á landi, en svo er ekki, og þess vegna er samband milli þessara héraða mjög stopult. Suður-Múlasýsla og Skaftafellssýsla hafa svo mikið félagslegt samband sín á milli, að mjög bagalegt er, að ekki skuli vera bílfært á milli. Sem dæmi má nefna, að þeir eru í búnaðarsambandi saman, en geta ekki notað bifreiðar til þessara samskipta. Það er hætt við, að íbúum annarra héraða mundi þykja miður, ef ekki væri bílfært milli höfuðsveita, t. d. milli Eyjafjarðar og Skagafjarðar eða í Þingeyjarsýslum. Hvað mundu þeir segja, ef þeir þyrftu að fara ríðandi milli héraðanna? Nú ber að líta á, hvort hér sé um mikið átak að ræða. Á milli Hornafjarðar og Djúpavogs eru 90 km. Frá Hornafirði að Jökulsá í Lóni eru 24 km., og er sú leið bílfær og einnig fleiri kaflar leiðarinnar. Nú er byrjað að leggja veg yfir Lónsheiði, og er þá Jökulsá í Lóni aðaltorfæran, en hún er, sem vitað er, stórt vatnsfall. Vildi ég því leggja til, að tekjum þeim, sem innheimtast með benzínskatti, verði varið til brúargerðar á Jökulsá í Lóni, en sú brú kæmi til með að kosta mikið og erfitt að fá fé til þess kostnaðar á fjárl., og ég býst ekki við, að sá kostnaður yrði tekinn inn á fjárl. næstu ára. Vil ég því leggja til, að brúasjóður haldist og fé hans verði notað til að gera þessa brú. Ef til vill kæmi til álita að hækka benzínskattinn nokkuð og breyta hlufallinu um framlag til brúargerða og hins vegar til akvega. Það er ekki hægt að sleppa því, að með bættum vinnubrögðum við vegagerð minnkar kostnaðurinn, en við getum ekki gert okkur vonir um slíkar breyt. við brúargerðir. Þótt þetta komi til álita, höfum við heldur lagt til að tekjustofninum sé haldið óbreyttum.

Þar sem hér er um að ræða ráðstöfun á þegar innheimtu fé, finnst mér, að vísa ætti frv. til hv. samgmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til samgmn. með 24 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

5. Vinnumiðlun.

Á 5. fundi í Nd., 24. okt., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 4 frá 1935, um vinnumiðlun (þmfrv., A. 26).

Á 6. fundi í Nd., 28. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Sigurður Bjarnason): Herra forseti. Frv. þetta, sem hér er flutt á þskj. 26, er um breyt. á l. nr. 4 1935, um vinnumiðlun. Með frv. er lagt til, að sú breyt. verði gerð á gildandi ákvæðum um stjórn vinnumiðlunarskrifstofa, að í stað þess, að viðkomandi bæjarstjórn kýs 2 menn af 5, kýs hlutaðeigandi bæjarstjórn 3 menn, þ. e. a. s. meiri hl. af stjórn skrifstofunnar. Gildandi ákvæði eru þannig, að bæjarstjórn kýs 2 menn, starfandi verkalýðsfélag á staðnum eða fulltrúaráð verkalýðsfélaga einn mann, félag atvinnurekenda einn mann og atvmrh. skipar 5. mann, sem jafnframt er form. stjórnarinnar. Ég tel sjálfsagt, að þessi breyt. verði gerð. Vinnumiðlunarskrifstofur eru kostaðar að ⅔ hlutum af bæjarsjóði, en einungis að ⅓ úr ríkissjóði. Starfsemi vinnumiðlunarskrifstofanna er hreint bæjarmál, sem hefur haft mjög verulega þýðingu fyrir bæjarfélögin, og tel ég, að skrifstofur þessar hafi mikilvægu hlutverki að gegna innan bæjarfélaga, þar sem þeim hefur verið komið á stofn, og mér finnst eðlilegt, að bæjarstjórnirnar hafi úrslitaáhrif á stjórn þeirra. Það er ætlazt til, að framvegis gildi sömu ákvæði og verið hafa, að bæjarstjórnirnar kjósi þessa menn með hlutfallskosningu.

Ég vil að lokum benda á það, að ég tel æskilega þá þróun, sem vart hefur orðið á síðari árum, að gera bæjarfélögin nokkuð óháð. Það eru uppi raddir um það að gera einstaka fjórðunga landsins óháðari ríkisvaldinu en þeir hafa áður verið, og tel ég þá stefnu athyglisverða, þótt þeim málum sé ekki langt komið. Ég tel það, sem hér er farið fram á, vera í samræmi við þessa stefnu og miða að því að gera bæjarfélögin óháðari um stjórn stofnana sinna.

Ég tel mig ekki þurfa að fara fleiri orðum um þetta mál. Hér er um sanngirnismál að ræða, sem ég tel, að ekki þurfi að deila um. Ég vona því, að það fái góðar undirtektir hjá hv. d., og vil óska, að frv. verði að lokinni umr. vísað til 2. umr. og allshn.

Félags- og dómsmrh. (Finnur Jónsson): Ég vildi í þessu sambandi láta þess getið, að ég tel ekki óeðlilegt, að sá háttur sé á, eins og er í gildandi l., að ríkisstj. tilnefni einn mann í stjórn vinnumiðlunarskrifstofanna, með því að ætlazt er til, að ríkið greiði verulegan hluta af kostnaðinum. Þetta réttlætist af því sama og að ríkið skipar formenn skólanefnda og hefur með því vissa íhlutun um það, hvernig farið er með það fé, sem veitt er til þeirra mála. Ef sá háttur yrði upp tekinn, að ríkisstj. hefði enga hlutdeild í rekstrinum, teldi ég rétt, að bæjarsjóðir bæru allan kostnað af skrifstofunum, en svo er ekki nú. Nú er það svo, að þegar l. um vinnumiðlunarskrifstofur voru sett á Alþ., var það gert í því skyni, að hægt væri að miðla vinnu milli kaupstaða og landsfjórðunga, ef með þarf, og hugsað þannig, að samvinna sé milli viðkomandi bæjarstjórna, atvinnurekenda, verkalýðsfélaga og ríkisins til þess að reyna að sjá um, að atvinna verði í landinu. Ég hygg, að þessi grundvöllur, sem lagður hefur verið með löggjöfinni um vinnumiðlun, sé bæði skynsamlegur og réttlátur, og sé enga ástæðu til að breyta til í þessu efni, nema það sé þannig, að bæirnir vilji að öllu leyti taka að sér þær skyldur, sem ríkisvaldið hefur í þessu efni, en það tel ég ekki rétt. Ég sé ekki ástæðu til að slíta því sambandi, sem er milli þessara fjögurra aðila samkvæmt núgildandi vinnulöggjöf, og er þess vegna á móti þessu frv. En verði sá háttur upp tekinn, að ríkið tilnefni framvegis engan mann, mun ég bera fram brtt. á þá leið, að ríkið beri þá engan kostnað.

Flm. (Sigurður Bjarnason): Herra forseti. Ég skal ekki fara að deila við hæstv. félmrh. um sjónarmið hans í þessu máli, en það er annað en mitt. Ég lít svo á, að þótt ríkið hafi fram að þessu greitt ⅓, þá eigi það ekki heimtingu á því að hafa úrslitaáhrif um stjórn þessara stofnana. Það stendur óhaggað, að bæjarsjóðirnir standa undir ⅔ hlutum kostnaðar, og það verður ekki bent á það með neinum rökum, að ríkisstj. sé nauðsynlegt að hafa þessi ítök. Það verður alveg jafnauðvelt eftir eins og áður að hafa vinnumiðlun milli allra staða á landinu. Ég sé ekki, að bæjarstjórnirnar ættu að vera ófúsari til samvinnu eftir en áður. Ég held aftur á móti, að því sjálfstæðari sem rekstur bæjarfélaganna er, því meiri möguleikar séu fyrir góðri samvinnu milli ríkis og bæja um þessi mál. Um hitt atriðið, hvort ætti að svipta bæjarfélögin þessum ⅓ hluta styrks, skal ég ekki eyða orðum að svo komnu máli, en mér er nær að halda, að það væri eins æskilegt, að þau hættu að fá þennan styrk, eins og að ríkið hafi svona sterk áhrif. Ég tel eðlilegt, að ríkið styrki þetta, því að hér er um mál að ræða, sem hefur almenna sósíala þýðingu, án þess að ríkið geri þær kröfur að hafa úrslitaáhrif á stofnunina.

Ég hef ekki meira að segja, en vona að málið fái góða afgreiðslu í hv. þd. Ég gerði till. um, að málinu yrði vísað til allshn., en það mætti eins fara til félmn., og er það á valdi hæstv. forseta, hvort verður.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 18 shlj. atkv.

Á 94. og 98. fundi í Nd., 13. og 18. marz., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 99. fundi í Nd., 19. marz, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 26, n. 509 og 514).

Frsm. minni hl. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Núgildandi l. um vinnumiðlun voru sett 1935, og í þeim er kveðið svo á, að í sérhverjum kaupstað

á landinu sé sett vinnumiðlunarskrifstofa, ef hlutaðeigandi bæjarstjórn eða atvmrh. ákveða.

Í stjórn hennar séu 5 menn, 2 tilnefndir af viðkomandi bæjarstjórn, einn af verkamannafélagi eða fulltrúaráði verkalýðsfélaga á staðnum, einn af félagi atvinnurekenda og loks einn tilnefndur af atvmrh., og sé hann formaður stjórnarinnar. Kostnaður við skrifstofuna greiðist að ⅔ úr bæjarsjóði, en ⅓ úr ríkissjóði. Kostnaður af símtölum, póstsendingum og símskeytum greiðist þó allur úr ríkissjóði.

Höfuðákvæði þessa frv. er, að gert er ráð fyrir, að l. verði breytt svo, að hlutaðeigandi bæjarstjórn kjósi 3 menn af 5 í stjórnina, en atvmrh. tilnefni engan. Það er m. ö. o. gert ráð fyrir, að bæjarstjórnin fái meiri hl. í stjórn skrifstofunnar, en ríkisvaldið hafi þar engin áhrif.

Nú væri ekki mikið við þetta að athuga, ef þetta væru stofnanir fyrir bæjarfélagið eitt, en svo er ekki. Þær gegna ýmsum störfum fyrir ríkisvaldið í heild og þjóðina. Í 2. gr. gildandi l. segir, að hlutverk þeirra sé m. a. „að „úthluta vinnu þeirri, sem kostuð er af bæjum og ríki til atvinnubóta, svo og annarri vinnu, er ríki, bæir eða opinberar stofnanir fela skrifstofunni að úthluta," og enn fremur „að halda uppi innbyrðis sambandi á milli vinnumiðlunar í kaupstöðum og milli kaupstaða og sveita, eftir því sem við verður komið." Af þessu er ljóst, að þessar skrifstofur eru ekki fyrir bæjarfélögin einvörðungu, heldur gegna þær einnig starfi fyrir ríkið, og það hefur löggjafinn fundið og því gert ráð fyrir, að ríkið greiddi ⅓ kostnaðar og tilnefndi einn mann í stjórn. Minni hl. heilbr.- og félmn. lítur því svo á, að það sé eðlilegt, að ríkið fái að tilnefna 1 mann af 5 í stjórnina, og sízt of mikið, þar sem 4 menn af 5 eru úr bæjarfélaginu. Minni hl. n. getur því með engu móti fallizt á, að frv. þetta verði samþ., sérstaklega þar sem þó er gert ráð fyrir, að meira en ⅓ kostnaðar verði áfram greiddur úr ríkissjóði, því að samkv. frv. er ákveðið, að ríkisvaldið taki áfram þátt í kostnaðinum, en hafi engin áhrif á stjórnina.

Væri hins vegar svo, að áhrif ríkisins ættu alveg að hverfa og það tæki ekki heldur þátt í kostnaðinum, væri öðru máli að gegna, en svo er hér ekki. Minni hl. getur því ekki fallizt á þetta frv. og leggur til, að það verði fellt í því formi, sem það liggur fyrir.

Sigurður E. Hlíðar: Herra forseti. Ég tel það óheppilegt, að þetta mál skuli tekið til umr., þegar hvorki frsm. meiri hl. n. né flm. málsins eru viðstaddir. Þegar frsm. minni hl. n. flytur framsöguræðu sína, er enginn til andsvara. Ég er einn af meiri hl. n., eins og þskj. 509 ber með sér, og leyfi mér að segja nokkur orð um það. Meiri hl. n. leggur til, að frv. verði samþ. Meiri hl. telur eðlilegt, að bæjarstjórn fái að tilnefna 3 menn, þar sem hún leggur fram ⅔ kostnaðar, en sé ekki í minni hl., þó að ríkið beri svo mikinn kostnað. Við lítum svo á, að ríkisvaldinu sé ekki misboðið, þó að það sleppi þessari íhlutun sinni, þar sem hér er um hreint bæjarmál að ræða.

Ég tel ekki ástæðu til þess að hafa þetta mál lengra, en ég vildi með þessum orðum mínum túlka afstöðu meiri hl. heilbr.- og félmn. í fjarveru frsm. Ég vil svo að lokum leggja til, að frv. verði samþ.

Forsrh. (Stefán Jóh. Stefánsson): Herra forseti. Ég get verið stuttorður og látið nægja að vísa til orða þeirra, sem hv. frsm. minni hl. lét hér falla um þetta mál.

Mér finnst það í fyllsta máta óeðlilegt og ósanngjarnt, eins og undirstrikað var af minni hl. n., að ríkið leggi fram að sínum hluta verulegt fé til rekstrar vissra stofnana, en eigi svo enga íhlutun að hafa um rekstur þeirra stofnana. Ég get bent á hliðstætt mál, þar sem þetta þykir sjálfsagt, og eru það skólanefndir, þar sem kosning þeirra skiptist milli hlutaðeigandi sveitarfélaga og ríkisins. Og stjórnir bæjanna kjósa skólanefndir, en ríkisstj. velur formann n. af þeirri einföldu og eðlilegu ástæðu, að ríkið leggur fram verulegt fé til skólamálanna og vill hafa þar aðila, sem getur fylgzt með rekstri og störfum þeirra fyrirtækja.

Í öðru lagi vil ég benda á, að með frv. um fjárhagsráð er gert ráð fyrir því, að fjárhagsráð sem landsstofnun leiti til vinnumiðlunarskrifstofa úti um land til þess að afla upplýsinga um það, hvernig varið er vinnukrafti og öðru slíku, til þess að jafna og dreifa vinnunni og hafa reksturinn sem hagkvæmastan. Mér finnst eðlilegt, að þessar stofnanir hafi mann eða menn í forsvari af ríkisins hálfu, þeim mun eðlilegra sem ríkinu sem heild er ætlað að leita til þessara stofnana um upplýsingar og ráðagerðir.

Ég sé ekki ástæðu til þess að hafa þessi orð fleiri, en ég teldi það algert brot á eðlilegum reglum, sem eru í íslenzkum l., óeðlilegt og óráðlegt af hv. Alþ. að ætla að taka úr höndum ríkisvaldsins fulltrúa til þess að starfa í fyrirtækjum, sem ríkið stjórnar að verulegu leyti. Ég sé ekki að fram hafi komið eða til sé nein röksemd, sem geti réttlætt það. Hins vegar má telja fram ótal röksemdir, sem mæla gegn því, að þessari nýju skipan eftir frv. verði komið á. Ég vil því vænta þess, að hv. d. telji sjálfsagt og eðlilegt að láta þetta frv. ekki ná fram að ganga.

Sigfús Sigurhjartarson: Ég ætla mér ekki að blanda mér inn í þær umr., sem um þetta mál hafa verið, út af fyrir sig, en mér finnst rétt að vekja athygli á því, þar sem hæstv. forsrh. hefur staðhæft, að sú regla væri alger um skólamálin okkar, að ríkisvaldið hefði íhlutun um formann skólan. eða þá menn, sem stjórna skólamálum heima í héraði, að þetta er ekki með öllu rétt. Í l., sem afgr. voru frá hv. Alþ. í fyrra um fræðslumál, er gert ráð fyrir því, að í hverju fræðsluhéraði sé starfandi svo kallað fræðsluráð. Í l. þessum er líka gert ráð fyrir því, að ef fræðslumálastjóri mælir svo fyrir og hlutaðeigandi sýslun. samþykkir, þá taki þetta ráð við störfum skólan. í héraðinu. Nú breytti hv. Alþ. því frv., sem lagt var fram um þetta mál, í það horf, að fræðsluráð yrði kosið alveg af hlutað-

eigandi bæjarstjórnum og sýslun., og hefur fræðslumálastjóri nú fyrir skömmu lagt svo fyrir, að fræðsluráð kaupstaðanna skuli taka alveg við störfum skólan. þeirra. Fræðslumálastjóri getur að vísu ekki gert þetta upp á sitt eindæmi. Til þess þarf samþykki bæjarstjórna, og bæjarstjórnin í Reykjavík hefur þegar samþ. þessi fyrirmæli fræðslumálastjóra, að fræðsluráð skuli taka við störfum skólan. allra barnaskóla og gagnfræðaskóla í Reykjavík, og er í þeim skólum komið svo, að ríkisvaldið hefur enga íhlutun um skipun þessara skólamála í Reykjavík.

Með þessu hefur hv. Alþ. skapað fordæmi fyrir því að láta héruðin ein um það að skipa n., sem eigi að fara með framkvæmd þeirra mála, sem ríkið ber kostnað af að langsamlega mestu leyti, eins og einmitt á sér stað í skólamálunum, svo að það er ekki alls kostar rétt, að hér sé verið að ganga inn á braut, sem eigi sér engin fordæmi.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 107. og 108. fundi í Nd., 8. og 9. apríl, var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 115. fundi í Nd., 16. apríl, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 16:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GSv, GTh, HB, HermG, IngJ, JóhH, JPálm, KTh, AJ, PO, SigfS, SB, SG, SEH, SK, ÁkJ,

nei: GÞG, HÁ, HelgJ, JörB, PÞ, SkG, StJSt, StgrSt, ÁÁ, EmJ, EystJ, FJ, BG.

6 þm. (JS, JJ, ÓTh, BÁ, EOl, GÞ) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 14:5 atkv.

Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 16:5 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 14:9 atkv.

Á 116., 117., 118., 119., 121. og 122. fundi í Nd., 18., 22., 28., 29. apríl, 5. og 6. maí, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 123. fundi í Nd., 7. maí, var frv. enn tekið til 3. umr.

Forsrh. (Stefán Jóh, Stefánsson): Herra forseti. Ég vildi biðja hæstv. forseta að fresta þessari umr., með því að einn af hv. þm., sem óskað hefur að taka til máls um þetta efni, er fjarverandi sökum veikinda, hv. þm. Ísaf.

Sigurður Bjarnason: Herra forseti. Ég vil að sjálfsögðu ekki mæla gegn því, að þessi ósk hæstv. forsrh. verði tekin til greina, þar sem hann greindi veikindaforföll eins hv. þm., sem kýs að verða við, þegar þetta mál er rætt við 3. umr. En ég kemst ekki hjá að láta í ljós óánægju við hæstv. forseta yfir því, hve lengi hefur dregizt að taka þetta mál til 3. umr. Ég kemst heldur ekki hjá að láta í ljós grunsemdir mínar um það, að ekki sé allt með felldu um drátt þessa máls, og einnig í sambandi við ósk hæstv. forsrh. Ég mun þó sætta mig við, að meðferð málsins verði frestað nú, ef það verður tekið á dagskrá á morgun. En ég sætti mig ekki við, að málið verði viku eftir viku tekið af dagskrá og að það sé fikað sig í kringum það eins og köttur í kringum heitan graut.

Forseti (GÞ): Því er ekki að neita, að mál þetta hefur verið tekið oft af dagskrá, en til þess hafa getað legið margar ástæður, sem mér eru ekki kunnar. En ég vil nú verða við ósk hæstv. forsrh., og er málið hér með tekið af dagskrá.

Forseti tók málið af dagskrá, og svo fór og á 124. fundi deildarinnar, 8. maí.

Enn var frv. tekið til 3. umr. á 125. fundi, 9. maí.

Forseti (BG): Þar sem enginn hefur kvatt sér hljóðs, er umr. lokið, og verður nú gengið til atkv.

Sigurður Bjarnason: Herra forseti. Ég sé, að bekkir hv. þd. eru svo strjált skipaðir, að ég teldi réttara, að hæstv. forseti frestaði atkvgr. um þetta mál, þar til fleiri eru komnir í hv. d. Ég vildi því beina þeirri ósk til hæstv. forseta, að hann frestaði atkvgr. um þetta mál.

Frsm. minni hl. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ég vildi aðeins skjóta því fram, að hv. þm. Ísaf. hafði verið á mælendaskrá um þetta mál. En hann er veikur nú um nokkurt skeið og hefur því ekki getað mætt á þingfundum. Ég mæli ekki með því, að þetta mál verði dregið. En þar sem nú hv. flm. hefur óskað sjálfur eftir frestun á málinu, þá vildi ég leyfa mér að bera fram þau tilmæli, hvort ekki væri hægt að fresta nú umr. um málið, svo að hv. þm. Ísaf. gefist kostur á að halda þá ræðu, sem hann hafði óskað.

Sigurður Bjarnason: Herra forseti. Hæstv. forseti hefur nú lýst yfir því, að umr. um þetta mál sé lokið, svo að sjálfsögðu er ekki hægt að fara eftir ósk hv. 4. þm. Reykv. um, að umr. verði tekin upp á ný síðar um málið. Og viðvíkjandi fjarvist hv. þm. Ísaf. vil ég benda á, að það eru liðnar nærri þrjár vikur, síðan 2. umr. lauk um málið, og allan þann tíma hafa bæði hv. þm. Ísaf. og aðrir hv. þm. haft tíma til að hugsa sig um sínar brtt. — Ég óska aðeins, að atkvgr. um þetta mál verið frestað. *(HelgJ:* Sem lengst.)

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 126. fundi í Nd., 12. maí, var frv. tekið til frh. 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 127. fundi í Nd., 13. maí, var fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 19:9 atkv. og afgr. til Ed.

Á 131. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 132. fundi í Ed., 14. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Ég verð að segja það, að ég varð dálítið undrandi yfir frv. því, sem hér liggur fyrir, og vildi ég segja um það nokkur orð. Í frv. er lagt til, að l. frá 1935, um vinnumiðlun, verði breytt á þá leið, að hlutaðeigandi bæjarstjórn skuli kjósa 3 menn af 5 í stjórn vinnumiðlunarskrifstofunnar, en atvmrh. skuli engan mann tilnefna, og er ríkisstj. með því ákvæði alveg svipt þeirri aðstöðu að geta haft nokkur áhrif á skrifstofurnar úti um land. Einn nm. er svo samkv. frv. tilnefndur af verkalýðsfélagi eða fulltrúaráði verkalýðsfélaga innan Alþýðusambands Íslands, og einn skal tilnefndur af félagi atvinnurekenda á staðnum. Nú er svo ráð fyrir gert, að bæjarsjóður beri kostnaðinn við skrifstofuhaldið að ⅔ hlutum, en ríkissjóður greiði ⅓ hluta. Það virðist því ekki vera nema eðlilegt og sjálfsagt, að ríkisstj. eigi einn mann í stjórninni.

Með frv. þessu, ef að l. verður, er bæjarstjórnarmeirihlutum fengið einstakt tækifæri til þess að ráða, hvaða menn séu í stjórn skrifstofunnar í hverjum bæ, og hygg ég, að frv. þetta sé fram borið sérstaklega með einn kaupstað í landinu fyrir augum, og á þeim stað á hvorki verklýðsfélagið né félag atvinnurekenda víst að fá tilnefnda þessa tvo menn, sem gert er ráð fyrir í frv.

Tilgangurinn með frv. er því aðeins sá, að fá þessu breytt á þessum eina stað til valdaaukningar einum bæjarstjórnarmeirihluta á landinu, og ég gæti ímyndað mér, að þeir, sem nú kynnu að vera samþykkir þessu frv., snerust seinna á móti því. Ég sé enga ástæðu til þess að gera breyt. á þeim l., sem gilda nú um þetta efni, vegna augnabliksástands í einum bæ, og ég get ekki séð, að lagasetning sem þessi eigi við nokkur skynsamleg rök að styðjast, og vænti þess eindregið, að hv. þm. felli þetta frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 9 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

6. Viðgerðarverkstæði landbúnaðarvéla.

Á 6. fundi í Nd., 28. okt., var útbýtt:

Frv. til l. um samþykktir um viðgerðarverkstæði landbúnaðarvéla (þmfrv., A. 43).

Á 7. fundi í Nd., 30. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Jón Sigurðsson): Herra forseti. Meginatriði þessa máls eru:

1. að stuðla að því, að viðgerðarverkstæðum verði komið upp fyrir vélakost landbúnaðarins,
2. að þess sé gætt við skipulagningu verkstæðanna og byggingu, að þau komi að sem beztum notum,
3. að styðja viðleitni bænda til aukinna afkasta og lækkunar framleiðslukostnaðar með því, að tryggð sé notkun vélanna.

Ég vík nú nánar að þessu.

Um nauðsyn þessa máls má benda á það, að bændur hafa lagt tugi milljóna króna í verkfæri til landbúnaðarstarfa. Það hafa verið miklir erfiðleikar að fá framkvæmdar viðgerðir á verkstæðum, og jafnvel þar, sem til eru verkstæði í héruðum, þá hafa þau haft öðrum störfum að sinna. Þess vegna er nauðsyn að sjá svo um, að hægt verði að fá viðgerð á þeim verkfærum og vélum, sem hér um ræðir.

Annað atriði er það, að þessi verkstæði verði tryggð í framtíðinni. Stofna þarf til verkstæðanna, svo að þau komi að gagni í nútíð og framtíð. Til þess er ætlazt, að búnaðarsamböndin hafi ásamt Búnaðarfélagi Íslands forgöngu í þessu máli og öllum bændum verði þar með tryggður aðgangur að verkstæðunum, en slíkt hefur ekki verið undanfarið. Hér er gert ráð fyrir, að tryggt verði það, sem hægt er. Gert er ráð fyrir, að Búnaðarfélag Íslands og verkfærakaupan. ríkisins hafi eftirlit með álagningu á vinnu og efni o. s. frv. Hér er ekki um gróðafyrirtæki að ræða, en gert ráð fyrir því, að verkstæðin taki aðeins nauðsynlega þóknun fyrir vinnu og efni. Í þriðja lagi er gert ráð fyrir, að rekstrarkostnaði við landbúnaðarframleiðslu verði þokað niður með auknum vélakosti bænda. Gert er ráð fyrir því, að á næstu árum muni öflun heyja aðeins verða á landi, sem er í rækt, og þannig verði tryggt, að ræktunarkostnaðinum verði þokað niður og véla- og verkfærakaup bænda verði að því liði, sem að er stefnt. Og því megum við ekki gleyma, að ef ekki verður hafizt handa nú þegar til tryggingar viðhaldi landbúnaðarvélanna, þá er vafalaust hætta á því, að milljónir króna, sem liggja í þessum tækjum, fari í súginn. Hinar mörgu pantanir, sem hafa verið afgreiddar eða verða afgreiddar samkv. umsóknum til nýbyggingarráðs, tala sínu máli. Og það mega allir vita, að er slík risaskref eru tekin, þá er ekkert líklegra en að margar vélanna lendi í höndum manna, sem kunna lítt eða ekkert með þær að fara. Af þessu leiðir, að þörf viðgerðarverkstæða er mikil, og er því áríðandi að koma verkstæðunum upp sem fyrst.

Í mínum augum og þeirra, sem athugað hafa þessi mál, er þetta mjög áríðandi, hvernig sem á málið er litið. Ég ætla ekki að orðlengja þetta frekar, en vísa til grg., sem fylgir þessu frv. Við flm. þessa frv. vildum geta gefið nánari og betri upplýsingar um þessi mál, en nákvæmar skýrslur eru ekki fyrir hendi. Að lokum legg ég til, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. landbn., en hún hefur farið með mál svipaðs eðlis og þetta.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til landbn. með 22 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

7. Skemmtanaskattur og þjóðleikhús (frv. SB og IngJ).

Á 7. fundi í Nd., 30. okt., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 56 31. maí 1927, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús (þmfrv., A. 45).

Á 8. fundi í Nd., 31. okt., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Flm. (Sigurður Bjarnason): Herra forseti. — Íslendingum er það mikið fagnaðarefni, að þjóðleikhúsbyggingin hér í Reykjavík er í þann mund að verða fullgerð. Samkvæmt yfirlýsingu, sem birzt hefur í blöðunum hér í Reykjavík frá þjóðleikhúsnefnd, má vænta, að þessi bygging verði fullgerð og tekin til nota á næsta ári. Leiklistin hér í Reykjavík og alls staðar á landinu hefur búið við afar erfið skilyrði, og þeir menn, sem að þessum málum hafa unnið, hafa orðið af þeim ástæðum að leggja á sig mikið erfiði og meira erfiði en líklegt er, að leiklistarmenn í flestum löndum hafi þurft að leggja á sig. Hefur verið unnið mikið starf hér í Reykjavík í þessum efnum, og mun bráðlega úr rætast, eins og ég áður sagði. Bygging þjóðleikhússins hefur staðið afar lengi yfir, en nú sést fyrir endann á þeirri framkvæmd, og það verður ekki eingöngu fólkinu í Reykjavík óblandin gleði, heldur og öllum Íslendingum. Þjóðleikhúsið hlýtur að verða alþjóðareign, og er metnaðarmál allrar þjóðarinnar að sjá það rísa og gegna því starfi, sem því er búið að rækja við listina og við list þjóðarinnar í heild.

Það hefur verið þannig, að þjóðleikhúsið er að mestu leyti byggt upp fyrir þann hagnað, sem er af álagningu skemmtanaskatts á öllu landinu. Um langt skeið hefur skemmtanaskatturinn af öllu landinu runnið til þessarar byggingar. Það leiðir af því, að öll þjóðin hefur haft mikinn áhuga fyrir byggingu þessari, að fram til þessa hefur ekki gætt mikillar óánægju með það, að skemmtanaskatturinn skuli hafa runnið til þessarar byggingar. Á síðasta ári hefur þó nokkuð borið á gagnrýni á því, að fyrir skemmmtanaskatt af öllu landinu væri byggt eitt hús í Reykjavík. En nú, þegar verið er að ljúka við byggingu þjóðleikhússins, er ekki óeðlilegt, að raddir komi fram um það, að eðlilegt sé, að skemmtanaskatturinn verði notaður til þess að byggja upp grundvöll undir félags- og menningarlíf fólksins utan Reykjavíkur. Það er ekki óeðlilegt, að fólk í kaupstöðum og sveitum, sem á við erfiðar aðstæður að búa í þessum efnum, geri nú kröfur um að fá það fé, sem greitt er, ekki aðeins á viðkomandi stöðum, heldur og víðar á landinu, til þess að leggja annan og betri grundvöll að félagsstarfsemi á hinum dreifðu landsvæðum og þorpum. Og þetta er ekki óeðlilegt vegna þess, hvernig ástandi nú er í raun og veru varið í þessum efnum um allt land. Það er þannig, að grundvallarskilyrði fyrir því, að félagslífi verði við komið á þessum stöðum, er það, að til séu hús, samkomuhús, sem geta verið miðstöðvar fyrir félagslíf fólksins, og svo íþróttahús og leikhús. Það brestur mjög á það, að það ástand sé fyrir hendi, sem viðunanlegt getur talizt, í mörgum sveitum, kaupstöðum og kauptúnum þessa lands. Ástandið er þvert á móti þannig í mörgum byggðarlögum í sveit og við sjó, að það eru engin samkomuhús til, og ef þau eru til, þá eru það óupphitaðir kumbaldar, óvistleg og lítt til þess fallin að laða fólk til samtals og félagslegs samstarfs. Nú er það þannig, að fólk alls staðar á landinu krefst skemmtana og samkomuhalds. Ég hygg, að ekki óverulegur þáttur í flótta fólksins úr sveitunum til Reykjavíkur sé einmitt örðugleikarnir á félagssamtökum þess, hörgull á samkomustöðum o. s. frv. Ekki sízt hlýtur þetta að varða unga fólkið. Æska nútímans krefst skemmtana og félagslífs í miklu ríkara mæli en æska liðinna tíma. Æska nútímans á Íslandi lætur sér ekki nægja að hlusta á óminn af glaðværð höfuðstaðarins gegnum útvarpið. Hún lætur sér það ekki nægja. Hún stöðvast ekki heima á æskustöðvunum, heldur rennur á hljóðið. Hún leitar til þéttbýlisins, þar sem gnægð er skemmtana, kvikmyndasýningar, leikhússýningar, dansleikir o. s. frv. Engar fortölur eru þess megnugar að snúa henni frá þessum eftirsóttu veraldargæðum, engar ásakanir um það, að hún sé að svíkja sveitina sína, því að nú er breytt viðhorf unga fólksins í þessum efnum. Það er skoðun okkar flm., að frumskilyrðið fyrir því, að jafnvægi skapist í þessum efnum og fólkið hætti að flýja átthaga sína, eins og raun ber vitni, og flykkjast hingað til Reykjavíkur, sé bætt skilyrði, nýr og traustur grundvöllur að félagsstarfsemi því til handa, ekki eingöngu fyrir unga fólkið, heldur og allan almenning, á hverjum einasta bæ.

Ég skal nú ekki hafa inngangin að þessu máli öllu lengri. Ég vænti þess, að skilningur sé á hv. Alþ. fyrir þessari staðreynd, þeirri staðreynd, að ungt fólk og allt fólk á Íslandi gerir meiri kröfur nú en nokkru sinni áður til félagslífs. Þetta er í samræmi við rás viðburðanna og kröfur tímans.

Ég vil nú ofurlítið minnast á efni þessa frv., sem hér er til umr. og ég hef flutt ásamt hv. 2. þm. Rang.

I 1. gr. er lagt til, að skemmtanaskattur leggist að ¾ hlutum í sérstakan sjóð, sem nefnist samkomuhúsasjóður, en ¼ hluti þess rennur í þjóðleikhússjóð, og skal honum varið til þess að standa undir rekstri þjóðleikhúss. Okkur flm. þótti ófært að leggja til, að skemmtanaskatturinn væri tekinn alveg af þjóðleikhúsinu. Nú liggur fyrir yfirlýsing um það, að byggingu þjóðleikhússins verði lokið og það tekið

til notkunar á næsta ári, en það er engin yfirlýsing fyrir hendi um það, hvernig rekstri þess verði háttað. Það hefur verið skipuð n. til þess að gera till. um rekstur þjóðleikhússins, en frá þeirri n. hefur ekkert heyrzt, og hefur hún þó starfað í hart nær 2 ár. Það væri æskilegt, þegar farið verður að ákveða, í hvaða hlutfalli þjóðleikhúsið eigi að njóta skemmtanaskattsins áfram, að hafa nokkra vitneskju um, hvernig rekstrinum verði hagað, en enn þá liggja ekki fyrir upplýsingar um, að ekki geti orðið um taprekstur að ræða. Þess vegna leggjum við til, að ¼ renni í þjóðleikhússjóð, því að okkur er áhugamál, að þjóðleikhúsið sé rekið á fjárhagslega traustum grundvelli og komi að þeim notum, sem til var ætlazt með byggingu þess.

Í 2. málsgr. 1. gr. er lagt til, að samkomuhúsasjóður sé notaður til þess að styrkja íbúa sveita og kauptúna til þess að koma upp samkomuhúsum og félagsheimilum. Ég vil taka það fram í þessu sambandi, að þótt kaupstaðir séu ekki nefndir í þessari málsgr., hygg ég ekki ósanngjarnt, að þeir séu teknir með í þessa till. Það er þannig, að þótt kaupstaðir hafi betri skilyrði en sveitirnar til þess að koma upp slíkum húsum og þar skapist ætíð möguleikar fyrir því að standa undir framkvæmdum, þá er það svo, að þegar á það er litið, að stærsti kaupstaður landsins, Reykjavík, hefur fengið allt það, sem aðrir kaupstaðir hafa lagt af mörkum, er það ekki ósanngjarnt, að þeir fengju að njóta þessa styrks, sem sveitunum er ætlað að njóta, og geri ég ráð fyrir, að við flm. yrðum til viðtals um það, að kaupstaðirnir kæmu til greina við styrkveitingu. Þau ákvæði, sem hér eru um þjóðleikhúsið, eru tekin beint upp úr l. um skemmtanaskatt og þjóðleikhús.

Þá er í þessari gr. ákvæði um það, hvernig stjórn samkomuhúsasjóðs skuli vera háttað. Hana skulu hafa á hendi þrír menn, einn tilnefndur af Íþróttasambandi Íslands, annar af Ungmennafélagi Íslands og hinn þriðji skipaður af menntmrh., og sé hann form. n. Okkur flm. fannst eðlilegt, að þessir aðilar, sem hafa með höndum félags- og íþróttastörf, væru látnir ráða tveim mönnum. Íþróttasambandið hefur forystu um íþróttir, a. m. k. í kaupstöðum, og ungmennafélögin hafa aðallega haft forystu um skemmtanalíf unga fólksins í sveitunum. Þess vegna er eðlilegt, að þau fái að tilnefna einn manninn. Svo er eðlilegt, að menntmrh. skipi einn mann, formann.

Það er gert ráð fyrir því í 2. gr., að ríkissjóður greiði árlega 100 þús. kr. í þennan sjóð, og töldum við ekki fært að leggja til, að sú upphæð yrði hærri, ekki vegna þess, að þörfin væri ekki fyrir hana, heldur vegna þess, í hve mörg horn ríkissjóður verður að líta. Hins vegar finnst mér sjálfsagt, að ríkið leggi þessa upphæð af mörkum, þar sem um félagsmál er að ræða, sem hefur geysimikla þýðingu fyrir þjóðina í heild. Það er mikilsvert atriði, hvort að því á að stefna, að allt landsfólkið þurfi að safnast saman á einn stað, eða hvort fólkið á að halda áfram að byggja þá fjöldamörgu staði þessa lands, sem eru utan höfuðborgarinnar.

Í 3. gr. er lagt til, að lán eða styrkir verði ekki veitt úr sjóðnum, fyrr en l. hafa verið sett um starfsemi hans. Til þess að setja slík l. er sæmilega rúmur tími, þar sem ekki er gert ráð fyrir, að l. taki gildi fyrr en 1. jan. 1948, og lýtur sú tímaákvörðun að því, eins og áður er sagt, að við flm. vildum vera öruggir um það, að þjóðleikhúsið kæmist upp, og helzt, að það yrði tekið til starfa, þegar skatturinn yrði af því tekinn.

Það er skoðun okkar flm., að það sé mjög mikilsvert, að Alþingi taki þessu frv. vel og það sé leyst á skynsamlegum grundvelli, til þess að fólkinu úti á landsbyggðinni verði sköpuð skilyrði til heilbrigðs skemmtana- og félagslífs og betur búið að því í þessu efni en hefur verið á undanförnum árum. Að vísu má segja, að þetta frv. sé ekki nema liður í þeirri starfsemi, sem þarf að hefja. Það er rétt, en þetta er þó mikilsverður liður.

Ég vil vænta, að Alþ. taki þessu máli vel, og mælist til þess, að því verði vísað til 2. umr. og menntmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til menntmn. með 14:4 atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

8. Orlof.

Á 8. fundi í Nd., 31. okt., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. um orlof, nr. 16 26. febr. 1943 (þmfrv., A. 57).

Á 9. fundi í Nd., 1. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Hermann Guðmundsson: Herra forseti. — Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta frv., því að í grg. er tekið fram flest þar að lútandi. Aðeins skal það tekið fram, að frv. er flutt vegna almennra óska sjómanna og að tilhlutun Alþýðusambands Íslands. Samkv. núverandi l. um orlof fá hlutarsjómenn aðeins hálft orlof. Þetta telja sjómenn ósanngjarnt og krefjast fulls orlofs eins og aðrar stéttir. Um seinni breyt. skal það tekið fram, að samkv. 15. gr. orlofslaganna, eins og þau eru nú, fyrnast kröfur um orlof, ef þær hafa ekki verið viðurkenndar eða lögsókn hafin, áður en næsta orlofsár er liðið, frá því að kröfurnar voru bornar fram. Hafa margir launþegar orðið fyrir skaða vegna þessa ákvæðis. Ýmsir, sem kunnugir eru l. um fyrningu kaupkrafna, hafa reiknað með og talið sjálfsagt, að sama gilti og um önnur launalög. Með hliðsjón af þessu teljum við, að framkvæma eigi l. eins og lög almennt, þannig að kröfur fyrnist eins og í öðrum l.

Ég vildi mælast til, að hv. d. taki þetta til athugunar og málinu verði vísað til 2. umr. og allshn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til allshn. með 20 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

9. Tekjuskattur og eignarskattur (frv. GÞG).

Á 9. fundi í Sþ., 11. nóv., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt (þmfrv., A. 76).

Á 15. fundi í Nd., 12. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 20 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Flm. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. — Skattamál okkar Íslendinga eru í miklum ólestri. Munu flestir um þetta sammála, enda minnir mig, að allir stjórnmálafl. hafi haft það á stefnuskrá sinni við síðustu kosningar að færa þau mál til betri vegar. — Ég tel, að fyrirkomulagi og framkvæmd skattamálanna, eins og það nú er, sé ábótavant einkum í fjórum atriðum.

Í fyrsta lagi er tekjum skotið undan skatti í mjög stórum stíl með beinum skattsvikum. Í öðru lagi er tekjum komið undan skatti með því að sniðganga skattal. Í þriðja lagi eru ýmis meginatriði skattal. þannig, að þau orka mjög tvímælis. Og í fjórða og síðasta lagi eru ýmis ákvæði skattal. í innbyrðis ósamræmi.

Um fyrsta atriðið, beinu skattsvikin, er það að segja, að erfitt er að koma í veg fyrir þau með beinum lagafyrirmælum. Þó hygg ég, að gera mætti skattal. þannig, að skattsvik yrðu torvelduð miklu meir en nú á sér stað, og að þessu miðar ein af þeim fjórum breyt., sem gert er ráð fyrir í frv., þ. e. í 3. gr. frv. — Nú er það svo, að framteljendur geta dregið skuld frá eign án þess að gefa upp, hver sé skuldareigandi. Það er engin trygging fyrir því, að krafan sé hins vegar gefin upp sem skattskyld eign. Sérstaklega mun þetta gilda um handhafaskuldabréf. Sú upphæð handhafaskuldabréfa, sem talin er fram sem eign, mun vera miklu lægri en sú, sem talin er fram sem skuld. Það tíðkast hér og, að fyrirtæki taki lán rétt fyrir áramót og telji þau til skuldar, en lánsupphæðin er ekki talin sem eign. Við þessu er nauðsynlegt að reisa rönd með ákvæðum í skattal. Og sérstaklega er nauðsynlegt að reisa rönd við því, að handhafaskuldabréfum sé skotið undan við eignaframtal, en það er tiltölulega einfalt að gera, þ. e. a. s. með því að ákveða að banna að draga skuld, sem handhafaskuldabréf er fyrir, frá eign, nema nafns skuldareiganda sé getið. Og svo mætti ganga úr skugga um það, hvort krafan hafi verið talin fram sem eign hjá skuldareiganda. Að þessu miðar ein af fjórum breyt. þessa frv.

Tvær af þeim breyt. á l., sem þetta frv. gerir ráð fyrir, miða að því að koma í veg fyrir, að skattal. séu sniðgengin. Hér er gert ráð fyrir, að með reglugerð, sem fjmrh. setur, skuli ákveða, eftir hvaða reglum greidd laun hjá fyrirtækjum skuli talin til rekstrarkostnaðar, þ. e. a. s. til frádráttar tekjum. Það er nú á allra vitorði, sem nokkuð þekkja til skattamála hér, að einkafyrirtæki greiða mjög há laun forstjórum sínum og ýmsu öðru starfsfólki og miklu hærri laun en tíðkast fyrir sambærileg störf hjá hinu opinbera. Ef leitað er eftir ástæðunum fyrir þessu, virðast þær liggja nokkuð í augum uppi. Skattstigarnir íslenzku eru mjög háir, og mörg fyrirtæki hafa svo góða afkomu, að þau lenda í háum skattstiga. Er auðskilið, að sú upphæð, sem dregin er frá sem rekstrarkostnaður, rýrir ágóðann hjá fyrirtækinu um sömu upphæð, þar af leiðandi skattskyldar tekjur þess og þá um leið skattinn, kannske að mjög verulegu leyti og þeim mun meira, sem ágóði fyrirtækisins er meiri og fyrirtækið lendir í hærri skattstiga. Það má því segja, að fyrirtæki, sem hafa mjög háar tekjur og lenda í háum skattstiga, geti sér að kostnaðarlitlu hækkað laun forstjóra sinna og starfsfólks. Meiri hluti launanna, sem þannig er greiddur, er þá raunverulega ekki greiddur af fyrirtækinu, heldur hinu opinbera, af því að skattur fyrirtækisins lækkar svo tiltölulega mikið við þessa launahækkun. Þetta hygg ég, að sé ástæðan til þess, að einkafyrirtæki láta sig það minna máli skipta, hversu mikil laun þau greiða, heldur en opinber fyrirtæki. Af þessu leiðir tvennt. Einkafyrirtæki standa betur að vígi en fyrirtæki hins opinbera í samkeppninni um hæfa starfskrafta, og mun það hafa komið greinilega fram á stríðsárunum, að forstjórar opinberra fyrirtækja hafa átt erfitt með að ráða til sín hæfa starfsmenn, vegna þess að um mjög há yfirboð einkafyrirtækja var að ræða. Og það er óeðlilegt og ástæðulaust, að einkafyrirtæki greiði mun hærri laun en hið opinbera telur hæfilegt að greiða fyrir hliðstæð störf, sérstaklega þegar svo háttar, að ríkisvaldið gerir þeim þetta kleift með skattaákvæðum, og verulegur hluti af þeim umframlaunum, sem þau greiða, er raunverulega tekinn frá því opinbera.1)

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til fjhn. með 18 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

1) Hér vantar kafla frá innanþingsskrifara (Má Jóh.).

10. Félagaheimili.

Á 9. fundi í Sþ., 11. nóv., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um félagaheimili (þmfrv., A. 83).

Á 14. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið og of skammt liðið frá útbýtingu þess. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Flm. (Páll Þorsteinsson): Herra forseti. — Við hv. þm. Mýr. flytjum þetta frv. um félagaheimili. Þskj. hefur tafizt í prentsmiðjunni og er því seinna fram komið en ætti að vera, t. d. var 62. máli útbýtt fyrir helgi, en þetta er 57. mál.

Það er kunnara en frá þurfi að segja og öllum ljóst, að í öllum byggðum er nauðsynlegt, að til séu samkomuhús og félagsheimili fyrir ýmiss konar menningarfélög, er þar starfa. Þessi þörf er til staðar bæði í bæjum og sveitum. Þar sem strjálbýlt er, er mikil nauðsyn að halda uppi menningar- og skemmtanalífi. Ein orsök hins mikla straums nú undanfarið frá sveitum til þorpa er án efa sú, að unga fólkinu þykir vænlegra um skemmtanalíf í þéttbýlinu. Sízt er ástandið betra í þorpunum en sveitunum í þessu efni, en mjög mikil þörf er þar fyrir þróttmikið og lifandi menningarlíf, því að vinnan er þar yfirleitt fábreyttari en í sveitunum. Ég mun svo ekki orðlengja þetta en vísa til grg.

Það er langt síðan áhugi fór að vakna fyrir stofnun menningarfélaga og að koma upp samkomuhúsum í sveitum landsins, og munu fyrstu samkomuhúsin hafa verið reist upp úr síðustu aldamótum. Áttu ungmennafélögin mikinn þátt í því, er þau fóru að rísa upp. Eins og gefur að skilja, voru þessi fyrstu hús af vanefnum gerð, enda eigi gerðar eins miklar kröfur til bygginga þá eins og nú er.

Þegar heimavistarskólar fóru að rísa um landið, var það von ýmissa, að þeir gætu jafnframt verið félagsheimili og skemmtistaðir. Síðan munu nú liðin um 15 ár, og reynslan þessi ár sannar, að þar skiptir mjög í tvö horn. Hvort það hentar, fer eftir fjölmenni byggðarlagsins eða fámenni. Í fámennum sveitum getur þetta vel farið saman, enda hefur málið víða verið leyst á þann hátt, að leikfimisalir, sem eru við flesta skóla, eru jafnframt notaðir til skemmtifunda. En í fjölmenni er ekki hægt að leysa málið á þennan hátt, að samlaga félagaheimili og skóla. Það skapar átröðning í skólunum og hefur truflandi áhrif á starfsemi þeirra. Hafa kennarar og skólamenn oft kvartað undan þessu í ræðu og riti.

Menningarfélög eins og U.M.F.Í. hafa látið til sín heyra um þetta mál. Á síðasta þingi U.M.F.Í., sem haldið var á Norðurlandi í sumar, var skorað á Alþ. að taka málið til athugunar og veita félagaheimilum stuðning með framlagi úr ríkissjóði. Kvenfélög og skátar hafa og tekið í sama streng. Þessi félög vita bezt, hvar skórinn kreppir að, og því höfum við leyft okkur að flytja þetta mál.

Í 1. gr. er getið um, til hvaða félaga þetta skal ná, en það eru flest menningarfélög, sem ekki taka tillit til stjórnmálaskoðana manna.

Gert er ráð fyrir, að ríkissjóður leggi fram ⅓ kostnaðar og veiti lán fyrir ⅓. Gera má ráð fyrir, að ýmsum þyki hér of skammt farið, ef borið er saman við styrki til skólabygginga, en ríkið greiðir ½ kostnaðar við byggingu heimangönguskóla og ¾ kostnaðar við heimavistarskóla, sökum þess að þeir eru miklu dýrari byggingar en heimangönguskólar. Nú mætti segja, að miða ætti framlag ríkisins til félagaheimila við framlagið til heimangönguskóla, en þar er að vísu ójöfnu saman líkt. Ríkið á að halda uppi fræðslu í landinu, og ber því að sjá um kostnað, er af því hlýzt, en hvað snertir félagaheimili, hefur ríkið ekki skyldur, en það er menningaratriði að stuðla að og halda uppi menningarstarfsemi í landinu.

Enn fremur felast í þessu frv. ákvæði til þess að tryggja aðstöðu ríkisins, ef félagaheimili yrði selt. Er þá lagt til, að styrkur sá, sem ríkið hefði veitt samkv. l. þessum, yrði endurgreiddur. Enn fremur er hér gerð grein fyrir væntanlegri aðstoð sveitarfélaga, en ég sé ekki ástæðu til þess að fjölyrða um það nú við 1. umr. málsins, enda geta hv. þm. gert sér grein fyrir því í grg., sem fylgir frv.

Þá er lagt til, að sá aðili, sem meta ætti þörfina á byggingu félagaheimilis á hverjum stað, sé íþróttanefnd ríkisins. Hún er skipuð þrem mönnum, einum frá Ungmennafélagi Íslands, einum frá Íþróttasambandi Íslands og hinum þriðja, sem er ráðunautur ríkisins, án tilnefningar. Okkur flm. finnst rétt, að þessi n. sjái fyrir þessum málum. Stuðningur á þessu sviði getur átt samleið með n. þeirri, sem fjallaði um íþróttalögin, og tel ég rétt, að sama n. meti slíka aðstoð í heild.

Ég hefði talið rétt, að allshn. hefði fjallað um þetta mál, en nú fyrir nokkrum dögum var sams konar frv., um byggingar í sveitum, lagt fyrir hv. menntmn. Teldi ég því rétt, að sú sama n. hefði með bæði þessi mál að gera.

Ég legg svo til, að þessu máli verði vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv.

Forseti (BG): Ég legg til, að frv. verði vísað til fjhn., og verður sú till. borin upp fyrst. Flm. hefur lagt til, að frv. verði vísað til menntmn., en það hefur við engin rök að styðjast.

Frv. vísað til fjhn. með 14:5 atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

11. Dagheimili fyrir börn.

Á 8. fundi í Sþ., 8. nóv., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um dagheimili fyrir börn innan skólaskyldualdurs (þmfrv., A. 85).

Á 15. fundi í Nd., 12. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 21 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Katrín Thoroddsen): Herra forseti. — Frv. þetta, sem ég ber hér fram, fjallar um aðstoð ríkis og sveitarfélaga við uppeldi barna þeirra innan skólaskyldualdurs, er í þéttbýli búa.

Þar sem hér er um að ræða nýmæli í löggjöf landsins, sem hafa mun í för með sér allmikil fjárútlát af hálfu hins opinbera, vildi ég mega skýra málið nokkru nánar. Á þeim aldri, er frv. nær til, eru börnin áhrifagjörnust og uppeldisaðgerðir allar því auðveldastar og notadrýgstar, en mistök og vanræksla á því sviði að sama skapi óheillavænleg. Um það eru kunnáttumenn, svo sem heilbrigðis- og uppeldisfræðingar, á einu máli, að sú andlega heilsuvernd, sem í góðu uppeldi er fólgin, sé í alla staði jafnmikilvæg og líkamleg heilsugæzla, en um gildi hennar munu fáir efast lengur. Annars er allur aðgreiningur þar á milli næsta fánýtur, í fyrstu bernsku a. m. k., svo mjög eru þeir þættir saman tvinnaðir, að ógerlegt er að draga glögga markalínu milli uppeldisaðgerða og heilsuverndar líkamans, og er það ofurskiljanlegt, þegar þess er gætt hve hjálparvana börnin eru og algerlega háð umhverfi sínu og aðhlynningu, en hvort tveggja hefur óhjákvæmilega örlagarík áhrif á heilsu og hugarfar, því að á þessu aldursskeiði, sem hér um ræðir, er vöxturinn meiri og örari en nokkru sinni síðar á ævinni. Sérstaklega er þroskaúttekt og framþróun taugakerfisins mikil og hröð, og skiptir mestu, að hún verði með sem eðlilegustum hætti, en hvorki tefjist vegna of lítillar eða einhliða örvunar né sé íþyngt með of miklum og margbreytilegum áhrifum.

Þeim, sem lítið þekkja til þarfa barnsins og þroskaleiða, er meðalhófið oft vandratað á þessu tímabili hins mikla náms og nýsköpunar í lífi barnsins. En það eru engar ýkjur, að maðurinn öðlast meiri og fjölbreyttari tækni og lærdóm á fyrstu 5—6 aldursárunum en síðar á fyrir honum að liggja að læra í langskóla lífsins. Og að þeirri undirstöðumenntun, sem ungbarnauppeldið er, býr einstaklingurinn allt sitt líf, því að uppeldið ræður, ásamt upplagi og heilsufari, persónuleika og skapgerð. En hvort tveggja er að mestu fullmótað um það bil, sem barnið er 6 ára gamalt. Úr því að þeim aldri er náð, verða hvers konar ávanar, óvanar, skapbrestir og skapgerðarveilur erfiðari viðfangs. Allt enduruppeldi er örðugt og langvinnt og þó að það takist með bezta móti, ber maðurinn þess samt einhverjar menjar alla ævi, hver aðbúnaður hans var í fyrstu bernsku.

Frá sjónarmiði þjóðfélagsheildarinnar hlýtur markmið uppeldisins að vera það að skapa barninu skilyrði til að ná þeim líkams- og sálarþroska, sem meðfæddir eiginleikar frekast leyfa, temja því hollar lífsvenjur og heilbrigð lífsviðhorf, svo að það megi verða farsæll maður, góður drengur og svo nýtur þegn sem gáfur og gervileiki standa til. Að sama marki vilja vafalaust allir ábyrgir foreldrar stefna, og þó að þeim sé lokamarkið ekki alltaf jafnhugfast og uppeldisaðgerðir því stundum nokkuð lausar í reipunum, þá er þó engum efa undirorpið, að langsamlega flestir foreldrar vilja búa sem bezt að börnum sínum og ekki láta sitt eftir liggja, að þeim megi farnast sem bezt. En góður vilji nægir ekki einsamall, skilnings og lagni er líka þörf, og aðstæður mega ekki vera óhagkvæmar. Bresti á eitthvað af þessu, er undir hælinn lagt, hvort útkoman verður ekki vansæll og vanheill vandræðamaður, sjálfum sér ónógur, en öðrum til ama og byrði. Barnið á þá réttlætiskröfu á hendur foreldrum sínum, að til slíks komi ekki, en séu þeir þess ekki umkomnir, verður þjóðfélagið að takast þá skyldu á herðar, og ætti því að vera ljúft að inna hana af hendi, ekki aðeins af mannúð, heldur og af hagsýni líka.

En nú er svo komið, að uppeldisskilyrði víða í kaupstöðum, en þó einkum hér í Reykjavík, eru orðin svo slæm, að með öllu er óviðunandi og ekki annað sýnna en stefnt sé í voða, ef ekki er að gert. Og horfur eru á, að fremur muni ástandið versna en batna, ef látið er skeika að sköpuðu.

Um orsakir þessa óheillaástands er óþarfi að orðlengja. Þær eru margvíslegar, en mestu valda vafalaust breyttir lifnaðarhættir þjóðarinnar og hinn öri vöxtur bæjanna á síðustu áratugum. Breyting á lífsvenjum foreldranna hefur alltaf einhverja uppeldiserfiðleika í för með sér. Bæði er það, að los vill komast á heimilislífið meðan nýir siðir eru að mótast, og þau siðaskipti geta orðið æði langvinn og margbreytileg, þegar fjölskyldan lendir á hrakhólum vegna heimilisleysis af húsnæðisskorti, eins og nú er afar títt, einkum þó ef einhleypar mæður eiga í hlut. En jafnvel þó að ekki sé svo ömurlegu ástandi til að dreifa, tekur það foreldrana samt alltaf nokkurn tíma að átta sig á hinum breyttu viðhorfum, einkum ef mjög skeikar frá því, sem þeir sjálfir áttu að venjast í uppvextinum. En þótt foreldrarnir reki sig fljótlega á annmarkana og afleiðingar þeirra, fá þeir að jafnaði ekki rönd við reist af eigin rammleik. Hin snöggu umskipti frá strjálbýli til þéttbýlis og þröngbýlis, sem orðið hafa hér á landi, hafa leitt þetta mjög áberandi í ljós. Hvorki þeir, sem til kaupstaðanna flytja úr sveitum og þorpum, né hinir, sem þar eru bornir og barnfæddir, virðast enn hafa gert sér nægilega grein fyrir áhrifum þeim, sem svo mikið aðstreymi og ör vöxtur hlýtur að hafa á uppeldisaðstæður allar, og að allt annarra aðgerða er þörf, þar sem margt er um manninn og umferðaerill meiri en til sveita. Það er engu líkara en alls ekki hafi verið búizt við börnum í kaupstöðum landsins og því láðst að búa að þeim á mannsæmandi og heilbrigðan hátt. Börnunum er, að því er bezt verður séð, ofaukið bæði inni og úti. Má í því sambandi minnast á hinar örsmáu íbúðir, þar sem öll fjölskyldan, stór eða smá, verður að kássast saman í einu til tveim herbergjum eða kannske þremur, ef vel lætur. Mjög víða er andrúmsloft algerlega ófullnægjandi handa svo mörgum mönnum, og ekki er alls staðar séð fyrir nægri birtu. Um rúm eða afdrep til leikja fyrir börnin er ekki að ræða, nema kannske helzt í dragsúg á dimmum göngum eða tröppum.

Um húsnæðisvandræðin og hinn lélega húsakost ætla ég ekki að tala nú, en hjá því verður ekki komizt að geta þess, hve mikilsvert atriði björt og rúmgóð húsakynni eru, þegar um er að ræða andlega jafnt sem líkamlega heilsuvernd. En á slíku eiga allt of fá börn kost, eins og kunnugt er.

Ekki tekur betra við, þegar út kemur í kaupstaðnum. Þar er næsta fátt um bletti, sem börnin geta verið óhult að leikjum. Afgirtir leikvellir munu óvíða vera, en þeir fáu, sem til eru, sniðnir eftir þörfum stálpaðri barna en hér um ræðir, og umsjón þess vegna ónóg, ef kornbörn eiga í hlut, sem aðgæzlu þurfa. Eina athvarf langsamlega flestra kaupstaðabarna er gatan eða bryggja, þar sem svo til hagar, með þeim afleiðingum, að umferðaslys og drukknanir eru tíðar dánarorsakir. En auk þessa eru minni áverkar, svo sem brunar, beinbrot, heilahristingur og hvers konar limlestingar og meiðsl afar algeng. Áleitni geðbilaðra manna og unglinga á smástúlkur, 2—5 ára, og raunar drengi líka, er miklu tíðari en margan grunar. Og má segja, að flestra illra áhrifa sé að vænta, þegar ungbörn hafast við eftirlitslaus á alfarabraut. Eins og allir mega vita, er nú orðið miklum erfiðleikum bundið að fá stúlkur til aðstoðar við heimilisstörf, og ekki er lengur kostur á unglingum til barnagæzlu. Það kemur því í hlut móðurinnar að sinna um barnið úti og inni, en hún er oftast nær önnum kafin við búsýslu og aðdrætti til heimilisins, en þeir eru stundum alltímafrekir, t. d. mjólkurkaup. Reyndin verður sú, að þegar barnið kemst á legg, er annaðhvort látið skeika að sköpuðu, krakkinn settur í umferð, út á götuna, en í húsasundum og ólæstum görðum tollir fjörugur krakki ekki, hann sækir í sollinn til jafnaldra sinna, eða þá að barnið er lokað inni og kemst aðeins undir bert loft í fylgd með fullorðnum. Er hvorugur kosturinn góður, en báðir illir frá sjónarmiði uppeldisfræði. Fyrir móðurina er þetta erfitt taugastríð. Hún á enga frjálsa stund, áhyggjulausa, á hverju sem gengur.

Hér er vissulega úrbóta þörf, og óneitanlega væru meiri og róttækari aðgerðir æskilegar en hér er farið fram á. Að sumu yrði mikil bót, ef frv. þetta væri samþ., þó að það nái aðeins til takmarkaðs hluta barnanna, sem verst eru sett. En aðgerða löggjafarvaldsins til úrbóta, sem nægi, er ekki að vænta. Áhugamenn um uppeldismál hafa að vísu sums staðar hafizt handa um samtök til rekstrar dagheimila, og hefur Barnavinafélagið Sumargjöf verið mikilvirkast og unnið afar mikið og ómetanlega þarft verk hér í Reykjavík. En þrátt fyrir nokkurn styrk af hálfu hins opinbera hefur það ekki haft bolmagn til að bæta úr þörfinni nema að litlu leyti og aðsókn að hinum tveimur dagheimilum verið svo mikil, að aðeins lítill hluti þeirra barna, sem beðið hefur verið fyrir, kemst þar að. Þetta er að vonum. Dagheimilin verða vinsæl, jafnskjótt og almenningur kynnist þeim. Þar fá börnin kjarngott uppeldi, dveljast í rúmgóðum, björtum húsakynnum og hafa aðstöðu til leikja úti og inni undir umsjá sérmenntaðra kennara, sem leiðbeina börnunum þannig, að þau nái þeim vitsmunum og félagsþroska, tækni og líkamsþjálfun, sem hæfileikar leyfa, en skapgerð þeirra mótast á eðlilegan hátt í umgengni við önnur börn á sama aldri. Foreldrarnir verða þess fljótlega varir, að barnið er ánægðara og umgengnisbetra. Uppeldisáhrif þeirra sjálfra eru ekki skert, enda eiga hvorki dagheimilin né mega koma í stað foreldra, heldur aðeins vera þeim til aðstoðar og leiðrétta eða bæta úr ágöllum, sem óhjákvæmilega eru á uppeldi í heimahúsum, þar sem þéttbýlt er og slysahætta mikil. Fyrir konur, sem utan heimilis vinna af nauðsyn eða áhuga á starfanum, eru dagheimilin bezta lausnin, og fyrir einhleypar mæður eru þau ómetanleg hjálp. Án þeirra eiga þær margar hverjar ekki annars úrkost en að koma barninu fyrir hjá öðrum, og er það neyðarúrræði, eða vera á meira eða minna flækingi með það, og þarf ekki að lýsa, hve ill sú aðstaða er fyrir bæði.

Ég vona, að hv. þm. hafi kynnt sér þetta frv. Eins og hv. þm. sjá, eru í 1. gr., a-lið, ákvæði um gæzlustöðvar fyrir börn frá eins mánaðar aldri til þriggja missira. B-liður 1. gr. er um leikskóla fyrir börn eins og hálfs til sex ára gömul, og er til þess ætlazt, að þau dveljist þar daglangt. Undir c-lið er gert ráð fyrir leikskóla fyrir börn á aldrinum eins og hálfs til sjö ára og að þau börn dveljist þar aðeins hálfan daginn, fyrri eða síðari hluta dags eftir ástæðum. Á þessum árum er ráð barna oft á reiki. Þau dveljast í smábarnaskóla nokkurn hluta dagsins, og þá oftast fyrri hlutann, en flækjast svo á götum og tröppum seinni hluta dagsins. Nauðsynlegt er, að úr slíku ástandi verði bætt.

Í 2. gr. frv. er gert ráð fyrir því, að yfirstjórn dagheimilanna sé í höndum fræðslumálastjórnarinnar. Það þótti mér eðlilegast, þar sem um eins konar skóla er að ræða. En í hinu nýja frv. um menntun kennara, sem lagt hefur verið fram hér á hæstv. Alþ., er gert ráð fyrir kennslu í smábarnauppeldi. Einn slíkur skóli hefur þegar verið stofnaður hér í Reykjavík í haust. Frk. Valborg Sigurðardóttir sálfræðingur rekur hann og nýtur til þess styrks, bæði frá ríki og bæjarfélagi, og hefur þar með og fengizt viðurkenning fyrir þörf skólans.

Svo er kostnaðarhliðin. Kostnaður er náttúrlega allmikill við þetta. Um hann er það að segja, að gert er hér ráð fyrir, að ríkissjóður greiði ⅔ hluta hans, en hinn hlutann greiði hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarfélag. Þetta getur varla þótt mjög ósanngjarnt, þegar þess er gætt, hve mannmargir kaupstaðirnir eru. En sumir kaupstaðir, a. m. k. smástaðirnir, munu eiga óhægt með að leggja fram mikið fé til stofnkostnaðar dagheimila eða leikskóla. Það má gera ráð fyrir með lauslegri áætlun, að stofnkostnaður hvers heimilis verði um hálf millj. kr. Þó má ef til vill fá hann eitthvað lægri, ef keypt eru gömul hús og þeim breytt. Um það skal ég þó ekkert fullyrða. Hvað launagreiðslum viðvíkur, er ætlazt til, að ríkið greiði laun hjúkrunarkvenna og leikskólafóstra. Mundi þurfa eina hjúkrunarkonu við hvert heimili. Sérstaklega er hennar þörf við gæzlustöðvar, þar sem börn á fyrsta og öðru ári dveljast. Þá mun vera þörf á fjórum leikskólafóstrum við hvert heimili, en fjórum öðrum stúlkum til aðstoðar.

Hugsanlegt væri líka, að nemar uppeldisskóla ynnu þarna kauplítið eða kauplaust. — Um stærri dagheimilin hef ég gert ráð fyrir, að þau taki 120 börn alls. Í smærri kaupstöðum er það kannske ríflega áætlað, svo og í kauptúnum. Ég hef ekki athugað það náið, enda erfitt að fá vitneskju um barnafjölda hvers staðar. En reynslan hefur sýnt, að betra er, að þessi heimili séu lítil og dreifðari um bæina. Með því móti er hægara að stjórna þeim og hægara fyrir foreldra að koma börnunum og sækja þau þangað.

Það verður því allmikið fé, sem þessi dagheimili kosta. En þá vaknar spurningin um það, hvort það borgi sig að leggja fram svo stórkostlegar fjárhæðir til hluta, sem gefa ekki beinan arð. Ég vil halda því fram, að engu fé sé betur varið en því, sem fer til að manna, hlúa að og ala upp hina verðandi þjóðfélagsþegna. Og ég vona, að hv. þdm. séu svipaðrar skoðunar og að þeir líti því svo á, að hér sé um gróðafyrirtæki að ræða og samþykki frv. til 2. umr. Að því loknu vildi ég, að því yrði vísað til hv. heilbr.- og félmn. Þó að hér sé um mikið fjárhagsmál að ræða, þá er það þó fyrst og fremst heilbrigðismál og félagsmál.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 22 shlj. atkv.

Á 141. fundi í Nd., 23. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 85, n. 923, 924).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Frsm. (Katrín Thoroddsen): Herra forseti. — Heilbr.- og félmn. hefur lengi haft með höndum frv. þetta. Stafar sá dráttur ekki af því, að ágreiningur væri um kjarna málsins, heldur greindi menn á um framkvæmdaratriði. Þó fór svo að lokum, að fjórir af fimm nm. komu sér saman um að leggja til, að frv. yrði samþ. með þeim breyt., sem fram eru bornar á þskj. 924. Þó að ég stæði að þeim breyt., þá var mér ljóst sem lækni, að þegar menn neyðast til stórfelldra skurðaðgerða, getur það leitt til örkumla, en þar sem mér er ljós nauðsyn þess, að málið gangi fram, sætti ég mig við þessar till. Hv. 2. þm. Eyf. gat ekki sætt sig við þessi málalok, en taldi ákjósanlegast, að málinu yrði vísað til stjórnarinnar til nánari undirbúnings. Á það gátu aðrir nm. ekki fallizt, af því að við töldum það óþarfa og ástæðulausa töf, þegar svo mikil og víðtæk reynsla er komin af dagheimilum víðsvegar um land, að segja má, að föst skipun sé komin á fyrirkomulag þeirra og rekstur. Um hitt atriðið, þörfina á dagheimilum, held ég, að þurfi ekki að fjölyrða. Hún er öllum ljós. Uppeldisaðstaðan er nú svo erfið í kaupstöðum, að segja má, að þar sé aðeins um það að velja að loka börnin inni, þar sem þeim er fyrirmunað að fullnægja starfsþrá sinni, eða vísa þeim út á götu í rykið og umferðina og hætturnar, sem þar eru. Báðir kostirnir eru illir. Ég tel óhjákvæmilegt að bæta úr þessu, því að okkar fámenna þjóðfélag varðar afar miklu um hvert mannslíf, sem glatast af umferðaslysum, þó að ekki sá nefndur sá harmur, sem aðstandendur verða fyrir. Nú deyr árlega fjöldi barna af umferðaslysum, og samkvæmt síðustu heilbrigðisskýrslum, sem út hafa komið, fyrir 1943, eru slysfarir þriðja hæsta dánarorsökin hér á landi, og níu af hverjum tíu slysum eru umferðaslys. Á síðustu fimm vikum hafa fjögur börn farizt af umferðaslysum, og síðast í gær var í kvöldfréttum sagt af stórslysi á Ísafirði. Ég fjölyrði ekki um það.

Heilbr.- og félmn. lítur svo á, að stofnun og rekstur nægilega margra dagheimila sé bezta lausnin á þessum vanda, og lítur svo á, að með þessu frv. sé stefnt í rétta átt. Leggur n. því til, að frv. sé samþ. í aðalatriðunum, en gerir þó á því allmiklar breyt. Helzta breyt. er sú, að framkvæmd l. er alveg háð samþykki Alþ. og fjárveitingum. Þessi breyt. verður vafalaust til að tefja framkvæmdina nokkuð, en við treystum því, að Alþ. sýni fullan skilning þessu mikla máli og veiti svo fljótt sem það telur sér fært nægilegt fé til þessara framkvæmda.

Um aðrar brtt. vil ég segja þetta: Í 1. gr. er breytt orðalagi, eins og hv. dm. geta áttað sig á. Í 2. gr. er lagfært mállýti.

3. brtt. er veigamest. Hún er á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta: „Við 3. gr. Greinin orðist svo: Stofna skal dagheimili í kaupstöðum og þorpum, þegar barnaverndarnefnd staðarins færir rök fyrir þörf á því og hlutaðeigandi sveitarstjórn, barnaverndarráð og fræðslumálastjóri samþykkja, enda hafi til þess verið veitt fé í fjárlögum. Ber áður greindum aðilum að taka fullt tillit til félagasamtaka kvenna og barnavinafélaga á staðnum, ef þau annaðhvort eða bæði beita sér fyrir stofnun dagheimila". Síðasti málsliðurinn er alls ekki í frv.

4. brtt. er um, að stofnun dagheimila skuli hagað svo, að þeim skuli jafnan komið fyrst upp þar, sem þörfin er mest að dómi barnaverndarráðs, og skuli svo haldið áfram, eftir því sem fé er til þess veitt, unz börfinni er fullnægt. Um stærð og fyrirkomulag skuli fara eftir því, sem bezt hentar á hverjum stað, og byggt samkvæmt teikningu, er fræðslumálastjóri samþykkir.

5. liður er aðeins orðalagsbreyt.

Í 6. lið er rætt um skipulagsatriði. Skal þar fara eftir uppástungum fræðslumálastjóra, sem er þessum málum kunnugur, og Barnavinafélagsins Sumargjafar. — Ég mun svo ekki orðlengja meira um þetta, en vil aðeins mælast til þess, að Alþ. sýni málinu fullan skilning og samþykki það eins og það liggur fyrir.

Umr. frestað, en frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

12. Orlofsheimili verkalýðsfélaga og samkomuhús í sveitum.

Á 9. fundi í Sþ., 11. nóv., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um orlofsheimili verkalýðsfélaga og samkomuhús í sveitum (þmfrv., A. 87).

Á 14. og 19. fundi í Nd., 11. og 18. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 20. fundi í Nd., 20. nóv., var frv. enn tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 18 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Sigurður Guðnason): Mál svipað þessu var hér á síðasta þingi, en kom aldrei úr n. En okkur flm. er þetta mikið áhugamál, og flytjum við það nú á ný í breyttri mynd í þeim tilgangi að ráða nokkra bót á brýnum þörfum þeirra félagasamtaka, sem hér er um að ræða, til að koma upp nauðsynlegum heimilum til starfsemi sinnar. Eins og kunnugt er, hefur það farið mjög í vöxt á síðari árum, að bæjarbúar vilja nota tómstundir sínar til þess að ferðast um sveitir landsins og dveljast á fögrum stöðum sér til hressingar. En þá hefur verið tilfinnanlegur skortur á gististöðum, sem hefur hindrað mjög ferðalög þessa fólks. Þær einu stofnanir, sem hægt hefur verið að nota í þessum tilgangi, eru heimavistarskólar sveitanna, enda hafa þeir ekki líkt því getað annað öllum, sem þangað hafa leitað. Þegar orlofslögin tóku gildi 1943, varð þörfin fyrir þessi heimili enn þá meir aðkallandi, þar sem ákveðið er, að hver launþegi skuli hafa 12 daga orlof á ári.

Ég vil nú fara nokkrum orðum um þær breyt., sem við höfum gert á frv., frá því að það var flutt í fyrstu. Mér er það minnisstætt, að hérna fyrir löngu, þegar skólabyggingar til sveita komu til sögunnar, að þá var álitið, að samkomuhúsaþörf sveitanna væri fullnægt, um leið og þessar skólabyggingar kæmust upp. En reyndin hefur orðið öll önnur. Viðvíkjandi þessum byggingum datt okkur í hug — og finnst raunar sjálfsagt —, að með þessu sé hægt að leysa tvö vandamál í einu, vegna þess að verklýðsfélögin þurfa ekki að nota þetta húsnæði nema um sumartímann, meðan orlofstíminn stendur yfir, en starfsemi ungmennafélaganna í sveitum fer hér um bil öll fram á öðrum tímum árs, þegar þau ættu þá að geta notað þetta sama húsnæði. Það virðist því einmitt á þessu sviði, að vel mætti leysa húsnæðisþörf beggja þessara aðila, svo að báðir mættu vel við una. Ég geri að vísu ráð fyrir því, að byggingarkostnaður þessara heimila verði nokkru meiri, ef á að miða þau við starfsemi þessara tveggja aðila, því að á henni er dálítill mismunur. Starfsemi verklýðsfélaganna krefst á þessum heimilum margra smáherbergja, en ungmennafélög sveitanna þurfa á samkomu- og fundarsölum að halda. Hins vegar er vafalaust, að fjárhagslega séð væri sparnaður að því að miða þessar byggingar við hvora tveggja þessa starfsemi, og í öðru lagi ættu þær að geta orðið fullkomnari með þessu fyrirkomulagi.

Ég vil vænta þess, að hv. þm. og sú n., er fær þetta mál til meðferðar, sýni því skilning, en um þörf þess og réttlætiskröfur þarf ekki að fjölyrða, og vil ég mælast til þess, að frv. verði að þessari umr. lokinni vísað til hv. fjhn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til fjhn. með 18 shlj. atkv.

Á 142. fundi í Nd., 23. maí, var útbýtt nál. frá minni hl. fjhn., á þskj. 995, en frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

13. Tekjuskattur og eignarskattur (frv. KTh).

Á 9. fundi í Sþ., 11. nóv., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt (þmfrv., A. 91).

Á 16. fundi í Nd., 13. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 18 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Katrín Thoroddsen): Herra forseti. — Í l. um tekjuskatt og eignarskatt er svo ákveðið, að tekjur hjóna skuli taldar fram og skattlagðar í einni heild. Þetta ákvæði og framkvæmd þess hefur verið þyrnir í augum margra, enda er það bæði óeðlilegt og óréttlátt, að tekjur tveggja aðila, þótt nátengdir séu, skuli lagðar saman og skattlagðar í einu lagi, einkum vegna hækkandi skattstiga. Einkum hefur konum sviðið þetta sem óréttlæti, vegna þess að það hefur í för með sér skerðing á atvinnufrelsi þeirra og möguleikum þeirra til atvinnu, ef um giftar konur er að ræða, á þann hátt, að þeim er raunverulega gert að greiða hærri skatt en öðrum skattþegnum. Konum er því hvort tveggja í senn metnaðarmál og réttlætismál að fá þessu ákvæði breytt.

Eins og hv. þdm. muna, hefur hv. 4. þm. Reykv. lagt fram frv. um breyt. á skattal., sem fara mjög í þessa átt og voru hér til umr. í gær, og stendur þar ákvæði um, að 1. málsgr. 11. gr. laganna skuli orða svo (með leyfi hæstv. forseta): „Stundi gift kona atvinnu utan heimilis síns og hjá öðrum en manni sínum eða fyrirtæki, sem hann er meðeigandi að, skal skattur lagður á tekjur hvors hjónanna um sig.“ — Nú get ég í alla staði fallizt á þetta frv. hv. 4. þm. Reykv. En þó hef ég álitið réttara að halda áfram flutningi þessa frv., sem hér liggur nú fyrir, þó að hans frv. sé komið fram. Mér var ókunnugt um frv. hv. 4. þm. Reykv., þegar ég lagði mitt frv. fram. Og þetta frv., sem ég hef hér flutt, er heldur hógværara í kröfum og því líklegra til sigurs. En mér er, eins og öðrum konum, mjög hugleikið

að fá þessa réttarbót fram. Hér er aðeins farið fram á heimild, þ. e. að giftri konu, sem stundar sjálfstæða atvinnu utan heimilis síns, sé heimilt að telja fram sérstaklega til skatts þær tekjur, sem hún hefur af þeirri atvinnu, er tekjurnar nema meiru en svarar til 1500 kr. grunnlauna, o. s. frv. Mér þótti ráðlegra að hafa þetta lágmark, vegna þess að það gat verið, að þeim rökum yrði beitt gegn frv. að leggjast á móti því með þeirri forsendu, að mjög aukin framtöl á smátekjum yrðu til þess að auka vinnu hjá skattstjórum og skattstofum, en jafnframt hefði það í för með sér nokkra tekjurýrnun fyrir ríkissjóð. En eins og kunnugt er, er skattstiginn tiltölulega lágur á litlum tekjum. En óréttvirnin er vitanlega sá sami í sambandi við litlar tekjur, hlutfallslega við tekjurnar. Hve miklu þessi tekjurýrnun nemur, sem verður hjá ríkissjóði, ef frv. verður samþ., get ég ekki sagt um. Hagskýrslurnar ná ekki lengra en til ársins 1940, og samkv. þeim voru það þá aðeins 1000 giftar konur, sem stunduðu atvinnu utan síns heimilis. En það hefur færzt mjög í vöxt síðan og er ávallt að færast í vöxt, að giftar konur stundi vinnu utan heimilis, ýmist af þörf eða áhuga á málum.

Eins og ég gat um áðan, get ég eins vel fallizt á — og mér þykir það öllu æskilegra —, að frv. hv. 4. þm. Reykv., sem hann bar hér fram í gær, verði að l. En mér þykir samt vænlegra til sigurs að láta mitt frv. fara með til fjhn., og vil ég beina því til hæstv. forseta, að því verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og þeirrar hv. n.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til fjhn. með 18 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

14. Atvinnudeild háskólans.

Á 10. fundi í Sþ., 12. nóv., var útbýtt frá Nd.:

Frv. til l. um atvinnudeild háskólans (þmfrv., A. 99).

Á 16. fundi í Nd., 13. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 17. fundi í Nd., 14. nóv., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Frsm. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. — Í maímánuði árið 1945 skipaði menntmrh. 6 manna nefnd til að gera till. um atvinnudeild háskólans og samband hans við þá stofnun. Atvinnudeildin hefur að vísu borið þetta heiti, en hefur ekki staðið í sambandi við háskólann og ekki verið deild úr honum.

Við meðferð málsins ræddi menntmn. það ýtarlega við sérfræðinga atvinnudeildarinnar, náttúrufræðinga og aðra, sem hlut áttu að máli. Í Ed. strandaði málið á því, að því var vísað frá með rökst. dagskrá á þeim grundvelli, að það væri ekki nægilega undirbúið. Eigi kom þó fram, hvað á þótti skorta í því efni. Ég mun ekki ræða þetta mál mjög ræki lega að sinni, en rekja lítils háttar þær meginbreytingar, sem gerðar eru með frv.

Fyrsta breyt. er, að atvinnudeild háskólans skuli vera ein deild í Háskóla Íslands og standa í nánu sambandi við þá stofnun. Atvinnudeildin skal skiptast í þessar undirdeildir: Fiskideild, fiskiðnaðardeild, iðnaðardeild og landbúnaðardeild, og skal landbrn. hafa með höndum yfirstjórn þeirrar síðast töldu.

Önnur meginbreyt. er stofnun fiskiðnaðardeildar og yrði hún skilin frá sjálfri fiskideildinni. Fiskiðnaður er sá iðnaður, sem menn ættu að gefa sérstakan gaum, því að hann kemur til með að verða sterkur þáttur í atvinnulífi þjóðarinnar, og deild þessi mundi verða til happadrjúgrar hagnýtingar krafta hinna mörgu og efnilegu manna, sem lagt hafa stund á fiskiðnað hingað til.

Þriðja breyt. er sú fjórskipting atvinnudeildarinnar, sem áður getur.

Fjórða meginbreyt. er sú, að taka upp kennslu í þeim greinum, sem að atvinnudeildinni lúta, og skulu sérfræðingar deildarinnar veita nemendum með stúdentsprófi eða öðru jafngildu prófi kennslu í þessum fræðigreinum: dýrafræði, grasafræði, jarðfræði, landafræði, stærðfræði, eðlisfræði og efnafræði. Ekki er þó gert að skilyrði, að kennsla fari fram í deildinni sjálfri, heldur skal, eftir því sem þörf krefur, hafa samvinnu við aðrar deildir háskólans um að sjá nemendum fyrir þeirri kennslu í ofannefndum greinum, sem nauðsynleg er til undirbúnings prófs þess, sem ætlazt er til, að nemendur ljúki eftir 2—3 ára nám við deildina. Á þessu stigi málsins tel ég ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta, en vænti þess, að hv. þm. taki frv. þessu vel og skilji gagnsemi þessara breyt.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 19. fundi í Nd., 18. nóv., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 20. fundi í Nd., 20. nóv., var frv. aftur tekið til 2. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 19:1 atkv.

2.—16. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 23. fundi í Nd., 25. nóv., var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

15. Ríkisborgararéttur (frv. SEH).

Á 10. fundi í Sþ., 12. nóv., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um veiting ríkisborgararéttar (þmfrv., A. 100).

Á 17. fundi í Nd., 14. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 18 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Sigurður E. Hlíðar): Herra forseti. Ég hef nú fengið leyfi til að bera þetta frv. fram í d. og þar með fara fram á, að Jóhanni Stefáni Thorarensen verði veittur ríkisborgararéttur.

Eins og menn muna, kom fram á síðasta Alþ. frv. um ríkisborgararétt, en eins og hv. dm. muna, strandaði málið á misklíð milli d., svo að ekkert varð úr veitingu ríkisborgararéttar. Einn þeirra manna, sem þá sóttu um ríkisborgararétt, var Jóhann Stefán Thorarensen. Hér er um íslenzkan mann að ræða, mann af ágætum íslenzkum embættismannaættum, sem einnig hefur sjálfur verið embættismaður hér á landi. Hann dvaldist í Ameríku um árabil, og hlaut þar ríkisborgararétt. Hann kom svo hingað heim til Íslands fyrir um það bil 15—16 árum, og er hann nú 74 ára gamall. Ég óska þess eindregið, að hv. þdm. sjái sér fært að veita þessum aldna heiðursmanni ríkisborgararétt.

Garðar Þorsteinsson: Herra forseti. Hv. flm. er það kunnugt, að fyrir þinginu liggja allmargar umsóknir um ríkisborgararétt. Það hefur jafnan verið svo, að slíkar umsóknir hafa borizt fram eftir öllu þingi, og vani hefur það verið að sameina þær allar í eitt frv. Nú hefur hv. flm. tekið einn mann hér út úr, og finnst mér það mjög hæpið, þar eð svo margir hafa sótt um þetta, og gæti skapazt óánægja við þá ráðstöfun að láta einn sérstaklega ganga fyrir. Ég þykist þó vita, hvað vakir fyrir hv. þm., því að hér mun vera um gamlan mann að ræða, en ekki líklegt, að þessi mál verði afgr. í bráðina, en ég hygg, að allshn. geti ekki tekið þessa einstöku umsókn til greina.

Ég álít, að Alþ. beri að hugsa sig vel um, áður en það veitir mönnum ríkisborgararétt, því að í því sambandi er ýmiss að gæta. Það vill oft verða svo, að þegar menn fara að eldast, þá sækja þeir um ríkisborgararétt, þó að þeir hafi aldrei gert það áður og ekki verið íslenzkir þegnar. Þetta er að nokkru skiljanlegt, því að án ríkisborgararéttar njóta þeir ekki til fullnustu eftirlauna og annarra styrkja, sem ríkið veitir gömlum mönnum. Ég er ekki að segja, að þessi maður, sem hv. flm. var að tala um, sé að sækja um ríkisborgararétt til þess að ná í þessi eftirlaun, en ég vildi aðeins vekja athygli hv. þm. á því, að þegar um veiting ríkisborgararéttar er að ræða, þá er þar mál á ferðinni, sem krefst góðrar athugunar, og áríðandi, að ekki sé farið of langt út í að veita mönnum ríkisborgararétt.

Flm. (Sigurður E. Hlíðar): Herra forseti. Ég er ekki alls kostar ánægður með það, sem hv. þm. Eyf. sagði í ræðu sinni. Ég álít, að það eigi vissulega ekki að veita hverjum, sem sækir um, ríkisborgararétt, og vera kann, að menn geri það stundum í hagnaðarskyni, en þegar um er að ræða þennan gamla mann, sem um langan tíma hefur unnið störf sín hér á landi með prýði og verið ágætur þegn, þó að hann hafi ekki haft ríkisborgararétt, þá álít ég, að hann eigi fullan rétt á að fá bæði ríkisborgararétt og eins eftirlaun og þær bætur, sem menn öðlast á gamals aldri.

Hv. form. allshn. lýsti því yfir, að þessi mál verði ekki afgr. í bráðina. Ég verð að segja það, að mér finnst þetta undarleg yfirlýsing í byrjun þings, og ég er ekki ánægður með þá yfirlýsingu. Ég er ekki ánægður með slíka fyrirframafgreiðslu eða yfirlýsingu um afgreiðslu á máli. Ég ætla að vonast til þess, að þetta mál fari til hv. allshn. og verði afgr. þar á sínum tíma.

Garðar Þorsteinsson: Herra forseti. Ég get tekið undir þau orð, sem hv. flm. endaði á, að málið verði tekið fyrir og afgr. á sínum tíma. Hins vegar hef ég ekki neina löngun til þess að setja fót fyrir málið vegna þessa manns, því að hann á sjálfsagt kröfu á að fá ríkisborgararétt. En það er ekki rétt að taka einn mann út úr, sem sanngirni mælir með, að fái þennan rétt, þegar margir bíða, sem eins er ástatt með. Auk þess er ekki það áliðið þessa þings, að málið sé í neinni hættu. Það er venjulegast, þó að það væri nokkuð frábrugðið venju á síðasta þingi, að frv. um ríkisborgararétt gangi í gegnum þingið og verði að l. á mjög stuttum tíma. — Ég get vel skilið, að þessi maður, sem hér er um að ræða, óski eftir að fá ríkisborgararétt fyrir 1. jan. 1947. Og þó að talað sé um, að afgreiðsla þessa máls bíði eftir því, að afgreiðsla hliðstæðra umsókna verði látin fylgja því gegnum þingið, finnst mér, að hv. flm. þurfi ekki að taka það illa upp, ekki sízt, þegar ég sagði hv. flm. það, áður en frv. þetta kom fram, að það hlyti að verða afstaða n., að þessi mál öll fylgdust að.

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. Í fyrra lá fyrir hæstv. Alþ. frv. um, að margir menn fengju íslenzkan ríkisborgararétt. Var viðurkennt, að margir þeirra ættu tvímælalausan rétt á að fá ríkisborgararéttinn. Og mér finnst ekki rétt að láta slíka menn bíða eftir öðrum mönnum, sem um ríkisborgararétt sækja, en meiri vafi er um, að eigi rétt til að fá hann. Mér finnst ekkert því til fyrirstöðu, að t. d. tvö frv. lægju fyrir einu og sama þingi, eins og t. d. nú, um veitingu ríkisborgararéttar. Það er að mínu áliti sjálfsagt að láta vera í einu frv. till. um veitingu íslenzks ríkisborgararéttar til handa öllum þeim mönnum, sem um hann sækja og eiga tvímælalausan rétt á að fá íslenzkan ríkisborgararétt, en láta svo hina sigla á eftir í öðru frv., sem meiri vafi er um, að eigi þennan rétt, og láta ráðast um það, hvort meiri hluti þingsins vill veita þeim síðar nefndu ríkisborgararétt. Ég vil eindregið beina þeim tilmælum til hv. allshn., að hún láti það ekki koma fyrir, sem skeði á síðasta þingi, að ágrein-

ingur um einn eða tvo menn verði þess valdandi, að felldar verði beiðnir frá mörgum mönnum um ríkisborgararétt, kannske 20—30 manns, sem tvímælalaust eiga rétt á að fá hér ríkisborgararétt.

Garðar Þorsteinsson: Ég veit ekki, hvaða háreysti er á ferð hér út af þessum orðum mínum, þó að ég benti á það, að venjan hefði verið á undanförnum árum að taka í einu lagi þær umsóknir, sem komið hefðu frá mönnum um veitingu ríkisborgararéttar, og þó að sagt sé, að það sé eðlilegast að láta þær allar fylgjast að. Það er ekki að mínu áliti ástæða fyrir n. að taka í þessu efni einn mann út úr og fylgja hans frv. fram um veitingu þessa réttar, þegar um svo og svo marga aðra menn er að ræða, sem umsóknir frá liggja fyrir um ríkisborgararétt. Annað hef ég ekki sagt. Og það er mesti misskilningur, ef nokkur ætlar, að í orðum mínum hafi nokkuð falizt í þá átt að reyna að setja fót fyrir það, að þessi maður, sem um ræðir í frv. því, sem fyrir liggur, fái ríkisborgararétt. Hv. þm. Ak. veit, að reynslan hefur verið þessi, sem ég hef getið hér, að sameinaðar hafa verið í eitt frv. slíkar umsóknir frá nokkrum mönnum, fleiri eða færri. Á síðasta þingi bar n. fram frv. um veitingu ríkisborgararéttar til 4—5 manna. Þá var það hv. þm. V-Sk., sem benti á, að von væri á fleiri mönnum með slíkar umsóknir og réttast væri að taka umsóknirnar allar fyrir á þinginu í einu. — Hins vegar getur allshn. skeikað um það, ef hún ætlar að greina í sundur, hverjir eigi rétt á að fá ríkisborgararétt og hverjir ekki.

Mín meining er alls ekki að setja fót fyrir þetta mál, sem hér liggur fyrir, heldur aðeins að fylgja þeirri venju, sem myndazt hefur um afgreiðslu þessara mála á s. l. árum.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til allshn. með 18 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

16. Byggingarstofnun ríkisins og byggingarfélög.

Á 12. fundi í Sþ., 15. nóv., var útbýtt frá Nd.:

Frv. til l. um Byggingarstofnun ríkisins og byggingarfélög (þmfrv., A. 107).

Á 19. fundi í Nd., 18. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 20. fundi í Nd., 20. nóv., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 18 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Sigfús Sigurhjartarson): Herra forseti. Í íslenzkri löggjöf er það viðurkennt, að húsnæðismálin séu mál, sem löggjafinn eigi að láta til sín taka. Árið 1929 voru sett l. um verkamannabústaði, sem vissulega er eitt hið merkasta skref, sem stigið hefur verið í þá átt að leysa húsnæðisvandamál þjóðarinnar með aðstoð löggjafar- og ríkisvaldsins. Þessi l. hafa síðan alloft verið endurskoðuð af hv. Alþ. og gerðar á þeim breyt., sem í hvert sinn hafa vissulega horft til bóta til þess að gera starfsmöguleika þessara félaga meiri en þeir voru áður. Á síðasta fjárlagaþingi voru breyt. loks gerðar á l., og verður ekki annað sagt en að mjög lítið virðist þar vera um endurbætur að ræða. Einnig er vert að minnast þess, að árið 1932 voru sett l. um byggingarsamvinnufélög. Á þeim l. hafa sömuleiðis síðan verið gerðar endurbætur og breytt í það horf, að þessum félögum var veitt meiri og meiri fyrirgreiðsla við byggingarframkvæmdir sínar. Þessi l. voru einnig endurskoðuð á síðasta fjárlagaþingi og þá felld inn í einn lagabálk með l. um verkamannabústaði.

Það virðist nú vera tímabært að velta því nokkuð fyrir sér, hvaða árangri við höfum náð í húsnæðismálunum með því löggjafarstarfi, sem hingað til hefur átt sér stað varðandi þessi mál. Ég ætla, að engum muni blandast hugur um það. Það er kunnara en frá þurfi að segja, að í öllum kaupstöðum landsins er nú mikill húsnæðisskortur. Það er staðreynd, að á þessum stöðum býr fjöldi fólks í heilsuspillandi húsnæði. Ég hef ekki í höndum skýrslur, sem sýna, hver tala þessara manna er, en fullyrði, að hún sé mjög há, og ég vil ekki láta þess ógetið, að ég hygg, að ástandið í þessum efnum sé engu betra í sveitum landsins. Það má að vísu segja, að þeir, sem þar búa, hafi yfirleitt þak yfir höfuðið, en óhætt er þó að fullyrða, að mikill fjöldi sveitafólks býr við ósæmileg húsnæðisskilyrði. Það væri að sjálfsögðu mjög æskilegt að geta gert sér tæmandi grein fyrir því, hvernig við stöndum í þessum efnum og hvað mikið við þurfum að byggja á næstu árum til þess að ná því marki innan hæfilegs tíma, þannig að allir landsmenn búi í sæmilegum íbúðum, hvort heldur er til sjávar eða sveita. Það hafa líka verið gerðar tilraunir til þess að gera sér grein fyrir þessu, og sú tilraun, sem ýtarlegust hefur verið gerð, var gerð af Arnóri Sigurjónssyni, meðan hann starfaði á vegum skipulagsn. fyrir 2 til 3 árum. Hann rannsakaði þá ýtarlega húsnæðisástandið í landinu, og var gefin út álitsgerð hans og till. um byggingarmál og þeim útbýtt meðal hv. þm., svo að þær ættu að vera þeim kunnar. Þar telur hann, að 10350 íbúðir, sem séu lélegar og ófullnægjandi, verði ekki komizt hjá að endurbyggja á næstu 10 árum, og að á sama tíma verði að reisa 2500 íbúðir vegna fjölgunar íbúanna. Þá telur hann, að á sömu tíu árum verði að reisa 1750 íbúðir vegna minnkandi heimila, og loks telur hann, að 250 íbúðir verði að reisa vegna mannflutninga innanlands. Niðurstaða hans er því sú, að það minnsta, sem komizt verður af með að byggja, séu 14850 íbúðir, eða því sem næst 1500 íbúðir á ári. Það er, eins og allir sjá, gífurlegt verkefni, og veltur því mikið á, að vel sé

á haldið og að fjármagn, efni og vinnukraftur verði á réttan hátt notað til þessara framkvæmda. Arnór gengur út frá í sinni skýrslu, að kostnaður þjóðarinnar af þessum nauðsynlegu framkvæmdum muni verða 180—200 millj. króna. Þetta er það fyrsta, sem við okkur blasir, þegar við athugum þetta vandamál, eins og það kemur fyrir í dag. En það eru fleiri myndir, sem við blasa og nauðsynlegt er að athuga, ef maður gerir sér fulla grein þessara mála. Hér í Reykjavík og á nokkrum öðrum stöðum úti á landi hefur vissulega verið byggt mjög mikið á síðustu árum, en það er sannast að segja, að ekki hefur verið byggt fyrst og fremst með það fyrir augum að bæta úr brýnustu þörfinni. Það er staðreynd, að á þessum árum hefur risið upp fjöldi „luxus"-bygginga og ýmiss konar aðrar byggingar, sem þörf hinna húsnæðislausu hefur ekki kallað á. Þetta tel ég með öllu óhæfilegt og samrýmist ekki siðmenningu okkar. Þá kemur það og til athugunar í þessu efni, að hér í Reykjavík er nú í smíðum mikill fjöldi húsa, sennilega nærri 400 hús, en þegar þetta er athugað nánar, þá er það svo, að mikill hluti þessara bygginga er raunverulega stöðvaður eða gengur svo hægt, að heita má, að jafngildi stöðvun. Ástæður fyrir þessari stöðvun eru ýmiss konar. Sumpart vantar byggingarefni, sumpart vinnuafl og sumpart peninga. Það, sem alvarlegast er við þetta, er það, að þessu er svo háttað, að allt of margir aðilar eru að fást við framkvæmdirnar, og hafa þeir oft margar undir í einu, en ef færri aðilar stæðu að þeim, er ég sannfærður um, að hægt væri að koma áfram þeirri byggingarvinnu, sem nú stendur yfir, með miklu meiri hraða. Varðandi fjárskortinn til byggingarframkvæmdanna vil ég nefna nokkur dæmi. Skal ég þá í fyrsta lagi minna á það, að þegar sett voru l. um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum hér á síðasta fjárlagaþingi, þá benti ég rækilega á það, að þar vantaði grundvöllinn, sem sé þann, að tryggt væri fé til framkvæmda byggingarfélaganna. Þetta fékk góðar undirtektir hér á hv. Alþ. í orði, en hins vegar fékkst ekki vilji fyrir því að bæta úr með því að samþykkja brtt., sem fram komu. Mér virtist þá þegar mikil hætta á því, að þær mörgu umbætur, sem gerðar voru á l. um verkamannabústaði og byggingarsamvinnufélög, kæmu ekki að notum, vegna þess að fjármagn skorti til framkvæmdanna. Hvað byggingarsjóð verkamanna snertir, er það staðreynd, að hann hefur nú á þessu ári bjargað sér nokkuð á því, sem kallað er að yfirdraga sína kontó hjá Landsbanka Íslands, og er hann nú yfir 3 millj. kr. Úr hverjum bæ og þorpi á Íslandi liggja nú fyrir beiðnir til framkvæmda, sem ekki hefur verið hægt að fullnægja. Sumum þessara beiðna hefur hann lofað að verða við, og öðrum hefur hann ekki séð sér fært að gefa nein loforð um. Byggingarframkvæmdir verkamannabústaða eru með öðrum orðum að verulegu leyti stöðvaðar eða tafðar, af því að byggingarsjóðurinn getur ekki veitt nein lán. — Hið sama gildir um byggingarsamvinnufélögin. Það öflugasta þeirra, byggingarsamvinnufélagið hér í Reykjavík, hefur boðið út lán eða leitað eftir láni að upphæð 3 millj. kr. Af þessu hefur það fengið hálfa millj. kr., en 2½ millj. kr. eru ófengnar, og er engin von til, að það fé verði útvegað. Félagið stendur með fjölda íbúðarhúsa í smíðum og sér ekki fram á annað en að allt standi fast vegna peningaskorts. Er þetta ekkert einstakt dæmi. Fleira en eitt byggingarsamvinnufélag í Reykjavík og félög víða úti á landi hafa hafið framkvæmdir í meiri eða minni stíl, en sjá nú ekki fram á nein úrræði til að halda verkinu áfram eða ljúka því vegna skorts á fjármagni. Ekki er sagan betri, þegar kemur til einstaklinganna. Það er staðreynd, að fjöldi þeirra einstaklinga, sem nú eru að leitast við að byggja þak yfir höfuðið, hefur þurft að leita til okrara um peningalán og hefur orðið að sæta kjörum, sem eru þannig, að vextirnir eru frá 10 upp í 20% og jafnvel hærri. Ég get nefnt um þetta dæmi, sem ég er persónulega kunnugur. Fjölskyldumaður hér í bæ, margra barna faðir, hefur brotizt í það að koma sér upp íbúðarhúsi inni í Kleppsholti. Fyrir frábæran dugnað þessa manns er húsið nú það langt komið, að það er fokhelt, og hefur hann gengið nokkuð frá því að innan, þannig að hann getur flutt í það með fjöldskyldu sína. Kostnaður við húsið er samtals 150 þúsundir króna. Hann tók 37 þús. króna lán hjá okrara, og reiknast mér til, að raunverulegir vextir af því séu 12%. Lánið fellur í gjalddaga í desember, og hefur okrarinn sagt, að hann skuli framlengja lánið, en vextir verði þá 15%. Þessi sami maður hefur gengið í allar bankastofnanir hér og sagt, að hann hafi fokhelt hús, að verulegu leyti innréttað, þannig að hægt sé að búa í því, og hefur hann beðið bankana um lán út á þetta ágæta veð. Það er ekki hægt. Nú eru tveir kostir fyrir þennan mann. Annar er sá, að framlengja lánið hjá okraranum til stutts tíma og sennilega aftur og aftur fyrir hærri og hærri vexti, hinn er sá að missa þetta húsaskjól, sem hann af frábærum dugnaði hefur komið upp fyrir sig og sína fjölskyldu. Fjöldamörg sams konar dæmi er að finna hér í Reykjavík.

Ég ætla nú, að þessar staðreyndir, sem ég hef nefnt, ættu að færa öllum heim sanninn um það, að það, sem við þurfum á að halda í húsnæðismálunum, er fullkomið skipulag. Við þurfum að leysa erfitt vandamál, og við verðum að leysa það með því, að neytt verði allra möguleika, sem fyrir hendi eru, til þess að koma upp eins ódýrum, vönduðum og mörgum íbúðum og þjóðin getur frekast risið undir. Við verðum sem sé að tryggja, að það vinnuafl, sem fært er að leggja fram til íbúðarhúsagerðar, verði fullnýtt. Við verðum að tryggja, að það fjármagn, sem þjóðin telur sér fært að leggja fram til húsagerðar, verði á sama hátt fullnýtt. Og loks verðum við að tryggja, að það efni, sem þjóðin sér sér fært að leggja fram, verði notað á hinn hagkvæmasta hátt. Við verðum að kappkosta það í húsnæðismálunum að fá sem mest og bezt húsnæði fyrir hverja efniseiningu, vinnueiningu og krónu, sem fram er lögð, og tryggja það, að efni, sem keypt er til byggingarframkvæmda, verði notað til hins ýtrasta.

Meginmál þessa frv., er ég hef leyft mér að flytja á þskj. 107, fjallar um það að koma allsherjar-

skipulagi á byggingarframkvæmdir þjóðarinnar, en það hygg ég, að bezt yrði tryggt með því að setja á stofn Byggingarstofnun ríkisins. Verkefni þessarar stofnunar yrðu samkv. lögum þessum í aðalatriðum þessi: Í fyrsta lagi að safna skýrslum um húsnæðisástandið í kaupstöðum og kauptúnum og gera tillögur og áætlanir um, hvernig fullnægt verði húsnæðisþörfinni á hverjum stað og tíma. Skýrslusöfnun þessi er mjög nauðsynleg, því að umbætur á sviði húsnæðismálanna verða að byggjast á raunhæfri þekkingu og kunnugleik á ástandinu. Í öðru lagi er byggingarstofnuninni ætlað það hlutverk að gera teikningar að húsum byggingarfélaga, sem lúta l. þessum, og að húsum og mannvirkjum annarra aðila, eftir því sem óskað er og við verður komið. Það skiptir miklu máli, að teikningarnar séu gerðar af lærðum kunnáttumönnum og það sjónarmið sé eitt haft að leysa vandann sem bezt af hendi. Það liggur í augum uppi, að heppilegra er, að þetta annist ein ríkisstofnun, en tilviljun ein ráði, hver þetta hefur með höndum. Þriðja meginverkefni byggingarstofnunarinnar yrði svo að annast byggingarframkvæmdir fyrir byggingarfélög, sem lúta l. þessum, ef þau óska þess, svo og fyrir aðra aðila, eftir því sem óskað er og við verður komið. Ég tel, að mjög óhagkvæmt sé, að byggingarframkvæmdir séu svo dreifðar sem nú er. Enn fremur er það staðreynd, að það skiptir verulegu máli við afköst við byggingarframkvæmdir, að sú tækni, sem við þekkjum og höfum yfir að ráða, sé notuð til hlítar. Ef svo er gert, er hægt að auka stórlega afköstin við byggingarframkvæmdir. Sérstaklega vil ég þó benda á þá höfuðnauðsyn að koma á sérhæfni í ýmsum starfsgreinum, er lúta að byggingarframkvæmdum, svo sem í smíði glugga, hurða og eldhúsbúnaðar o. s. frv. Það er kunnari staðreynd en frá þurfi að segja, að ef einhver verksmiðja sérhæfir sig í einhverri vissri grein, þá nær hún mun betri árangri en ef hún fæst við mörg verkefni og misjöfn. Með því, sem ég hef nú bent á, má spara stórlega fé til byggingarframkvæmda án þess að draga úr gæðum þeirra og magni. Þá hefur byggingarstofnunin það fjórða verkefni að flytja byggingarefni til landsmanna. Gert er ráð fyrir, að hún fái einkainnflutningsleyfi á byggingarefni og selji það beint til notenda eða fyrir milligöngu umboðsmanna, er hún kynni að hafa.

Þegar þrjú síðast töldu atriðin, sem sé að byggingarstofnunin annist hústeikningar, framkvæmdir bygginga og efnisinnflutning til þeirra, eru dregin saman, er ljóst, að af þeim má leiða mikinn sparnað og afkastaaukningu. Varðandi sparnaðinn skal ég geta þess, að ástandið í húsnæðismálum Reykvíkinga er nú þannig, að teningsmetrinn í venjulegu íbúðarhúsi kostar nú 320—330 krónur. En þegar húsabraskarar og okrarar hafa farið höndum þar um, kemst teningsmetrinn upp í 350—360 kr. og oft miklu meira. Ég hef mikið rætt þetta mál við verkfræðinga og vana byggingarmenn, og voru þeir allir á einu máli um það, að mjög mætti draga úr byggingarkostnaðinum án þess að rýra gæði húsanna. Engir þeirra manna, sem hafa kynnt sér þessi mál gaumgæfilega og hafa til að bera þekkingu í þessum efnum, hafa talið það vandkvæðum bundið að lækka kostnaðarverð byggingana um allt að ⅓, eða með öðrum orðum rúmar 100 krónur á hvern teningsmetra. En til þessa þarf þær ráðstafanir, sem ég hef bent á, en þær eru fullkomnari tækni, sérhæfing í starfsgreinum byggingariðnaðarins og að aflétta okri og braski af efni og húsnæði, og að öllu þessu er stefnt í því frv., sem ég hef leyft mér að leggja hér fram.

Það getur verið álitamál, hversu löngum tíma ber að eyða til skýringa á frv. fyrir tiltölulega fáum mönnum, enda nokkuð skýrt í grg.. en geta verð ég þó þess meginatriðis, að ætlazt er til, að allir þeir, er ákveðið hafa að reisa hús í kaupstöðum eða kauptúnum, sendi til byggingarstofnunarinnar fyrir septemberlok ár hvert skýrslu eða grg. um fyrirhugaðar framkvæmdir. Sams konar skýrslur um byggingar í sveitum skal senda nýbýlastjórn, og enn fremur skal senda nýbyggingarráði eða stofnun, sem kynni að taka við hlutverki þess, sams konar grg. um aðrar byggingar og mannvirki í landinu. Að fengnum þessum skýrslum er svo ætlazt til, að nýbyggingarráð eða stofnun, sem kynni að taka við hlutverki þess, geri heildaráætlun um mannvirkjagerð í landinu og athugi og geri áætlun um, hversu mikið byggingarefni sé hægt að flytja inn, hversu mikið fé sé nauðsynlegt og hversu mikið vinnuafl þurfi.

Þessi áætlun byggist því á þessum skýrslum um fyrirhugaðar byggingar og skýrslunum um húsnæðisþörfina. Takmörk eru vitanlega alltaf fyrir því, hversu miklu vinnuafli, fjármagni og gjaldeyri má verja til byggingarframkvæmda, og má þar ekki ganga of nærri framleiðslunni. En hér er gert ráð fyrir, að nýbyggingarráð eða stofnun, sem kæmi í staðinn fyrir það, gerði heildaráætlun um þessi efni, og yrði hún væntanlega liður í heildaráætlun ríkisins, þar sem ákveðin yrðu fjárframlög til eins og annars og gerð yrði grein fyrir skiptingu vinnuaflsins. Gert er ráð fyrir, að nýbyggingarráð flokki byggingarframkvæmdir í þrjá flokka. Í fyrsta flokki yrðu íbúðarhús í kaupstöðum og kauptúnum, í öðrum flokki íbúðarhús í sveitum og aðrar byggingar í þágu landbúnaðar og í þriðja flokki aðrar byggingar og mannvirki í þágu atvinnulífsins, svo og hvers konar opinberar byggingar í þágu félags-, menningar- og mannúðarstarfsemi. Er þetta miðað við það, að sem bezt verði fullnægt þörfum þjóðarinnar, eftir því sem fjárhagur og vinnuorka leyfa. Þegar nýbyggingarráð hefur gert áætlun sína, á byggingarstofnunin að útvega efni til þeirra bygginga, er um getur í fyrsta flokki, og til þess að geta reist hús þarf viðkomandi aðili að fá efnisleyfi hjá byggingarstofnuninni. Ætlazt er til, að úthlutun efnis til bygginga í öðrum flokki sé í höndum nýbýlastjórnar, þar eð með l. frá síðasta fjárlagaþingi er gert ráð fyrir nokkurri forystu hjá nýbýlastjórn í byggingarmálum sveitanna. Ég tek það skýrt fram, að ég tel, að þeir, sem í sveitunum búa, eigi sama rétt og þeir, sem við sjóinn búa, til þess, að húsnæðismál þeirra séu tekin föstum tökum, svo að ekki komi fyrir, að þeir þurfi að búa í ómannsæmandi húsnæði. Og tel ég eðlilegt, að ný ákvæði komi inn í lögin

um nýbýlastjórn. Hvað viðvíkur efni til bygginga, er um getur í þriðja flokki, þá er ætlazt til, að nýbyggingarráð hafi úthlutun þess á hendi, enda fái viðkomandi aðilar efnisleyfi hjá ráðinu.

Þetta frv. fjallar fyrst og fremst um húsnæðismál kaupstaða og kauptúna, og mun ég því aðallega halda mig við það efni, en vil aðeins, áður en ég byrja á öðrum kafla, taka það fram, að þessi kafli miðar fyrst og fremst að því, að gerð verði heildarskipulagning í byggingarmálum landsmanna, sem verði felld inn í skipulagningu alls þjóðarbúskaparins, og enn fremur að fá sem mest og bezt húsnæði fyrir hverja vinnueiningu, efniseiningu og krónu svo sem hægt er.

II. kafli, sem fjallar um byggingarfélög, kemur í staðinn fyrir gildandi l. um aðstoð ríkisins til handa byggingarfélögum í kaupstöðum og kauptúnum. Þær meginbreytingar frá gildandi l., sem þetta frv. gerir ráð fyrir, eru: Í fyrsta lagi, að enginn munur sé gerður á byggingarsamvinnufélögum og byggingarfélögum verkamannabústaða og að leyft sé að stofna svo mörg byggingarfélög á hverjum stað sem verkast vill. Í öðru lagi er félögunum lögð sú skylda á herðar að fylgjast með ástandinu í húsnæðismálunum á hverjum tíma og vinna að útrýmingu heilsuspillandi og ómannsæmandi íbúða. Í þriðja lagi eru byggingarfélögunum tryggð lán. Vil ég nú fara um þetta nokkrum orðum. Gert er ráð fyrir, að í Reykjavík megi stofna félag, er lúti l. þessum, ef 50 menn koma saman, í öðrum kaupstöðum 25 og í kauptúnum aðeins 5, og er þá talið kauptún, ef um er að ræða þéttbýli, þar sem minnst 15 fjölskyldur búa, og hafi þá engin fjölskylda svo mikið landrými, að lögbýli geti talizt. Nú kynnu margir að segja, að það virtist óheppilegt að leyfa ótakmarkaðan fjölda félaga á hverjum stað. En ég tel, að þeir eigi að vera sameinaðir, er saman vilja vera. Þetta getur að vísu verið erfiðara í framkvæmdinni en í frv. er gert ráð fyrir, að þar sem fleiri en eitt byggingarfélag er, þá skuli þau mynda með sér samband, og skal sambandið koma fram út á við fyrir hvert einstakt félag. Hin einstöku félög yrðu þá deildir innan sambandsins, þar sem saman gætu starfað þeir, sem vildu.

Í sambandi við skyldur félaganna um athuganir á ástandinu í húsnæðismálunum og úrbætur í því efni, ef með þarf, hef ég sett inn í frv. það ákvæði, að ef ekkert byggingarfélag sé starfandi á einhverjum stað, þá hafi viðkomandi sveitarfélag sömu skyldur og réttindi gagnvart byggingarstofnuninni. Enn fremur er ákvæði um það, að ef byggingarstofnuninni sýnist ábótavant húsnæðismálum á einhverjum stað, þá geti hún skipað viðkomandi byggingar- eða sveitarfélagi að hefjast handa til úrbóta. Aftur á móti geta svo félögin áfrýjað til ríkisstj., ef ágreiningur rís. Það er ætlazt til, að þær íbúðir, sem félögin reisa, séu sameign félaganna, en réttur einstaklingsins til íbúðarinnar þó óuppsegjanlegur og erfist sem aðrar eignir. Réttur þessi verður því nánast ekki eign nema að því leyti, að hann má ekki framselja nema til erfingja eða aftur til félagsins. Þurfi félagi ekki lengur á íbúð að halda né erfingi hans, þá fellur íbúðin aftur til félagsins, en sá, er út flytur, fær endurgreitt það fé, er hann hefur lagt fram til byggingarinnar. Meðlimir byggingarfélags fá íbúð til afnota með þrenns konar kjörum. Í fyrsta lagi, að framlag félagsmanna sé 20% af kostnaðarverði íbúðarinnar. Í öðru lagi, að framlagið sá 10%, og í þriðja lagi ekkert. Þeir einir geta fengið íbúð með þriðja flokks kjörum, sem við rannsókn þá, er um getur í 2. og 21. gr. þessa frv., hafa reynzt búa í heilsuspillandi húsnæði og ekki hafa fjárhagsástæður til að lúta kjörum hinna flokkanna að dómi félagsstjórnar og héraðslæknis. Þessir menn mundu samkv. núgildandi l. fá inni í húsum sveitarfélagsins, er reist væru til að útrýma heilsuspillandi íbúðum. Rétt til að fá íbúð með 2. flokks kjörum hafa þeir, sem síðustu 3 árin hafa eigi haft meira en 7000 króna árstekjur, að viðbættum 1000 kr. fyrir hvern ómaga, né yfir 10000 kr. eign. Þessar upphæðir skulu þó hækkaðar í samræmi við meðalvísitölu kauplagsnefndar fyrir hvert hinna þriggja ára, sem meðaltalið er tekið fyrir. Samkv. núgildandi l. mundu þessir menn hafa rétt til verkamannabústaða. Til 1. flokks íbúða hafa allir félagsmenn rétt. Þeir, sem til þeirra hafa rétt, svara því samkvæmt núgildandi lögum til þeirra, sem eru í byggingarsamvinnufélögum.

Þá skal ég lauslega drepa á, hvernig útvega skal fé til stofnkostnaðar íbúðanna að öðru leyti. Í fyrsta lagi skal byggingarstofnun ríkisins lána 50% af kostnaðarverði, en til þess afli hún fjár með útgáfu skuldabréfa til allt að 50 ára, sem greiðist með jöfnum afborgunum og vöxtum. Bönkunum sé gert að skyldu að kaupa skuldabréf þessi nafnverði, en selja þau síðan á frjálsum markaði. Það, sem eftir er kostnaðar, er þannig hugsað, að byggingarfélag fái af íbúðum með 1. flokks kjörum 15% af kostnaðarverðinu sem vaxtalaust lán. Þeir, sem koma undir 2. flokk, fá 20% framlag frá ríkinu og 20% frá viðkomandi sveitarfélagi. Þeir, sem koma undir 3. flokk, fá 25% framlag frá ríkinu og 25% frá viðkomandi sveitarfélagi. Þessi lán endurgreiðast með 2% á 50 árum. Nú kynnu einhverjir að spyrja, hvernig eigi að útvega þessi lán, og vitanlega yrði það sveitarfélögum ofvaxið, eins og nú standa sakir, og því er bönkunum gert að skyldu að innleysa þau skuldabréf, er þau kunna að gefa út í þessu skyni. Þessi kostnaður, sem á leggst samkv. frv. þessu, ef að l. verður, kemur þá í stað framlagsins til verkamannabústaða, sem fellur niður. Þá má spyrja, hvort þetta sé ekki of þung byrði á bönkunum. Því er ekki að leyna, að frv. þetta er hugsað með það fyrir augum, að þjóðarbúið sé allt rekið eftir fyrir fram gerðri áætlun, þar sem ákveðið sé, hvernig fé bankanna skuli varið til atvinnuvega landsins, en það eigi háð tilviljunum og duttlungum, hversu fé þjóðarinnar er varið til atvinnuvega og bygginga. Eru þetta þá of miklar byrðar? Ekki ætlast ég til neins, sem ekki þykir kleift að framkvæma á hverju ári, en það ríður á því, að framkvæmdir hvers árs séu áætlaðar og miðaðar við getu þjóðarinnar.

Að öðru leyti get ég svo vísað til grg. frv. Ég vænti þess, að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað

til 2. umr. og félmn., sem mun hafa haft þessi mál til meðferðar á undanförnum þingum.

Hallgrímur Benediktsson: Herra forseti. — Ég ætla ekki að fara að ræða þennan mikla lagabálk neitt ýtarlega að þessu sinni, en mér fannst hv. 6. þm. Reykv. ræða þessi mál nokkuð einhliða í sinni ræðu, og kom mér það raunar ekkert á óvart, þar sem ég þekki hug hans í viðskipta- og framkvæmdamálum.

Ég veit, að hv. 6. þm. Reykv. er hinn lagnasti í að stilla upp miklum áætlunum, en ég efast um, hvernig þær yrðu í framkvæmdinni. Ég ætla t. d. að minnast á eitt atriði, sem og kom fram hjá mér s. l. vetur, að gæta verður þess, að ekki komist allt á ringulreið. Ég taldi ríkið fara allt of gálauslega að ráðast í miklar framkvæmdir án þess að taka tillit til framleiðslunnar í landinu. Ég fékk þá ekki mikla áheyrn. Ég býst við, að hv. 6. þm. Reykv. hafi óskað þess, að þær framkvæmdir, sem gerðar voru s. l. sumar með byggingu síldarverksmiðja, hefðu tekizt betur, og ætla ég þó, að hans viðhorf hefðu átt að koma þar að góðu gagni. Þær framkvæmdir fóru mjög mikið fram úr áætlun. Það var skortur á vinnuafli. Það varð að taka menn af bátum og láta þá fara að vinna í landi verk, sem þeir voru óvanir við. Kostnaðurinn varð því miklu meiri en ella hefði orðið. Verkamennirnir okkar eru ágætir, en það má ofbjóða þeim. Það, sem mest hefur aukið byggingarkostnaðinn nú á þessum árum, er aðallega það, að of mikið hefur verið heimtað af verkamönnunum og afköst þeirra því orðið svo lítil. Sannleikurinn er sá, að ríkisvaldið á ekki hvað sízt þátt í þeirri óeðlilegu og óheilbrigðu samkeppni um vinnuaflið til byggingariðnaðarins, og þar á meðal til framkvæmda, sem vart munu allar teljast bráðnauðsynlegar. En afleiðing þessa hefur orðið sú, að vinnuaflið hefur dregizt stórlega frá framleiðslunni, og þar með hefur eðlilegu samræmi milli atvinnustéttanna verið raskað.

Mér fannst hv. flm. verja of miklum tíma í að lesa upp grg. frv., en það hefur ef til vill verið gert af ótta við, að þm. læsu hana ekki. Ég hygg þó þann ótta ástæðulausan. En ég held, gagnstætt því sem greinargerðin virðist gera ráð fyrir, að það sé ekki allt fengið með því að setja upp alls konar félagsbákn og nefndir.

Ég hef tekið það fram, að ég tel of hratt farið í framkvæmdir ýmsar, sem draga vinnuaflið frá framleiðslunni, og í öðru lagi ræddi ég um afkastaminnkunina og tel, að ég hafi bent á orsök hennar. Ég vil minna á það, að það, sem ég hef séð heilbrigðast í byggingarmálum, var fyrir stríð, þegar byggingarnar voru boðnar út. Á þeim tíma fékkst byggt hér með góðu verði, en ég býst við, að við verðum nú að bíða alllengi eftir því verði. En það verður að stilla svo í hóf, að það opinbera setji ekki milljónatugi í stórbyggingar, sem gleypa vinnuaflið, þannig að það er nú t. d. svo komið, að allir lagtækir menn hverfa úr sveitunum, bæði smiðir og gervismiðir, svo að þar er nú næstum ókleift að fá menn til neinnar smíðavinnu.

Þetta mál, sem hér liggur fyrir, er svo mikið og margbrotið, að ótækt er að leggja það fyrir Alþingi, án þess að miklar athuganir hafi farið fram áður. En till. hv. 6. þm. Reykv. eru svo einhliða, að ég get ekki fallizt á þær, þar sem ríkinu er ætlað að hafa allar framkvæmdir þessara mála með höndum.

Sumar þjóðir leggja mikla áherzlu á ríkisrekstur, en ég fæ ekki séð, að hann sé ódýrari eða hagkvæmari. Hvað snertir braskið, þá sé ég ekki, að komið verði í veg fyrir það, þó að frv. hv. 6. þm. Reykv. væri komið í framkvæmd. Hvað snertir innflutning og álagninguna, má benda á gott dæmi, sem sýnir, á hve miklum rökum ummæli hv. þm. í þá átt eru reist. Erlent fyrirtæki, sem tekið hafði að sér framkvæmdir hér í nágrenni bæjarins, hafði byrjað á að flytja inn byggingarefni, en þegar þeir komust að raun um, hvað efnið var selt hér, hættu þeir að flytja það inn sjálfir, en keyptu það hér á landi.

Ég er á því, að miklu betra sé að starfa að úrlausn vandamálanna með samningum milli stétta en að gera innflytjendur tortryggilega, eins og hv. þm. gerir.

Ég mun nú ekki lengja þessar umr. að þessu sinni, en margt fleira fellur hér í sama farveg, t. d. það, að hv. þm. vill skylda bankana takmarkalítið til að lána út fé vegna þessara framkvæmda. Maður verður að gæta að því, að með auknum framförum verði gætt hófs og að fjármagn bankanna verði ekki fengið einhverjum nefndum í hendur til ráðstöfunar, sem eru óháðar bankastjórninni og ríkisstj. Og það mun verða þungt í vöfum, ef bæjarstjórnirnar eiga alltaf að sækja undir nýbyggingarráð um allar framkvæmdir, t. d. hafnargerðir og annað því um líkt.

Hv. 6. þm. Reykv. er þekktur að því að vera góður stærðfræðingur, en mér er ekki grunlaust um, að hann reikni dæmin þannig, að hann fái aðeins þá útkomu, sem honum líkar.

Eins og ég benti á í fyrra, eru húsnæðismálin stórmikilvægt vandamál, sem krefst lausnar, um það erum við hv. flm. sammála, en okkur skilur á um leiðir.

Ég vænti svo þess, að þetta mál fari til n., og verður þá tækifæri til að ræða það frekar. Ég mun eiga eftir að ræða þetta mál við hv. 6. þm. Reykv., bæði hér í hv. Alþ. og í bæjarstjórn Reykjavíkur, þar sem vegir okkar mætast líka, og er ég fyllilega sammála honum, að þessi mál verður að leysa nú á næstunni.

Flm. (Sigfús Sigurhjartarson): Herra forseti. — Mér var kunn afstaða hv. 3. þm. Reykv. og kom hún ekkert á óvart. Ég get tekið það fram strax, að ég hef vanizt því að reikna mín dæmi og reikna þau rétt og horfast í augu við útkomuna, hver sem hún er.

Í sambandi við þetta mál, þá hef ég komizt að þeirri niðurstöðu, sem frv. greinir, og ég tel hana rétta.

Hvað síldarverksmiðjurnar koma þessu máli við, er mér ekki ljóst, en hv. þm. hefur svo glöggt auga

fyrir fjármálum, að ég veit, að honum er fyllilega ljóst, að það gat varðað landið milljónum, hvort þær voru til eða ekki, og því var réttmætt að leggja kapp á, að þær kæmust upp. Því miður fór svo, að verksmiðjanna varð ekki þörf í sumar, en það var rétt að gera ráð fyrir þeim.

Hv. þm. lagði mikið upp úr því, að ódýrara væri, að byggingar væru boðnar út, og er vafalaust mikið satt í þessu. Hann og fleiri hafa byggt á sæmilegu verði fyrir stríð, því að þá var kapphlaup um vinnuna. Þá var atvinnuleysi, en það verkar þannig, að sumt verður ódýrara. En við skulum nú athuga, hvernig húsnæðismálin voru á þeim tíma.

Árið 1939 fór fram athugun á húsnæðinu í Reykjavík. Sú athugun leiddi í ljós, að yfir 1100 manns bjuggu í bönnuðum kjallaraíbúðum. Af þeim voru 155 taldar góðar, 575 sæmilegar, eða alls 722. Svo komu 213 íbúðir lélegar og 141 óhæf, eða alls 405 íbúðir, sem voru lélegar eða óhæfar. Þetta er árangurinn af því tímabili, og sýnir hann óumdeilanlega, að húsnæðisþörfinni var ekki fullnægt, að það voru húsnæðisvandræði. Þeir, sem nægilegt fjármagn höfðu, gátu byggt, en því fór fjarri, að einstaklingsframtakið gæti leyst þetta vandamál. Svo breyttist ástandið. Nú er nóg atvinna og góð afkoma, og enn eru húsnæðisvandræði. Einkaframtakið hefur ekki leyst vandann. Það eru enn húsnæðisvandræði og líklega aldrei meiri en nú, og ekki leysir einkaframtakið húsnæðisvandræðin. Enn frekari sönnun þess er skýrsla Arnórs Sigurjónssonar um húsnæðismálin. Samkv. henni er talið, að í landinu séu 10350 ónýtar eða lélegar íbúðir. Það er ástæðulaust að fara að þjarka hér um afstöðu bankanna til þessara mála, en ég ætlast til þess, að menn geri sér ljóst, hversu mikið fé þjóðin leggur í byggingar og hversu mikið fé er svo lagt í framleiðsluna í þessu tilliti. Eins og nú háttar, þá fer fjármagnið út um hvippinn og hvappinn og hinir ríku geta fengið lánað mikið fé, en hinir fátækari og snauðu fá ekkert.

Ég fjölyrði nú ekki meir um þetta, en vænti þess, að málinu verði vísað til félmn., og treysti ég henni mjög vel til þess að gefa þessu frv. viðeigandi meðferð.

Hallgrímur Benediktsson: Herra forseti. — Ég ætla mér aðeins örfá orð, því að ég bjóst ekki við, að hv. 6. þm. Reykv. legði út í það að reikna hér dæmi fyrir okkur, sem hann og reiknaði skakkt. Menn verða að muna það, að frá árinu 1932 og fram á stríðsárin var lítill innflutningur á byggingarefni, og það var ekki það, að menn vildu ekki byggja á þeim tímum, að ekki var byggt, heldur skorturinn á byggingarefninu. Þetta atriði tók þessi hv. þm. ekki með í reikninginn.

Í öðru lagi er ekki hægt að draga ályktanir af skýrslum um þessi efni án þess að taka tillit til, að óstöðvandi straumur fólks hefur verið hingað til Reykjavíkur. Hitt er annað mál, að við verðum að reyna að leysa þetta ófremdarástand, sem nú ríkir í byggingarmálunum, á sem beztan veg. Í því get ég verið sammála hv. þm. Ég læt svo útrætt um þetta, en bendi aftur á, að fyrir stríð var við aðra örðugleika að stríða en nú. Þá voru það gjaldeyrisvandræðin, sem aðallega strandaði á og sköpuðu mestu erfiðleikana.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 21. fundi í Nd., 21. nóv., var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 15:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HermG, LJós, PÞ, PO, SG, SkG, StJSt, StgrSt, ÁÁ, BÁ, EmJ, EystJ, GTh, HÁ, BG.

nei: HelgJ, IngJ, JPálm, JS, KTh, SigfS, SEH, SK, EOl, GÞ, GSv, GÞG.

8 þm. (JóhH, JJ, JörB, ÓTh, SB, ÁkJ, FJ, HB) fjarstaddir.

Á 138. fundi í Nd., 22. maí, var útbýtt nál. frá minni hl. heilbr.- og félmn., á þskj. 925, en frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

17. Bankavaxtabréf.

Á 12. fundi í Sþ., 15. nóv., var útbýtt frá Nd.:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 55 3. marz 1945, um heimild fyrir veðdeild Landsbanka Íslands til að gefa út nýja flokka bankavaxtabréfa (þmfrv., A. 108).

Á 19. fundi í Nd., 18. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 20. fundi í Nd., 20. nóv., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 18 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Sigfús Sigurhjartarson): Herra forseti. — Frv. samhljóða þessu flutti ég á síðasta þingi. Tilgangurinn með þessu frv. var að leitast við að tryggja byggingarsamvinnufélögum hagstæð rekstrarlán. Að vísu er það óþarft, ef frv. það, sem hér var á dagskrá áðan, nær fram að ganga. Engu að síður þarf að hjálpa einstaklingum, og vitnaði ég áðan í einstakling, sem hefur átt í höggi við okrara og braskara. Ég vænti þess, að þetta mál verði tekið hér til gaumgæfilegrar athugunar. Lagt er hér til, að þessum lögum verði breytt þannig, að lánað sé um það bil 50% húsverðsins og 25% lóðarverðs. Lánin mundu því nema um 40%. Ég fjölyrði ekki frekar um þetta nú, en legg til, að málinu verði vísað til 2. umr. og fjhn.

Á 21. fundi í Nd., 21. nóv., var fram haldið 1. umr. (atkvgr.) frestað.

umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til fjhn. með 21 shlj. atkv.

Á 138. fundi í Nd., 22. maí, var útbýtt nál. frá minni hl. fjhn., á þskj. 930, en frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

18. Öryggi verkamanna við vinnu.

Á 24. fundi í Nd., 26. nóv., var útbýtt:

Frv. til l. um öryggi verkamanna við vinnu (þmfrv., A. 139).

Á 25. fundi í Nd., 27. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 26. fundi í Nd., 28. nóv., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 19 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Hermann Guðmundsson): Herra forseti. — Það er löngu viðurkennt, hver nauðsyn er að gera sem fyllstar ráðstafanir til að fyrirbyggja slys við hvers konar vinnu, og hafa nú þegar verið settar ýmsar reglur og l. í þessu skyni, t. d. til að auka sem mest öryggi sjófarenda og sjómanna. Sú stétt í þjóðfélaginu, sem tvímælalaust er fjölmennust, verkamannastéttin, býr hins vegar ekki við neina slíka löggjöf í sambandi við störf sín. Er það því einkennilegra sem verið hafa lengi uppi raddir meðal þeirra um nauðsyn fyrir að fá slíka löggjöf setta. Verkalýðsfélögin hafa gert ákveðnar kröfur í þessu efni, og hefur lengi unnið að þessu ákveðinn hópur manna fyrir utan stéttina sjálfa, t. d. þeir, sem verkalýðsfélögin hafa mest viðskipti við og gera samninga við. Í fjöldamörgum samningum milli verkamanna og atvinnurekenda er svo ákveðið, að báðir samningsaðilar séu sammála um að beita sér fyrir, að það opinbera setji fyllri l. um öryggi verkamanna við vinnu þeirra.

Hér á þingi hefur þetta mál nokkrum sinnum borið á góma. Eftir því sem ég bezt veit, var það fyrst 1935, sem umr. voru háværar um, að ekki væri viðunandi ákvæði um öryggi verkamanna við vinnu. Þá var samþ. heimild fyrir atvmrh. að setja reglugerð um öryggi og eftirlit með fermingu og affermingu skipa, útbúnað vinnupalla o. fl. Þessi heimild var þó ekki notuð fyrr en 1938, er þáv. atvmrh. lét semja reglugerð um þessi mál.

Enn þá er engin löggjöf til um eftirlit með öryggi þeirra verkamanna, sem vinna undir berum himni. En nú fyrir skömmu síðan, á allsherjarþingi verkalýðsins í landinu, því 19., þá bar þessi mál á góma. Þá voru samþ. tilmæli um að setja löggjöf um öryggi verkamanna og útbúnað vinnutækja.

Það frv., sem hér liggur fyrir, er frá mínu sjónarmiði mjög brýn nauðsyn að samþykkja. Við samningu frv. er einkum stuðzt við samþykktir verkalýðsfélaganna í landinu. T. d. á einum stað, í Hafnarfirði, er gildandi samningur milli atvinnurekenda og verkalýðsfélagsins, þar sem segir svo, að eigi megi hefja fermingu eða affermingu skips, fyrr en búið er að skoða löndunartæki af trúnaðarmanni þeirra, sem verkið eiga að vinna. Þetta ákvæði hefur orðið til ómetanlegs gagns. Það hefur sýnt sig, hversu mikla þýðingu það hefur, að verkamenn hafi sérstök lagaákvæði gildandi um þetta atriði. Ég leyfi mér að fullyrða, þótt á þessum stað hafi orðið slys, þá hefur einmitt þetta atriði orðið til þess að afstýra slysum.

Ég vil svo minnast lítillega á einstakar gr. þessa frv.

Um fyrsta kaflann, fermingu og affermingu skipa, er það að segja, að við þá vinnu hafa orðið mörg slys og þessum slysum fer fjölgandi, og ég staðhæfi, að mörg þessi slys má beinlínis rekja til þess, að skort hefur eftirlit með þeim vinnutækjum, sem notuð hafa verið. Það hafa brotnað bómur skipa, slitnað vírar, vegna þess að tækin, sem notuð voru, voru orðin gömul og slitin. Afleiðingin af því hefur orðið sú, að menn hafa dáið og limlestst. Frá mínu sjónarmiði er því rík þörf á, að ríkið sjálft setji l. um þetta og að ekkert skip fái afgreiðslu, nema búið sé að skoða tæki þess og ganga úr skugga um, að það sé í viðunandi ástandi. Um niðurlag þessarar gr., 3. gr., vil ég segja það, að eins og það er þýðingarmikið, að út- og uppskipunartæki þau, sem notuð eru, séu í viðunandi ástandi, eins þýðingarmikið er það, að þeir menn, sem valdir eru til þess að fara með vandamestu störfin, séu störfum sínum vaxnir. Það er því eðlilegt og vel viðeigandi, að verkalýðsfélögin sjálf fái að ákveða val þessara manna, því að verkamennirnir eiga mest undir því sjálfir, að það val takist vel. Þess vegna er sett hér ákvæði um, að þeir, sem stjórna vindum og krönum og stjórna vinnu við lúgur, séu valdir af verkalýðsfélögunum.

Um 4.—11. gr. vil ég segja, að þær eru þannig, að eðlilegt gæti verið og farið eins vel á því, að um slíkt væri ákveðið í reglugerð, en reglugerðir hafa oft ekki verið settar, og þá er eðlilegt að taka þetta fram í l., þar sem það er þýðingarmikið varðandi öryggi við fermingu skipa.

Um 12. gr. vil ég segja, að við uppskipun úr togurum er svo fyrir komið, að einn vír heldur 4—5 plönkum. Þeir vírar hafa oft slitnað og orðið af stórslys, og með hliðsjón af þessu er gr. sett.

Þá er annar kafli, um vinnu við sprengingar og sandnám. Um vinnu við sprengingar er það að segja, að þar er fyllsta þörf á meiri varúð en áður hefur verið. Gamla aðferðin, sem víða er notuð enn, hefur oft valdið slysum, í sumum tilfellum stórum slysum. Það hefur verið kveikt í með púðurþræði. Stundum hefur ekki sprungið, og þeir, sem við sprenginguna hafa unnið, hafa gengið að skotstaðnum til að ganga úr skugga um, hvort þar væri lifandi eða dautt. Þá hefur sprengingin orðið. Þar af leiðandi er frá mínu sjónarmiði úrelt að nota þessa aðferð og þess vegna eigi að banna með l. að kveikja í öðruvísi en með

rafmagni, sem er það eina örugga. Um þessar sprengingar og framkvæmd þeirra er ekki til nein lagagr., og er þar bezt að segja hverja sögu eins og hún gengur, að um þetta hafa orðið stórar misfellur, því að fjöldi manna hefur séð um þær, þó að þeir hafi til þess haft enga löggildingu, og of margir, sem hafa ekki verið starfinu vaxnir. Það gildir sama um þetta og vinnu við skip, að verkalýðsfélögin sjálf eiga að hafa hönd í bagga um val þessara manna.

Þá er 14. gr. Á síðari árum, sérstaklega nú á síðustu árum, hafa orðið slys í sandgryfjum, og ástæðan hefur einkum verið fólgin í, að sandnámið er nú stærra en áður. Gryfjuveggirnir eru nú hærri en áður og meira unnið undir þeim. Hér í Reykjavík hafa orðið stórslys við þessa vinnu, menn hafa kafnað og limleststst. Hér þarf því fyllstu varúðar við og að gæta þess, að gryfjuveggirnir séu ekki látnir slúta, því að af því stafar mest hætta. Það hefur viljað brenna við, að verkstjórar og í mörgum tilfellum verkamenn hafa ekki gætt þeirrar varúðar sem skyldi. Þess vegna er sjálfsagt, að þessir staðir séu undir stöðugu eftirliti skoðunarmanna.

Þá er 3. kaflinn, um vinnu við húsasmíði o. fl. Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um 15. gr., hún skýrir sig sjálf. Sama er að segja um 16. og 17. gr. Um 18. gr. vil ég segja það, að þar er talað um, að vélar, t. d. steypublöndunarvélar eða lyftivélar og annað þeim tilheyrandi, svo sem vírar, blokkir og gálgar eða rennibrautir, skuli lúta sömu ákvæðum og talin eru í 2. gr., þ. e. a. s., að þessi tæki skuli skoðuð af þeim, sem verkalýðsfélögin óska eftir. Þau slys, sem orðið hafa á síðari árum við byggingar, eru fyrst og fremst í sambandi við lélegar blokkir og önnur tæki, sem notuð eru við húsbyggingar. Er því rík þörf á stöðugu eftirliti, og þess vegna er þessi gr. sett hér.

Þá er 4. kafli, um flutning verkamanna. Um hann vil ég segja það, að til er reglugerð frá 1937, sem gengur að nokkru leyti í sömu átt, en er ekki eins ýtarleg að öllu leyti og að sumu leyti úrelt vegna breyttra ástæðna. Um fyrri gr. er það að segja, að það liggur í hlutarins eðli, að frá öryggislegu sjónarmiði er óforsvaranlegt að flytja verkamenn á bifreiðum, nema þeir geti haldið sér í höldur á húsi bifreiðarinnar. 20. gr. gengur út á það, að ef verkamenn eru fluttir í bílum að og frá vinnustað lengri leið en 2 km, skuli þeir fluttir í yfirbyggðum farþegabifreiðum eða vörubifreiðum með traustum og vönduðum skýlum, sem séu tryggilega fest við pall bifreiðarinnar. Í sambandi við flutning verkamanna hafa orðið mörg leiðinleg mistök, vegna þess að verkamenn hafa verið fluttir í opnum skýlum á bekkjum. Mér er kunnugt um, að margir verkamenn hafa orðið veikir, vegna þess að þeim hefur orðið of kalt á ferðalagi til og frá vinnustað, því að þrátt fyrir mikið tal, sem maður rekur sig á, um léleg vinnuafköst, þá er það þó svo víðast, þar sem verkamenn eru að vinnu, að þeir koma sveittir frá starfi og eru þá fluttir sveittir aftan á bílum, kannske 5—10 km, og hlýtur hver heilvita maður að skilja, hversu heilsusamlegt það er. Þess vegna er þessi gr. sett.

Þá er 5. kafli frv. Um 21. gr. sé ég ekki ástæðu að fjölyrða. Það liggur í hlutarins eðli, að það er nauðsynlegt á öllum vinnustöðum, að höfð séu svo sterk ljós, að þeir, sem vinna, sjái vel til. Það virðist kannske óþarft að taka svo sjálfsagðan hlut fram, en staðreyndin er samt þessi, að mjög víða er stórkostlega ábótavant um þetta atriði, og beinlínis má rekja slys til, að ljós hafi ekki verið nægilega gott.

Þá er 22. gr. Það er sjálfsagður hlutur, að alls staðar þar, sem unnið er að afgreiðslu skipa, þá séu nauðsynleg tæki, ef slys kynni að bera að höndum.

Þá er 23. gr., að verkamenn skuli varaðir við, þar sem unnið er við skurðgröft, þar sem rafmagnsstrengir eða gasrör liggja. Þetta þarf engra skýringa við. Það er frá mínu sjónarmiði sjálfsagður hlutur, að þetta verði bundið í l., vegna þess að ég veit um það, að verkamenn hér — því að þetta á einkum við í Reykjavík, því að hvergi er gas nema hér — hafa orðið fyrir slysum vegna þess, að þeir hafa ekki vitað um gas, þar sem þeir hafa verið að vinnu.

24. gr. er um öryggi á skipasmíðastöðvum. Um þessa gr. vil ég segja það, að það er sjálfsagt og nauðsynlegt að hafa nákvæmt eftirlit með öllum tækjum á skipasmíðastöðvum, og reynslan hefur sýnt, að hér er þörfin á eftirliti ríkust. Það hafa orðið stórkostleg slys vegna þess, og fyrir nokkrum árum drukknuðu tveir skipasmíðasveinar við að taka upp skip. Það er ekki hægt að segja með vissu, hver orsök var til, að þeir drukknuðu, en miklar líkur eru til, að það hafi verið af því, að bátur, sem þeir voru á, hafi verið lélegur eða ónýtur. Ég geri ráð fyrir, að flestum sé í fersku minni, þegar Esja fór úr slippnum og rann til sjávar. Það er enn þá talað um, hversu einkennileg tilviljun það hafi verið, að þá skyldi ekki verða stórkostlegt slys, vegna þess að nokkrum mínútum áður höfðu tugir manna verið að vinna við skipið, og ef menn hefðu verið að vinna við það, þegar þetta kom fyrir, eru allar líkur til, að margir hefðu drukknað, en af því að þetta gerðist í matartíma, heppilegasta tímanum, þá varð ekkert slys. Það er því rík ástæða til, að tryggari ákvæði séu um skoðun á skipasmíðastöðvum en mörgum öðrum stöðum.

25. gr. þarf ekki að skýra.

Um 26. gr. vil ég segja það, að í sambandi við samninga allflestra verkalýðsfélaga eru ákvæði samhljóða þessum, því að það er vissulega mjög þýðingarmikið, að á hverjum vinnustað séu lyfjakassar með nauðsynlegum lyfjum. Um ákvarðanir á, hvaða lyf skuli vera í slíkum kössum, þá virðist eðlilegast, að landlæknir semji skrá yfir það.

Um 27. gr. má segja það sama og um 26. gr. Þetta ákvæði er til í framkvæmdinni vegna samninga verkalýðsfélaganna við atvinnurekendur.

Í 28. gr. er sagt, að í hverju kauptúni og kaupstað skuli a. m. k. einu sinni á ári vera haldið námskeið í hjálp í viðlögum fyrir trúnaðarmenn verkalýðsfélags og verkstjóra. Um þessa gr. vil ég segja, að viðurkennt er, að það hefur mikla þýðingu, ef slys ber að höndum, að fá strax aðstoð, sem er veitt af þekkingu. En til þess að svo megi verða, verða að vera viðstaddir menn, sem einhverja þekkingu hafa.

Og ef námskeið er haldið a. m. k. einu sinni á ári, þá líður ekki langur tími, þar til á öllum vinnustöðvum verða menn, sem kunna hjálp í viðlögum.

29. og 30. gr. þurfa ekki skýringar við.

Um 31. gr. vil ég segja, að það skuli vera gert að skyldu, að allir, sem stjórna meiri háttar vinnuvélum, skuli ekki vera lögviðurkenndir, nema þeir hafi viðurkenningu viðkomandi verkalýðsfélags, en þetta er sett að gefnu tilefni, því að engin l. eru til um stjórn stórvirkra vinnuvéla, með öðrum orðum, stjórnendur stórvirkra vinnuvéla hafa engin sérstök próf tekið og hafa engan sérstakan lögviðurkenndan rétt og því engin trygging fyrir, að þeir stjórni þessum tækjum þannig, að ekki valdi slysum. Þess vegna er eðlilegt, að verkalýðsfélögin komi þarna inn í, þar sem ekki er neitt um það í l., hverjir hafi rétt til þessara starfa.

32.—34. gr. sé ég ekki ástæðu til að skýra, þær skýra sig sjálfar.

Þá er að lokum 6. kaflinn, um eftirlit. Um hann vil ég segja það, að það er sjálfsagt og eðlilegt, að í sambandi við eftirlit hafi verkalýðsfélögin á hverjum stað og atvinnurekendur eitthvað um þessi mál að segja. Einnig virðist eðlilegt, að þriðji aðilinn, Slysavarnarfélag Íslands, komi hér til. Þess vegna er lagt hér til, að þessir þrír menn hafi skoðunarstarfið með höndum.

Um verkefni skoðunarmanna þarf ekki að fjölyrða. Um starf trúnaðarmanna og erindisbréf er það að segja, að það virðist eðlilegast, að Alþýðusamband Íslands setji þeim erindisbréf, þ. e. a. s. allsherjarsamtök verkalýðsfélaganna.

Um 36. gr., þ. e. a. s. undanþágu frá því, að þrír menn skuli annast skoðunarstarfið, er það að segja, að vel getur verið, að á ýmsum smærri stöðum sé erfitt að fá þrjá skoðunarmenn, og þá er sjálfsagt að gera ráð fyrir þeim möguleika, að gera þurfi undantekningu og leyfa, að einn maður sjái um skoðunina, enda hljóti hann viðurkenningu áður nefndra þriggja aðila.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fjölyrða meir um þetta frv. Ég vil þó að endingu segja það, að frv. er framborið vegna þess, að brýn nauðsyn er á, að löggjöf verði sett um öryggi verkamanna við vinnu og útbúnað vinnutækja. Reynslan hefur sýnt vegna þeirra slysa, sem orðið hafa, að ástandið er óviðunandi. Með hliðsjón af þessu er frv. flutt af mér. Það hafa komið óskir víðs vegar að, að sett yrði löggjöf um þetta efni, ekki aðeins frá verkalýðsfélögunum, heldur líka frá atvinnurekendum, sem óska eftir því, eins og Vinnuveitendafél. Íslands í sambandi við þá samninga, sem það hefur gert við verkalýðsfélögin.

Vil ég svo vænta þess, að hv. d. taki þetta mál til vinsamlegrar athugunar og afgreiði það á þann hátt, að verkamenn og samtök þeirra geti við unað, og vil óska, að málinu verði að umr. lokinni vísað til allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til allshn. með 18 shlj. atkv.

Á 58. fundi í Sþ., 23. maí, var útbýtt frá Nd. nál. frá allshn., á þskj. 946, en frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

19. Fiskveiðar í landhelgi.

Á 26. fundi í Nd., 28. nóv., var útbýtt.

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 33 19. júní 1922, um rétt til fiskveiða í landhelgi (þmfrv., A. 155).

Á 29. fundi í Nd., 29. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið og of skammt liðið frá útbýtingu þess. — Afbrigði leyfð og samþ. með 25 shlj. atkv.

Flm. (Pétur Ottesen): Herra forseti. Ég flutti þetta frv. á síðasta Alþ., en málið var þá ekki útrætt. Ákvæði þessara l. eru frá 1922, og er því ekki nema eðlilegt, að sektarákvæði l. séu í ósamræmi við gildi íslenzkrar krónu nú, þótt það sé ákveðið í öðrum l., að sektirnar skuli greiðast í gullkrónum. Í grg. er gerð grein fyrir, að nauðsynlegt sé að hækka allverulega sektarákvæði l. gegn óleyfilegum veiðum í landhelgi. Landhelgisgæzla okkar er allsendis ófullnægjandi til þess að vernda hið stóra svæði kringum strendur landsins. Þess vegna þarf hæð sektanna að geta veitt okkur stuðning, svo að þeir, sem lögbrotin fremja, stefni fjárhag sínum í nokkra tvísýnu. Ég fer svo ekki nánar út í þessi atriði í framsögu, en vísa til grg.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til sjútvn. með 19 shlj. atkv.

Á 56. fundi í Nd., 20. jan., var frv. tekið til 2. umr. (A. 155, n. 291).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Brtt. 291 samþ. með 18 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 58. fundi í Nd., 24. jan., var frv. tekið til 3. umr. (A. 302).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 56. fundi í Ed., 27. jan., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 59. fundi í Ed., 28. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til sjútvn. með 10 shlj. atkv.

Á 133., 134. og 138. fundi í Ed., 16., 17. og 20. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 302, n. 817 og 837).

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

20. Hvíldartími háseta á botnvörpuskipum.

Á 30. fundi í Nd., 2. des., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 53 27. júní 1921, um hvíldartíma háseta á íslenzkum botnvörpuskipum, og á l. nr. 45 7. maí 1928, um breyt. á þeim l. (þmfrv., A. 164).

Á 32. fundi í Nd., 4. des., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 33. fundi í Nd., 6. des., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 20 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (*Hermann Guðmundsson*): Herra forseti. Mál þetta er flutt af mikilli nauðsyn. Það er ekki ástæða til að fara nákvæmt út í það hér, því að allýtarleg grg. fylgir. En þó skal það tekið fram, að fyrir árið 1921 var slæmt ástand í þessu efni. Unnu þá togarasjómenn sleitulaust, og hvíldartíma þeirra var mjög ábótavant, og mætti nefna mörg dæmi um, hvað sjómenn áttu við slæm kjör að búa. Var svo komið árið 1921, að Alþ. sá sig neytt til að samþykkja l. um ákveðinn hvíldartíma fyrir sjómenn. Margir risu þá upp og töldu, að togaraútgerðin mundi stöðvast við þessa lagasetningu. En þetta reyndist ekki rétt. L. voru samþ. og útgerðin blómgaðist, og svo fór, að allir töldu þetta nauðsynlegt. Árið 1928 breytti Alþ. hvíldartímanum úr 6 stundum í 8 stundir, og frá 1928 til þessa dags hefur það ástand haldizt, og eru því togarasjómenn bundnir við 16 stunda vinnu á sólarhring. Nú hefur sú breyt. orðið á, að verkalýðsfélög hafa hlotið viðurkenningu. Verkamenn í landi hafa 8 stunda vinnudag, en togarasjómenn 16 stunda, eða helmingi lengri, og er þó vitað, að vinna þeirra er hið mesta erfiði. Togarasjómenn hafa fundið þennan órétt og margir séð, að slíkt mátti ekki láta við svo búið standa. Það er yfirleitt viðurkennt, bæði af skipstjórum og útgerðarmönnum og þeim, sem þekkja til þessarar vinnu, að fyrstu 6 stundirnar eru afköstin mest. Má þess vegna halda því fram, að þótt þetta þýði, að vinnutíminn er styttur, þá muni afköstin ekki minni. Margir munu kannske segja, að frv. hafi aukinn kostnað í för með sér. Ég er á öðru máli. Stytting vinnudagsins þýðir aukin afköst, og þekkist þetta bæði til sjávar og sveita. Það er skoðun margra, sem til þekkja, að menn vinna mest fyrstu 6 stundirnar, og sést af því, að ekki yrði um mikinn kostnaðarauka að ræða. Árið 1942 var flutt sams konar frv., bundið við það, að sólarhringnum væri skipt í tvær 12 stunda vökur. Meðal sjómanna eru skiptar skoðanir um þetta. Okkur flm. fannst rétt, að þetta væri óbundið, þannig að sjómenn gætu ráðið, hvort þeir vildu heldur hafa tvær 12 stunda eða fjórar 6 stunda vökur.

Um aðrar breyt. er það að segja, að útgerðin er látin bera ábyrgð á framkvæmd þessara l., sbr. 2. gr. Í 3. gr. er sektarákvæðum breytt, sem eðlilegt er, vegna breytts peningagildis, því að í l. segir, að 10 þús. kr. greiðist fyrir brot, sem áður greiddist með 5 þús. kr.

Frá 1942, þegar frv. var lagt fram, hefur sú breyt. orðið, að ég held, að þá hafi ekki verið almenn skoðun, að breyta þyrfti vinnutímanum, enda dagaði frv. þá uppi. Nú hefur sú breyt. orðið, að sjómenn hafa sannfærzt um, að meiri hvíld þýðir aukin afköst, og nú, þegar saltfiskveiðar eru að hefjast, sem reyna meira á vinnuþrek manna, er skoðun sjómanna, að hvíldartíminn sé lengdur, og álítum við, að sú skoðun eigi rétt á sér. Ég vil minnast á það, að á síðasta þingi alþýðusambandsins var samþ. samhljóða, að hvíldartími sjómanna væri aukinn.

Að síðustu er eitt atriði, sem athugandi er. Nú eru Íslendingar að stækka skipastólinn, og þegar stærri togarar koma, verður allt úthald lengra. Þess vegna er nauðsyn, að vinnutíminn sé styttur. Ég vænti þess, að hv. d. sýni þessu máli skilning og velvild, því að eins og ég hef sagt er þetta mikið nauðsynjamál. Ég vil svo óska, að frv. verði vísað til 2. umr. og sjútvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til sjútvn. með 21 shlj. atkv.

Á 103. fundi í Nd., 27. marz, utan dagskrár, mælti

Hermann Guðmundsson: Herra forseti. Þar sem ég sé, að hér er viðstaddur hv. form. sjútvn. þessarar d., vil ég nota tækifærið til að beina til hans fyrirspurn.

Þann 2. des. f. á. flutti ég ásamt hv. 8. þm. Reykv. (SG) frv. til l. um breyt. á l. um hvíldartíma sjómanna á togurum. Síðan málið fór í n., eru liðnir nær 4 mánuðir, en málið hefur ekki enn þá komið til afgreiðslu í hv. d. Það, sem hefur gerzt í þessu máli síðan, er það, að sjómenn almennt hafa látið í ljós þá skoðun sína, að hér sé um nauðsynlega breyt. að ræða. Það hafa komið fram áskoranir frá nær öllum togaraflotanum um, að hv. Alþ. samþykki þessa breyt. á l., og sömuleiðis hafa sams konar raddir heyrzt frá flestum nemendum Sjómannaskólans í Reykjavík. Mér finnst þessi dráttur hjá n. orðinn of langur og vil því leyfa mér að spyrja hv. form. n., hvað honum valdi, þar sem hér er um

að ræða mál, sem nauðsynlegt er, að nái fram að ganga hið fyrsta.

Forseti (BG): Þar sem enginn hefur kvatt sér hljóðs, er umr. um þetta mál lokið.

Hermann Guðmundsson: Ég vil beina þeirri ósk til hæstv. forseta, að hann áminni hv. form. sjútvn. um að gæta þeirrar kurteisisreglu að svara fyrirspurn, sem beint er til hans, um mál, er hann hefur til meðferðar, þar sem hann er hér viðstaddur.

Forseti (BG): Viðvíkjandi þessum tilmælum til mín þá er það að mínu viti ekki ráðlegt, að forseti beiti áminningu á þennan hátt. Hv. þm. er frjálst að taka til máls og eins að láta það vera. Forseti getur ekki skipt sér af slíku.

Á 121., 122. og 123. fundi í Nd., 5., 6. og 7. maí, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 124. fundi í Nd., 8. maí, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 164, n. 656 og 693).

Frsm. meiri hl. (Sigurður Kristjánsson): Herra forseti. Þetta mál er búið að vera nokkuð lengi á döfinni, en n. skilaði sínu áliti, þ. e. a. s. meiri hl., 15. f. m., og minni hl. 20. s. m. Eins og af þessu má ráða, var n. ekki sammála um afgreiðslu málsins, og þess vegna komu fram tvö nál. Undir nál. meiri hl. skrifa 3 nm. (SkG, SK, PO), en undir álit minni hl. einn nm. (ÁkJ). Fimmti nm. (FJ) var ekki viðbúinn að taka afstöðu til málsins, og nú stendur þannig á, að hann er veikur, og getur hann því ekki gert grein fyrir afstöðu sinni, en ég hygg, að það sé ekki ástæða til að fara fram á að fresta málinu af þeim sökum, því að hv. þm. Ísaf. hefur að sjálfsögðu tækifæri til að gera grein fyrir afstöðu sinni við 3. umr.

Þegar þetta mál kom til sjútvn., átti n. fund um það skömmum síðar og var sammála um það að senda frv. til þriggja aðila og beiðast umsagnar þeirra um málið, þ. e. L.Í.Ú., Sjómannafélags Reykjavíkur og Sjómannafélags Hafnarfjarðar. N. sýndist, að það mundi valda of miklum töfum að leita umsagnar fleiri aðila, og því takmarkaði hún þessar umsagnarbeiðnir við þessa þrjá Eins og segir í nál. meiri hl., barst umsögn frá L.Í.Ú. og hafa hv. þm. getað kynnt sér hana á þskj. 656. Hins vegar bárust ekki svör frá þessum tveim sjómannafélögum, sem n. beiddist umsagnar frá. Ég sé að sönnu, að minni hl. segir, að það hafi borizt svar frá Sjómannafélagi Hafnarfjarðar, en það hefur ekki komið í mínar hendur eða til skrifstofunnar. Það svar hlyti að vera stílað til n. Ef sjómannafélagið svaraði öðrum aðilum en n., þá er það annað mál. Hitt kann vel að vera, að umsögn frá þessu félagi liggi á lestrarsal Alþ. Nú sjá hv. þdm., hvaða svör meiri hl. hefur fengið við þessu máli.

N. hefur reynt að kynna sér það, hvaða áhrif þetta mundi hafa fyrir útgerðina, því að það er ekki hægt að ganga fram hjá því, að breyt., sem gerðar eru á starfsháttum hjá framleiðendum, verða að vera slíkar, að það torveldi ekki framleiðsluna eða stöðvi hana. Samkv. umsögn landssambandsins mundi þessi breyt., sem hér er farið fram á í frv. á þskj. 164, valda því, að það þyrfti að fjölga skipsmönnum og skipshöfnum um 7—10 manns. Nú hef ég ekki getað sannprófað, hvort þetta er rétt, en ég veit, að þetta kemur frá þeim aðila, sem veit bezt um þessa hluti, og það leiðir af eðli málsins, að það mundi þurfa að fjölga mönnum talsvert á þessum skipum, hvort sem það væri nú nákvæmlega þessi tala eða ekki. Slík fjölgun skipsmannanna mundi leiða af sér fyrst og fremst mjög aukinn kostnað fyrir útgerðina, nema því aðeins að rýrður yrði hlutur skipshafnanna að sama skapi. Auk þess mundi þurfa að breyta skipunum talsvert, ef þessi breyt. yrði gerð. Ég held, að það væri ekki til hagsbóta fyrir þá, sem stunda sjómennsku á togurunum, að ráðstafanir væru gerðar til þess, að hlutur þeirra væri rýrður. Eins og öllum er kunnugt, þá stunda íslenzkir togarar nærri því eingöngu svo kallaðar ísfisksveiðar nú orðið. Það kann vel að vera, að það geti orðið breyt. á þessu, þó er það vafasamt. En á ísfisksveiðum hagar þannig til, að sjálfur veiðitíminn er ekki nema viss hluti af hverri sjóferð, og það mun vera nokkru skemmri úthaldstími nú en áður í hverjum túr. Ég hef fengið upplýsingar um það, að ef það er tekið yfirlit yfir mörg ár, þá kemur það þannig út, að í veiðiferð eru 26 dagar og siglingatími togara er áreiðanlega ekki minni en 10—11 dagar, auk þess ganga margir óveðursdagar frá, svo að varla munu togarar vera að veiðum lengur en 9 daga í mesta lagi, og á öðrum tímum en þeim, þegar togararnir eru að veiðum, er mjög fátt af skipshöfninni við vinnu. Meðaltími á ísfisksveiðum hefur þó ekki verið reiknaður nákvæmlega út. Ég hygg, að minni hl. hafi ekki athugað þetta og því síður flm. Þetta frv. er því ekki borið fram af neinni þörf, heldur af tilhneigingu til þess að blása sig út fyrir einhverjum kjósendum. Þegar menn koma með gersamlega órökstuddar gerbreytingartill. við atvinnuhætti í landinu, þá er rétt að menn fái ofanígjöf fyrir það. Ég segi þetta frá eigin brjósti. En meiri hl. sjútvn. komst að þeirri niðurstöðu, að frv. væri ekki á rökum byggt og horfi til ófarnaðar og leggur þess vegna ákveðið til, að frv. verði fellt.

Frsm. minni hl. (Áki Jakobsson): Herra forseti. Svo sem hv. frsm. meiri hl. sjútvn. skýrði frá, þá hefur n. ekki orðið sammála um afgreiðslu málsins. Hún skiptist í raun og veru í tvennt, þannig að þrír nm. (SK, SkG og PO) leggja til, að frv. verði fellt. Ég legg hins vegar til, að frv. verði samþ., en einn nm. (FJ) lýsti yfir, að hann væri ekki við því búinn að taka afstöðu til málsins. Hv. frsm. meiri hl. sagði, að hann teldi vel fært að fylgja málinu fram við 2. umr., vegna þess að þm. Ísaf. mundi fá tækifæri til að láta skoðun sína í ljós við 3. umr., en meiri hl. leggur til, að frv. verði fellt við þessa umr., og það eru fulltrúar tveggja flokka, sem hafa meiri hl. í d., svo að ég er hrædd-

ur um, ef flokkar þessara þm. eru þeim sammála um þetta, að þá mundi hv. þm. Ísaf. ekki fá tækifæri til að láta skoðun sína í ljós, en það er illa gert gagnvart honum og sjómannastéttinni að láta hann ekki fá tækifæri til að láta skoðun sína í ljós. Því vænti ég þess, þó að lokið verði framsögu um þetta mál, að umr. verði frestað, til þess að hv. þm. Ísaf. fái tækifæri til að taka afstöðu í málinu, enda hefði hann ekki látið bóka það eftir sér í n., að hann væri ekki við því búinn að taka afstöðu í málinu, ef hann hefði ekki ætlað sér síðar meir að taka einhverja afstöðu.

Svo sem fram kom í ræðu hv. frsm. meiri hl., þá telur meiri hl., að hér sé um einskis nýtt mál að ræða, mál, sem ekki sé flutt af neinni þörf og ekki eftir ósk nokkurs, heldur aðeins til þess að sýnast fyrir kjósendum, og býst ég við, að þessi orð lýsi betur en annað afstöðu þessa meiri hl. til þessa máls yfirleitt. En ég vil aðeins, áður en ég vík nánar að rökunum fyrir frv., benda hv. frsm. á það, að hann hefur ekki kynnt sér rækilega, hvernig þetta mál liggur fyrir og þær undirtektir, sem það hefur fengið meðal sjómanna. Þeir verða nú að búa við það óstand að þurfa að vinna 16 klst. í lotu dag eftir dag. En eins og kemur fram í nál. því, sem ég hef skilað á þskj. 693 og undirskrifað 20. apríl, þá liggja fyrir áskoranir frá 310 starfandi sjómönnum á togaraflotanum um að samþykkja þetta frv., og síðan hafa komið til viðbótar frá 30—40 sjómönnum áskoranir, sem liggja á lestrarsal, þannig að það hafa komið fram áskoranir frá verulegum hluta starfandi sjómanna á togaraflotanum um það, að frv. verði samþ., og það er vitað mál, að það er nú eitt aðaláhugamál togarasjómanna, að þessi hvíldartími verði lengdur. Þannig er það að segja, að þetta sé ekki í samræmi við óskir þeirra manna, sem eiga við þetta að búa, algerlega rangt og byggist á því, að hv. frsm. hefur ekki kynnt sér efni frv. Út af því, sem hv. frsm. sagði um umsögn Sjómannafélags Hafnarfjarðar, þá vil ég taka það fram, að umsögn þessi barst fljótlega, eftir að félagið hafði fengið bréf frá sjútvn. þessarar d., en það hefur af einhverjum misgáningi, sem ekki er Sjómannafélagi Hafnarfjarðar að kenna, heldur starfsmönnum þingsins, lagzt inn á lestrarsal, en ekki verið afhent n., en eins og sjá má á bréfinu, þá er það stílað til sjútvn. Nd. Alþ. Þannig er það ekki Sjómannafélagi Hafnarfjarðar að kenna, og er því ekki rétt að ásaka það fyrir þetta. Þeir svöruðu þessu tiltölulega fljótt, en svarið hefur lagzt inn á lestrarsal, en þetta er ekki stórt atriði.

Ég tel, að í sambandi við þetta mál sé verið að bera fram eitt af þýðingarmestu réttlætismálum, sem við höfum við að glíma hér. Það er svo komið, að 8 stunda vinnudagur er orðinn almennur í landinu og það hefur ekki verið um það spurt, hvort atvinnuvegirnir þyldu það, þetta hefur verið talið menningarmál. Við höfum verið að samþykkja stórfellda tryggingarlöggjöf, sem kostar tugi millj. kr. á ári, en meiri hl. þingsins var sammála um, að það bæri ekki fyrst og fremst að horfa í, hvað það kostaði, heldur hitt, að þarna er nauðsynjamál á ferðinni í þjóðfélaginu, og það hagaði verkum sínum eftir því. Mikill meiri hl. þingsins var sammála um það að setja þetta fram og láta reynsluna skera úr um það, hvort þjóðfélagið gæti undir þessu staðið, og það eru allar líkur til, að það sé hægt, þrátt fyrir það að ekki sé búið að sjá fyrir endann á því fjárhagslega. Þetta sýnir, að þegar nauðsynjamál er á ferðinni og mannréttindamál, þá þýðir ekki að horfa á það frá þröngu sjónarmiði eins og því, hvort það er til pláss á togurunum til að fjölga þar mönnum eða hvort útgerðin kvartar undan því, að þetta beri sig ekki. Á hitt ber að líta, að það skuli vera til menn, sem vinna 16 klukkutíma á sólarhring dag eftir dag. Það er að vísu rétt, eins og kom fram hjá hv. frsm., að það er dálítið annað, þegar skipin eru á ísfiskveiðum. Þá er veiðitíminn stuttur, kannske 9 dagar og getur orðið 12, 13 eða 14 dagar, en þó er 16 tíma vinnutími á dag svona marga daga, og hvers konar ástandi eru menn í eftir svona „törn"? Þetta er að ofbjóða gersamlega heilsu manna. Það væri út af fyrir sig ágætt, ef það væri nóg að taka vinnutímann, sem þeir vinna í svona skorpum, og svo aftur hvíldartíma manna á skipunum, meðan þau sigla til Englands, og deila því með dagafjöldanum, en líkami mannanna er ekki þannig gerður, að það gagni honum. Menn, sem vinna á ísfiskveiðum 16 klukkustundir á dag 9—14 daga, þeir eru eftir þá „törn" ekki líkir neinum mönnum, þeir eru lamaðir menn andlega og líkamlega. Þar að auki, og það er eitt af stóru atriðum þessa máls, eru saltfiskveiðar mikið að aukast frá því, sem var á stríðstímunum, og þá verður þetta óhæft, því að þá er stöðugur veiðitími. Það er farið úr höfn í Reykjavík, og það tekur kannske einn sólarhring að komast á fiskimiðin. Þá er byrjað að veiða og svo haldið áfram stöðugt, þangað til aftur er lagt af stað til hafnar. Skipið losar á einum degi eða hálfum degi og fer svo aftur út á haf. Þannig gengur „törnin". Það sér því hver maður, hvaða meðferð er á þessum mönnum. Það er því engin tilviljun, að hinir hraustu og kraftmiklu menn, sem yfirleitt eru á togurunum, koma í land, þegar þeir eru fertugir, svo að segja alveg lamaðir og eyðilagðir menn, eins og særðir menn í ófriðarlöndunum, til þess að leita sér léttari starfa í landi, en hafa þó alls ekki búið sig undir að vera í neinum slíkum störfum. Þetta hefur haft þær verkanir, að þegar svo er komið, að nóga vinnu er að fá í landi, þá fást menn ekki til þess að vera á skipunum, og það er mjög tilfinnanlegt að fá ekki ungt fólk á fiskiskipin. Þegar nýju togararnir koma, þá verða sennilega örðugleikar á því að fá menn á eldri skipin, vegna þess að þau eru lengur að fiska í sig en nýju togararnir, þannig að þrældómurinn verður þá enn þá tilfinnanlegri en nú. En það er náttúrlega til eitt öruggt ráð til þess að fá menn á skipin. Það er að koma á atvinnuleysi, svo að menn hafi ekki annað ráð en að fara á skipin, þó að lífi þeirra og heilsu sé stofnað í háska með því að vinna undir skilyrðum, sem þar eru.

Mér finnst bréf það, sem birtist í nál. meiri hl. frá L.Í.Ú., vera íslenzkum útgerðarmönnum til hneisu.

Ég býst við, að þeir með þessu bréfi, sem vafalaust er samið í fullkominni þröngsýni, séu að reisa sér minnisvarða, sem verði ekki til sóma, þegar fram líða stundir, á sama hátt og þeir menn, sem voru á móti því að lögleiða fyrst 6 og síðar 8 tíma hvíld á togurum. Þeir urðu sér til hneisu fyrir baráttu á móti slíku réttlætismáli, og það mun sýna sig, að baráttan gegn þessu máli, 12 tíma hvíld, þegar vinnutími í landi er almennt 8 tímar, það mun koma á daginn, að þeir menn verða stimplaðir sem þröngsýnir eiginhagsmunamenn, sem hafi barizt á móti góðu máli.

Í bréfi L.Í.Ú. er talað um það, að það þurfi að fjölga á togurunum um 7—10 menn, ef frv. yrði að l. Ég hef farið yfir þessa fullyrðingu með togarasjómönnum og hef fengið þær upplýsingar, að þetta muni vera of í lagt, að fjölgunin sé 4—7 menn, en ekki 7—10, og sýnir þetta út af fyrir sig, að óvarlegt er að treysta fullyrðingum L.Í.Ú. í þessum efnum. Þá er því haldið fram, að ekki sé nægilegt mannapláss á skipunum, ekki einu sinni á nýju skipunum, og það kann að vera, að það sé ekki nægilegt. En ég segi: Lausnin er ekki sú, fyrst ekki er til nægilegt mannapláss á skipunum, að láta menn vinna 16 klst. á sólarhring. Lausnin er sú, að það verður að útbúa mannapláss á skipunum. Þetta eru engin rök til að bera fram í þessu máli. Við getum ekki viðhaldið slíkri kúgun eins og á sér stað á togaraflotanum bara fyrir það, að skipin eru útbúin með hana fyrir augum. Það er leitt til þess að vita, að form. Sjómannafélags Reykjavíkur, sem átti sæti í þeirri n., sem fjallaði um innréttingu togaranna nýju, skuli ekki hafa haft framsýni til þess að benda á þessa hlið málsins, að það hlyti að reka að því, að sjómenn fengju lengri hvíldartíma á skipunum en nú er.

Þá er síðasta röksemdin, sem L.Í.Ú. minnist á, það er röksemdin um það, að útgerðin beri þetta ekki, en L.Í.Ú. fer ekki frekar út í þetta og reynir ekki að rökstyðja fullyrðingar sínar. Það er gefið mál, að þetta hlýtur að auka útgerðarkostnaðinn, en þetta er samt sem áður þannig mál, að það er ekki hægt að koma með þessa röksemd. Ef togaraútgerðin ber ekki þessa aukningu, þá verður að finna önnur ráð til þess að leysa það vandamál en þau að láta togarasjómenn vinna 16 klst. á sólarhring. Það er ekki lausnin á vandamálum sjávarútvegs okkar að ætlast til þess, að togarasjómenn haldi uppi togaraútgerðinni með þessum hætti, enda tel ég, að þetta muni ekki svo miklu fyrir togaraútgerðina, að hún beri sig ekki þrátt fyrir það að þessi réttarbót verði lögfest og togarasjómönnum verði tryggð 12 klst. hvíld á sólarhring. Þannig liggur það fyrir, að röksemdir þær, sem L.Í.Ú. hefur látið frá sér fara, hafa ekki við neitt að styðjast. Það er raunar ekki rétt að segja, að L.Í.Ú. hafi útbúið þessa umsögn, því að það er togaraeigendafélagið, sem hefur samið þetta bréf, og það er blettur á L.Í.Ú., að þetta bréf skuli vera sent í nafni þess.

Eins og fram var tekið af hv. frsm. meiri hl., þá var mál þetta, þegar það barst sjútvn. Nd., sent til umsagnar þriggja aðila, L.Í.Ú., Sjómannafélags Reykjavíkur og Sjómannafélags Hafnarfjarðar. L.Í.Ú. hefur svarað og Sjómannafélag Hafnarfjarðar hefur svarað, en Sjómannafélag Reykjavíkur, sem langflestir togarasjómenn landsins eru í, hefur ekki svarað. Þetta er kannske einna gleggst dæmi þess, að þetta mál er ekki gripið úr lausu lofti, heldur borið fram samkv. ósk togarasjómanna í landinu. Sjómannafélagsstjórnin vill ekki stuðla að því, að málið nái fram að ganga, en þorir ekki vegna meðlimanna að leggjast á móti því. Þetta er ástæðan fyrir því, að Sjómannafélag Reykjavíkur sendir ekki umsögn, þó að það sé búið að hafa málið til athugunar í marga mánuði, og þetta er ástæðan fyrir því, að hv. þm. Ísaf. var ekki við því búinn að taka afstöðu í málinu. En svona skollaleikur þýðir ekki. Það verður að taka afstöðu í þessu máli. Það kann að vera, að þeir þröngsýnu menn, sem í bréfinu miða afgreiðslu þessa máls við það, hvort það er mannapláss á skipunum og hvort útgerðin ber þennan kostnað í augnablikinu, það kann að vera, að þeir, sem hafa þessi þröngu sjónarmið, verði ofan á í þessu máli á þinginu nú. En ég get fullvissað þessa þm. um það, að þetta mál verður borið fram aftur og kannske í þriðja sinn. Það verður borið fram, þangað til það verður samþ., af því að þetta er nauðsynjamál og mannúðarmál og þessi óhæfilegi vinnutími er nú orðinn einhver versti smánarblettur á íslenzku þjóðfélagi.

Þegar barizt var gegn þrælal. í Ameríku á sínum tíma, komu menn með þær aths., að landbúnaður Suðurríkjanna mundi fara á höfuðið, ef þrælahaldið héldist ekki, þar sem skipulag og tækni landbúnaðarins væri miðað við þrælahald. Núna sér hver maður, hversu mikil fásinna það var að nefna þessa hluti. En afstaðan er sú sama í þessu máli. Það er fásinna að koma með þau rök, að sjávarútvegurinn beri það ekki, að vaktatíminn sé styttur úr 16 tímum niður í 12 á sólarhring. Við verðum að gera okkur það ljóst, hversu illa við höfum búið að sjómönnum okkar. Á hverju ári er haldinn sjómannadagur hér á landi. Á þeim degi er sagt reiðinnar ósköp af fallegum orðum um íslenzku sjómennina. En þrátt fyrir það hefur íslenzka þjóðin ekki gert sér það ljóst, að á herðum 500—600 sjómanna hvílir velgengni Íslands. Þeir framleiða gjaldeyri fyrir alla aðra atvinnuvegi þjóðarinnar. Ef þjóðin skildi þetta, mundi hún búa þannig að sjómönnunum, að ungir og duglegir menn mundu flykkjast í sjómannastéttina til þess að eyða þar beztu árum sínum og vinna fyrir þjóðina án þess að eiga það á hættu að verða eftir tiltölulega stuttan tíma að hverfa í land sem heilsulausir menn og ekki færir til almennrar vinnu. Það sýnir bezt sinnuleysi þjóðarinnar fyrir sjómönnunum, að aðaláhugamál sjómannadagsins, og dettur mér sízt í hug að kasta rýrð á það merka mál, er að afla fjár til dvalarheimilis aldraðra sjómanna. Þetta er nauðsynlegt verk. En er ekki jafnnauðsynlegt að hagnýta sjómannadaginn í því augnamiði að skapa sjómönnunum betri skilyrði, bæði hvað vinnu og afkomu snertir, en þeir eiga við að búa nú? Ég vil svo undirstrika það, að ég tel ekki rétt, að umr. sé lokið í dag, heldur verði hv. þm. Ísaf. og ýmsum

fleiri gefið tækifæri til þess að skýra frá afstöðu sinni til þessa máls. Þetta er þýðingarmeira mál en að fært sé, að heill flokkur láti ekki uppi álit sitt á því, þegar það er til afgreiðslu.

Umr. frestað.

Á 135. fundi í Nd., 21. maí, utan dagskrár, mælti

Hermann Guðmundsson: Herra forseti. — Í byrjun desember f. á. flutti ég ásamt hv. 8. þm. Reykv. (SG) frv. til l. um breyt. á l. um hvíldartíma háseta á íslenzkum botnvörpuskipum. Frv. var þá tekið fyrir og vísað til n. Nál. kom fram frá meiri hl. 17. apríl og þ. 23. apríl frá minni hl. Málið var hér svo til umr. dagana 5., 6. og 7. þ. m. og vísað frá þann 8. — Þar sem nú er liðinn svo langur tími, frá því málið kom frá n., vil ég leyfa mér að beina þeirri ósk til hæstv. forseta, að málið verði tekið fyrir á næsta fundi, einkum og sér í lagi með hliðsjón af því, að hér er um mikið nauðsynjamál að ræða fyrir sjómannastéttina, sem þolir enga bið.

Forseti (GÞ): Út af orðum hv. 11. landsk. þm. vil ég segja það, að þá daga, sem ég hef verið hér, síðan hæstv. 1. forseti d. fór héðan af landi brott, hefur verið æði skipað á dagskrána og fundir staðið fram á kvöld eða nótt. Ég mun að sjálfsögðu taka málið fyrir, þegar tækifæri gefst til þess. Ég vil benda hv. þm. á, að tilætlunin er sú að ljúka þingstörfum fyrir hvítasunnu, ef mögulegt er, og er ekki líklegt, að þetta mál nái samþykki beggja d. þ., ef því lyki fyrir þann tíma, en að sjálfsögðu hef ég enga löngun til að tefja fyrir málinu.

Á 141. fundi í Nd., 23. maí, var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Hermann Guðmundsson: Ég vildi aðeins eindregið lýsa óánægju minni yfir, að hv. forseti skuli enn einu sinni taka þetta mál af dagskrá, eftir að það hefur enn einu sinni verið sett á dagskrána, og það einungis til þess að taka það út af henni aftur.

Forseti (GÞ): Fundartími er því miður alveg liðinn að þessu sinni, og mér er kunnugt um, að boðaðir hafa verið flokksfundir á eftir. Ég get ekki gert við þessu og mundi að sjálfsögðu taka málið fyrir, ef tími hefði unnizt til þess. Ég skal athuga, hvenær við kunnum að geta tekið málið aftur á dagskrá, og þá tekið það til umr., og vildi ég, að hv. þm. létu skrifstofuna eða síma vita, hvar þeir verða, svo að hægt væri að ná til þeirra, ef hægt verður að fá málið tekið á dagskrá.

Dagskrá þessa fundar er þá lokið og fundi slitið.

Á 142. fundi í Nd., s. d., var fram haldið 2. umr. um frv.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. — Ég hef skrifað undir nál. meiri hl. sjútvn. með fyrirvara og vil með nokkrum orðum gera grein fyrir honum.

Í þessu áliti meiri hl. er lagt til, að frv. verði fellt. Ég vil taka það fram, að ég hef talið það mjög æskilegt, að hægt væri að stytta vinnutíma á togurum, og vil, að framvegis verði athugaðir möguleikar til þess, en ég tel eftir þeim upplýsingum, sem fram hafa komið í málinu, að ekki sé unnt að samþykkja þetta frv. nú, eins og það liggur fyrir. Það verða að vera þær ástæður fyrir hendi, að þetta sé framkvæmanlegt, en það virðist ekki vera nú eftir upplýsingum frá þeim aðilum, sem mesta þekkingu hafa á þessu máli. Það hefur t. d. komið hér fram í bréfi frá Landssambandi íslenzkra útvegsmanna til sjútvn. Nd., að á hinum nýju togurum, sem nú eru að koma til landsins, sé ekki rúm fyrir svo marga menn sem þyrftu að vera, ef frv. þetta yrði að l., og má gera ráð fyrir, að það sé enn síður á hinum eldri skipum. Það sjá allir, að það er ekki hægt að taka fleiri menn á skipin en rúm er fyrir.

Minni hl. sjútvn., hv. þm. Siglf., hefur gefið út sérstakt álit um málið á þskj. 693 og flutti ræðu um málið er 2. umr. hófst, en það er orðið alllangt síðan.

Hann hafði stór orð og talaði um þröngsýna menn og komst út í að ræða um þrælahald, a. m. k. fyrr á tímum, talaði um smánarblett o. s. frv. Hann viðurkennir í nál. sínu, að það muni vera rétt, sem Landssamband ísl. útvegsmanna heldur fram, að ekki sé rúm fyrir þá menn á togurunum, sem þyrftu þar að vinna, ef frv. væri samþ., en segir síðan, að það sé hörmulegt til þess að vita, ef rétt sé, að ekki sé nægilegt mannapláss á nýju togurunum, til þess að kleift sé að lögfesta 12 stunda hvíldartíma. Hann segir enn fremur í nál. sínu, að einn maður frá Sjómannafélagi Reykjavíkur, Sigurjón Á. Ólafsson alþm., hafi verið í n. á sínum tíma til þess að gera till. um fyrirkomulag á nýju togurunum um aukið mannapláss, og gefur hann í skyn, að þarna hafi ekki verið staðið vel á verði til að gæta hagsmuna sjómanna. En þetta virðist mér benda til þess, að yfirmaður allra þessara n., sjútvmrh., hafi ekki gætt þessa eins og maður skyldi ætla eftir þeim ummælum og ásökunum á alla, sem hann hreyfði hér við umr. Hvar var hann staddur, yfirmaður sjávarútvegsmála, þegar verið var að ákveða fyrirkomulagið á þessum togurum? Hann virðist ekki hafa fylgzt með því, hvernig þeir voru útbúnir að því er mannapláss snertir, og það er eins og hann komi af fjöllum hér nokkrum mánuðum eftir, að hann fór úr ráðherrastól, og segir, að það sé hörmulegt til þess að vita, að ekki sé til nóg mannapláss á nýju togurunum, — hann hefði kannske átt að athuga það fyrr, hv. þm., meðan hann var í ríkisstj. og yfirmaður allra þessara mála þar. Ég sé því ekki betur en að allar þessar ásakanir, sem hann hér við umr. beindi að öðrum mönnum, lendi fyrst og fremst á honum sjálfum, fyrrv. sjútvmrh. Nú væri fróðlegt að heyra, þegar fyrrv. sjútvmrh. (ÁkJ) fer að svara hv. þm. Siglf. (ÁkJ) og færa fram varnir, ef einhverjar eru, á móti þeim ásökunum, sem hann beindi til fyrrv. sjútvmrh. í ræðu sinni um þetta mál. Ég skal enn fremur benda á það í sambandi við þær áskoranir, sem borizt hafa frá sjómönnum á togurum í sambandi við þetta frv.,

að ég geri ekki ráð fyrir, að málið hafi verið lagt fyrir á þann hátt, að þeir hafi verið um það spurðir, hvort þeir vildu, að frv. yrði samþ., ef það hefði í för með sér kauplækkun. Hefði ég búizt við því, að till. þeirra um málið til Alþ. mundu vera nokkuð með öðrum hætti, ef þeim hefði verið þetta ljóst. En ef mönnum er fjölgað til muna á togurunum, þegar þeir eru á ísfiskveiðum, hljóta tekjur þeirra að minnka vegna þess, að eftir því sem menn eru fleiri, eftir því mundi hver þeirra fara færri ferðir með fiskinn til útlanda.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fara um þetta fleiri orðum, en vildi ekki láta málið afskiptalaust hér í umr. vegna þess fyrirvara, sem ég hafði við afgreiðslu málsins í sjútvn.

Hermann Guðmundsson: Það væri freistandi að ræða þetta mál allýtarlega. Málsatvik og meðferð þingsins á því er á þann veg. En vegna þess að ég legg megináherzlu á, að atkvgr. fari fram, þá skal ég stytta svo mál mitt sem mér er kleift og stikla á aðalatriðum. Hjá þeim mönnum, sem skipa sjútvn., virðist skoðunin vera sú hin sama og kemur fram í bréfinu frá L.Í.Ú., sem birt er í nál. sjútvn. Ég vil minnast á eitt atriði, sem varpar nokkru ljósi yfir það, hversu þetta plagg, sem meiri hl. sendir frá sér, er sannleikanum samkvæmt. Í því er haldið fram, að frv. hafi verið sent til umsagnar allra stærstu aðilanna í þessu máli, L.Í.Ú., Sjómannafélags Reykjavíkur og Sjómannafélags Hafnarfjarðar. Þar segir, að svar hafi komið frá L.Í.Ú., en svör frá sjómannafélögunum hafi ekki borizt. En Sjómannafélag Hafnarfjarðar sendi sjútvn. svar snemma í janúar þ. á., svo að ég sé ekki, að hér sé rétt með farið, og er það einkennileg starfsaðferð hjá n. að birta álit annars aðilans, en segja, að hinn hafi ekki sent svar, þó að það væri búið að liggja í þinginu þennan tíma og n. hefði aðgang að því. Ein af meginástæðunum, sem L.Í.Ú. færir fram gegn þessu frv. og n. gerir að sinni viðbáru, er sú, að ekki sé mannapláss á íslenzku togurunum til þess, og þess vegna þurfti að bæta við það, ef frv. yrði að l. Sá farmannafjöldi, sem L.Í.Ú. tilnefnir, 7—10 menn, er ekki réttur. Það er nefnd hærri tala en rétt er. Það þyrfti að fjölga um 3—4 menn, en ekki 7—10. Ég skal í þessu sambandi benda á það, að á ísfiskveiðum er 21 maður skráður, þar með talinn skipstjóri, stýrimenn, bátsmaður og matsveinn. Vistarverur þessara manna eru aftur á skipinu, en skipstjóra undir „brú". Aftur á skipinu í „lúgar" er pláss fyrir 21—24 menn, svo að það má bæta við 4—8 mönnum. Megnið af íslenzka flotanum kemur undir þessa lýsingu, sem ég hef nefnt. Um stærri togara er það að segja, að þeir munu vera mannfleiri en þeir smærri, og mun nú erfiðleikum bundið að koma fleiri mönnum á þá en nú er. En í því sambandi má á það benda, að íslenzk útgerð hefur ekki horft í það að breyta skipunum, þegar það hefur verið gróðavon að framkvæma breyt., þó það hafi verið vafasamt vegna sjóhæfni skipanna. Það er þess vegna vel hægt að breyta skipunum án mikils tilkostnaðar, þannig að hægt væri að koma við þeirri fjölgum, sem gera má ráð fyrir að verða mundi, ef frv. næði fram að ganga.

Önnur ástæðan, sem n. færir fram gegn frv., er sú, að útgerðin mundi ekki þola þann kostnað, sem af þessu mundi leiða. Þessi viðbára, sem er tekin upp úr bréfi landssambandsins, kemur mér ekki á óvart og engum, sem fylgzt hefur með gangi verklýðsmála hér á landi. Það hefur aldrei verið borin fram ósk eða krafa um bætt kjör handa verkalýðnum, svo að henni hafi ekki verið mætt með þessu sama svari: Útgerðin þolir þetta ekki, hún fer á höfuðið. Þrátt fyrir þetta hefur verkalýðshreyfingin íslenzka náð fram fjölda kjarabóta, og ég sé ekki betur en að útgerðin hafi blómgazt fyrir það og útgerðarmönnum fjölgað og gróðinn vaxið, og það mun enn verða, þó að þetta frv. yrði að lögum.

Mér er sagt, að hv. frsm. n. hafi hér, þegar málið var fyrst til umr., haldið því fram, að hér væri um kosningabeitu að ræða, en ekki hagsmuni sjómanna. Í sambandi við þetta vil ég leyfa mér að segja, að sjómannastéttin hefur frá öndverðu barizt fyrir því að fá vinnutíma sinn í samræmi við það, sem aðrar stéttir hafa haft, og orðið aftur úr hvað þetta snertir. Á stéttarþingum, sem haldin hafa verið, þar sem sjómenn hafa átt sína fulltrúa, hefur verið um þetta rætt, og hafa komið fram ákveðnar óskir. Á alþýðusambandsþingum undanfarin ár hefur þetta mál verið til umr. og samþykktir gerðar. Það er einmitt þetta, sem er ástæðan fyrir því, að þetta frv. er flutt. Þetta er áhugamál sjómanna og mál, sem þeir vilja, að nái fram að ganga, og fullyrðingar um, að hér sé ekki um hagsmunamál þeirra að ræða, falla um sjálfar sig, þegar þess er gætt, að fyrir Alþ. liggja áskoranir frá flestum starfandi togarasjómönnum um að samþykkja frv. Það er hér á hæstv. Alþ. viðurkennd sú staðreynd, að sjómannastéttin sé þarfasta stétt þessa þjóðfélags, sem leggur sig í hættu til að halda við þjóðfélaginu, og því hefur oft verið haldið fram, að þessir menn séu þess verðir að njóta góðs og bætts aðbúnaðar. Ég held því fram, að þeir, sem ekki eru með þessu máli, séu ekki samkvæmir því, sem haldið hefur verið fram í þessu sambandi, og ég held því fram, að Alþ. gefist nú tækifæri til að leiðrétta þann ósóma, sem nú ríkir varðandi vinnutíma sjómanna. Ég treysti og trúi, að þeir menn muni greiða atkv. með þessu frv., sem láta ekki flokksofstækið hlaupa með sig í gönur. Hér er um hagsmunamál sjómanna að ræða, en ekki flokksmál, og mun ég því greiða atkv. með frv.

Jörundur Brynjólfsson: Það er vafalaust engum efa bundið, að ef sjómenn þurfa að vinna 16 stundir í sólarhring dag eftir dag og máske viku eftir viku og mánuð eftir mánuð, þá er það sú þrekraun, sem er ofvaxin nokkrum manni að standast eða koma óskemmdur frá. Þó að þetta kunni að vera með nokkuð öðrum hætti meðal sjómanna, að ekki séu vinnubrögðin þetta hörð, þá verður þó ekki annað viðurkennt en að oft og einatt er hvíldartími þeirra minni en skyldi. Það verður a. m. k. að vænta þess, að þess sé gætt, að vinnuþol þessara manna sé ekki stórkostlega lamað eða eyðilagt, og víst er um

það, að á einni tíð var sjómannastéttinni á togurum stórkostlega misboðið með því, hvað heimtuð var af henni löng vinna og hvað hún naut lítillar hvíldar. Úr því var bætt að nokkru með þeirri löggjöf, sem nú er í gildi, en vel má vera, að komið geti fyrir þau tímabil, sem þetta nægi ekki og vinna sé helzt til löng. Í áliti minni hl. er vitnað til þess, hvað aðrar stéttir hafi mikla hvíld og hvernig ástatt sé um vinnutíma þeirra, og lýtur það þá aðallega að verkamönnum, sem vinna á eyrinni, við vegagerðir og annað þess konar, og eins fólki, sem vinnur á skrifstofum og við önnur ámóta störf. En það eru fleiri stéttir í þessu þjóðfélagi, sem ber einnig að taka tillit til, og þá hygg ég, að það verði ekki um það sagt — þar á ég við fólk, sem vinnur til sveita —, að þess vinnutími sé aðeins 8 stundir. Hann er miklu lengri, og það eru líka erfið störf. Af hálfu þess fólks hafa ekki komið fram neinar kröfur um auknar ráðstafanir því til handa, svo að það þyrfti ekki að ofþjaka sér með vinnu sinni. Það má máske segja, að margt af því sé nokkuð sjálfrátt um það, hvað það leggur að sér við slík störf. Það er nú svo, að við störf úti um byggðir landsins, sérstaklega við sveitavinnu, þá eru húsbændurnir á heimilunum og skyldulið þeirra, en heldur fátt orðið um vandalaust fólk nema nokkurn tíma úr árinu og þá aðallega á sumrin. Sá vinnutími mun líka reglubundinn nú orðið út um byggðir landsins og jafnvel stuttur oft og einatt. Þetta fólk verður oft að vinna og einmitt þeir, sem heimilunum halda uppi og annast heimilishald, verða að gera það af brýnni nauðsyn, og það er einatt eins hjá þeim og sjómönnunum, að það verður að vinna jafnt helga daga sem virka og getur mjög sjaldan tekið sér nokkra hvíld, þannig að það eigi heila daga fría. Störfin eru þess eðlis, að það þarf að leysa þau af hendi eins helga daga og virka, fólkið verður að sinna þeim. Það er þá þann veg háttað í okkar þjóðfélagi um vinnutíma þessara stétta, sem tilvera þjóðarinnar fyrst og fremst byggist á, að þær hafa langsamlega lengstan vinnudag, — fólkið úti um byggðir landsins, sem vinnur að sveitastörfum og framleiðslunni þar, og sjómennirnir við sjóinn, sem draga verðmæti úr skauti ægis, sem þjóðin verður að mjög miklu leyti að byggja tilveru sína á. Það er þess vegna engin tilviljun, að fólkið hefur leitað í seinni tíð að komast frá þessum störfum til léttari starfa, og hygg ég nú, að vert væri fyrir þá, sem gera nú kröfu til að lögbjóða 12 stunda hvíld hjá sjómönnum, að fara að skoða huga sinn um það, hvort þjóðfélagið þoli það, að lögbjóða 7—8 stunda vinnudag hjá öllum stéttum fólks.

Eftir þeim kunnugleika, sem ég hef, þori ég að staðhæfa, að þjóðarbúskapur okkar stenzt alls ekki slíka ráðstöfun. Það mundi enginn möguleiki verða á því. Sjávarútvegurinn mundi ekki þola þann kostnað, sem af því leiddi, ef það ætti að lögbjóða 7—8 stunda vinnu við þessi störf, og hvað landbúnaðinn áhrærir, þá er ég hræddur um, að framleiðslugetan gengi saman og það, sem framleitt væri, mundi verða það verðhátt, að neytendum mundi þykja það of dýrt, ef þeir ættu að borga það, sem sú vara kostaði. Að það stafar ekki af úreltum atvinnuháttum og úreltum tækjum, getur hver sagt, sem þekkir til þess, því að þeir einstaklingar, sem nú hafa allt land véltækt og vinna með nýtízku tækjum og hafa í engan stofnkostnað ráðizt, hjá þeim er það svo, að t. d. mjólkurframleiðendur verða að reikna mjólkina með hærra verði en bændum er greitt nú.

Nú kann einhver að spyrja: Af hverju er þá búskapur rekinn hér? Þetta er einfalt mál. Þetta stafar af því, að sú stétt, sem þessi störf vinnur, hefur miklu lengri vinnudag og hefur minna fyrir hverja vinnustund en þeir, sem vinna verkamannavinnu, vegavinnu, skrifstofustörf og annað þess konar.

En þó að þannig sé ástatt með þessi mál, sem eru íhugunarverð og þess eðlis, að hv. þm. ber að gefa þessu glöggar gætur, þá er það eigi að síður ekki rétt eftir minni meiningu að gera engu frekari athuganir en enn er komið fram um þetta mál, sem hér er til umr. og nú á að ganga til atkv. um. Ég get einmitt búizt við því, að um þann tíma árs, sem sjósókn er mest hjá togarasjómönnum, að þá sé með því fyrirkomulagi, sem er, heimtuð af þeim of mikil vinna og að það þyrfti að ráða nokkra bót á því frá því, sem er. Mig brestur kunnugleika til þess að geta dæmt um það, hvað mikið væri hægt að hliðra til fyrir sjómönnum og stytta vinnudag þeirra, án þess að til erfiðleika kæmi með rúm fyrir þá á skipunum og annað þess konar. Ég sé á erindi útgerðarmanna í nál. sjútvn., að þeir telja alveg ófært að lögbjóða frv. eins og það er, það mundi baka útgerðinni svo mikinn kostnað, að það væri ekki hægt undir því að rísa, og auk þess vitna þeir til þess, að það þyrfti að fjölga mönnum það mikið á skipunum, að skiprúm væri ekki til staðar fyrir þá, og af þeim ástæðum væri þetta ekki mögulegt. Ég þykist nú sjá af svari þeirra, að þeir miði við frv. eins og það er, og það er eðlilegt, því að annað liggur ekki fyrir. En einhver tilhliðrun mætti eiga sér stað, sem gæti orðið til þess að ívilna sjómönnum nokkuð í vinnubrögðum, án þess að til vandræða horfði með skiprúm fyrir þá á þessum skipum. Það er nú ekkert vafamál, að ef um ofþjökun er að ræða á vissum tímabilum, þá held ég, að það sé hæpið, að útgerðarmenn græði á því, þegar til lengdar lætur, og einmitt af þeim ástæðum held ég, að menn hér í d. eigi ekki að rasa fyrir ráð fram, þannig að vísa þessum óskum, sem bornar eru fram a. m. k. af einhverjum hluta sjómanna, algerlega á bug — það finnst mér of hvatvíslegt, og frá mínu sjónarmiði er þetta mál þess eðlis, að ég held, að það sé ekki vert fyrir d. að viðhafa þau vinnubrögð. Ég sé það bæði á rökstuðningnum fyrir þessu máli og öðru, að málið er hvergi nærri nógu vel úr garði gert, eins og vera ætti, þegar um slíkt stórmál, eins og segja má, að þetta sé, er að ræða. Af þeim kynnum, sem ég hef af líkamlegu erfiði og störfum í sveit, þá vil ég, að málinu sé mætt með fullkomnum skilningi, og ég treysti mér ekki með atkv. mínu að vísa þessu máli algerlega á bug án þess að frekari athugun fari fram um það. En sökum þess að ég geri ráð fyrir, að mörg verkefni liggi nú fyrir, sem þurfa að koma til ákvörðunar, þar sem mun vera um að

ræða að ljúka þingi á morgun, þá ætla ég ekki að setja hér á langa tölu og fyrir það dreg ég saman mál mitt. En ég vil gera það að till. minni, að þessu máli verði vísað til ríkisstj., og vil af minni hálfu óska eftir því, að hún taki málið til gaumgæfilegrar athugunar og rannsaki og kynni sér viðhorf útgerðarmanna til þess og hvernig hægt væri að koma einhverri lögun á það að tryggja betur sjómenn á skipaflotanum og kynni sér jafnframt það mál sjómannastéttarinnar, hvernig ástatt er um vinnubrögð sjómanna nú. Þetta felli ég mig miklu betur við. Tíminn mun síðar meir leiða það í ljós enn betur en upplýst hefur verið nú til þessa, hvernig ástatt er um málið. Það held ég, að sé öllum aðilum fyrir beztu.

Umr. frestað, en málið var ekki á dagskrá tekið framar.

21. Fiskiðjuver ríkisins.

Á 32. fundi í Nd., 4. des., var útbýtt:
Frv. til l. um fiskiðjuver ríkisins (þmfrv., A. 168).

Á 33. fundi í Nd., 6. des., var frv. tekið til 1. umr.

Frsm. (Sigurður Kristjánsson): Herra forseti. Hæstv. atvmrh. sendi sjútvn. þessarar d. þetta frv. og óskaði, að n. flytti það fyrir hönd hæstv. ráðh. Í grg. er tekið fram, að n. áskilur sér rétt gagnvart frv. Frv. barst nýlega, og sá n. ekki fært að tefja það, en áskilur sér rétt til að gera brtt., þar sem enginn tími vannst til athugana. Þá mun n. athuga málið nánar milli 1. og 2. umr. og mælist til við hæstv. forseta, að henni vinnist tími til þess. Annað þarf ekki að taka fram að sinni, en ég mælist til, að frv. verði vísað til 2. umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv.

Frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

22. Hlutatryggingafélög.

Á 31. fundi í Nd., 3. des., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 109 1943, um hlutatryggingafélög (þmfrv., A. 169).

Á 33. fundi í Nd., 6. des., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 34. fundi í Nd., 9. des., var frv. aftur tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 21 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Sigurður Bjarnason): Herra forseti. Árið 1939 var stofnaður í Bolungavík sjóður sá, er nefnist Tryggingarsjóður sjómanna. Að stofnun hans stóðu útgerðarmenn og sjómenn í Bolungavík. Tilgangur sjóðsins var að tryggja sjómönnum ákveðnar lágmarkstekjur af atvinnu sinni, þegar illa áraði. Tekna skyldi aflað þannig, að 2% af brúttóafla þeirra báta, er frá Bolungavík stunduðu sjó, skyldu árlega renna í tryggingarsjóð. Útgerðin í Bolungavík hefur greitt tilskilin gjöld í sjóðinn, og var hann 1. júní s. l. orðinn 148411,05 kr. Hefur nokkrum sinnum verið úthlutað fé úr honum til uppbótar á hluti sjómanna. Þegar sjóður þessi var stofnaður, hafði enginn slíkur sjóður verið stofnaður á öllu landinu. Sjómenn í Bolungavík hafa því í þessu máli verið algerir brautryðjendur. Það sýnir sig, að stofnun sjóðsins hefur þótt skynsamleg, því að víðar á landinu hafa nú verið stofnaðir sjóðir með svipuðu fyrirkomulagi og þessi. — Upprunalega mun það hafa verið hugmyndin, að hlutir útgerðarmanna og sjómanna yrðu bættir jöfnum höndum. En framkvæmdin hefur orðið sú, að einungis hlutir sjómanna hafa verið bættir. Tryggingarsjóður Bolvíkinga hefur, eins og að líkum lætur, lengstum verið févana. Hann hefur samt greitt nokkrar tryggingar, sem bót hefur verið að. Sjóðurinn hefur einskis styrks notið af opinberu fé. Nú er það ætlun þeirra, sem að sjóðnum standa, að breyta nokkuð fyrirkomulagi hans og hagnýta sér fyrstir manna l. þau, sem sett voru á Alþ. haustið 1943, og stofna hlutatryggingarfélag samkv. þeim og láta þá sjóðinn, sem nú er tæpar 150 þús. kr., renna í hið nýja hlutatryggingarfélag. Til þess að hægt sé að gera þetta, telja þeir nauðsynlegt, að gerðar verði nokkrar breyt. á l. um hlutatryggingarfélög. Þess vegna er þetta frv. flutt. Breyt. þær, sem í frv. felast, eru þessar:

Í fyrsta lagi, að hundraðshluti sá, sem greiða ber af brúttóafla, verði hækkaður úr 0,7% í 1%. Þeim finnst þetta gjald of lágt og vilja fúsir hækka það í 1%, eins og áður segir.

Þá er það önnur breyt. Hún er gerð við 6. gr. l. og er á þá leið, að hlutatryggingarsjóðum verði aðeins varið til þess að bæta upp aflahluti skipshafna, ekki hluti útgerðarinnar. Það var upphaflega þannig, að rætt var um það, að hlutir útgerðarmanna og sjómanna skyldu bættir jöfnum höndum, en nú æskja sjómenn þess, að það verði aðeins hlutur sjómanna, sem bættur verður. Ég verð að segja það, að ég hef löngum verið iðinn við að flytja frv. sjávarútveginum viðkomandi, og ég er með því að hlutur hvorra tveggja, sjómanna og útgerðarmanna, verði bættur. Ég sá þó ekki ástæðu til annars en að flytja frv.

Þriðja breyt. er sú, að farið er fram á það, að hlutatryggingarsjóði Bolvíkinga verði með bráðabirgðaákvæðum greitt framlag úr ríkissjóði fyrir þau ár, sem liðin eru, síðan l. um hlutatryggingarfélög voru sett, þ. e. a. s. frá 1. jan. 1944. Það er þó aðeins ætlazt til, að framlag ríkissjóðs verði það, sem l. áskilja nú, en ekki það, sem brtt. frv. þessa fer fram á. Tryggingalöggjöfin var samþ. árið 1943,

og við flm. teljum eðlilegt, að ríkissjóður greiði tilskilið gjald í hlutfalli við hlut sjómanna og útgerðarmanna. Þessi stuðningur, sem ríkissjóður veitti, mundi kosta hann sáralítil útgjöld.

Þetta eru þær þrjár breyt., sem í frv. felast, og ég sé ekki ástæðu til frekari umr. um málið. Þm. geta kynnt sér það á þskj. Það er skoðun okkar flm., að það beri að stuðla að eflingu hlutatrygginga almennt í landinu. Bolvíkingar hafa riðið á vaðið í þessum efnum. Þess vegna verður að vænta þess, að óskum þeirra, sem í þessu frv. felast, verði vel tekið. Ég leyfi mér að lokum að óska þess, að málinu verði að þessari 1. umr. lokinni vísað til 2. umr. og sjútvn.

Sigurður Kristjánsson: Herra forseti. Ég tel ástæðu til að láta í ljós skoðun mína á þessu máli. Þetta er dálítið hvimleitt mál hér í d., og að vísu margrætt. Ég flutti víst á einum fjórum þingum frv. um tryggingar aflahluta, en málið var aftur og aftur kviksett og hlaut ekki mikinn byr meðal þm. Að lokum fór það í mþn., og þingið steypti upp úr því núgildandi l. um hlutatryggingar. Ég lét frv. til þeirra laga algerlega afskiptalaust, en hvað mitt frv. snertir, þá taldi ég það þar með allsendis kviksett.

Þegar ég flutti fyrst frv. um tryggingu aflahluta, þá var mjög mikil kreppa fyrir sjávarútveginn, og kvað jafnvel svo rammt að henni, að sjómenn gerðu verkföll, en það stafaði af því, að mikill hluti þeirra fékk ekkert í aðra hönd, þar eð ekkert aflaðist og engar voru tryggingarnar. Málið var því orðið mesta vandræðamál og lítið gert til bóta, þótt því væri mjög á loft haldið, að Íslendingar þyrftu að tryggja sig sem aðrar þjóðir. Ég vildi því taka málið upp að nýju, og gerði það hvað eftir annað, eins og áður er sagt, en það bar engan árangur, þrátt fyrir það að áskoranir bærust frá fiskiþingi og víðar að, er fóru þess á leit, að frv. mitt væri samþ. Viðbárurnar hér í þinginu voru engar aðrar en þær, að málið væri ekki nægilega undirbúið, og svo fór, að frv. náði ekki fram að ganga, en upp úr því voru steypt áðurnefnd l. Mér þykir leitt að komast að því hvað eftir annað, hversu þessi hv. stofnun, Alþ., virðist oft blind fyrir ýmsum nytsömum framkvæmdum. Nú þegar þetta mál er fram komið á ný, þá finnst mér athugandi, hvort ekki væri rétt að hverfa að því ráði að koma á tryggingu aflahluta, eins og ég stakk upp á í upphafi.

Um sjálft þetta nýframkomna frv. skal ég ekki fjölyrða. Mér virðist það mjög sanngjarnt, en það þyrfti að verða samferða frv. um tryggingu aflahluta og nær auk þess skammt, þar sem aðeins er um eina verstöð að ræða. Við höfum dæmin fyrir okkur frá árunum 1939 og 1940, að útgerðin geti alveg stöðvazt sakir getuleysis sjálfra útgerðarmannanna. Það er staðreynd, sem ætti að geta verið okkur lærdómsrík.

Á þessu stigi málsins álít ég óþarft að ræða þetta frekar, en vonast til að fá tækifæri til að ræða málið nánar, er það kemur til sjútvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til sjútvn. með 25 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

23. Bátaútvegurinn o. fl. (frv. minni hl. fjhn. Nd.).

Á 16. fundi í Sþ., 10. des., var útbýtt frá Nd.: *Frv. til l. um ráðstafanir vegna framleiðslu og útflutnings á afurðum bátaútvegsins* (þmfrv., A. 191).

Á 36. og 37. fundi í Nd., 12. og 13. des., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 38. fundi í Nd., 16. des., var frv. enn tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 25 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Frsm. (Einar Olgeirsson): Herra forseti. Hæstv. atvmrh. sendi þetta frv. til fjhn. með beiðni um, að hún flytti það. Það náðist ekki samkomulag við meðnm. mína um flutning frv., og ég hef þess vegna flutt það einn fyrir minni hl. fjhn. Ég hef ekki í hyggju að gera grein fyrir þessu frv., því að ég býst við, að hæstv. atvmrh. ræði málið ásamt hæstv. utanrrh. Ég get samt ekki látið hjá líða að ræða það nokkuð.

Alþ. hefur áður ábyrgzt fiskverð, svo að hér er aðeins um það að ræða að halda áfram á sömu braut. Hins vegar veit ég ekki betur en að verðið á sumum af þeim vörum, sem hér um ræðir, hafi áður verið sett, og sannleikurinn er sá, að ekki virðist nein sérstök ástæða til að óttast, að ekki verði hægt að selja vörurnar með þessu verði. Hins vegar bregður nú svo einkennilega við, að eftir því sem erlendar fréttir hermdu í dag í hádegisútvarpinu, þá er engu líkara en fulltrúar Íslands á alþjóðaráðstefnunni óttist, að of hátt sé boðið í íslenzkar sjávarútvegsafurðir, þegar um sovétríkin er að ræða. Þetta er óneitanlega einkennilegur hugsunarháttur, og það er líkara því, að verið sé að setja landið á uppboð og biðja um íhlutun erlendra ríkja viðvíkjandi afurðasölu okkar. — Ég held því, að frv. sé ekki aðeins realistiskt, því að án sjávarútvegs getur land vort ekki þrifizt. Alþ. verður því að sjá um að gera þær ráðstafanir, sem að gagni megi koma, til þess að útvegsmenn hafi aðstöðu til að gera út bátaflotann á komandi vertíð.

Atvmrh. (Áki Jakobsson): Herra forseti. Ég sendi hv. fjhn. þetta frv. með beiðni um, að hún flytti það hér á Alþ., en svo einkennilega brá við, að 4 af nm. sáu sér ekki fært að flytja frv., svo að það er aðeins flutt af minni hl. n. Þetta mun

nokkuð óvenjulegt, því að vitanlega er ekki til þess ætlazt, þó að ráðh. biðji að flytja mál, að nm. taki afstöðu til málsins í heild eða einstakra atriða, þó að þeir flytji þannig málið sem nm.

Viðhorfið til sölu sjávarútvegsafurða okkar er mjög líkt því, sem var á fyrri vertíð um sama leyti. Sem sagt, það ríkir óvissa um, hvaða verð fæst fyrir sjávarútvegsafurðir. Í fyrra var útlitið þannig, að ef ekki væri hægt að slá neinu föstu um verð á frosnum fiski og ef ekki fengist 50 aurar eða meira fyrir kg. af honum, þá var varla búizt við, að hægt yrði að fá menn á bátana þegar í vertíðarbyrjun. Það fór svo, að allir voru sammála um það í fyrra, að það væri nauðsynlegt og óhjákvæmilegt að gera ráðstafanir til að tryggja það, að bátaútgerðin gæti hafizt í vertíðarbyrjun. Og ég býst við því, að menn séu sammála um það, að ekki megi frekar nú láta reka á reiðanum í þessu efni. Í fyrra voru gerðar tvenns konar ráðstafanir í þessu máli. Í fyrsta lagi, að ríkið ábyrgðist allt að 5 aura hækkun á hverju kg. af frystum fiski, þó þannig, að verðið yrði ekki með þessari ábyrgð, ef það væri 50 aurar eða meira pr. kg. Gert var ráð fyrir, að í mestu fiskihrotunum yrði að salta nokkurn hluta aflans, og þess vegna var tekin sú ákvörðun, að ríkið ábyrgðist visst verð fyrir kg. af saltfiski, miðað við visst magn, og var sú ákvörðun tekin til þess að tryggja frystihúsunum öruggari afkomu. Í fyrra var verðið 98 aurar fyrir hvert enskt pund af hraðfrystum flökum, að því er ákveðið var. Vitað var þó, að Englendingar höfðu haft við orð að kaupa engan fisk af framleiðslu þessa árs. Engan veginn var þá hægt að segja um, hvort flökin seldust á þessu verði, og átti því ríkissjóður á hættu að þurfa að greiða mismuninn. Þetta fór þó svo, að ekki kom til þess, að ríkissjóður þyrfti neitt að greiða. Afurðirnar seldust fyrir nægilega hátt verð, nefnilega 1,10 kr. Nokkuð seldist til Englands og Ameríku fyrir enn þá hærra verð, og þurfti ríkið því ekkert að greiða, en ákveðið var, að það, sem salan yrði yfir 1,10 kr. og undir 1,12½ kr., skyldi renna í ríkissjóð. En þannig fór í fyrra, að salan tókst fram yfir allar vonir. En allar þær aðstæður, sem voru í fyrra, eru nú einnig fyrir hendi. En það, sem nú ber að leggja aðaláherzluna á, er það að koma flotanum af stað, því að vertíðin verður að byrja innan ákveðins tíma, og ef ekki verður nú þegar hafizt handa, þá glatast dýrmætur tími, og yrði það óbætanlegt tjón fyrir þjóðarbúið og enn þá tilfinnanlegri skaði fyrir ríkissjóð en þó að hann þyrfti að greiða eitthvað vegna sjávarútvegsins, sem alls ekki er víst að verði. Þegar talað var um það í fyrra að ákveða saltfiskverðið 1,70 kr., töldu allir, sem kunnugir voru þeim málum, að það verð væri allt of hátt. Síðan var þó reynt að selja fiskinn með þessu verði, og tókst það, og er ekki útilokað, að hægt hefði verið að selja hann fyrir enn hærra verð, en allir bundu sig við 1,70 kr., því að það var ábyrgðartala ríkissjóðs. Sjávarafurðir okkar hafa undanfarið hækkað stöðugt í verði, einkum þó síldarlýsi og saltsíld. Þetta eru mjög eftirsóttar vörur, og ef sala þeirra væri bundin þeim skilyrðum, að kaupendur þeirra keyptu einnig aðrar fiskafurðir okkar, er ekki ómögulegt, að hægt væri að selja fiskframleiðsluvörurnar með hærra verði en í fyrra.

Samkvæmt því frv. á þskj. 191, er hér liggur fyrir, er gert ráð fyrir því að hækka verðið á ferskum fiski, þorski og ýsu úr 50 aurum upp í 65 aura hvert kg. Þessi hækkun, 30%, er allmikil, en eftir nákvæmar athuganir, gerðar í samráði við fiskimenn og aðra þá, er hlutlausir eru, var komizt að þeirri niðurstöðu, að þessi hækkun væri brýn nauðsyn. Aðrar fisktegundir skulu svo hækka í samræmi við þetta, að fengnum tillögum Landssambands íslenzkra útvegsmanna.

Allir vita, að þýðingarlaust er að setja svo hátt verð á fiskinn, ef ekki er jafnframt tryggður markaður fyrir hann. Er því í 2. gr. gert ráð fyrir því, að ríkið tryggi hraðfrystihúsunum 1,33 kr. fyrir hvert enskt pund af hraðfrystum þorsk- og ýsuflökum, og er þetta gert í samráði við eigendur hraðfrystihúsanna, en þó telja þeir þetta helzt til lágt, en þá er gert ráð fyrir því, að takast megi að flytja fiskinn fljótt út, svo að hraðfrystihúsin þurfi ekki að stöðva reksturinn vegna skorts á geymsluplássi. En það er afar mikil nauðsyn, að hægt sé að flytja fiskinn fljótt út, því að ef hann liggur lengi í geymslu, er hætt við, að hann skemmist, og eru nú t. d. 27 þús. kassar af fiski, sem eru orðnir svo skemmdir af geymslu, að þeir uppfylla ekki þau skilyrði um vörugæði, sem tilskilin eru í viðskiptasamningum við Sovétríkin. Ekki er ástæða til að ætla, að verðið verði lægra en 98 aurar, þar sem lægsta verð í fyrra var 1,12½ kr., og er vel hugsanlegt að selja megi fiskinn fyrir hærra verð en í fyrra, jafnvel 1,33 kr., ef rétt er á haldið og sala síldarlýsis t. d. bundin því skilyrði, að einnig sé keyptur hraðfrystur fiskur. Er því ekki ástæða til að ætla, að ríkissjóður þurfi neitt að greiða vegna hraðfrysta fisksins. Gert er ráð fyrir í 2. gr., að ríkissjóður ábyrgist tilsvarandi verðhækkun á öðrum fisktegundum en þorski og ýsu, en ekki var talið fært á þessu stigi að kveða nánar á um verðið eða fisktegundirnar. Það er ákaflega flókið mál að ákveða það, og þarf margs að gæta í því sambandi, t. d. markaðsmöguleika. Ríkissjóður getur ekki ábyrgzt allar fisktegundir eins, t. d. flatfiska ýmsa, sem lítill markaður hefur verið fyrir. En um þetta ber að hafa samráð við Landssamband íslenzkra útvegsmanna og Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna.

Í 3. gr. er svo gert ráð fyrir, að ríkissjóður ábyrgist sölu á 30 þús. tonnum af saltfiski á 2,25 kr. hvert kg. Þetta er nokkur breyt. frá því í fyrra, en þá var gert ráð fyrir mun meiri ísfiskmarkaði í Englandi. En þótt Englendingar hefðu hagstæða samninga, var ísfiskmarkaðurinn ótryggur, og fór svo, að Englendingar settu toll á ísfiskinn og gerðu önnur ákvæði, er torvelduðu innflutning íslenzkrar ísfisksframleiðslu. En við þessu er að vísu ekkert að segja. Englendingar hugsa eðlilega fyrst og fremst um eigin sjómenn. En þá verðum við að hugsa um okkar hag, t. d. með því að setja það skilyrði fyrir sölu síldarlýsis, að einnig sé keyptur annar fisk-

varningur. Nú má búast við, að ef sú hækkun, sem ráðgerð er í frv., gengur í gildi, þá verði enginn markaður fyrir ísfisk í Englandi, og þarf þá að salta mikið af aflanum, þó ber að leggja höfuðáherzluna á rekstur hraðfrystihúsanna, og er í því sambandi mjög mikilsvert að gera viðskiptasamninga hið fyrsta, svo að hraðfrystihúsin fyllist ekki, því að geymslupláss þeirra er mjög takmarkað og einnig takmarkað, hvað lengi má geyma fiskinn. Hraðfrystihúsin hafa verið í hröðum vexti, og hefur raunar aldrei reynt á, hve mikið þau geta fryst, vegna þess að þau hafa stöðvazt vegna skorts á geymsluplássi, og t. d. í fyrra var viðskiptasamningurinn við Ráðstjórnarríkin gerðu svo seint, að engin afskipun var gerð á vertíðinni þá. En það má ekki koma fyrir, að hraðfrystihúsin geti ekki fryst meira magn en geymslur þeirra einu sinni taka. Verður því að gera viðskiptasamninga fljótt til þess að tryggja skjótan útflutning, og einnig minnkar „kvalitet" fisksins við geymsluna. Allmikil verðhækkun er ráðgerð á saltfiskinum, og byggist það á þeirri reynslu, er fékkst í fyrra. Gert er ráð fyrir 30 aura hækkun í samræmi við hækkunina á ferskfiskinum og auk þess 25 aura hækkun, því að í fyrra var saltfiksverðið of lágt, en það er nauðsynlegt að hafa fiskverðið svo hátt, að menn sjái sér hag í að salta. Ég býst ekki við, að menn fáist til að salta upp á þau kjör að fá ekki uppgert, fyrr en eftir alla vertíðina eða enn seinna, þegar menn geta fengið vinnu í landi, þar sem er útborgað vikulega. En saltfiskverðið er haft svo hátt, til þess að menn hafi þar hagnaðar von, einmitt með tilliti til þess, að ekki er búizt við ísfiskmarkaði. En ekkert yrði áhættuminna, þó að ríkið sjálft færi að salta.

Í 4. gr. þessa frv. er svo lagt til, að ríkisstj. sé heimilt að ábyrgjast verð á fiski, sem öðruvísi er verkaður en í salt og frost, t. d. á niðursoðnum fiski, ef til þess kæmi, og í 5. gr. er gert ráð fyrir, að ríkisstj. sé heimilt að kaupa fisk til útflutnings, eftir því sem þörf krefur og henta þykir, t. d. ef markaðsmálum er þannig háttað, að slíkt verði nauðsynlegt, þá er rétt að ríkisstj. hafi heimild til þessa, en til þess kemur tæplega. Í Englandi er ísfiskmarkaðurinn þrotinn og erfiðleikar á sölu ísfisks í Mið-Evrópu. Er þá ekki um aðra kaupendur að ræða en Ráðstjórnarríkin. Barst þetta í tal í fyrra, er viðskiptasamningurinn var í undirbúningi, og var ekki talið útilokað að selja þangað ísfisk, sem væri þá fluttur til Kaliningrad (Königsberg). Þetta gæti náttúrlega aðeins átt sér stað um vetrarmánuðina, því að á sumrin er sjávarhiti allt of mikill í Eystrasalti.

Ég hef nú gert grein fyrir öllum höfuðatriðum þessa frv. Ég hef heyrt, að það sé af sumum talið mjög glæfralegt, og hafa sumir haldið því fram, að ég væri hér í fullu ábyrgðarleysi að binda ríkissjóði óbærar byrðar. Ég neita því ekki, að svo getur farið, að einhverjar fjárhagskvaðir falli á ríkið, og ef miðað er við lægsta verð í fyrra, gæti sú upphæð numið allt að 30 millj. kr. Þetta er óneitanlega gífurleg upphæð, en ég leyfi mér að benda á, að sumt af hraðfrysta fiskinum seldist í fyrra fyrir hærra verð en núverandi ábyrgðarverð er, og er því sennilegt, ef rétt er á okkar málum haldið, að engar kvaðir falli á ríkissjóð vegna hans. Verðið á saltfiskinum er miðað við það, að menn fáist til að salta, og eru hans vegna engar fyrirsjáanlegar greiðslur fyrir ríkið, og ef við höldum rétt á okkar útflutningsverzlun, t. d. með því að binda sölu síldarafurða þeim skilyrðum, er ég áður hef nefnt, þá er fjárhagsáhætta ríkissjóðs vegna frv. þessa orðin innan við 7 millj. kr. Þetta eru að vísu tölur, sem ekki er hægt að taka alveg ábyrgð á.

Það er rétt að gera nokkra mynd af þeim horfum, sem fyrir eru, og þeim möguleikum, sem við höfum til bjargráða. Ýmsir menn hafa bent á þá leið, að það kæmi til mála að setja einhvers konar verðjöfnun á milli síldarverðs og fiskverðs. Hvað við kemur ábyrgð ríkisins, þá finnst mér það glæfralegt að láta vera að tryggja útveginn. Ef við tryggjum útveginn örugglega, þá er það tryggt, að við fáum gjaldeyri, en það er skilyrði fyrir blómlegu atvinnulífi. Allar atvinnugreinar byggjast á því. Ef útvegurinn stöðvast, þá leiðir það af sér hrun yfir allt atvinnulífið. Okkur ber að forðast það. Ef við spörum ríkissjóði þær milljónir, sem þarf til ábyrgðanna, þá eru það aðeins þær milljónir, en þá fáum við engan gjaldeyri, sem vel heppnuð vertíð veitir. Þess vegna er meiri áhætta að tryggja ekki, og ég bendi á, að Alþ. sá sér kleift á s. l. ári að fella niður 15—20 millj. kr. skatt, veltuskattinn, og væri það ekki nema sanngjarnt, að verzlunin bætti upp þann kostnað, sem ríkissjóður yrði að þola með tryggingu útvegsins, og þá áhættu af því, enda nýtur verzlunin bróðurparts þess gjaldeyris, sem útvegurinn skapar.

Frv. þetta er ekki flutt né samið af stj. í heild. Þar sem einstakir ráðh. gegna hinum ýmsu málum, sem undir þá heyra, þá er ekkert eðlilegra en að þeir gefi Alþ. skýrslu og ræði þau vandamál, sem fyrir eru. Þetta frv. tel ég tryggja rekstur komandi vertíðar.

Að lokum vil ég lýsa því yfir, að ráðh. Sósíalistaflokksins munu ekki sjá sér fært að gegna störfum, fái þetta frv. ekki fram að ganga.

Ásgeir Ásgeirsson: Herra forseti. Ég bjóst nú ekki við því, að hæstv. atvmrh. mundi segja hér af sér í annað sinn.

Það er heldur óvenjulegt, að n. færist undan því að flytja stjfrv., en ástæðan fyrir því var sú, að aðeins einn ráðh. lagði frv fyrir n. En þessu máli er þannig varið, að það getur engu að síður heyrt undir hæstv. fjmrh. en atvmrh., og slíkt frv. sem þetta ætti að vera flutt af ríkissj. í heild.

1. gr. þessa frv. byrjar svo: „Ríkisstj. skal með auglýsingu ákveða." Niðurlag 2. gr. frv.: „Ríkisstj. er heimilt að ábyrgjast". 3 gr. frv. byrjar: „Ríkisstj. ábyrgist fyrir hönd ríkissjóðs". 4. gr. frv. byrjar: „Ríkisstj. er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að ábyrgjast"', og 6. gr. frv. byrjar: „Ríkisstj. getur með reglugerð sett nánari fyrirmæl um allt, er lýtur að framkvæmd þeirra ráðstafana, er um ræðir í 1. þessum." Það liggur því beint fyir, að slíkt mál sem þetta

á að leggja fyrir ríkisstj. í heild, áður en það er flutt hér. Ég skal ekki fara út í efnishlið málsins, en undirstrika, að fjhn. lítur svo á, að leggja eigi málið fyrst fyrir ríkisstj. sjálfa.

Forsrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. Ég skal ekki rekja efni þessa frv. að sinni, en ég tek undir það, sem hv. form. fjhn. sagði um hinn óvenjulega flutning á þessu máli. Það er nú langt um liðið, síðan ég talfærði þetta við hina ráðh. í ríkisstj., að möguleiki væri á að leysa úr vandræðum útgerðarinnar án verulegrar hættu fyrir ríkissjóð, ef útgerðin héldi fast við að óska íhlutunar ríkisstj. Einn liðurinn hefur komið hér fram holdi klæddur í frv.formi. Það er aðeins eitt rif. Mér dettur það í hug út af frv. um landshöfn á Rifi. Þetta var ein sú stoð, sem ég vildi veita útvegnum, er ég ræddi um þetta við meðrh. mína, en það var ekkert um þetta skriflegt í skrifsborðsskúffu minni, en þessu máli var vel tekið af þeim ráðh., sem ég talaði við, og var þá minnzt á fleira, sem gerði það aðgengilegt fyrir ríkisstj. að gera ráðstafanir til tryggingar útgerðinni. Ég skal ekki gera þetta að frekara umræðuefni, en þetta mætti hafa í huga.

Jónas Jónsson: Herra forseti. Ég er alveg samdóma hæstv. forsrh. og hv. þm. V-Ísf., og mér fannst anda heldur köldu að hæstv. atvmrh. Það fyrirheit hans að yfirgefa stj. er ekki annað en að þetta frv. verði vitnisburður um, hve eftirsóknarverður flokkur hans er og hve fast hinir tveir stærstu flokkar þingsins sækjast eftir að komast sem næst honum, líkt og það er heitasta ósk fátækra Skota að komast til London. Ég held, að það sé ekki gleymt, að þessi sami flokkur hefur beðið um margar milljónir af ríkisfé til þess að klára tvö fyrirtæki. Það eru hinar nýju síldarverksmiðjur. Hann fékk í fyrra háa upphæð, og nú bætir hann við. Menn sundlaði, er fjárl. námu yfir einni millj. kr. Það var mikið lán, að þessi hæstv. ráðh. skyldi þá ekki vera á þingi. Þá voru hraustir og traustir drengir á þingi, þótt þeir skildu ekki þessa fjármálaspeki. Þessi hæstv. ráðh. hefur starfað í anda síns flokks, sem við mátti búast, og var tilgangurinn tilraun til að hjálpa flokksmönnum sínum, en taka ekki á sig ábyrgð að öðru leyti, og þegar hann gekk í þessa ríkisstj., þá var hann þar aðeins að hjálpa flokki sínum og ekki til annars, þótt hér sé farið fram á aðra hluti. Ég vil aðeins benda á, hversu Norðmenn standa okkur að baki í byggingu síldarverksmiðja. Þeir byggja nýja 10 þús. mála síldarverksmiðju, sem kostar 5 millj. norskra kr., en okkar yfir 40 millj. kr. En mér fimst nú rétt að viðurkenna, að hér er reynt að hjálpa til þess, að atvinnurekstur komist yfir á hendur ríkisins, og nú segir hæstv. ráðh., að síldarverðið verði miklu hærra í sumar en nokkru sinni Undir venjulegum kringumstæðum, er verð hælkar á vöru, þá hefði ekki átt að búast við, að grípa þyrfti til ráðstafana, sem þetta frv. felur í sér. Hvernig er þetta? Er þetta samrýmanlegt, að með næsta verði komist enginn bátur úr höfn? Það hlýur að vera eitthvað annað, rem stöðvar hjólið. Ég varaði hæstv. forsrh. við þessu haustið 1944 og tók þá sem dæmi hina raunalegu ástarsögu Haralds hárfagra. Þá benti ég á, hvernig þessi vinátta mundi enda, en hæstv. atvmrh. hefur nú farið í skúffu hæstv. samgmrh. og dregið sér þar frv. um landshöfn á Snæfellsnesi, en hann hefur þó seilzt dýpra í skúffu hæstv. forsrh., því eftir því sem dagblaðið Vísir hermir, þá mun þetta frv. ekki kosta minna en um 40 millj. kr. Nú telja höfuðstólpar Sjálfstfl., útvegsmenn, að atvmrh. hafi opnað svo arma sína, að ég skil ekki annað en að þeir snúi sér alveg að hinni rauðu samstæðu, og verða þá ekki eftir nema heildsalar, því að þeir fá að borga þessar 40 millj. Ég get ekki annað en óskað hálfsýslunga mínum, hæstv. ráðh., til hamingju með þennan pólitíska hælkrók, sem hann hefur fellt hæstv. forsrh. á, um leið og hann innbyrðir helming Sjálfstfl.

Í Heimskringlu Snorra Sturlusonar er sagt frá því, er Haraldur hárfagri leit ástmey sína liðna, en hún var samt jafnrósrauð í kinnum sem hún væri kvik, og konungur sat yfir henni og hugði, að hún mundi lifna. Fór svo fram um þrjá vetur, og kom svo loks, að einn vitur maður kom vitinu fyrir konung og segir: „Það hæfir ekki, að svo fögur kona liggi of lengi í sama fatnaði, og er miklu sæmilegra, að hún sé hrærð og skipt undir henni klæðum.“ Þegar hún var svo færð úr rekkjunni, þá kom rotnunin í ljós. Ullu þá út úr líkamanum ormar og eðlur, froskar og pöddur, og lagði af óþef mikinn. Er konungur sá þetta, lét hann brenna líkið. Snorri lýsir þessu eftirminnilega vel.

Hæstv. forsrh., Ólafur Thors, stendur nú í líkum sporum og Haraldur hárfagri, að undan hinni rósrauðu sæng kommúnista koma undarleg kvikindi fram, og stærsta paddan er þetta frv.

Atvmrh. (Áki Jakobsson): Herra forseti. Ég býst við því, að ástæðan fyrir þeim ummælum hv. þm. V-Ísf., að þetta mál heyrði ekki undir mig, en ríkisstj. í heild, sé sú, að hann heyrði ekki ræðu mína. Það er mjög algengt í frv., að láta standa, að ríkisstj. geri eitt eða annað, þótt einstakur ráðh. flytji mál, sem heyra undir hann. Mitt verkefni var í þessu tilfelli að vara þing og ríkisstj. við þeim voða, sem var á ferðum, og byggist það einkum á því, að sú ríkisstj., sem nú situr, er mjög óvenjuleg og þeir, sem hana skipa, eru aðeins menn, sem sinna ráðherrastörfum um stundarsakir. Hitt er annað mál, að ekki má ætla, að allar skuldbindingar ríkissjóðs heyri undir hæstv. fjmrh., en geta heyrt undir hvaða ráðh. sem er.

Hvað við kemur ræðu hæstv. forsrh., þá er ég dálítið undrandi yfir ummælum hans, að þetta frv. hefði orðið til á einkennilegan hátt. Ég tel, að nú sé orðið það áliðið, að ekki hefði mátt seinna vera, að þetta mál kæmi hér fram. Fram að þessu hefur ekkert verið gert í þessum málum, og má kannske ásaka mig, að ég hafi vanrækt skyldu mína. Eins og sakir standa, er vafasamt, hvort útvegurinn geti ráðið til sín menn fyrir komandi vertíð. Er því ekki hægt að draga afgreiðslu þessa máls lengur

og segja útgerðinni, hvers hún má vænta. Ég kom því fram með þetta mál aðeins vegna nauðsynjar. Annað er ekki til í dæminu. Landssamband útvegsmanna hefur ákveðið að hreyfa ekki skipin, fyrr en búið er að gera ráðstafanir í þessu máli, sem teljast megi eðlilegar. Ég tel það fullsannað, að þess er full þörf, að ríkið gangi í ábyrgð fyrir ákveðið verð. Það er óhjákvæmilegt skilyrði til þess að koma útgerðinni af stað. Það var því nauðsynlegt, að málið kæmi fyrir þingið, svo að það gæti tekið sína afstöðu og gert þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar eru til þess að koma útgerðinni af stað.

Eysteinn Jónsson: Ég vildi hér aðeins segja örfá orð, áður en þetta mál fer til hv. n.

Ég vil þá fyrst leyfa mér að minna á það, að þegar núv. ríkisstj. tók við völdum fyrir tveimur árum, þá var það talið aðalatriðið af henni sjálfri að koma í veg fyrir það, að verðbólgan í landinu færðist í vöxt. Ríkisstj. hafði það sem sagt á sinni stefnuskrá að stöðva verðbólguna. Ég ætla mér ekki að heyja hér langar kappræður um þetta mál. Þess gerist ekki þörf, því að frv. það, sem hæstv. atvmrh. leggur hér fyrir þingið, sýnir svo ljóst sem verða má, hvernig hæstv. ríkisstj. hefur tekizt að framkvæma þetta atriði í stefnuskrá sinni. Því er sem sagt lýst yfir af hæstv. atvmrh., að eftir tveggja ára stjórn hans og þeirrar ríkisstj., sem hann hefur tekið sæti í, þá sé þannig komið með framleiðslu okkar, að aðstaðan til útflutnings sé þannig, að ekki þurfi til þess að hugsa, að mennýti fleytu á flot, nema fiskverðið verði hækkað um 30%, eða úr 50 aurum hvert kg. upp í 65 aura. Slíkar gífurlegar búsifjar hefur framkvæmd þessara mála núv. ríkisstj. fært sjávarútveginum. Þetta vildi ég aðeins undirstrika í sambandi við þetta mál.

Að öðru leyti vildi ég segja það, að mér fannst hæstv. atvmrh. gefa heldur litlar upplýsingar um afurðasöluna og möguleikana, sem við höfum til að selja afurðir sjávarútvegsins. Það skiptir höfuðmáli í þessu sambandi, hvernig horfurnar eru í þeim efnum. Ég geri ekki ráð fyrir, að útvegsmenn vilji gera sér það að leik að ganga inn á þá braut, sem gert er ráð fyrir í þessu frv. Þótt ég greiði atkv. með þessum ráðstöfunum, dylst mér ekki, að þetta ráð felur ekki neitt það í sér, sem útgerðin getur unað við til lengdar. En ég mun heldur greiða atkv. með slíku neyðarúrræði en láta útgerðina eina verða fyrir búsifjum. Nú er lagt til að fara inn á þá braut, að ríkissjóður ábyrgist útvegsmönnum ákveðið verð fyrir fiskinn, en fyrir liggja litlar upplýsingar um, hvernig horfir í afurðasölunni yfirleitt. Sérstaklega fannst mér dauft yfir því, sem hæstv. ríkisstj. hefur gert til að gera tilraunir til að fá samninga um sölu afurða landsmanna. Ég vil fyrst spyrja um það, hvernig útlitið sé með brezka markaðinn. Hvað mun maður geta gert sér vonir um, að hann gefi fyrir fiskinn, eins og nú standa sakir með markaðsverð þar í landi? Þetta hefur ekki verið upplýst, og væri fróðlegt að fá nokkuð um það að vita. Enn fremur hef ég ekki veitt því eftirtekt, að hæstv. atvmrh. eða forsrh. hafi upplýst, hvað komið hafi af föstum tilboðum í hraðfrysta fiskinn. Ég bið afsökunar, ef þetta hefur farið fram hjá mér. Sama máli gegnir um saltfiskinn. Ég tók ekki eftir, að upplýst hafi verið, hvaða tilboð hafi komið í hann. En allt eru þetta atriði, sem hafa mikla þýðingu í sambandi við ákvörðun Alþ. í þessu máli. Um þetta hafa gengið miklar sögur manna á milli og blöðin hafa stundum drepið á þetta, án þess að nokkuð hafi komið um málið frá ríkisstj. sjálfri. Á kannske að skilja þessa þögn ríkisstj. þannig, að hún hafi ekkert gert í því að fá samninga við Breta um afurðasölu, ekkert gert til þess að fá verzlunarsamning við Bretland fyrir næsta ár? En Bretar hafa verið stærstu kaupendur sjávarafurða frá Íslandi. Ég leyfi mér hér með að bera fram fyrirspurn um þetta. Þá hefur heyrzt, að Bandaríkjamenn hafi keypt nokkuð af afurðum héðan. En hafa ekki heldur verið gerðar neinar ráðstafanir til þess að selja þangað vörur? Hafa engir menn verið sendir vestur til þeirra hluta? Og hvað hefur yfirleitt verið gert í þessum málum? Og að lokum: Hvað er að frétta af þessum svo kölluðu Rússlandssamningum? Hvað hefur komið frá Rússum varðandi þetta? Hafa þeir spurt eftir afurðum héðan, og hvaða tilboð hafa þeir gert? Hvernig er þessum málum varið? Þetta eru þau atriði, sem þm. þurfa að hafa sem gleggsta vitneskju um, áður en þeir ákveða sig, hvort út í neyðarráðstafanir skuli leggja og hvernig þær þá eiga að vera. Mér finnst, að undarlega hljótt hafi verið um þessi mál frá hálfu hins opinbera. Og undarlega hefur lítið borið á því, að menn hafi verið sendir til þessara landa til að selja afurðir landsmanna. Hins vegar hefur maður tekið eftir því, að Norðmenn hafa verið að gera undanfarna mánuði hvern samninginn af öðrum um sölu á sínum afurðum. Á þessum samningagerðum er auðséð, að það er hreyfing í þessum málum frá annarra hendi en Íslendinga. Með þessu er ég ekki að segja, að ríkisstj. hafi ekkert gert. Það má vera, að hún hafi gert eitthvað, og sé svo, þá hefur það ekki verið upplýst. Mér er nær að halda, að fyrir utanrmn. hafi ekki verið til meðferðar neinar samningaumleitanir í þessa átt. Nú er málum svo komið, að menn standa frammi fyrir því, að útvegsmenn hafa sagt, að þeir gætu ekki gert út um næstu áramót, nema verðið hækki mikið. Hins vegar er ekkert opinberlega vitað um söluhorfur. Það er mikið skrafað um þessi efni. Síldarolían á að verða í mjög háu verði. Þó eru nokkrir mánuðir enn þá, þangað til ástæða er til að gera út um þá sölu. Þetta eru fyrirspurnir um markaðsleitirnar. Okkur, sem fyrir utan stj. stöndum, virðist lítið hafa verið gert í þessum málum og lítið upplýst varðandi þetta.

Þá vil ég aðeins minnast á frv. aftur. Það verður þá fyrst fyrir, að ef menn ætla að fara út á þessa braut að láta ríkissjóð ganga í ábyrgð fyrir visst verð, þá verða menn að gera ráð fyrir, hvernig á að standa undir slíkri ábyrgð, ef verulegur skellur verður. Þingið verður að horfast í augu við þetta og gera sér grein fyrir því, að út í slíkt er ekki hægt að leggja, nema hægt sé að afla þeirra fjár-

muna, sem af þessu gæti leitt, að til þyrfti að grípa, ef skellur yrði af þessu. Hvernig á að taka þá fjármuni, og hvernig eru möguleikarnir til þess? Í sambandi við fjárl. er gífurleg tekjuöflun á döfinni, enda eru þau orðin gífurlega há eða hátt á 2. hundrað millj. kr. Ég held að menn verði að gera sér grein fyrir þessu um leið og þetta mál verður afgr. Menn verða að fara að gera sér grein fyrir því, hvort ekki sé kominn tími til þess að fara að gera aðrar ráðstafanir, sem gætu gert útgerðinni kleift að reka atvinnurekstur sinn við sæmileg skilyrði. Ég held það þyrfti að athugast vel nú, hvort slíkt er ekki nauðsynlegt og hvort það er ekki meira knýjandi en þetta, sem hér er gert ráð fyrir. Það er öllum augljóst, að útgerðarmenn óska ekki eftir, að ástandið sé þannig, að það sé knýjandi nauðsyn, að ríkissjóður gangi í ábyrgð fyrir afurðir þeirra. Þeir kjósa helzt að fá að reka atvinnurekstur sinn, án þess að slíkt komi til. Ég sé ekki betur en ef haldið verði áfram á þessari braut, þá líti út fyrir, að útgerðin, sem undir þessu stendur, væri rekin með styrk frá þeim, sem á henni lifa. Það væri ekki skemmtileg þjóðfélagsmynd og ekki góð til þess, að menn lærðu að skilja, hvað það er, sem stendur undir þessu öllu. Ef skellur yrði af þessu og ríkissjóður yrði að svara út tugum millj. kr., þá væri það ekki skemmtileg þjóðfélagsmynd, sem við blasti, og ekki uppörvandi fyrir útgerðina. Ég held þess vegna, að ekki sé vanþörf á, að fram komi glöggar upplýsingar um afurðasölu okkar, svo að menn geti betur gert sér grein fyrir, hvernig málin standa. Þá mætti einnig reyna að komast að samkomulagi um aðra leið til hjálpar útgerðinni, sem vonir stæðu um, að gæti leitt til betri árangurs. En náist ekkert samkomulag um raunhæfar aðgerðir til bóta á þessu ástandi, þá neyðast menn auðvitað til þess að grípa til einhverrar ábyrgðar sem neyðarúrræðis til þess að forða útgerðinni frá að verða færð í kaf af fyrstu verðfallsbylgjunni, sem á landið skellur.

Þá vil ég benda á það, að ef inn á þessa braut verður farið og ef ekkert liggur fyrir í þessu máli, sem bent gæti til raunhæfrar úrlausnar, þá verður það óhjákvæmilegt að taka hér með aðrar útflutningsvörur. Ég vil benda hv. n. á landbúnaðarafurðirnar í þessu sambandi. Ef farið er inn á þá braut á annað borð að setja slíka tryggingu fyrir lágmarksverði, þá verður það að ganga sem jafnast yfir.

Forsrh. (Ólafur Thors): Það er fyrst viðvíkjandi flutningi hæstv. atvmrh. á þessu frv. Rök hæstv. ráðh. fyrir þessari óvenjulegu málsmeðferð eiga að vera þau, að málið hafi verið komið í eindaga og ekki hafi verið annar kostur fyrir hendi til að flýta fyrir málinu. En hafi þetta vakað fyrir hæstv. ráðh., þá hefur honum áreiðanlega mistekizt. Hafi aftur á móti vakað fyrir ráðh. að setja sinn pólitíska stimpil á frv. og eigna sér það, en ekki stj., þá er það skiljanlegt, að ráðh. flutti þetta stórmál inn í þingið án þess að hafa samvinnu um það við samstarfsflokkana í ríkisstj. Ef hæstv. ráðh. hefði viljað fá skjótan endi á þetta bundinn, þá vissi hann líka, að leiðin var sú að tala við okkur um málið, einkum þar sem honum var ljóst, að ég hafði fyrir nokkrum vikum rætt um þetta við báða samstarfsflokka mína í ríkisstj. Og ég endurtek það, að ég tel, að fyrir hendi hafi verið möguleikar til þess að leysa þessi mál þannig, að útgerðin hefði mátt við una, án þess að það hefði haft raunverulega áhættu í för með sér fyrir ríkissjóð.

Ég vil vegna þess, sem hv. 1. þm. S-M. sagði, leiða athygli manna að því, að það er fleira en vöxtur vísitölunnar, sem veldur því, að útgerðin þarf að fá hærra fiskverð en hún nú fær. Ég hef heyrt fróða menn minnast á það, að vísitalan þyrfti að vera 220 stig, ef útgerðin ætti að standa undir 50 aura verði á fiski. Varðandi spurningar hv. þm. um það, hvort ekkert hafi verið gert til þess að afla markaða, þá vil ég í fyrsta lagi segja frá því, að í októbermánuði átti hæstv. atvmrh. tal við mann, sem hér hafði dvalið, hr. Semenow, umboðsmann frá Exportkhleb, sem er innkaupastofnun Sovétríkjanna og sú stofnun, sem Íslendingar sömdu við um afurðasölurnar á s. l. vori. Þessi maður lét í ljós, að Sovétríkin mundu hafa áhuga á því að kaupa mjög mikið magn af íslenzkum sjávarafurðum eða jafnvel allar, sem Íslendingar framleiddu til útflutnings. Eftir því sem hæstv. atvmrh. tjáði mér og eftir því sem staðfest var af öðrum mönnum, sem áttu tal við hr. Semenow, þá lá það nokkuð víst fyrir, að ef Sovétríkin gætu fengið verulegt magn af síldarolíunni íslenzku og þorskalýsi, þá mundu þau kaupa verulegt magn af þeirri vöru, sem Íslendingar óskuðu helzt að selja. Í bréfi, sem Landssamband ísl. útvegsmanna skrifaði atvmrh. að gefnu tilefni, þar sem rætt var um verðhugmyndir, var talað um tvenns konar verð. Annað var 25 aurum lægra en það, sem frv. atvmrh. fer fram á, en rætt var um, að Íslendingar þyrftu að fá nokkru hærra verð fyrir hraðfrystan fisk en áður. Og mér hefur skilizt á hæstv. atvmrh. og n., sem tilnefnd var til þess að tala við hr. Semenow, að ekki þyrfti að stranda á þessu. Hins vegar skal ég viðurkenna það, að fram kom ákveðin tregða frá hendi Íslendinga um að láta strax þá vöru, sem Rússar óskuðu helzt eftir að fá. Þetta mun hafa komið fram við umboðsmann Exportkhleb. N. átti tvo fundi með herra Semenow, 24. og 29. okt. Á fyrri fundinum kom í ljós, að hr. Semenow taldi, að Sovétríkin hefðu áhuga á að kaupa sjávarafurðir Íslands, en þó að því tilskildu, að þau fengju verulegt magn af síldarolíu og þorskalýsi. En þar sem ekki lá fyrir verðtilboð um neinar þessar vörur, ákvað n. að beita sér fyrir að leita slíkra tilboða. Síldarútvegsnefnd kvaðst ekki geta gert nein tilboð vegna þess: 1) að ógerlegt væri að ákveða ferska verðið, meðan ekkert væri vitað um verð á bræðslusíld, 2) ekkert væri vitað um, hvort atvmrh. fæli n. sölu síldarinnar að ári, og 3) kosning ætti bráðlega að fara fram í n., og vissi því enginn, hverjir skipuðu n. næsta ár. Stjórn Síldarverksmiðja ríkisins kvaðst ekki hafa hugsað sér að bjóða síldarolíu að sinni, þar sem verð færi mjög hækkandi. Svipað svar fékk n. frá þeim, er aðallega fara með sölu þorskalýsis. Þessir aðilar vildu sem sagt

ekki gera nein verðtilboð, nema því aðeins, að ríkisstj. krefðist þess af þeim og tæki jafnframt þessi mál í sínar hendur. Þannig stóðu málin, þegar ég átti tal við samstarfsmenn mína um það, hvort ekki væri rétt, að ég kallaði saman sem utanrrh. nokkra þá aðila, sem hér áttu hlut að máli, og reyndi að knýja fram tilboð í þá vöru, sem Sovétríkin óskuðu eftir að fá, en það taldi ég nauðsynlegt til þess að geta tryggt hagsmuni útvegsins á öðrum sviðum, enda var það ekki nema sanngjarnt, að þeir, sem vildu kaupa fiskafurðir okkar, fengju einnig verulegt magn þeirrar vöru, sem þeir óskuðu meir eftir. Um þetta var svo haldinn fundur í utanrmn. 24. okt., að ég hygg, og samkv. skýrslu, sem um það hefur verið gefin til hæstv. atvmrh., var niðurstaða fundarins þessi: Þar voru mættir níu menn frá ýmsum greinum sjávarútvegsins, og þar með tveir nm., sem atvmrh. hafði skipað til þess að semja við Semenow, umboðsmann frá Exportkhleb. Svo gefa þeir skýrslu, þessir nm., til atvmrh., og í henni segir:

„Í lok þessa fundar lýsti forsrh. yfir því sem niðurstöðu fundarins, að fulltrúar íslenzkra framleiðenda væru fúsir til þess að hefja nú þegar viðræður og samningaumleitanir við fulltrúa ríkisstj. eða verzlunarstofnana Sovétríkjanna um viðskipti milli landanna. Hins vegar óskuðu þeir ekki að nefna verð eða magn, fyrr en samningarnir hæfust við menn með umboði, en hann fyrir sitt leyti óskaði, að það gæti orðið sem fyrst, helzt innan viku eða svo. Bezt taldi hann, ef samningar gætu farið fram hér á landi, en þó væri það ekki nein krafa. Bað hann þá nm., sem mættir voru á fundinum, að tilkynna hr. Semenow þessa niðurstöðu fundarins.

Daginn eftir, 29. október, boðaði nefndin hr. Semenow til sín. Á þeim fundi voru hinir sömu og á fyrri fundinum, 24. október.

Skýrðum vér hr. Semenow frá því, að oss hefði ekki tekizt að fá fram tilboð, eins og vér höfðum lofað að reyna, en sögðum honum frá fundi þeim, sem forsrh. hafði haldið daginn áður, og hvað hann hefði sagt í fundarlokin. En frá því er greint hér að framan.

Hr. Semenow spurði, hvort hann mætti síma þessi ummæli forsrh. til Moskvu og bera hann fyrir þeim, og svöruðum vér játandi. Hann kvaðst þá mundu gera það. Bjóst hann við, að það mundi taka nokkra daga að fá svar að austan, en hann mundi láta n. vita, þegar svarið kæmi."

Í lok þessarar sömu skýrslu, sem er dagsett 13. nóvember 1946, segir einnig frá því, að hr. Semenow sé farinn af Íslandi og muni varla væntanlegur hingað til landsins aftur fyrr en eftir tvær vikur, og lýkur skýrslunni á þessa leið:

„N. hefur því komið sér saman um að beina því til yðar, herra atvmrh., hvort ríkisstj. mundi ekki telja rétt að leita eftir því með milligöngu utanríkisþjónustunnar, að þessum málum verði hraðað, svo sem unnt er."

Ég hef fengið þessa skýrslu og tel heimilt að skýra frá þessu. En ég hef ekki fengið nein tilmæli um það frá hæstv. atvmrh. að hefjast handa í málinu. Ég gerði mér vonir um, að hr. Semenow mundi koma aftur, til þess að eitthvað væri hægt að gera í málinu, og ég hygg, að hans muni vera bráðlega von hingað. En vegna þess að dregizt hefur, að hr. Semenow kæmi úr för þessari, sem sjálfsagt stendur í sambandi við það, að hann er mikils virtur maður hjá stjórn sinni og stjórn Sovétríkjanna stendur í samningum við mörg ríki, og af því að við erum sjálfsagt ekki þeir einu menn í veröldinni, sem þeir þurfa að tala við um viðskiptamál, — vegna þess að koma hr. Semenow hingað aftur hefur dregizt, sneri ég mér til sendiráðs okkar í Moskvu og lagði fyrir það að óska, að hraðað yrði svari um það, hvort Sovétríkin vildu senda hingað nefnd, og ef ekki, hvenær við mættum senda samninganefnd. Tjáði sendiráðið, að dráttur á svari mundi stafa af margvíslegum önnum, en ekki af því, að Sovétríkin hafi ekki hug á að kaupa vörur okkar. En ég hygg, að hr. Semenow hafi sagt við hæstv. atvmrh., að málið væri í athugun. En það er ekkert undarlegt um eitt af stærstu ríkjum heims, þegar það fær skilaboð um, að við viljum selja þeim afurðir okkar, þó að stjórnendur þessara mála hjá því telji sig ekki tilbúna á þeirri stundu að tala við okkur um þetta. Við höfum reynslu fyrir okkur í þessum efnum. Svo var það í fyrra, þegar við leituðum hófanna um samninga við Sóvétríkin. Það var fyrst orðað sem möguleiki, þegar Pétur Benediktsson og Einar Olgeirsson voru í Moskva í októbermánuði. Þá munu þeir hafa orðað það, hvort Sovétríkin mundu vilja gera samninga um kaup á okkar vörum. En ég man ekki, hvort það var fyrr en í febrúar eða marz — eitthvað var það um það bil —, að svar kom um þetta. Það þarf oft að bíða þannig eftir svari frá ríkjum í svona málum, meðan þau eru í athugun. Ég geri mér þess vegna fullkomlega vonir um, að Sovétríkin muni vera fús til þess að kaupa af okkur mikið magn af vörum okkar, og ég býst við, að ýtt hafði verið eftir svari um þetta frá þeim, eftir því sem eðlilegt þykir. En við getum ekki gengið inn í ráðuneyti hjá stórveldi og sagt: „Við erum nú tilbúnir til að semja við ykkur um viðskipti, og ef þið eruð ekki tilbúnir, getum við ekki beðið eftir því, að þið verðið það."

Ég skal geta þess, að 10. nóvember s. l. tjáði hæstv. atvmrh., að hr. Semenow hefði, áður en hann fór frá Íslandi, skýrt sér frá, að komið væri svar frá Moskvu, þar sem sagt var, að málið væri í athugun. Að öðru leyti hefur hæstv. atvmrh. ekki frá dagsetningu þessarar tilfærðu skýrslu rætt málið við mig, að því einu undan skildu, að mánudaginn 2. desember talfærði ég við atvmrh., hvort ekki væri nauðsynlegt, að við færum að ræða þetta mál til þess að flýta fyrir svari frá Moskvu. Taldi hann það æskilegt. Úr þessu samtali varð þó ekki af ástæðum, sem ég hirði ekki að greina hér. En reynt var að hraða málinu með því, að ég sneri mér til sendiráðs okkar í Moskvu til að óska eftir, að það reyndi að hraða því, að svar kæmi frá Sovétríkjunum viðkomandi samningaumleitunum samkv. því, sem ég tók fram áðan. Af því, sem sendiráð okkar í Moskvu tjáði okkur, er ljóst 1) að mál þetta hefur verið rætt fullkomlega í tæka tíð við Sovétríkin og 2) að

Sovétríkin hafa, bæði í viðtali við hæstv. atvmrh. og n., tjáð sig vilja kaupa íslenzkar afurðir og talið líklegt, að verðið þyrfti ekki að standa í milli.

Hins vegar tel ég mig mega segja það, að eins og Sovétríkin hafa áhuga fyrir að kaupa vörur okkar, þá hafa Bretar það líka. Ég geri mér vonir um, að Bretar vilji kaupa af okkur ekki aðeins lýsið, sem allir sækjast eftir, heldur einnig hraðfrysta fiskinn fyrir hátt verð. Mér er einnig kunnugt um, að fleiri ríki hafa meiri og minni áhuga fyrir að kaupa afurðir okkar.

Það verður vitanlega ekkert sagt um það á þessu stigi málsins, hvort þessi ábyrgð, sem þetta frv. er um viðkomandi verði á sjávarafurðum, leggur nokkurn bagga á ríkissjóðinn. Og enn síður hefur þetta verið rætt sem liður í því heildarskipulagi, sem nokkuð hefur verið rætt sem samningsgrundvöllur á milli ráðh. núverandi stjórnar. En ég hygg, að heildarniðurstaðan af því, sem við vitum um sölumöguleika okkar afurða, sé sú, að við megum vera vongóðir, þannig að allar þær upplýsingar, sem nú eru fyrir hendi um þessi mál, heimili Íslendingum að líta björtum augum á söluhorfurnar. Og það er a. m. k. ástæða til fyrir þjóðina að vera vonglaðari um þessi efni á þessari stundu en hún hefur verið á sama tíma á undanförnum árum. Eins og nú standa sakir, tel ég miklu líklegra, að við getum selt vörur okkar við sæmilegu verði, bæði í Bretlandi og Sovétríkjunum og kannske eitthvað í Bandaríkjunum líka, heldur en ég hefði þorað að staðhæfa um svipað leyti í fyrra. Þegar farið var fram á þessar ábyrgðir vegna útgerðarinnar, vissi útgerðin ekki eins um þetta og almenningur veit nú á þessari stundu. Útgerðin hefur farið fram á, að samþ. væru þessar ábyrgðir ríkissjóðs, og henni kann að hafa verið vorkunn með það. Ég býst við, úr því sem komið er, að vart verði komizt hjá að veita þessar ábyrgðir. Ég vil ekki hafa margar fullyrðingar um það. En því minni sem áhættan er í sambandi við þessar ábyrgðir fyrir ríkissjóð, því fúsari er ég til að vera með því, að þær verði veittar. Ég er sammála því, að auðvitað verði að finna ráð til þess, að útgerðin hefjist nú upp úr áramótunum.

Ég skal svo aðeins bæta því við, að um leið og ég tel skyldu mína að segja hæstv. Alþ. frá því, sem ég er um spurður í þessum efnum, þá er ég náttúrlega ekki maður til þess frekar en neinn annar að taka neina fulla ábyrgð á því, sem fram hefur komið í þessum málum um afurðasöluhorfur, fyrr en tilboð liggja á borðinu. Ég hef ekki talað eitt einasta orð við hvorugan aðilann, gildir það jafnt á báða bóga, en það, sem ég hef sagt um þetta, hef ég sumpart eftir trúnaðarmönnum ríkisins og sumpart hef ég það frá hæstv. atvmrh., að Sovétríkin láti í ljós, að þau séu reiðubúin til að athuga möguleika á að kaupa þá vöru, sem við viljum helzt selja, ef þau fái nægilegt magn af þeirri vöru, sem þau vilja helzt kaupa.

Umr. frestað.

Á 39. fundi í Nd., 17. des., var fram haldið 1. umr. um frv.

Atvmrh. (Áki Jakobsson): Herra forseti. — Það eru aðeins örfá orð í sambandi við það, sem fram hefur komið í umr. um þetta mál.

Í sambandi við þær tilraunir, sem verðar voru til að afla markaða í Sovétríkjunum, og út af því, sem hæstv. forsrh. tók hér fram og las upp úr skýrslu, sem þeir hafa samið þessir þrír menn, sem ég nefndi til þess að eiga samtöl við Semenow, umboðsmann frá Exportkhleb, matvælastofnun Sovétríkjanna, vildi ég bæta við það, sem þar er sagt, nokkru, sem gefur skýringu á því, sem hæstv. forsrh. og utanrrh. sagði.

Það hefur verið nokkur deila um þetta, hvort slælega eða vel hafi verið unnið að því að afla markaða þessara. Ég ætla ekki að fara inn á þá deilu, heldur benda á, að þegar þessir menn, Ársæll Sigurðsson, Einar Sigurðsson og Ólafur Jónsson frá Sandgerði, fluttu þau tilmæli, að Sovétríkin sendu hingað n. til þess að undirbúa samninga um sölu sjávarafurða til Sovétríkjanna, þá vildi Semenow fá þetta staðfest munnlega eða skrifl. frá utanrrh., annaðhvort við sig eða sendiherra Sovétríkjanna. Ég flutti þá til hæstv. fors.- og utanrrh. orð um, að beiðni um, að Sovétríkin sendu menn hingað til að athuga um samninga um kaup á vörum héðan, þyrfti að var staðfest af honum sem utanrrh., annaðhvort við Semenow eða sendiherra Sovétríkjanna hér. Ég fann strax, að hæstv. utanrrh. fannst einhver tormerki á því að senda slíka skriflega beiðni, en sagði mér þó, að hann mundi eiga tal við sendiherra Sovétríkjanna, þegar þeir hittust hjá Sveini Björnssyni, forseta Íslands, þegar sendiherrann legði fram skilríki sín. En hæstv. utanrrh. hefur láðst að gera það. Og hæstv. utanrrh. hefur gleymt þessu, eins og kom fram, þegar ég talaði við sendiherra Sovétríkjanna. Það hefur ekki borizt til sendimannsins frá Exportkhleb né til sendiherra Sovétríkjanna staðfesting á þessu frá hæstv. utanrrh. Hins vegar mun Semenow hafa sent Exportkhleb tilkynningu um það, að af okkar hálfu væri óskað eftir, að hingað væru sendir menn frá Sovétríkjunum til að athuga um þessa samninga, en ekki væri beinlínis beiðni ríkisstj. hér um, að svo væri gert. Og þar sem Semenow kom ekki hingað aftur, þó að upphaflega væri gert ráð fyrir því, þegar hann fór, þá var ekki hægt að tala við hann meira um þetta hér. — Þannig liggur því ekki fyrir nein beiðni frá íslenzku ríkisstj., hvorki um, að sendir verði menn hingað frá Sovétríkjunum til að athuga um þessa samninga, né heldur beiðni um, að Sovétríkin taki við mönnum héðan í því skyni.

Hæstv. fors.- og utanrrh. sagði, að hann hefði enga beiðni fengið frá mér um þessa hluti. Það er rétt, að ég hef ekki sent slíka beiðni. En það þarf ekki nema að koma niður að höfn til þess að sjá nauðsynina á, að reynt sé að semja um sölu á fiskafurðum okkar. Ég flutti fram við hann munnlega beiðni um, að hann staðfesti þessa orðsendingu, sem hann sendi með þeim Ólafi Jónssyni í Sandgerði og Einari Sigurðssyni til þessa fulltrúa Exportkhleb, sem hér var. En hæstv. ráðh. gerði það ekki, svo að það er ekki hægt að búast við neinu af þessu, þar sem íslenzka ríkisstj. vildi ekki binda nafn sitt við þessi

tilmæli. Ég veit ekki, hvers vegna hæstv. forsrh. vildi ekki staðfesta þessi tilmæli, munnlega eða skriflega. Hann kann að hafa haft sínar ástæður fyrir því. Ég veit það ekki. Og er kannske að finna einhverjar skýringar á þessu í þeim fréttum, sem okkur eru að berast utan úr heimi um ýmsar aths. manna hér á Íslandi í sambandi við viðskiptamál.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv.

Frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

24. Landshöfn og fiskiðjuver á Rifi.

Á 16. fundi í Sþ., 10. des., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um landshöfn og fiskiðjuver ríkisins á Rifi á Snæfellsnesi (þmfrv., A. 198).

Á 37. fundi í Nd., 13. des., var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 20 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Atvmrh. (Áki Jakobsson): Herra forseti. — Þetta er mál, sem mikið hefur verið um rætt, og fylgir frv. nokkuð ýtarleg grg. ásamt álitsgerð frá vitamálastjóra. Það er því ekki þörf á langri ræðu frá minni hendi um málið nú.

Tilefni þessa máls er það, að svo er háttað á utanverðu Snæfellsnesi, að þar er engin höfn, sem sæmileg geti talizt, til þess að þaðan sé hægt að stunda fiskveiðar. Þó eru þarna á utanverðu nesinu tvö þorp, sem að vísu hafa staðið í stað undanfarin ár, vegna þess að aðstaða til sjósóknar er svo erfið þarna, sérstaklega þó eftir að aðstaða batnaði í öðrum verstöðvum, þannig að hinir athafnasamari menn hafa yfirleitt leitað með stærri báta á aðra staði, þar sem betri eru hafnir. — Nú er svo komið fyrir íbúunum þarna á þessu nesi, að annaðhvort er að gera, að fólkið verði að fá þarna hafnarskilyrði, sem tryggi því að geta sótt sjó í flestum veðrum, þegar hægt er að sækja sjó í öðrum verstöðvum, og að geta rekið atvinnuveg sinn uppihaldslaust, sem það gæti, ef það fengi einnig fiskiðjuver, eða það verður að hætta að búa þarna og flytja burt. Á síðustu tímum hefur mikið borið á því, að íbúarnir þarna í þessum þorpum hafi flutzt þaðan og hingað til staða við Faxaflóa, og þá ekki sízt til Reykjavíkur. Og það er til þess að reyna að stöðva þennan straum og gera þetta pláss byggilegt aftur, að þarna er lagt til, að komið verði upp höfn. — Ýmis fleiri rök liggja að því, að rétt sýnist að koma þarna upp höfn. Þarna eru góð fiskimið rétt uppi í landsteinum, þannig að þarna er nokkurra mínútna ferð út á fiskimiðin, sem eru að ýmsu leyti sambærileg við beztu fiskimið okkar við Faxaflóa. Ef þarna væri höfn, væri hægt að reka þarna bátaútveg með fullt eins miklum árangri eins og þar, sem bezt er hér við Faxaflóa. En þessi fiskimið hafa ekki verið hagnýtt að þessu, nema að tiltölulega litlu leyti. Þó hefur verið nokkuð um það, sérstaklega hafa bátar af Vestfjörðum verið gerðir út þarna til útilegu til að verka fiskinn um borð og flytja burt. En á meðan á stríðinu stóð, hefur verið minna um þetta en áður, að bátar hafi lagt stund á veiðar þarna, en einkum verið gerðir út frá Grundarfirði. — Það virðist erfitt að halda bátum þarna út til útilegu, þegar betri aðstaða er til þess á öðrum stöðum. Má því gera ráð fyrir, að þessi útgerð muni dragast mjög mikið saman þarna, og kannske falla alveg niður, ef hafnarskilyrði verða ekki bætt. En þá yrði svo komið, að þarna væru mjög dýrmæt fiskimið, sem þá lægju mikið til ónotuð. Þannig er nú ástatt fyrir mönnum, sem eiga báta þarna vestur frá, að þeir verða að liggja í landi dögum saman, þegar sæmilegt sjóveður er, vegna þess að þeir komast ekki frá landi. Loks, þegar þeir komast á sjóinn verða þeir að bíða eftir sjávarföllum til þess að geta lent. Og ef nokkuð breytist veður, getur svo farið, að þeir verði að fara langar leiðir til þess að komast í höfn annars staðar eða fara suður fyrir nesið og liggja þar. Vegna þessa ástands er útlit fyrir, að ekki verði lengi stunduð útgerð með þessu móti á þessum stað, enda eru menn í hópum að gefast upp við það.

Rifsós er gömul höfn, og frá náttúrunnar hendi eru þarna nokkuð einstakir hlutir, sem ég býst við, að séu hvergi til á landinu annars staðar, stórgrýtisgarður til varnar gegn öllum sjóum úr tveimur áttum — algerlega frá náttúrunnar hendi. En innan við þann garð er ægissandur, nægilega djúpur til þess, að þar sé hægt að koma upp fullkominni hafskipahöfn með því einu að grafa upp sandinn og setja upp hafnarbakka. Þeir, sem þarna eru kunnugir, og þeir, sem rannsakað hafa þennan stað, telja, að þarna sé mjög æskileg aðstaða að öllu leyti til þess að koma upp höfn, og telja, að hún ætti ekki að þurfa að verða svo mjög dýr. Ég álít, að framkvæmdum megi haga þannig — og hef rætt um það við kunnáttumenn — , að hægt sé með tiltölulega litlum tilkostnaði að koma þarna fyrir mjög sæmilegri bátahöfn, þannig að hægt væri að nota mannvirkin mjög fljótt, eftir að byrjað væri á að byggja bryggjuna.

Rifsós liggur á milli Hellissands og Ólafsvíkur, og mun ekki vera þangað nema 3 til 4 km frá Sandi og 11 km frá Ólafsvík. Með því að setja bæði þessi þorp í vegarsamband við Rifsós mundi því hafnargerð þar koma þessum tveimur þorpum að mjög miklu gagni, þannig að menn, sem byggju í þessum þorpum, gætu haft útgerð sína á þessum stað, á Rifi. Gæti þannig fólkið í þessum þorpum haft betri afkomu en það býr nú við, ef þessi mannvirki, sem í frv. er gert ráð fyrir, yrðu reist. Og það er ekki vafi á því, að ef höfn væri komið upp á Rifi, eins og það er utarlega á nesinu, gætu mörg skip leitað þarna hælis í vondum veðrum, í stað þess að leita upp á von og óvon þess úrræðis að fara fyrir Snæfellsnesið og hingað í flóann. Maður veit, að illa

hefur farið fyrir mörgum skipum, sem reynt hafa að fara þannig fyrir nesið í vondum veðrum.

Vil ég leyfa mér að leggja til, að frv. þessu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. — Mér finnst ekki mega minna vera en ég þakki samrh. mínum, hæstv. atvmrh., fyrir þá hugulsemi, sem hann hefur nú sýnt mér með því að bera hér fram frv., sem ég hef verið að undirbúa nú um nokkurt skeið og látið gera athuganir í sambandi við. En þessi hæstv. ráðh. hefur tekið af mér ómakið um að flytja málið og borið það fram í frv.-formi og látið fylgja teikningu af fyrirhuguðum mannvirkjum þarna, lýsingu á hafnarstæðinu og áætlun vitamálastjóra. Ég er honum náttúrlega þakklátur fyrir þessa alveg sérstöku hugulsemi, fyrst og fremst af því, að það er engum ljósara en mér, hver þörf er á, að höfn sé byggð á þessum stað, eða a. m. k. nálægt þessum stað, af ástæðum, sem hann nú lýsti að nokkru leyti.

Þarna hagar svo til, að þær hafnir, sem þarna eru nærri, Sandur og Ólafsvík, eru mjög ófullkomnar. Hins vegar eru fiskimið þarna skammt undan ströndinni, og er því mikil þörf á, að úr sé bætt þarna um hafnarskilyrði.

Hæstv. atvmrh. segir í grg. frv., að íbúarnir við utanvert Snæfellsnes hafi fyrir löngu séð, að við svo búið mætti ekki standa. Þeir hafi komið auga á Rif á Snæfellsnesi sem líklegt hafnarstæði, og að tilhlutun þeirra hafi vitamálastjóri látið fram fara rannsókn á hafnarskilyrðum þarna, látið fram fara nauðsynlegar mælingar og kortlagt staðinn. — Þetta er nú að vísu ekki fyllilega rétt. Ég leyfi mér að fullyrða, að það er að mjög verulegu leyti rangt, því að íbúarnir á utanverðu Snæfellsnesi hafa ekki alls fyrir löngu ekki verið á því, að höfn skyldi byggð þarna. Þegar ég hafði verið vitamálastjóri um nokkurra ára skeið, kom ég á þennan stað og skoðaði hann. Ég sá strax, hve góð hafnarskilyrði voru þarna, og athugaði ég þá staðinn að nokkru leyti. Þá var mér ekki kunnugt um eina einustu rödd, sem nokkurn tíma hefði komið fram um, að höfn þyrfti að byggja á þessum stað. — Nokkru síðar, eða 1942 um vorið, kom til mín sendinefnd frá Snæfellsnesi, sem vildi láta endurbæta hafnirnar á Sandi og í Ólafsvík og í Grundarfirði. Ég hafði orð á því við þessa sendinefnd, hvort ekki mundi vera heppilegra að gera eina góða höfn á Rifi í stað þriggja, sem væru heldur ófullkomnar. — Einn af þessum sendinefndarmönnum var flokksbróðir núverandi hæstv. atvmrh. — Nokkru eftir að þessi orð höfðu farið á milli mín og sendinefndarinnar, kom heilsíðugrein í blaði hæstv. ráðh., og var sagt þar, að Alþfl. ætlaði að taka upp íbúana á Sandi og í Ólafsvík og flytja þá nauðungarflutningi á annan stað. Svona var andinn hjá þessum flokksmönnum þá í þessu efni. Og að segja, að athugun eða rannsókn hafi verið gerð í þessu efni að tilhlutun íbúanna á utanverðu Snæfellsnesi, er fjarri sannleikanum. Ég fékk því til vegar komið, að nokkur athugun var gerð á hafnarskilyrðum á þessum stað. Aðeins bráðabirgðarannsókn þarna leiddi í ljós, að þarna eru frá náttúrunnar hendi góð skilyrði til hafnargerðar. Þarna er klapparbotn, sem rís rétt fyrir utan höfnina uppi í sjávarmáli og getur skýlt höfninni vel, ef ofan á hann er byggt, og má nota hann að mjög verulegu leyti sem skjólgarð fyrir höfnina. En þarna er svo grunnt, að höfnin er alveg ónothæf fyrir nokkurt skip. — Það voru gerðar bráðabirgðarannsóknir á því, hvernig mundi vera að grafa þarna upp höfnina. Hæstv. atvmrh. sagði í sinni ræðu, að þarna væri ægissandur, sem mætti með tiltölulega litlum tilkostnaði grafa burt. Það er mjög fjarri sanni. Mjög verulegur hluti af botninum í þessari höfn er mjög grýttur. En þó mun vera hægt með tækjum, sem væntanleg eru til landsins, að vinna bug á þeim erfiðleikum. En af því að hæstv. forseti hefur bent mér á, að fundartími væri að verða á þrotum, skal ég fara fljótt yfir sögu.

Svo hagar til, að í Ólafsvík eru líka talsverðir möguleikar á hafnargerð í stórum stíl, ef ekki er haldið sig að því sama fyrirkomulagi þar, sem verið hefur, heldur flutt um set. Það hefur verið ósk manna í Ólafsvík og þar í grennd, að sá möguleiki yrði mjög vel athugaður, áður en nokkru yrði slegið föstu um Rif. Þetta var vitamálaskrifstofunni falið að gera árið, sem leið. En mér hafa ekki borizt skýrslur um rannsókn á hafnarskilyrðum í Ólafsvík og Rifi eða um samanburð á þeim stöðum í þessu efni. Og það var ein ástæðan til þess, að ég treysti mér ekki að svo komnu að flytja frv. um þetta efni, heldur vildi ég fá úr því skorið, hvort ekki væri hægt með svipuðum eða sama kostnaði að koma upp höfn þarna í Ólafsvík eins og á Rifi. Annað atriði, sem hæstv. atvmrh. gengur fram hjá, er, að vegarsambandið milli Ólafsvíkur og Rifs og Ólafsvíkur og Sands er þannig, að það er mjög erfitt að gera þar varanlegar umbætur, sem tryggi þar vegarsamband á öllum tímum árs. Það mundi kosta mjög mikið fé, svo að skipti milljónum kr. Ekki hefur hæstv. atvmrh. séð ástæðu til að taka það með í reikninginn. En óneitanlega er höfn á Rifi gagnslítil, ef ekki eru samtímis og hún er gerð gerðar ráðstafanir til þess að koma þarna á góðu vegarsambandi.

Aðalniðurstaða mín er því sú í þessu máli, að það þurfi miklu betur en gert hefur verið að athuga möguleikana á hafnargerðum á þessum tveimur stöðum og gera þar á samanburð og setja upp nákvæmari áætlun um það en vitamálastjóri hefur sett hér upp í bréfi, sem hér fylgir frv. og er, að ég ætla, skrifað til samgmrn., þó að það sé hér komið sem fskj. — Þá voru þær áætlanir, sem þá voru gerðar, eingöngu lauslegar bráðabirgðaáætlanir og tæplega það ýtarlegar, að hægt sé að hugsa sér að byggja á þeim sérstaka lagasetningu.

Enn fremur vil ég geta þess, að enn er annar staður, sem einnig kemur til álita, er gera þarf út um, hvar heppilegast sé að gera vandaða höfn á Snæfellsnesi, og það er Grundarfjörður. Sá staður er frá náttúrunnar hendi að mörgu leyti ágæt höfn, svipað eins og Rif, og að ýmsu leyti hægt að gera þar hafnarbætur, og hafa verið gerðar þar hafnarbætur

fyrir nokkur hundruð þús. kr. á undanförnum árum, svo að skip geti fengið þar sæmilega afgreiðslu. En það er um þennan stað að segja, að hann liggur að vísu nokkru innar og fjær miðunum en Rif, og þess vegna er náttúrlega ekki eins stutt að sækja sjó þaðan eins og frá Rifi. En sá munur er þó ekki meiri en það, að ef það út af fyrir sig væri það eina, sem á milli bæri, þá þyrfti það ekki að mínu viti að valda neinum úrslitum.

Ég tel þess vegna, að það þurfi að liggja fyrir miklu ýtarlegri upplýsingar um málið en nú eru fyrir hendi, áður en hægt sé að taka ákvörðun um það að lögfesta, hvern af þessum stöðum eigi að velja til þess að koma þar upp fullkominni höfn á þann hátt, sem hér er gert ráð fyrir í þessu frv. Og það hef ég falið vitamálaskrifstofunni að gera og býst við að fá frá henni þær niðurstöður, sem óskað hefur verið eftir.

Ég fyrir mitt leyti hef sízt á móti því, að þetta frv. gangi hér áfram til afgreiðslu. En ég vildi eindregið mælast til þess, að áður en hv. sjútvn., sem væntanlega fær málið til athugunar, afgreiðir það, kynni hún sér ástæður í málinu samkv. því, sem ég hef nú tekið fram, kynni sér það, hvað liggur fyrir af upplýsingum varðandi þessi atriði, sem ég hef minnzt á, og hvað kann að vanta af nauðsynlegum upplýsingum og hvort ekki væri eðlilegra, að þær upplýsingar, sem væntanlegar eru, komi, áður en málið er afgr. Ég viðurkenni þörfina fyrir höfnina. Ég hef — alveg skrumlaust sagt — sennilega meira en hæstv. atvmrh. athugað þetta mál og það kannske áður en nokkrir aðrir höfðu beint huga sínum að því, þó að það hafi ekki verið borið fram í frv.-formi hér enn. En það er af þeim ástæðum, sem ég hef greint. — Ég vil þess vegna allra manna helzt mæla með því, að þetta mál geti fengið mjög ýtarlega og nákvæma athugun, en hins vegar, að því verði ekki flaustrað af, án þess að þær athuganir séu fyrir hendi.

Umr. frestað.

Á 38. fundi í Nd., 16. des., var frv. tekið til frh. 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 39. fundi í Nd., 17. des., var fram haldið 1. umr. um frv.

Atvmrh. (Áki Jakobsson): Herra forseti. — Það eru aðeins nokkur orð út af ræðu hæstv. samgmrh. Ég á nú bágt með að fallast á, að ég sé að taka fram fyrir hendurnar á honum, þótt ég hafi flutt þetta frv. Ég flyt það ekki sem ráðh., heldur sem þm. og samkvæmt beiðni áhugamanna á Snæfellsnesi. Það er samið í samráði við þá. Ég efast ekki um, að hæstv. ráðh. hafi ýmislega þekkingu á þessu máli og sé mér að því leyti fremri. En það er búið að rannsaka hafnarskilyrði á Rifi, og virðast þar vera góð hafnarskilyrði. Annars hefur verið deilt um það, hvar gera ætti framtíðarhöfn á Snæfellsnesi, og hefur verið talað um Sand, Ólafsvík og Grundarfjörð auk Rifs. En ég býst nú við, að menn almennt á Sandi, og jafnvel í Ólafsvík, hafi nú áttað sig á því, að sennilega sé æskilegast og auðveldast að gera höfn á Rifi allra þeirra staða, sem um er að ræða á þessu svæði. Því eru menn nú almennt á Sandi og að miklu leyti í Ólafsvík orðnir sammála um að einbeita sér að því, að höfnin verði á Rifi. Ýmislegt yrði náttúrlega að rannsaka þar betur, og það yrði sjálfsagt gert. En ég er þeirrar skoðunar, að rannsókn hafi dregizt óhóflega lengi hjá hæstv. samgmrh., og býst ég við, að það sé álit manna á Snæfellsnesi, að þeir lifi ekki af því, sem hann hefur í hyggju að gera. Ég gekkst í þetta mál sökum þess, að hæstv. ráðh. hefur dregið rannsóknina úr hömlu, og fyrir hönd þeirra manna þar vestra, er telja Rif geta orðið góða höfn og útgerðarstað með tiltölulega litlum tilkostnaði. Ég vil einmitt benda á í þessu sambandi, að hæstv. samgmrh. lofaði því sérstaklega á fundi fyrir kosningar í vor, að nú skyldi rannsókn verða hraðað, en það loforð var ekki efnt fyrr en síðast í haust, og sýnir það vel áhugann á málinu. Hæstv. ráðh. sagði, að athuga þyrfti og rannsaka, hvor staðurinn væri hagkvæmari, Rif eða Ólafsvík. Mér virðist þá, að segja ætti, að rannsaka þyrfti, hvaða staður væri heppilegastur, en binda sig ekki endilega við annan hvorn þessara staða, það væri rökréttara. Að velja Ólafsvík er sama og leggja Sand niður. Ég er ekki að segja, að Ólafsvík sé útilokuð, og ef skilyrði reyndust þar betri en á Rifi, er sjálfsagt að taka tillit til þess. En í Ólafsvík hagar nú þannig til, að hafnarmannvirkin eru á þurru landi, eins og stendur, og tilraunir til dýpkunar hafnarinnar *hafa reynzt óforsvaranlega dýrar og* ekki komið að fullum notum. Það er álit almennings þar, að ekki þýði að halda þeim tilraunum áfram og að hafnarmannvirkin séu lítils virði. Á Sandi eru hafnarmannvirkin ónothæf, eins og er. Þar er útfiri mikið og útgerð leggst þar niður, ef ekki er úr bætt.

Þá sagði hæstv. samgmrh., að það mundi ef til vill kosta milljónir að gera veg milli Ólafsvíkur og Rifs. Ég fór vestur þangað í sumar og hitti vegamálastjóra, er var að athuga veg milli Sands og Ólafsvíkur, og hann sagði, að um Ennisdal að Hlíði, eða Sandi, væri um 11 km leið og engin sérstök torfæra á milli Ólafsvíkur og Rifs. Enn fremur sagði hann, að vegagerð á þessari leið væri ekkert sérstakt vandamál, nema vegurinn væri lagður yfir Ennið eða undir Enni. En ekki kvað hann þess þurfa, heldur væru fullkomnir möguleikar á því að leggja hann um Ennisdal, og taldi hann ekki á því nein sérstök tormerki. Og það er sérstaklega með tilliti til þessa álits vegamálastjóra, er hann lét í ljós við fleiri en mig þar vestra, að ég hef ekki fyrr gert neina sérstaka grein fyrir vegamálunum í þessu sambandi.

Varðandi aðrar hafnir þarna á nesinu tel ég, að Rifsós ætti engan veginn að koma í staðinn fyrir þær allar að öllu leyti. Höfnin þar væri að sjálfsögðu fyrst og fremst fyrir Sand, en Ólafsvíkingar gætu raunar einnig notað hana, og væri hún þannig fyrir bæði þorpin. Grundarfjörður hefði vitanlega sína sjálfstæðu höfn, og haldið væri áfram með hafnargerð þar, en þó gætu bátar það an einnig haft afnot af höfn á Rifi sem öruggari höfn. Það er engan

veginn ætlunin, að landshöfn á Rifi kæmi fyrir eða útilokaði aðrar hafnir á nesinu, en þó ætti hún að geta orðið mikils virði fyrir Ólafsvík, ef það kæmi í ljós, að ekki væru tiltök að gera góða höfn þar. Úr því mun reynslan skera. Alþ. á ekki að kveða upp dauðadóm yfir nokkru þorpi, þó að reynslan eða lega þorpanna sjálfra geti stundum gert það.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Hæstv. atvmrh. hafði ekkert við það að athuga þó að hann flytti þetta frv. sem þm. Siglufjarðar. Þó að mér finnist flutningur þessa frv. óeðlilegur frá ráðh., mun ég ekki deila við hann um það atriði. En burt séð frá því hef ég sitthvað við frv. að athuga. Ég tel málið alls ekki nægilega undirbúið til þess að bera það fram hér. Hæstv. ráðh. sagði, að lokið væri að rannsaka skilyrði fyrir höfn á Rifi til fulls. Þetta er ekki nema að nokkru leyti rétt. Staðurinn hefur verið kortlagður, en aðeins örfáar prufur gerðar af því, hvað djúpt væri á fastan botn, en slík rannsókn er hvergi nærri fullnægjandi, ef byggja skal þarna landshöfn. Ráðh. sagði enn fremur, að rannsóknin hefði dregizt af völdum mínum, en þetta er alls ekki rétt. Ég hef fyrir löngu óskað eftir því við vitamálaskrifstofuna, sem hefur með þessi mál að gera, að hún framkvæmdi þessa rannsókn, en sökum anna hjá þessari stofnun hefur það ekki verið hægt. Sá óhóflegi dráttur, sem ráðh. kennir mér um, er því óviðráðanlegur af gildum orsökum, en alls ekki mér að kenna. En eins og ég hef áður sagt, tel ég, að þessi rannsókn sé ekki nægilega langt komin, til þess að hægt sé að hefja byggingu hafnarmannvirkja, sem kosta tug, ef ekki tugi millj. kr. Í þessu frv. er að vísu gert ráð fyrir 5 millj. kr. til hafnargerðar, en 4 millj. til fiskiðjuvers. En ég er sannfærður um, að hafnargerðin kostar ekki 5, heldur 10 millj. kr., því að þessar 5 millj., sem hér er gert ráð fyrir, fara allar í skjólgarð, sem verður að byrja á að byggja. Með öðrum orðum, þó að þessar 5 millj. verði lagðar fram, fæst örlítið afdrep, en þá er engin bryggja fengin. Af þessu er það sýnilegt, að slík mannvirki sem hér er gert ráð fyrir kosta ekki undir 20 millj. kr., en til þess að leggja í slíkt fyrirtæki tel ég þurfa traustari grundvöll en hér er fyrir hendi, meðan rannsóknir eru ekki fullkomnari en nú á þessum stað.

Hæstv. ráðh. sagði, að ekki mætti stilla dæminu upp þannig, að ætlazt væri til, að þessi höfn yrði endilega fyrir öll þorpin á Snæfellsnesi, heldur bæri að gera þar víðar góðar hafnir, ef þess þyrfti. En þá hygg ég, að við Íslendingar séum ríkari en ég hingað til hef haldið, ef við getum byggt hafnarmannvirki fyrir tugi milljóna með 6 km. millibili.

Þá var ráðh. að tala um, að hann hefði hitt vegamálastjóra þar vestra í sumar og hefði hann talið kleift að leggja veg frá Ólafsvík að Rifi. Þetta er að sjálfsögðu rétt, en það liggja bara engar áætlanir fyrir um þá vegarlagningu og alveg óransakað, hvað hún mundi kosta. Við slíkt mannvirki sem þarna er gert ráð fyrir er nauðsynlegt að hafa vegarsamband til Reykjavíkur, en frá því hefur ekki verið gengið á viðunandi hátt. Þó að það sé mjög æskilegt, að byggð verði góð höfn á Rifi sem fyrst, þá tel ég nauðsynlegt að treysta betur grundvöllinn að því mannvirki, áður en lengra er haldið. Það getur vel verið, að hæstv. ráðh. telji það óhóflegan drátt hjá mér, að ég skuli vilja láta ljúka rannsóknum, áður en hafizt er handa um framkvæmdir, en ég vil benda honum á, að það er ekki hægt að hlaupa í að gera mannvirki, sem kosta tugi millj. kr., eins og reisa ætti fjárhúskofa.

Atvmrh. (Áki Jakobsson): Herra forseti. Aðeins örfá orð. Ég vil þakka hæstv. samgmrh. hans fyrirheit um, að rannsókn skuli fara fram, en ég er bara á þeirri skoðun, að rannsóknum sé það langt komið, að óhætt sé að hefja verkið. Ég er langt frá því að vera á móti fullkominni rannsókn, en þarna er bara brýn nauðsyn að gera eitthvað fyrir þennan stað, svo að fólkið yfirgefi hann ekki, og svo er það vitað, að mannvirki eins og hér um ræðir verða ekki byggð á svipstundu. Það er vitað, að hafnargerð á Rifi byggist fyrst og fremst á því, að gerður verði skjólgarður, og auk þess á dýpkun. Á þessu tel ég vera hægt að byrja, eins og málin nú liggja fyrir, og mundi þessi byrjun, ef framkvæmd yrði, geta orðið strax til mikilla nota. Ástandið er þannig orðið á Sandi, að fólkið bara flytur burt úr plássinu, ef ekki verður hafizt handa. En eins og vitað er, eru þar út af ein beztu fiskimið. Það er því hreinn og beinn þjóðarskaði, ef þau nýtast ekki. Ég tel því, að ekki sé hægt að bíða eftir fullkominni rannsókn, enda hennar ekki þörf til að hefja verkið. Það má vel vera, að fullkomin hafskipahöfn þar vestra kosti 20 millj., eins og samgmrh. sagði. En ég er þeirrar skoðunar, að með því að hefja verkið og leggja til þess 5 millj. megi koma þarna upp allgóðri bátahöfn, sem svo smám saman megi bæta, eftir því sem getan leyfir.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til sjútvn. með 19 shlj. atkv.

Á 142. fundi í Nd., 23. maí, var útbýtt nál. frá sjútvn., á þskj. 1003, en frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

25. Opinberar byggingar bæjar- og sveitarfélaga.

Á 38. fundi í Nd., 16. des., var útbýtt:

Frv. til l. um aðstoð ríkisins við opinberar byggingar bæjar- og sveitarfélaga (þmfrv., A. 222).

Á 40. fundi í Nd., 18. des., var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 18 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Frsm. (Sigfús Sigurhjartarson): Herra forseti. Með bréfi, dags. 29. okt. s. l., fór hæstv. menntmrh. þess á leit við menntmn., að hún flytti fyrir hans hönd þrjú frv. Menntmn. varð sammála um flutning tveggja þessara frv., en um það, sem hér liggur fyrir, náðist ekki samkomulag, og varð niðurstaðan sú, að ég stend einn að flutningi þess. Í menntmn. hefur ekkert það komið fram, að nm. væru skilyrðislaust andvígir frv., þótt þeir hafi ekki talið sér fært að standa að flutningi þess.

Um efni frv. leyfi ég mér að vísa til grg., sem því fylgir, og til þeirra skýringa, sem hæstv. ráðh. kynni að vilja gefa um það hér í hv. d.

Ég sé ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta mál, en óska, að því verði vísað til 2. umr. og menntmn., sem að sjálfsögðu mun taka það til athugunar milli umr.

Gísli Sveinsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð, sem ég vildi láta falla um þetta mál við 1. umr. þess. Tilefnið er það, að það er nokkuð óvanalegt, hvernig n. stendur að flutningi þessa máls, en þegar á þessu stigi væri mjög æskilegt að fá að vita, hvort hinn nefndarhlutinn, þ. e. hv. meiri hl., hefði þegar tekið afstöðu til málsins og gegn því, því að það fer ekki leynt, að héruð landsins geta ekki undir neinum kringumstæðum risið undir þeim mannvirkjum, sem fyrirhuguð eru og hér er átt við, nema að litlu leyti og með stórlánum, sem, eins og nú horfir, eru ekki fáanleg nema með aðstoð löggjafans.

Vil ég vænta þess, að frv. þetta fái verulega og alvarlega meðferð í n., þar sem hér er um nauðsynjamál að ræða.

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. Þetta frv. barst n. á öndverðu þingi. Meiri hl. — þ. e. allir nm. nema hv. 6. þm. Reykv. (SigfS) — treysti sér ekki til þess að svo vöxnu máli að gerast meðflm. frv.

Í þessu frv. er um tvö atriði að ræða. Annars vegar er, að ríkisstj. fái heimild til að ábyrgjast lán, sem bæjar- og sveitarfélög taka til þeirra framkvæmda, sem í 1. gr. frv. greinir, og það er vafalaust rétt hjá hv. minni hl. og hv. þm. V-Sk., að að því getur rekið — og hafi jafnvel þegar rekið —, að það verður að veita slíka ríkisábyrgð, til þess að sveitarfélögin geti fengið lán til þessara hluta, og þekkjum við það allir. — En hér kemur svo annað atriði til greina, sem 3. gr. fjallar um, en hún hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta: „Að veittri slíkri ábyrgð ríkissjóðs er Landsbanka Íslands skylt að kaupa skuldabréf, sem bæjar- og sveitarfélög gefa út í þessu skyni.“ En hér er um atriði að ræða, sem ég fyrir mitt leyti taldi ekki rétt að taka út úr þeim miklu vandamálum, sem hafa verið rædd milli stjórnmálafl. í sambandi við stjórnarmyndun, því að þetta er atriði, sem verður að semja um í sambandi við önnur mál.

Gísli Sveinsson: Herra forseti. Ég heyrði það af orðum hv. þm. Snæf., að n. á eftir að athuga málið til hlítar, og væntanlega lætur hún ekki sitt eftir liggja um að koma efni málsins áfram, eftir því sem um semst, en það mun sýna sig, að það er ekki aðeins það, sem 1. og 2. gr. frv. fjalla um, er fjalla um ábyrgð hins opinbera, heldur hitt, hvort lán fást. Það er það, sem nú er í sjálfu sér meira áríðandi og raunhæfara, hvort lán fást, heldur en hvort ábyrgð fáist. Það er rétt, að það, sem 3. gr. frv. fjallar um, er nokkuð nýmæli, en byggist áreiðanlega á reynslu síðustu tíma, því að lánsstofnanir hafa oft neitað sveitarfélögunum um lánveitingar, og því hefur ákvæði verið sett í 3. gr. frv. um, að Landsbanka Íslands skuli skylt að kaupa skuldabréf sveitar- og bæjarfélaganna, að veittri ábyrgð ríkissjóðs, ef svo kæmi til, að þau af nauðsyn leituðu þangað um lán til framkvæmda, sem hafa verið lögfestar og af ríkinu — þegar það veitti sína ábyrgð — viðurkenndar sem sjálfsagðar. Náttúrlega geta menn sagt, að það sé enn verra, þegar byrjað er á ýmsu, eins og nú er, að allt þurfi að stranda af þeirri ástæðu, að lánsstofnanir, sem hafa ærið fé og lána til hins og þessa eftir eigin geðþótta, yrðu skyldaðar til að kaupa þessi skuldabréf. Þetta sé ég ekki, að komi við hinu stjórnmálalega þjarki í sambandi við stjórnarmyndun, en þar virðist nú allt gert að bitbeini, heldur er hér um framkvæmdaratriði að ræða, þar sem tryggja verður, að einhverjum tilgangi verði náð. Mín orð eru rökstudd af því, að þessi mál verður að taka föstum tökum, til þess að ekki verði slegið slagbrandi fyrir þær framkvæmdir, sem héruðin eru að gera, eiga að gera og ætla sér að gera. Ég skil, hvað hv. þm. Snæf. átti við, en það er að sjálfsögðu annað atriði, sem er gersamlega óskylt því, sem hér er um að ræða, og það má ekki binda öll mál, sem hljóða upp á skyldu til lánveitinga, við það atriði, sem í rauninni er hreint pólitískt atriði.

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. Hv. þm. V-Sk. furðar sig á því, að ég hef sett þetta ákvæði 3. gr. frv. í samband við umr. um stjórnarmyndun. Hann veit það vel, að í þeim umr., sem farið hafa fram undanfarið, hefur eitt hinna stóru vandamála verið lánveitingar til margs konar framkvæmda og mannvirkja. Þess vegna hljóta þau miklu mannvirki, sem frv. fjallar um, og skylda landsbankans um lán til þeirra að heyra algerlega þar undir. Ég veit ekki, hvort hv. þm. hefur gert sér grein fyrir því, hvað frv. þetta felur í sér, og mér finnst það ekki í samræmi við fjármálavarfærni hans að vilja gleypa við þessu frv. og vilja slíta þetta mál út úr samhengi við önnur, sem það á saman við.

Gísli Sveinsson: Herra forseti. Það er algerlega í samræmi við varfærni mína, sem ég tala, sem sé þá, að héruð landsins verða að sjá sér farborða, og við hér sem fulltrúar þeirra verðum að sjá um, að þar verði ekki hrun. Þess vegna er sjálfsagt að byrgja brunninn, áður en barnið er dottið ofan í, og er það því í samræmi við mína skoðun — fyrr og síðar —, að ég hef talað svo sem ég hef í þessu máli.

Frsm. (Sigfús Sigurhjartarson): Herra forseti. Þetta frv. gerir ráð fyrir heimild, en ekki skyldu,

og ég ætla, að ríkisstj. á hverjum tíma bindi ekki landsbankann þeirri byrði, sem hann geti ekki staðið undir, og hygg ég frv. á þeirri varfærni byggt, sem hv. þm. V-Sk. ræddi um.

Páll Þorsteinsson: Herra forseti. Það hefur ekki farið fram nein efnisleg atkvgr. um þetta mál í menntmn., en eins og tekið er fram í grg., þá hefur meiri hl. n. að svo stöddu ekki séð sér fært að taka þátt í flutningi frv. Það er að vísu alllangt síðan menntmn. barst bréf frá hæstv. menntmrh. með tilmælum um flutning þessa máls, en það kom til orða innan n. að doka við með flutninginn, þangað til búið væri að ræða það innan flokkanna og kynna sér nokkuð, hvernig viðhorfið mundi vera um aðalefni þess meðal hv. þm. almennt. Nú hefur því ekki orðið ágengt, a. m. k. milli stjórnmálafl., að þetta frv. væri rætt efnislega, svo að ég og fleiri meðnm. töldum rétt að doka nokkuð við með flutning þess, eins og tekið er fram í grg. og svo sem frsm. réttilega skýrði frá. Hins vegar mun nú þessi dráttur orðinn nægilega langur og vildi hv. frsm. því hrinda því af stað og koma því inn á hv. Alþ. Út af þessu vil ég bæta því við, að það er ekki ástæða til að ræða þetta mál nú efnislega, og finnst mér, að hv. þm. V-Sk. hefði getað sparað sér það, þar sem kunnugt er, að menntmn. mun að sjálfsögðu taka þetta mál til rækilegrar íhugunar í samráði við þá flokka, sem nm. skipa, og má þá vænta þess, að góð lausn fáist á þessu máli í heild.

Á hinn bóginn er það rétt, að það atriði, sem var mér a. m. k. mestur þyrnir í augum, eða það, sem mestrar aðgæzlu þarf við, er það, sem fram kemur í 3. gr. frv., er mælir svo fyrir, að Landsbanka Íslands skuli skylt að kaupa öll skuldabréf, sem bæjar- eða sveitarfélög gefa út í því skyni, sem um ræðir í 1. og 2. gr., án þess að nokkuð sé til tekið um þá heildarupphæð, sem þar gæti verið um að ræða. Vitanlega er hér um framkvæmdir að ræða, sem kosta mikið fé, og getur því orðið um allháa upphæð að ræða, sem landsbankinn verður skyldaður til að veita lán til, jafnvel hvernig sem sakir stæðu að öðru leyti.

Þessi orð vildi ég láta falla um málið, en mun ekki ræða um það efnislega, eins og það liggur fyrir nú, því að ég vænti, að tími og tækifæri gefist til að íhuga það nánar í n.

Gísli Sveinsson: Herra forseti. Ég heyri nú af ræðu hv. þm. A-Sk., að það hefur ekki verið nein vanþörf á því, að ég tæki hér til máls til þess að glöggva hann og fleiri hv. þm. á þýðingu þessa máls, en mér virðist sem hann sé nú fyrst að vakna til vitundar um, að þetta mál hafi nokkra þýðingu. Það getur verið, að hann þurfi að bíða eftir, að hans flokkur láti í ljós skoðun sína um málið, en það hefur ekki áður komið fram í n., að nauðsynlegt væri að ræða þetta mál meðal stjórnmálaflokkanna. Þess vegna var það vel til fallið á þessu fyrsta stigi málsins, að fleiri tóku til máls en einn maður, en ekki þögðu allir hinir. En nú veit ég, að þetta mál verður tekið til rækilegrar meðferðar í hv. menntmn., og þá er tilganginum náð, svo langt sem það nær. En fleiri þm. en þeir, sem eru í menntmn., verða líka að athuga málið.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv.

Forseti (BG): Ég geri það að till minni, að þessu frv. verði vísað til fjhn., því að þar á það heima, af því að það er ómótmælanlega fyrst og fremst fjárhagsmál.

Frsm. (Sigfús Sigurhjartarson): Herra forseti. Ég vildi aðeins leyfa mér að benda á það, að hjá hv. menntmn. liggur nú m. a. frv. um breyt. á l. um skemmtanaskatt. Það er eingöngu skattamál. Ég vildi enn fremur benda á, að hjá sömu n. er einnig til athugunar frv. um kirkjubyggingar. Það er um það að efni til, að ríkið skuli kosta kirkjubyggingar að ¾ og ekkert annað. Ég vil einnig benda á, að hjá menntmn. liggur frv. um hýsingu prestssetra. — Og hvers vegna á þetta mál, sem hér liggur nú fyrir, að fara til fjhn., ef þessi önnur mál, sem ég taldi, eiga að vera til meðferðar í menntmn.? Það hefur verið sagt, að kirkjumálin hafi verið látin vera til athugunar í menntmn. Það er rétt. Og skólamál eru að sjálfsögðu sett í menntmn. En skólamál og kirkjumál hafa oft mikinn kostnað í för með sér. Hér er um skólabyggingar að ræða, og hvers vegna má þá ekki þetta mál vera í menntmn.?

Annars eru dálítið einkennilegar till. hæstv. forseta um það, hvernig mál skuli fara í n., og mætti ýmislegt nefna í því sambandi.

Forseti (BG): Ég get þess, að það breytir engu um það, hvert eðlilegast er að vísa svona frv. sem þessu, sem hér er verið að afgreiða, þó að sams konar frv. kunni að hafa verið sent í menntmn. hv. þd., því að hér er um hreinan ósið að ræða. Það liggur fyrir, að þetta mál, sem hér liggur fyrir, er hreint fjárhagsmál. Og þó að hér væri eingöngu um skólamál að ræða — sem er ekki —, sem ætti að njóta þessara lána, þá ætti það að fara til fjhn. En svo er þetta frv. um heimild fyrir ríkisstj. til að ábyrgjast enn fremur lán fyrir sjúkrahús, sjúkraskýli, læknabústaði, elliheimili o. s. frv.

En annars er það hlutverk hv. þd. að skera úr um það, í hvaða n. málinu verði vísað. Ég mun sem forseti beita mér fyrir, að skynsemdar sé gætt, þegar málum er skipt milli n. hv. þd.

Gísli Sveinsson: Það er aðeins út af ummælum hæstv. forseta þessarar hv. d., reyndar kannske stundum fyrr, en ekki sízt nú, sem ég verð að láta þess getið, að þrátt fyrir góðan tilgang einstakra forseta til þess — eins og þessi hæstv. forseti sagði nú — að afnema ósiði í þinginu, þá er það staðreynd, að hér hafa myndazt venjur, sem ekki hefur verið talið svo auðvelt fyrir einn og einn forseta að vera að skaka með til og frá né hrófla mjög við upp á eindæmi. T. d. hafa skólamál — og hér er að verulegu leyti um að ræða mál, sem snertir mjög

skóla — verið látin lenda í menntmn. ásamt ýmsum fleiri málum, sem sú venja hefur myndazt um.

Nú má um það deila, hvað er skynsemd, svo að maður noti orðalag hæstv. forseta. Hæstv. forseti sagði hér áðan, að hann ætlaði að beita sér fyrir því, að skynsemd væri höfð um skiptingu mála á milli n. hv. þd. En það er matsatriði um skynsemdina, og er betra að halda sér við einhverjar reglur, sem ekki ófyrirsynju hafa komizt á. En hvers skynsemd er hér um að ræða? Það er skynsemd hæstv. forseta. En hann er mannlegur maður, þó að hann sé í þessum stóli. — Öruggast er að halda sér við venjur, sem í þessum efnum hafa myndazt, og ef ætti að skipta um n. í þessu tilfelli, þá er ekki alveg á vísan að róa um það, í hvaða n. ætti að vísa ýmsum málum, því að hér kemur fram eitt atriði í frv., sem er veigamikill þáttur frv., sem sú regla hefur myndazt um á seinni árum, að heyra skyldi undir menntmn. að athuga. Þess vegna tel ég þegar af þeirri ástæðu eðlilegast að halda sér við það, að þetta frv. sé í menntmn. Þessi n., menntmn., hefur haft málið til athugunar. Og einn hluti hennar, að vísu minni hl., hefur borið fram þetta frv. í málinu. Hv. nm. hafa enn fremur lýst yfir, að þeir ætluðu sér að taka málið til meðferðar. — Og svo ætlar hæstv. forseti að rífa það af þeim. — Þeir eru að undirbúa málið, skilst mér. Mér virðist því till. hæstv. forseta koma úr hörðustu átt, a. m. k. að vilja láta málið þannig í miðjum klíðum hoppa á milli n. — Bezt er þá líka fyrir hvern forseta, að mínu áliti — og mæli ég það að góðri tilætlan við hæstv. forseta nú, að það er rétt fyrir forseta, hverjir sem forsetar eru, að hafa samráð um það, ef breyta skyldi ýmsum reglum, sem komizt hafa upp í fulla venju, eins og viðkomandi því að vísa málum til n., en ekki láta skeika að því, hvort einum forseta þykir þetta hlýða á þessum fundi og annað á öðrum fundi, eftir því sem honum finnst málin liggja fyrir. Forseti á eftir þingsköpum að athuga þetta, og ef þarf að breyta þingsköpum, heyrir það undir lagasetningu. En þetta heyrir undir reglur, sem hlýtur að vera, að hafðar séu eitthvað á föstu.

Ég mælist þess vegna til þess við hæstv. forseta, að hann leyfi þessu máli að vera áfram í umsjá menntmn., svo að nm. gefist kostur á að gefa út rökst. álit um þetta mál, sem þeir hafa lýst hér, að þeir ætli að gera.

Forseti (BG): Ég vil benda hv. þm. V-Sk. á það, að það er ekki á valdi forseta, til hvaða n. máli er vísað. Nú sagði þessi hv. þm., að forseti ætti að leyfa — leyfa — að þetta mál, sem hér er til umr., færi til tiltekinnar n. Það er hlutverk hv. þd. að ákveða um þetta. *(SigfS:* Málið er hjá menntmn., svo að það er að taka málið frá þeirri n., ef á nú að vísa því til annarrar n.).

En í tilefni af þeirri löngu aths. hv. þm. V-Sk., þá er það að athuga, hver er meginkjarni þessa frv., sem hér liggur fyrir. Frv. þetta er um ríkisábyrgðir á lánum, sem bæjar- eða sveitarfélög taka. Það er kjarni málsins. Og við kjarna málsins verður að miða, þegar metið er, til hvaða n. á að vísa frv. Þess vegna segi ég það, að það er í samræmi við beztu skynsemd — hvort sem hv. þm. V-Sk. líkar vel eða illa, að talað er um skynsemd hér — það er í samræmi við beztu skynsemd, að þessu máli sé vísað til hv. fjhn. þessarar hv. d. — En það er hv. þd., sem sker úr um það, hvort sú till. verður samþ. eða ekki.

Stefán Jóh. Stefánsson: Ég vildi aðeins láta það álit mitt í ljós, að ég tel rétt og mæli eindregið með till. hæstv. forseta í þessu efni, því að þetta málefni, sem hér liggur fyrir, er ótvírætt þannig, að samkv. eðli sínu og fyrirmælum þingskapa á það að vera í fjhn. Það er um mjög mikla heimild til handa ríkisstj. að ábyrgjast lán fyrir öll bæjar- og sveitarfélög landsins. Og við, sem höfum setið hér svolítið á þingi, vitum það, að slík mál fá svo að segja alltaf athugun og afgreiðslu í fjhn. Þegar um er að ræða ábyrgðir ríkisins til handa einstökum bæjarfélögum, svo sem til bygginga rafstöðva og þess háttar, þá er alltaf venja að láta slík mál fara til athugunar í fjhn. Mál þetta, sem hér liggur fyrir, á samkv. eðli sínu og þingsköpum að vera í fjhn. og hvergi annars staðar. Þó að mönnum hafi skeikað, sem hafa sett þetta mál til flutnings í hv. menntmn., þá hygg ég sjálfsagt fyrir hv. þd. að leiðrétta það og láta málið koma til þeirrar n., sem samkv. eðli málsins og þingsköpum á um það að fjalla.

Frsm. (Sigfús Sigurhjartarson): Ég vildi fyrst og fremst vekja athygli á því, að hér er ekki að ræða um að vísa máli til n., heldur um það að taka mál af n., sem stundum er gert, ef hv. þm. þykir líta út fyrir, að viðkomandi n. beri sig ekki að því að afgreiða það á réttan hátt og sómasamlegan. En þetta mál er menntmn. búin að hafa í sínum vörzlum síðan 1. eða 2. nóvember. Þá var þetta mál lagt fyrir n. fyrst, og á tveimur til þremur fundum n. hefur málið verið rætt.

Þá vildi ég segja það viðvíkjandi ræðu hv. 5. landsk., sem síðast talaði — því að hann sagði, að þetta mál ætti öllum venjum og reglum samkv. að vera í fjhn., af því að það fjallar um ríkisábyrgðir — ég vil benda þessum hv. þm. og öðrum á það, að samkv. öllum venjum fjallar heilbr.- og félmn. um byggingarmál í þessu landi. Eigi að síður þykir rétt, að menntmn. hv. Ed. fjalli um byggingarmál prestssetra, af því að það er venja, að sú hv. n. fjalli um kirkjumál. Alveg eins er talið rétt og sjálfsagt, að menntmn. þessarar hv. d. fjalli um frv. um byggingu kirkna, af því að sú n. er vön að fjalla um kirkjumál.

Varðandi það, að hér sé um að ræða lagafyrirmæli um stórkostlega fjárhagslega aðstoð af hendi ríkisins, þá er það rétt. En ég bendi á, að frv. að gífurlega stórum lagabálki hefur menntmn. verið falið að athuga og afgreiða frá sér, sem er skólalöggjöfin. Sú löggjöf er í mörgum liðum, sem allir hafa í sér fólgnar heimildir fyrir útgjöld af hálfu ríkisins.

Það liggur þess vegna fyrir, hvort hv. þd. vill sýna menntmn. vantraust viðkomandi þessu máli, sem hér liggur fyrir, með því að taka það úr höndum n. Ég álít, að menntmn. verðskuldi ekki það vantraust, þó að nokkur dráttur hafi orðið á því, að málið hafi komið frá n. og verið lagt fyrir hv. þd.

Gísli Sveinsson: Það er óþarft að hafa þau orð, að menn ræði lengi um mál, þó að menn ræði nokkuð um þingsköp. Það eru ekki takmarkanir fyrir umr. um þingsköp, heldur aðeins um meginmálin. Og ég þóttist þurfa þennan tíma, sem ég tók, til þess að skýra það, sem fyrir mér vakti.

Hins vegar benti ég hæstv. forseta á það, að það getur verið dálítið reikult, þegar hann talaði um, að það ætti að ráða þessum málum eftir beztu skynsemd. En þó að maður geri ráð fyrir, að bezta skynsemdin sé hjá hæstv. forseta, þá er það svo, að ef aðrir brúklega skynsamir menn eru ekki sammála honum, þá verður það endirinn, að hæstv. forseti sjálfur dæmir um skynsemina. — Nei, betra er að fylgja einhverjum reglum í þessu efni. Og það er til viss háttur, sem hafður hefur verið um afgreiðslu slíkra mála sem þessa.

Nú hefur einn hv. þm., sem tekið hefur til máls um þetta, talað til styrktar stefnu hæstv. forseta í þessu atriði og talið, að þar sem hér væri um svo mikið fjárhagsatriði að ræða, þá hlyti málið eftir eðli sínu og reglum þingskapa að eiga að fara til fjhn. En þetta hefur ekki verið svo, heldur hefur myndazt venja í samræmi við þingsköp um, að hliðstæð mál þessu fari til annarra n. Og skal ég benda hv. þd. á það í þessu sambandi, að ég veit ekki betur en að sá stærsti lagabálkur, sem komið hefur í seinni tíð fyrir hæstv. Alþ., sem hljóðar um hin mestu fjárútlát ríkis, héraða og einstaklinga, sem getur í sögunni, að ákveðin hafi verið með einum lagabálki hér á landi, almannatryggingarnar — hvert fór frv. um þær? Fór það til fjhn. hv. d.? Nei. Það fór til þeirrar n., sem eftir eðli og efni málsins þótti hlýða, en ekki eingöngu eftir fjárhagshlið málsins. Það fór þess vegna ekki til fjhn., heldur heilbr.- og félmn., einmitt eftir till. flokksbróður þessa hv. þm.

Nú er það álitamál, hvort á að taka þetta mál, sem hér liggur fyrir, fyrir af menntmn. eða ekki. Ég tel það ekki réttmætt eftir öllum atvikum. En að sjálfsögðu læt ég mér það í léttu rúmi liggja, því að þetta er ekkert persónulegt atriði fyrir mig. En ég tel það óreglulegt og óréttmætt að taka þetta mál úr höndum menntmn.

Forseti (BG): Hv. þm. V-Sk. og hv. 6. þm. Reykv. vilja halda því fram, að þetta frv., sem nú hefur verið til umr. hér, sé sambærilegt við skólalöggjöfina og löggjöfina um almannatryggingar, og þarna kemur einmitt í ljós sá mikli misskilningur, sem verður vart hjá þeim, þegar þeir vilja, að þetta mál sé í menntmn. Ég benti á það áðan, að það, sem mér virðist a. m. k., að eigi að ráða um það, til hvaða n. þessu máli sé vísað, sé það, hvert sé höfuðefni frv., hver sé þungamiðja þess. Og er hér að mínu áliti ekki um neitt að villast í því sambandi. Í þessu frv. er þungamiðjan, að ríkisstj. sé heimilað að ábyrgjast lán. Aftur á móti var þungamiðjan í frv. um almannatryggingar að tryggja almenning í landinu gegn ýmsu, sem ég ætla ekki að telja upp nú, en mönnum er kunnugt um. Og þungamiðjan í skólalöggjöfinni er stofnun skóla og fyrirkomulag þeirra. *(SigfS:* En hvað um byggingu kirkna?) Ég hef eindregið lagt á móti því, að það mál færi í menntmn. — Annars skal ég ekki tala meira um þetta, því að það mundi leiða til þess, að forseti yrði að fara úr forsetastóli og tala frá þingbekkjum. En ég sé ekki ástæðu til og vil ekki tefja málið á því.

ATKVGR.

Till. um að vísa frv. til fjhn. felld með 12:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SkG, StJSt, EmJ, GTh, GÞG, IngJ, JóhH, JS, PO, BG.

nei: StgrSt, BÁ, GSv, HB, HelgJ, HermG, JörB, KTh, PÞ, SigfS, SG, SEH.

13 þm. (SK, ÁkJ, ÁÁ, EOl, EystJ, FJ, GÞ, HÁ, JPálm, JJ, LJós, ÓTh, SB) fjarstaddir.

Frsm. (Sigfús Sigurhjartarson): Mér þykir ákaflega undarleg þessi togstreita hæstv. forseta til að vantreysta n., sem hann hefur verið í vel og lengi og er að vísu búinn að rækja svo vel störf í, að hann mætir aldrei á fundum n. Það þýðir ekkert að lýsa vantrausti á menntmn. Það vita allir hv. þm., að þetta mál er hjá menntmn. Það hefur verið athugað þar, það hefur verið rætt þar og greidd um það atkv. í n., hvort það skyldi flutt í frv.formi. — Annað mál er það, að ég skal lýsa því yfir, að ef aðrir í menntmn. ræktu svo sín störf í n. eins og hæstv. forseti hefur gert, ætti n. skilið vantraust. Og skal ég fúslega lesa upp úr gerðabók n. og sýna, hversu oft þessi virðulegi forseti hefur mætt á fundum n.

Forseti (BG): Út af þessum orðum hv. 6. þm. Reykv. skal það tekið fram, að það er fjarri því, að ég leggi til, að þetta mál fari til fjhn., af því að ég vantreysti menntmn. Þetta veit hv. 6. þm. Reykv., að lá ekki á bak við till. mína um n. í þessu máli, því að við höfum oft rætt það í menntmn., hvaða mál ættu að vera í þeirri n., og ég hef haldið því fram, að slík mál sem þetta ættu þar ekki heima. Til vitnis um þetta eru aðrir hv. menntmnm. þessarar hv. þd. — Og lýsi ég hér úr forsetastóli jafnframt hv. 6. þm. Reykv. ósannindamann, þar sem hann sagði, að ég hefði aldrei mætt á fundum í menntmn. — En viðvíkjandi því, sem hv. 6. þm. Reykv. sagði, að þetta mál sé hjá n., þá er það ekki meiri hl. n., sem hefur tekið þetta mál að sér til flutnings, heldur aðeins einn maður í n. — Annars er mér ókunnugt um, vegna hvers hv. 6. þm. Reykv. vænir mig um, að mér gangi nokkuð annað til í þessu efni en það, að ég álít rétt, að þetta mál sé hjá þeirri n., sem ég hef lagt til, að það færi til, og er að reyna það, sem ég kalla að koma einhverri

skynsamlegri venju á það, hvernig málum sé skipt á milli n. í hv. þd.

Frsm. (Sigfús Sigurhjartarson): Hæstv. forseti hefur lýst úr forsetastóli, að ég sé ósannindamaður að því, er ég hefði sagt, að hann mætti aldrei á fundum menntmn. Ég sagði, að hann hefði nær aldrei mætt á fundum n. Mundi ég vera fús til að gefa skýrslu um það, hversu oft þessi hv. þm. hefur mætt á fundum menntmn. á síðasta þingi. En það er gott, að þessi hæstv. forseti mæli fátt, sem ýmist kann illa að haga orðum sínum vegna geðsmuna sinna eða getur varla valdið tungu sinni vegna ölvunar.

Forseti (BG): Fyrir þessi orð hv. 6. þm. Reykv. er hann víttur. Hefur þessi hv. þm. farið með ósannindi, þar sem hann lýsti yfir, að ég hefði aldrei mætt á fundum í menntmn. — Og þar sem þessi sami hv. þm. enn fremur segir, að ég geti ekki hreyft tungu mína vegna ölvunar, skora ég á hann að nefna stað þess og stund hér í heyranda hljóði. *(SigfS:* Forsetastóll er staðurinn.) Hv. 6. þm. Reykv. er víttur að nýju.

Gunnar Thoroddsen: Ég tel mér skylt sem nm. í menntmn. að mótmæla þeim alröngu ásökunum, sem form. menntmn. hefur haft um fundarstörf hæstv. forseta d., þar sem hv. 6. þm. Reykv., form. menntmn., sagði í fyrri ræðu sinni, að hann (hæstv. forseti) mætti aldrei á fundum n., en dró að vísu úr því í síðari ræðu sinni. — Fyrsti fundur í menntmn. þessarar hv. d. á þessu þingi er samkv. gerðabók menntmn., sem ég hef hér hjá mér, haldinn 5. nóvember. Þar er bókað: Allir nefndarmenn sóttu fundinn. Undirskrifað: Sigfús Sigurhjartarson. 2. fundur n. er haldinn 9. nóvember. Í fundargerð þess fundar er bókað: Allir nefndarmenn sóttu fundinn. Undirskrifað: Sigfús Sigurhjartarson. 3. fundur n. á þessu þingi er haldinn 11. nóvember. Bókað í fundargerð: Allir nefndarmenn mættir. Undirskrifað: Sigfús Sigurhjartarson. 4. fundur n. er haldinn 12. nóv. Þar er bókað í fundargerð: Allir nefndarmenn sóttu fund. Undirskrifað: Sigfús Sigurhjartarson.

Ég ætla ekki að fara lengra í þetta til sönnunar því, að hv. 6. þm. Reykv. hefur hér í ádeilum sínum viðkomandi þessu efni farið með staðlausa stafi.

Forseti (BG): Svo er annað, sem ég gjarnan vil fá nánari skýringu á, þar sem hv. 6. þm. Reykv. sagði áðan, að ég hefði verið svo drukkinn í forsetastóli, að ég hefði ekki getað hrært tungu mína. Hér er mannorð mitt, sem liggur við, sem forseta. Og ég óska eftir, að einhver hv. þm. standi upp nú á eftir og nefni votta að þessu, ef einhver treystir sér til, því að annars mun enginn trúa hv. 6. þm. Reykv. eftir það, sem nú hefur skeð. *(SigfS:* Þeir, sem hafa séð og heyrt, trúa.) Ég leyfi mér — þó að fyrir tilstilli 6. þm. Reykv. ætli að nálgast hneyksli — samt sem áður að beina þeirri ósk til hv. þdm., að ef einhver þeirra hefur merkt vín á mér í forsetastóli — hvað þá, að ég hafi ekki getað talað sökum ölvunar í forsetastóli — þá standi hann nú upp og geti þess. — — — — — — — — Vill enginn hv. þm. bjarga 6. þm. Reykv. frá því að vera opinber lygari hér innan hv. d.? *(EOl:* Forseti hefur bara ekkert vald til þess að tala svona.) — Þessum umr. er nú lokið.

ATKVGR.
Frv. vísað til menntmn. með 13:5 atkv.

Á 43. fundi í Nd., 20. des., utan dagskrár, mælti

Sigfús Sigurhjartarson: Herra forseti. Á fundi s. l. miðvikudag fóru fram nokkur orðaskipti milli mín og hæstv. forseta, m. a. um störf forseta í menntmn. Hv. þm. Snæf. fann þá ástæðu til að bera vitni í málinu, og svo hefur forseti séð ástæðu til að gera málið að umræðuefni í leiðara, sem svo er kallaður, í morgun. Ég tel mér af þessum ástæðum rétt og skylt að gefa skýrslu um þetta mál, sem um er að ræða, en eins og ég orðaði á umtöluðum fundi, hafði ég hugsað mér að láta það niður falla. Eins og hv. þm. rekur minni til, talaði ég í þessu sambandi um tvö síðustu Alþ. Um þetta er það að segja, að á því reglulega Alþ., sem saman kom 1945, hélt menntmn. 37 fundi. Á 14 þeirra er bókað, að forseti hafi mætt, á 20 er bókað, að hann hafi verið fjarverandi, en um 3 fundi brestur heimildir. Á þessu þingi hefur sama n. haldið 10 fundi, og hefur forseti mætt á 6, en ekki 4. Niðurstaðan verður því sú, að á þessum tveimur þingum hafa verið haldnir 47 fundir og heimildir liggja fyrir um, að forseti hafi mætt á 20, ekki á 24, en um 3 fundi brestur heimildir. Þarf ekki að bæta neinu við þessa skýrslu. Hún talar sínu máli. En það ætla ég, að ef svo væri háttað störfum allra þm. í n., þá mundu treglega sækjast þingstörfin, og er það þó skylda hæstv. forseta að sjá um, að þau megi greiðast sem mest.

Varðandi önnur ummæli, sem ég viðhafði um forseta á þessum fundi, þá tek ég þau ekki aftur né biðst afsökunar á þeim, því að ég veit, að þau eru sönn og rétt, og má forseti vel gera upp við samvizku sína, hvort ég hef hallað réttu máli. Í þessu sambandi vil ég segja, að hinu virðulega embætti forseta fylgir sú skylda að láta þm. halda virðulegar ræður, svo að sæmi virðingu Alþ. En á þessum umrædda fundi tel ég, að forseti hafi viðhaft orðbragð, sem á engan hátt var þinglegt og hann hefði talið sér skylt að víta hvern þm. fyrir. — Skal ég svo ekki fjölyrða um þetta, og er ástæðan til þess, að ég hef tekið mál þetta upp að nýju, sú, að það hefur verið gert að opinberu umræðuefni á opinberum vettvangi öðrum en þingsins.

Forseti (BG): Ég er þakklátur hv. 6. þm. Reykv. fyrir þessa ræðu. Í sinni dólgslegu ræðu, sem hann flutti á þeim fundi, sem hann ræddi um, sagði hann, að ég hefði aldrei mætt á fundum menntmn. Nú hefur hann sjálfur upplýst, að það er langt frá því að vera rétt, og þarf ekki meira um það að ræða.

Viðvíkjandi því, sem hv. þm. talaði um, að Alþýðublaðið hefði hafið máls á þessu utan þingsalanna, þessu hneyksli, sem hv. þm. gerði sig sekan um á þessum fundi, skal ég upplýsa, að ég bað ritstjórn Alþýðublaðsins, vegna þeirrar minnkunar, sem þessi hv. þm. hafði gert sér, bað hana beinlínis um að vekja ekki máls á þessu. Ég bað blaðið að hefja ekki máls á þessu, en annars var það ekki Alþýðublaðið, sem byrjaði að skrifa um þetta hneyksli hv. 6. þm. Reykv., heldur Þjóðviljinn sjálfur. Hv. þm. talaði um, að ég hefði haft óþinglegt orðbragð, þegar ég vítti hann. En hvað hefur ekki hv. 6. þm. Reykv. unnið til sakar, þegar hann veður að forseta með verstu brigzlyrðum og fyllstu ósannindum um fundasókn forseta, sem hv. 6. þm. Reykv. sjálfur hefur afsannað með þeirri skýrslu, sem hann gaf og ég vona, að sé nær sanni um fundasókn mína í menntmn. Ég sagði, eins og satt var, að hv. 6. þm. Reykv. hefði farið með ósannindi, — ósannindi, sem auðsjáanlega voru vísvitandi, því að hann sjálfur er form. menntmn. og hann og ég höfum átt tal um það í n., að þetta frv., sem deilan varð út af, ætti ekki heima í menntmn. Hv. 6. þm. Reykv. sagði sjálfur, að þetta mál ætti ekki heima í þeirri n. — Meira hef ég ekki að segja um málið að svo stöddu.

Sigfús Sigurhjartarson: Ég skal ekki lengja umr. Ég trúi því vel, að hæstv. forseti hafi óskað þess við Alþýðublaðið, að þetta mál yrði ekki rætt. Þykir mér það ofur eðlilegt. En ég verð að segja, að mér þótti það ekki gott hjá hæstv. forseta, þegar hann fór að halda því fram, að ég hefði sagt, að hann hefði enga fundi sótt í menntmn. *(Forseti:* Ég lýsi hv. þm. algeran ósannindamann að þessu. Hér er fjöldi manns við, sem hlustaði á hv. 6. þm. Reykv. og heyrðu hann segja „aldrei". Einn af okkar allra beztu þingskrifurum skrifaði það þannig upp. Svo dró hv. þm. aftur saman seglin, þegar hann sá, að hann hafði sagt of mikið.) Það má vera, að skrifarinn hafi tekið það þannig niður, en þetta smáorð „nær" framan við hefur fallið niður. En í framhaldi af þessu vil ég geta þess, að þar sem stendur í bókunum, að forseti hafi mætt á 20 fundum af 47, er í þessu bókað, þó að hann hafi ekki nema aðeins litið inn á fundina án þess að taka þátt í nefndarstörfum.

Um orðbragð forseta þarf ég ekki að halda neina ræðu. Hann notaði ekki orðið ósannindi síðast úr forsetastóli sínum, heldur önnur verri orð. Og sjálfur hefur hann nú vitnað, því að enn einu sinni hefur það sýnt sig með hann, sem á að sjá til þess, að aðrir þm. gæti hófs í málflutningi, að skapið er svo mikið, að hann fær ekki stjórnað geðofsa sínum né ráðið við tungu sína. En þetta er honum áskapað, og þýðir ekki um það að fást. Læt ég svo útrætt um þetta mál frá minni hendi hér í þ. Það má vera, að blöðin taki upp á að ræða málið frekar, og má þá vera, að ég sjái ástæðu til að leggja eitthvað til málanna á þeim vettvangi.

Forseti (BG): Ég skal ekki halda langa ræðu um þetta mál, en vil benda á hina aumlegu og heimskulegu framkomu hv. 6. þm. Reykv. Hann er að baksa við að halda fram, að hann hafi sagt „nær aldrei", að hann hafi sagt það, sem ekki var. Nú er hann búinn að afsanna það. Ef það er rétt, að ég hafi sótt 20 fundi af 47, getur hann ekki verið svo heimskur að sjá ekki, að slíkt getur ekki passað við það, sem hann hefur sagt. Hv. þm. var að bregða mér um geðofsa, en hann gætir þess ekki, að það eina, sem hann hefur sér til afsökunar á umræddum fundi, er geðofsi, því að það er óskiljanlegt, að maðurinn hefði hagað sér eins og hann gerði, ef hann hefði ekki gersamlega misst stjórn á sér. Annars þarf ég ekki að vera að útskýra þetta, því að þm. er það fyllilega kunnugt. Skal ég svo ekki ræða meira um þetta mál.

Á 137. fundi í Nd., 22. maí, var útbýtt nál. frá menntmn., á þskj. 885, en frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

26. Jarðræktarlög.

Á 40. fundi í Nd., 18. des., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á jarðræktarlögum, nr. 54 4. júlí 1942 (þmfrv., A. 234).

Á 43. fundi í Nd., 20. des., var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 18 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Bjarni Ásgeirsson): Herra forseti. — Ég ætla ekki að hafa mörg orð um þetta frv., því að þm. er efni þess kunnara en skýra þurfi það fyrir þeim. Ég skal aðeins rifja upp aðalefni þess, og er það helzt, að gert er ráð fyrir, að jarðræktarstyrkurinn verði aukinn um allt að 100% til þeirra jarða, er aftur úr eru orðnar um jarðræktarframkvæmdir, og enn fremur til þeirra, er minnst land hafa. Það er höfuðnauðsyn, að allur heyfengur bænda sé fenginn af véltæku og ræktuðu landi, án þess er landbúnaðurinn í raun og veru dauðadæmdur. Þjóðfélagið og bændurnir verða á næstu árum að gera það, sem til þess dugar. Með aukinni notkun stórtækra vinnuvéla hefur að vísu skapazt betri aðstaða fyrir bændur en var fyrir stríð, en jarðræktarstyrkurinn er nú tiltölulega lægri en þá var, því uppbótin á styrkinn er aðeins vísitöluhækkun, en kaupgjald við landbúnaðarvinnu hefur 6—10-faldazt síðan fyrir stríð. Sést af þessu, að þeir, sem lítið geta komið við vélum og þurfa því mikið aðkeypt vinnuafl og eru orðnir aftur úr um framkvæmdir, eru mun verr staddir en fyrir 1939. En þeir, sem nota afkastamiklar vélar, geta nokkuð mætt hinum aukna vinnukostnaði. En eins og ég gat um áðan, þá er höfuðmarkmiðið að fá allan heyfenginn af ræktuðu og véltæku landi. Ég skal svo ekki orðlengja þetta frekar, en vænti þess, að í lok þessarar umr. verði málinu vísað til 2. umr. og hv. landbn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til landbn. með 21 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

27. Faxaflóasíld.

Á 56. fundi í Nd., 20. jan., var útbýtt:

Frv. til l. um ráðstafanir til hagnýtingar og markaðsöflunar fyrir Faxaflóasíld (þmfrv., A. 292).

Á 57. fundi í Nd., 21. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið og of skammt liðið frá útbýtingu þess. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Hermann Guðmundsson: Herra forseti. — Það er kunnara er frá þurfi að segja, að undanfarin ár hefur skapazt allþýðingarmikil atvinnugrein, sem er síldveiðar hér í Faxaflóa. Það hefur jafnhliða komið í ljós, að frekari ráðstafana hefur verið þörf í þessum efnum en framkvæmdar hafa verið, sérstaklega að því er snertir markaðsöflun fyrir síldina, sem hér hefur aflazt. Sérstaklega hefur þetta komið skýrt í ljós í ár og í fyrra, þar sem síldveiðin fyrir norðan hefur brugðizt. Þá hagar svo til fyrir sunnan, að uppgripaveiði var í fyrra rétt fyrir utan Reykjavík og svo núna í Kollafirði. Þessi veiði hefur ekki verið hagnýtt eins og skyldi, því að svo mikil hefur síldin verið, að mjög mikið magn hefði getað komið á land á hverjum degi, og ástæðan til þess er sú, að það hefur vantað markað fyrir þessa síld. Að vísu hefur töluvert verið selt af síld, en útgerðarmenn hafa orðið að salta hana upp á von og óvon um það, hvernig fara mundi um söluna.

Í sambandi við síldarútveg og síldarverkun, aðra en þá, sem lýtur að verksmiðjuvinnu, þá var það áður komið undir síldarútvegsn. og hún látin fjalla um þetta, og reyndust störf þeirrar n. pósitív fyrir landsmenn, hvað snerti öflun markaða fyrir síld og hagnýta þýðingu fyrir vinnuaðferðir. Það má því slá því föstu, að síldarútvegsn. hafi verið hagnýt fyrir síldarútgerðina, sérstaklega síldarútgerðarmenn fyrir norðan land.

Aftur á móti hefur síldarútvegsn. ekki rækt störf sín sem skyldi, frá mínu sjónarmiði, hvað snertir síldina fyrir sunnan.

Með hliðsjón af þessu er till. flutt til þess að koma fastari skipan á ráðstafanir fyrir faxasíld, og er hér mjög líkt að farið eins og þegar síldarútvegsn. var stofnuð.

Um einstaka liði þessa frv. er ekki þörf að ræða, nema ég vil aðeins segja það í sambandi við 1. liðinn, að það liggur í hlutarins eðli, að þeir menn, sem í þessa n. veljast, hljóta að hafa búsetu nálægt þeim stað, þar sem n. á að starfa, við Faxaflóa, annaðhvort í Reykjavík eða í Hafnarfirði. Um tilgang n. er það að segja, að hún á að sjálfsögðu að hafa það verkefni með höndum að afla markaða fyrir faxasíld, eins og segir í frv.

Um fyrsta liðinn sé ég ekki ástæðu til að fjölyrða. Um annan lið er það að segja, að það liggur í hlutarins eðli, að n. er ætlað að vera raunhæft starfandi við að semja áætlanir um það, hvernig aflinn skuli hagnýttur, en sú áætlun skal samin í samræmi við markaðsmöguleika á hverjum tíma. Skal n. athuga, hvort möguleikar séu á því að selja frysta síld eða verkaða á aðra lund. N. skal veita veiðileyfi til skipa og verkunarleyfi til þeirra, sem vinnu stunda í landi. N. skal einnig hafa forgöngu um nýjar verkunaraðferðir, en verkunaraðferðir okkar, svo sem söltun síldar, geta orðið úr sögunni eftir skamman tíma.

Það er vitað, að margar þjóðir eru lengra á veg komnar en við í slíkum verkunaraðferðum, og við Íslendingar ættum að hætta þeim ósið að selja síldina óunna og hálfunna úr landi. Það á að selja hana sem mest fullunna og niðursoðna.

Fimmti liðurinn er um löggildingu útflytjenda. Að sjálfsögðu koma bæði einstaklingar og félög til greina með að hafa sölu síldarinnar á hendi, en þessir aðilar löggildast því aðeins sem útflytjendur, að það sé framkvæmt af n. Í sambandi við starfsemi síldarútvegsn. má geta þess, að hún telur eina orsökina til þess, að síldarverðið á faxasíld hefur farið niður úr öllu valdi, vera þá, að síldarútflutningurinn hafi verið óskipulagsbundinn, svo að það getur verið nauðsynlegt, að n. framkvæmi þessa löggildingu, ef á þarf að halda. Einn lið vil ég geta um sérstaklega, en það er 12. gr., þar segir svo: „Til þess að standast kostnað af störfum faxasíldarn. og framkvæmd þessara l., getur n. ákveðið með samþykki ráðh., að greitt verði í sérstakan sjóð 2% af andvirði seldrar faxasíldar.“ Um þessa gr. er það að segja, að ég geri ráð fyrir því, að mörgum muni detta í hug, að hér sé um nýjan skatt á síldarútgerðina að ræða, en svo er ekki. Í þeim l., sem nú gilda um síldarútvegsn., er svo ákveðið, að 2% af andvirði seldrar síldar skuli fara til að standa undir störfum n., og liggur í hlutarins eðli, að þó að hér sé um að ræða sérstaka n., þá er ekki óeðlilegt, að 2% af andvirði seldrar faxasíldar fari til að standast kostnað af störfum þessarar nefndar.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fara frekar út í einstaka liði frv., en vil segja það að lokum, að frv. er flutt vegna þess, að flm. og mörgum öðrum er ljós þörfin á því, að frekari ráðstafanir séu gerðar til hagnýtingar á þeim miklu auðæfum, sem hér eru í Faxaflóa. Við álítum, að frv. eins og þetta mundi tryggja frekari nýtingu í sambandi við síldveiðar þessar, og mundi það skapa landsmönnum meira fé og meiri atvinnu við Faxaflóa. Ég vil svo vænta þess, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til sjútvn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til sjútvn. með 18 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

28. Bátaútvegurinn o. fl. (frv. ÁkJ).

Á 68. fundi í Nd., 7. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 97 28. des. 1946, um ríkisábyrgð vegna bátaútvegsins o. fl. (þmfrv., A. 373).

Á 69., 72. og 73. fundi í Nd., 11., 12. og 13. febr., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 74. fundi í Nd., 14. febr., var frv. enn tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 19 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Áki Jakobsson): Herra forseti. Þetta frv. er, eins og hv. þdm. sjá, um breyt. á l. um ríkisábyrgð vegna bátaútvegsins og er flutt vegna þess, að við framkvæmd þeirra l. hefur komið í ljós, að fyrrv. hæstv. fjmrh. (PM) vildi ekki fallast á, að þessi ábyrgð, sem felst í þessum nefndu l., nái til þess að ábyrgjast útflutningsverð fyrir hrogn, þannig að tryggt væri, að hrogn sem útflutningsvara væru framleidd. — Hrognaframleiðsla landsins er á milli 15 og 20 þús. tunnur á ári, og mikill markaður er fyrir þessi hrogn og sennilega góður markaður, þrátt fyrir það að eitthvað um 4—5 þús. tunnur séu óseldar af fyrra árs framleiðslu af þeim. Er líklegt, að góður markaður sé fyrir framleiðslu þessa árs af hrognum, ef svo fer, að þau verði verkuð til sölu. En eins og nú standa sakir, treysta menn sér ekki til að kaupa þessa vöru föstu verði vegna óvissunnar um söluna.
Ef þetta sjónarmið, sem ég hef hér tekið fram, hefði komið til umr. í sambandi við afgreiðslu frv. um ríkisábyrgð vegna bátaútvegsins fyrir s. l. jól, þá hefði þessu þegar í stað verið bætt inn í það frv., af því að það var gengið út frá því sem gefnu, að þessi ábyrgð á fiskverðinu kæmi að fullum notum. En þarna verður allmikill frádráttur á ábyrgðinni á fiskverðinu, ef sjávarútvegsmenn verða að kasta hrognunum, sem þeir hafa getað hagnýtt og fengið fyrir kr. 0.50 pr. kg. Bæði hafði útvegurinn ástæðu til að ætla, að ábyrgðin, sem samþ. var fyrir jólin fyrir bátaútvegnn, næði til þessarar vöru, hrognanna, þannig að ekki væri tekið með annarri hendinni það, sem gefið var með hinni, og eins er hitt víst, að þarna væri verið að kasta mjög þýðingarmiklu verðmæti, ef hrognin yrðu ekki verkuð til sölu, sem hægt mundi þó vera að fá mikinn markað fyrir, þegar að því kemur að gera viðskiptasamninga, sem nú er ráðgert að gera með sendingu n. í því skyni. Og með tilliti til þessa tvenns álít ég alveg nauðsynlegt, að hæstv. Alþ. kveði upp úr um það, hvað skuli vera réttur skilningur í þessum efnum, og bæti þannig inn í l. ákvæði, sem taki af allan vafa um, að ríkið taki á sig verðábyrgð á frystum og söltuðum hrognum, eins og það hefur tekið gagnvart verði á fiski.
Að lokinni þessari umr. legg ég til, að frv. verði vísað til hv. fjhn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til fjhn. með 20 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

29. Skipun innflutningsmála.

Á 72. fundi í Nd., 12. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um skipun innflutningsmála (þmfrv., A. 376).

Á 75. og 76. fundi í Nd., 17. og 18. febr., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 77. fundi í Nd., 19. febr., var frv. enn tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 23 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Gylfi Þ. Gíslason): Ég býst við því, að flestir þeirra, sem nokkurn kunnugleika hafa á núverandi skipun innflutningsmála þjóðarinnar, séu þeirrar skoðunar, að þeim sé mjög ábótavant. Það má segja, að á núverandi fyrirkomulagi innflutningsverzlunarinnar séu 4 höfuðgallar. Í fyrsta lagi, að þessum málum sé þann veg fyrir komið, að innflutningsverzlunin sé þjóðfélaginu allt of dýr; í öðru lagi er hún með þeim hætti, að erfitt er að beita öruggu verðlagseftirliti; í þriðja lagi eiga gjaldeyrisyfirvöldin erfitt með að fylgjast með, að gjaldeyrisl. sé hlýtt til fullnustu; og í fjórða lagi er erfitt að koma í veg fyrir, að skattal. séu sniðgengin af hálfu innflytjenda. — Skýrslur, sem fyrir hendi eru, bera þess greinilegan vott, að verzlunin yfir höfuð virðist binda óeðlilega mikinn mannafla. Manntal hefur ekki farið fram síðan 1940, en þá var tala þeirra framfærenda á öllu landinu, sem störfuðu að verzlun, 4001, en tala þeirra, sem störfuðu að sjávarútvegi, var hins vegar 7413. Séu þessar tölur bornar saman, verður ekki um það deilt, að óeðlilega mikill fjöldi manna fæst við verzlunarstörf. Ef athugaðar eru tölur skráðra verzlunarfyrirtækja, verður hið sama uppi á teningnum. Í árslok 1945 var tala skráðra heild- og umboðsverzlana í

Reykjavík 172 og tala smáverzlana, að mjólkurbúðum og fiskbúðum frátöldum, 577. Þess má og geta, að innflutningsverzlanir stórkaupmanna munu vera fleiri en þarna er greint, því að vitað er, að ýmsir reka heildverzlun án þess að hafa heildsöluleyfi. — Það má fullyrða, að verzlunin bindi óeðlilega mikið fjármagn, þótt nákvæmar skýrslur liggi ekki fyrir um þessi efni. Eigendur verzlunarfyrirtækjanna bera óeðlilega mikinn hluta þjóðartekknanna úr býtum, og ef athuguð eru skattaframtöl þessara aðila, kemur í ljós, að tekjur þeirra á síðustu árum virðast mjög miklum mun hærri en ástæða er til, ef þær eru bornar saman við tekjur annarra starfsstétta, og munu þó flestir telja, að í skattaframtölum komi ekki öll kurl til grafar, en til skamms tíma hafa menn orðið að láta sér lynda að setja fram almennar staðhæfingar bæði um tekjur manna í verzlunarstéttinni og um hitt, hversu mikill verzlunarkostnaðurinn sé raunverulega. Hins vegar er hægt að færa óyggjandi rök fyrir því, að dreifingarkostnaðurinn innanlands sé óeðlilega hár. Verðlagseftirlitið gerði fyrir nokkru allýtarlega rannsókn á dreifingarkostnaðinum innanlands samkvæmt gögnum þeim, sem það fær í hendur frá innflytjendum, en þeim er skylt að senda afrit af verðreikningi (kalkulation) sérhverrar vörusendingar, sem flutt er til landsins. Niðurstöður þessarar rannsóknar sýna ótvírætt, að dreifingarkostnaður við að koma innfluttum vörum úr skipi til neytenda er óeðlilega hár. Heildarkaupverð þeirra vara erlendis, þ. e. fob-verð, sem skýrslan nær yfir, nam 135,5 millj. kr., en verð hennar í höfn að viðbættum tollum nam 201 millj. kr., en útsöluverð hennar hér nam hins vegar 327 millj. kr., þ. e. a. s. að kostnaðurinn við að koma vörunni, sem kostaði erlendis 135,5 millj. kr., úr skipi til neytenda, nam 126 millj. kr., þannig að litlu munar, að jafnmikið kosti að dreifa innfluttri vöru úr skipi til neytenda og það kostar að framleiða hana erlendis og koma henni um borð. Hygg ég, að ekki geti orðið ágreiningur um það, að hér sé um óeðlilegan dreifingarkostnað að ræða — kostnað, sem ætti mjög að lækka með bættu skipulagi. Þar sem ég hef látið prenta þessa skýrslu verðlagseftirlitsins sem fskj. með frv., hirði ég ekki að rekja hinar einstöku tölur hennar. Ég vil þó geta þess, að innkaupsverð innfluttrar matvöru 1945 nam 21.2 millj. kr., verð hennar í höfn hér að viðbættum tolli nam 30,9 millj. kr., en útsöluverð hins vegar 55,1 millj. kr. Kostnaður verzlunarinnar við dreifingu á þessari matvöru var því á þessu eina ári 20,4 millj. kr., eða um 850 kr. á hverja 5 manna fjölskyldu í landinu. Hina sömu sögu er að segja um vefnaðarvöru. Kaupverð hennar erlendis (fob-verð) var 39,0 millj. kr. á þessu sama ári, en dreifingarkostnaður 34,7 millj. kr., eða 1400—1500 kr. á hverja 5 manna fjölskyldu í landinu. Ég hirði svo ekki frekar að rekja niðurstöður þessarar skýrslu, en vænti þess, að hv. dm. kynni sér hana, þar sem hún hefur að geyma fróðleik, sem ekki hefur verið völ á til skamms tíma. Mér finnst varla geti orðið um það ágreiningur, að þennan gífurlega dreifingarkostnað þurfi að lækka.

Undanfarið hefur mikið verið rætt um nýsköpun atvinnuveganna. Var þetta eitt af höfuðverkefnum fyrrv. ríkisstj., og vann hún með því margt gott verk. Þar var hins vegar lögð mest áherzla á aukna framleiðslu atvinnutækja innanlands. Hinu má þó ekki gleyma, að nauðsyn getur verið á nýsköpun á fleiri sviðum, og virðist mér niðurstöðurnar við rannsókn verðlagseftirlitsins benda til þess, að engu síður sé þörf á nýsköpun á sviði verzlunarinnar en sjávarútvegsins og landbúnaðarins. En hvað er inntak nýsköpunarinnar, ef það er ekki að auka afköst þeirra tækja og mannafla, sem við atvinnuvegina starfa, eða halda óbreyttum afköstum atvinnugreinanna, en komast þá af með minni mannafla og færri tæki. Vissulega er hún fólgin í þessu, og þessar tölur, sem ég gat um, virðast ótvírætt benda til þess, að hægt ætti að vera að inna þessa þjónustu af hendi, sem þeir aðilar, er innflutningsverzlun annast, hafa með höndum, með mun minni mannafla, tækjum og fjármagni en nú á sér stað. Virðist ekki lengur mega við svo búið standa, að þessum málum sé ekki sinnt, en svo sem kunnugt er, var það ekki gert á valdatímabili fyrrv. ríkisstj. Það er þess vegna eitt af höfuðverkefnum þessa frv. að koma á nýrri skipan á innflutningsverzlunina, sem jafngildir nýsköpun á því sviði. Læt ég þetta nægja til þess að færa rök að þeirri staðhæfingu minni, að núverandi skipun innflutningsmálanna sé of kostnaðarsöm.

Ég sagði, að annar gallinn á fyrirkomulagi þessara mála væri sá, að erfitt væri að framkvæma haldgott verðlagseftirlit og stundum óframkvæmanlegt. Ég hygg, að óhætt sé að fullyrða, að tiltölulega lítið kveði að því, að smákaupmenn gerist brotlegir við verðlagsákvæðin, en hitt verða menn að gera sér ljóst, að það hlýtur að vera mjög torvelt fyrir verðlagseftirlitið að ganga úr skugga um það, hvort verð það, sem erlendir seljendur tilgreina á reikningum þeim, sem innflytjendur leggja fram, er rétt eða ekki, því að við verðið geta bætzt umboðslaun eða afsláttur, sem hinn erlendi seljandi veitir hinum íslenzka kaupanda, eða að samkomulag geti verið milli hins erlenda seljanda og hins íslenzka kaupanda að tilgreina verðið hærra en það raunverulega er, og er mismunurinn þá færður til tekna á reikning hins íslenzka kaupanda erlendis. Af því, sem nú hefur sagt verið, má sjá, að vandkvæði eru á því, að verðlagsyfirvöldunum sé kleift að gegna þeirri skyldu, sem þeim er lögð á herðar af löggjafanum. Má gera ráð fyrir, að hefði slík fullyrðing verið fram sett fyrir nokkrum árum, mundi því fljótlega hafa verið til svarað, að slíkt væru getsakir einar og mjög fjarri því, að nokkuð slíkt gæti átt sér stað. Starfsemi verðlagseftirlitsins síðustu ár hefur hins vegar leitt í ljós, að talsvert hefur kveðið að öllu því, sem ég áðan gat um. Innflytjendur hafa samið við útlendinga, er þeir kaupa af, að setja hærra verð á vörureikninga en það hefur verið í raun og veru. Í mörgum tilfellum hafa þeir og fengið afslætti og umboðslaun, sem ekki hafa komið fram og verðlagseftirlitið hefur ekki getað náð til. Allt þetta hefur sannazt í

mjög víðtækum málarekstri, einkum heildsalamálunum, og berst verðlagseftirlitinu alltaf öðru hverju vitneskja um slíkar aðferðir. Ég held, að allir þeir, sem kynna sér þessi mál, hljóti að sjá, hve geysierfitt það er að koma í veg fyrir, að l. séu brotin. Má því segja, að allt verðlagseftirlit sé meira og minna út í bláinn, ef ekki er hægt að reisa rönd við aðferðum, sem ég lýsti hér áður. Algengt er, að innflytjendur hafi frá 5—10% umboðslaun, og verður þá álagningin mun hærri en til er ætlazt af verðlagseftirlitinu. Meðan ekki er hægt að hafa öruggt eftirlit með þessum málum, má því segja, að verðlagseftirlitið sé langt frá því að koma að því gagni, sem ætlað er, og úr þessum erfiðleikum verður aldrei bætt, meðan innflutningurinn er á hendi einstaklinga, ekki fyrr en sett hefur verið á stofn opinber innkaupastofnun, og jafnvel þó að svo sé, er fullt öryggi ekki fengið, svo erfið eru þessi mál. Ég held, að ekki sé hægt að deila um það, að þessir erfiðleikar verði þó smámunir einir, ef allur innflutningur verður á opinberri hendi, en meðan sú leið er ekki fyrir, þá er ekki nema um eina aðra leið að ræða til að bæta verðlagseftirlitið, en það er að fækka innflytjendum að mun, því að það, sem mest torveldar eftirlitið nú, er sá mikli fjöldi, sem hefur innflutninginn á hendi, eða á 4. hundrað aðilar. En auk þess sem eftirlitið verður auðveldara, ef innflutningsaðilar verða færri, má búast við því, að þeir, sem eftir verði og verða að sama skapi stærri og bera mun þyngri ábyrgð, hafi minni tilhneigingu til þess að sniðganga l. og reglur vegna þeirrar geysimiklu ábyrgðar, er á þeim hvílir. — Þriðja meginatriðið, er ég gat um áðan, er það, hve erfitt það er að koma í veg fyrir, að gjaldeyrislögin séu sniðgengin. Má t. d. nefna, þegar menn fá umboðslaun og leggja þau inn í erlenda banka, en það er brot bæði á verðlagsl. og gjaldeyrisl., enn fremur, þegar gjaldeyrisleyfi eru misnotuð þannig, að hærri upphæðir eru yfirfærðar en vörur eru keyptar fyrir. Mjög erfitt er að hafa eftirlit með þessu, þó að nokkuð hafi ástandið í þessum efnum batnað, eftir að gjaldeyriseftirlit bankanna var hafið. Mun á allra vitorði sá fjárflótti, sem hér hefur verið lýst, þótt erfitt sé að segja, í hve stórum stíl hann kann að vera, og í veg fyrir þennan fjárflótta er ekki hægt að koma, fyrr en innkaupastofnunin hefur verið sett upp. En þangað til er eina lausnin að fækka innflutningsaðilunum. Hér er um engar fullyrðingar að ræða, sem kalla megi getsakir, þetta er sannað mál, og slík atvik koma alltaf fyrir öðru hverju. Fjórða atriðið, er ég gat um áðan, að innflytjendur sniðgengju skattal., er aðeins bein afleiðing af framan sögðu, því að ef innflytjendur brjóta gjaldeyris- og verðlagsl., brjóta þeir skattal. um leið.

Þótt menn séu sammála um, að núverandi ástand í verzlunarmálunum sé óþolandi, þá getur menn greint á um leiðirnar til úrbóta. Það hefur verið stefna Alþfl., að þjóðnýta bæri innflutninginn sem og aðrar atvinnugreinar. Hins vegar mun ekki verða deilt um, að eins og stjórnmálaástandið er nú í landinu, kemur þjóðnýting innflutningsins ekki til greina. Fyrir henni er ekki pólitískt fylgi með þjóðinni. Það væri og tæpast rétt að reyna að koma á þjóðnýtingu, þegar meiri hl. ríkisstj. og þeirra, sem að henni standa, er henni mótfallinn. En jafnvel þó að svo sé ekki, má gera svo gagngerar endurbætur í skipulagningarátt, að innflutningsverzlunin verði mun hagkvæmar rekin en nú er. Það er mjög mikil bót, að ríkið hafi einkasölu á sumum vörum, og eru það þá fyrst og fremst þær vörur, sem nú er einkasala á og ríkið hefur mikinn ágóða af, enn fremur áburður og viðtæki, þar sem t. d. áburðinn þarf að kaupa inn í mjög stórum stíl og auðveldara verður að fá varahluti í viðtæki, ef á þeim er einkasala. Auk þess ætti að vera ríkiseinkasala á öllum þeim vörutegundum, sem hagkvæmt er að kaupa inn í sem stærstum stíl, svo sem á kolum, olíu, benzíni og salti. Innkaup annarra vörutegunda, svo sem matvöru og byggingarefnis, voru svo sumpart á höndum ríkisins og sumpart á vegum samvinnuhreyfingarinnar, sem komið hefur upp miklu verzlunarbákni og hefur fengið mikla reynslu í þeim efnum, og gæti komið til mála að leyfa samvinnuhreyfingunni að afla byggingarefnis og matvöru handa félögum sínum, en ríkið birgði svo þá, sem utan þeirra félagssamtaka standa, upp að þeim vörum. Innflutningur annarra vörutegunda gæti svo verið á hendi nokkurra stórra aðila, sem störfuðu með samkeppni innbyrðis, en undir mjög ströngu eftirliti hins opinbera, og er gert ráð fyrir öllu þessu í því frv., er ég hér flyt. Ríkisstj. ákveður, hverjum leyfa skuli innflutning, og segir í frv., að löggilda megi sem innflytjendur ríkisfyrirtæki og opinberar stofnanir, samvinnufyrirtæki og samvinnusambönd, innkaupafélög framleiðenda, innkaupafélög smásöluverzlana, framleiðendur, smásöluverzlanir, heildsala og umboðsverzlanir. Gert er ráð fyrir, að innkaupafélög framleiðenda flytji aðeins inn til eigin þarfa og smásöluverzlanir selji aðeins í eigin sölubúð, enn fremur, að innkaupafélög smásöluverzlana og heild- og umboðsverzlanir svo og samvinnusambönd skuli hafa aðsetur í kaupstað. Innflutningur hverrar vörugreinar skal fyrst og fremst vera í höndum ríkisins, síðan hjá samvinnusamböndum, þá innkaupafélögum smásala og heildsala, þó ekki fleiri en þriggja í hverri grein. Innkaupafélög smásala og framleiðenda, heildverzlanir og umboðsverzlanir skulu fá staðfestingu ríkisins, og hafi hið opinbera náið eftirlit með þeim og skipi endurskoðendur til að fara yfir reikninga þeirra, er þeim ber að senda hinu opinbera. Þetta eru meginatriðin, sem gert er ráð fyrir í frv., að í fyrsta lagi annist ríkið verzlunina, að öðru leyti verði hún í höndum fárra, en stórra aðila, til þess að reksturinn verði sem hagkvæmastur, en á hinn bóginn verði haft með þeim náið eftirlit.

Höfuðkostir þessa fyrirkomulags eru, að í fyrsta lagi eru innkaupasambönd framleiðenda og smásala efld, en það er fullkomið réttlætismál að bæta úr skilyrðum þeirra aðila til innflutnings. Í öðru lagi, og það er höfuðkosturinn, verði tekinn upp stórrekstur á innflutningnum, stórrekstur einvörðungu. Það er fjarstæða að láta á 4. hundrað aðila

annast innflutning fyrir 130 þús. menn. Þó að ein stofnun taki að sér allan innflutninginn, yrði það ekki stórt fyrirtæki á alþjóðamælikvarða. Í þriðja lagi yrði hægt að koma fram eftirliti, sem nú er mjög torvelt. Í fjórða lagi eru eftir sem áður skilyrði til heilbrigðrar samkeppni, þó að nokkrir aðilar njóti sérréttinda. Ég játa, að þessi skipan er þó ekki gallalaus. Það getur verið hæpið að veita sérréttindi og löggilda vissa aðila, en þetta er gert á fjölmörgum sviðum, þar sem skipulagning er nauðsynleg. Þeir aðilar, er réttindin hljóta, eiga og að vera undir nánu eftirliti, og hefur þannig skipan verið höfð á samgöngumálunum innanlands og gefizt vel. En á það verð ég að leggja sérstaka áherzlu, að á móti sérréttindunum kemur aukið eftirlit, en ástandið er nú svo slæmt, að þessi skipan hlýtur að verða til stórra bóta. Eins og nú standa sakir eru um 300 heildsalar raunverulega löggiltir innflytjendur, þar sem mjög erfitt er fyrir nýja aðila að komast þar að. Löggildingartill. er því í rauninni ekki ný, aðeins till. um að fækka stórlega þeim löggiltu aðilum, er hafa innflutninginn a hendi.

Ég geri ráð fyrir því, að af forsvarsmönnum innflytjenda og þeirra, sem hægra megin eru við Alþfl., muni verða sagt, að þessi skipan sé andstæð frjálsri verzlun, en hér hefur ekki verið frjáls verzlun síðan 1931. Ef tala á um frjálsa verzlun, þá verður að taka af öll innflutnings- og gjaldeyrishöft. Hér hefur verið skipulögð verzlun undanfarið, en hún hefur aðeins verið illa skipulögð. Spurningin er því, hvort hér á að vera vel eða illa skipulögð verzlun. Frjáls verzlun kemur ekki til greina, og mundi mig undra, ef nokkur mælti með henni. Í öðru lagi munu þeir segja, að hér sé um stóraukin ríkisafskipti að ræða. Það er rétt. En skoðanir manna á ríkiseftirliti virðast hafa breytzt mikið á síðustu árum. Ég minnist þess vel, að þegar ákvæðin um gjaldeyris- og innflutningshöft voru sett, þótti sumum það óverjandi. Síðar sannfærðust menn um, að þetta fyrirkomulag var ekki óskynsamlegt, heldur hreint og beint nauðsynlegt. Munu því sárafáir nú mæla með því, að þeim ríkisafskiptum yrði af létt. En af hálfu þeirra manna, sem mest mótmæla ríkisafskiptum, mæta slíkar ráðstafanir þó ekki alltaf sömu óvild. Einmitt þeir, sem mest hafa barizt gegn þeim, voru skeleggustu formælendur þess, að ríkið tæki ábyrgð á framleiðslu heils atvinnuvegar. Þeim finnst ágætt, að ríkið tryggi afkomu atvinnurekenda, en ef þeim dettur í hug, að ríkisafskipti geti eitthvað skert hag þeirra, þá eru þau óhugsanleg. Ber því ekki að taka slíka gagnrýni alvarlega. Ég veit ekki, hvort einhverjum kann að þykja þetta frv. ekki ganga nóg í róttæka átt. Ég get viðurkennt, að sú skipan, sem hér er gert ráð fyrir, er ekki sú, sem mér þætti æskilegust. En þetta er sú skipan, sem hugsanlegt er að koma á nú þegar og yrði til stórra bóta frá því, sem nú er, svo stórra, að ekki er hikandi við að reyna að koma henni á. Af hálfu samvinnuhreyfingarinnar og forsvarsmanna hennar get ég ekki búizt við andstöðu, þar sem samvinnusamböndum er ætlað fullt rúm og rýmra en nú er, auk þess sem innkaupasambönd smásala og framleiðenda eru efld, en það er í samræmi við stefnu samvinnuhreyfingarinnar. Í málefnasamningi núverandi stj. er lögð áherzla á að gera verzlunarkostnaðinn sem minnstan og leyfa þeim innflutning, er hagstæðustu kaupin gera, að innkaupastofnun verði sett á fót og að fjárhagsráð hafi eftirlit með verzluninni. Þessar endurbótatill. í frv. mínu eru því í samræmi við anda stjórnarsamningsins, þótt lengra sé gengið en þar segir beint. En það er mín skoðun, að ein bezta leiðin, sem fær er til þess að lagfæra innkaup og vöruverð, sé að fækka innflytjendunum.

Þetta frv. er ekki flutt sem mál Alþfl., heldur ber ég það fram einn sem þm., en það er í nánu samræmi við stefnuyfirlýsingu flokksins. En flokkurinn hefur ekki tekið beina afstöðu til þess. En það, sem hv. þdm. kann að þykja að frv. og rökstuðningi þess, er við mig að eiga, en á herðum flokksins á það ekki að lenda.

Ég leyfi mér svo að æskja þess við hæstv. forseta, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til n., og virðist mér helzt, að það mundi koma undir fjhn., en ég mun taka ábendingum um aðra n. frá hæstv. forseta, ef það þætti eðlilegra.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Mér þykir rétt þegar við þessa umr. að láta nokkur orð fylgja þessu frv. Hv. flm. sagði að vísu, að það væri flutt af honum, og ég get bætt því við, að meiri hl. þingfl. Alþfl. óskaði, að frv. yrði ekki flutt að svo stöddu. Ástæðan til þess er sú, að í samningi þeim, sem gerður var, er núv. stj. var mynduð, er kveðið á um það, hversu lausn þessara mála skuli hagað.

Það er rétt að viðurkenna það, að dreifing vara er mjög dýr, svo sem sést á fskj. á þskj. 376, og er ekki undarlegt, þó að mörgum finnist gott að fá þennan kostnað lækkaðan. Það er nú vissulega svo, að í verzlunarstétt eru svo margir menn starfandi, að vera mætti, að fækkun þeirra mundi lækka kostnaðinn nokkuð. En menn greinir mjög á um leiðir til þess að bæta úr þessu. Alþfl. hefur bent á landsverzlun, Framsfl. hefur bent á samvinnuverzlanir, sem hann telur jafnvel, að mundu koma að enn betri notum, Sjálfstfl. hefur aftur haldið fram frjálsri verzlun, og þó að hv. flm. drægi í efa, að hún væri til, þá er ekki meira en um hálft ár, síðan talað var um að gefa verzlunina frjálsa. Hér er því um að ræða hin ólíkustu sjónarmið, sem verður að samræma. Það er vitað fyrir fram, að ekki er til meiri hl. á Alþ. fyrir landsverzlun, og það er því ekki til neins að bera fram frv. um það, en vitanlega raskar það ekki þeirri skoðun Alþfl., að hún sé bezt. Aðalatriðið er, að til þess að koma einhverju fram, verður að vera fullt samkomulag. Og það þýðir ekkert að bera fram allt of einstrengingsleg frv., sem hafa enga þýðingu í praksis.

Ég vil minna á það, að í málefnasamningi þeim, sem gerður var, er núv. ríkisstj. var mynduð, segir svo, með leyfi hæstv. forseta: „Ríkisstjórnin leggur á það áherzlu, að innflutningsverzluninni verði hátt að svo, að verzlunarkostnaðurinn verði sem minnstur. Reynt verði, eftir því sem frekast er unnt, að

láta þá sitja fyrir innflutningsleyfum, sem bezt og hagkvæmust innkaup gera og sýna fram á, að þeir selji vörur sínar ódýrast í landinu, hvort sem þar er um að ræða einstaklinga eða félög. Sérstök innkaupastofnun á vegum ríkisins verði sett á stofn, og annist hún innkaup til ríkisstofnana (vita-, hafna-, vega- og brúargerða, verksmiðja, opinberra bygginga, sjúkrahúsa, skóla o. fl.). Sú deild fjárhagsráðs, sem hefur með höndum veitingu innflutnings- og gjaldeyrisleyfa, skal taka til athugunar og rannsókna, á hvern hátt takast mætti að haga innkaupum og vörudreifingu á sem hagkvæmastan hátt fyrir þjóðina í heild, einnig með hliðsjón af samningum við erlend ríki um sölu íslenzkra afurða.“ Þetta er sú leið, sem þeir flokkar, er að stj. standa, hafa hugsað sér að fara, og mun Alþfl. halda sér við þetta samkomulag og leggja á það áherzlu, að það verði haldið. En þetta frv. felur í sér meira en þarna er talað um, og er því ekki samkomulag um það. Því vildi ég fyrir hönd Alþfl. lýsa því yfir, að þó að hann sé að efni til samþykkur þessu frv., telur hann sig bundinn af samkomulagi því, sem gert var um ríkisstj., og mun taka afstöðu til frv. eftir því. Flokkurinn mun svo gera það upp við sig á sínum tíma, hvort hann getur fallizt á það samkomulag, er gert verður um þessi mál í ríkisstj., eða ekki.

Þetta frv. hefur auðvitað sína kosti og sína galla. Það hefur þá kosti, að það fækkar innflytjendunum og gerir auðveldara að hafa eftirlit með þeim og draga úr álagningu. En það hefur líka sína ókosti og þá mjög augljósa. Það er ekki víst, að hægt sé að segja við marga menn, sem hafa stundað þessa atvinnu um langan tíma, að nú skuli þeir hætta. Það verður að fara mjög gætilega, til þess að ýmsir menn yrðu ekki ósæmilega fyrir barðinu á því opinbera. Þó að það, sem næst, fari eftir því, hve hart er að gengið, þá má ekki fara of geyst og láta þegnana bíða tjón af.

Fleira mætti telja, en ég mun ekki að þessu sinni ræða fleiri atriði frv. En þingfl. Alþfl. telur sig bundinn af því samkomulagi, sem gert var við stjórnarmyndunina, og mun halda sér við það, unz sá árangur næst, sem hann getur unað við, eða næst ekki, og hætta þá þátttöku í ríkisstj.

Hallgrímur Benediktsson: Herra forseti. Ég vildi nú leyfa mér að víkja að nokkrum atriðum, sem fram komu í framsöguræðu hjá hv. 4. þm. Reykv. Mér fannst óviðfelldið það, sem hann sagði um hin svo kölluðu heildsalamál. Síðan farið var að ræða þessi mál, hefur ekki fallið dómur í hæstarétti nema í einu þeirra, og hann gekk út frá því, að hlutaðeigandi heildsölufyrirtæki hefði ekki gert sig sekt um hegningarvert athæfi. Þetta kemur bert fram í forsendum dómsins. Ég hugsa ekki, að það hafi verið ætlun hv. flm. að koma með órökstuddar getsakir, en honum bar að vita, að í rekstri og dómsniðurstöðu áðurgreinds máls kom það greinilega fram, að heildsölufyrirtækið hafði ekki leynt starfsaðferðum sínum fyrir íslenzkum yfirvöldum.

Mér finnst, að þetta frv. á þskj. 376 sé flutt og rökstutt á þann hátt, að sá áhugi, sem hv. flm. hefur á þessum málum, missi nokkuð marks. Ég held, að þessum málum sé hvergi fyrir komið á þann hátt í nágrannalöndum okkar, sem gert er ráð fyrir í þessu frv. Í grg. er ekki minnzt einu orði á reynslu annarra þjóða í þessum efnum, og ég hefði óskað, að það hefði komið fram í grg. og framsöguræðu hv. flm. Hv. flm. tók sem dæmi um, hvað verzlanir græddu mikið, hve mikla skatta þær greiddu. En flm. gat ekki um það, hvernig farið er í skattalögum með fyrirtæki, sem hafa mikla verzlun. Það er erfitt að vinna hér á landi fyrir einstaklingsfyrirtæki, eins og skattaákvæðum er háttað, enda hafa komið fram fleiri raddir um, að þau væru óréttlát.

Í byrjun ársins 1939 var allt að fara í auðn og kaldakol á landi hér, og þá var fé sótt til verzlunarstéttarinnar og lánardrottna hennar í útlöndum, og vita allir hv. þm., að af þessu leiddi, að verzlunarstéttin varð fyrir stórmiklu áfalli vegna gengislækkunar. Þarf ekki fleiri orð þar um.

Nýsköpun kostar meira en framleiðslutæki. Til þess að reka framleiðslutæki þarf einnig útgerðarvörur og rekstrarfé. Af því leiðir aftur aukna starfsemi verzlunarstéttarinnar og aukna fjármagnsþörf hennar.

Jón Sigurðsson forseti ræðir aftur og aftur um það, hve mikil nauðsyn sé að fá verzlunina inn í landið og gera hana frjálsa. En nú kemur prófessor við háskólann og vill keyra allt í viðjar og í hendur ríkisins.

Ég vildi hafa minnt á þetta með nokkrum orðum, því að það andar skilningsleysi og kulda í garð þessarar stéttar, og hv. flm. virðist hafa mestan áhuga á að koma á landsverzlun og útiloka um leið alla samkeppni og frjálsræði.

Þá vildi ég og minna á það, að höfuðmenn samvinnuhreyfingarinnar í Svíþjóð og Danmörku hafa haldið fram svipuðum sjónarmiðum og heildsalar í viðskiptamálum.

Ég mun nú ekki fara miklu lengra út í efnishlið þessa frv. nú við 1. umr., en ég undrast, að þetta frv. skuli hafa komið fram, þar sem vitað er, að í málefnasamningi núv. ríkisstj. er gert ráð fyrir m. a. gagngerðri umbyltingu á þessum málum. Á þetta hefur hæstv. viðskmrh. þegar bent, en að sjálfsögðu hefði það ekkert skaðað, þó að hv. flm. hefði komið fram með frv. um þessi atriði, ef það hefði bætt eitthvað úr þeim ágöllum, sem nú eru, en því fer víðs fjarri.

Ég hef áður minnzt á, að ég óskaði, að hv. flm. hefði getað bent á eitthvað sambærilegt við sitt skipulag og gert samanburð við önnur lönd. En ég vil minna á, að það er ekki lengra síðan en árið 1944, að haldin var í Ameríku ráðstefna um verzlunarmál, og sátu hana fulltrúar frá 52 þjóðum. Þar var einróma samþ. að halda fram frjálsri verzlun og losna við tollmúra, svo sem frekast væri unnt, því að þeir eru ein aðalorsök þeirra vandræða, sem eru í verzlunarmálum. Hið almenna viðhorf hjá öllum þessum þjóðum var að vinna sem öflugast að frjálsri verzlun.

Grundvöllur þessa frv. er sá að veita örfáum aðilum einkasöluaðstöðu, en það eykur aðeins gallana á núv. fyrirkomulagi þessara mála. Ríkisstj. veitir þessi forréttindi á þann hátt, sem ég tel ósamrýmanlegan lýðræðishugsjóninni. Frv. og grg. þess eru byggð á misskilningi og vanþekkingu frá mínu sjónarmiði, þótt ég ætli mér nú ekki að nota sterkari orð gegn hv. flm., og ég held, að hv. flm. hafi flutt þetta frv. án þess að athuga málið frá praktísku sjónarmiði.

Ég mun fylgja þessu máli til n., sem líklega verður hv. fjhn., sem ég á sæti í, og mun ég svo skila áliti einn eða með öðrum hv. þm. við 2. umr. málsins.

Mörg önnur atriði mætti minnast á í þessu sambandi, og er það þá ekki sízt fskj., sem fylgir frv., en eins og sú skýrsla kemur fram, er hún röng, og hefði ég getað búizt við því af hv. flm., sem er skýr hagfræðingur, að hann sæi þær misfellur, og eru misfellurnar almennt villandi fyrir menn, sem ekki þekkja til þessara mála, og harma ég, að með þessum hætti er ráðizt með hörku að verzlunarstéttinni, en ég staðhæfi, að eins miklar vörur hefðu ekki flutzt til landsins á stríðsárunum og raun ber vitni um, ef ekki hefði notið við dugnaðar og þekkingar verzlunarstéttarinnar, en t. d. gegnum persónuleg sambönd hennar fengust nægilegar vörur og leyfi í ýmsum tilfellum, sem annars hefði ekki orðið. Nei, viðskiptamálin verða ekki leyst með neins konar landsverzlun.

Flm. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Þetta verður aðeins stutt aths. Það var eitt atriði í ræðu hv. viðskmrh., að hann skýrði frá því, að meiri hl. Alþfl. hefði óskað eftir því, að frv. þetta yrði ekki flutt. Mér komu þessi ummæli hæstv. ráðh. mjög á óvart, og munu þau valda misskilningi. Það mætti á þeim skilja, að atkvgr. hafi farið fram um þetta í flokknum, en um það er ekki að ræða, en hins vegar var rætt um frv. í flokknum, og minnist ég þess, að fjórir þm. flokksins orðuðu þetta, en aðrir ekki.

Fáein orð um ræðu hv. 3. þm. Reykv. Það er fjarri mér að fara hér með neinar getsakir, en það, sem ég vildi segja, er, að það er erfitt að halda l. um verðlags- og gjaldeyriseftirlit, eins og skipun þeirra mála er nú háttað, og ég sagði, að fyrir nokkrum árum hefði verið höfðað mál vegna brota á þessari löggjöf, og dómar hafa fallið, en aðeins eitt þessara mála hefur komizt til hæstaréttar og dómur fallið í því, en hinum málunum hefur ekki verið skotið í hæstarétt, heldur dæmd af sakadómaranum í Reykjavík. Hv. 3. þm. Reykv. sagði, að það andaði köldu í frv. í garð verzlunarstéttarinnar. Ég man nú ekki til þess, að nokkurn tíma, er till. hafa komið fram um nýtt skipulag verzlunarmála, aukin innflutningshöft og verðlagseftirlit, hafi ekki verið sagt, að það andaði köldu í garð verzlunarstéttarinnar. Það hefur verið jafnan sagt, að það andaði mjög köldu, og er það mjög hæversklegt, en stundum hafa það verið kallaðar beinar ofsóknir, og tilgangur þessa frv. er ekki sá að ofsækja neina stétt, en frv. felur í sér margt til bóta í því efni að koma á hagkvæmari skipan innflutningsmálanna.

Hv. þm. sagðist furða sig á, að þetta frv. kæmi hér fram, og vísaði þar til stjórnarsamningsins. Um þetta var aldrei samið, heldur skyldi athuga, hvernig þessum málum gæti verið betur fyrir komið, á ódýrari og hagkvæmari hátt. Annað er vafalaust ekki í þessu máli, en ég taldi rétta skoðun mína þrátt fyrir stjórnarsamninginn, og engum dettur það í hug, að þm. megi ekki bera fram frv. vegna hans.

Hv. þm. sagði, að fáir fylgdu frjálsri verzlun, aðrir en verzlunarmenn sjálfir, og að verzlunarráðstefna hefði samþ. að afnema tolla um víða veröld, og er það rétt spor í áttina til frjálsrar verzlunar og einnig að afnema kvótafyrirkomulagið. En verzlun verður ekki algerlega frjáls, fyrr en í fyrsta lagi, að tollar og kvótar eru afnumdir, í öðru lagi, að ekkert eftirlit er með innflutningi, í þriðja lagi, að ekkert eftirlit er með gjaldeyri, og í fjórða lagi ekkert verðlagseftirlit. Í viðræðum um viðskiptamál hér á landi mætti oft ætla, að verzlunin væri alveg frjáls, en þótt innflutningurinn yrði frjáls, þá er gjaldeyririnn það ekki og þetta hvort tveggja ekki fyrr en allt verðlagseftirlit er afnumið, en málsvarar þess eru vart til.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Ég vildi flytja hér stutta aths. vegna yfirlýsingar hv. flm. Hann sagði, að ekki hefði nein atkvgr. farið fram í Alþfl. um þetta frv., og er þetta rétt hjá hv. þm., að það var ekki farið fram á það við hann, að frv. yrði ekki flutt, heldur var óskað eftir því, að frv. yrði ekki flutt að svo stöddu, og mér er kunnugt um, að meiri hl. flokksins stóð að þessum tilmælum.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til fjhn. með 18 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

30. Laun starfsmanna ríkisins.

Á 69. fundi í Nd., 11. febr., var útbýtt:

Frv. til. l. um breyt. á l. nr. 60/1945, um laun starfsmanna ríkisins (þmfrv., A. 389).

Á 72. fundi í Nd., 12. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 74. fundi í Nd., 14. febr., var frv. tekið til 2. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1.—2. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 75. fundi í Nd., 17. febr., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 74. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 76. fundi í Ed., 19. febr., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til fjhn. með 10 shlj. atkv.

Á 92. fundi í Ed., 12. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 389, n. 499).
Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

31. Veiting prestakalla.

Á 74. fundi í Nd., 14. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um veitingu prestakalla (þmfrv. A. 400).

Á 75., 76., 77. og 78. fundi í Nd., 17., 18., 19. og 20. febr., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 81. fundi í Nd., 25. febr., var frv. enn tekið til 1. umr. (A. 400, 402).
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 20 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. — Svo sem kunnugt er, er núverandi skipun um veitingu prestakalla þannig, að í hvert skipti, sem prestakall losnar, fer fram kjör í hlutaðeigandi sóknum um umsækjendur, og telst kosning lögmæt, ef þátt tekur í kosningu helmingur atkvæðisbærra manna í sókninni og helmingur þeirra greiðir einum umsækjanda atkvæði sitt. Á hann þá rétt á veitingu fyrir embættinu. Þetta prestskosningafyrirkomulag er gamalt hér í landi, frá árinu 1885. Hafði Alþ. þá um alllangt skeið háð harða baráttu við dönsk stjórnarvöld fyrir því, að meðlimir prestssóknanna fengju nokkra íhlutun um veitingu prestakalla. Eftir nokkurra ára baráttu fékk Alþ. fram vilja sinn, og voru l. um þessi efni staðfest árið 1886. Samkvæmt þeirri skipan fóru kosningar þá fram í heyranda hljóði, og áttu allir sóknarmeðlimir kosningarrétt, er greiddu til prests og kirkju. Var kosning talin gild, ef helmingur atkvæðisbærra manna greiddi atkv. og einhver umsækjenda fékk helming greiddra atkv. Er þetta ákvæði enn í gildi, svo sem áður er á minnzt, og á það rót sína að rekja til fyrstu prestskosningal. frá 1885. Þessi skipan hélzt óbreytt til ársins 1907, en 3 árum áður hafði verið kosin n. til þess að endurskoða þessi l., og á þingi 1907 náði frv. fram að ganga um þetta efni. Helztu breyt., sem þá voru gerðar, voru þær, að söfnuðunum skyldi heimilt að velja um alla umsækjendur, en ekki aðeins 2, ef 3 sæktu um prestakall, eins og fram að þessu hafði tíðkazt. Önnur breyt. var sú, að kosningarréttur skyldi ekki lengur því skilyrði háður, að sóknarmeðlimir hefðu goldið til prests eða kirkju, og þriðja breyt. var sú, að kosningar skyldu fara fram leynilega. Gengu allar þessar breyt. í lýðræðisátt. — Næst voru breyt. gerðar á l. árið 1915, sem voru miklu minni en þær, sem gerðar voru 1907. Varð þar m. a. sú breyting á, að kosning skyldi fara fram, jafnvel þótt aðeins einn umsækjandi gæfi sig fram. — Núgildandi l. um veitingu prestakalla eru því frá 1915.

Það má fullyrða, að gildar ástæður lágu til þess, að almenningur háði baráttu fyrir því á árunum fyrir 1885 að fá íhlutun um veitingu prestakalla. Íslendingar lutu þá dönskum yfirvöldum, ekkert lýðræði var til í landinu, og má segja, að þessi barátta hafi verið lýðræðisbarátta, barátta fyrir auknum áhrifum almennings á skipun þeirra mála, sem hann taldi þýðingarmikil. Embættismenn voru í þá daga ráðnir af landsstjórninni, sem kosin var af dönsku stjórninni, en prestarnir voru þeir embættismenn, sem almenningur átti mest saman við að sælda, og var því ofur eðlilegt, að hann vildi hafa áhrif á það, hverjir hlutu þau embætti.

Hitt ætti aftur á móti að vera ljóst, að nú eru þær aðstæður, sem voru fyrir hendi fyrir 1885, löngu burtu fallnar, þar eð þessi mál eru nú í höndum almennings. Landið hefur ekki alllengi lotið erlendu valdi, auk þess sem stjórnarfyrirkomulag okkar er lýðræðislegt og ríkisyfirvöldin kosin á lýðræðislegan hátt, og ætti því ekki að þurfa að óttast, að ríkisvaldinu sé misbeitt í vali embættismanna eða l. framkvæmd á ranglátan hátt gagnvart almenningi. Þær þýðingarmiklu ástæður, sem lágu fyrir því, að þessi skipun var upp tekin um veiting prestakalla fyrir hálfri öld, eru því fyrir löngu burtu horfnar, enda gildir sama fyrirkomulag og nú er á veitingu prestsembætta ekki um nokkur önnur embætti hliðstæð í þessu landi.

Þá ber og á það að líta, að á þessu fyrirkomulagi eru mjög margir gallar. Í fyrsta lagi er það mjög vafasamt, að þorri atkvæðisbærra safnaðarmanna sé fær um að dæma um hæfni umsækjenda um prestsembætti eftir þá stuttu kynningu, sem safnaðarmenn hljóta að hafa af umsækjendum, þegar prestskosning fer fram. Má því fullyrða, að það hafi oft komið fyrir, að kosning hafi farið öðruvísi en hún hefði tarið, ef hinir atkvæðisbæru hefðu haft nánari kynni af prestsefnunum. Þess má og geta, að þegar um er að ræða hæfni prests til að gegna embætti, skipta persónulegir mannkostir hans og skoðanir verulegu máli, en um þetta er að sjálfsögðu ekki hægt að fá vitneskju nema eftir náin

kynni sóknarmanna og umsækjenda, sem ekki er hægt að fá eftir stutta dvöl umsækjenda meðal væntanlegra kjósenda. Skiptir hér um allt öðru máli en þegar um er að ræða kosningar á stjórnmálasviðinu, þar sem þeir, er bjóða sig fram, hafa áður haft mikinn blaðakost til að kynna skoðanir sínar og ýmis önnur tæki til að koma sér á framfæri. — Sá galli er á þessu fyrirkomulagi, og hann tel ég mjög veigamikinn, að mjög erfitt er fyrir starfandi presta að skipta um verkahring. Prestar úti um land verða oft að sitja í sama brauðinu við rýran kost, sumpart sökum þess, að þeir treysta sér ekki eða hafa ekki geð í sér til þess að ferðast í fjarlæg prestaköll til þess að reyna að fá náð fyrir augum væntanlegra kjósenda þeirra, og er þeim gert því erfiðara fyrir sem þeir eru samvizkusamari og eru umfangsmeiri störfum bundnir gagnvart sínum sóknarbörnum. Af þessari ástæðu veldur þessi skipan því, að erfitt er að koma því fyrir, að starfandi prestar hljóti réttlátan embættisframa, þannig að þeir geti flutzt úr rýrum embættum til þeirra, sem betri eru, samkvæmt starfshæfni þeirra. — Þá má á það benda, að prestskosningar með núverandi fyrirkomulagi valda oft illdeilum milli umsækjenda og innan safnaðanna. Þá kemur og það til, að þetta fyrirkomulag má misnota. Er þess skemmst að minnast, er prestskosningar stóðu fyrir dyrum hér í Reykjavík, að mjög mikið kvað að því, að menn gengju í tiltekinn söfnuð, þ. e. dómkirkjusöfnuðinn, til þess eins að geta greitt atkv., og lá það orð á, að ef þessi kosning hefði ekki farið eins og hún fór, hefðu þeir hinir sömu farið aftur úr söfnuðinum. Getur ekki leikið á tveim tungum, að þetta er í hæsta máta óeðlilegt.

Í því frv., sem hér liggur fyrir og flutt er af hv. þm. N-Ísf. (SB) og mér, er gert ráð fyrir því, að horfið verði frá þessu prestskosningafyrirkomulagi og prestsembætti veitt eins og hver önnur embætti hér á landi. Þó er gert ráð fyrir því, að leitað skuli umsagnar biskups um umsóknir og að hann láti í ljós álit sitt á því, hverjum eigi að veita embættið. Við gerum ráð fyrir því, að biskupinn sé rödd kirkjunnar og safnaðanna gagnvart veitingarvaldinu og nægilegt, að hans rödd heyrðist, enda gengið út frá, að hann mundi og gæti haft samráð við aðra kirkjunnar aðila, þ. e. prófasta og sóknarnefndir.

Eftir frv. er ekki gert ráð fyrir, að veitingarvaldið snúi sér beint til prófasta og sóknarnefnda og leiti álits þeirra um umsóknirnar, heldur skuli biskupi afhentar umsóknirnar, og skal hann láta í ljós rökstutt álit á þeim. Þótti réttast, að frá honum kæmi það álit, en síðar hafa komið fram raddir um að breyta 2. gr. þannig, að álits annarra aðila verði og leitað. Því hefur hv. þm. V-Sk. flutt ásamt okkur flm. frv. brtt. við 2. gr., um það, að enn fremur verði leitað álits héraðsprófasts í viðkomandi héraði og sóknarnefndar um umsóknirnar. Af þessu er ljóst, að það var ekki tilætlun okkar að útiloka söfnuðina frá því að geta haft umsagnarrétt um þá umsækjendur, sem koma til með að sækja um embættið. Vel getur komið til mála að hafa íhlutunarrétt safnaðanna meiri en hér er gert ráð fyrir, en ég legg á það áherzlu, að hér sé um mikilvægt mál að ræða, og þarf mikillar athugunar við, ef leita á til allra þeirra aðila, sem hér eiga hlut að máli, og komi fram eindregnar óskir frá hv. þm. um aðra og meiri íhlutun safnaðanna, þá erum við flm. til viðræðu um það.

Ég leyfi mér svo að leggja til, að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. menntmn., og óska, að hún taki málið til nákvæmrar athugunar og ræði það við biskup og aðra þá aðila, sem hlut eiga hér að máli.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. — Ég hafði nú ekki hugsað mér að ræða efnisatriði þessa frv., en ég vil láta þá skoðun í ljós, að ég tel frv. ekki nauðsynlegt.

Hv. 1. flm. dró fram ýmsar ályktanir, sem vafi er á, hvort mæla með eða móti frv., og sumar jafnvel frekar á móti, en fleira má nefna, bæði með og þó sérstaklega á móti. Ég býst við því, að fólkið í landinu, sem er vant að kjósa sér presta, það vilji gera það áfram. Það er nú svo, að það samstarf, sem þarf að vera á milli presta og safnaða, þarf frekar að aukast en minnka, en við því er varla að búast, ef prestarnir koma óvelkomnir, sendir af pólitískum ráðherra. Að vísu er svo sagt í frv., að leita skuli álits biskups um, hvern umsækjanda hann telji hæfastan, og í brtt. á þskj. 442 er bætt við sóknarnefndum prestakallsins og viðkomandi héraðsprófasti, en eftir sem áður fer hinn pólitíski ráðh. með veitingarvaldið, og við höfum langa reynslu fyrir því, að það vald hefur oft verið misnotað.

Ég held því, að þó að hv. 4. þm. Reykv. tali um, að biskup eigi að vera rödd kirkjunnar, þá sé engin vissa fyrir því, að hann ráði nokkru um það, hvaða prestur verður fyrir valinu, heldur er það alveg komið undir vilja hins pólitíska ráðh., sem er á hverjum tíma. Hér er því ekki verið að bæta úr því ástandi, sem er, heldur skapa einræði í stað lýðræðis og skapa ríkisvaldinu betri aðstöðu til að misbeita valdi sínu en áður var.

Hv. frsm. sagði, að flm. væru til viðtals um breyt. á frv. Ef frv. væri breytt svo, að sóknarnefndir hefðu vald í samræmi við þá aðila aðra, sem nefndir eru, og ráðherrann yrði að fara eftir vilja þeirra, væri frv. komið í það horf, að það væri a. m. k. ekki afturför frá því, sem nú er, og væri jafnvel til bóta, og þá væri hægt að segja, að þeir, sem réðu, væru hinir réttu aðilar. Þá væri valdið heldur ekki fengið í hendur pólitískum manni, sem ekki er alltaf sem heppilegast. En þó vil ég ekki segja, að þetta sé breyting til mikils batnaður frá því, sem nú er. Það eðlilegasta er, að fólkið velji sér sjálft þá menn, sem með því eiga að starfa. En hvað viðvíkur deilum innan safnaðanna út af kosningum, standa þær ekki svo djúpt né lengi, að til skaða sé. Þegar kosið er, þá hefur þó kosningin skorið úr um, hvaða umsækjandi eigi mestu fylgi að fagna, og söfnuðurinn átt þess kost að velja sér sjálfur mann. Ég tel því, að þetta frv. sé ekki nauðsynlegt, vægast sagt, þó að það geri ekki mikinn skaða, ef því er breytt í það horf, sem frsm. taldi sig geta fallizt á. En eins og það er nú, er það fráleitt, og bezt væri, að það dagaði uppi.

Pétur Ottesen: Ég skal nú ekki hafa mörg orð um þetta frv. En ég vildi þó nota tækifærið nú við 1. umr. og segja nokkur orð. Ég tel, að það orki mjög tvímælis, hvort eigi að stíga það spor aftur á bak, sem hér er ráð fyrir gert. Og það hefur runnið upp fyrir flm., að hér stæðu þeir ekki föstum fótum. Það hefur ekki borið við áður, svo að ég muni, að flm. hafi borið fram brtt. við sitt eigið frv., áður en frv. var tekið fyrir. Svo fljótt hefur samvizkan slegið þá, og þeir hafa hlýtt kalli hennar með því að draga úr því, sem ákveðið var í fyrstu.

En ég get þó ekki tekið undir það með hv. 2. þm. Rang., að þessi breyting fullnægi mér, þó að hún yrði samþ., og ekki heldur þó að það yrði samþ., að biskup, prófastur og sóknarnefndir ættu að hafa úrskurðarvald í þessum málum. Nei, það er engin vissa fyrir því, að þeir yrðu sammála, og þá þurfa að vera ákvæði um það, hvernig þá eigi að fara að.

Ég get ekki fallizt á það, að þorri safnaðarmanna geti ekki að jafnaði lagt rökstuddan úrskurð á embættishæfni umsækjenda. Mér finnst undarlegt, að í landi, sem hefur lýðræðið að hyrningarsteini undir sínu þjóðskipulagi, skuli því jafnframt haldið fram, að þannig sé ástatt fyrir almenningi, sem á að velja sér trúnaðarmenn, að brjóta þurfi lýðræðisvenjur og það sé honum ofætlun að leggja þar á rökstuddan úrskurð. Það þarf að gæta þess, að við val presta koma til greina allt aðrar ástæður en við aðrar embættaveitingar. Eins og hv. flm. tók fram, standa prestar í mjög nánu sambandi við það fólk, sem þeir eiga að þjóna, og stendur það ekki í sambandi við dægurmáladeilur á öðrum sviðum, sem oft valda ágreiningi. Frá sjónarmiði trúaðra manna verður þetta samband að vera náið, og til þess að sá árangur náist, sem heppilegur er og nauðsynlegur, er áreiðanlega bezt, að söfnuðurinn geti fengið að velja sér þann mann til starfsins sjálfur, sem á að þjóna þessu mikilsverða hlutverki. Ég held því, að þetta frv. sniði ekki af þá vankanta í sambúð prests og safnaðar, sem nú eru, heldur mundu þeir þvert á móti aukast, og veit ég, að það er fullkomlega meining flm. frv. að bæta úr þessu grundvallaratriði, sambúð prests og safnaðar, en ég sé ekki, að það verði gert með þessu móti, og sé ég ekki, að nein rök hafi fram komið því til sönnunar, hvorki í grg. eða hjá hv. flm. í hans fyrstu ræðu.

Þá vildi ég minnast á það, sem talað er um í grg. á móti kosningum, að inn í þær spinnist ýmsir annarlegir hlutir, sem ekki komi þeim við, t. d. pólitík. Nú kann það að vera, að pólitík hafi slæðzt inn í kosningarnar á stöku stað, en þá er þess að gæta, að þeirri hættu er ekki bægt frá með þessu frv., þegar pólitískur ráðh. á að hafa síðasta orðið um þessar veitingar, og um það vildi ég aðvara þá, sem að þessari till. standa. Það eru mörg dæmi þess, að gildandi fyrirmæli um embættaveitingar eru brotin. Það hefur komið fyrir oftar en einu sinni og oftar en tvisvar, að embætti eru veitt, án þess að þeim sé slegið upp, og því skyldi það ekki eins geta komið fyrir um þessi embætti, og hvar er sá varnagli, sem sleginn er samkvæmt þessu frv.? Það hefur oft komið fyrir, að það frumskilyrði, að embættunum sé slegið upp, hefur verið brotið, og það hefur verið látið óátalið. Í mesta lagi hefur verið skrifað um það í blöðin og síðan látið við svo búið sitja.

Ég held því, að hér sé ekki nægilega um búið, og ég er hræddur um, að þetta yrði frekar til að auka erfiðleikana en til þess að sníða af vankantana, og ég er hræddur um, að þetta yrði ekki lengi búið að standa, áður en það sprengdi þjóðkirkjuna. En varðandi óánægju af kosningum, þá grær venjulega fljótt um heilt fyrir minni hlutanum. En með þessari skipan held ég, að fáir eða engir mundu geta séð við afleiðingunum. Og ég er hræddur um, að það sé ekki til að styrkja trú manna á lýðræðið, ef svo væri að farið, sem hér er ráð fyrir gert, áhrifin gætu náð langt út fyrir það svið, sem þau ná nú til.

Í sambandi við brtt. á þskj. 442 má benda á það, að það getur líka verið óþægilegt að framfylgja þeim ákvæðum, sem þar eru, sérstaklega ef farið er inn á þá stefnu, að þessir þrír aðilar eigi að gera út um þetta. Af því gætu líka hlotizt óþægilegir árekstrar. Prófastur er oft einn af umsækjendum og því óhætt að slá striki yfir hann.

Þá er líka hætt við, ef biskup ætti að hafa úrskurðarvaldið, að óþægilegir árekstrar gætu orðið af úrskurði hans og valdið óánægju í sambúð hans og presta, þegar hann á að gera upp á milli þeirra.

Ein ástæðan fyrir þessu frv. er talin sú, að prestar geti sett mannorð sitt í hættu í kosningum. Ég sé nú ekki, að úr þessu sé bætt með þessu frv., því að eftir því, sem hv. flm. hélt fram, þá hlýtur þessi skipan ekki síður að vera hættuleg mannorði prestanna. Þegar biskup eða pólitískur ráðherra á að leggja dóm á hæfileika þeirra, fæ ég ekki annað séð en það sé ekki síður hættulegt mannorði þeirra. Svo held ég líka, að þessi ásteytingarsteinn verði ekki hættuminni, heldur hættumeiri fyrir viðkomandi prest, eftir að slík breyting væri komin á.

Eins og hv. 1. flm. hefur rakið hér, þá var það fyrir um 60 árum síðan, að það þótti mikill vinningur í sjálfstæðisbaráttu okkar að ná úr höndum valdhafanna því valdi að ákveða söfnuðum prest, þó að það væri með nokkrum takmörkunum, þannig að valdhafarnir gátu dæmt vissan hluta umsækjenda úr leik, þannig að það voru ekki nema sumir umsækjendur, sem komu undir dóm atkvæðanna. Þetta þótti samt sem áður mikill vinningur. En ég ætla, að þrem árum eftir, að stjórn var flutt inn í landið, hafi það verið álitið, að það ætti frekar að rýmka um þetta gagnvart söfnuðunum. En síðan 1907 hefur frekar þroskazt en sljóvgazt tilfinningin fyrir því að byggja okkar stjórnarfyrirkomulag upp á lýðræðisgrundvelli.

Hins vegar kemur það nú svo undarlega fyrir mínar sjónir nú á árinu 1947, þegar við að fullu höfum endurheimt sjálfstæði okkar og erum að byggja upp skipulag okkar á slíkum grundvelli, að þá skuli koma fram frv., sem gengur alveg í þveröfuga átt. Og með tilliti til þess, að þótt annar háttur sé hafður á með skipun annarra embættismanna í landinu, þá gerði ég í upphafi ræðu minnar grein fyrir því. Ég tel alveg eðlilegt, að stjórnarvöldunum sé t. d. falið

að skipa sýslumenn og lækna og þess háttar embættismenn, en ég tel hins vegar, að sambandið milli prests og safnaðar sé grundvallað á þeirri sérstöðu, að ef má telja eðlilegt og sjálfsagt, að stjórnarvöldin veiti önnur embætti og slíkar embættaveitingar séu byggðar á grundvelli þjóðskipulagsins, þá tel ég jafneðlilegt og sjálfsagt, að valið á presti, sem á að þjóna söfnuði, sé í hendi safnaðanna sjálfra og engra annarra.

Flm. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. — Mig langar til að gera nokkrar aths. við þær tvær ræður, sem hér hafa verið fluttar gegn þessu frv.

Mér virtist grunntónn þeirra ræðna vera sá, að þetta frv. gangi beinlínis í einræðisátt, einkum ræðu hv. 2. þm. Rang., en báðir töldu þeir frv. skerðingu á lýðræðisréttindum í þjóðfélaginu.

Ég hygg, að báðir þessir hv. þm. misskilji algerlega gildi lýðræðisins og hvað lýðræði í raun og veru er, hafi þeir haldið þetta. Lýðræði er í því fólgið, að sameiginlegum málum sé stjórnað að vilja eða í það minnsta ekki gegn vilja meiri hluta þjóðarinnar. Og það getur verið fullkomið lýðræði í landi, þó að embættismenn þess séu ekki kjörnir. Í ýmsum lýðræðisríkjum heims þekkist slíkt fyrirkomulag ekki. Ég get ekki séð, að það hafi mikið gildi fyrir lýðræðið, hvort ein embættismannastétt er valin eftir þeim reglum, sem gilt hefur um prestastéttina. Það þekkist í Bandaríkjunum, að dómarar séu kjörnir. En nú hygg ég, að þessir tveir hv. þm. teldu það ekki til þess að auka lýðræðisréttindin í landinu, ef ætti að hafa héraðsdómara kjörna. En séu þeir ekki þeirrar skoðunar, að það sé ekki til þess að auka lýðræðið að hafa slíka dómara kjörna, þá falla þau ummæli um sjálf sig, að það sé skerðing á lýðræði að afnema prestskosningar. Ég held, að þessi meginrök gegn því að afnema prestskosningar, að álíta, að þar sé verið að skerða lýðræðið, séu algerlega á misskilningi byggð. Hitt er svo allt annað mál, að á sínum tíma, meðan ríkisvaldið var í erlendum höndum og æðsta stjórn ríkisins var í Danmörku, þá var það einn liður í baráttu okkar Íslendinga fyrir því í fyrsta lagi að vera óháðir þessu danska valdi og í öðru lagi fyrir lýðræðisréttindum að öðlast rétt til þess að hafa einhver áhrif á skipun þeirra embættismanna, sem taldir voru einna þýðingarmestir.

Önnur meginröksemd, sem fram hefur komið gegn þessu frv., var sú, að með því væri gengið á rétt safnaðanna sjálfra. Í því sambandi hefur verið bent á, að vald safnaðarins til þess að kjósa sér prest væri svo þýðingarmikið, að hann mundi vafalaust vilja halda þeim rétti. Ég vil þá í því sambandi minna á það, að söfnuðir, í það minnsta hin síðari ár, hafa alls ekki notað sér þennan rétt eða vald, sem þeir hafa samkvæmt l. Söfnuðirnir hafa því aðeins vald til þess að hafa áhrif á prestskosningar, að prestskosningin sé lögmæt. Þetta vald hafa söfnuðir hér á landi yfirleitt alls ekki notað sér, svo að það verður ekki sagt, að það sé sérlega mikið frá þeim tekið, jafnvel þó að þessu yrði breytt, eins og gert er ráð fyrir í frv.

Eins og nú er, hefur pólitískur ráðh. síðasta orðið, ef kosningin hefur ekki verið lögmæt, og um langflestar embættaveitingar prestakalla á síðustu árum hafa pólitískir ráðh. haft síðasta orðið. Gegn þessu hafa ekki heyrzt raddir, hvorki frá hv. þm. Borgf. né hv. 2. þm. Rang., og hefði það verið ástæða til, ef slíkt væri hættulegt á annað borð, að ráðh. skipaði í þessi embætti. Ráðh. hefur getað beitt valdi sínu við langflestar prestskosningar hin síðari ár eða áratugi. Hins vegar hefur sú regla yfirleitt verið að skipa þann prest í embætti, sem flest atkv. hefur hlotið við kosningu, þó að það hafi ekki verið skylda ráðh.

Ef á að ræða þetta mál sem hagsmunamál kirkjunnar, þá eru á því tvær hliðar. Hv. andmælendur frv. hafa viljað halda því fram, að með þessu frv. væri gengið nokkuð á hagsmuni kirkjunnar sem stofnunar og safnaðanna. Ég er alls ekki þeirrar skoðunar, og það er alls ekki neitt slíkt, sem fyrir mér og meðflm. mínum vakir. Það er að vísu rétt, að verði frv. að l., er réttur safnaðanna minnkaður frá því, sem nú er, en það er ekki tekinn af þeim annar réttur en sá, sem þeir hafa ekki notað sér um mörg ár eða áratugi. Og í raun og veru er veitingarvald ríkisvaldsins ekki aukið mikið frá því, sem verið hefur um langan tíma, svo að þessi breyting á aðferð við veitingu prestakalla hefur þegar lengi verið fyrir hendi.

En ég vildi líta á þetta mál sem hagsmunamál kirkjunnar sem stofnunar frá nokkuð öðru sjónarmiði séð. Við megum ekki gleyma því, og á það lagði ég nokkra áherzlu í framsöguræðu minni, að það er mikið hagsmunamál fyrir prestastéttina sem slíka, að hún eigi þess kost að geta flutt sig til milli embætta eftir venjulegum leiðum, sem gilda um önnur embætti, svo sem lækna og dómara. Það er mikið réttlætismál fyrir eldri presta, sem lengi og samvizkusamlega hafa gegnt embætti í rýrum prestaköllum, að þeir geti átt þess kost samkvæmt venjulegum embættaveitingum að geta flutt í betri og hægari prestaköll án þess að leggja á sig að ganga út í kosningarhríð í fjarlægum héruðum — sem sumum prestum mun oft hafa verið um geð — og innan um ókunnugt fólk. Ég sé ekki, að það sé neitt hagsmunamál fyrir prestastéttina að hafa það kosningarfyrirkomulag, sem verið hefur í gildandi l., og ég hygg, að einmitt prestastéttinni sé það kosningarfyrirkomulag mjög hvimleitt og því hvimleiðara, eftir því sem tímarnir hafa liðið fram. Ég álít það mikið hagsmunamál fyrir prestastéttina og kirkjuna sem stofnun, að það fyrirkomulag verði framvegis, sem gert er ráð fyrir í þessu frv. Ég álít, að það megi ekki gleyma að meta það, að það er mikið hagsmunamál fyrir prest að eiga kost á réttlátum frama í stéttinni, auk þess sem ég álít það til mikilla bóta fyrir stéttina og starf þeirra manna, sem þar um ræðir, að verða leystir undan þeirri venju að þurfa svo að segja að berjast og oft leiðinlegri baráttu fyrir hverjum frama, sem þeir vilja ná á embættisbrautinni.

Þá var það eitt atriði í ræðu hv. þm. Borgf., sem ég vildi minnast á. Hann gat um, að við flm. mundum fljótlega, eftir að frv. var fram komið, hafa séð

okkur um hönd vegna samvizku okkar og þess vegna borið fram brtt. ásamt hv. þm. V-Sk. Þessi ummæli hv. þm. eru á misskilningi byggð. Okkur hafði, eins og samtöl okkar við hv. þm. V-Sk. og fleiri bæði innan þings og utan bera vitni, aldrei komið til hugar að útiloka prófast eða sóknarnefnd frá að láta álit sitt í ljós um umsækjendur. Við höfðum talið nóg að ætla biskupi að afla sér álits prófasts og sóknarnefnda. En þar sem við höfðum orðið varir við, að þetta var misskilið, varð að ráði, að við ásamt hv. þm. V-Sk. tækjum af öll tvímæli um vilja okkar í þessu efni. Þess vegna kom fram þessi brtt., svo að það er ekki ný skoðun frá okkar hálfu, sem fram kemur í brtt., heldur er einungis þar að ræða um áréttingu á frv. sjálfu og leiðréttingu til samræmis við það, sem við höfðum ætlazt til. Það er því ekki rétt skilið, að ég hafi borið upp neinar breytingar á þessu frv. Ég lét orð falla um það, að ef einhver hv. þm. vildi koma með till. um það, að söfnuðurinn hefði meira vald um val prestsins en gert er ráð fyrir í frv., en þó ekki úrskurðarvald, þá værum við til viðtals um það. Annað sagði ég ekki.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. — Ég ætla aðeins að segja nokkur orð í sambandi við ræðu hv. síðasta ræðumanns og nota tækifærið um leið til þess að segja hv. þm. Borgf., að hann hefur misskilið ræðu mína áðan, þegar hann talaði um, að ég hefði sagt, að mínum vilja væri fullnægt, ef hlutur safnaðanna væri gerður meiri með því móti, að sóknarnefnd eða prófastur fengju að ráða vali prestsins með biskupi. Ég sagði aðeins, að frv. væri betra með því móti en það er nú að mínu áliti. En ég lagði til, að þetta frv. yrði ekki samþ., og þetta hefði hv. þm. Borgf. átt að heyra og skilja.

Hv. frsm. talaði um það, að ég misskildi lýðræðið, eða við hv. þm. Borgf. Hann dró þá ályktun af því, að ég hefði talið, að með því að afnema kosningarrétt safnaðanna væri verið að gefa einræðinu meiri byr og skapa möguleika til þess, að ríkisvaldinu yrði misbeitt í frekari mæli en verið hefði. Þetta vildi ég gjarnan endurtaka fyrir hv. frsm. Og hv. frsm. sagði, að ef þessir andmælendur frv. vildu ekki telja, að réttara væri og heppilegra að kjósa héraðsdómara eins og presta, þá misskildu þeir lýðræðið. Af því að hv. frsm. talaði um héraðsdómara, vildi ég segja það, að það er náttúrlega engin fjarstæða að gefa héruðum einhvern meiri rétt til þess að velja sér dómara en verið hefur. Héraðsdómarar gegna miklu ábyrgðarstarfi í landinu, þeir eru framkvæmdarstjórar sýslunnar. En eins og nú er, þá ræður sýslan engu um það, hvaða framkvæmdarstjóri er ráðinn fyrir sýsluna. Og það getur þessi hv. þm. vitað, að það getur haft alvarlegar afleiðingar fyrir sýslufélagið og fólkið í héraðinu að hafa ekkert vald til þess að hafa áhrif á, hver valinn er í slíkt embætti. Ég hygg, að þau dæmi megi finna, að með þessu fyrirkomulagi hafi ekki alltaf verið valið sem heppilegast og æskilegast í þessum efnum, heldur hafa pólitískir ráðh. skipað menn, sem þeim voru handgengnir, og jafnvel þá gengið fram hjá hæfari mönnum. Ég teldi það t. d. enga fjarstæðu, að sýslunefnd í hverri sýslu hefði ákvörðunarrétt um það, hvaða framkvæmdarstjóri væri valinn fyrir sýslufélagið, og ég teldi það lýðræði, af því að sýslunefndir eru kosnar af héraðsbúum. Hins vegar væri vel framkvæmanlegt, að sýslubúar sjálfir kysu þennan mann.

Ef hv. frsm. hefði flutt frv. um það að gera rétt héraðanna meiri með því, að þau gætu valið sjálf héraðsdómara, þá hefði hann sannað ást sína á lýðræðinu. Og hann hefði gert það betur með því en að flytja það frv., sem hér er nú til umr.

Ég tel ekki ástæðu til þess að ræða þetta mál frekar. Það mun fara til n. og verður athugað þar. Ég skal engu spá um það, hvaða meðferð það fær þar, en ég gæti trúað því, að hv. þm. skoði hug sinn um það að samþykkja þetta frv.

Umr. frestað.

Á 82. fundi í Nd., 27. febr., var fram haldið 1. umr. um frv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18:1 atkv. og til menntmn. með 19 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

32. Æskulýðshöll í Reykjavík.

Á 75. fundi í Nd., 17. febr., var útbýtt:

Frv. til l. um æskulýðshöll í Reykjavík (þmfrv., A. 409).

Á 76. fundi í Nd., 18. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 77. fundi í Nd., 19. febr., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 23 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Frv. þetta, sem prentað er á þskj. 409, hefur áður verið flutt í þeirri mynd, sem það nú er, á hv. Alþ. og er því þm. kunnugt, og almenningi er það að nokkru kunnugt vegna skrifa um það í dagblöðunum, og þarf því ekki hér mörgum orðum um að fara í framsögu.

Frv. þetta var áður flutt af fyrrv. borgarstjóra Reykjavíkur og núv. hæstv. utanrrh. Eins og segir í frv., þá er gert ráð fyrir, að tveir aðilar, ríki og Reykjavíkurbær, komi upp æskulýðshöll hér í höfuðstaðnum. Ég hygg, að menn geti orðið sammála um nauðsyn slíkrar stofnunar sem þessarar, og eins og nú háttar, þá væri æskunni það mikils virði, að komið yrði á fót slíkri stofnun, en sökum húsnæð-

isskorts, þá hefur æskan átt óhægt um vik að rækja eðlilega félagsmálastarfsemi. Tilgangurinn er því að bæta aðstöðu unga fólksins í þessu efni, svo að því gefist kostur til félagsmálastarfa og íþróttaiðkana, en húsnæði til þessa hefur verið mjög erfitt að fá, og ef það hefur þá fengizt, þá hefur leiga þess verið það há, að ofviða hefur verið unga fólkinu og samtökum þess. Núverandi húsakostur er því of dýr, og er tilgangurinn með æskulýðshöllinni að bæta hér úr, og auk þess er ætlazt til þess, að þar geti farið fram alls konar fræðslustarfsemi, svo sem flutningur tónverka, kvikmyndasýningar o. s. frv. Áhugi unga fólksins á tónlist fer vaxandi, og nú fyrir skemmstu hefur tónlistarfélagið séð fyrir því, að unga fólkið hefur átt þess kost að hlýða á alls konar tónsmíðar, og hafa hljómleikar þessir verið ágætlega sóttir af æsku höfuðstaðarins. Einnig er gert ráð fyrir, að í æskulýðshöllinni geti farið fram fyrirlestrahald og alls konar tómstundaiðkanir. Hér má t. d. minna á, að áhugi fyrir taflíþróttinni hefur farið sívaxandi, og hafa Íslendingar jafnan staðið sig vel í þeirri íþrótt andans, enda þótt starfsemi skákfélaganna hafi jafnan verið á hrakhólum. Þá er í frv. vikið að því, að ekki væri óeðlilegt að bæjarbókasafnið yrði tengt æskulýðshöllinni. Yrði þar þá hvort tveggja lestrarsalur og myndarlegt bókasafn. Reykjavíkurbær mundi þá bera uppi allan kostnað við safnið. Að öðru leyti er gert ráð fyrir, að ríkið standi straum af kostnaðinum, en leiti þó til æskulýðsfélaga í bænum eftir stuðningi, þ. e. þeirra félaga, sem gætu komið til að hafa áhrif á rekstur æskulýðshallarinnar. Slíkt frv. sem þetta getur ekki lengur dagað uppi. Það er að vísu svo, að hægt er að hreyfa hér mótbárum gegn frv., að fjárhagur leyfi ekki þessar framkvæmdir, en þótt frv. verði nú samþ., þá mælir 6. gr. frv. svo fyrir, að l. komi ekki til framkvæmda, fyrr en veitt hefur verið fé til þessara framkvæmda í fjárl. og í fjárhagsáætlun Reykjavíkur, en samþykkt frv. nú hefur það í för með sér, að hert verður á því, að fé verði veitt. Afstaða bæjarstjórnar Reykjavíkur er sú, eins og greint er frá í grg., að stjórn bæjarins hefur skorað á hæstv. Alþ. að samþykkja þetta frv. og veita fé til þessa máls í fjárl. Um þessa skoðun bæjarstjórnarinnar hafa flokkarnir staðið óskiptir, og leyfi ég mér að vænta þess, að svo verði einnig hér á Alþ. Ég tel nú, að þegar málið fer í n., þá athugi hún gaumgæfilega álit það, sem herra Ágúst Sigurðsson hefur gefið út varðandi þetta mál, ásamt öðrum málsskjölum. Ekki er ástæða til að fjölyrða frekar um þetta, en ég vænti þess, að málinu verði vísað til hv. allshn. og 2. umr.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að benda á í þessu sambandi, að fyrir þessari hv. d. liggur nú annað frv., sem má segja, að sé um sama efni og þetta. Það er 57. mál þingsins, á þskj. 83, um félagaheimili. Sá er einkum munur á þessum tveim frv., að í frv. um félagaheimili er gert ráð fyrir, að ákvæði þess nái til landsins alls, en ekki einungis til Reykjavíkur. Auk þess munu frv. ekki vera samhljóða að því leyti, að einhver munur mun vera á þeim stuðningi til þessara heimila, sem gert er ráð fyrir, að ríkið veiti.

Ég vil enn fremur benda á, að frv. um þetta sama efni, sem ég nefndi, er í fjhn. d., og mér finnst miklu eðlilegra, að frv. væru bæði í sömu n., þar sem um sams konar málefni er að ræða.

Flm. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Ég get fallizt á, að frv. fari til fjhn. með hliðsjón af því, að hliðstætt frv. er þar. Ég lagði til, að það færi til hv. allshn., af því að frv. um þetta efni hefur áður verið hjá þeirri n., en ég fyrir mitt leyti hef ekkert á móti því, að það fari til hv. fjhn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til fjhn. með 18 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

33. Fávitahæli.

Á 31. fundi í Sþ., 26. febr., var útbýtt frá Nd.: *Frv. til l. um breyt. á l. nr. 18 1. febr. 1936, um fávitahæli* (þmfrv., A. 445).

Á 83. fundi í Nd., 28. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 19 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Arnfinnur Jónsson): Herra forseti. Þegar þessi l. voru sett árið 1935, var hér í landi fjárþröng, sem hindraði það, að l. kæmust til framkvæmda. Hins vegar kom það skýrt fram hjá hv. flm., frú Guðrúnu Lárusdóttur, að hún vænti þess, að þegar fjárhagur ríkisins batnaði, þá yrðu þau hæli reist, sem gert er ráð fyrir í l., og þau starfrækt. Í fyrstu málsgr. er ákvæði, sem virðist hafa verið notað sem varnagli gegn því, að l. yrðu framkvæmd. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta: „Ríkisstj. sér um, jafnóðum og fé er veitt til þess í fjárl., að stofnuð séu: a. Skólaheimili, eitt eða fleiri, fyrir unga vanvita og hálfvita“, o. s. frv. — Þetta ákvæði virðist hafa gefið átyllu til þess að láta l. ekki koma til framkvæmda á sama tíma og fjöldi annarra stofnana varðandi heilbrigðis- og menningarmál hafa verið reistar. Miða brtt. mínar að því að nema í burtu þennan varnagla og taka af öll tvímæli um, að l. komi til framkvæmda. Höfuðbreyt. á 1. gr. er sú, að ég legg til, að fyrsta málsgr. orðist þannig: Ríkið lætur reisa og starfrækja o. s. frv. — Aðrar breyt. eru ekki á 1. gr., nema a-lið. Þar kemur inn í á eftir orðunum hálfvita: og börn og unglinga, sem að dómi sálfræðinga eru sérstaklega vanþroska, en kenna má þó ofurlítið til munns

og handa, eins og í l. stendur. Þessi liður er allrúmur. Hann nær yfir vanvita, hálfvita og börn og unglinga, sem að dómi sálfræðinga eru sérstaklega vanþroska. En það er oft ekki á leikmannsfæri að dæma um það, hvort um er að ræða vanþroska börn, hálfvita eða fávita eða aðeins seinþroska börn. Þess vegna taldi ég rétt að ákveða það í l., að þegar á að dæma um, hvort börn skuli sett á hæli, sem ætlað er vanvitum og hálfvitum, þá skuli kalla til sérfróða menn og þá fyrst og fremst sálfræðinga.

6. gr. er breytt verulega. Í l. er gert ráð fyrir, að ráðh. skipi 3 manna eftirlitsn. með þessum hælum. Mér virðist þetta ekki nauðsynlegt. Í landinu er starfandi barnaverndarráð, sem þetta ætti að heyra undir. Álít ég, að það skuli hafa eftirlit með slíkum barnahælum. Að vísu er til þess ætlazt, að fávitahælin geti tekið að sér sjúklinga á öllum aldri til elliára. En þess ber að gæta, að þeir sjúklingar standa raunverulega, hvað vitsmuni snertir, ekki hærra en ung börn. Fávitar hafa jafnvel ekki greind 2—3 ára barns. Mér finnst því óþarfi að gera ráð fyrir sérstakri umsjónarn. með þessum hælum. Þá tel ég rétt, að sérfróðum lækni, ef hans er kostur, sé falið að hafa umsjón með heilsugæzlu þessa fólks. Ég legg svo til, að 7. gr. l. falli niður, og leiðir það af sjálfu sér. Með l. um ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla er gert ráð fyrir, að þessir sjúklingar, sem l. fjalla um, heyri undir þau l. Þar með eru fallin niður ákvæði 7. gr., sem var um sérstaka framfærslu þessara sjúklinga. Sama gildir um bráðabirgðaákvæði með sömu l., er það líka fallið úr gildi. Þau l. voru til meðferðar á sama þingi og þessi l., enda var gert ráð fyrir, að þegar þau l. yrðu samþ., þá féllu bráðabirgðaákvæði þessara l. niður. Þetta er ekkert annað en formsatriði.

Það hafa ekki verið birtar ábyggilegar skýrslur um þessa sjúklinga í landinu. En vitað er, að þeir eru margir. Í heilbrigðisskýrslum frá landlækni 1943 er talið, að utan Reykjavíkur séu 171 fáviti. Er þó vitað, að þar koma ekki öll kurl til grafar. Foreldrar reyna í lengstu lög að komast hjá því að geta um slík börn og halda ef til vill lengi í þá von, að ekki sé ástandið svo alvarlegt með barnið, að um algeran vanvita sé að ræða. Einnig mun ekki heldur hafa verið gerð veruleg gangskör að því að afla ábyggilegra skýrslna um þetta af öllu landinu. En svo langt sem þessar skýrslur ná, þá er það auðséð, að hér er mikið nauðsynjamál á ferðinni. Í einu þorpi, Ólafsvík, eru t. d. 5 fávitar, í einu héraði á Austfjörðum 10. Það er mjög alvarlegt að hafa slíka sjúklinga þannig. Þeir taka oft upp starfskrafta einnar manneskju eða fleiri. Ég veit dæmi til þess, að það opinbera hafi orðið að ráða mann til þess að annast einn fávita. Auk þess hafa þessir sjúklingar slæm áhrif á umhverfi sitt. Ég þykist vita, að enginn ágreiningur muni vera um það, að hinu opinbera beri að sinna þessum sjúklingum og gera það fyrir þá, sem í mannlegu valdi stendur, engu síður en fyrir aðra sjúka menn. En þar með hefur þetta líka dregizt alli of lengi. Og þessu máli hefur nú verið hreyft hér til þess að reyna að koma skriði á það, svo að það verði tekið sömu tökum og önnur heilbrigðismál. Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um málið á þessu stigi. Ég vona, að hv. þm. sýni málinu skilning, og óska ég, að því verði vísað til allshn.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Ég stend ekki upp til að bera nokkuð af því til baka, sem hv. flm. hefur talað varðandi nauðsyn þessa máls. Þessi nauðsyn var fyrir hendi löngu áður en frú Guðrún heitin Lárusdóttir flutti sitt frv. árið 1936. Var þetta viðurkennt af Alþ. með því, að samþ. var að reisa fávitahæli, jafnskjótt og fé væri til þess ætlað á fjárl. Hins vegar tel ég það skyldu mína að benda hv. flm. og þeirri n., sem málið fær til meðferðar, á, að eigi að bæta nýjum útgjaldapósti á þau fjárl., sem fyrir liggja, þá er það ekki kleift, nema því aðeins, að um leið séu gerðar ráðstafanir til þess að kippa út úr fjárl. einhverjum af þeim útgjaldapóstum, sem þar eru, og ég verð að segja, að mættu vel víkja fyrir jafnmiklu nauðsynjamáli og hér liggur fyrir. Upp á síðkastið hefur það oft viðgengizt hér á Alþ., og ætla ég ekki að mælast undan að hafa tekið þátt í slíku, að þm. samþykki löggjöf um eitt og annað, sem bindur ríkinu útgjaldabyrði, sem ekki reynist svo fært að standa við. Í mörgum greinum hefur hér verið við hafður allt of mikill hraði. Ég vil t. d. benda á, að til þess að fullnægja kröfum l. um barnaskóla eina nú við afgreiðslu þessara fjárl. mun til þess þurfa 7 millj. kr. Það er aðeins til barnaskólanna, en svo koma þar á eftir framlög til gagnfræðaskóla í sveitum og kaupstöðum, og eru það margar millj. kr. Ég drep aðeins á þetta til þess að sýna, hvernig ástandið er. Hér var um daginn verið að afgreiða frv. til l. um hýsingu prestssetra, sem hefur stórkostlegan kostnað í för með sér fyrir ríkið. Þess vegna vil ég mæla það til n. þeirrar, er mál þetta fær til athugunar, að ef n. vill taka undir óskir flm. um það, að á þessu þingi verði tekið upp á fjárl. framlag til þess að byggja fávitahæli, þá geri hún ráðstafanir til að fella niður úr fjárlagafrv. eitthvað annað, sem bæði ríkisstj. og hv. flm. vilja sætta sig við, í staðinn fyrir þetta, og mun ekki af veita. Ég bið hv. flm. að taka þetta engan veginn sem andúð til málsins af minni hendi, þótt ég segi eins og er. Ég álít, að mér beri skylda til þess að lýsa fyrir honum og öðrum þeim vandkvæðum, sem hér eru á ferðinni. Á þeim tímum, þegar þetta mál var til meðferðar í þinginu, var ég einn af þeim, sem veittu því brautargengi, og gerði ég það enn, ef ég teldi fært að hrinda því í framkvæmd, eins og hv. þm. óskar. En hitt má Alþ. taka til athugunar, að hér er á mörgum sviðum lögfest að leggja út í mikinn kostnað af almannafé til fyrirtækja, sem þó eru engan veginn eins aðkallandi og það, sem um ræðir í þessu frv.

Flm. (Arnfinnur Jónsson): Ég skil vel afstöðu hæstv. fjmrh. Hann vill, að tekið sé fullt tillit til fjárl. í sambandi við þetta mál. Og því gæti ég

trúað, að finna mætti í fjárl. einhver þau útgjöld, sem ekki væru eins nauðsynleg og þetta, sem hér um ræðir. Ég efast um, að til séu margir útgjaldaliðir, sem séu jafnnauðsynlegir og aðkallandi og framkvæmd þessara l. Í grg. geri ég ráð fyrir, að veitt verði strax á þessu ári til að koma upp fávitahæli. Það gerði ég með það fyrir augum að láta það koma strax fram, að ég álít það óhjákvæmilega nauðsyn, að þegar sé hafizt handa um þessar aðgerðir. Mér dettur að vísu ekki í hug, að öll þau hæli, sem hér er gert ráð fyrir, komist upp. Þau þyrftu að vera minnst 3—4, en ég held, að það yrði að byrja svo myndarlega á næsta ári, að það fengist veruleg bót frá því, sem nú er í þessu efni. Það er í raun og veru ekki eitt einasta opinbert hæli fyrir þessa sjúklinga. Á Kleppjárnsreykjum í Borgarfirði eru 10—20 sjúklingar, en það er þannig til komið, að fyrir löngu kom ung og áhugasöm stúlka upp hæli fyrir þessi börn austur í Grímsnesi af eigin rammleik að mestu leyti, en fékk svo aðstoð bæjar og ríkis. Það sýndi sig, að ekki var hægt að reka þetta hæli eitt, svo að vel væri, svo að hún reisti almennt barnahæli í grennd við húsið, sem fávitarnir voru í. Þetta var látið afskiptalaust um nokkur ár, en varð algerlega óviðunandi, þegar fávitarnir eltust, og á stríðstímanum, þegar erfitt var að fá starfsfólk, varð að grípa til þess að láta elztu börnin sjá um gömlu fávitana, og var þá komið það ástand, sem ekki mátti við una, og fyrir það var gripið til þess ráðs að flytja sjúklingana að Kleppjárnsreykjum. En þetta var ekki hæli. heldur gamall læknisbústaður. Staðurinn var ekki ætlaður fyrir slíkt hæli.

Ég vil leyfa mér að bæta því við það, sem ég sagði áðan — þrátt fyrir það, sem hæstv. fjmrh. sagði um erfiðleika á fjárveitingum —, að ég vona, að Alþ. sýni þessu frv. fulla velvild og að það verði samþ.

Ég tel, eins og ég sagði áðan, eðlilegt að málið fari til allshn., en ekki til fjhn. á þessu stigi. Á eftir væri svo hægt að flytja brtt. við fjárl. um sérstaka fjárveitingu í þessu skyni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til allshn. með 20 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

34. Út- og uppskipun á Ísafirði.

Á 31. fundi í Sþ., 26. febr., var útbýtt frá Nd.: *Frv. til l. um einkaheimild hafnarsjóðs Ísafjarðar til út- og uppskipunar* (þmfrv., A. 452).

Á 83. fundi í Nd., 28. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 84. fundi í Nd., 3. marz, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 23 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Finnur Jónsson): Ég flyt þetta frv. eftir beiðni bæjarstjórnar Ísafjarðar. Það er í ráði að hefja stórkostlegar hafnarframkvæmdir á næstunni, sem munu kosta mjög mikið fé. Bæjarsjóði er því mikil þörf á auknum tekjum, og er þetta frv. flutt í þeim tilgangi. Ég get að öðru leyti vísað til grg., en óska, að frv. verði vísað til fjhn. að lokinni þessari umr.

Sigurður Bjarnason: Þess er getið í bréfi, sem prentað er sem fskj. með þessu frv., að samþ. hafi verið að biðja FJ, HV og SB að beita sér fyrir þessu máli hér á Alþ. En nú hefur það atvikazt þannig, að ég hef ekki gerzt meðflm., og vil ég skýra, vegna hvers það er.

Það er fjarri því, að ég sé ekki sammála bæjarstj. um það, að auka þurfi tekjur bæjarsjóðs, sú nauðsyn er mjög brýn. En hins vegar tel ég, að með þessari ósk sé farið inn á vafasama leið, sem ekkert bæjarfélag hefur enn þá farið inn á, þó að til þess hafi verið pólitísk aðstaða.

Það eru einkum tvö atriði, sem mér finnst þörf á að athuga í þessu sambandi. Það er í fyrsta lagi, eftir hverju er verið að slægjast, er von á ágóða af þessari einkaheimild, ef hún fengist? Ég tel, að það sé borin von, ef athuguð er skipaútgerð ríkisins, sem hefur haft svipaða heimild, þá hefur þar verið um halla að ræða á þessum rekstri. Ég lít því þannig á, að það sé mjög vafasamur hagnaður fyrir hafnarsjóð að fá þessa heimild. Ég hefði talið nauðsynlegan grundvöll undir slíkar óskir, að vitneskja lægi fyrir um, hversu mikilla tekna mætti vænta af slíkri einkaheimild. Ég vil einnig benda á, að það er nokkuð hæpið af löggjafanum að svipta þá menn atvinnu, sem undanfarin ár hafa haft atvinnu af þessari starfrækslu og hafa náttúrlega, ef um hagnað hefur verið að ræða, greitt af henni útsvar og önnur gjöld til ríkis og bæjar. Það hefur stundum komið fyrir, að það hefur þótt hilla undir miklar tekjur og mikla arðsvon af rekstri einstaklinga, og svo þegar bæjarfélög hafa tekið þennan atvinnurekstur undir sig, hefur útkoman stundum orðið sú, að arðurinn hefur ekki reynzt eins mikill og menn gerðu sér vonir um. Ég gæti nefnt dæmi um þetta einmitt frá Ísafjarðarkaupstað, sem ég á þessu stigi málsins mun þó ekki gera, nema frekara tilefni komi til.

Ég skal svo ekki hafa mikið fleiri orð um þetta mál. Ég viðurkenni, eins og ég sagði, og veit glögglega um hina miklu þörf hafnarsjóðs Ísafjarðar að fá miklar tekjur til þeirra framkvæmda, sem fram undan eru hjá honum. En meðan engar upplýsingar eru um, hvort hagnaðar megi vænta af þeim atvinnurekstri, sem hér er um að ræða, þá er ég mjög tregur til þess að fara inn á þá leið, sem hér er lagt til í þessu frv.

Flm. (Finnur Jónsson): Mér þykir ákaflega leitt, að hv. þm. N-Ísf. hefur ekki séð sér fært að verða við beiðni bæjarstjórnar Ísafjarðar um að verða meðflm. þessa frv., en að sjálfsögðu verður hann að gera það upp við sig og sína flokksmenn á Ísafirði, sem hafa nú forystu um að stjórna bæjarfélaginu, hvaða afstöðu hann tekur í þessu máli, jafnvel þó að ýmsir mundu líta svo á, að með því að ganga móti beiðni bæjarstjórnar Ísafjarðar að flytja þetta frv. sé hann að sjá þar um hagsmuni einstakra manna gegn hagsmunum bæjarfélagsins á Ísafirði. Ég vil ekki segja, að það sé svona, en það liggur ákaflega nærri, að það líti út fyrir, að málinu sé þannig háttað.

Hv. þm. N-Ísf. bar það aðallega fyrir sig, að ekkert bæjarfélag hefði slíka heimild sem þessa, og hefði þó staðið opið að leita hennar um margra ára skeið. Nú er það svo, að ég ætla, að Ísafjarðarkaupstaður hafi áður leitað eftir að fá heimild líka og þessa, og hafa verið borin fram frv. um það hér á þingi að veita bænum heimild, svipaða þessari, en þau frv. hafa ekki náð fram að ganga. Það er þess vegna ekkert einkennilegt við það, þó að falazt sé eftir sams konar heimild oftar en einu sinni, ef kaupstaðurinn teldi líklegt, að hann gæti haft einhverjar auknar tekjur af að fá slíka heimild.

Í öðru lagi virðast mér rök þau, sem hv. þm. hefur fyrir afstöðu sinni í þessu máli, vera nokkuð á reiki, þar sem hann var annað veifið að tala um, að óvíst sé, að hægt væri að hafa mikið upp úr þessu, en í hinu orðinu talaði hann um, að ekki mætti svipta þá menn, sem hefðu haft atvinnu af þessu, atvinnu sinni. Mér virðist þetta skjóta nokkuð skökku við, ef ekki má taka atvinnurekstur í hendur bæjarfélagsins, sem einstaklingar kynnu að tapa á, ef bæjarstjórnin á hinn bóginn skyldi telja, að væri hægt að koma atvinnurekstrinum þannig fyrir, að af honum gæti orðið nokkur ágóði fyrir bæinn. Þá virðist liggja í augum uppi, að þeim, sem yrðu losaðir við atvinnurekstur, sem þeir hefðu tapað á undanfarin ár, en bærinn teldi sér nokkra hagnaðarvon að, væri nokkur greiði ger jafnframt því, sem uppfyllt væri ósk bæjarfélagsins.

Ég skal ekki orðlengja um þetta frekar, en ég vil aðeins benda á, að þar sem bæjarfélög hafa sums staðar notað sér ákvæði hafnarl. til þess að leggja visst gjald á afla þeirra skipa, sem leggja afla sinn þar á land, þá hefur Ísafjarðarkaupstaður ekki farið fram á að nota sér slíka heimild, þar sem hafnarn. taldi það vera misráðið. Hins vegar hefur bæjarstjórnin valið þá leið, sem stungið er upp á í þessu frv., og tel ég það fyrir mitt leyti mjög miklu heppilegra fyrir bæinn, því að ef bærinn á að geta veitt sjómönnum þá nauðsynlegu aðstöðu, sem hann þarf að veita sem útgerðarbær, þá veitir kaupstaðnum ekki af að fá mjög mikið auknar tekjur frá því, sem verið hefur.

Ég vil þess vegna óska þess, að hv. þm. N-Ísf. taki nú afstöðu sína til þessa máls til endurskoðunar milli umr. og fylgi frv. fram gegnum þingið.

Sigurður Bjarnason: Út af því, sem hv. þm. Ísaf. sagði, að sér þætti leitt, að ég hefði ekki viljað framfylgja þeirri ósk, sem bæjarstjórn Ísafjarðarkaupstaðar, flokksmenn mínir í bæjarstjórn, hefði sett fram, vil ég leyfa mér að segja, að ég hef að sjálfsögðu rætt þetta mál ýtarlega við bæjarstjóra og flokksmenn mína í bæjarstjórn Ísafjarðarkaupstaðar, og ég vil, að hv. þd. viti, að bæjarstjóra Ísafjarðar var þessi afgreiðsla málsins, sú afgreiðsla, sem það fékk í bæjarstjórn, alls ekki að skapi. Hann beitti sér fyrir því, fyrst þegar málið kom frá hafnarn., að því væri vísað til hafnarn. aftur til frekari athugunar. Þegar það kom enn á ný fyrir bæjarstj. eftir þá athugun, þá lagði bæjarstj. aftur á það áherzlu, að málið hefði ekki fengið nægilegan undirbúning, þann, sem nægði til þess, að þm. byggðarlaganna fyrir vestan yrði falið að flytja frv. um einkaheimild þá, sem hér ræðir um. Bæjarstj. beitti sér sem sagt gegn því, að þessi áskorun á þessu stigi málsins yrði send hv. þm. Ísaf. og öðrum þm., sem hún að lokum var send til. En varðandi afstöðu sjálfstæðismanna til þessa máls er það að segja, að þeir greiddu atkv. gegn þeirri till., sem samþ. var, eða sátu hjá af þeirri ástæðu, að þeim þótti málið ekki nægilega upplýst. Ég er þess vegna með minni afstöðu gersamlega í samræmi við óskir minna samstarfsmanna og flokksmanna í bæjarstjórn Ísafjarðarkaupstaðar. Hins vegar er rétt, að það komi fram, að þessarar heimildar er óskað samkvæmt till., sem samþ. var af fulltrúum Alþfl. og Sósfl. í bæjarstjórn Ísafjarðarkaupstaðar. Þetta vil ég láta koma fram í tilefni af því, sem hv. þm. Ísaf. sagði.

En varðandi svo hitt, að ég sé hér að meta meir hagsmuni einstakra borgara á Ísafirði en hagsmuni bæjarfélagsins í heild, þá er það náttúrlega tiltölulega rúm túlkun á mínum orðum. Ég lagði á það megináherzlu í þeim orðum, sem ég sagði í upphafi, að ekkert lægi fyrir um það, hversu mikils hagnaðar væri að vænta af þessum atvinnurekstri. Ég benti einnig á, að það gæti verið hæpin leið að svipta menn fyrirvaralaust möguleikum um þennan atvinnurekstur. Ég vil svo endurtaka það, sem ég sagði áðan, að það hefur stundum komið fyrir í Ísafjarðarkaupstað, að meiri hluti bæjarstjórnar hefur eygt mikla tekjumöguleika af atvinnurekstri einstakra manna og hefur ekki látið við það sitja að afla sér þessara tekjumöguleika, heldur aflað sér möguleika til að njóta þeirra sjálfur. Ég get þar nefnt eitt dæmi, sem er mjög þekkt, en það er bæjarrekstur kvikmyndahúss á Ísafirði. Það var 1930, ef ég man rétt, sem kaupstaðurinn hóf rekstur kvikmyndahúss. Áður höfðu einstaklingar haft þann rekstur og hagnazt á honum, það vissu allir. Þeir höfðu byggt myndarlegt hús af sínum gróða og séð bæjarbúum fyrir sæmilegum kvikmyndum. Kaupstaðurinn ætlaði að græða á þessum atvinnurekstri, við skulum ekki lá honum það, við skulum segja, að það sé mannlegt og eðlilegt. Meiri hluti bæjarstjórnar, Alþfl., vildi nálgast þessa gróðamöguleika, þó að hann hefði þaðan allmiklar tekjur í útsvörum. Hver varð niðurstaðan þau 5 eða 6 ár, sem Ísa-

fjarðarbær rak kvikmyndahús? Eitt árið komst hagnaður bæjarins af þessum rekstri í 5 þús. kr., öll hin árin varð hann undir þúsund krónum. Og síðasta árið, sem bærinn rak þetta fyrirtæki, þetta auðsæla fyrirtæki, hver haldið þið, að hagnaðurinn hafi verið þá? Það varð ekki hagnaður, það varð 600 kr. tap á kvikmyndahúsinu á Ísafirði síðasta árið, sem kaupstaðurinn rak það. Þannig fór með þennan mikla gróða, þessa miklu tekjulind, sem flokksmenn hv. þm. Ísaf. eygðu í bíórekstrinum í kjördæmi hv. þm. Ísaf. Niðurstaðan varð sú, að bærinn gafst upp á þessum rekstri, hætti við hann. Það má segja það til gamans, af því að það er farið að rabba um þetta á víðari grundvelli, að það var eitt einkenni talið vera á bíóinu, meðan það var rekið af bænum, og það var það, að þar hvorki heyrðist hljóð eða sást nokkur mynd. Þannig var bíóreksturinn meðan hann var í höndum flokksmanna hv. þm. Ísaf. Þetta varð til þess, að bæjarstjórn veitti öðrum aðila, verkalýðsfélaginu, heimild til 20 ára til að reka kvikmyndahúsið, og síðan hefur bærinn af þessu sáralitlar tekjur, hann fær ákveðinn hundraðshluta, 1945 mun hann hafa verið 16—17 þús. kr. Ég hef minnzt á þetta dæmi til þess að ítreka það, sem ég sagði í upphafi máls míns um það, að bæjarfélagið eygi verulega tekjumöguleika hjá einstaklingum og bærinn voni, að hann geti hagnazt af því sjálfur. Reynslan hefur a. m. k. orðið þessi.

Ég held, að ég hafi svo ekki á þessu stigi málsins fleira að segja um þetta. Ég vil gjarnan, að fram fari athugun á því í n., sem fær þetta mál til athugunar, hversu mikilla tekjumöguleika sé að vænta þarna, og vil ég leggja á það megináherzlu, og ég er fyllilega til viðtals við hv. þm. Ísaf., sem hefur mikinn áhuga fyrir framgangi þessa máls, hvernig beri að snúast við málinu að fengnum öllum upplýsingum um þetta mál. Ég endurtek þó það, sem ég sagði í upphafi, að ég er ekki reiðubúinn að segja, að það sé eðlilegt, að bærinn taki reksturinn, enda þótt vænta mætti nokkurs hagnaðar af þessum rekstri. Ég held yfirleitt, að það sé ekki rétt stefna, að það opinbera seilist eftir að taka í sínar hendur allan rekstur, sem arðvænlegur er, en láti einstaklingunum og félagssamtökum þeirra eftir að stunda þann atvinnurekstur, sem tiltölulega lítil arðsvon er af. Ég hygg, að það sé tiltölulega lítið skynsamleg stefna í þjóðfélaginu að skipta atvinnurekstrinum þannig milli einstaklinga og þess opinbera.

Ég vænti þá, að ég hafi gefið þær skýringar á afstöðu bæjarstjórans og sjálfstæðismanna í bæjarstjórn Ísafjarðar, að það fari ekkert milli mála hér í d., hver afstaða þeirra er í þessu máli.

Flm. (Finnur Jónsson): Mér þykir vænt um að heyra, að hv. þm. N-Ísf. er til viðtals við mig um það að framkvæma vilja bæjarstjórnar Ísafjarðar hér á þingi, sem hann er sjálfur forseti í, og það er alveg í samræmi við þann áhuga, sem hann hefur sýnt fyrir bæjarmálum Ísafjarðar, að hann sé þó til viðtals um að framkvæma hagsmunamál bæjarstjórnar, sem bæjarstjóri telur, að sé til mikilla hagsbóta fyrir bæinn, með tilvitnun til bréfs bæjarstjóra, dags. 29. jan., sem er birt á þskj. 452, þar sem bæjarstjóri óskar þess, að ég ásamt öðrum tilgreindum hv. þm. geri það ýtrasta til, að hafnarsjóði Ísafjarðar verði af Alþ. veitt heimild sú, sem hér er um að ræða. Í öðru lagi leiðir hann mjög sterk rök að því, að hafnarsjóði sé knýjandi þörf á auknum tekjustofnum til að standast aukinn kostnað af framkvæmdum, sem ekki verður komizt hjá að leysa af hendi á næstu árum. Ég hygg, að þetta bréf taki af öll tvímæli um afstöðu bæjarstjóra, a. m. k. þá afstöðu, sem snýr að því opinbera og Alþ. Hvað bæjarstjórinn kann að segja hv. þm. N-Ísf. í einkasamtölum, veit ég ekki um og rengi ekkert, að hann hafi sagt eitthvað á þessa leið, en mér þykir það stinga nokkuð í stúf við það embættisbréf, sem hann sendi til mín sem þm. bæjarins og til forseta bæjarstjórnar Ísafjarðar væntanlega líka, hv. þm. N-Ísf. (SB).

Hv. þm. N-Ísf. gerði bæjarrekstur kvikmyndahúss á Ísafirði að umtalsefni. Það kemur að vísu ekki þessu máli við, enda var það svo, að Ísafjarðarbær rak kvikmyndahúsið á þeim árum, sem alþýða manna hafði ekki nein ráð á að sækja skemmtanir. Ég hygg, að yfirleitt hafi ekki á þeim árum verið mikill tekjuafgangur hjá þeim, sem ráku kvikmyndahús í smákaupstöðum úti um land. Nú er það svo, að þetta er vitanlega ekki til neins samanburðar, en þó hefur farið svo, að með því að leyfa verkalýðsfélaginu á Ísafirði kvikmyndahússrekstur, sem áður hefur verið í höndum bæjarins, þá hefur Ísafjarðarbær fengið mjög sæmilegt samkomuhús, og ég hygg, að það sé mjög vel viðeigandi í smærri kaupstöðum úti á landi, að kvikmyndahús og samkomuhús sé eitt og hið sama, og ég hygg, að verkalýðsfélagið á Ísafirði hafi komizt yfir nokkuð örðugan fjárhag, þar sem það lagði út í að byggja þetta samkomuhús með mikilli bjartsýni á erfiðum tímum, með því að fá kvikmyndahússreksturinn í sínar hendur, og með því var um leið bætt úr þörf bæjarins fyrir samkomuhús, sem engir möguleikar hefðu annars verið að reisa.

Ég ber ekkert sérstakt traust til núv. bæjarstjórnarmeirihluta á Ísafirði á stjórn bæjarmálanna yfirleitt, en ég held þó, að það traustsleysi, sem kom fram hjá hv. þm. N-Ísf. á núverandi meiri hl., sem hann er forseti fyrir, í því, að þessi meiri hl. mundi ekki geta haft einhverjar verulegar tekjur handa bænum af út- og uppskipun á vörum, ég held, og það traustsleysi sé þó heldur of mikið, og ég fyrir mitt leyti trúi því ekki, að jafnvel þótt flokksmenn hv. þm. N-Ísf. stjórni bæjarmálum Ísafjarðar, að bærinn geti ekki fengið allverulegar tekjur af út- og uppskipun. Ég er ekki sömu skoðunar og hv. þm. N-Ísf. um það.

Ég vil þess vegna eindregið óska þess, að þetta mál verði tekið til ýtarlegrar athugunar í fjhn. og vona, að hún telji fært að verða við tilmælum bæjarstjórnar.

Sigurður Bjarnason: Það eru aðeins örfá orð, herra forseti.

Hv. þm. Ísaf. segir, að bréf bæjarstjóra taki af öll tvímæli um afstöðu hans í þessu máli og frekar beri á það að líta, sem skjallega sé staðfest, en það, sem bæjarstjóri kunni að hafa sagt við mig persónulega. Það er nokkuð til í þessu, en ég vil benda hv. þm. Ísaf. á, að að sjálfsögðu ber bæjarstjóra sem framkvæmdastjóra bæjarfélagsins og bæjarstj. að setja fram óskir og vilja meiri hl. bæjarstjórnar, enda þótt sá vilji sé gagnstæður vilja hans. Bæjarstjórinn á Ísafirði hlýtur, þegar hans bæjarstjórn hefur gert samþykkt um ákveðið mál, að framkvæma þær óskir, sem bæjarstjórn hefur falið honum að framkvæma með þeirri samþykkt sinni. Þess vegna er það, sem bæjarstjórinn segir við mig, fyllilega í samræmi við bréf hans, því að hann verður að framkvæma vilja meiri hl. bæjarstjórnar, þó að hann kunni að verða á móti málinu, þegar endanleg afstaða verður tekin í því. Þess vegna er ekki um neina ósamkvæmni að ræða hjá bæjarstjóranum, annars vegar í bréfi hans, þar sem hann fer þess á leit, að þm. kaupstaðarins beri málið fram, og hins vegar í ummælum hans við mig, þar sem hann lýsir yfir, að hann telji þetta mál ekki nægilega undirbúið til að krefjast einkaheimildar Ísafjarðarkaupstað til handa um þennan atvinnurekstur.

Það var aðallega þetta atriði, sem ég vildi drepa á í sambandi við það, sem hv. þm. Ísaf. sagði síðast.

Viðvíkjandi hinu atriðinu, bíórekstrinum, sem kannske snertir ekki mikið þetta mál, þá sagði hv. þm., að verkalýðsfélagið hefði bætt úr þörf bæjarins fyrir samkomuhús, sem bærinn hefði ekki haft efni á að reisa. Þetta er ekki nema að hálfu leyti rétt. Hv. þm. er manna bezt kunnugt um, að fyrrv. kvikmyndahússeigendur, sem misstu kvikmyndahús sitt í bruna, óskuðu eftir að fá leyfi hjá byggingarnefnd og bæjarstjórn að byggja aftur fullkomið kvikmyndahús, en þeir fengu það ekki. Þannig stóð það í 5—6 ár, að ekkert samkomuhús var í bænum, sem heitið gæti. Bærinn flutti kvikmyndahús sitt í það eina íþróttahús, sem til var í bænum, þannig að æskan í skólum bæjarins varð að stunda líkamsæfingar í salthúsi eða þá engar líkamsæfingar. Það var ekkert samkomuhús í bænum, sem því nafni gæti nefnzt, í 5—6 ár, vegna þess að einstaklingar, sem reiðubúnir voru til að leggja fjármagn í þessar framkvæmdir, fengu það ekki. Þess vegna er þetta ekki rétt hjá hv. þm. Ísaf. Hins vegar fer því fjarri, að ég sé með þessum orðum að kasta steini að verkalýðsfélaginu. Það er vel að þessum tekjum komið. Það tók að vísu allmörg ár að koma upp kvikmyndahúsinu, og það varði hagnaðinum af kvikmyndarekstrinum í það. En ég vil skýra frá því, að hvorki ég né aðrir bæjarstjórnarfulltrúar á Ísafirði hafa fengið að vita um, hversu mikill hagnaðurinn sé árlega. Ég efast um, að hv. þm. Ísaf. viti sjálfur, hversu mikinn hagnað verkalýðsfélagið hefur af þessum atvinnurekstri. Ég er meðlimur í einu stéttarfélagi, sem stendur nokkuð að þessum rekstri. Við í sjómannafélagi Ísafjarðar höfum ekki fengið að sjá reikninga kvikmyndahússins og fullkomin skilríki fyrir, hver sé hagnaður stéttarfélagsins af þessum atvinnurekstri.

Ég vil að lokum geta þess, að ég ber fullkomið traust til meiri hl. bæjarstjórnar Ísafjarðar, þótt að honum standi tveir flokkar. Hitt veit ég vel, að minni hl. finnst það hart hlutskipti að vera minni hl. eftir að hafa verið svo lengi í meiri hl. En það er hlutskipti, sem menn verða að sætta sig við, og fer það eftir þroska mannanna, hvernig þeim tekst að sætta sig við það hlutskipti.

Flm. (Finnur Jónsson): Herra forseti. Ég vildi út af þeim ummælum hv. þm. N-Ísf., að enginn vissi fyrir víst, hvað miklar þær tekjur væru, sem fengjust af kvikmyndasýningum á Ísafirði, segja þetta. Ég verð að segja það, að ég er þar engu fróðari en hv. þm. N-Ísf., en hitt veit ég, að húsið er ekki lengur byrði á verkalýðsfélaginu. Ég vil og geta þess, að tekjur verklýðsfélagsins ganga til sjálfrar stofnunarinnar, og ef hv. þm. N-Ísf. hefur verið að gefa eitthvað annað í skyn, þá er það algerlega rangt. *(SB:* Til hvaða stofnunar? Til kvikmyndahússins?) Já, til kvikmyndahússins. *(SB:* Mér skildist, að það væri til sjúkrasjóðsins.) Út af afstöðu bæjarstjórans á Ísafirði, er mér óskiljanlegt — þó að ég sé ekki að rengja það — að hann hafi sagt hv. þm. N-Ísf., að hann væri að senda þetta mál til Alþ., þótt hann áliti það ekki nægilega undirbúið. Þetta finnst mér þá eiginlega vera gert til þess að gera gys að Alþ. og flm. þessa máls. Ef bæjarstjórinn á Ísafirði áleit málið ekki nægilega undirbúið, þá átti hann ekki að senda það til Alþ. með þessum ummælum. Hann gat vitanlega sem embættismaður sent samþykktina einfaldlega, en að senda röksemdafærslu til Alþ., sem er frá hans eigin brjósti, að því er bezt verður séð, það er ekki hægt jafnhliða því, sem hann viðhefur þau ummæli við þm. N-Ísf., að þetta mál sé alls ekki nægilega undirbúið til þess, að rétt sé að láta það koma fram á Alþ. Það er ekki hægt fyrir einn embættismann að gera þetta hvort tveggja, jafnvel þótt það sé í umboði hans eigin bæjarstjórnar. — En þetta er vitanlega fyrst og fremst mál milli forseta bæjarstjórnar og bæjarstjórnarinnar, en er orðið mál Alþ., þegar forsvarsmaður bæjarstjórnarinnar skrifar bréf til Alþ., sem hann meinar, að sé allt annað en réttlætanlegt.

Hallgrímur Benediktsson: Herra forseti. Ég ætla á þessu stigi málsins ekki að tala margt um málið á þskj. 452, sem þeir hafa rætt og nokkuð deilt um, hv. flm. (FJ) og hv. þm. N-Ísf. (SB). Það er þó eitt í grg. frv. og í sambandi við frv. sjálft, sem ég á erfitt með að skilja. Frv. er fram borið í þeim tilgangi að auka tekjur bæjarsjóðs, svo að hann fái staðið undir ýmsum framkvæmdum, sem gera á í kaupstaðnum, og mér sýnist eftir grg. að dæma, að kostnaður muni nema allt að 7½ millj. kr., og tek ég þar stærri töluna. Eftir reynslu minni og þekkingu veit ég, að út- og uppskipunargjald er

sá liður, sem mjög fer eftir kaupgjaldi á hverjum tíma, en nú er vitað, að kaupgjald — eða vísitala — hefur hækkað mjög frá þeirri vísitölu, sem miðað er við í grg., og ég hygg, að alls staðar sé haft vakandi auga með því, að út- og uppskipunargjald verði ekki neinn óeðlilega hár liður, og sízt átti ég von á slíku frv. sem þessu frá hv. þm. Ísaf., en honum ber að gæta hags skjólstæðinga sinna, en svo er og um bæjarstjórann, og ég á þar við, að vitanlega væntir neytandinn þess, að hann þurfi ekki að greiða óþarfa tolla af út- og uppskipunargjaldi. Ég vil minna á það, að það hefur verið þannig, að við höfum oft deilt á eimskipafélagið og skipaútgerð ríkisins fyrir það, hve út- og uppskipunargjald er óeðlilega hátt, en það hefur ekki eftir vísitölu og þeim taxta, sem hér gildir, verið hægt að hafa það lægra. — Ég vildi aðeins benda á þetta.

Mér heyrist, að vísa eigi málinu til fjhn., og hef ég þá ef til frekari aðstöðu til þess að fá þær upplýsingar, sem mig langaði sérstaklega til þess að fá, þegar ég varð þess var, að óskað er eftir að frv. þetta verði samþ. til tekjuaukningar fyrir Ísafjarðarkaupstað, og jafnvel til þess að létta undir með ýmsar framkvæmdir í bænum, eins og fram kemur í grg. En ég tel það vafasamt, að það sé í anda þessara hv. umboðsmanna Ísafjarðar, sem gæta eiga hagsmuna neytenda, að koma fram með þetta. — Ég vildi hafa skotið viðhorfi mínu þannig fram, að þær umr., sem hér hafa átt sér stað, eru að vísu ekki eðlilegar að einu leyti, því að annars vegar er maður, sem álítur málunum bezt borgið með því móti, að rekstur verði að mestu í höndum ríkis eða bæjarfélaga, en hins vegar er svo maður, sem álítur, að hið frjálsa framtak og samkeppni í útboði í einu og öðru sé enn heppilegri leið og mundi í þessu tilfelli verða til þess að skapa neytendum hagkvæmari aðstöðu og betri kjör. Og það er skylda hvers bæjarfélags fyrst og fremst að gæta hagsmuna neytendanna í heild. Ég mun eindregið telja mig fríhyggjumann í þessu efni, og þess vegna álít ég, hvað þetta mál snertir a. m. k., að það þurfi ýmislegt að athuga í sambandi við frv., áður en sú verði niðurstaðan, sem vænzt er með flutningi þess, að það verði nokkur tekjulind fyrir Ísafjarðarkaupstað.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til fjhn. með 18 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

35. Tollskrá o. fl. (frv. SigfS).

Á 33. fundi í Sþ., 28. febr., var útbýtt frá Nd.:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 62 30. des. 1939, um tollskrá o. fl., og l. nr. 6 12. jan. 1945, um breyt. á þeim l. (þmfrv., A. 462).

Á 84. fundi í Nd., 3. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 23 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Sigfús Sigurhjartarson): Herra forseti. — Ég hef í grg. skýrt þetta frv. nokkuð og ætla, að ekki sé þörf frekari skýringa á þessu stigi málsins. Ég leyfi mér svo að leggja til, að frv. verði vísað til fjhn. að lokinni þessari umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til fjhn. með 23 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

36. Brunatryggingar á Akureyri.

Á 34. fundi í Sþ., 4. marz, var útbýtt frá Nd.:

Frv. til l. um brunatryggingar á Akureyri (þmfrv., A. 477).

Á 86. fundi í Nd., 5. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið og of skammt liðið frá útbýtingu þess. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Flm. (Sigurður E. Hlíðar): Herra forseti. — Þetta frv., sem ég leyfi mér að bera fram, er eftir ósk bæjarstjórnar Akureyrar, sem hefur samþykkt að reyna að fá undanþágu frá brunabótalögunum, þar sem iðgjöld þykja óeðlilega dýr þar. Nú á síðustu árum hefur verið reynt að færa brunamálin í lag, og hafa þau verið lagfærð að mun. Bæði hefur brunalið verið æft og því fjölgað og nýtízku tæki keypt, sem nú eru í fullu lagi, og má því vænta, að bærinn fái lækkað iðgjöldin. Þess vegna vil ég fara fram á, að Akureyri sé leyfð heimild til að semja við önnur brunabótafélög. Ég hef sniðið þetta frv. eftir l. frá 1924 fyrir Reykjavík. Ég óska, að þetta frv. fái að ganga í gegnum hv. d. og verði vísað til allshn.

Forsrh. (Stefán Jóh. Stefánsson): Herra forseti. — Ég verð að segja það, að ég er undrandi yfir, að slíkt frv. skuli koma fram, og skal því fara nokkrum orðum um frv., þar sem hér er hætta á ferðum, ef þetta yrði samþ. Eins og hv. þm. vita, þá var eftir undirbúning fyrir 30 árum stofnað Brunabótafélag Íslands. Upprunalega náði félagið til nokkurra staða, en óx, og um langt skeið hefur verið skylda að tryggja þar allar fasteignir utan Reykjavíkur. Það hefur lækkað brunagjöld og gert meiri háttar framkvæmdir til að auka öryggi og minnka hættu á bruna. Ég sagði, að ég væri undrandi yfir fram-

komu slíks frv., og einkum frá Akureyri, því að ég álít, að Akureyrarbær þurfi sízt að kvarta undan viðskiptum við Brunabótafélag Íslands. Ég vildi benda á, að það er hættulegt fordæmi, ef einn bær rifi sig út úr allsherjar félagsskap landsmanna, því að ef það yrði, þá mundu fleiri koma á eftir, og væri þá rofinn þessi félagsskapur, sem er þjóðarheill. Ég sagði áðan, að Akureyri þyrfti ekki að kvarta, og ég trúi því ekki, að Akureyri gæti fengið betri kjör en hjá Brunabótafélagi Íslands. Samkv. skýrslu þar um námu fasteignaiðgjöld frá 1929—1945 994.265 kr., en brunatjón nam á sama tíma 943.456 kr. eða 94,85% af iðgjaldaupphæð. Rekstrarkostnaður var 271.649 kr. Beint tap Brunabótafélags Íslands á vátryggingum á Akureyri hefur því verið 220.840 kr. Ég verð að segja, að mér kemur það spánskt fyrir sjónir, að bæjarfélag haldi það slæm kjör, þegar reynslan sýnir, að tryggingafélagið hefur haft rúmlega 220 þús. kr. beint tap við hlutaðeigandi kaupstað. Húsavátryggingar á Akureyri njóta nú beztu kjara eða 20% afsláttar. Venjuleg iðgjöld af steinhúsum eru 2,25‰ og af timburhúsum 8‰. Á Akureyri eru iðgjöld af steinhúsum 1,8‰, eldvörðum timburhúsum 4,8‰ og timburhúsum 6,4‰. Meðaliðgjöld eru því 3,044‰. Það er ekki einungis að Brunabótafélag Íslands hefur veitt Akureyri lág iðgjöld sér til tjóns, heldur hefur það stutt bæinn með fjárframlögum og lánum til betri brunavörzlu. Brunabótafélag Íslands hefur útvegað Akureyri slökkvitæki auk brunabíls, og þetta gefur Brunabótafélag Íslands Akureyri kost á að greiða með iðgjöldum. Þar að auki hefur félagið ákveðið að lána Akureyrarbæ allt að 150.000 kr. til að greiða áður nefnda bifreið og byggja slökkvistöð. Því fer einnig víðsfjarri, að ábyrgðarlítið sé fyrir tryggingafélag gagnvart eldsvoða á Akureyri, einkum á Torfunefi og Oddeyri, þar sem mikið er þar af timburhúsum og brunahætta því mikil. Þegar þessar upplýsingar eru komnar fram, virðast mér auðsæ þrjú atriði, sem mæla því í gegn, að þetta frv. verði samþ. Í fyrsta lagi, að þá er rofin samhjálparkeðja Brunabótafélags Íslands, því að ef einn hlekkur bilar, þá koma fleiri á eftir, og er þá þessum þjóðnýta félagsskap hætt. Í öðru lagi eru engar líkur til, að Akureyri geti fengið hagkvæmari kjör en hjá Brunabótafélagi Íslands. Það er að minnsta kosti einkennilegt, ef önnur brunabótafélög vildu veita betri kjör. Og í þriðja lagi vil ég geta þess, að Brunabótafélag Íslands styrkir og styður Akureyrarbæ til að efla brunavarnir sínar og mun halda áfram að gera það. Og vel má vera, þegar stundir líða, að lækka megi iðgjöldin, þegar búið er að fullkomna brunatæki og öryggi. Það hefur Brunabótafélag Íslands sömu skilyrði til að gera og önnur félög. Allar endurtryggingar Brunabótafélags Íslands eru á innlendum höndum. Hér er því um að ræða innlent þjóðþrifafyrirtæki, og má sízt leggja stein í götu þess. Ég vildi mega ætla, að þegar hv. flm. hefur fengið þessar ýtarlegu upplýsingar og þegar n. hefur komið þeim til bæjarstjórnar, þá trúi ég ekki öðru en að hlutaðeigandi sjái, að hér er um misskilning að ræða að kljúfa sig þannig út úr þessum samtökum og bera fram þetta frv. Er því hyggilegast, að málið fari ekki lengra en það er komið.

Flm. (Sigurður E. Hlíðar): Herra forseti. — Hæstv. forsrh. hefur reifað málið, og mátti vænta, að hann kæmi með upplýsingar frá stofnun sinni. Skýrslurnar sýna, hvað það kostar að brunatryggja og hvað Brunabótafélag Íslands hefur fengið í aðra hönd, og stendur þar, að um stórtap sé að ræða á rekstrinum, en samt heyrist mér á hæstv. forsrh., að hann vilji endilega halda þessum taprekstri áfram. Þetta hlýtur að vera mótsögn. Það er einkennilegt, þegar talað er um, að þetta skapi fordæmi, því að hér er sniðið eftir því fordæmi, sem þegar er skapað hér í höfuðstaðnum, sem hefur fengið heimild til að semja við önnur brunabótafélög, sem sagt þetta fordæmi hefur verið skapað fyrir 24 árum. Hæstv. forsrh. vildi fullyrða, að ekki væri unnt að fá betri kjör en hjá Brunabótafélagi Íslands, en ég held, að bæjarstjórnin óskaði ekki eftir þessu frv., nema tryggt sé að fá lægri iðgjöld. Og ég mótmæli því, að hér sé skapað fordæmi, því að það hefur verið skapað hér í Reykjavík. Mér þykir það enn fremur einkennilegt, að Brunabótafél. Ísl. taki svo sárt að missa Akureyri út úr kerfinu, ef það stórtapar á tryggingunum. Ég vona því, að málið gangi áfram.

Forsrh. (Stefán Jóh. Stefánsson): Herra forseti. — Það er aðeins athugasemd. Það er misskilningur að telja Reykjavík fordæmi um það, sem hér er farið fram á til handa Akureyri, því að Reykjavík hefur aldrei verið í Brunabótafélagi Íslands. En hins vegar eru allir kaupstaðir aðrir, kauptún og sveitarfélög í Brunabótafélagi Íslands. Það er þess vegna fordæmi, ef Akureyri brýzt út úr þessu kerfi. Orsökin til þess, að Reykjavík er utan við félagið, er sú, að meðan félagið var lítið, treystist það ekki að taka höfuðstaðinn í kerfið vegna fátæktar sinnar. Þá undraðist flm. mjög, að ég skyldi vera á móti því, að Akureyri færi úr brunabótafélaginu, þar sem ég hefði sagt, að hún ylli því tapi. En það er nú svo, þó að einhvers staðar sé tap, þá er nauðsynlegt að halda saman. Síðar hverfur tapið, og með auknum brunavörnum getur Akureyri staðið undir sér og jafnvel notið betri kjara með lækkuðum iðgjöldum.

Það má vel vera, að eitthvert einka-brunabótafélag, innlent eða erlent, vilji festa fót á Akureyri og keppa við okkar sameiginlega félag, jafnvel þó að það þurfi að gefa með starfsemi sinni fyrstu árin. En frá þjóðhagslegu sjónarmiði held ég, að ekki sé heppilegt að taka slíku boði, og álít betra að efla okkar eigið félag. Ég vona því, að Brunabótafélag Íslands dafni og að einstök bæjarfélög skerist ekki úr leik fyrir stundarhagnað, heldur haldi saman og stuðli að eflingu okkar innlenda félags.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til allshn. með 19 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

37. Stofnlánadeild sjávarútvegsins.

Á 87. fundi í Nd., 6. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 41 29. apríl 1946, um stofnlánadeild sjávarútvegsins við Landsbanka Íslands (þmfrv., A. 486).

Á 88. fundi í Nd., 7. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið og of skammt liðið frá útbýtingu þess. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Flm. (Ólafur Thors): Herra forseti. Með frv. þessu er farið fram á að breyta 3. mgr. 3. gr. l. um stofnlánadeild sjávarútvegsins við Landsbanka Íslands. Þegar þessi l. voru sett, þá þótti nokkuð orka tvímælis um, hvaða mannvirki skyldu falla undir fríðindi l., og þá einnig, hvaða tímatakmark skyldi sett um byggingu mannvirkjanna, sem hlunnindanna áttu að njóta. Ég var nokkuð við samninga riðinn um þetta mál og man þá einnig vel eftir því, að sérstaklega var rætt um, hvort ekki væri ástæða til að fella undir l. þau hraðfrystihús, sem reist höfðu verið, eftir að dýrtíðin var verulega tekin að hækka, en þó hafði verið lokið við fyrir 1. jan. 1944, en við þann dag er miðað í sjálfum l. Það varð ekki verulegur ágreiningur um þetta. Menn stóðu ekki fast á rétti þeirra húsa, sem höfðu verið reist fyrir þennan dag, en það var heldur ekki nein veruleg andstaða um það að gefa þeim þessi fríðindi, ef á því máli hefði verið nægilega fast haldið. Nú hefur það komið í ljós eftir að þessi l. voru sett, betur en a. m. k. mér þá var ljóst, að mikil og meiri sanngirni en ég hafði gert mér grein fyrir mælir með því að veita fríðindi l. einmitt þeim frystihúsum og beitugeymsluhúsum, sem byggð voru, eftir að dýrtíðin var verulega tekin að aukast, enda þótt ekki væri lokið við þau fyrir þann dag, sem l. annars miða við. Þessi frystihús voru reist af brautryðjendum á þessu sviði. Sumir þeirra voru það vel efnum búnir, að þeir hafa komizt fram úr þessu, en aðrir voru svo heppnir að vera búnir að ljúka við sitt frystihús, áður en dýrtíðin hækkaði verulega. En einstaka menn eru þarna á milli, og hygg ég, að þar sé ekki um mörg frystihús að ræða, heldur séu þau fá, en ég tel mikla sanngirni í því, að löggjafinn standi ekki í veginum fyrir því, að þessi frystihús fái notið fríðinda þessara l. Ég tel óþarft á þessu stigi málsins að færa fyrir þessu litla frv. fleiri rök en gert er í grg. að viðbættum þessum fáu orðum. Vil ég leyfa mér að mælast til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til fjhn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til sjútvn. með 18 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

38. Þjóðhátíðardagur 17. júní og frídagur 1. maí.

Á 98. fundi í Nd., 18. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um þjóðhátíðardag Íslendinga 17. júní og almennan frídag 1. maí (þmfrv., A. 536).

Á 100. fundi í Nd., 20. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 20 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Hermann Guðmundsson): Herra forseti. Ég sé enga þörf á því að fara mörgum orðum um þetta mál til viðbótar þeirri stuttu grg., sem fylgir frv. Þetta mál, að gera 17. júní að almennum frídegi, er öllum auðskilið. 17. júní er nú þegar orðinn þjóðhátíðardagur í augum Íslendinga. Til þess að fullkomna það skortir aðeins lögfestinguna. Um það, að skylda bæjar- og sveitarfélög til þess að stofna til hátíðahalda þennan dag, er það að segja, að það er ekki mikið breytt frá því, sem verið hefur. Það hefur verið þannig, að bæjar- og sveitarstjórnir hafa stofnað til hátíðahalda þennan dag, og þar sem þær hafa ekki gert það, þá hafa ýmis félagasamtök komið í þeirra stað. Um 1. maí er það að segja, að sá dagur er nú þegar orðinn almennur hátíðisdagur verkamanna um allt land. Þetta hefur haft það í för með sér, að aðrar stéttir hafa farið á eftir með það að hafa sinn eigin frídag, eins og t. d. verzlunarmenn í Reykjavík og víðar. Þess er svo að gæta, að það hafa komið fram beinar áskoranir frá viðkomandi félagasamtökum um að gera 17. júní og 1. maí að almennum frídögum. Í.S.Í. hefur borið fram ákveðin tilmæli um, að 17. júní yrði gerður að þjóðhátíðardegi, og verkalýðssamtökin hafa borið fram tilmæli um, að 1. maí verði gerður að hátíðisdegi.
Ég vil svo óska þess, að frv. þetta nái samþykki hv. d. og því verði vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Jóhann Hafstein: [Lestrarsalsvörður þingsins hefur skráð, að ræðuhandrit hafi verið léð ræðumanni, en hann kannast ekki við, að handritið sé í sínum vörzlum. Ræðan mun því glötuð].

Flm. (Hermann Guðmundsson): Það er rétt hermt hjá hv. 7. þm. Reykv., að viðræður hafa átt sér stað mill mín og hv. þm. N-Ísf. um þetta mál. Það var nokkuð snemma á þessu þingi, að ég ræddi

við hann um það, að við flyttum saman frv. um þetta efni. Eftir miklar viðræður tjáði hann mér, að hann mundi eigi geta verið með í því að flytja frv. um að gera 17. júní að þjóðhátíðardegi, þar sem ágreiningur væri kominn fram um það, sem hv. 7. þm. Reykv. minntist á — ákvæðið um 1. maí. Um það að gera 1. maí að fánadegi er það að segja, að með því öðlaðist sá dagur ekki það, sem farið er fram á í þessu frv., að vera lögboðinn frídagur. Það er rétt að lögbjóða 1. maí sem frídag, því að með því nær hann til fleiri manna en hann gerir nú. Ég sé svo ekki ástæðu til að taka fleira fram í sambandi við ræðu hv. 7. þm. Reykv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til allshn. með 21 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

39. Héraðshæli.

Á 100. fundi í Nd., 20. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um héraðshæli (þmfrv., A. 551).

Á 101. fundi í Nd., 25. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 18 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Jón Pálmason): Herra forseti. Þetta frv., sem hér liggur fyrir á þskj. 551 og ég hef leyft mér að flytja ásamt þrem öðrum þm., hefur að geyma tvær mikilvægar breyt. frá því, sem verið hefur um sjúkrahúsabyggingar. Í fyrsta lagi, að byggð séu sjúkrahús fyrir eitt eða fleiri héruð, þannig að þeim sé skipt í deildir, svo þau geti tekið á móti sjúklingum, geti tekið við konum, sem þurfa að fæða og ekki geta komizt til ljósmóður, þannig að þær geti fætt heima, geti verið vistheimili fyrir gamalmenni og einnig heilsustöð fyrir viðkomandi hérað.

Það má segja, að þótt alltaf hafi verið þörf fyrir þetta í hverju einasta héraði, hefur sú þörf farið vaxandi á síðari árum, eftir því sem fólkinu hefur fækkað í héruðunum, því að nú eru engir á heimilunum til þess að annast sjúklinga, ef veikindi ber að höndum, eins og hvarvetna á sér stað.

Okkur flm. virðist, að við svo búið megi ekki sitja og ódýrara sé að byggja slíkt hæli sameiginlega fyrir allar þær greinar, sem hér er um að ræða, en að byggja sitt í hverju lagi, eins og hefur verið og raunverulega er í stærri bæjum. Þess vegna er hér um að ræða breyt. á skipulagi, sem getur haft mikla breyt. í för með sér á heilbrigðismálum landsins.

Hin breyt. er um að hækka hlutfallið, sem ríkissjóður greiðir til slíkra hæla, þannig að greitt verði úr ríkissjóði ⅔ kostnaðar eins og til heimavistarbarnaskóla í landinu, og er sízt minni þörf að byggja slík hæli og að ríkissjóður leggi fram jafnmikinn skerf til byggingar þeirra eins og til barnaskóla.

Að öðru leyti hefur verið gerð rækileg grein fyrir tilgangi þessa frv. í grg. þess, og ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um málið við þessa umr., ef ekki gefst sérstakt tilefni til, og óska ég, að því verði að umr. lokinni vísað til heilbr.- og félmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 20 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

40. Almannatryggingar (frv. HermG).

Á 111. fundi í Nd., 11. apríl, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 50 26. apríl 1946, um almannatryggingar (þmfrv., A. 618).

Á 115. fundi í Nd., 16. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 22 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Hermann Guðmundsson): Herra forseti. Það hefur löngum þótt við brenna, að fólk, sem stundar íþróttir, hafi ekki verið tryggt gegn slysum eins og vera ber, en um gildi íþrótta þarf ég ekki að ræða hér, íþróttastarfsemin er fyrir löngu síðan orðin viðurkennd, bæði af alþýðu manna og Alþ. En einmitt með tilliti til viðurkenningar Alþ. á þessari starfsemi í landinu er það næsta undarlegt, að ekki skyldi vera tekið tillit til íþróttamanna, er þessi lagabálkur var endurskoðaður fyrir ári síðan og þá raunverulega sett ný löggjöf. Af þessum sökum er frv. þetta flutt. Viðvíkjandi því, að íþróttafólk njóti ákvæða tryggingalaganna, er það að segja, að íþróttir eru nú viðurkenndur liður í uppeldi æskunnar í landinu, og er ekki nema sanngjarnt, að þetta fólk njóti þeirra ákvæða, sem ná til launþeganna. Íþróttamenn verða stundum fyrir slysum og eru oft lengi frá verkum af þeim sökum og bíða tilfinnanlegan skaða við það, og er ekki nema sjálfsagt, úr því þjóðfélagið viðurkennir, að greiða beri veikindabætur, að íþróttafólk komi þar undir eins og aðrir. En í þessu sambandi er eðlilegt, að sú spurning komi upp í huga margra, hver ætti fjárhagslega að standa straum af því, ef þetta frv. yrði samþ. Það eru íþróttafélögin, sem eiga að greiða iðgjöldin fyrir íþróttafólkið eða íþróttaiðkendur, og þarf það ekki að íþyngja þeim um of

því að tryggja má ákveðinn hóp eða fjölda manna, eins og atvinnurekendur gera, og nær þá tryggingin til allra, sem keppa eða æfa íþróttir á vegum félagsins. Ég sé svo ekki ástæðu til að orðlengja þetta. Óskir íþróttamannanna sjálfra liggja til grundvallar þessu frv. Á ársþingi íþróttamanna hafa oft komið fram raddir um þetta, og nú síðast hefur íþróttabandalag Hafnarfjarðar samþykkt ákveðna áskorun um þetta atriði. Frv. mitt er afleiðing af þessum óskum íþróttamanna, og auk þess lít ég þannig persónulega á þetta mál, að það sé mikið réttlætismál og bæti úr mikilli vöntun í tryggingalöggjöfinni, og ég vænti þess, að það verði samþ. Að svo mæltu óska ég eftir, að málinu verði vísað til heilbr.- og félmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 21 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

41. Brunatryggingar á Siglufirði.

Á 43. fundi í Sþ., 17. apríl, var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um brunatryggingar á Siglufirði (þmfrv., A. 663).

Á 116. fundi í Nd., 18. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 117. fundi í Nd., 22. apríl, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 27 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til allshn. með 25 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

42. Kola- og saltverzlun ríkisins.

Á 117. fundi í Nd., 22. apríl, var útbýtt:
Frv. til l. um kola- og saltverzlun ríkisins (þmfrv., A. 679).

Á 118., 119. og 125. fundi í Nd., 28. og 29. apríl, 9. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 126. fundi í Nd., 12. maí, var frv. enn tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 18 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ég hef látið þessu frv. fylgja alllanga grg. og fer því aðeins örfáum orðum um það nú. Það er kunnara en frá þurfi að segja, að undanfarið hefur oft verið skortur á kolum og salti og mikið skipulagsleysi um dreifingu þessara vara. Úti um land hefur skorturinn verið tilfinnanlegur, svo að erfitt hefur verið að nýta sjávarafla. Ekkert heildarskipulag er á þessum málum, hvorki um innkaup né dreifingu, enda í höndum einstaklinga, og hefur ríkið þar lítil skipti af. En fullyrða má, að heildarskipulagning fæst ekki á þessi mál nema með afskiptum ríkisvaldsins. Það má svo deila um, hve mikil afskipti ríkisins eigi að vera, t. d. hvort ríkið eigi að tryggja nægar birgðir án þess að þjóðnýta verzlunina, en bezt mun vera, að ríkið annaðist um kaupin, og mæla með því alveg sérstök atriði. Svo háttar, að ríkið hefur milligöngu um útvegun þessara vara. Í nokkur ár hefur hvorugt fengizt án milligöngu hins opinbera. Hins vegar hefur svo ríkið fengið *einstökum mönnum* vöruna til dreifingar, sem því miður hefur ekki farið sem bezt. Um það geta verið skiptar skoðanir, hvort ríkisverzlun sé æskileg eða ekki í sjálfu sér, en ég held, að um það blandist mönnum ekki hugur, að þær vörur, sem bezt séu fallnar til ríkisverzlunar, séu standard-vörur eins og kol og salt, þar sem innkaup eru gerð í mjög stórum stíl. Ég hygg, að reynslan hafi sýnt, að í ýmsum verstöðvum sé hvergi nærri séð fyrir þörfum útgerðarinnar, hvað snertir kol og salt, með núverandi fyrirkomulagi. Skortur hefur verið þar meiri en viðunandi sé. Þetta er að vísu engan veginn eingöngu að kenna slæmri dreifingu, því að erfitt hefur verið að fá þessar vörur. En fullyrða má, að þetta mætti bæta, en það verður ekki gert nema með heildarskipulagningu, þar sem ríkið annaðist bæði innkaup og dreifingu og hagaði innkaupum sínum þannig að kaupa sem mest í einu, svo að skipsrúm nýttist sem bezt, og dreifingunni svo, að þeim, sem nota vöruna, verði sem mestur hagur af.

Hallgrímur Benediktsson: Herra forseti. — Það er náttúrlega augljóst hv. þd., hversu mikið ofurkapp hv. 4. þm. Reykv. leggur á verzlunarfyrirkomulagið og meira kapp á að kasta fram lítt athuguðum till. en athuga málin gaumgæfilega, eins og bezt sést af frv. á þskj. 679. Maður skyldi ætla, að hv. flm. hefði athugað, hvernig málum þessum var háttað í stríðinu 1914—18, en þá var landsverzlun með kol og salt og gaf ekki góða raun, því að aldrei hafa kol verið jafnslæm og jafndýr og á dögum landsverzlunarinnar. Ég mótmæli þeim ástæðum, sem hv. 4. þm. Reykv. taldi vera fyrir kolaskortinum og saltleysinu. Við lágum með saltforða í 1½ ár og gátum nokkuð bætt úr, en ríkisstj. hafði ekki dottið í hug að gera ráðstafanir til að fá salt til landsins. Hv. flm.

taldi, að kolaskorturinn væri að kenna skipulagsleysi. En hann hefði heldur átt að nefna það, að ríkisstj. leyfði ekki að kaupa kol nema í Bretlandi, þótt þau kol væru aðeins úrkast, en okkar till. voru að fá kol frá Ameríku, sem eftir þeirri „analysu", sem við fengum, voru mun betri. En það er ekki hægt að vænta þess, að innflytjendur kaupi góða vöru, þegar hið opinbera bannar það. Ég efast um, að verzlunin gengi greiðlega, ef allt þyrfti að fara gegnum nefndir, skipaðar af ríkinu. Það eru aðrar ástæður til kolaskortsins en hv. flm. vill vera láta, t. d. skortur á skipsrúmi gegn greiðslu í sterlingspundum, og þetta vitum við hv. flm. manna bezt. Ég mótmæli alveg þeim ástæðum, sem hv. flm. telur fyrir kolaskortinum, og tel þvert á móti, að hann stafi fyrst og fremst af afskiptum ríkisvaldsins. Verzlunin er ekki eins einföld og hv. flm. telur. Aðalverðið liggur í flutningsgjöldum, og það er nauðsynlegt að hafa góð sambönd, og þeirra leita síður fyrirtæki, sem engan hafa við að keppa.

Flm. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. — Ég þarf ekki mikið að svara ræðu hv. 3. þm. Reykv. Hann játaði, að það væri rétt með farið hjá mér, að undanfarið hafi oft orðið vart við skort á þessum vörum, og hefur það valdið útgerðinni hinum þyngstu búsifjum, en hann gerði tilraun til að koma ábyrgðinni yfir á ríkisvaldið að verulegu leyti, það, sem aflaga hefði farið, hafi ekki verið að kenna innflytjendunum, heldur því, að ríkisvaldið hafi ekki fullnægt þeim þætti, sem því var ætlaður. Nú fer því fjarri, að ég vilji kenna innflytjendunum um þetta að öllu leyti sem einstaklingum, heldur skipulaginu eða öllu heldur skipulagsleysinu. Það hefur átt verulegan þátt í því, að ástandið er ekki eins gott og það ætti að vera og þarf að vera, en mér kemur á óvart, að því skuli haldið fram, að ríkið hafi gegnt sínu hlutverki illa. Ég veit, að hv. 3. þm. Reykv. veit það eins vel og ég, að ef ríkið hefði ekki gengið í þessi mál, hefðu líklega engin kol eða salt fengizt hingað í langan tíma. Ég held því, að hið opinbera hafi sýnt hinn mesta dugnað í þessum málum. Allar framkvæmdir í þeim hafa hvílt á sendiráðunum í London og Washington, svo að ádeila hv. 3. þm. Reykv. er á sendiráðin, og kemur mér sannast að segja á óvart, að hv. þm. skuli ámæla þeim, ég vil segja ágætu mönnum, sem gegnt hafa sendiherrastörfum á þessum stöðum. Hafi ríkið ekki beitt því, sem það hefur getað, verður það að bitna á þessum sendiráðum, og það hygg ég, að sé ekki réttmætt.

Auðvitað hefur skorturinn, sem oft hefur verið á þessum vörum, átt rót sína að rekja til erfiðleika á útvegun vörunnar, en sumpart til þess, að flutningur og dreifing vörunnar innanlands hefur ekki notið neinnar heildarstjórnar. Það hefur komið fyrir oftar en einu sinni, að fleiri en einn kolafarmur hefur verið keyptur til landsins í einu, en svo liðið langur tími svo, að ekkert var keypt. Þetta stafar af samtakaskorti þeirra, sem inn flytja, að þeir hafa ekki haft samtök með sér um það, á hvaða tíma varan skuli keypt. Þá hef ég líka haldið því fram án þess að ásaka neinn sérstakan innflytjanda, að ekki hafi verið séð nægilega fyrir þörfum smáverzlana utan Reykjavíkur, og gæti ég nefnt um það mörg dæmi, ef ég vildi lengja með því umr. En það er ekki við því að búast, þegar verzlunin er rekin af einstaklingum, að þeir hugsi mikið um það. Verzlunin er rekin með það fyrir augum, að hún sé sem ódýrust í rekstri og skili hæfilegum hagnaði, en minna hugsað um að fullnægja þörfum smærri verzlana, þar sem það veldur sérstökum kostnaði, en oft hægt að koma vörunni út á gróðavænlegri hátt.

Þá taldi hv. 3. þm. Reykv., að verzlunin hafi verið útgerðinni hagstæð og af þeim sökum sé ekki ástæða til breyt. En ég er ekki viss um, að útgerðin sé þeirrar skoðunar, því að varla hefði útgerðarmönnum þá dottið í hug að fara að taka þessa verzlun í sínar hendur, en það er kunnugt, að Landssamband íslenzkra útvegsmanna gerði ráðstafanir til þess að fara að reka þessa verzlun, og að það var ekki gert, stafaði af því, að ekki var hægt að hafa hana eins víðtæka og útgerðarmenn hefðu kosið vegna skorts á fjármagni og af fleiri orsökum. En þessi staðreynd sýnir, að útgerðarmönnum finnst verzlunin ekki hagkvæm eins og hún er rekin nú.

Þá ræddi hv. 3. þm. Reykv. um verðjöfnun á kolum og andmælti henni eindregið, og skildist mér, að hann væri þar að andmæla henni sem minni skoðun. En nú stendur ekkert um þetta í frv., en ég varpa því aðeins fram í grg. til athugunar. Ég er ekki að gerast talsmaður þessarar skoðunar, en vitað er, að hún mun eiga allmarga formælendur. En ég varpa henni aðeins fram til athugunar, hvort hún muni eðlileg eða ekki, en erfitt mun að framkvæma hana, nema ríkið hafi með verzlunina að gera. Ég tek því ummæli hv. þm. um þetta atriði ekki sem andmæli til mín.

Hv. 3. þm. Reykv. taldi, að frv. þetta væri fram borið vegna almenns áhuga míns á að þjóðnýta sem mest af verzluninni. Rétt er það, að ég er þeirrar skoðunar og minn flokkur, síðan hann var stofnaður, að verzlunin, og þá sérstaklega innflutningsverzlunin, sé þann veg bezt komin, að ríkið annist hana sem mest. En þetta frv. er ekki einungis borið fram af þeim sökum. Ríkisverzlun er misjafnlega hagkvæm, en á þessu sviði er hún það alveg sérstaklega. Hinar ýmsu vörutegundir eru misjafnlega vel fallnar til þjóðnýtingar, en þessar standard-vörur eru alveg sérstaklega vel fallnar til þess. Verzlun með þær er tiltölulega einföld, þær krefjast mikils fjármagns, og það er þannig, að bankarnir „finansera" næstum algerlega verzlunina með þær, og er því eðlilegt, að það fjármagn renni beint til ríkisins. Hv. 3. þm. Reykv. spurði þess og sagðist hafa saknað, að grein væri fyrir því gerð, hvernig ætti að afla fjármagns og húsakosts til þessarar verzlunar, og virtist hann draga í efa, að þetta væri framkvæmanlegt. Ég veit ekki vel, hvað hefur vakað fyrir hv. þm. Verzlunin hefur haft og mun enn um skeið fá fjármagn frá bönk

unum, og sé ég ekkert því til fyrirstöðu, að það renni til ríkisins eins og einstaklinga. Hús og tæki eru til og jafnvel til meiri verzlunar og starfsemi en nú er. Ríkið verður að hafa með höndum erfiðasta hluta þessarar verzlunar, og er því ekki nema eðlilegt, að það hafi líka þann auðveldari hluta hennar, þann hlutann, sem arðvænlegur er.

Ég sé ekki ástæðu til að svara hv. 3. þm. Reykv. frekar né að fara að gera þessa umr. að almennum rökræðum um einstaklingsverzlun og ríkisverzlun. Ef einhvern tíma á fyrir okkur hv. 3. þm. Reykv. að liggja að ræða þetta nánar, sem ég er fús til, þá mun gefast betra tækifæri síðar. Hér er ekki hið almenna skipulag til umr., heldur er aðeins um sérstakar vörur að ræða, vörur, sem eru sérstaklega vel lagaðar til þess, að ríkið annist að mestu eða öllu leyti verzlunina með þær. Hvaða ástæða er til þess, að þessi aðili annist ekki dreifinguna, en láti einstaklinga hafa hana með höndum og njóta hagnaðarins af dreifingunni? Í stríðinu var það svo, að einstaklingar gátu ekki annazt útvegun vörunnar né útvegun nauðsynlegra flutningatækja, og ég heyrði hv. 3. þm. Reykv. ekki koma með nein rök, sem mæltu gegn því, að það væri eðlilegt, að ríkið annaðist að öllu leyti dreifingarþáttinn, úr því að það annast hinn vandasamasta þátt hennar. Úr því að ástæða þykir til að þjóðnýta hinn vandasamasta hlutann, þá ætti ekki síður að taka dreifinguna innanlands í hendur hins opinbera. Fyrst ríkið verður að sjá um flutninginn til landsins, þá ætti það einnig að sjá um hinn vandaminni þáttinn og njóta um leið hagnaðarins. En aðalatriðið er, að dreifingunni innanlands verði komið í viðunandi horf.

Hallgrímur Benediktsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Ég bjóst ekki við, að hv. frsm. mundi hlaupa fram hjá því atriði, sem ég benti honum á, hver vandræði voru með saltverzlun fyrir nokkrum árum, og er hart að þurfa að rökræða við þennan mann, sem á að vera vel að sér í viðskiptamálum, þegar hann veit ekki, að fyrir nokkrum árum hurfu menn frá því að salta fisk. Saltverzlunin var áður um 200 þús. tonn árlega, en nú ekki nema um 30 þús. tonn. Þetta er hrein og bein bylting, og er því viðfelldnara, að þessa sé gætt, þegar um þessi mál er rætt. Hv. flm. kom ekki inn á þetta, sem er þó þungamiðjan í því öngþveiti, sem varð vegna „lagers" einstaklinganna.

Þá vildi hv. þm. halda því fram, að ég hafi deilt á sendiráðin í London og Washington. Þetta eru hrein og bein ósannindi, vegna þess, að þegar um innflutning er að ræða, veltur mest á því, að til séu gömul viðskiptasambönd, þegar um það er að ræða að ná hagkvæmum samningum, viðskiptasambönd, sem leggja áherzlu á að halda viðskiptunum áfram. En hv. 4. þm. Reykv. vill halda því fram, að sendiráðin starfi mest að þessu, meir en einstaklingarnir, en ég þekki þetta svo vel, að ég get fullyrt, að þetta er alveg gripið úr lausu lofti, að ég hafi deilt á sendiráðin, heldur er hér mest byggt á verzlunarsamböndum. En um það atriði, að allt sé fengið með ríkisrekstri, þá má benda á það, að fyrir 1945 starfaði innkaupanefnd ríkisins. Ég lagði þar inn pöntun fyrir nokkrum tonnum af járni. Það járn er ekki komið enn, en hins vegar hef ég fengið það annars staðar frá, enda var því haldið fram fyrir vestan, að gegnum hið opinbera fengist ekki fljótari afgreiðsla, enda kom það og á daginn, og fleiri munu hafa sömu sögu að segja. Mörg önnur atriði mætti minnast á, t. d. að Landssamband íslenzkra útvegsmanna hafi lagt áherzlu á að taka verzlunina í sínar hendur. Það gæti nú verið, að ástæðan til þess sé sú, að þeir óttist þjóðnýtingu þessarar vöru, og L.Í.Ú. hefur skipt við hina gömlu innflytjendur og verið ánægt með þau viðskipti. Þá vildi ég benda á, að ef grg. er sett fram sem hjal um hluti, sem ekki verða dregnar ályktanir af, hver sé skoðun flm., þá hefði ég álitið, að grg. þessa frv. hefði átt að vera stuttorð. En þetta lýsist allt við framhald umr. um málið. En þetta vildi ég hafa sagt á þessu stigi málsins.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 127. fundi í Nd., 13. maí, var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til fjhn. með 20 shlj. atkv.

Á 142. fundi í Nd., 23. maí, var útbýtt nál. frá minni hl. fjhn., á þskj. 991, en frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

43. Áfengislög.

Á 117. fundi í Nd., 22. apríl, var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á áfengislögum, nr. 33 9. jan. 1935 (þmfrv., A. 680).

Á 118. og 119. fundi í Nd., 28. og 29. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 125. fundi í Nd., 9. maí, var frv. enn tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 19 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Sigurður Kristjánsson): Herra forseti. — Af því að fundartími er nú nokkurn veginn liðinn, þá vil ég líta á þessa umr. sem aðeins til þess að koma málinu til n., og skal ég því láta mér nægja að vísa til þess, sem segir í grg. fyrir því. Og ef ekki gefst sérstakt tilefni til þess — sem ég tel varla að muni verða á þessu stigi málsins —, mun ég ekki fara að ræða málið, fyrr en nefnd hefur fjallað um það, og mun láta máli mínu lokið við þessa umr.,

en óska, að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16:2 atkv. og til allshn. með 18 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

44. Hafnarbótasjóður.

Á 117. fundi í Nd., 22. apríl, var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 25 12. febr. 1945, um breyt. á l. nr. 93 16. des. 1943, um hafnarbótasjóð (þmfrv., A. 684).

Á 118. fundi í Nd., 28. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 20 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Sigurður Bjarnason): Herra forseti. — Aðalefni þessa frv. er, að lagt er til, að l. um hafnarbótasjóð verði breytt þannig, að til þeirra staða, sem beðið hafa tjón á hafnarmannvirkjum sínum af óviðráðanlegum orsökum öðrum en venjulegri fyrningu, sé ríkisstj. heimilt að veita fé úr hafnarbótasjóði allt að kostnaðarverði nauðsynlegra endurbóta. Ennfremur er hér gert ráð fyrir, að ríkisstj. sé heimilt að veita þeim stöðum, sem ekki hafa fjárhagslega getu til þess að byggja nauðsynleg hafnarmannvirki, styrk úr hafnarbótasjóði til þessara framkvæmda.

L. um hafnarbótasjóð voru fyrst sett árið 1943. Þá var í þeim svo ákveðið, að ekki mætti veita fé úr sjóðnum fyrr en Alþ. hefði sett nánari reglur um það. Síðan var árið 1945 4. gr. þessara l. breytt þannig, að ríkisstj. var heimilað að gera ráðstafanir til þess að flýta fyrir aðkallandi hafnarbótum á stöðum, þar sem hafizt hefur verið handa um hafnarframkvæmdir, með því að leggja fram úr hafnarbótasjóði viðbótarframlag, jafnóðum og verkinu miðar áfram, þó aldrei hærra en svo, að framlagið í heild nemi þeirri hlutfallsupphæð af verkkostnaði, er hafnarlög staðarins ákveða. Þessi framlög úr hafnarbótasjóði mega þó aldrei nema hærri fjárhæð en ⅔ höfuðstóls sjóðsins. Og framlög, sem þannig eru greidd úr hafnarbótasjóði, skulu endurgreidd honum úr ríkissjóði á næstu þremur árum. — Sem sagt, eins og 4. gr. laga þessara var þarna ákveðin, mátti verja fé úr sjóðnum, þó ekki þannig, að um raunverulegt lán væri að ræða. Þetta var framkvæmt þannig, að fé hafnarbótasjóðs hefur verið notað til hafnarframkvæmda eins og segir í 4. gr. samkv. þessari breyt. frá 1945.

Þegar l. um hafnarbótasjóð voru upprunalega sett, var það tilgangur þeirra, sem að þeirri lagasetningu stóðu, að meginhlutverk sjóðsins ætti ekki að vera lánastarfsemi, heldur fyrst og fremst að styrkja þá staði, sem örðugast ættu um vik til þess að ráðast í nauðsynlegar hafnarframkvæmdir og ekki hefðu fjárhagslegt bolmagn til þess. Það hefur hins vegar ekki orðið af því enn þá, að reglur væru nákvæmar um þetta settar. En þetta vakti fyrir flm. þessa frv.

Ég hef haft samráð við hæstv. samgmrh. um flutning þessa máls, og hann féllst á, að eðlilegt væri, að þessi breyt. væri gerð á l., að ekki aðeins þeir staðir, sem ekki hefðu fjárhagslegt bolmagn í þessu efni, fengju fé úr sjóðnum, heldur að einnig þeir, sem hafa orðið fyrir miklum skakkaföllum, ættu að fá fé úr þessum sjóði.

Þetta er einfalt mál. Ég vænti þess, að þetta frv. fái góðar viðtökur. Og það er mjög nauðsynlegt að fá það afgr. á þessu þingi. Þess vegna vildi ég mælast til þess við hv. sjútvn., sem fær væntanlega þetta mál til meðferðar, að hún geri sér far um að afgreiða það sem allra fyrst til hv. þd. aftur. — Ég leyfi mér svo að óska þess, að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og sjútvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til sjútvn. með 21 shlj. atkv.

Á 126. fundi í Nd., 12. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 684, n. 798).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Frsm. (Sigurður Kristjánsson): Herra forseti. — Sjútvn. d. hefur orðið sammála um afgreiðslu þessa máls, en sökum þess að tími vannst ekki til að rannsaka til hlítar efni síðari málsl. l. gr. frv., urðu nm. sammála um að fella það niður úr frvgr. að sinni. Þessi síðari málsgr. fjallar um það, að ríkið skuli leggja fram fé í hafnir eða lendingarbætur á þeim stöðum, þar sem hlut eiga að máli sveitarfélög, sem ekki geta lagt fé á móti, og að þannig sé lagt fram nokkurt fé, án þess að fé komi á móti frá sveitarfélögunum. Þetta er í samræmi við það, sem upphaflega var til ætlazt, þegar frv. var flutt. Aðstaðan hefur hins vegar nokkuð breytzt að ýmsu leyti, og hefur það komið í ljós, að hafnarmálin hafa farið töluvert á rugling fyrir skammsýni þeirra manna, sem hlut eiga að máli, því að það hefur oft komið fyrir, að stungið hefur verið upp á hafnarbótum á einum stað, þar sem þær mundu verða til hinna mestu þjóðnytja, en þá rísa menn upp andvígir gegn því í nágrannahéruðunum, og það hefur verið svo, að hver maður hefur viljað taka afstöðu til hafnarbótanna út frá því sjónarmiði, hvort þær eigi að gera í hans „kvaðrat“ eða ekki. Af þessu hefur leitt það, að hafnarbætur hafa oft farið mjög á dreif og þar hefur hver otað fram sínum tota. Hefur því á fáum stöðum tekizt að fá framgengt að gera verulega nothæfar hafnir eða á þessum málum þannig tekið að

gera hverja höfn í einni lotu. Þessi þróun, sem er mjög óheppileg, hefur orðið til þess, að ég, sem var meðflm. að frv. um breyt. á hafnarl. á þskj. 684, er orðinn í vafa um það, hvort hægt sé að leyfa slíka hluti í l., sem frv. gerir ráð fyrir, sökum þess að þá mundi hlaupa upp til handa og fóta múgur manns við strendurnar, sem ekkert fé hefur til að leggja fram til hafnarbóta, en krefst framlags úr hafnarsjóði, sem þar með yrði fljótlega upp urinn. Hins vegar telur n. rétt, að þetta mál komi til athugunar síðar, en um fyrri málsl., sem fjallar um það atriði, að úr hafnarbótasjóði megi veita fé til endurbóta á hafnarmannvirkjum, sem orðið hafa fyrir skemmdum af óviðráðanlegum orsökum, varð n. sammála um að leggja til, að yrði samþ., og brtt. í nál. á þskj. 798 fjallar einmitt um það.

Ég vil taka fram, að misprentun hefur orðið á einum stað, þar sem stendur hafnarsjóður, en á að vera hafnarbótasjóður. Ég mun svo ekki hafa um þetta fleiri orð, en n. leggur til, að frv. verði samþ. með þeirri breyt., sem um getur á þskj. 798.

Sigurður Bjarnason: Ég þakka sjútvn. fyrir góða og skjóta afgreiðslu á þessu frv., og skal ég taka það fram, að ég get sætt mig við afgreiðslu hennar. Ég get fallizt á þau rök n., að athuga þurfi betur málið og komi þá fyrir næsta þing, og umorðun 1. gr. finnst mér ekki koma að sök og sætti mig við þessa afgreiðslu.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 127. fundi í Nd., 13. maí, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 798 (ný 1. gr.) samþ. með 22 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 128. fundi í Nd., 14. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 826).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 132. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 133. fundi í Ed., 16. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til sjútvn. með 10 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

45. Brunamál.

Á 117. fundi í Nd., 22. apríl, var útbýtt:
Frv. til l. um brunamál (þmfrv., A. 685).

Á 118. og 119. fundi í Nd., 28. og 29. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 120. fundi í Nd., 2. maí, var frv. enn tekið til 1. umr.

Frsm. (Finnur Jónsson): Herra forseti. Allshn. hefur flutt þetta frv. eftir beiðni hins háa félmrn., og hafa einstakir nm. óbundið atkv. um einstök atriði þess.

Frv. þetta er að mestu leyti samræming á þeim l., sem nú gilda um brunamál á hinum einstöku stöðum. Eins og nú standa sakir, eru sérstök l. til um slökkvilið á Ísafirði, Seyðisfirði, Akureyri, Hafnarfirði, l. um skipun sótara í kaupstöðum öðrum en Reykjavík, l. um brunamál, l. um brunamál í Reykjavík o. s. frv. Í þessu frv., sem hér liggur fyrir til umr., eru þessi l. samræmd og breytt nokkuð, eftir því sem talið er, að nauðsynlegt sé vegna þeirrar framþróunar, sem orðið hefur í byggingarmálum kaupstaða hér á landi, síðan þessi l. voru sett, en þau elztu þeirra eru frá 1883.

Trúnaðarmaður Brunabótafélags Íslands eða verkfræðilegur ráðunautur þess um brunamál, en það er vegamálastjóri, hefur aðallega staðið fyrir samning þessa frv., og þar sem hér er um að ræða samræmingu á eldri l. og tilfærslu á þeim í einn lagabálk, vildi ég mælast til þess, að frv. yrði vísað til 2. umr. og teldi rétt, að allshn. taki frv. til nánari athugunar milli 2. og 3. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 126. fundi í Nd., 12. maí, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

46. Búfjárrækt.

Á 126. fundi í Nd., 12. maí, var útbýtt:
Frv. til l. um búfjárrækt (þmfrv., A. 809).

Á 127. fundi í Nd., 13. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Frsm. (Steingrímur Steinþórsson): Herra forseti. Ég mun ekki flytja langt mál um þetta frv., sem landbn. flytur hér á þskj. 809.

Núgildandi l. um búfjárrækt eru frá 1930 og eru eðlilega orðin úrelt á ýmsan hátt. Það hafa komið

mörg ný atriði fram varðandi búfjárrækt síðasta hálfan annan áratug, og er því eðlilegt, að löggjöf þessa þurfi að endurskoða og breyta á ýmsan hátt. Það er með þetta fyrir augum, sem þessi endurskoðun á búfjárræktarl. hefur farið fram. Var hún fyrst framkvæmd af ráðunautum Búnaðarfélags Íslands og síðan lögð fyrir búnaðarþing í vetur, sem fór rækilega gegnum frv., gerði við það ýmsar breyt. og afgreiddi það síðan með samkomulagi eða a. m. k. að sumu leyti með samkomulagi. Stjórn Búnaðarfélags Íslands óskaði eftir því, að landbn. Nd. vildi koma málinu á framfæri, og varð n. við því. En þótt n. flytji frv. öll hér, þá má ekki skilja það svo, að hún muni telja sig skuldbundna til að fylgja málinu í öllum einstökum atriðum, heldur eru allir nm., sem áskilja sér rétt til að bera fram brtt. undir meðferð málsins og fylgja brtt., sem fram kunna að koma.

Ég skal sömuleiðis geta þess, að það er ekki hugmynd landbn., að þetta frv. verði afgr. á því þingi, sem nú situr, störfum þess er svo langt komið. En n. taldi sérstaklega heppilegt, að frv. yrði prentað, svo að almenningur gæti kynnt sér málið, af því að hér er um stóran lagabálk að ræða, sem ýmis nýmæli eru í, fyrir næsta þing, en þá er það hugmynd n., að mál þetta verði flutt á ný og tekið þá til rækilegrar meðferðar. Af þeirri ástæðu, sem eg hef hér nefnt, sé ég ekki ástæðu til að rekja málið í einstökum atriðum, skýra frá helztu nýmælunum o. s. frv., en tel heppilegra að gera það, þegar málið kemur fyrir Alþ. aftur, sem væntanlega verður í upphafi næsta þings. Með það fyrir augum, sem ég hef hér sagt, vil ég láta máli mínu lokið að þessu sinni.

Ég geri ekki ráð fyrir, að landbn. óski eftir, að málið verið tekið til meðferðar aftur á þessu þingi, því að höfuðtilgangurinn er nú, að menn geti kynnt sér þennan lagabálk fyrir næsta Alþ.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv.

Frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

47. Vegalagabreyting (frv. GJ).

Á 3. fundi í Ed., 16. okt., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 37 7. apríl 1943. um breyt. á vegalögum, nr. 101 19. júní 1933 (þmfrv., A. 6).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Flm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Ég hef hér á þskj. 6 borið fram nokkrar breyt. við núgildandi vegalög frá 1933. Breyt. eru við l. gr. B. í l. nr. 37 1943, að á þeim verði gerðar eftirfarandi breyt.:

1. Gufudalsvegur, liðurinn orðist þannig: Af Vesturlandsvegi í Þorskafirði að Firði í Múlahreppi. Eins og l. eru, hefur verið tekinn upp í þjóðvegatölu vegurinn að Gufudal, og þegar hafizt handa um lagningu þessa vegar frá Gufudal og vestur eftir, því að allir, sem athugað hafa þau mál, eru sammála um, að yfir Gufudalsháls verði ekki farið til frambúðar og aldrei með bifreiðar, enda er sá vegur í fjallvegatölu. Er því nauðsynlegt að fá veginn út fyrir Skálanes, ef halda á áfram vegagerð vestur um Barðastrandarsýslu, og tengja þannig saman Vestur- og Austur-Barðastrandarsýslu með vegakerfi. Vestan við Gufudalsháls er blómleg byggð, Kollafjörðurinn, og hafa bændur þar nú brotizt í því á þessu ári að fá þangað búvinnsluvélar, svo sem traktora og aðrar vélar í sambandi við jarðyrkju, en hafa ekki getað komið þeim yfir hálsinn og ekki heldur sjóleiðis. Hafa bændur því lagt mjög mikið fé í að ryðja svo veginn kringum nesið, að hægt sé að brölta með þessar vélar yfir í Kollafjörðinn. Þetta er svo þungur skattur á þessum mönnum, að þeim er ógerlegt að rísa undir því einir að framkvæma þá vegagerð, sem hér er nauðsynleg. Ég tel þess vegna réttlátt og sjálfsagt, að þessi vegur verði tekinn í þjóðvegatölu, og þá ekki síst vegna þess, að þetta er á þeirri póstleið milli Austur- og Vestur-Barðastrandarsýslu, sem nú er farin einu sinni í viku að sumrinu og einu sinni í hálfum mánuði að vetrinum. Póstleiðin breytist þannig nú, að pósturinn er látinn fara alla leið að Firði í Múlahreppi, en ekki yfir Þingmannaheiði. Þess vegna hef ég lagt til, að þessi leið sérstaklega verði tekin í þjóðvegatölu. Ég vil í sambandi við þetta upplýsa það, að á þessu ári hefur Landssími Íslands lagt til þó nokkurt fé í það að leggja síma á hvern bæ í Kollafirði, sem þá verður skoðað sem tákn þess, að þessi byggð eigi ekki að leggjast í eyði, enda er hér um framúrskarandi góðar fjárjarðir að ræða. Hygg ég, að það mundi mæta stórkostlegum mótmælum, ef gerðar yrðu sérstakar ráðstafanir til þess, að þar verði ekki byggð, ekki hvað sízt, þar sem Austur-Barðastrandarsýsla er að verða uppeldisstöð fyrir fjárstofna annarra sýslna í landinu, sbr. Þingeyjarsýslu og aðrar sýslur, sem hafa orðið hart úti af mæðiveikinni. En til þess að hægt sé að halda þessari byggð við, verður að uppfylla það frumskilyrði, að þetta hérað búi við sömu aðstöðu í vegasamgöngum eins og lægst eru gerðar kröfur um í öðrum héruðum, þ. e. að hægt sé að koma inn í þau hestvögnum eða litlum bifreiðum, eins og jeppabifreiðum, og að sjálfsögðu vélum, sem nauðsynlegastar eru til að bæta aðstöðuna við landbúnaðinn, svo sem sláttuvélum og traktorum. Ég vil því vænta þess, að hv. þm. taki vel á þessu máli og samþykki þessa breyt., sem ég hef hér rætt um.

Næsta breyt. er einnig við B-lið, að tekinn verði upp nýr vegur í þjóðvegatölu, nefnilega Suðurfjarðavegur frá Bíldudal um Suðurfirði á Barðastrandarveg.

Nú þegar er tekinn í þjóðvegatölu Barðastrandarvegur frá Brjánslæk að Patreksfirði, og eins hefur

verið tekinn í þjóðvegatölu vegur frá Patreksfirði um Tálknafjörð til Bíldudals. Nú hafa framkvæmdir við vegina frá „Hálfdáni" verið stöðvaðar og öllu því fé, sem til hans átti að renna eftir l., verið varið til þess að ljúka við veginn frá þessum Bíldudalsvegi út að Sveinseyri í Tálknafirði til þess að koma Patreksfirði í vegarsamband við Sveinseyri.

Á Sveinseyri er að rísa upp frystihús, og er því sanngjarnt að láta þetta fé ganga til þess að ljúka þessum vegaframkvæmdum, og hefur orðið um það samkomulag milli aðila heima fyrir. En samtímis hefur því einnig skotið upp, hvort ekki væri rétt að fresta um sinn vegagerðinni við „Hálfdán" og tengja veginn frá Bíldudal við aðalvegakerfið, þannig að fara með hann frá Bíldudal inn með Suðurfjörðum á Barðastrandarveg. Ef Bíldudal er ætlað að hafa sitt vegasamband við aðalvegakerfi landsins um Brjánslæk, annaðhvort með bílferju yfir Breiðafjörð eða með vegarsambandi milli sýslnanna, Austur- og Vestur-Barðastrandarsýslna, og enginn annar vegur er lagður um Bíldudal en vegurinn frá Patreksfirði, þá er Bíldudalur þannig settur, að það verður að fara yfir þrjár heiðar, sumar mjög erfiðar og háar (500 m), til þess að komast í samband við Barðastrandarveginn. Það er vitanlegt, að við þetta verður ekki unað í framtíðinni. Þess vegna hefur það komið til mála að hefjast þegar handa um að leggja veginn eins og bezt mætti fara og á þann hátt að fara beint frá Bíldudal inn með Suðurfjörðum og þannig inn á Barðastrandarveginn.

Ég vil benda hv. samgmn. á það, að þetta mál var hér til umr. á síðasta aðalþingi, og hefur vegamálastjóri gefið umsögn um þetta atriði og talið það mjög til athugunar að fresta vegagerðinni um „Hálfdán" og taka upp þá vegagerð, sem hér er farið fram á. En þetta er önnur hlið málsins. Hin hliðin og sú, sem er bráðaðkallandi, er sú, að Bíldudalur er einangraður frá sinni eigin sveit og frá þeim bændum, sem framleiða mjólk fyrir þorpið, vegna vegleysna, svo að ógerlegt er að koma nokkrum hestvagni — hvað þá öðrum farartækjum — á milli Bíldudals og annarra jarða í sama hreppi. Afleiðingin er sú, að á Bíldudal er sífelld mjólkurþurrð, og nú er mjólkin þar komin upp í kr. 2,16 lítrinn, og mun það vera hæsta mjólkurverð, sem þekkist á landinu. Þrátt fyrir þetta telja bændur sig ekki geta haldið áfram mjólkurbúskap og munu leggja áherzlu á sauðfjárrækt, því að erfiðleikar eru svo miklir að koma þessum afurðum á markaðinn. Ég tel þetta meginatriði málsins og að það þoli enga bið, að úr þessu verði bætt með því að taka þennan veg inn í þjóðvegatölu. Þessi vegur er nú í sýsluvegatölu, en sýslusjóður er þarna svo fátækur, að hann hefur ekki megnað að leggja fram tvö s. l. ár nokkurt framlag í þennan veg, vegna þess að hann hefur orðið að leggja fram fé á móti ríkissjóði til þess að byggja brúna yfir ána, sem liggur þarna skammt frá. Ef ekki kemur önnur aðstoð til greina en tillag úr sýsluvegasjóði og ríkissjóði, þá líða áreiðanlega tugir ára, þar til þetta kemst í framkvæmd, og ég teldi það sama og að fella þann dóm yfir þessari sveit, að hún verði að leggja niður atvinnuvegina, og þorpið geti ekki lifað sem sjálfstætt þorp vegna mjólkurskorts, eins og þegar er komið á daginn.

3. till. er um það að taka Rauðasandsveg frá Ósum við Patreksfjörð um Hvalsker að Lambavatni í þjóðvegatölu. Það má segja það sama um þetta og um Bíldudal, að Patreksfjörður er í rauninni í mjólkurhungri. Það mun enginn staður finnast á landinu með 900 íbúa, sem hefur ekki fengið nema 39 þús. lítra mjólkur á s. l. ári, en við þá mjólkurþurrð varð Patreksfjörður að búa á s. l. ári, og flutningar eru svo örðugir þarna, að það hefur kostað upp undir 50 aura á l. að koma mjólkinni á staðinn. Við þessi kjör er ekki búandi. Þessi mjólk er mest komin úr Örlygshöfn, flutt yfir á bátum, og bændur hafa tekið á sig svo þunga skatta, að þeir byggðu á s. l. sumri bryggju, sem kostar um 30 þús. kr., og er kostnaðurinn svo verulegur, að ekki er sjáanlegt, að þessir aðilar geti staðið undir þessu í framtíðinni. Hins vegar eru blómleg héruð til mjólkurframleiðslu í Rauðasandshreppi, svo að hægt væri að hafa þar hundrað kúa, ef sköpuð væru skilyrði til þess að selja afurðirnar. Það hefur verið lagður vegur, ef veg skyldi kalla, milli Hvalskers og Saurbæjar á Rauðasandi, og hefur ríkissjóður lagt fram fé undanfarin ár til þess að endurbæta þennan veg, þó að vegamálastjóri hafi tekið sér það einræðisvald að láta ekki vinna fyrir þetta fé, bæði á þessu sumri og undanfarin sumur. Mun ég ræða það sérstaklega síðar. En enn þá vantar að koma vegarsambandi á um héraðið, sem liggur milli Hvalskers og Ósa í Patreksfirði. Nú er bílvegur kominn inn að Ósum frá Patreksfirði, en eftir er að opna leiðina frá Ósum út að Hvalskeri. Þetta er nú sýsluvegur, en hreppurinn hefur engin tök á því að standa undir öllum kostnaðinum, sem það hefur í för með sér að leggja bílveg þennan kafla leiðarinnar. Ég tel því nauðsyn bera til þess, að þessir vegir verði teknir í þjóðvegatölu þegar á þessu þingi og það svo snemma, að hægt verði að ætla ákveðið fé til vegagerðar á þessum svæðum. Ég tel, að þessu atriði megi ekki fresta. Ég bar þetta fram á síðasta aðalþ., og var það þá látið daga uppi. Ég fullyrði, að þetta sé svo aðkallandi mál, að hv. samgmn. megi ekki skella skolleyrunum við því. Ég vil benda á það, að hér kom í fyrra til Alþ. skjal frá öllum íbúum hreppsins í sambandi við þetta mál, og tel ég sjálfsagt, að það verði afhent hv. samgmn., og mun hún þá sjá, hversu menn heima fyrir líta á þetta atriði og hversu það er aðkallandi. Ég hef talið rétt, ef þessi vegur verður tekinn í þjóðvegatölu, að hann verði tekinn alla leið að Lambavatni, en vegleysa er frá Saurbæ að Lambavatni, og gæti þá farið saman að nokkru leyti skurðgröftur og vegargerð yfir þetta svæði, þar sem liggur við borð að rækta þetta land, enda ógerningur annað en að láta þessar jarðir koma í vegasamband jafnframt því, sem samband opnast við Patreksfjörð.

Þá er síðasti liðurinn á þessu skjali, þ. e., að Látravegur komi frá Hvalskeri um Sauðlauksdal

og Örlygshöfn að Látrum. Ég tel sjálfsagt, úr því sem komið er, að setja Sauðlauksdal sérstaklega í vegarsamband. Það er hugsað að láta koma upp barnaskóla — heimavistarskóla — að Sauðlauksdal, og hafa Rauðsendingar lagt á sig þungar byrðar til þess að þessi skóli komist upp, og veit ég það síðast um þetta mál, að það er aðeins eftir að ákveða, hvar skólinn verður settur niður, en það mun vera fengið nokkurn veginn samkomulag um Sauðlauksdal, og er því allt annað ósæmandi en að gera eitthvað fyrir þann stað, eftir því sem þar er aðstaða til. Hins vegar hafa Rauðsendingar einnig lagt á sig þungar kvaðir til þess að koma á vegarsambandi milli Látravíkur og Örlygshafnar, sumpart til þess að geta aukið mjólkurmagnið, sem flyzt úr Örlygshöfn, með því að fá mjólk frá Breiðavík, Látravík og Kollsvík, en sumpart til þess að geta komið sjávarafurðum þessa leið með bílum yfir til Patreksfjarðar, þegar ekki er hægt að lenda á þessum víkum. Þessir menn, sem hafa lagt fram ekki minna en 6—10 þús. kr. á ári í þessar framkvæmdir, eru nú að kikna undir þessum byrðum. Þessir vegir eru nú í fjallvegatölu, og hefur vegamálastjóri sýnt þessum mönnum samúð og reynt að verja úr ríkissjóði af fjallvegafé svo miklu sem hann hefur séð sér fært, gegn jafnmiklu framlagi annars staðar að. Ber því brýna nauðsyn til að taka þessa vegi í þjóðvegatölu, til þess að koma þessu í framkvæmd sem fyrst annars vegar og hins vegar til þess að létta undir byrðarnar hjá þessum mönnum, sem hljóta að kikna undir þeim á skömmum tíma.

Ég sé svo ekki ástæðu til að hafa frekari orð um þetta atriði. Ég vænti þess, að hv. samgmn. taki þessi atriði nákvæmlega til athugunar og leggist ekki á þetta mál eins og á síðasta aðalþingi, heldur látið málið koma til afgreiðslu hér í d., svo að séð verði, hvort fyrir því er þingvilji eða ekki. Ég legg svo til, að málið fari til hv. samgmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til samgmn. með 9 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

48. Brúargerðir (frv. GJ).

Á 3. fundi í Ed., 16. okt., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 30 2. apríl 1943, um breyt. á l. nr. 32 23. júní 1932, um brúargerðir (þmfrv., A. 7).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Flm. (Gísli Jónsson): Ég hef einnig flutt hér á þskj. 7 breyt. við brúalögin og ætla að fara aðeins nokkrum orðum um þetta mál. Fyrst er a-liður. Þar er gert ráð fyrir, að teknir séu inn fjórir nýir töluliðir. Ég sé ekki ástæðu til að ræða það frekar, því að að sjálfsögðu er þetta bundið því, að frv. á þskj. 6 sé samþ. Verði það samþ., verða þessar brýr einnig teknar inn á brúalög. Hið sama gildir um b-lið, að þar koma fjórir nýir töluliðir, og verði d-liður á þskj. 6 samþ. og sá vegur, sem þar getur um, tekinn í þjóðvegatölu, þá koma þessar brýr einnig inn á brúal. Loks er c-liður, töluliður eitt. Þessi á er þegar á þjóðvegi, og er því réttmætt, að hún sé tekin inn á brúalög. Annar til fjórði töluliður, brýr í Suðurfjarðahreppi, eru hins vegar bundnir því, að b-liður á þskj. 6 nái samþykki, og verða þá þessar brýr teknar inn á brúalög. Ég sé svo ekki ástæðu til að ræða þetta nánar. Ég vil biðja hv. samgmn. að taka þetta mál til rækilegrar athugunar, en ég óska, að málinu verði vísað til hennar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til samgmn. með 9 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

49. Landshöfn og fiskiðjuver í Höfn í Hornafirði.

Á 19. fundi í Ed., 25. nóv., var útbýtt:

Frv. til l. um landshöfn og fiskiðjuver ríkisins í Höfn í Hornafirði (þmfrv., A. 136).

Á 21. fundi í Ed., 27. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 10 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Ásmundur Sigurðsson): Herra forseti. Þetta frv., sem hér liggur fyrir á þskj. 136 og er flutt af þm. Seyðf. (LJóh), 1. þm. N-M. (PZ) og mér, er að mestu leyti samhljóða frv., sem flutt var í Nd. á síðasta þingi, en fékk ekki fullnaðarafgreiðslu þar. Því var vísað til sjútvn., og hún afgreiddi það með rökst. dagskrá, þar sem óskað var frekari undirbúnings.

Það eru ekki mörg ár síðan skipuð var n., sem átti að koma með till. um það, hvernig bezt væri hægt að koma fyrir sjávarútvegi okkar, og til þeirrar n. má rekja margar till. T. d. voru á síðasta þingi samþ. svo kölluð hafnalög, þar sem ákveðið var, að á 35 stöðum skyldi kostnaður greiddur að ⅗ hlutum og ríkissjóður skyldi ábyrgjast að ⅗

hlutum, og einnig 68 staðir, þar sem ríkissjóður skyldi ábyrgjast að helmingi og kosta hafnargerð að hálfu. En svo kom ein hugmynd frá þessari n., og það er hugmyndin um landshafnir, sem skyldu sérstaklega teknar út úr með l. Þessar hafnir skyldi landið taka að sér að reka. Á síðasta þingi voru samþ. l. um Njarðvík og Keflavík, en n. hafði líka bent á fleiri staði, þar á meðal Höfn í Hornafirði, sem þetta frv. fjallar um. Þess má geta, að þegar talað var um landshafnir í Njarðvíkum og Keflavík, var ekki búið að ákveða þá geysimiklu stækkun á bátaflota landsmanna, sem nú hefur verið ákveðin, en sú stækkun rekur eftir því, að ríkið taki að sér þessi hafnarmannvirki, til þess að hinn aukni bátafloti fái aðstöðu til þess að stunda fiskveiðar.

Það eru nú milli 25 og 30 ár síðan vélbátaútvegur byrjaði fyrir alvöru í Hornafirði, þegar Þórhallur Daníelsson hóf að byggja verbúðir fyrir báta úr öðrum verstöðvum, og það leið ekki á löngu, áður en sjómenn af Austfjörðum byrjuðu að stunda sjóróðra þaðan og bátarnir urðu milli 30—40, fyrst smábátar, eins og bátar okkar voru þá, en svo varð þarna mikil verstöð, og hefur verið svo síðan, en nú er að draga úr sjósókn þaðan af ástæðum, sem ég kem að síðar. Því verður ekki neitað, að fiskimiðin þarna eru með þeim beztu hér við land. Veiðisvæðið stórt og stutt á fiskimiðin. Á síðustu árum hafa bátar ekki verið mjög margir, en aflamagnið hefur verið mjög mikið, sérstaklega má benda á, að á síðasta ári, þegar ekki voru nema einir 15 litlir bátar, sem voru að meðaltali ekki nema 18 tonn að stærð, aflaðist fiskur, sem nam að fob-verði 2,26 millj. kr. og hefur numið að ísfiskverði um 8 millj. kr. Það er auðséð, að sá floti, sem þaðan stundar fiskveiðar, færir þjóðarbúinu miklar tekjur, sem nauðsynlegt er, að notaðar séu. Í sambandi við það vil ég benda á mikilsvert atriði. Það hefur mikið borið á því á Hornafirði, að lifrarhlutur sjómanna væri rýr. Sjómenn voru að vonum óánægðir með þetta, og það varð til þess, að fenginn var maður til Hornafjarðar til þess að gera lýsisrannsóknir, og rannsóknir hans báru með sér, að lýsið úr fiski á Hornafjarðarmiðum er mun auðugra af vitamínum en af Vestmannaeyjamiðum og í Faxaflóa. Niðurstaðan var, að lifrin væri vitamínauðugust í Hornafirði. Þetta fullyrðir dr. Þórður Þorbjarnarson, að sé af því, að í Hornafirði safnast mikið af gömlum fiski og stórum. Að vísu fullyrðir hann ekki, að lifrin sé meira virði, en hann fullyrðir það, að á Hornafjarðarmiðum sé meira af fullorðnum fiski, en ungfiskurinn sé á Vestmannaeyjamiðum og í Faxaflóa. Þetta er mikilvægt atriði, þegar það kemur til athugunar, hvar bátaflotinn skuli afla. Annað atriði er það, sem ég vildi sérstaklega benda á, en það er sú mikla fækkun, sem orðið hefur á bátaflotanum á Hornafirði og var sérstaklega í fyrra. Þetta stafar af því, að á Hornafirði geta ekki stundað veiðar nema smábátar, og er ekki útlit fyrir annað en að útvegurinn minnki þarna stórkostlega, sem hlýtur að vera til tjóns fyrir þjóðarheildina, og þá vildi ég koma að því, sem nauðsynlegast er á Hornafirði, til þess að útvegurinn geti haldizt þar.

Þeir, sem ókunnugir eru, halda, að það sé fyrst og fremst innsiglingin, sem stendur í vegi fyrir vélbátaútveginum. Þetta er að vísu rétt, en það veldur þó ekki mestu erfiðleikunum. Það, sem mestum erfiðleikum veldur, eru grynningar fyrir framan kauptúnið. Það er þetta tvennt, sem þarf að færa í lag. Það er svo, að fyrir framan kaupstaðinn er stórt svæði mikið til umgirt eyjum. Þetta svæði þarf að grafa upp, og með því að grafa það upp fæst viðbótar-viðlegupláss fyrir marga báta. Þriðja mannvirkið, sem sennilega þarf að gera, er hafnargarður út í stóra eyju, Ósland, sem liggur fyrir utan, til þess að koma í veg fyrir, að Hornafjarðarfljót renni þar yfir. Fyrir nokkrum árum var búið að gera allmiklar rannsóknir og margháttaðar áætlanir um hafnargerð á þessum stað. Í sumar kom vitamálastjóri austur, og nú hefur verið þar á ferð maður frá vitamálaskrifstofunni, en sá maður er annaðhvort nýlega kominn til Reykjavíkur aftur eða hann er ekki kominn, en vitamálastjóri mun láta gera nýjan uppdrátt af höfninni og þeim plönum, sem hann telur, að þurfi að gera, þegar búið er að ganga frá því á grundvelli þeirra rannsókna, sem starfsmaður vitamálaskrifstofunnar hefur verið að framkvæma undanfarið.

Þá kem ég að öðrum þætti í þessu frv., og það er 4.—6. gr., sem fjalla um fiskiðjuver, sem ríkið láti reisa á þessum stað. Þarna, eins og annars staðar, hefur aðeins verið um saltfisk að ræða fram að síðasta stríði, en síðan hefur fiskurinn verið fluttur út ísvarinn. Nú munu allir vera sammála um, að þessar fiskverkunaraðferðir muni ekki vera til frambúðar, og flestir eru sammála um, að um hraðfrystingu og niðursuðu verði að ræða og ef til vill eitthvað fleira. Þess vegna er það, að ef ríkið leggur í stórar framkvæmdir hafnarmannvirkja á þessum stað, verður að tryggja það, að sjómenn fái sem mest fyrir fisk sinn, og þá fyrst koma hafnarmannvirkin að gagni, því að þá reyna bátaeigendur að sækja á stað, þar sem slík mannvirki eru fyrir hendi. Þess vegna er það álit kunnugra, að það sé eins nauðsynlegt að koma upp fiskiðjuverinu eins og að koma upp hafnarmannvirkjunum, en til þess að þau komi að gagni, þarf að vera til stöð, svo að hægt sé að nota allt. en ekki eins og nú, þar sem bara eru notuð flökin. Það þarf að vera hægt að vinna úr þunnildunum og hausunum, auk þess sem til þarf að vera beinamjölsverksmiðja. Stundum getur þurft að salta, þegar svo mikið berst að, að ekki er hægt að taka við öllu.

Það, sem sérstaklega mælir með því að gera þessi hafnarmannvirki á Hornafirði, er það, að það er ekki hægt að hafa þar stærri báta og koma í veg fyrir, að útgerð fari minnkandi. Notkun hafnarinnar og vélbátafjöldinn mundi aukast til stórra muna. Það mundi skapast lengri útgerðartími fyrir vélbátana og þar að auki aðstaða fyrir báta, sem liggja úti til fiskveiða, til þess að flytja afla sinn

til fiskiðjuversins, sem þar væri og gæti fengið fisk allmikinn tíma úr sumrinu líka. Þá vil ég enn fremur benda á, að það er önnur ástæða til þess, að við leggjum svo mikið kapp á, að ríkið taki þetta að sér. Ef um stærri bæi er að ræða, sem hafa möguleika til þess að ráðast í þessar framkvæmdir, þá væri ekki svo nauðsynlegt að gera þetta á kostnað ríkisins. Þarna er lítið kauptún og hefur ákaflega litla möguleika til þess að ráðast í þessar framkvæmdir, og ekki sízt, þar sem á þessum stað eins og öðrum liggja fyrir mjög fjárfrekar framkvæmdir. Hreppsbúar eru að undirbúa að leggja rafveitu um kauptúnið, sem nauðsynleg er, m. a. vegna útgerðarinnar. Skortur er á vatnsleiðslu um kauptúnið, og er verið að byrja á henni. Þetta fyrirtæki er líka nauðsynlegt vegna útgerðarinnar. Einnig vantar skólprennsli og fleira, og þetta er fyrirtæki, sem hreppurinn verður að leggja í á næstu árum, og er því ógerlegt, að hreppurinn geti lagt í svo fjárfrekar framkvæmdir sem bæði hafnargerðin og fiskiðjuverið eru. Að ríkið taki þetta að sér, er eina tryggingin fyrir því, að þetta verði gert fljótt, og hugmyndin er, að landshöfninni verði komið upp á eins stuttum tíma og hægt er, en að það taki ekki eins langan tíma og víðast vill verða, þannig að það líði mörg ár, þangað til mannvirkin komast í það lag, að þau verði að fullum notum.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta meira að svo stöddu, en legg til, að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og sjútvn.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Fyrir nokkrum árum sat hér á rökstólum mþn. í sjávarútvegsmálum, eins og flm. gat um, og átti hún að gera till. um skipun hafnarmála og semja l. um málefni útgerðarinnar. Þetta gerði n. og skilaði frv. um hafnargerðir og lendingabætur, sem samþ. var og afgr. sem l. Þetta var mikið spor í áttina frá því, sem áður var. Þá kom það fram í þessari mþn. í sjávarútvegsmálum, að það bæri að vinna að því, að nokkrar hafnir yrðu gerðar að sérstökum landshöfnum, sem ríkið kostaði að öllu leyti og ræki vegna þess, hve almenna þýðingu þær hafa fyrir fiskveiðar landsmanna, sérstaklega þær hafnir, sem lágu vel við fiskimiðum og fleiri sækja að en heimamenn og þar sem kauptúnin eru þess ekki umkomin að afla fjár til stórkostlegra mannvirkja. Menn voru þó ekki á einu máli um það, hvaða staðir yrðu teknir, nema um einn stað: Njarðvík eða Keflavíkur- og Njarðvíkurhöfn, sem allir voru á einu máli um, að byrjað yrði á, vegna þess, hve þýðingarmikil sú stöð er, og vegna þess, að um mörg undanfarin ár hafa farið þar fram ýtarlegar rannsóknir. Aðrir staðir voru Höfn í Hornafirði, Rif á Snæfellsnesi, Skagaströnd og nokkrir fleiri, en þetta voru fyrst og fremst þeir staðir, sem komu til greina. En um alla þessa staði var það sameiginlegt, að nauðsynlegar rannsóknir lágu ekki fyrir, til þess að hægt væri að hefjast handa á þeim grundvelli, sem fyrir lá. Um annan staðinn, Höfn í Hornafirði, var borið fram frv., eins og flm. tók fram, og afgr. með rökst. dagskrá, vegna þess að heppilegra þótti að fresta málinu, þangað til ýtarleg rannsókn lægi fyrir. Nú er mér kunnugt um það, að það hefur farið fram ýtarleg rannsókn á mörgum þessum stöðum á s. l. sumri, en vegna þess, að aldrei hafa verið jafnmikil verkefni fyrir hendi hjá vitamálastjóra og nú, og eins vegna þess, að hann var fáliðaður, þá hefur ekki enn unnizt tími til þess að skila árangrinum af þessum rannsóknum. Þannig hef ég ekki fengið í mínar hendur neinar upplýsingar um þær rannsóknir, sem gerðar voru á Hornafirði, og heldur ekki um það, sem gert var í Þórshöfn, en ég veit þó, að á þeim stöðum tveimur hefur þessum rannsóknum verið flýtt eins og mögulegt hefur verið. Þar við bætist svo þriðji staðurinn, sem ég vil líka telja, að eigi að vera í fremstu röð, og skal ég ekki segja, hver á að vera fyrstur af þessum þremur. Þess vegna vildi ég, um leið og ég er mjög samþykkur því, að þetta mál fari til n., óska þess, að það verði ekki afgr. eitt út af fyrir sig, áður en nauðsynlegar upplýsingar liggja fyrir, heldur verði beðið eftir upplýsingum, og ég segi þetta ekki einasta um þennan stað, heldur einnig um hina, sem þar koma til álita jafnframt, bæði Rif og Þórshöfn. Ég hefði talið, að þær upplýsingar væru svo nærri, að þær ættu ekki að tefja málið, og vegna þess, í hvaða röð málið er afgr., tel ég rétt og sjálfsagt að þessar upplýsingar lægju fyrir.

Það er að vísu í þessu frv., sem hér hefur verið lagt fram af hv. 8. landsk. og fleirum, gert ráð fyrir ákveðinni upphæð til þessara mannvirkjagerða, en ég held, að mér sé óhætt að fullyrða, að þessi upphæð sé langt fyrir neðan það að svara til hins raunverulega. Í 1. gr. segir: „Til hafnarmannvirkja teljast: Hafnargarðar, hafskipa- og bátabryggjur, verbúðir, dýpkanir, uppfyllingar, dráttarbrautir, vélar o. fl., sem nauðsynlegt má teljast við byggingu og rekstur hafnarinnar.“ Svo er, til að greiða þennan kostnað, gert ráð fyrir 2 millj. kr. í næstu gr. á eftir. Eftir því sem ég þekki til, bæði um kostnað við mannvirkjagerð af þessu tagi og einnig um það, hvernig högum er háttað á Hornafirði, þá tel ég mega slá því föstu, að þessi upphæð sé langt fyrir neðan það, sem ætla mætti, að gæfi nokkurn verulegan árangur.

Það, sem fyrst þarf að gera, er að fá dýpkun, og möguleikar opnast, þegar ríkið fær dýpkunarskip, að geta hafizt handa um framkvæmdir, en þó ber þess að gæta, að margir bíða, því að þörfin er brýn víða, en að sjálfsögðu mundi Höfn í Hornafirði verða einn af þeim stöðum, sem fyrst kæmu til álita. Auk þessa, sem ég hef nefnt, verður að kaupa höfninni eitthvert land, og ég vil, af þessu tilefni, skýra frá því, hvernig gengið hefur að afla lands til landshafnarinnar í Njarðvíkum og Keflavík. Það hefur verið lögð á það mikil áherzla af ýmsum þm., að ekki yrði hafizt handa um mannvirkjagerð eins og þessa, nema áður væri tryggt, að land fengist keypt, a. m. k. nokkurn veginn nægilegt land til framkvæmdanna. Þess vegna var

það, að þegar hafnar voru byrjunarframkvæmdir í Njarðvíkum, þá var landeigendum tilkynnt, að ef ekki næðust samningar við þá um landakaup, þá mundi ekki verða haldið áfram framkvæmdum og hætt því, sem byrjað var á. Þegar þessi mál voru rædd við sjútvn. þessarar d. og fjvn., þá var frekar talið ólíklegt, að þetta mundi gerast með samningum heldur en með mati, vegna þess að reynsla er fengin af því víða, að landverð með mati getur farið hátt, og þá er ríkissjóður bundinn við kaupin, ef mat hefur verið látið fara fram, og þess vegna er eingöngu um samningaumleitanir að ræða. Þær samningaumleitanir eru þannig, að það land, sem er að vestanverðu við landshöfnina, svo kölluð Ytri-Njarðvík, 30—40 ha., var fáanlegt fyrir nokkuð á aðra millj. kr. Þá var eftir að kaupa landið í Keflavík og Innri-Njarðvík, og var það sízt minna, en það land, sem þar var, var fáanlegt fyrir rúmlega 1 millj. kr. Þessu var svarað þannig, að landið yrði ekki keypt þessu verði, og hefur það orðið til þess, að nú hefur verðtilboðið lækkað nokkuð, eða ofan í helming þessarar upphæðar, og geri ég ráð fyrir, að um það takist samkomulag, en það þýðir, að landakaup fyrir höfnina munu í upphafi nema sjálfsagt eitthvað á aðra millj. kr., og þó er ekki tekið nema það, sem nauðsynlegt er til þess að geta séð höfninni fyrir hæfilegu landi. Ég get þessa vegna þess, að ég tel víst, að einnig í Hornafirði þurfi að kaupa land, — og þurfi að kaupa land, þarf einnig til þess fé. En mér skilst, að sumt af því landi, sem þar kemur til greina, eins og t. d. Áley, sé í einkaeign, en í frvgr., eins og hún er, er ekki getið um það, að neitt fé sé ætlað til landakaupa. Ég held þess vegna heppilegast, ekki einasta fyrir þennan stað, heldur einnig fyrir aðra staði og fyrir þá heildarstefnu, sem tekin hefur verið í þessu máli, að einn hlypi ekki fram fyrir annan í þessum efnum. Ég segi þetta ekki flm. til lasts, en mér fyndist það liggja beinast við í þessum málum, að þau væru öll leyst í heild, vegna þess að þá væri hægt að slá föstu öllu því, sem að afgreiðslu málsins lýtur, hvaða staður kæmi fyrstur, og síðan, í hvaða röð aðrir kæmu, og þá væri hægt að gera sér grein fyrir, hversu mikið fé mundi til þess þurfa.

Ég er sammála hv. flm. um það, að Hornafjörður er einn af þeim stöðum, sem virkilega þarf að gera eitthvað fyrir og það mjög verulega, því að bæði er, að hann er eini staðurinn á ákaflega löngu svæði, þar sem viðlit er að koma höfn, og eins hitt, að þar fyrir utan eru mjög auðug fiskimið, sem hafa verið notuð af bátum og fiskiskipum víðs vegar að, sérstaklega af Austfjörðum. En eins og ég sagði, hefði ég frekar kosið, að upplýsingar, sem mér skildist á hv. frsm., að væru nærri, kæmu fram og lægju fyrir, áður en gengið yrði frá málinu, því að mér finnst það allóviðkunnanlegt að setja fram frv. með tölum og upphæðum, sem eru alveg fyrirsjáanlega mjög mikið fyrir neðan það, sem greinilega þarf að nota í þessu skyni.

Hér er svo einnig slegið föstu, að það skuli reisa fiskiðjuver á þessum stað og ríkið skuli gera það, og alveg tiltekið, hver stjórn þess skuli vera og hvað mörg tonn af flökum hraðfrystihúsið frysti og úr hvað mörgum tonnum af fiski niðursuðuverksmiðjan geti soðið niður. Er ekki nema gott um þetta að segja, ef hv. flm. vilja sjá um það, að þetta verði gert þar. En mér er það alveg ljóst, að ef farið er út í þetta á einum stað, þá muni margir fleiri á eftir koma. Ef ríkið gerir þetta í Hornafirði, þá munu margir aðrir staðir, sem til greina koma, gera kröfur til ríkisins um, að einnig hjá þeim verði reistar þessar byggingar.

Um verðlag bygginganna er mér ekki kunnugt; hvort upphæðin, sem þarna er nefnd, 4 millj., sé hæfileg eða ekki. Ég geri ráð fyrir, að hv. flm. hafi athugað það mál í sambandi við fyrirkomulag eða rekstur bygginganna, því að það virðist vera mjög grannt athugað og nákvæmlega tiltekið um öll afköst verksmiðjanna. En ég vil benda á það, að ef l. yrðu sett um byggingu verksmiðja eins og þessara, þá er athugandi, hvort ekki er varasamt að slá föstu í l., eins og gert er í þessu frv., hvað verksmiðjan skuli vera stór og hvað hún skuli vinna úr mörgum tonnum o. s. frv., því að þá er engin heimild til þess að breyta þarna neinu um. En ég hef sem sagt ekkert við málið að athuga í sjálfu sér, en ég hef aðeins þetta að athuga við meðferð og gang þess, að ég tel ekki á þessu stigi rétt, að frá því sé gengið, fyrr en aðrir sambærilegir staðir hafa verið athugaðir nákvæmlega og upplýsingar liggja fyrir um þá, helzt alla.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Hæstv. samgmrh. kom að nokkru leyti inn á það, sem ég vildi sagt hafa í þessu máli. En ég vildi benda sérstaklega á þetta: Að vísu var það sagt, þegar Njarðvíkurfrv. var samþ., að ríkið ætti að eiga landið, sem lægi að þessari höfn, en áður en nokkrar ráðstafanir voru gerðar til þess að tryggja ríkinu eignarrétt á landinu, þá voru l. sett, með þeim afleiðingum, að landið fæst nú fyrir annað verð — og miklu hærra — en það hefði fengizt fyrir, áður en l. voru sett. Ég vildi benda á það í þessu sambandi, að Hornafjörður er eini staðurinn, þar sem talað hefur verið um landshöfn, þar sem ríkið á allt land, eða svo til allt, og þó að sumir staðir þar kunni að vera festir með lóðasamningum um lengri tíma, þá er það þó annað. Þeir renna þó út, þeir samningar, og að fá þeim breytt er nokkuð annað en ef einstaklingar ættu landið. A. m. k. virtist ekki vera horft í það, þegar ráðizt var í að byggja á Skagaströnd, því að tveimur árum áður en það var gert, þá var allt land sett í erfðafestu til einstakra manna, sem svo þurfti að taka eignarnámi til þess að geta ráðizt í framkvæmdir þar að ráði.

Það, sem ég vildi sérstaklega benda á gagnvart Hornafirði, er, að ég tel alveg nauðsynlegt, að þar komist á landshöfn vegna Austfjarðabáta. En ég tel þó sérstaklega nauðsynlegt, að það sé þegar farið að gera ráðstafanir til þess, að ríkið hafi umráð

yfir landi, þar sem hugsað er til að láta landshafnir koma, því að það segir sig sjálft, að landshöfn á einhverjum stað, að öllu leyti kostuð og rekin af ríkinu, gerir ekki það gagn, sem hún á að gera, þegar einstaklingar eiga landið og geta tekið með leigu af landinu allan þann arð og allt það gagn og verðmæti, sem landshöfnin skapar á næstu árum eftir að höfnin er komin, þar sem þeir, sem umráð hafa yfir landinu, geta selt afnotaréttinn af landinu eins og þeim sýnist. Á þetta vildi ég sérstaklega benda og biðja n. að athuga það og kynna sér hjá ríkisstj., sem hefur í höndum alla þá lóðasamninga, sem gilda í Hornafirði, þar sem ríkið á landið, hvernig þeir eru, til hvað langs tíma þeir eru o. s. frv., því að það er það, sem ég tel þurfa að gera fyrst af öllu, helzt áður en byrjað er að tala um landshöfn á þessum stöðum. Hins vegar vona ég, að þær áætlanir, sem hæstv. ráðh. var að tala um og eru á leiðinni hjá vitamálastjórninni, komi bráðlega, svo að n. fái að sjá þær, og má þá vafalaust breyta tölunum í samræmi við þær.

En viðvíkjandi landshöfnum í framtíðinni á hinum stöðunum, þá vil ég benda á það, að það þarf helzt, áður en byrjað er á að tala um landshafnir, að tryggja ríkinu landsréttindi á þeim stöðum, þar sem landshafnir eiga að koma.

Björn Kristjánsson: Herra forseti. Ég vil segja það, að ég er glaður af því að heyra þann mikla áhuga, sem hæstv. ráðh. hefur á hafnargerðum yfirleitt. Ég er honum sammála um það, að áður en ráðizt er í nýjar framkvæmdir á því sviði fram yfir það, sem þegar er búið að lögleiða — á ég þar við landshöfn í Njarðvíkum — þá sé nauðsynlegt að athuga mjög vel staðhætti þar, sem kemur til mála að gera þessar landshafnir, bera saman og taka í fyrstu röð það, sem mesta og almennasta þýðingu hefur. Þó að ég beri fyrir brjósti og flytti á þinginu í fyrra frv. um landshöfn á Þórshöfn, þá fellst ég þó á það alþjóðarsjónarmið, að landshafnir verði ekki gerðar af handahófi, heldur verði vandlega athugað, bæði það almenna gagn, sem þjóðin hefði af því, að þær væru gerðar, og eins verði vandlega athugað um allan kostnað, sem að þessum framkvæmdum lýtur.

Eins og hv. þm. kannast við og líka kom fram í ræðu hæstv. ráðh., þá var sams konar frv. og hér liggur fyrir, og einnig frv. um landshafnargerð á Þórshöfn, flutt á þinginu í fyrra. Þessi mál voru afgr. í einu lagi með rökst. dagskrá á þá leið, að Alþ. skoraði á ríkisstj. að láta flýta sem mest rannsókn á þeim stöðum, sem nefndir eru í dagskránni, þeim tveimur, sem nú hafa verið nefndir, og auk þess Rifi á Snæfellsnesi og Þorlákshöfn. Það var tekið fram í dagskrártill., að þess væri óskað, að þessi rannsókn yrði gerð á næsta sumri, þ. e. á s. l. sumri. Nú held ég, að ég megi fullyrða að því er Þórshöfn snertir, að þar hafi engin rannsókn verið gerð á s. l. sumri, og stafar það sennilega af því, sem hæstv. ráðh. tók fram, annríki í vitamálaskrifstofunni. Verkfræðingur frá vitamálaskrifstofunni kom að vísu til Þórshafnar og var þar einn dag, sat á fundi með hafnarnefnd, en gerði engar rannsóknir. Nú er ekki að sakast um það, sem orðið er í þessum efnum, en ég vil rifja upp efni þessarar dagskrártill. og vænti þess, að hæstv. ráðh. láti gera meira en gert var á s. l. sumri í þessa átt.

En úr því að ég stóð upp, vil ég líka segja það, að ég er sammála hv. 1. þm. N-M. og hæstv. ráðh. um það, að það er alveg nauðsynlegt, áður en slíkar framkvæmdir sem þessar eru hafnar, að ríkið tryggi sér nægilegt land til umráða til þess að girða fyrir verðhækkun, sem hlýtur að verða, ef síðar á að framkvæma kaupsamninga við eigendur landsins. Að því er Þórshöfn snertir, vil ég mælast til þess við hæstv. ráðh., að hann léti fyrr en seinna athuga, hvort ekki er hægt að ná viðunandi samningum við þá menn, sem nú eiga landið að þeirri höfn, sem talað er um, að gerð kunni að verða á Þórshöfn, og ég vona, að verði gerð áður en langt um líður. Ég vil því mælast til þess, að þetta verði athugað sem fyrst, og það því fremur, þar sem ríkið hefur þegar keypt lóðarréttindi eða lóð, sem var í leigu á sínum tíma. Úr því að ríkið er búið að kaupa þá lóð, finnst mér sjálfsagt, að það leiti samninga um meira land. Þessu vildi ég skjóta til hæstv. ráðh.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Út af niðurlagi í ræðu hv. þm. N-Þ., þar sem hann mælist til þess, að ríkið fari þegar út í að kaupa lóðir á Þórshöfn og afli sér réttinda til lóða, þá er þess að geta, að ríkisstj. fór fram á það fyrir hálfu öðru ári við Alþ., að hún fengi leyfi til þess að kaupa eign Jóns Björnssonar og Jóhanns Tryggvasonar, og hefur keypt þá eign fyrir hagkvæmt verð, að ég tel.

Hins vegar vil ég segja það út af því, sem hv. 1. þm. N-M. sagði, að það bæri í hverju einu tilfelli að tryggja ríkinu lóðir, þar sem ætla mætti, að landshafnir yrðu byggðar, að það gæti orðið dálítið vafasamt, hvar ætti að bera niður, því að ýmsir hafa nefnt staði, sem þeir telja, að kæmu til greina, og ef það ætti alltaf að tryggja ríkinu lóðirnar, yrði að byrja að kaupa þær, helzt áður en landshöfn kæmi til tals. Með frv. um landshöfn í Njarðvíkum var farin önnur leið. Þar var heimild fyrir ríkisstj. til að stöðva framkvæmdir, þangað til samkomulag næðist um lóðakaup, og lóðaeigendum var tilkynnt með skírskotun til heimildarl., að ekkert yrði unnið að hafnargerðinni, fyrr en samkomulag næðist um lóðakaup. Þetta varð til þess, að lóðirnar fást nú sennilega með miklu lægra verði en upphaflega stóð til. Þvílík bremsa sem þessi þvingar þess vegna fram samkomulag betur en nokkuð annað.

Hvað því viðvíkur, sem hér er sagt um Hornafjörð, þá er það sjálfsagt rétt, en mér er líka kunnugt um það, að lóðirnar þar eru margar á leigu og að lóðaréttindi eru leigð til langs tíma, svo að lóðaleigjendur geta algerlega ráðið um meðferð

þeirra, a. m. k. um næstu áratugi, svo að þess vegna yrði nauðsynlegt til þess að hagnýta það að kaupa upp þessi lóðaréttindi. Ég bendi á þetta aðeins til að sýna fram á það, að þó að þannig hagi til á Hornafirði, að ríkið eigi lóðirnar, þá er spursmálið samt fyrir hendi, ekki ósvipað því, sem er annars staðar. En ég held, að ég mundi ekki, nema eftir beinum fyrirmælum frá Alþ., hefja gagnger lóðakaup meðfram allri strandlengjunni vegna væntanlegra hafnagerða, heldur mun ég leggja til, að sami háttur verði á hafður eins og gert var með l. um landshöfn í Njarðvíkum; að heimila ríkisstj. að fresta framkvæmdum, þangað til samkomulag hefur náðst, því að það hefur gefið góða raun. Viðvíkjandi því, sem hv. 1. þm. N-M. sagði, að ákvörðun um að byggja landshöfn í Njarðvíkum hefði orðið til þess að hækka lóðaverð, vil ég taka fram, að það er misskilningur. Lóðirnar hækkuðu vegna annarra framkvæmda, þ. e. vegna flugmálaframkvæmdanna. Þær höfðu sín áhrif um hugmyndir manna þar um lóðaverð, og það gerðist áður en það kom til mála að gera þar landshöfn.

Flm. (Ásmundur Sigurðsson): Herra forseti. Ég mun ekki vera margorður. Ég vildi aðeins taka fram, að ég er ekki á móti að sjútvn. afgreiði málið í samráði við nýbyggingarráð.

Viðvíkjandi því, sem hæstv. ráðh. hélt fram, viðurkenni ég, að hann fer með rétt mál, að kostnaður fer allur fram úr áætlun. Ég miðaði við áætlun, sem gerð var á vitamálaskifstofunni. En ég vil taka það fram, að í þeirri áætlun er ekki gert ráð fyrir dýpkun. Enn fremur minntist hæstv. ráðh. á, að aðrir staðir gætu heimtað það sama. Það getur verið, en við verðum að líta á þá þörf, sem fyrir er. Það er nú víðar, að ríkið byggir landshafnir. Á sama hátt er með fiskiðjuver. Hæstv. ráðh. tók vinsamlega í málið, eins og von var.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til sjútvn. með 10 shlj. atkv.

Á 133., 134. og 138. fundi í Ed., 16., 17. og 20. maí, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 144. fundi í Ed., 23. maí, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 136, n. 812 og 825).

Forseti (ÞÞ): Ég hef tekið þetta mál fyrir í trausti þess, að hv. þdm. verði stuttorðir.

Frsm. meiri hl. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Ég geri ráð fyrir, að ekki sé eins mikill áhugi að hlusta á þessar umr. eins og þær, sem hér hafa farið fram, og mun ég því verða við ósk hæstv. forseta og verða mjög stuttorður.

Mér nægir að vísa til hinnar rökst. dagskrár og nál., en meiri hl. n. óskar, að málið verði afgr. á þann veg.

Frsm. minni hl. (Steingrímur Aðalsteinsson): Herra forseti. Ég skal verða við ósk hæstv. forseta, að tala ekki langt mál um þetta frv., þó að það sé þess eðlis, að full ástæða sé til þess, að það hefði fengið eðlilega afgreiðslu og verið rætt, en til þess að málið fái nú afgreiðslu, þá get ég látið nægja að vísa til nál. á þskj. 812. Meiri hl. hefur lagt til, að málinu yrði vísað frá með rökst. dagskrá. Ég vil í sambandi við hana taka fram, að ekki er ástæða til að vísa málinu frá, ekki þeim hluta þess, sem lýtur að hafnarbótum, því að meginundirbúningurinn undir þær hefur þegar farið fram. Á síðasta aðalþingi var málinu vísað með rökst. dagskrá til stjórnarinnar, til þess að hún léti fara fram rannsókn á þessum málum. Sú rannsókn hefur nú farið fram, og liggur fyrir áætlun vitamálaskrifstofunnar um hana, sem birt er sem fskj. með nál. mínu. Þetta atriði liggur því ljóst fyrir og skapar grundvöll til að taka afstöðu til málsins. Ég vil geta þess, að l. um hafnarbætur, sem meiri hl. n. vísar til, leysa þetta mál engan veginn. Hér er um fámennt hreppsfélag að ræða, en höfnin hefur geysimikla þýðingu fyrir allt Austurland. Þess vegna er eðlilegt, að ríkið standi að þessu og standi undir framkvæmdum. Þetta álít ég fullkomin rök fyrir því, að málið nái fram að ganga, hvað snertir byggingu landshafnarinnar, en um hinn hlutann vísa ég til nál.

Ásmundur Sigurðsson: Herra forseti. Ég get orðið við tilmælum hæstv. forseta um að lengja ekki umr., því að ég þarf litlu við að bæta, þar sem hv. 6. landsk. gerði grein fyrir þeim rökum, sem til málsins liggja, og svo var ég búinn að gera grein fyrir málinu við 1. umr. En ég vildi með örfáum orðum lýsa því, að mér þykir þessi afstaða meiri hl. n. einkennileg og óheppileg fyrir þann atvinnuveg, sem hér er um að ræða.

Ég vil enn fremur benda á, að þegar málið var fyrst flutt, þá var því vísað frá vegna ófullnægjandi undirbúnings og lagt til, að það yrði undirbúið betur. En nú flytur meiri hl. frávísunartill. á allt öðrum rökum og það rökum, sem alls ekki geta haldið, vegna þess að þar er gengið fram hjá aðalatriðinu í þessu máli, en það er, að hér er um að ræða fiskihöfn fyrir heilan landsfjórðung, og er því ekki nema sjálfsögð sanngirniskrafa, að ríkið byggi hana. Þetta sjónarmið var líka ríkjandi í sjútvn. Nd. fyrir ári síðan, en það á bara ekkert skylt við sjónarmið þessarar dagskrártill.

Ég mun nú verða við tilmælum forseta og stytta mál mitt, enda er nú komið að þinglausnum og vitað mál, að það eru ekki umr., sem ráða úrslitum mála á Alþingi þessa síðustu daga. Þar kemur annað til.

Frsm. meiri hl. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Aðeins fáein orð. Ég get ekki fallizt á rök hv. 8. landsk. þm., og þau hafa á engan hátt sannfært mig. Þess vegna held ég fast við það, að dagskrártill. verði samþ.

ATKVGR.

Rökstudda dagskráin á þskj. 825, frá meiri hl. sjútvn., felld með 8:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BK, GJ, GÍG, PM, SÁÓ, BBen, ÞÞ.

nei: BrB, HV, HermJ, LJóh, PZ, StgrA, ÁS, KG.

EE greiddi ekki atkv.

1 þm. (JJós) fjarstaddur.

1. gr. samþ. með 8:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HV, HermJ, LJóh, PZ, StgrA, ÁS, KG, BrB.

nei: SÁÓ, BBen, BK, GJ, GÍG, ÞÞ.

PM, EE greiddu ekki atkv.

1 þm. (JJós) fjarstaddur.

1 þm. gerði grein fyrir atkv. sínu:

Björn Kristjánsson: Það er vafalaust, að íbúar Austur-Skaftafellssýslu hafa mikla þörf fyrir að fá góða höfn í Hornafirði, og það er líka víst, að góð höfn þar mundi hafa mikla þýðingu fyrir allan Austfirðingafjórðung vegna sjósóknar á vetrarvertíð, og er ég því velviljaður þessu frv. Hins vegar er það vitað, að fram hafa komið nokkrar fleiri óskir um byggingu landshafna á öðrum stöðum á landinu, og flutti ég frv. um eina slíka á Þórshöfn á Langanesi á þinginu 1945. Jafnframt er það og vitað, að langan tíma mun taka að byggja þá einu landshöfn, sem lögákveðin hefur verið, og að ekki munu verða byggðar aðrar landshafnir, á meðan hún er ófullgerð. Sýnist því ekki aðkallandi nauðsyn að lögfesta nú þegar hafnargerð þá, sem hér um ræðir, og tel ég réttara að fresta því, meðan rannsakað er, hvaða staðir aðrir geti komið til greina í þessu sambandi. Á þessum forsendum segi ég nei.

Brtt. 812,1 samþ. með 7:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HermJ, LJóh, PZ, StgrA, ÁS, BrB, HV.

nei: BK, GJ, GÍG, ÞÞ.

SÁÓ, KG, EE greiddu ekki atkv.

3 þm. (JJós, PM, BBen) fjarstaddir.

2. gr., svo breytt, og 3. gr. samþ. með 8:3 atkv.

Brtt. 812,2 (4.—6. gr. falli niður) samþ. með 8:1 atkv.

Brtt. 812,3 samþ. með 8:2 atkv.

7. gr. (verður 4. gr.), svo breytt, og 8.—19. gr. (verða 5.—16. gr.) samþ. með 9:2 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 8:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÁS, KG, BrB, HV, HermJ, LJóh, PZ, StgrA.

nei: BBen, BK, GJ, GÍG, PM, SÁÓ, ÞÞ.

EE greiddi ekki atkv.

1 þm. (JJós) fjarstaddur.

Frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

50. Byggingarsjóður íbúðarhúsa o. fl.

Á 29. fundi í Ed., 6. des., var útbýtt:

Frv. til l. um byggingarsjóð íbúðarhúsa og skipulag byggingarframkvæmda (þmfrv., A. 181).

Á 30. fundi í Ed., 9. des., var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint komið fram. — Deildin leyfði með 9 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti. Þetta frv., sem við flytjum hér, ég og hv. þm. Str., er flutt sem nokkurs konar viðauki við l., sem hér voru samþ. á Alþ. í fyrra, og það er sérstaklega þrenns konar hlutverk, sem þessu frv. er ætlað.

Það fyrsta er það, að eins og frv. í fyrra var samþ. frá þinginu, sem eru l. nr. 44 frá 1946, þá hefur það reynzt svo, að byggingarsamvinnufélögunum, sem til eru, hefur gengið illa að fá lán. Það er von um það, að það mundi ganga betur með því, að þeim væri steypt saman í einn byggingarsjóð, sem svo aftur láni félögunum, og þó sérstaklega þegar heimild er til þess að safna þar sparifé fyrir væntanlegum íbúðarhúsum.

Önnur viðbótin er sú, að gengið er út frá, að sett verði á stofn byggingarmálanefnd ríkisins, og henni er ætlað að hafa íhlutun um það og ráða því, hvaða byggingar gangi fyrir í landinu og hvaða byggingar verði látnar sitja á hakanum. Það er að vísu svo, að í l., sem ég nefndi, frá síðasta þingi er heimild fyrir ríkisstj. til þess að skammta byggingarefni, en það hefur ríkisstj. ekki notað sér, enda nær sú heimild ekki nema til skömmtunar á byggingarefni. En hér í frv. er gert ráð fyrir, að ákvæði um þetta eigi einnig að ná til vinnunnar, þannig að þegar maður ætlar að byggja hús, verði hann að gefa upp, hve marga verkamenn hann ætlar sér að hafa. Er þetta gert til þess, að hægt sé að koma í veg fyrir, að menn séu gripnir frá nauðsynlegri vinnu og settir í vinnu, sem síður er nauðsynleg. — Ég býst t. d. varla við, að til sé í landinu sá maður, sem teldi í alvöru, að meiri þörf sé að byggja hér í Reykjavík kirkju, þegar þær kirkjur, sem fyrir eru, standa hálftómar níu helgidaga af hverjum tíu, þegar messað er, heldur en að byggja íbúðarhús yfir menn, sem ekki hafa þak yfir höfuðið. En með því skipulagi, sem hefur verið, þá hefur þetta orðið svo, að fjármunum og vinnuafli hefur verið varið til þess, sem minna er nauðsynlegt, en það, sem meira er nauðsynlegt, látið sitja á hakanum.

Þá er í þriðja lagi gert hér í frv. ráð fyrir því, að ríkið komi upp stofnun, sem sé fyrir þá, sem þurfa að byggja í kaupstöðum og kauptúnum, svipaður ráðgjafi og teiknistofa landbúnaðarins er ráðgjafi búnaðarbankans fyrir þá, sem þurfa að byggja í sveit. Það er vissa fyrir því, að það er ákaflega erfitt og dýrt að fá allar þær teikningar, sem nú er talið nauðsynlegt að hafa, þegar byggð eru hús. Þetta kemur stundum fram hjá því opinbera, svo

að það væri nú kannske ekki alveg tryggt, að sú ráðstöfun, sem hér er gert ráð fyrir, kæmi að gagni. Það t. d. sýndi sig, þegar átti að fara að leggja ljósalagnir í Hallgrímskirkju nú fyrir nokkru síðan, að þá voru lagnirnar vitlaust teiknaðar og það varð að láta verkamennina fara og láta verkfræðinga teikna lagnirnar að nýju, og ekki hefur þar verið byrjað á vinnu síðan. Slíkt getur oft komið fyrir. En verra er, ef einstaklingar þurfa að borga of fjár vegna svona mistaka, eins og fremur verður, ef mistök eiga sér stað slík sem þessi undir núverandi fyrirkomulagi í þessum efnum, en ef þeir fá teikningarnar fyrir kostnaðarverð, eins og hér er gert ráð fyrir.

Í þessu þrennu tilliti er í þessu frv. gert ráð fyrir, að bætt verði við eða skerpt ákvæði þeirra l., sem samþ. voru í fyrra um þessi byggingarmálefni. Og ég vona, að hv. þd. og hæstv. Alþ. í heild geti orðið sammála um efni þessa frv. og að það megi verða hér samþ. og koma að gagni fyrir þá menn, sem þurfa að byggja. — Ég vil svo gera að till. minni, að þessu frv. verði vísað til heilbr.- og félmn. að lokinni þessari umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 12 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

51. Búnaðarmálasjóður (frv. ÞÞ o. fl.).

Á 39. fundi í Ed., 19. des., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 38 15. febr. 1945, um stofnun búnaðarmálasjóðs (þmfrv., A. 237).

Á 47. fundi í Ed., 9. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 9 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Frv. þetta, er hér liggur fyrir, kemur nálægt málefni, sem mikið hefur verið rætt um áður í þessari hv. d. á fyrra þingi. Sé ég því ekki ástæðu til þess að rifja upp það mál og hefja umr. um það. Það er ekkert, sem gefur tilefni til þess nú við 1. umr. Á þessu þingi var borið fram frv. í Nd., sem að nokkru leyti fór í líka átt og þetta, en það náði ekki fram að ganga. Þótt þetta frv. hafi líka forsögu og frv., sem flutt var í Nd., er það þó mjög í öðru formi. Hér er gert ráð fyrir að breyta þessum l. þannig, að í staðinn fyrir að búnaðarsamböndin fái allan sjóðinn til umráða, eins og nú er, þá verði helmingur sjóðsupphæðarinnar látinn ganga til stéttarsambands bænda, en hinn helmingurinn til búnaðarsambandanna. En eins og frv. var í Nd., þá átti helmingurinn að ganga til Búnaðarfélagsins og það að hafa ráðstöfunarrétt yfir því.

Málið, sem hér liggur fyrir, er svo einfalt, að ég tel, að það þurfi ekki meiri útskýringu. Ég vænti þess, að að þessum umr. loknum, sem ég vona, að ekki verði langar, verði málinu vísað til hv. landbn. og 2. umr. Mun ég svo ekki mæla frekar fyrir þessu máli að sinni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til landbn. með 9 shlj. atkv.

Á 93. fundi í Ed., 13. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 237, n. 504).

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Herra forseti. Það hefur dregizt að gefa út nál. í þessu máli, sem lá fyrir Alþ. á síðasta ári, en nú liggur það hér fyrir. Þetta nál. er þannig, að þrír nm., þeir hv. 9. landsk. (GÍG), hv. 1. þm. N-M. (PZ) og ég erum sammála um að leggja til, að frv. verði samþ. óbreytt, en tveir nm., þeir hv. 7. landsk. (ÁS) og hv. 2. þm. Árn., hafa óbundnar hendur um afstöðu sína til málsins.

Það er um þetta mál að segja, að það hefur verið mikið rætt um það og ritað, þó ekki þetta frv., heldur um búnaðarmálasjóðinn. Það tæki of langan tíma að rekja þá sögu hér, enda er hún deildinni kunn. Þegar búnaðarmálasjóður var stofnaður, var í upphafi svo ákveðið, að búnaðarþing ráðstafaði sjóðnum, en með samþykki landbrh. Þessu var síðan breytt þannig, að sjóðurinn gengi beint til búnaðarsambandanna í hlutfalli við framlög þeirra. Í vetur kom svo fyrir till. um að breyta þessu enn, og átti sjóðurinn eftir því að renna að hálfu leyti til Búnaðarfélags Íslands, en hinn helmingurinn til stéttarsambands bænda. Þessari till. var vísað frá í Nd., við 2. umr. með rökst. dagskrá. Því var það, eftir að þetta hafði skeð í Nd., að við hv. þm. Str. (HermJ), hv. þm. Barð. (GJ) og ég tókum okkur saman um að flytja frv. það, er hér liggur fyrir, sem nokkurs konar málamiðlun, er allir gætu unað við.

Hér er ekki um stórmál að ræða hvað peningaupphæðina snertir, þar sem ekki er um að ræða nema 300 þús. kr. eða þar um, en hitt er annað, að þetta er orðið mjög viðkvæmt mál og mikið metnaðarmál og mjög verið um það deilt bæði milli manna og flokka. Nú töldum við flm., að ekki væri ástæða til þess, að menn klóuðust þannig lengur, og bárum því þetta frv. fram, sem við álítum, að geti verið málamiðlun, þar sem í því er gert ráð fyrir, að helmingur hins umrædda sjóðs renni til búnaðarsambandanna, en hitt fái stéttarsamband bænda til ráðstöfunar. Þarna er einmitt gengið fram hjá Búnaðarfélagi Íslands, en um þann aðila hefur styrinn aðallega staðið. Ég held, að ef þetta frv. nær fram að ganga, yrðu flestir ánægðir með þá lausn, nema ef til vill nokkrir ofstopamenn, sem mundu þá áfram ýfa stélfjaðrirnar. Það vakir fyrst

og fremst fyrir okkur flm. að sefa þá úlfúð, sem verið hefur í þessu máli, og ef kyrrð hefði verið komin á í málinu, þá hefði ég ekki viljað láta vekja það upp að nýju. En það er víst, að sami styrinn hefði haldizt, þó að þetta frv. hefði ekki komið fram, en vonir til, að með því megi stilla til friðar. Ég tel illa farið, ef ekki verður samkomulag um þetta frv. að minnsta kosti milli þeirra, sem styðja núv. ríkisstj., því að þótt þetta sé ekki stórmál, þá ýfir það samvinnuhuginn, þegar harðvítugar deilur standa um jafnvel smávægileg atriði. Auk þess skemmtir það stjórnarandstæðingunum, en veikir okkar aðstöðu. Ég vænti því, að hv. d. líti á nauðsyn þessa máls og líti á það af sanngirni.

Eiríkur Einarsson: Herra forseti. Þetta frv., er hér liggur fyrir, er hagsmunamál bænda, en þó annað meira áberandi við það nú, að það er orðið mjög mikið tilfinningamál, eins og frsm. drap á. Það er svo með mig, þó að ég hafi ekki treyst mér til að fylgja meiri hl. n., að afstaða mín í málinu er algerlega ofsalaus. Ég var upphaflega á móti stofnun þessa sjóðs, faðir hans var orlofslöggjöfin, en þetta varð svo fæðingin, og vegna þess að ég var á móti þessu öllu og taldi það til lítilla heilla, hef ég viljað leiða hjá mér þær deilur, sem um þetta hafa staðið, og allt það róstur, sem af þeim hefur leitt. En úr því sem komið er, tel ég þessu fé bezt varið eins og nú er, að það gangi beint til búnaðarsambandanna, eða get að minnsta kosti ekki forsvarað það að taka það af þeim. Þetta er frá þeim komið, og það án þess að bændur hafi verið að því spurðir. Þetta eru næm rök og skýr, sem standa óhaggandi í þessu máli, þó að við forsorgararnir hér á Alþ. séum að velta með þessa fáu skildinga og deila um þetta mál, sem er smáskítlegt í heild. — Þó að ég hafi sagt, að búnaðarsamböndin ættu rétt á þessu fé, þá er á engan hátt játað, að stéttarsambandið þurfi ekki fjárins með. Nei, þvert á móti tel ég, að bæði stéttarsambandið og Búnaðarfélagið vinni að svo miklu þjóðþrifastarfi, að þau eigi skilið meira fé til umráða en þau nú hafa. Það er því mín skoðun, að búnaðarsamböndunum veiti ekki af því, sem þau nú fá, en stéttarsambandinu og Búnaðarfélaginu eigi að bjarga með fjárframlögum úr ríkissjóði. Þegar heiðurssamsæti á að halda, taka þátt í því bæði ríkir og fátækir. Þess vegna ættu forráðamenn ríkissjóðs að hafa það hugfast, þó að við séum morgunsvæfir, að þá er Alþ. alltaf í þakkarskuld við íslenzkan landbúnað, því að hann og hann einn hélt okkur blaktandi um aldir. Það er vegna þess, er ég hef hér talið, og vegna afstöðu umbjóðenda minna, sem ég fylgi ekki þessu frv. Ég veit, að búnaðarsamböndin heima í héruðunum eru févana, en hafa hins vegar fjöldamörg áhugamál, sem nauðsyn er að hrinda í framkvæmd, en til þess þarf auðvitað fé, og þar sem þessi sambönd hafa einu sinni fengið þennan sjóð til umráða, þá tel ég ekki rétt að svipta þau ráðstöfunarrétti yfir honum.

Þó að ég viti, að þetta frv. er af góðum toga spunnið og eigi að verka eins og vatn á eldinn, þá verð ég nú að segja það eins og er, að mér finnst það hvorki vera fugl né fiskur. — Ég læt svo útrætt um þetta að sinni.

Hermann Jónasson: Það er víst nokkuð til í því, sem 2. þm. Árn. sagði um þetta mál, að meðferð þess hefði verið smáskítleg. Það er merkilegt, að nokkurri stétt skuli sýnd þau vinnubrögð, sem í þessu máli hafa verið unnin gagnvart bændum, og að þeir skuli ekki fá að ráða sjálfir, hvernig aukagjaldi, sem þeir greiða til sameiginlegra þarfa sinna, er varið. Eins og lögin eru nú, eru þau alls ekki framkvæmanleg, því að það er ekki hægt að finna uppruna vörunnar og þar af leiðandi ekki hægt að skila gjaldinu til búnaðarsambandsins, sem varan er framleidd í, og í öðru lagi er með þeim drepið það sjónarmið, sem átti upphaflega að ná með gjaldinu. Nú er gjaldið sent heim í búnaðarsamböndin eftir framlagi hvers sambands og sú skipting notuð sem agn á bændur á Suðurlandi, vegna þess að Búnaðarsamband Suðurlands hefur mesta umsetningu, og með þessu agni er reynt að fjarlægjast sem mest hinn upprunalega tilgang, sem var fyrst og fremst sá að efla félagslíf og félagssamtök bænda.

Það eru fölsk rök hjá hv. þm., að félagsskapur bænda þyrfti ekki á þessum peningum að halda. Þeir þurfa þeirra til að halda uppi félagsstarfsemi sinni. Ef bændur eiga að standa þannig að vígi í lífsbaráttunni, að þeir séu ekki verr settir en aðrar stéttir, þá verða þeir að efla félagsskap sinn. Hv. þm. segir, að ef þeir þurfi hús, þá megi veita fé til þess úr ríkissjóði. Ég held, að þessi hv. þm. ætti að hugsa um 26 milljóna veginn sinn, sem hann lofaði kjósendum sínum fyrir síðustu kosningar, áður en hann lofar bændum peningum í húsbyggingu í höfuðstaðnum. *(EE:* Alþingi lofaði því, en ekki ég). Hann stóð fyrir því og gerði sig góðan á því í kosningabaráttunni á Suðurlandsundirlendinu í síðustu kosningum. Þess vegna er það eðlileg afleiðing að útvega þessar 26 milljónir áður en hann fer að lofa peningum í þessa húsbyggingu. Það er vitað mál, að ríkissjóður hefur í mörg horn að líta, og ekki líklegt, að hann geti veitt fé í að byggja þetta hús, enda er vafasamt, að það sé eðlilegt, að hann geri það, það er meira að segja óeðlilegt, heldur á bændastéttin að kosta það hús, sem hún þarf yfir að ráða til að geta eflt samtök sín.

Ég skal svo ekki á þessu stigi orðlengja frekar um þetta mál, en ég vænti þess, að þar sem hér er borin fram miðlunartill. um þau sjónarmið, sem ríkt hafa í þessu máli, þá fái frv. samþykki í þessari d. Það vekur nokkuð undrun mína, að þar sem borið er fram þetta sáttasjónarmið, þá skuli hv. 2. þm. Árn. tala um þetta mál eins og hann gerði við þessa umr. Það eru þó hans umbjóðendur, sem hafa gengið manna lengst í að krefjast, að þeir fengju aftur þá peninga, sem þeir leggja í þennan sjóð með því gjaldi, sem greitt er af þeirra afurðum, því að mér datt ekki annað í hug en hann hefði það víðan sjóndeildarhring, að hann sæi, að þetta er sann-

gjarnt. Og þá dettur mér í hug það, sem sagt var um hann í fyrra, að sjóndeildarhringur hans væri ekki alltaf of stór. En án þess að fara út í það nánar, þá hélt ég, að hann væri það óbundinn og hefði það mikla víðsýni, að hann vildi ganga inn á þetta sáttaboð, sem hér er boðið.

Þetta er eitt af þeim málum, sem orðið hefur nokkurt hitamál, og er það ekki óeðlilegt. Ég er einn af þeim, sem telja hiklaust, að þetta fé eigi að fara til stéttarsambandsins, en ég vil þó sætta mig við að láta helminginn fara til búnaðarsambandanna, og ég tel litla von um sættir í þessu máli, ef ekki er hægt að sættast á þessum grundvelli, þar sem reynt er að mætast á miðri leið.

Ég skal svo ekki eyða frekar orðum að þessu sinni. Ég sé, að ýmsir ætla að tala hér, og gefst þá tækifæri til að tala aftur í sambandi við það.

Pétur Magnússon: Flestir af þeim, sem talað hafa í þessu máli, hafa lagt höfuðáherzlu á, að þetta væri fyrst og fremst tilfinningamál. Þetta er sjálfsagt alveg rétt. Einn fremsti rithöfundur Íslands hefur sagt, að Íslendingum verði öll mál tilfinningamál, og er nokkuð til í því, enda verð ég að segja, að það er lítil ástæða til, að þetta mál verði tilfinningamál, nema Íslendingum verði öll mál tilfinningamál. Ég held sem sé, að það orki ekki tvímælis, að l. um búnaðarmálasjóð séu sett ekki fyrst og fremst til þess, heldur í því skyni einu að verða íslenzkum landbúnaði til framdráttar. En þegar á að ákveða, á hvern hátt búnaðarmálasjóði sé bezt varið, þá hélt ég, að það lægi næst að gera það með þetta sjónarmið fyrir augum, hvernig honum verði bezt ráðstafað þannig, að þessum tilgangi verði náð, að koma að sem mestu gagni fyrir íslenzkan landbúnað. Þetta á að skoða frá köldu skynsemisjónarmiði, en ekki vera með neitt tilfinningagutl eða væl um það, að íslenzkri bændastétt sé sýnd lítilsvirðing með því, að þingið ákveði, að samtök, sem bændur ráða einir yfir, skuli skera úr um það, hvernig þessu fé skuli ráðstafað.

Ég verð að segja, að það eru afar einkennileg rök, sem fram eru færð fyrir þessu frv. Hv. þm. Dal. kom með tvær höfuðröksemdir, að mér skildist, annars vegar það, að þingið mætti ekki skemmta skrattanum, eins og hann orðaði það, með því að vera á móti þessu frv. Hin rökin voru þau, að þetta frv. mundi vera eitthvert fljótharðnandi sement, sem mundi líma saman hina nýstofnuðu ríkisstj., svo að engin hætta væri á, að sprungur kæmu í þessa byggingu. Ég skal fúslega játa, að það gæti verið til mikils gagns fyrir íslenzka bændastétt, ef þessi ríkisstj., sem nú hefur verið mynduð, á langt líf fyrir höndum. En hv. þm. Dal. gleymdi að færa rök fyrir, hvers vegna þetta mál mundi verða þetta ágæta bindiefni fyrir hæstv. ríkisstj., og ég hygg, að það sé flestum ofvaxið að finna, hvernig það ætti að verða. Það er því nauðsynlegt, að hv. þm. geri grein fyrir því, ef þetta á að ráða einhverju um afstöðu þm. til málsins.

Það mátti heyra, að hv. þm. Str. fannst þessar röksemdir ekki alveg nægar, sem fram voru fluttar af hv. þm. Dal., frsm. Kom hann þess vegna með röksemdir, sem honum fannst sjálfsagt, að væru mjög veigamiklar. Fyrst var sú röksemd, að bændastéttinni væri sýnd mikil lítilsvirðing með l. um búnaðarmálasjóð, eins og frá þeim er gengið, af þeirri ástæðu, að þeir fengju ekki sjálfir að ráða, hvernig því væri varið. Hverjir ráða í búnaðarsamböndunum? Vill hv. þm. Dal. svara því, þegar hann tekur næst til máls? Eru það ekki bændur, sem ráða þar? Það er a. m. k. mikils verður fróðleikur fyrir þingið, ef hv. þm. sýnir fram á, að einhverjir aðrir en bændur ráði í búnaðarsamböndunum.

Hv. þm. lét skína í það, að samþykkt l. um búnaðarmálasjóð, eins og þau eru, væri mjög að óvilja bændastéttarinnar. Ég hef það fyrir satt, að hv. þm. Str. hafi á þingmálafundum s. l. vor eytt a. m. k. helmingi ræðutíma síns til að tala um þessar tvennar lagasetningar, sem fram fóru á næsta þingi á undan, búnaðarráð og búnaðarmálasjóð, og hann mun hafa ætlað sér að vinna fylgi á röksemdum sínum í þessum málum og þessum málum einum. Hvernig svöruðu kjósendur þessari áskorun hans? Mér skilst, að það muni ekki hafa verið neitt sérlega heppileg beita, sem hann ætlaði að nota. A. m. k. sýndu kosningaúrslitin, að hv. þm. hefur ekki unnið mikið fylgi á að tala um þessi mál, enda er það vitað, að það þýðir ekki fyrir hv. þm. Str. að tala á þennan hátt, því að engin lagasetning á síðari árum hefur mælzt eins vel fyrir í sveitum og þessar tvær lagasetningar, um búnaðarráð og búnaðarmálasjóð. Sigur Sjálfstfl. í nálega öllum sveitum landsins nema kjördæmi hv. 1. þm. N-M. stafar af því, að flokkurinn stóð að þessari lagasetningu. *(BK:* Þrátt fyrir það). Úr því að hv. þm. N-Þ. skýtur þessu fram, hvað var það þá annað, sem Framsfl. gerði fyrir sér, sem varð til þess, að bændurnir féllu svo frá honum við síðustu kosningar?

Hv. þm. Str. var mjög að tala um smáskítlegan hugsunarhátt í þessu máli, og beindi því til hv. 2. þm. Árn., að hann gerði sig sekan um smáskítlegan hugsunarhátt, kjósendaveiðar og þar fram eftir götunum. En hvað hefur hann verið að gera? Hvað hefur hann verið að stunda nema kjósendaveiðar? En sá er munurinn á hv. 2. þm. Árn. og hv. þm. Str., að hv. 2. þm. Árn. veit, hvers bændurnir óska í þessum málum, en hv. þm. Str. hefur lent í andstöðu við bændastéttina, en hv. þm. Árn. er vissulega í fullu samræmi með sína afstöðu við vilja mikils meiri hluta bændastéttarinnar.

Hv. þm. Str. var að tala um það einnig, að stéttarsamtök bænda þurfi fjár við, og þess vegna sé nauðsynlegt, að löggjafinn sjái þeim fyrir einhverju fé til þess að standa straum af nauðsynlegum stéttarútgjöldum. Ég efast um, að hv. þm. Str. geri bændastéttinni nokkurn greiða með því að vera að slá á svona strengi. Það hefur, sem betur fer, verið búið svo að bændastéttinni undanfarin ár, að hún þarf ekki aðstoð þingsins til að standa undir nauðsynlegum útgjöldum við stéttarfélag. Bændastéttinni er ekkert meiri vorkunn en öðrum stéttum að

standa undir útgjöldum við stéttarsamtök sín, og það er enginn vandi fyrir þennan félagsskap að ná inn nauðsynlegum tekjum vegna stéttarfélags síns án íhlutunar löggjafarvaldsins.

Ég sagði áðan, og ég held, að því verði ekki mótmælt, að þessi löggjöf væri sett til framdráttar íslenzkum landbúnaði. Og ef við lítum á, hvers íslenzkur landbúnaður þarf mest, þá hygg ég, að ekki verði skiptar skoðanir um, að það, sem mestu máli skiptir til að landbúnaðurinn geti blómgazt og átt framtíð fyrir hendi, er, að ræktunin geti aukizt sem mest. En hvaða stofnun er það, sem landbúnaðurinn beitir fyrir sig í sambandi við ræktunarmál? Ég veit ekki betur en að það séu búnaðarsamböndin. Ég veit ekki betur en að búnaðarsamböndin séu félagsskapur, sem fyrst og fremst er falið það hlutverk að styðja bændur til að koma ræktunarmálum sínum í það horf, að landbúnaðinum geti vegnað vel. Ég hygg, að ekki verði bent á, að búnaðarmálasjóði, sem á að verða landbúnaðinum til framdráttar, verði betur varið á annan hátt en þann að láta búnaðarsamböndin ráðstafa honum. Það er vitanlega grófasta rökvilla, sem hægt er að flytja, og sem betur fer sjaldgæft að heyra slík rök, þegar því er haldið fram af hv. þm. Str., að með þessu lagaákvæði sé valdið tekið af bændunum. Þeim er fengið það í eins ríkum mæli og auðið er. Það er ekki hægt að gefa þeim fullkomnara vald yfir þessu fé en gert er með þessum hætti. Hitt má deila um, hvort þetta sé skattur á bændur eða neytendur. Því var haldið fram af hv. þm. Str. og mörgum flokksbræðrum hans, þegar veltuskatturinn var lagður á, að hann væri neyzluskattur, en um það er ekki ástæða til að ræða hér. En hvort sem hér er um að ræða skatt á neytendur eða framleiðendur, þá er það tvímælalaust, að svo framarlega sem menn telja æskilegt, að nauðsynlegt sé að styðja og auka ræktun landsins, þá verður þessum sjóði ekki annars staðar betur fyrir komið en í búnaðarsamböndunum og þau ráðstafi honum síðan sjálf.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. — Hv. síðasti ræðumaður, 1. þm. Reykv., hélt fram, að þessi l. væru afar vinsæl hjá bændum. Nú geri ég ráð fyrir því, að hann muni sem landbrh., sem hann var, þegar þessi l. voru sett, hafa kynnt sér það, sem búnaðarsamband Mýra og Borgarfjarðar sagði um þetta mál, það sem búnaðarsamband Dala og Snæfellsness sagði um þetta mál, það sem búnaðarsamband Vestfjarða sagði um þetta mál, það sem búnaðarsamband Strandasýslu sagði um þetta mál, það sem aðalfundur búnaðarsambands Húnvetninga samþ. um þetta mál, það sem aðalfundur búnaðarsambands Skagfirðinga samþ. um þetta mál, það sem aðalfundur búnaðarsambands Eyjafjarðar samþ. um þetta mál, það sem aðalfundur búnaðarsambands Þingeyinga samþ. um þetta mál, það sem aðalfundur búnaðarsambands Austfjarða samþ. um þetta mál, það sem aðalfundur búnaðarsambands Suðurlands samþ. um þetta mál og það, sem aðalfundur búnaðarsambands Kjalarnessþings samþ. um þetta mál. Tvö af þessum samböndum, þau síðast töldu, mæltu með, að frv. yrði að l., hin öll á móti. Þessi gögn voru lögð fram á lestrarsal á síðasta þingi, og hv. þm. getur séð þau í skjalasafni Alþingis. Þá var haldinn fyrsti fundur stéttarsambands bænda. Það komu fulltrúar bænda, tveir úr hverri sýslu, ýmsir honum nákomnir, á þessa fundi, og þeir hafa samþ. mótmæli mót lögunum. Mér sýnist því vilji bænda allur annar, en hvað hann kallar vilja bænda, skal ég láta ósagt.

Hv. þm. telur, að alþingiskosningarnar hafi ekki snúizt um annað en þetta mál. Þegar ég sem kjósandi þarf að greiða atkv. einhverjum við alþingiskosningar, þarf ég að taka samnefnara allra þeirra mála, sem fyrir liggja, og kjósa þann, sem næst er mínum skoðunum. Ég hef aldrei kosið til Alþingis um eitt einstakt mál. En þegar kosið er um eitt einasta mál, þá kemur fram vilji manna um það. Hann kemur fram í samþykki í sambandi við eitt mál, en ekki þegar kosið er til Alþingis, því að þá verða menn að taka tillit til margra mála. Þetta er því sú mesta fjarstæða, sem hægt er að segja, að halda þessu fram, sem hv. þm. gerir.

Hv. þm. segir, að það hafi engin l. mælzt eins vel fyrir og þessi og bændur fái sjálfir féð, það fari til búnaðarsambandanna og þau ráðstafi því. En hvernig er þessu nú hagað? Hann getur líka svarað því sem fyrrv. landbrh. Eftir l. nr. 38 15. febr. 1945 á að taka ½% gjald af söluvörum landbúnaðarins. Þetta er borgað af þeim, sem vöruna selja. Svo segir, að fé sjóðsins skuli um næstu 10 ár skipt milli búnaðarsambanda landsins í réttu hlutfalli við það, sem framlög reynast úr viðkomandi héruðum, og skuli samböndin verja þessu fé til jarðræktar og annarra félagslegra framkvæmda á sambandssvæðinu, eftir því sem aðalfundur ákveður á hverjum tíma. Ég vil leyfa mér að spyrja hv. þm.: Hvað hefur hann gert til þess, að allar afurðir bænda í Skeggjastaðahreppi, sem lagðar eru inn á Þórshöfn og greitt ½% af í sjóð Þingeyinga, renni til Búnaðarsambands Austfjarða, eins og það á að gera eftir gr., sem ég las upp? Lagði hann fyrir þá, sem keyptu þessar vörur, að taka skýrslu um, hvaðan þær komu? Gerði hann nokkuð til þess að sjá um, að þetta gjald færi til þeirra, sem greiða það, eins og l. mæla fyrir? Hefur hann lagt fyrir kaupmenn í Rvík, sem kaupa nautakjöt svo að segja af öllu landinu, svo sem Austfjörðum og Norðurlandi, — að taka skýrslu um, hvað mikið kæmi úr hverjum stað? Hvert rennur það gjald, sem er borgað af því? Hann getur svarað því sem ráðh. Búnaðarsamböndin tvö, sem mæltu með þessum l., eru þannig sett, að þau fá á þennan hátt gjald bænda á öðrum svæðum, sérstaklega Kjalarnessvæðið, og það má vera, að þau hafi verið með því, af því að þau héldu, að með því móti gætu þau náð til sín einhverjum tekjum frá bændum á öðrum svæðum. Hér er því gloppa í l., en hv. þm. gerði sem ráðh. ekkert til að fyrirbyggja þetta. Hvað er gert til að fyrirbyggja, að gjald af sláturfé, sem rekið er til Akureyrar úr Skagafirði, renni til Skagfirð-

inga, en ekki Eyfirðinga? Hvað hefur hann gert til þess? Ekki hreyft litla fingurinn. Þó var honum á þetta bent, þegar l. voru til umr. Ég held, að mestur hlutinn af ræðu hv. 2. þm. Árn. eigi að skoðast í þessu ljósi, þar sem verið er að reyna að draga sér gjald, sem aðrir borga, til Búnaðarsambands Suðurlands. Það er það, sem verið er að gera. Þess vegna er verið að halda þessu við. Hæstv. fyrrv. ráðh. reyndi ekki til að laga þetta með reglugerð, svo að gjaldið rynni til réttra aðila. Það var ekkert sett um það í l., og þess vegna hafa engar slíkar ráðstafanir verið gerðar. L. eru því eins ranglát og mest má vera, þar sem engin trygging er fyrir, að þetta gjald renni í sjóð þeirra svæða, sem mennirnir, sem framleiða vöruna, eru búsettir á. Verzlunarsvæði manna eru víðs vegar um land allt önnur en búnaðarsambandssvæðin. Þess vegna er alveg nauðsynlegt, hvað sem öðru líður, að breyta l. og koma með ákvæði, sem tryggja, að þetta ranglæti haldi ekki áfram, en svo ákveðin var Nd. í að halda þessu, að hún vildi ekki ræða málið við aðra umr., heldur vísaði málinu frá með rökst. dagskrá strax, en gerði ekki tilraun til að laga þetta ranglæti, sem er í lögunum.

Nú er lagt til, að þessum sjóði verði skipt í tvo jafna parta, annar fari til stéttarsambandsins, en hinum verði skipt milli búnaðarsambandanna, og það er ætlazt til, að þetta ranglæti, sem nú er, geti horfið með aðgerðum búnaðarþings og einnig að farið verði eftir því, hvað mikil þörfin er á hverjum stað, því að það er öllum ljóst, að ekki má eingöngu miða við framleiðsluna og hvað margir bændur eru í héraðinu, heldur verður að taka tillit til margra hluta. Það eru 4 ólík sjónarmið látin koma til greina við ákvörðun á skiptingu þess fjár, sem búnaðarþing skiptir árlega, og ég geri ráð fyrir, að eitthvað svipað yrði, þegar farið yrði að skipta þessu fé, því að sízt af öllu má láta það ráða skiptingunni, hve mikil framleiðslan er á hverjum stað, því að þar er venjulega minnst þörfin fyrir umbætur þær, sem þessum sjóði er ætlað að styðja. Það orkar því ekki tvímælis, að með þessu móti yrði skiptingin miklu réttlátari en eins og hún er nú.

Hv. 1. þm. Reykv. (PM) dró í efa, hvort meira gagn yrði að þeim helmingi sjóðsins, sem ætti að renna til stéttarsambands bænda, heldur en ef hann rynni til búnaðarsambandanna, og vildi, að haldið yrði áfram hinni ranglátu skiptingu, sem nú er. Um það má að vísu deila og færa rök fyrir bæði með og móti, hvort geri meira gagn, en ég tel þó, að féð komi að meira gagni, ef það heyrir undir stéttarsambandið, heldur en búnaðarsamböndin, sérstaklega þegar skiptingin er eins ranglát og hún nú er.

Sú skoðun er ríkjandi hjá mörgum, að hver einstaklingur, og þá líka einstakir hlutar heildarinnar, eigi að standa út af fyrir sig og taka ekkert á sig af því, er við kemur öðrum hlutum heildarinnar, eins og það er gamalt sjónarmið að vera ekki náunganum hjálplegur, en ef sú hugsun hefði ráðið, þá hefði þetta gjald aldrei átt að koma. Þetta sjónarmið er kannske ríkjandi hjá hv. 1. þm. Reykv., en ég vona þó, að það sé ekki svo ríkt í huga hans, að hann geti ekki hugsað sér bændur sem sameinaða heild og að bændur greiði þetta gjald hver eftir sinni getu og að féð renni til bænda á hinum ýmsu svæðum landsins, eftir því sem þörfin er mest fyrir það.

Ég get tekið undir það, að það er ekki rétt að líta á þetta mál sem neitt tilfinningamál. Fyrir mér er þetta fyrst og fremst almennt réttlætismál og félagsmál, því að fá l. eru eins ranglát og l. um búnaðarmálasjóð, þar sem tekin eru gjöld af mönnum og þeim úthlutað — eins og nú er — til þeirra, sem minnsta hafa þörfina fyrir féð, og sú skipan, sem nú er viðhöfð samkvæmt l., stuðlar aðeins að því að breikka enn meir bilið milli þeirra héraða landsins, sem mest eru aftur úr og þurfa því mest á fénu að halda, og hinna, sem framar standa. En það má líka vel vera, að hv. 1. þm. Reykv. sé farinn að feta í fótspor þeirra manna, sem vinna að því, að vissar sveitir landsins fari í eyði, en að fólkið þyrpist á einhverja ákveðna staði. Þetta er gert með l. eins og þau eru nú, en reynt að fyrirbyggja það með frv.

Hermann Jónasson: Herra forseti. — Hv. 1. þm. Reykv. (PM) talaði um þetta mál út frá því sjónarmiði, að það ætti ekki að vera tilfinningamál, en ég sá þó ekki betur en það væri a. m. k. fyrir hann mikið tilfinningamál, því að ég hef sjaldan heyrt hann tala af meiri æsingi en um þetta mál. Hann talaði um, að þm. væru með glamur um þetta mál, en ég veit ekki, hvað glamur er, ef ræða hans var það ekki, þar sem hann fullyrti, að það væri almennur vilji bænda að skipta fénu milli búnaðarsambandanna, þegar hv. 1. þm. N-M. (PZ) hefur upplýst, að sérhvert búnaðarsamband nema 2 hefur gert samþykkt um, að það vilji ekki hafa löggjöfina eins og þar er nú ákveðið um skipting fjárins. — Það er ekkert óeðlilegt, þegar bændum er sýnt slíkt ranglæti, er hið opinbera tekur fram fyrir hendur þeirra um ráðstöfun þeirra eigin fjár, þótt það verði þeim tilfinningamál, og ég efast um, að nokkurri stétt hafi verið auðsýnd önnur eins lítilsvirðing eins og hvernig meiri hl. hv. Alþ. fór með þetta mál. Hvers vegna mega bændur ekki ráðstafa þessu fé sínu, þegar nær öll búnaðarsamböndin hafa gert samþykkt um, hvernig því skuli ráðstafað? Bændurnir óska eftir því, að þeirra eigin samtök fái þetta fé, en hv. Alþ. hefur þvert ofan í samþykktir þeirra ákveðið, að búnaðarsamböndin taki við fénu og skipti því upp á þann hátt eins og gildandi l. nú ákveða. Það liggur kannske til grundvallar meðferð þessa máls hér, að það er verið að reyna að sundra bændastéttinni í hagsmunamáli eins og þessu og senda peninga út í hin ýmsu byggðarlög í hlutfalli við afurðir hvers bónda. — Það verður að gera kröfu til þess, að hv. 1. þm. Reykv., fyrrv. landbrh., svari því, hvað hann hafi gert til þess að sjá um, að bændur úti á landi, sem sent hafa kjöt til Sláturfélags Suðurlands til sölu í Rvík, fái gjald af því í hlutfalli við framleiðsluna, sem renni í þau búnað-

arsambönd, þar sem varan er framleidd, því að nóg er samt, þó að Sláturfélagið hér fái ekki gjald af vöru, sem ekki er framleidd í umdæmi þess. Sömuleiðis verður að gera kröfu til þess, að hann geri grein fyrir því, hvað hann hafi gert til þess að sjá um, að þeim gjöldum hafi verið skilað í rétt búnaðarsambönd, þegar t. d. bændur vestan úr Skagafirði hafa rekið fé sitt til Akureyrar. Það er ekki einasta nóg, að ákvæði l. séu ranglát, heldur er ekki hægt að framkvæma þau. Þau eru ranglát vegna þess, að þau félög, sem mest fá af fénu, eru venjulegast í umdæmum, þar sem mest er framleitt af þeim vörum, sem gjaldið er greitt af.

Hv. 1. þm. Reykv. sagði, að ég hefði eytt helming ræðutíma míns við kosningaumr. í Strandasýslu í það að ráðast á hina nýju löggjöf um búnaðarráð og svo á búnaðarmálasjóð. Sannleikurinn í þessu er sá, að ég mun hafa minnzt á þetta mál á einum eða tveimur fundum. Þá var nýafstaðinn fundur bænda í héraði, þar sem aðallega var rætt um þetta mál og ráðizt á þessa löggjöf. Ef hv. þm. vill fara að tala um kosningarnar, er sannleikurinn í því máli sá, að slík loforð voru þá gefin í umboði þessa hv. þm., þannig að látið var skína í það, að það þyddi ekkert að kjósa mann úr stjórnarandstöðunni, því að hann gæti ekkert gert, — svo mikill skriður yrði á stjórnarskútu fyrrv. ríkisstj. Það var loforðafleytan, sem stjórnarflokkarnir trúðu mest á fyrir síðustu kosningar, og þessi hv. þm. sendi menn út frá sér til að láta loforðafleytuna fara fnæsandi áfram, og það hafa aldrei á Íslandi verið gefin eins stórkostleg loforð og viðhöfð eins mikil loforðasvik og stjórnarsinnar höfðu í frammi fyrir síðustu kosningar. Ég lét þá skoðun í ljós einu sinni við útvarpsumr., að það liti út fyrir, að allur okkar gjaldeyrir yrði búinn á árinu 1947, en þá var það þessi sami hv. þm., sem sagði, að hann hefði aldrei heyrt aðrar eins ýkjur. Nú hefur okkur hins vegar verið skýrt frá því, að þegar sé búið að ávísa tugum millj. fram yfir það, sem við eigum fyrir, þegar þessi hv. þm. hrökklast frá völdum. Það voru loforðin, sem endalaust voru gefin, sem sköpuðu þennan falska sigur við síðustu kosningar, og ef fulltrúar fyrrv. ríkisstj. ættu nú að fara út í kjördæmin og standa reikningsskil á gefnum loforðum, er ég hræddur um, að upplitið á þeim yrði á annan veg en það var síðast liðið vor.

Ekki alls fyrir löngu flutti hv. 1. þm. Reykv. ræðu um það, hversu fjárhagur þjóðarinnar stæði með miklum blóma. Okkur er nú hins vegar vel ljóst, hvernig fjárhagurinn stendur, og að tugir millj. kr. eru yfirvofandi í ríkisútgjöld fyrir þetta ár, sem erfitt verður að afla. Álít ég það hreinasta glæfraspil gagnvart hinni nýju hæstv. ríkisstj. að skýra ekki frá því, hve hún tekur við miklum erfiðleikum í þessum málum. Þetta eru mál, sem þarf að ræða oftar og lengur, en ég hef hér drepið á þetta örfáum orðum, vegna þess að hv. þm. innleiddi umr. um það.

Sannleikurinn er sá, að meðferð þessa máls í sambandi við búnaðarmálasjóð og stéttarsamtök bænda er ekkert annað en smáskítleghelt þeirra, sem vilja ekki, að stéttarsamband bænda eflist. Þeir vilja halda stéttinni sundraðri með því að þyrla upp ryki út af ýmsum aukaatriðum, þar sem reynt er að spila á lítilmótlegar tilfinningar bænda um fjármuni. Þetta kann þessum andstæðingum bændastéttarinnar að takast um stundarsakir, en það verður ekki langt þangað til bændur sjá í gegnum þetta mál, eins og loforð stjórnarsinna um síðustu kosningar, og að bændur finni, hverjir vinna fyrir þá og hverjir ekki.

Bernharð Stefánsson: Herra forseti. — Ég ætla ekki að lengja umr. um þetta mál, og finnst mér þær hafa töluvert snúizt um annað en það, sem er mergurinn málsins. Ýmsir hv. þm., sem hér hafa talað, hafa rætt um það, hvort fé því, sem hér er um að ræða, mundi ekki vera eins vel varið af búnaðarsamböndunum úti í héruðum landsins eins og af Búnaðarfélaginu og stéttarsambandi bænda. Mér finnst þetta ekki vera mergurinn málsins, heldur hitt, hver á að ráða yfir þessu fé. Þegar l. um búnaðarmálasjóð voru sett, var það í þeim tilgangi gert, að bændastéttin fengi þar fé til sinna félagsmála, alveg á sama hátt og ýmsar aðrar stéttir afla sér fjár til félagsstarfsemi sinnar með tillögum meðlima þeirra, og það að l. voru sett um þetta á hv. Alþ., var eingöngu til þess að ríkisvaldið gerði bændastéttinni þann greiða að innheimta féð. Ástæðan fyrir því, að þessi leið var farin í stað þess að ákveða bein árstillög til félagssamtaka bænda, var sú, hve tekjur bænda eru með allt öðrum hætti en tekjur þeirra, sem vinna fyrir ákveðnu kaupi. Tekjur bænda eru yfirleitt sala afurða þeirra, og þess vegna þótti eðlilegra og hentugra að miða þetta hundraðsgjald við afurðasöluna en að hafa ákveðin fjárframlög. Ég skal engan dóm á það leggja, þótt ég telji það raunar víst, að bændasamböndin úti um byggðir landsins munu verja þessu fé vel, en bændastéttin á tvímælalaust siðferðislega kröfu á því að fá að ráðstafa þessu fé, eins og allar hinar stéttirnar. Það verður ekki gert nema með því, að Alþ. setji ekki neinar reglur um, hvernig fénu skuli varið, og að því leyti nær þetta frv., sem hér liggur fyrir, ekki því takmarki, sem í því ætti að vera. Það er ekki nema að hálfu leyti.

Helzt vildi ég, að hv. 1. þm. Reykv. (PM) yrði hér við og hlustaði á mál mitt, hæstv. forseti. Það er ekki mikið, sem ég ætla að segja.

Ég varð alveg undrandi, er ég hlustaði á ræðu hv. 1. þm. Reykv., er hann sagði þetta vera fjarstæðu í ræðu sinni, en slík ummæli af hans hendi eru aðeins sprottin af geðæsingu, ellegar málafærslumaðurinn hefur komið upp í hv. þm., því að þeir leggja sig fram í því að halda fram jafnt röngu máli sem réttara máli, ef þeim þurfa þykir. Og það er þá t. d. þetta, að þessi lög og lögin um búnaðarráð hefðu mælzt bezt fyrir allra þeirra l., sem sett hafa verið varðandi landbúnaðinn, og taldi hv. þm. ósigur Framsfl. í síðustu kosningum m. a. hafa stafað af því, að framsóknarmenn hefðu barizt gegn þessari löggjöf. Í síðustu kosningum féllu að vísu tveir þm.

Framsfl., en fyrir allt annað en stjórnarandstöðuna. Annar féll vegna þess, að andstöðuflokkarnir sameinuðust um frambjóðanda sósíalista og Sjálfstfl. lánaði sósíalistum atkv. og kom þar með frambjóðanda sínum á þing. Atkvæðamagn Framsfl. minnkaði samt lítið af þeim ástæðum, heldur vegna þess, að fólkinu fækkaði í sveitum landsins. Framsfl. tapaði fáum öðrum atkvæðum. Ég fullyrði nú, að í minni sveit, þar sem ég þekki vel til, mæltust þessi tvenn lög illa fyrir, og varðandi kosningarnar var það meira það, að atkvæði færðust til, en um atkvæðatap og kjörfylgistap væri að ræða. Nú er sagt, að bændur ráði því fé, sem áskotnast samkvæmt lögum þessum. Þetta er ekki rétt. Alþingi hefur ákveðið með lögum, hvernig fé þessu skuli varið. Bændur hafa ekki frelsi til þess að verja fénu sjálfir né stéttarsamtök þeirra. Ég tek það fram, að ef það er vilji bænda, að búnaðarsamböndin ráðstafi þessu fé, er þá ekki hægt fyrir stéttarsamband bænda og Búnaðarfélagið að taka við þessu fé og ráðstafa því svo aftur niður á búnaðarsamböndin, skipta fénu aftur á milli? En þótt búnaðarsamböndunum væri ljúft að ráðstafa fénu þannig, er þeim það ekki heimilt. Þetta gjald, sem er hluti af afurðaverði bænda, hefur verið skoðað sem hliðstætt ártillögum annarra félagssamtaka, og því vakti það furðu mína, að þm. þeir, sem telja sig fulltrúa launastéttanna hér á Alþ., skyldu samþykkja þessi lög. Ég verð að segja það, að ég er ekki ánægður með frv., þar sem helming fjárins er ráðstafað án tillits til þess, hvort bændur eru óánægðir með það eða ekki, og er þetta því aðeins miðlunarleið, og er að ástæðum, að bændur fái hér nokkurn rétt og að sættir yrðu með því að afgreiða málið sem hér er lagt til.

Eiríkur Einarsson: Herra forseti. — Þetta skal vera aðeins stutt, og ég ætla ekki að draga mig mikið inn í umr. um þetta mál, en lýsa hér afstöðu minni í stuttu máli. Ég tók eftir því í ræðu hv. þm. N-M., sem forsvarar frv., að hann rabbaði um það, að ýmis búnaðarsambönd væru að draga sér gjöld fyrir vörur, sem ekki væru af þeirra sveði, og væri því ekki öruggt, að hver fengi sitt. Það kann að vera, að rétt sé að athuga þessa lagasetningu nánar, en hv. þm. sagði meir, að þeir, sem verri aðstöðu hefðu, fengju þar með meiri möguleika til þess. Gott og vel, þá skil ég mætavel kýtinguna og tilfinningahitann, sem verður, er þetta mál er á dagskrá, ef bak við þetta er tog á milli héraða, hvort sótt er með sanngirni eða ósanngirni. Ég á þar ekki sérstaklega við Sunnlendinga, en eðlilegast er, að þeir beri mest úr býtum, sem mest framleiða, og Sunnlendingar hafa lagt margt gott til góðra hluta. Ef svo á að jafna á milli þess lakasta og þess bezta, þá koma nú nokkuð mörg málsatriði fram. Við miðum við það sama handa öllum landsins börnum, að þeim líði öllum vel, samanber lögin um almannatryggingar. Ísland er svo byggt, að óhyggilegt má teljast, a. m. k. sums staðar, og vegna þjóðarinnar sjálfrar er þörf að tryggja útfærslu málanna. Og ef á allt er litið, þá er mér ekki að lá sem fulltrúa Sunnlendinga, að ég ætlist til, að þeir njóti síns réttar og að búnaðarsamböndin megi nota féð til beinna nota. Það kom einkum fram hjá hv. þm. Str. um þetta, hvað féð skiptist ójafnt niður, og hv. þm. virtist vilja gera sér hátíðarmat úr þessu. Hið réttláta er gott, en hvaða rök eru þetta? Ég er alveg hissa á forustumönnum þjóðarinnar, að þótt öll búnaðarsamböndin nema tvö mæli í móti, að ekki megi athuga þetta nánar. Ég álít, að það megi skiljast, að sunnlenzkir bændur eru það duglegir og til þeirra er fyrst kallað og þeir skilja, að sjálfs er höndin hollust, og það má kalla smáskítlegt, ef hv. þm. vilja svo setja orð mín. *(HermJ:* Hv. þm. kallaði þetta svo, að það væri smáskítlegt). Það er góður eiginleiki að kunna að sækja og verja, þótt smáskítlegt sé, og öll meðferð málsins byrjaði svo, orlofsféð byrjaði svo og margt síðar, og til þess að sýna ekki hlutdrægni, þá er ofurkappi hleypt í þetta mál, sem er ekki sambærilegt bændastéttinni. Það mætti á margan veg um þetta segja. Hér er ekki um kjósendadekur af minni hendi að ræða, en ég set mig á hærri sjónarhól en á Langanes eða Strandafjöll til að þvo skítinn.

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Herra forseti. Ég skal ekki fara út á þær götur að telja atkvæði né fara út í að segja frá orustum við síðustu kosningar, en halda mig að málefninu.

Hv. 2. þm. Árn. sagði, að framlög hvers staðar njóti sín réttilega. Réttlætið er alltaf fallegt hugtak, en ég vil nú nefna dæmi um skiptinguna eftir fyrirmælum Alþ. Íbúar Dalasýslu verzla við kaupfélagið á Borðeyri og kaupfélagið í Borgarnesi. Verzlanirnar gefa svo upp vörumagnið, sem þær selja, og er svo mikill hluti þess, sem þær gefa upp, ekki talið til góða til þess staðar, sem það er framleitt í. Dalamenn verzla við 3 önnur kaupfélög, svo að þá má flestum ljóst vera, hvert réttlæti er í þessu. En þetta má nú laga einnig með því að Alþ. skipti helming fjárins á milli búnaðarsambandanna, en þau gætu svo aftur skipt fénu réttilega upp, og er þetta eina úrræðið, sem nú er fyrir hendi og teljast má þolanlegt. Ég hafði lengi vel von um, að hv. 2. þm. Árn. mundi fylgja þessu frv., en það fór líkt fyrir honum og manninum, sem vaknaði við smiðjueldinn og sagði við það tækifæri: „Hér vissi ég lengi, að ég mundi lenda."

Ég vil segja það um hv. 1. þm. Reykv., að ég skil ekki, hvaðan hiti sá er kominn, er kenna mátti í ræðu hans. Honum tókst vel að leika vandlætingarmann, en ég er ekki fjarri því, að hv. þm. muni nú viðurkenna með sjálfum sér réttlætið, og hef ég grun um það, að hann verði ekki eins fjarri því rétta sem nú eftir þá íhugun. Þetta er tilfinningamál og metnaðarmál, hvort bændur eiga að vera fjár síns ráðandi eða ekki. Svo er og um allan félagsskap og er ekki að furða, þótt bændur brenni og svíði það, ef öll fjárráð eru af þeim tekin, og ég held það sé lakast af slæmu, að fyrrv. landbrh. skyldi stuðla að því, að grundvellinum var kippt undan bændum í þessu efni, og það veit ég, að hv.

þm. fellur þungt, og ég trúi því, að hv. 1. þm. Reykv. muni að athuguðu máli draga úr andstöðunni gegn þessu frv. og taka á þessu máli með sínum venjulega skilningi.

Ég geri nú ráð fyrir, að þetta mál verði nú útrætt af minni hálfu og læt svo skeika að sköpuðu.

Umr. frestað.

Á 94. fundi í Ed., 14. marz, var fram haldið 2. umr. um frv.

Pétur Magnússon: Herra forseti. Það er ekki ætlan mín að þreyta kappræður um þetta mál, sem ég tel að vísu heldur veigalítið. Ég benti á það í ræðu minni í gær, að frv. þetta væri ekki til bóta frá núgildandi l. Lögin um búnaðarmálasjóð eru sett til framdráttar bændastéttinni, og ég sé ekki, að því fé, sem um er að ræða, verði betur varið til annars en láta það ganga til ræktunarframkvæmda, og ekki betur ráðstafað af öðrum en búnaðarsamböndunum. Ég held, að enginn hafi heldur haft á móti þessu í gær nema hv. þm. Str. (HermJ), sem ætti sig upp í hreinar eldhúsdagsumræður um þetta mál.

Það er aðeins fátt eitt, sem ég vildi benda hér á í sambandi við þær umr., sem hér hafa farið fram. Hv. þm. N-M. gat þess, að nokkur annmarki gæti orðið á því, að hvert búnaðarsamband fengi þær tekjur, sem inn kæmu á sambandssvæðinu samkv. l., vegna þess að oft kæmi fyrir, að menn seldu afurðir sínar utan síns sambandssvæðis. Hann gaf þessu þann undarlega og annarlega svip, að það var eins og menn gerðu sér sérstakt far um að láta sitt eigið búnaðarsamband ekki njóta þessara tekna. Þetta er að mínu áliti alrangt hjá hv. þm. Ég sé ekki, að ekki sé hægt að komast fyrir uppruna varanna, því að það er á valdi þeirra félaga, sem vörurnar selja, því að vitanlega hafa þau það fullkomið bókhald, að auðvelt er að sjá, hvaðan varan kemur og hvað hún kostar. Í sannleika sagt sé ég ekki, að með þessu frv. sé sett undir þennan leka, ef hann þá á sér stað, því að það er ekkert auðveldara fyrir búnaðarþing að ákveða, til hvaða búnaðarsambands þetta á að renna, heldur en fyrir landbrh. sjálfan, því að hann getur fengið sömu gögn og búnaðarþing um þetta mál.

Þá vildi hv. þm. N-M. leiða rök að því, að það væri vilji bændanna, að fé þetta rynni til bændanna sjálfra, en ekki til búnaðarsambandanna, og benti hann á, að samþykktir hefðu komið frá búnaðarfélögum víða um land um það, að núgildandi l. um búnaðarmálasjóð yrði ekki breytt. Þetta mun vera rétt hjá honum, en það eru heldur veigalítil rök, því að þær samþykktir sýna naumast vilja bænda úti um land, því að þessar samþykktir hefur Framsfl. sjálfur beðið um, svo að þetta er áróður hans og ekki annað, og ég vil ekki ganga inn á það, að þessar samþykktir sýni vilja bændanna í þessu efni, fremur en úrslit alþingiskosninganna í vor. Nú vil ég ekki segja, — og það væri rangt að leggja þann skilning í orð mín, — að kosið hafi verið í vor um þessi mál, því að vitanlega voru það mörg fleiri og stærri mál, sem kosið var um. En hitt er vitað, að þessi mál, þ. e. a. s. lögin um búnaðarmálasjóð og búnaðarráð, áttu að vera eitt bitrasta vopnið í kosningabaráttu Framsóknar, en ég tel, að úrslit alþingiskosninganna hafi sýnt það ljóslega, hversu vel þetta vopn þeirra framsóknarmanna beit. Ég vil og geta þess, að langstærsta búnaðarsambandið á landinu, Búnaðarsamband Suðurlands, samþykkti með miklum meiri hl. áskorun um að láta l. þessi óbreytt frá því, sem þau eru nú.

Mér þykir rétt í þessu sambandi að víkja að því, sem hv. þm. Str. sagði viðvíkjandi þessu. Hann lagði sérstaka áherzlu á það, að það hafi ekki verið þessi mál varðandi landbúnaðinn, sem réðu úrslitum í kosningunum. Hann sagði, að það hefðu verið önnur mál, sem ofar voru á baugi og mér skildist, að hv. þm. Str. hefði talið, að hefðu haft áhrif á úrslit kosninganna í vor, — og mér skilst, að hafi þá líka haft áhrif á það, hversu atkvæðatala hans sjálfs lækkaði, — og það hefðu verið loforðin, sem stjórnin gaf um að koma upp hér í Reykjavík stóru hóteli fyrir útlendinga og sömuleiðis útvarpshöll. Þetta er nú heldur ólíklegt með síðara loforðið, því að þegar kosningar fóru fram í vor, þá var ríkisstj. búin að neita um fjárstyrk til útvarpshallarinnar. Um hitt málið, þ. e. a. s. útlendingahótelið, liggur ekkert sérstakt fyrir. Það er rétt, að samþykkt voru l. á síðasta Alþ. þetta varðandi. Það má hver trúa því, sem vill, að bændur á Ströndum hafi lagt meira upp úr l. um útlendingahótel og útvarpshöll en um búnaðarmálasjóð og búnaðarráð.

Hv. 1. þm. Eyf. lagði hina mestu áherzlu á það, að tilgangur þessarar löggjafar væri sá að stuðla að því, að stéttarsamtök bænda hefðu nægilegt starfsfé til þess að geta unnið að hagsmunamálum sínum. Ég hygg, að hv. þm. ætti að endurskoða þessa staðhæfingu sína, því að hann er svo vel að sér í þessum málum, að ef hann hugsar sig vel um, þá hlýtur hann að sjá villu síns, því að ekki var byrjað að ræða um stéttarsamtök bænda, þegar l. um búnaðarmálasjóð voru sett, svo að það getur ómögulega verið, að þessi l. hafi verið sett til þess að tryggja stéttarsamtökunum fé. Ég hygg, að bæði þessi hv. þm. og aðrir þm. ættu að viðurkenna það, að l. voru sett til þess að hjálpa landbúnaðinum fram á leið, og ef hann álítur, að tekin hafi verið röng stefna með þeim l., sem nú gilda, verður hann að finna rök fyrir því, að fénu verði betur varið en á þann hátt að gefa bændum tækifæri til þess að nota það í þágu ræktunarmálanna.

Ég gat þess í byrjun máls míns, að ég ætlaði mér ekki að taka upp eldhúsdagsumr. varðandi mál þetta. Gjaldeyrismálið er mál út af fyrir sig, og það gæti orðið efni í langa ræðu það, sem hv. þm. Str. sagði um það, og þær svívirðilegu blekkingar, sem hann og flokkur hans hefur haft í frammi viðvíkjandi því máli, — blekkingar, sem eru svo að segja einstæðar í íslenzkri stjórnmálasögu, og hefur hún þó víst ýmsa ófagra bletti á sér fyrir. En þessi reikn-

ingsaðferð, sem hann notar, að telja eytt öllum þeim gjaldeyri, sem verja á svo og svo langt fram í tímann til kaupa á skipum, sem ekki á að afhenda fyrr en eftir meira en ár, sem og tækjum, sem ekki er farið að verja fé til enn þá, en sleppa svo algerlega öllum þeim gjaldeyri, sem fæst fyrir þær vörur, sem á sama tíma liggja tilbúnar til útflutnings í landinu, — það er reikningsaðferð, sem ég tel, að tæpast nokkur stjórnmálaflokkur í víðri veröld mundi leyfa sér, annar en Framsfl. á Íslandi undir stjórn hv. þm. Str. Þetta eru svo einstæðar blekkingar, að það er varla orðum að þeim eyðandi.

Þá fór hv. þm. Str. að tala um það, að ríkisstj. hefði hrökklazt frá völdum þrátt fyrir það að hún hefði haft ⅘ hluta þings að baki sér. Ég hygg, að það sé ekki einsdæmi, að ríkisstj. sitji ekki út kjörtímabil, þó að hún hafi unnið við kosningar. Ég tel í sannleika sagt, að ekki hafi verið heppilegt fyrir hv. þm. Str. að rifja upp ástæðurnar fyrir því, að stjórnarskipti urðu á s. l. ári. Þeim til grundvallar lá mál, sem hann og flokkur hans tók þannig afstöðu til, að það mun vissulega ekki verða honum til sóma, fyrr né síðar, né prýði á stjórnmálaskildi hans.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Mig undrar sérstaklega tvennt í málafærslu hv. 1. þm. Reykv. Annars vegar virðist honum ókunnugt um, af hverju frv. um búnaðarmálasjóð kom fram á Alþ., og hins vegar virðist 1. umr. málsins í Nd. alveg hafa farið fram hjá honum. Hann talar um, að það hafi ekki staðið í sambandi við stéttarsamtök bænda, af því að þau væru seinna til komin en frv. um búnaðarmálasjóð. Ég ætla að rifja þetta upp fyrir hv. 1. þm. Reykv., þó að ég hefði ekki talið, að þess þyrfti. Hann minnist kannske þess, að gerðar voru tilraunir til þess að mynda stéttarsamband bænda, landssamband bænda, sem kallað var. Á fjárl. var sú stofnun látin hafa 2000 kr., ef ég man rétt. Þessu landssambandi bænda var ætlað að yfirtaka stéttarmál bændanna, sérstaklega allt, er lýtur að verðlagi og sölu landbúnaðarafurða, og þannig starfaði það á meðan það starfaði, en það vantaði fjárhagsgrundvöll til þess að geta starfað. Það hafði aldrei komið sér svo fyrir, að það næði til bænda allra, og þeir, sem í því voru virkir félagar og greiddu gjöld, voru of fáir og greiddu ekki nóg til þess að starfsemin gæti haldið áfram. Svo fór að lokum, að félagið sofnaði í höndunum á einum góðum og gegnum sjálfstæðismanni í Gullbringu- og Kjósarsýslu, sem er ágætur stuðningsmaður fyrrv. forsrh. Þegar svo átök urðu um það, hvernig verðlag skyldi vera á landbúnaðarafurðum, og annað, sem að því laut, fór sjálft Alþ. að heimta, að Búnaðarfélag Íslands, sem er félagsskapur bænda á faglega eða fræðilega sviðinu, léti í ljós álit sitt, og einmitt af því, að það starfar á faglegum grundvelli, nýtur það styrks ríkissjóðs. Búnaðarfélagið hafði aldrei skipt sér af verðlagsmálum landbúnaðarins og ætlaði sér ekki að gera það. Það var byrjað á því að setja dýrtíðarlöggjöfina, hversu mikið landbúnaðarafurðir skyldu greiddar niður, skyldi ákveðið í samráði við Búnaðarfélag Íslands. Búnaðarfélaginu kom þetta ekkert við sem fagfélagi, og það ætlaði sér ekki að fara út í þessi viðkvæmu deilumál, og það mátti það ekki, því að það starfar fyrir ríkisfé. Árið eftir var svo aftur komið til búnaðarþings og heimtað, að það segði álit sitt í þessum efnum. Þá var mönnum ljóst, að það yrði annaðhvort að endurreisa landssamband bænda, sem þá var dautt, eða stofna stéttarsamband bænda til þess að sameina bændur og fá greiðslur frá þeim til þess að standa undir útgjöldum, sem aldrei gátu orðið borin uppi af ríkissjóði. Þá var frv. um stofnun búnaðarmálasjóðs borið fram á Alþ. með það fyrir augum, að þaðan gæti stéttarsambandið fengið tekjur. Þetta eru tildrögin til hans og engin önnur, en þetta virðist hafa farið fram hjá hv. 1. þm. Reykv. Þó kom þetta fram í ræðu hæstv. núv. landbrh. í Nd. nú alveg nýlega. Nú, þegar hv. þm. heyrir þetta, býst ég við, að hann skilji kannske frekar tilganginn með frv. og þörfina fyrir stéttarsamtök bænda til þess, að þeir komi fram rétti sínum.

Hv. 1. þm. Reykv. heldur því fram, að miklu minna sé að marka vilja bændanna gegnum samþykktir búnaðarsambandanna en í gegnum síðustu alþingiskosningar — nema frá Búnaðarsambandi Suðurlands. Þar hafi verið samþykkt „með miklum meiri hluta," eins og hv. þm. sagði, að mæla með bæði l. um búnaðarmálasjóð og búnaðarráð. Ja, sá fylgist nú vel með málunum, þessi hv. 1. þm. Reykv. Á fundi Búnaðarsambands Suðurlands voru, þegar þetta var samþykkt, 3 menn, sem voru í stjórninni, og það var samþ. á stjórnarfundi, en aldrei á félagsfundi, og þetta samband er eitt af öllum samböndunum, þar sem stjórnin ein gerði samþykkt til þess að senda frá sér. En hv. þm. segir, að með miklum meiri hl. á fundi Búnaðarsambands Suðurlands hafi þetta verið samþ., en samþykktin kom aðeins frá stjórn Búnaðarsambands Suðurlands, sem í eru 3 menn. Þeir samþykktu það, og með miklum meiri hl., af því að þeir voru þar allir. En í hinum samböndunum voru haldnir fundir, þar sem ekki aðeins stjórnin mætti, en upp úr þeim fundum lagði hann ekkert, en upp úr áliti stjórnar Búnaðarsambands Suðurlands leggur hann mikið, því að það voru 3 menn, sem á Suðurlandi samþykktu þetta „með miklum meiri hluta"!

Ég held, að hv. fyrrv. landbrh. verði að fá sér kennslutíma í þessu, til þess að reyna að setja sig inn í þessi mál, svo að hann viti, hvað hann er að segja. Hann veit ekkert um, hvernig þessar samþykktir eru til komnar. Hann sagði, að ég hefði sagt, að bændur gerðu leik til þess að verzla við verzlanir, sem lægju utan við búnaðarsambandssvæði þeirra. Það var fjarri mér að segja slíkt. Ég benti aðeins á þær staðreyndir, að sums staðar eru verzlunarstaðir bænda utan við það búnaðarsambandssvæði, sem þeir búa á. Ég gæti nefnt dæmi um slíkar aðstæður víðs vegar frá. Hann sagði, að vandalaust væri að ráða bót á þessu, en hann hefur þó setið 2 ár á ráðherrastóli meðan þessi l.

giltu, og ekki tekizt að leysa þann vanda, og lagalega séð gat hann það ekki, því að ekkert er í l., sem skyldar viðkomandi aðila til þess að segja til um, hvar bændur leggi inn vörur sínar. Hv. þm. Dal. gat þess, að bændur í nágrenni við hann verzluðu á 3 búnaðarsambandssvæðum. Það er ekki á því, að þeir vilji það endilega, heldur af því, að þannig liggja atvikin fyrir í lífinu. Þessu virðist hv. 1. þm. Reykv. engan gaum gefa, og telur vandalaust að ráða bót á því.

Þá segir hann, að ekkert væri léttara fyrir búnaðarþing að skipta þessu fé, sem inn kæmi eftir l., heldur en fyrir ríkisstj. Ja, hvað hefur ríkisstj. með þetta fé að gera? Það er orðrétt sagt í l.: „Sjóður þessi skal vera í vörzlu Búnaðarbanka Íslands, sem hefur á hendi stjórn hans og reikningshald. Fé sjóðsins skal um næstu 10 ár skipt á milli búnaðarsambanda landsins í réttu hlutfalli við það, sem framlög reynast úr viðkomandi héruðum.“ Ekki eitt aukatekið orð um það, að ríkisstj. eigi að skipta þessu fé. Svo segir hv. fyrrv. ráðh., að eins hægt sé fyrir ríkisstj. að skipta þessu eins og fyrir búnaðarþing. Þetta er tóm endileysa, sem hv. fyrrv. ráðh. var að tala. Meira að segja svo mikil endileysa, að það lítur út fyrir, að hann viti ekki, hvernig l. um búnaðarmálasjóð eru í þessu sambandi. — Ég veit ekki, hvort ég á að elta ólar lengur við hann um þetta. Það segir sig sjálft, og hann veit það vel og sagði það reyndar nú, þó að hann héldi öðru fram í gær, að aldrei, ekki einu sinni þegar kjósa á um breyt. á stjskr., snúast alþingiskosningar um eitt mál. Það er að vísu ætlazt til þess, þegar stjskr. er breytt, að kosningar séu um það, en það er aldrei að kosningin takmarkist við eitt mál. Kjósandinn verður að gera það upp við sig, hvaða málum hann er mest fylgjandi. Það er fjarstæða að segja það, að kosningar sýni vilja þjóðarinnar í einu af mörgum málum, sem deilt er um í kosningabaráttunni. Kosningarnar síðustu sýndu ekkert, hvað bændur vildu gagnvart þessari löggjöf. — Ekki vott, það er alger misskilningur. Ég sagði í gær — og endurtek það nú —, að með framkvæmd l. um búnaðarmálasjóð, eins og þau voru og eru nú, þá er framið hróplegt ranglæti. Bændur eru allir látnir borga í búnaðarmálasjóð, og því fé er svo skipt eftir því, hvar þeir hafa selt vöruna og hverjir hafa keypt hana af þeim, og með því er tekið fé frá ýmsum mönnum í landinu og lagt í sjóð annarra manna, og með skiptingu á sjóðnum, sem gert er ráð fyrir í l., er ekki tekið tillit til þess, hvers bændur þarfnast af fé sjóðsins. Þess vegna er það til stórra bóta, þegar búnaðarþingsmönnum er ætlað að skipta helming sjóðsins. Búnaðarþing mun þá skipta því fé, sem nú skiptist milli sambandanna, eftir allt öðrum reglum, sem miðaðar eru við þarfir bænda og taka tillit til margra hluta, en ekki með tilliti til þess, hver lætur féð af höndum. Það er skiljanlegt, að hv. 2. þm. Árn. sárnaði, þegar ég benti honum á það, að eftir því, sem ég bezt fæ séð, er það ekki annað en hrein og klár eigingirni, sem kemur tveim stórum búnaðarsamböndum til að vera meðmælt því, að l. um búnaðarmálasjóð haldist óbreytt. Annars vegar er það búnaðarsambandið, sem fær mest af pro mille gjaldinu af öðrum búnaðarsamböndum, því að þau síðar nefndu neyðast til að selja vöru í umdæmi þess. Hins vegar er það búnaðarsamband, sem haft hefur, fyrir rás viðburðanna, mesta sölumöguleika, og hefur þess vegna fengið mest úr ríkissjóði til þess að styðja að sinni framleiðslu og stendur þess vegna betur að vígi en önnur búnaðarsambönd og hefur þess vegna mestar siðferðislegar skyldur til þess að styrkja bændur. Þess vegna er raunalegt að heyra, að þessi félög vilji fyrst og fremst sitja að sínu, en ekki rétta neitt til annarra.

Hermann Jónasson: Það er nánast óþarft að gera frekari aths., þar sem hv. 1. þm. N-M. hefur tekið fram flest þau atriði, er ég hafði í huga að ræða, enda dylst engum, sem fylgzt hefur með þessum umr., að andmælendur frv. hafa engin rök fram að færa, og hafa ræður þeirra verið hraktar lið fyrir lið. Ég þarf því litlu við að bæta. En þeir þm., sem studdu fyrrv. ríkisstj., hafa gott af því að heyra, að gjaldeyrisleyfi eru nú ekki fáanleg í þjóðbankanum. Þau voru það hvorki í dag né í gær. Þetta er rétt, að komi hér fram, úr því að sumir menn vilja þræta fyrir það. Fyrrv. ríkisstj. tók við á 6. hundrað millj. gjaldeyris, en nú er allt búið, og þjóðbankinn neitar að veita gjaldeyrisleyfi. Samt eru enn þeir menn, sem segja, að enn þá sé til gjaldeyrir. Ja, lengi á blekkingastarfsemin að halda áfram. Hv. 1. þm. Reykv. (PM) sagði, að stj. hefði farið frá vegna flugvallarsamningsins. Þetta er blekking. Sá flokkur, sem fór úr stj. er samningurinn var samþ., gaf kost á sér til stjórnarmyndunar með Sjálfstfl. strax á eftir. En þeir flokkar þorðu bara ekki að horfast í augu við þær óvinsælu aðgerðir, sem nú er verið að gera og aðrar, er eiga eftir að koma fram á næstunni og eru afleiðingar af sukki síðustu stjórnar.

Hv. 1. þm. Reykv. sagði og, að afstaða mín til flugvallarmálsins mundi verða mér til lítils sóma. Mér er nær að halda, að reynslan muni sýna hið gagnstæða. En hv. þm. hefur enga heimild til að segja annað eins og þetta um afstöðu mína til samningsins. En óstjórn hans er staðreynd, sem ekki fær dulizt.

Þá taldi þessi hv. þm., að ég hefði hafið eldhúsumr. í sambandi við þetta mál. En það var bara hann sjálfur, sem byrjaði, m. a. með að rekja úrslit síðustu kosninga. Ég gerði ekki annað en svara. Svo skal ég ekki misnota þennan athugasemdatíma og læt máli mínu lokið.

Bernharð Stefánsson: Það er nú kannske ekki mikil ástæða til að ræða þetta mál mikið nánar, enda virðast sumir þm. hafa meiri áhuga á að koma á stað umr. en fylgjast með framhaldinu. Hv. 1. þm. Reykv. hóf mál sitt á því að telja þetta mál heldur veigalítið. Það var annað hljóð í honum í gær, því að ég hef aldrei heyrt þennan þm.

viðhafa annað eins offors, og erum við þó lengi búnir að sitja saman á þingi. Það var ekki fyrr en eftir þá ræðu hv. 1. þm. Reykv., að hv. þm. Str. fór að tala í eldhúsdagstón. Hv. 1. þm. Reykv. sagði bæði í dag og í gær, að allir væru sammála um, að þessi l. hafi í fyrstu verið sett til framdráttar landbúnaðinum, og taldi hann nú fénu vel varið í því skyni. Það er eðlilegt, að hann reyni að fljóta á þessu, en um þetta er raunar ekki að ræða, heldur hitt, hverjir skuli ráða yfir fé því, er lagt er í búnaðarmálasjóð. Réttur inn til þess fjár er með þeim breyt., sem gerðar voru á frv., tekinn af bændum. Ég efast ekki um, að árgjöldum verkamanna gæti verið vel varið, þó að Alb. setti l. um, að félög verkamanna mættu ekki styrkja Alþýðusambandið sem heild, en gjöldunum væri varið til framkvæmda á hverjum einstökum stað. Það mætti segja, að fénu væri vel varið þannig. En við getum hugsað okkur, hvað yrði, ef Alþ. setti l. um árgjöld verkamanna. Það yrði allsherjar verkfall. Þetta veit hv. 1. þm. Reykv.

Þá taldi þessi hv. þm., að það væru veigalítil rök, að benda á, eins og hv. 1. þm. N-M. hafði gert, samþykktir, sem gerðar voru í búnaðarsamböndunum. Taldi hann þessar samþykktir ekki sýna vilja bænda, enda væru þær pantaðar og bæri fremur að taka mark á úrslitum alþingiskosninganna, og í því sambandi gat hann þess, að Framsfl. væri laginn á að nota ýmis mál sér til pólitísks framdráttar. Ég held, að hv. þm. hljóti að sjá, að ef Framsfl. getur pantað samþykktir úr öllum héruðum nema tveimur, þá hlýtur flokkurinn að vera þar alls staðar í meiri hl. — Annars hélt ég, að ráðh. úr síðustu stjórn ætti ekki að tala mikið um pantaðar samþykktir. Menn minnast þeirra tíma, að ekki mátti koma saman verkalýðsfélag eða útgerðarmenn án þess að ríkissti. væri sungið lof og dýrð. Þær yfirlýsingar báru öllu meiri keim pantana en samþykktir bænda. En ef taka á þessa röksemd gilda, að ekkert sé að marka samþykktir bænda, þá má strika yfir gildi allra fulltrúafunda. Þá er þýðingarlaust að kjósa menn á fundi til að gera samþykktir í umboði almennings. Svona röksemdir eins og hv. 1. þm. Reykv. í þessu efni, að telja samþykktir gildislausar, ef þær ganga á móti honum, eru miklu líkari hv. þm. S-Þ. (JJ) en hv. 1. þm. Reykv.

Svo eru það síðustu alþingiskosningar, sem áttu að sýna vilja bænda og sýna, að þeir væru sammála hv. 1. þm. Reykv. En hvað sýna nú kosningarnar um vilja bænda? Ég er hræddur um, að það sé allt annað en hv. 1. þm. Reykv. vill vera láta. Það er alkunnugt, að fá kjördæmi eru alger sveitakjördæmi. Þar eru og kauptún og þorp. Fylgi Framsfl. í sveitunum er því tiltölulega meira en hlutfallstölur sýna í sveitakjördæmunum, sem svo eru kölluð. Við skulum taka dæmi úr mínu eigin kjördæmi. Framsfl. fékk þar 500 atkv. meira en Sjálfstfl. En það er mér óhætt að fullyrða, að Sjálfstfl. fékk ekki yfir 20% af fylgi sínu þar í sveitunum. Sjálfstfl. vann Vestur-Skaftafellssýslu, en hvað sýna kosningarnar þar um þetta efni? Hvaða bóndi greiddi þar atkv. frambjóðanda, sem var á sömu skoðun og hv. 1. þm. Reykv. í þessu máli? Hvernig var það í Borgarfjarðarsýslu, Dalasýslu og Skagafjarðarsýslu, fyrir svo utan þau kjördæmi, sem Framsfl. sigraði í? Svona rök duga því ekki. Vilji bænda hefur aldrei komið skýrar fram en um þessi tvö mál, sem hv. 1. þm. Reykv. taldi svo vinsæl, l. um búnaðarráð og búnaðarmálasjóð. Sannleikurinn er sá, að svo að segja öll bændastéttin var á móti stefnu hv. 1. þm. Reykv. í þessum málum.

Út af því, sem hv. 1. þm. Reykv. vildi leiðrétta orð mín um tilgang þessarar lagasetningar, þá hefur hv. 1. þm. N-M. leiðrétt það. Þetta nýja stéttarsamband var ekki til þegar l. voru sett, það er rétt. En Búnaðarfélag Íslands var stéttarfélagsskapur bænda, og það átti að fá fé og rýmka þannig starfssvið sitt, þar eð það var áður hreint fagfélag. Síðar þótti svo réttara að stofna nýtt samband, er berðist fyrir hagsmunamálum stéttarinnar. Það var því allt rétt, er ég sagði. Þetta gjald, sem lagt er á framleiðslu bænda, er til þess, að þeir fái varið því til sinna félagsmála. Þetta gjald er lagt á þá eina og enga aðra borgara, og er því siðferðiskrafa bænda að fá að ráða einir yfir þessu fé, og ekki réttara, að það lúti valdi Alþ. frekar en fé verkalýðsfélaganna. Vonandi er, að það misrétti, sem bændur nú búa við, verði nú leiðrétt, og sú miðlun, sem í frv. felst, verði samþ. Væri þá sómi þeirra manna, sem á móti hafa verið, að þiggja nú sættir, sem boðnar eru, og samþykkja þetta frv.

Gísli Jónsson: Ég skal ekki þreyta hæstv. forseta með löngu máli, en síðasta ræða hv. þm. Str. gaf tilefni til mótmæla. Þegar hv. þm. Dal. spurði mig, hvort ég vildi vera meðflm. þessa frv., þá kvað ég mig fúsan til þess af eftirtöldum ástæðum. Í fyrsta lagi hef ég áður í þessari d. verið stuðningsmaður þessa máls, og hefur afstaða mín ekki breytzt. Í öðru lagi fékk málið þá meðferð í Nd., sem ekki var æskileg og tæpast sæmandi, enda voru fyrir hendi samkomulagsmöguleikar, ef málinu hefði verið vísað til nefndar. Á grundvelli þess samkomulags er svo málið flutt hér. Eftir að ég hafði gerzt meðflm., þá spurði hv. þm. Dal., hvort mér væri nokkuð á móti skapi, að hv. þm. Str. yrði og meðflm. Kvað ég nei við því, þar eð ég bjóst við, að heilindi fylgdu frá hv. þm. Str. En síðan frv. kom til umr., hefur þessi hv. þm. spillt stórlega fyrir framgangi þess, og hafa öll orð hans hér í d. miðað í þá átt. Þetta hefur hann gert vitandi vits. Hann endaði síðustu ræðu með stórfelldum ásökunum á síðustu stjórn, sem að nokkru leyti verða og árásir á núv. stjórn, sem maður skyldi þó ætla, að hann styddi, þar sem flokkur hans á tvo ráðh. í stjórninni. Hann hélt því fram, að síðasta stjórn hefði hrökklazt frá fyrir fjárhagslegt sukk. En hvaða ráðstafanir hafa flokksmenn hv. þm. Str. gert síðan þeir komu í stjórn? Hafa þeir gert ráðstafanir gegn dýrtíð og eyðslu? Nei, þeir hafa hvorugt gert. Þeir hafa ekki reynt að ráðast á sukkið, sem hann taldi vera. Heldur hafa þeir flokksmenn hans bein-

línis viljað undirstrika þau l., er þeir töldu valda sukkinu. Svo heldur hv. þm. vandlætingarræðu yfir fyrrv. stj. og hefur hér eldhúsumr. um fjármálaástandið, og það í þessu máli, sem nú átti að leysa með samkomulagi. Öll ummæli hv. þm. Str. um fjárhagsástandið eru röng, svo röng, að þeim verður að mótmæla, þar sem þau koma frá manni, sem enn þá hangir við formennsku í flokki, sem hefur nú 2 ráðherra í stjórn.

Hermann Jónasson: Það er raunar ekki ástæða fyrir mig að biðja um orðið, því að svona ræður svara sér sjálfar. Þær eru eins og sum vopn, sem kastað er að andstæðingunum og geta sært og drepið, ef þau hitta. En ef það er klaufi, sem á heldur, þá fer það venjulega til baka í hausinn á honum sjálfum.

Ég skil það vel, að hv. þm. Barð. sé úrillur þessa daga, þar sem hann er að afgreiða fjárl., en það verður nú að taka á þessum málum með þolinmæði, sem öðrum málum. Við framsóknarmenn erum nú að sttja okkur inn í fjármálasukk fyrrv. ríkisstj., en vitanlega er það fyrst og fremst hlutverk fjmrh. að koma með fjárl. Sjálfstfl. hefur markað fjármálastefnu ríkisins síðan 1939, og er það engin tilviljun, þótt réttmætt þyki, að Sjálfstfl. leiki hlutverk fjmrh. fyrir opnum tjöldum til enda.

Það var hæstv. fyrrv. fjmrh., sem byrjaði hér árás á mig út af kosningu í Strandasýslu, og ef hv. þm. Barð. heldur, að flutningur okkar í því máli eigi að ráða því, að ég svari ekki röngum ásökunum fyrir það eitt, að við flytjum þetta mál saman, þá fer hv. þm. þar alls fjarri. Og ég vil segja það, og alveg þykkjulaust, að ég býst við, að þessi hv. þm. Barð. hefði svarað hv. 1. þm. Reykv., ef hann hefði fengið slíkar árásir af hans hendi, og ég hefði talið hv. þm. Barð. minni mann, ef hann hefði ekki gert það. Ég bar hér aðeins af mér ásakanir, en að ég stæði í móti afgreiðslu fjárl. vegna þess, að ég fengi ekki nóg fé persónulega, þá er ég undrandi yfir því af form. fjvn. að láta slík ummæli út úr sér, og ég skil varla, að jafngreindur maður og hv. þm. Barð. er mundi gera slíkt nema vegna þess, að hann væri viti sínu fjær af geðofsa og reiði, og er það sannast að segja alveg óþarfi fyrir hv. þm. að láta svo, þótt ég hefði hér ummæli um viðskilnaðinn við fyrrv. ríkisstj.

Ég mun nú láta þetta nægja og ég beið aðeins hér vegna þess, að hv. þm. Barð. hafði tilkynnt, að hann mundi hefja hér heiftarlega árás á mig.

Pétur Magnússon: Herra forseti. — Ég verð að segja, áð ég hefði ekki minnzt á kosninguna í Strandasýslu, ef ég hefði vitað, að það hefði komið svo í opna kviku hv. þm. Str. eins og raun ber vitni um, en hv. kjósendur þm. voru nú ekki svo mjög hrifnir af frammistöðu þm. í kosningunum

Ég kvaddi mér hljóðs vegna eins atriðis í ræðu hv. 1. þm. Eyf. Hann stagaðist á því, að valdið hefði verið tekið af bændum með l. um búnaðarmálasjóð. Ef Alþ. ákveður, hvernig fénu skuli varið, þá er um það deilt, hver félagssamtök bænda hafi rétt til þess að ráðstafa fénu. Og ef Búnaðarfélagið er stéttarsamtök bænda, þá eru búnaðarsamböndin það engu að síður, og hver einasti bóndi er í þeim félagsskap, sem má teljast þrengsti félagsskapur bænda, og er það því rökvilla ein, að ráðstöfunarvaldið hafi verið tekið af bændum, heldur finnst mér aðeins réttmætt, að Alþ. ákveði, hver félagsskapur bænda skuli hafa réttinn til að ráðstafa fénu. Og þm. hefur heldur aldrei mótmælt því og engin rök mæla með því, að annar félagsskapur sé líklegri að inna þetta verk af hendi.

Eiríkur Einarsson: Herra forseti. Við umræðurnar er það sérstaklega eitt, sem hefur skýrzt, sem skiptir máli, en það eru ummæli um skiptingu þess fjár, sem hér er um að ræða, að þeim, sem meira framleiða, beri ekki að fá meira í sinn hlut, og hefur Sunnlendingum verið brugðið um nirfilskap. Þetta er ómakleg árás, því að málið er flutt í öðru yfirskini en að taka til aðstöðumunar á milli landshluta. Þá væri orðalag laganna öðruvísi. Ég veit ekki, hvort Árnesingar yrðu verri en aðrir, ef miðla þyrfti vegna nauðsynja, en í þessu máli er grálega að farið, að segja að þeir taki frá öðrum, en þeir halda aðeins sínu og verja fénu til aukinna framkvæmda, og þessu ættu búnaðarfulltrúarnir í þessari hv. þd. ekki að vera fráhverfir. En ef semja á l. um það, að Sunnlendingar miðli vegna betri aðstöðu í landinu, þá er réttara að setja slíkt fölskvalaust inn í l., og væri þá um allt annað að ræða. Þetta virðist vaka fyrir hv. þm., en meðan Sunnlendingar ganga duldir þess, skammast ég mín ekki fyrir það að taka upp hanzkann fyrir þá. Þetta kemur úr hörðustu átt, og muna mega menn, að bóndi er bústólpi og bú er landstólpi, og varla skil ég, ef styrkur eins héraðs muni nægja öllum héruðum. Nei, Sunnlendingar forsvara sig sjálfir, og ég tek upp hanzkann fyrir þá líkt og hv. þm. Str. fyrir sína kjósendur á Ströndum og hv. 1. þm. N-M. fyrir kjósendur sína á Langanesi, og er því bezt að hvorugur lái öðrum.

Bernharð Stefánsson: Herra forseti. Hv. 1. þm. Reykv. talaði um leiðinlega rökvillu, og ég skal viðurkenna, að hún er frá honum. Hv. þm. heldur því fram, að bændur hafi allt vald vegna skiptingar fjárins á milli búnaðarsambandanna, en l. leggja hömlur á, hvað gert er við féð. Búnaðarsamböndin eru því ekki frjáls, og er það sannað mál, að bændur landsins hafa óskað þess, að fénu yrði ekki svo skipt, en að það yrði lagt í sjóð til framdráttar Stéttarsambandi bænda, og hins vegar hafa þeir mótmælt, að fénu væri skipt þvert ofan í óskir bænda. Það er því alls fjarri sanni, sem hv. þm. heldur fram, og ég skil ekki, að svo vitur maður, sem þessi hv. þm. er, skuli halda slíku fram.

Úr því að ég stóð upp, þá ætla ég að bæta því hér við, hvað ég haldi um bændur í Barðastrandarsýslu. Bændum var kunnugt um það í síðustu kosningum, að þm. Barð. leit líkt á þessi mál og við

framsóknarmenn, og eru það því sterkar stoðir, sem renna undir mál mitt, og ég er hissa á 1. þm. Reykv., og ég vil bæta því við, að þegar ég kom inn áðan var hv. þm. Barð. að tala, og minntist hann á, að við framsóknarmenn værum kröfuharðari í þessu en aðrir. (*PZ:* Hann sagði að við stæðum á móti tekjuöflunum.) Nú, þá hefur þetta verið misskilningur af minni hálfu, og ég hverf þá frá þessu, en ég ætlaði mér að leggja fram fyrirspurn, en sleppi því.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 95. fundi í Ed., 17. marz, var enn fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 9:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GJ, GÍG, HV, HermJ, PZ, SÁÓ, BSt, BK, ÞÞ.

nei: BrB, EE, LJóh, PM.

StgrA, ÁS, BBen greiddu ekki atkv.

1 þm. (JJós) fjarstaddur.

2.—3. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 97. og 101. fundi í Ed., 19. og 27. marz, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 108. fundi í Ed., 8. apríl, var frv. enn tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 8:4 atkv. og afgr. til Nd.

Á 107. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 113. fundi í Nd., 14. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 114. fundi í Nd., 15. apríl, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til landbn. með 18 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

52. Vatnsveita Reykjavíkur.

Á 65. fundi í Ed., 5. febr., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 84 22. nóv. 1907, um vatnsveitu fyrir Reykjavík (þmfrv., A. 367).

Á 66. fundi í Ed., 7. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 11 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Frv. þetta er flutt í samráði við bæjarráð Reykjavíkur, og efni þess er, að heimilt verði fyrir Reykjavíkurbæ að leggja á jafnháan vatnsskatt hér í bænum eins og heimilað er fyrir aðra staði nú samkv. vatnalögunum. Vatnsskattur í Reykjavík hefur verið töluvert lægri en víðast annars staðar á landinu fram að þessu. En nú er unnið að viðbótarlagningu við vatnsveitu bæjarins, og með því er vatnsmagnið aukið svo mikið, að það verður tvöfalt meira en áður, og hefur slíkt auðvitað óhjákvæmilega mikinn kostnað í för með sér — auk þess sem sífelldur vöxtur bæjarins gerir það að verkum, að miklu fé þarf árlega að verja til aukningar á vatnsveitunni. Af þessum sökum er óhjákvæmilegt að afla vatnsveitunni nýrra tekna, og þess vegna er þetta frv. flutt. Og er þá ekki með frv. ætlazt til, að vatnsskatturinn verði hærri en hin almenna heimild leyfir.

Benda má og á það, að í 2. gr. er lagt til, að heimild verði gefin bæjarstjórninni til að loka fyrir vatnsæðar hjá þeim, sem greiða ekki vatnsskatt eða annað endurgjald fyrir vatnið, og eru þau ákvæði í samræmi við það, sem tíðkast um rafmagn, síma, heitt vatn o. fl., sem sýnist vera eðlilegt til að greiða fyrir innheimtunni.

Að öðru leyti vísa ég til grg., sem fylgir þessu frv., og legg til, að því verði að umr. lokinni vísað til 2. umr. og heilbr.- og félmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 11 shlj. atkv.

Á 142. fundi í Ed., 22. maí, var frv. tekið til 2. umr.

Brynjólfur Bjarnason: Herra forseti. N. hefur ekki skilað neinu áliti í þessu máli. Ástæðan fyrir því er sú, að það er annað frv. hér á ferðinni, sem er þannig vaxið, að ef það næði fram að ganga, sem n. gerði ráð fyrir, er ekki þörf á því, að þetta mál verði afgr., og hefur það verið viðurkennt, eftir því sem n. hefur verið tjáð. Þetta var rætt í n. í dag vegna þeirra umr., sem hér hafa orðið í d., og voru 4 nm. sammála um að láta málið bíða, þar til útséð væri um það, hvernig hitt málið, frv. um styrk til vatnsveitna, yrði afgr. eða hvort það yrði afgr.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég flutti þetta mál í janúar hér í hv. d. og gerði það — eins og segir í grg. frv. — eftir ósk bæjarráðs Reykjavíkur, sem var allt sammála um nauðsyn þess að fá þessar breyt. gerðar á l. Afgreiðsla málsins dróst í n., og kom sú skýring frá n. aðspurðri, að óþarft mundi vera að afgreiða málið, eftir að frv. um styrk til vatnsveitna hefði verið

samþ. Eins og það lá fyrir, var það ef til vill vafasamt, en þetta virtist þó fullnægjandi með öllu, ef frv. um styrk til vatnsveitna næði fram að ganga, en jafnframt því, sem ég lýsti mig þá ásáttan um þessa afgreiðslu málsins, tók ég það fram — og var þá tekið undir það og því lofað —, að greitt yrði fyrir mínu frv., ef hitt frv. virtist vera í hættu. — Nú eru ef til vill ekki eftir nema 2—3 dagar af þinghaldi — í mesta lagi 4—5 dagar — og samkvæmt þeim fregnum, sem ég hef haft, er með öllu óvíst um afdrif frv. um styrk til vatnsveitna, og mér er kunnugt um það, að mjög skiptar skoðanir eru um, hvort það mál verði tekið á dagskrá í hv. Nd., og er því óvíst, hvort það nær fram að ganga, auk þess sem óvíst er, nema það þurfi að ganga milli d.

Ég stend við það, að ef frv. um styrk til vatnsveitna nær fram að ganga, er mitt frv. óþarft, en ég hygg, að því frv. sé stefnt í hættu, ef það er áfram látið liggja hér í d. og ekki þokað fram í þinginu og það látið dragast fram á síðustu stundu, og ekki sést enn, hver afdrif hins málsins verða.

Efni frv. míns var eingöngu um það að láta Reykjavíkurbæ um þessi atriði njóta jafnréttis við kaupstaði úti um land, sem honum er mjög nauðsynlegt vegna hinnar miklu vatnsveituviðbótar, sem vonandi verður fulllokið, áður en langt um líður. Fulltrúar allra flokka í bæjarráði eru sammála um nauðsyn á afgreiðslu þessa máls, og verður sú nauðsyn stöðugt meiri, eftir því sem nær dregur, að vatnsveitunni lýkur, því að það er beint fyrirheit til þeirra lánsstofnana, sem hafa lánað bæjarsjóði fé til þess að ráðast í þessa vatnsveituframkvæmd, að jafnskjótt og henni verði lokið, verði vatnsskatturinn hækkaður til þess að standa undir tilkostnaðinum. Er því beinlínis efnt til vandræða og vanskila af hálfu bæjarsjóðs, ef þessi hækkun á vatnsskattinum nær ekki fram að ganga, er frv. mitt gerir ráð fyrir. — Nú veit ég, að sumum sýnist, að hækkunin á vatnsskattinum samkv. mínu frv. sé óþarflega mikil, en hún er þó enn rýmri samkv. hinu frv., og er því enn meiri ástæða til að ætla, að menn verði móti því frv. en mínu. Sú heimild, sem gert er ráð fyrir í mínu frv., er sú sama, sem er í l. fyrir alla aðra staði utan Reykjavíkurbæjar.

Ég held því, að það geti ekki verið nein skynsamleg ástæða til þess fyrir hv. d. að standa á móti afgreiðslu þessa máls, og vil eindregið skora á menn að veita málinu brautargengi. Ef hitt frv. nær hins vegar fram að ganga, er hægur vandi að stöðva þetta litla mál, jafnskjótt og framgangur hins málsins er öruggur. Get ég heitið hv. dm. því, að ég skal fylgjast með því og hlutast til um það við hæstv. forseta Nd., að þetta mál verði stöðvað þar, jafnskjótt og augljóst er, að hitt málið nái samþykki, sem er meira en vafasamt, eins og nú standa sakir.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég vil aðeins benda á það, að hv. Ed. var búin að ganga frá því máli, sem hér var rætt, þ. e. styrk til hinna ýmsu sveitarfélaga til þess að koma upp hjá sér vatnsveitum. Hygg ég, að málið hafi verið lagt fram á Alþ. að tilhlutan hæstv. ríkisstj. og var þá talið mjög aðkallandi, enda er þetta ákaflega mikils vert mál fyrir hin ýmsu þorp úti um land. Nú hefur ekki önnur breyt. verið gerð á þessu frv. hér í hv. d. en sú, að í stað þess, að ríkissjóður skyldi veita óendurkræfan styrk, þá skyldi veita lán, ef nauðsyn bæri til, að jafnstórum hluta, og skyldi það vera vaxtalaust í 10 ár. Ég veit, að ríkissjóði er á engan hátt íþyngt, þótt þessi breyt. verði á frv. gerð, og þess vegna kemur mér það á óvart, að verið sé að stöðva þetta þýðingarmikla heilbrigðismál. Er mér tjáð, að það sé gert eingöngu vegna afskipta hæstv. ríkisstj. og að hæstv. dómsmrh. eigi einn sökina á því, að málið sé ekki komið lengra. Vildi ég gjarnan heyra álit hæstv. ráðh. á þessu og vil vænta þess, að hann beiti sér fyrir því við hæstv. samgmrh., að þetta mál verði látið koma fram og samþ., eins og meiri hl. þessarar d. óskaði eftir. Ég fyrir mitt leyti sé ekki ástæðu til að afgreiða þetta mál, sem hér liggur fyrir, frá n., sem samkomulag var um, að ekki þyrfti að afgreiða, fyrr en séð yrði um það í hv. Nd., hvaða afgreiðslu hitt málið fær þar.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. — Ég vil aðeins upplýsa það, vegna þess að manni skildist það af ummælum hv. þm. Barð., að málið hefði stöðvazt af mínum völdum, að hér er rangt með farið. Málið var eingöngu stöðvað af afskiptum hæstv. samgmrh. Ég held hins vegar, að hann sé ekki á móti málinu, heldur hlynntur því, en þar komu önnur atvik til greina. Annars verð ég að segja það, að mér finnst framferði n. og hv. þm. Barð. vera það, sem á útlendu máli nefnist „blackmail", þ. e. þorparabragð, þar sem hann vill nú hafa annan hátt um afgreiðslu málsins en hann hafði áður gefið loforð um.

Gísli Jónsson: Herra forseti. — Ég vil leyfa mér að mótmæla ummælum hæstv. dómsmrh. og tel ósæmilegt, að hann noti slík orð, sem hann viðhafði. Vil ég upplýsa, að ég hafði beðið um samtal við borgarstjóra og hæstv. ráðh. í gær, en þá var áhugi hans ekki meiri en það, að hann vildi ekki ræða málið, þótt hann nú í kvöld hafi fengið svona ákafan áhuga á málinu.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. — Ég tók eftir því, að hæstv. dómsmrh. lagði á það mikla áherzlu, að það væri mikið nauðsynjamál fyrir Reykjavíkurbæ að koma frv. um breyt. á l. um vatnsveitu fyrir Reykjavík gegnum þingið. Hins vegar tók ég ekki eftir því, að hæstv. ráðh. legði eins mikla áherzlu á það, að það væri eins mikið nauðsynjamál fyrir sveitarfélögin og bæjarfélögin úti um land, að frv. um styrk til vatnsveitna fengist gegnum þingið. Nú var búið að afgreiða það frv. þannig, að þessi mál væru leyst, bæði hvað snertir Reykjavíkurbæ og allt landið. Þess vegna lýsti n. því yfir, að

hún legði fyrst og fremst áherzlu á að fá það frv. gegnum þingið, en ekki tvenns konar löggjöf um sama efni. Samgmn. lagði mikið kapp á að leysa málið í einu lagi í því trausti, að ríkisstj. mundi knýja það fram fyrir Reykjavíkurbæ og landið allt, því að Alþ. er ekki fyrir Reykjavík eina, heldur fyrir gervallt landið, og það vona ég, að hæstv. ríkisstj. líði ekki úr minni, þó að hæstv. dómsmrh. sé fyrrv. borgarstjóri Reykjavíkur. Vil ég mega treysta því, að hæstv. ráðh. leggi alefli sitt til þess, að þetta mál verði leyst og verði samþ. — ekki aðeins fyrir vatnsveitu Reykjavíkurbæjar, heldur fyrir allt landið.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. — Það gætti nokkurs misskilnings í ræðu hv. 3. landsk. þm. (HV). Sannleikurinn er sá, að um efnisatriði þessa frv., sem hér er til umr., er enginn ágreiningur, en hitt málið er aftur í móti deilumál, og þar er um að ræða að innleiða nýja meginreglu í íslenzka löggjöf, sem sannast að segja er nokkur ágreiningur um, m. a. innan ríkisstj., ekki þó þannig, að um andstöðu til málsins sé að ræða, heldur að það þurfi frekari athugunar við. Í þessu litla frv., sem hér um ræðir, er um enga slíka nýja meginreglu að ræða, heldur aðeins um það að láta Reykjavíkurbæ nú öðlast sama rétt og allir aðrir staðir á landinu, sem komið hafa upp vatnsveitum, hlutu, annars vegar með vatnsveitul. frá 1923 og hins vegar með breyt. á þeim l. árið 1941. En ákvæði Reykjavíkur varðandi þessi atriði eru frá 1907 og eru því nær mannsaldur á eftir tímanum. Hér er því aðeins um jafnréttismál fyrir Reykjavík að ræða með því að koma á sömu eða hliðstæðum ákvæðum eins og aðrir staðir njóta nú um þessi efni. Hitt frv. fjallar um það að taka upp stórkostlega stefnubreytingu í þessu landi, þannig að ríkið eigi raunverulega með beinum fjárframlögum að fara að standa undir vatnsveitum víðs vegar úti um land. Ég greiddi þessu máli atkv. mitt hér í þessari hv. d., en menn verða að átta sig á því, að þar er um stórkostlega stefnubreytingu að ræða, sem mikill ágreiningur er um og ég ræð engu um, hvernig fer að lokum, ekki sízt vegna þess, að hv. þm. Barð. hefur nú farið um það sínum læknishöndum hér í hv. d. og breytt því, þannig að aðstandendur þess í hv. Nd. eru stóróánægðir. Til viðbótar þessu er svo ágreiningur um sjálft meginmál frv. Ég vil því vænta þess, að hv. dm. geti séð, að það kunni að vera erfitt að finna lausn á þessu stóra deilumáli í öllu því annríki, sem nú er hér á þingi, og er þetta ekki sagt af því, að ég vilji gerast meinsmaður þess máls. Vegna minnar miklu þekkingar á þessu máli get ég fullvissað hv. þm. um, að Reykjavíkurbæ er brýn nauðsyn á, að þetta frv., sem er til umr., nái fram að ganga, hvað sem hinu frv. líður. Ég hef boðizt til þess, ef þetta mál nær hér fram að ganga, að ég skuli sjá um, að það verði stöðvað í hv. Nd., ef hitt frv. verður afgr., en ef ég hefði ekki treyst loforðum hv. þm. Barð. um, að hann skyldi sjá um, að það næði fram að ganga, hefði ég fyrr gert aðrar ráðstafanir og farið aðrar leiðir.

Svo kemur þessi hv. þm. og segir, að staðið hafi á mér, og hefur í hótunum og segir, að ef við viljum ekki tala við sig þá á stundinni, þá skuli málið verða stöðvað. Ég vona, að hv. d. meti slíka framkomu að verðleikum.

Gísli Jónsson: Ég held, að það gangi eitthvað að ráðh. Ég sat í forsetastól, þegar hann gerði þessa fyrirspurn, og hafði engin þau orð, sem hann talaði um. Það hlýtur að vera taugaáfall, sem ráðh. hefur fengið. Í fyrsta lagi get ég upplýst, að ég er ekki form. n., svo að þessi ábyrgð hvílir ekki á mér, svo að ég hefði engu getað lofað um afgreiðslu málsins. Ég hef tvívegis rætt um það í n. fyrir ráðh. og fengið aths., sem ég vildi ræða við hann, en hann hafði þá ekki áhuga fyrir því. — Enn fremur get ég upplýst, að mikill ágreiningur var í n. um málið, og eru sumir í henni, þar á meðal nokkrir búsettir í Reykjavík, á móti því, að málið gangi fram óbreytt, þannig að ræða hv. þm. er út í bláinn. Ef hann hefði kynnt sér þetta mál eða haft áhuga fyrir því fyrr en í kvöld, hefði hann ekki talað svona.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. — Ég skal ekki draga dul á þann beyg, sem ég ber í brjósti um áhuga dómsmrh. fyrir því að knýja hitt málið fram, sem leysir bæði vatnsveituþörf Reykjavíkur og landsins alls, ef Ed. hlypi til og greiddi götu vatnsveitufrv. Reykjavíkur. Þá væri hann búinn að fá það mál, sem Reykjavík snerti, og ég er sem sagt hræddur um, að þá yrði erfitt að knýja hitt málið fram. Ég tel því heppilegast að leggja höfuðáherzlu á, að málið, sem leysir vatnsveituþörf landsins alls, komist gegnum þingið. Ég veit ekki betur en ráðh. hafi undanfarna daga gengið milli manna og lempað ágreining um stór mál, sem ríkisstj. hefur barizt fyrir breyt. á, og hafi í mörgum tilfellum haft lag á að sníða agnúana af, og ég skil ekki, að þetta mál gæti orðið honum ofvaxið, ef hann legði sig fram um það. Ég vil því skora á ríkisstj. að beita sér fyrir hinni nauðsynlegu lausn á þörfum Reykjavíkur og landsins alls með því að sníða agnúana af hinu frv. Reykjavík er engu meiri nauðsyn að fá þessi l. en þorpunum úti á landi. Það geta ekki verið þau ósamkomulagsatriði, að ríkisstj. geti ekki, ef hún vill, numið burtu þann ágreining með einhverjum breyt., án þess þó að misþyrma málinu um of. Ég held því, að það sé rétt leið, að ríkisstj. beiti sér fyrir því að knýja hitt málið fram, og er þá ekki þörf á lausn þessa máls.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Ég vil segja, að á þeim degi urðu þeir Heródes og Pílatus vinir, og á ég þar við þá hv. 3. landsk. og hv. þm. Barð. Nú geta þeir barizt saman móti góðu máli, d. til lítillar uppbyggingar og sjálfum sér til enn minni sóma. — Ég skal svo ekki fara um þetta fleiri orðum. Ég vil aðeins geta þess, að því beindi ég orðum mínum til hv. þm. Barð., að hann hljóp fyrir skjöldu, eins og stundum áður, en hafði auk þess haft orð fyrir n. í fyrri umr. um þetta mál og var

með umboð hv. n. Hvort hann hefur þarna sagt meira en hann hafði ástæðu til að segja, skal ég ekki um segja. Það verður hann að gera út um við meðnm. sína, en hann lofaði, að þetta mál skyldi ná fram að ganga, ef hinu málinu yrði stefnt í hættu. Hvort hann vill rjúfa það heit, um það skal ég ekki segja. Hitt, að ég hafi fyrst fengið áhuga fyrir málinu í kvöld, er rangt. Ég hef ýtt undir það dag eftir dag, að það kæmist fram.

Brynjólfur Bjarnason: Ég vildi benda hæstv. utanrrh. á, að ágreiningur er um þetta mál, eins og tekið hefur verið fram. Og ég vil eindregið ráðleggja honum að knýja ekki fram atkvgr., því að þá gæti svo farið á þessu stigi málsins, að frv. yrði fellt. Hitt málið er komið lengra. Það er í n., og mér er sagt, að málið hafi verið stöðvað af hæstv. ríkisstj. eða mönnum innan hæstv. ríkisstj. Þess vegna finnst mér, ef ráðh. hefur áhuga fyrir, að þetta mál verði leyst á þann hátt, sem við í raun og veru erum sammála um, að heppilegastur sé, þ. e. að frv. nái fram að ganga, þá ætti hann að beina allri sinni miklu orku að því innan ríkisstj., að málið yrði tekið fyrir í Nd. og afgr. einhvern veginn, þannig að í ljós kæmi, hvort þingfylgi er fyrir því eða ekki. Nái það fram að ganga á Alþ., er málið þegar leyst, en verði það fellt, mun ekki verða nein andstaða á móti því, a. m. k. ekki frá n., að þetta mál nái fram að ganga. Það er ekki nema ein umr. eftir í Nd. Ég álít því langheppilegast fyrir ráðh. að fara að ráðum meiri hl. n. og að málið verði nú tekið af dagskrá. Ráðh. hefur sjálfsagt í fullu tré við meðráðh. sína, að ekki verði komið í veg fyrir, að hitt málið verði tekið fyrir í Nd. á morgun og úr því skorið, hvort það hefur nægilegt fylgi þar.

Pétur Magnússon: Maður hefur nú oft heyrt talað um hrossakaup á Alþ., en sennilega hefur verið talað um þau í hliðarherbergjunum. Ég hef aldrei heyrt á ævi minni, að þrír þm. stæðu upp hver á fætur öðrum og byðu upp á hrossakaup. Annað er í raun og veru ekki verið að gera hér, þar sem verið er að reyna að knýja fram mál með hótunum um að fella annað, sem allir menn hljóta að sjá, að hefur fullkominn rétt á sér. Það er vitað, að verið er að koma upp vatnsveitu í Reykjavík, og vitað líka, að þörf er fyrir þessa vatnsveitu, og er þá ekki nema skylt að gera Reykjavík kleift að standa undir henni. Reykjavík er ekki komin upp á styrk, en vill aðeins fá að leggja gjöld á eigin borgara. Ég veit ekkert, hvaða útlit er fyrir, að hitt frv. nái fram að ganga, hef ekki heyrt um það, fyrr en nú við þessa umr. En ef nokkur hætta getur verið á því, að það frv. nái ekki afgreiðslu á þingi, væri ósæmilegt fyrir þessa d. að verða þess valdandi, að þetta mál nái ekki fram að ganga og knýja Reykjavík til þess að standa straum af kostnaðinum af vatnsveitunni, sem verið er að gera núna, með útsvörunum. Ég get ekki hugsað mér annað en hver maður, sem vill hugsa þetta mál með sanngirni, ljái því fylgi sitt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 15:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BK, BrB, EE, GÍG, HV, HermJ, JJós, LJóh, PZ, PM, SÁÓ, StgrA, KG, BBen, ÞÞ.

nei: ÁS.

GJ greiddi ekki atkv.

5 þm. gerðu grein fyrir atkv. sínu:

Brynjólfur Bjarnason: Ég segi já til 3. umr. í trausti þess, að ríkisstj. sjái um, að frv. um styrk til vatnsveitna verði afgr. á morgun.

Gísli Jónsson: Frv., sem hefur valdið miklum deilum, um vatnsveitur fyrir ýmis þorp, var borið fram af hæstv. ríkisstj. í byrjun þings. Því var breytt hér í þessari d. til stórkostlegs hagnaðar fyrir ríkissjóð, og þurfti þá eina umr. um málið í Nd. Dómsmrh. féllst á, að mál þetta mætti geyma í n., þar til séð yrði, hvort hitt málið fengi fylgi. Sá dómur hefur ekki fallið. Má láta hann falla, hvenær sem er, og þegar hann er fallinn, mun ég velja á milli. Ég greiði því ekki atkv.

Hannibal Valdimarsson: Með tilvísun til grg. hv. 4. landsk. get ég sagt já til 3. umr.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. — Því hefur verið haldið fram hér í þessum umr., að frv. um styrk til almennra vatnsveitna væri stöðvað í n. Um sönnur á því veit ég ekki, en hins vegar veit ég, að það er orðið allalgengt, að bæði n. og forsetar standi á þingviljanum með því að lofa málum ekki að fá afgreiðslu á Alþ. Ég get því vel trúað, að þessum brögðum sé beitt í n., og segi því nei.

Ásmundur Sigurðsson: Í trausti þess, að það frv., sem vantar ekki nema eina umr., verði að l., segi ég nei.

2.—3. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 143. fundi í Ed., 23. maí, var frv tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð af stj., en deildin synjaði þeirra með 5:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BK, EE, GÍG, LJóh, PZ, PM, SÁÓ, KG, BBen, ÞÞ.

nei: GJ, HV, HermJ, StgrA, ÁS.

2 þm. (BrB, JJós) fjarstaddir.

Á 144. fundi í Ed., s. d., var frv. aftur tekið til 3. umr.

Forseti (ÞÞ): Með því að of skammt er liðið frá því, er 2. umr. fór fram um þetta mál, verður að veita afbrigði frá þingsköpum, til þess að frv. megi taka til 3. umr. nú. Mun ég nú leita þeirra afbrigða.

Brynjólfur Bjarnason: Ég vildi helzt, áður en ég greiði atkv. um afbrigði í þessu máli, spyrja þá

hæstv. ráðh., sem hér eru staddir, hvort þeir vilji ekki sjá til þess, að frv. um vatnsveitur geti komið fyrir í Nd. og verði afgr. Ef þeir vilja lofa því, skal ég ekki hafa neitt á móti því, að málið fái eðlilega afgreiðslu hér.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. — Ég vil treysta á það, að hæstv. ríkisstj. greiði fyrir vatnsveitumálinu, sem liggur fyrir Nd., og vil ekki standa í vegi fyrir, að þetta fari sína leið gegnum þingið, og ég get ekki trúað því, að það takist ekki að koma hinu málinu í gegn. Ég treysti á, að það mál verði tekið fyrir.

ATKVGR.

Afbrigðin leyfð og samþ. með 13:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EE, GÍG, HV, HermJ, JJós, LJóh, PZ, PM, SÁÓ, KG, BBen, BK, ÞÞ.

nei: GJ, StgrA, ÁS, BrB.

3 þm. gerðu grein fyrir atkv.:

Hermann Jónasson: Ég leit á þetta í gær eins og eins konar verkfall móti vinnubrögðum, sem hafa átt sér stað, og ég hef aldrei ætlað að neita framgangi málsins. Ég get skilið, að hér er ekki um alls kostar eðlileg vinnubrögð að ræða, að setja beinlínis stólinn fyrir dyrnar og heimta ákveðin svör, en ég vil, af því að stífni er komin í málið, taka fram, að ég ætla að greiða atkv. með afbrigðunum í trausti þess, að sams konar tillitssemi verði viðhöfð við hitt málið, og segi því já.

Brynjólfur Bjarnason: Þar sem ríkisstj. hefur ekki látið svo lítið að svara fyrirspurn minni um það, hvort hún vilji hlutast til um, að frv. um vatnsveitur fái afgreiðslu í Nd., þá segi ég nei.

Gísli Jónsson: Afstaða mín til málsins á s. l. fundi var ekki mörkuð af því, hvort hitt málið fengi afgreiðslu í Nd., heldur vegna ósæmilegrar framkomu ráðherrans, og ég tel, að hann hafi verðskuldað þá hirtingu, sem d. veitti honum á s. l. nóttu. En með því að ég sé enga hugarfarsbreytingu hjá þessum ráðh., þá breyti ég ekki heldur afstöðu minni og segi því nei.

Forseti (ÞÞ): Þar sem afbrigðin hafa nú verið leyfð, liggur málið fyrir til umr.

Gísli Jónsson: Herra forseti. — Það, sem gefur mér tilefni til að segja nokkur orð um þetta mál, eru ummæli, sem féllu frá hv. 1. þm. Reykv. í nótt sem leið. Hann hélt því fram hér, að við þrír, sem höfum starfað í n., hefðum gert hrossakaup. Ýmislegt hefur verið sagt um störf mín hér á Alþ. af andstæðingum mínum, en aldrei hefur mér verið borið á brýn, að ég hafi gert hrossakaup um nokkurt mál. Því sárara er mér þetta að fá það frá jafngrandvörum manni og 1. þm. Reykv. er. Leyfi ég mér algerlega að mótmæla þeirri ásökun. Það var fullt samkomulag við hæstv. dómsmrh. að halda þessu máli, þar til hitt málið hefði náð fram að ganga.

Málið er eingöngu svo komið sem er fyrir stífni og ósanngirni ráðh. út af þessu og hinu, en hann hefur fengið nægilega hirtingu fyrir framkomu sína með neitun á afbrigðunum, og vænti ég, að hann læri af þessu í þeirri stöðu, sem ég hef stutt hann og mun styðja hann í í von um betri hegðun. En ég hygg, að borgarstjóri hafi átt talsverða sök á, hvernig fór með málið í Nd. Það er komin brtt. um þetta mál, og það mun ekki hafa verið sótt neitt lint af honum að fá einmitt inn það, sem hefur valdið deilunum, og hafa þeir báðir, bæði fyrrv. og núv. borgarstjóri, stuðlað að því, að málið er komið í öngþveiti. Í sambandi við það, sem ráðh. sagði, að við hefðum beitt valdi okkar í n., ekki sízt ég, sem hann hélt, að væri form., þá vil ég benda á, að tvö undanfarin ár hélt hann máli fyrir mér, sanngirnismáli, í allshn. og beitti formannsvaldi til að drepa það og viðurkenndi, að þannig færi hann að, þegar hann hefði ekki möguleika til að drepa það öðruvísi. Þriðja skipti, sem það kom fyrir, var því haldið í n. svo lengi sem hann átti þar sæti. Fyrst þegar hann fór úr n., komst þetta réttlætismál í d. og úr þinginu. Svo leyfir þessi ráðh. sér að brigzla mönnum um það, sem þeir hafa ekki gert, eins og að tefja mál af ásettu ráði. Þegar frv. var tekið til umr. í n., var mjög mikill ágreiningur um málið sjálft, m. a. lýsti þm. Seyðf. því yfir, að hann gæti ekki fylgt frv. óbreyttu. Hann taldi m. a., að það væri raunar ósanngjarnt að hækka vatnsgjaldið svo mikið sem gert er, það væri raunar beint brot á loforði, sem hefur verið gefið um, að það skyldi verða tekið tillit til þess í vatnsskattinum, þegar heita vatnið hefði komið í bæinn, enda er það vitanlegt, að svo og svo mikill hluti af vatninu er keyptur alveg sérstaklega. Aðrir nm. féllust ekki á þessu skoðun, en það er rétt að láta það koma fram, að þetta mál kom inn, án þess að gefið væri út nál. Hins vegar er því ekki að leyna, að heilbr.- og félmn. á ekki sök á ástandi vatnsveitunnar í Reykjavík, eins og gefið var í skyn í nótt. Það er sannarlega eðlilegt, að sjálfur dómsmrh., sem hefur verið borgarstjóri, veit, að það þarf ekki reglugerð til að skrúfa fyrir vatnið í Reykjavík né sérstök lög. Mér er líka vel kunnugt um átök milli mín og ráðh. um hagsmunamál bæjarins, svo sem höfnina, er hann hefur unnið gegn. Einnig hafa framkvæmdir þurrkvíanna stöðvazt fyrir hans tilverknað. Þessa andúð sína hefur hann ekki þorað að viðurkenna opinberlega, en hefur sjálfur „saboterað" ár eftir ár og mánuð eftir mánuð, er það mál kom á dagskrá, og svæft það svo kirfilega, að engum hefur dottið í hug að reyna að koma með till. um þetta mannvirki. Hann getur svo sjálfur skýrt, hvað á bak við hefur legið. Hann veit það sjálfsagt bezt.

En úr því að ráðh. óskar eftir umr. um málið og hefur sagt, að ég hafi sýnt fjandskap í því, þá er bezt að fá upplýsingar um, hver sýndi málinu þann fjandskap, sem hann talaði um í nótt, og hver á sök á þessum drætti. Ég mun ekki ræða þetta nánar,

nema tilefni verði til, en mun að sjálfsögðu fylgja málinu úr d., úr því sem komið er.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Ég sé ekki neina ástæðu til að fara að deila við hv. þm. Barð. Allir nm. nema hv. 3. landsk. eru hættir að virða hann svars, og tel ég, að orðaskipti þeirra stafi af því, að hv. 3. landsk. er búinn að vera hér svo skamma hríð, annars mundi hann ekki skipta sér af orðaskaki þessa þm., enda sýndi hann meiri þroska en þessi þm., þar sem hann hvarf frá rangsleitni þeirri, sem hann sýndi í nótt, enda hefur það ekki tafið málið, þar sem það fær afgreiðslu á sama sólarhring, þó að þeir heimskuðu sig á að neita afbrigðunum í gær, þvert ofan í vilja meiri hl. d. Þá tók hann fram algerlega ranglega, að ég hefði stöðvað mál í n. og sagt það við hann utan þings, eins og hann gat um áðan. A. m. k. er einkennilegt, hvernig ég hef getað stöðvað mál í n. í haust, meðan ég var langdvölum burtu. Málið var afgr. síðar í vetur, af því að þá náðist samkomulag á allt öðrum grundvelli en áður var talað um, og það hefur verið sérstök ástæða til þess, að menn vildu ekki afgreiða málið, sem sé að skipa átti mþn. Ég hafði óskað eftir, að þetta mál yrði fyrst um sinn afgr. til Nd., og það var samkomulag um að afgreiða málið á þann veg, en ég veit, að hv. þm. Barð. skilur þetta ekki, það er honum ofvaxið. Hv. þm. Barð. var búinn að lofa því, að þetta mál yrði afgr. út úr d., ef hitt væri í hættu. Hv. þm. Barð. vissi, að óvíst var um framgang hins málsins. Hann hefur því brugðizt heiti og fer svo með illyrði til mín og hv. þm. Snæf. Um hv. þm. Snæf. er það að segja, að ef frv. um vatnsveitur nær fram að ganga, sem ekki er útilokað, þá er það ekki hvað sízt að þakka framtakssemi hans, svo að hann á allt annað en skammir skilið frá þeim mönnum, sem óska, að það mál nái fram að ganga. En ég veit, að hv. þm. Barð. skilur þetta ekki, enda ætlazt ég ekki til þess af honum. Um efniságreining er það að segja, að þessi hv. d. var búin að afgreiða frv. um ótakmarkaða heimild, en hér er aðeins farið fram á takmarkaða heimild, svo að þeir, sem samþykkja það frv., geti ekki verið á móti þessu. Það var því ekki mikil ástæða til þess, að hv. dm. yrðu sér til skammar með því að neita um afbrigði í nótt, en það er ekki neitt nýtt með hv. þm. Barð., það er dagleg sjón hér í d. Heldur var það nú einkennileg refsing við mig að senda mig í stjórnarráðið, það er harla einkennilegt betrunarhús, og held ég, að hv. þm. hafi verið aftur í gömlum tímum. En annars lýsir skilningur hv. þm. Barð. sér vel í því, að nú lýsir hann því yfir, að hann ætli að fylgja málinu.

Hermann Jónasson: Herra forseti. Ég ætla ekki að fara út í orðaskak um þetta mál. Ég tel, að það sé mikið hagsmunamál fyrir Reykjavík að fá þetta mál eða hitt samþ. En ég vildi segja nokkur orð út af því, að ég var einn þeirra, sem varð mér til skammar. Við, sem urðum okkur til skammar, svo að notuð séu orð hæstv. ráðh., við treystum því, þegar hæstv. samgmrh. bar fram frv. um vatnsveitur, sem ráðh. í fyrrv. stjórn og núv. stjórn, að þá væri þetta frv. borið fram af brýnni þörf fyrir þorpin úti á landi, eins og hv. d. er kunnugt. Þorp, þar sem eru fáar fasteignir, hafa ekki efni á að standa undir þeim kostnaði, sem vatnsveita hefur í för með sér. Mjög gott dæmi um þetta er Stykkishólmur. Í þessu frv. var ákveðið að veita ríkisábyrgð fyrir lánum til vatnsveitna og einnig styrk til þeirra. Málið var afgr. hér í þessari d., og í n. ákveðið að afnema styrkinn, en hafa aðeins ríkisábyrgð fyrir lánunum, en fara þó það varlega í sakirnar að hafa þau vaxtalaus í 10 ár, ef vatnsveitan getur ekki staðið undir kostnaðinum. Málið var síðan látið fara til Nd. Var nú fastlega búizt við því, að málið fengi afgreiðslu, og gengu þm. út frá því sem gefnu og voru búnir að tilkynna það heim í kjördæmi sín. Við vitum, að það er víða svo með atvinnuframkvæmdir í þorpunum, að þar verður ríkið að hlaupa undir bagga og leggja eitthvað af mörkum. Hér er því um mál að ræða, sem er lífsnauðsyn fyrir þorpin, að nái fram að ganga, ekki aðeins í heilbrigðislegu tilliti, heldur líka stórkostlegt atvinnuspursmál, m. ö. o. undirstöðuatriði fyrir þorpin. Í því frv. er bæði þorpunum og Reykjavík fullnægt. Svo kemur það í ljós, þegar málið er komið aftur til Nd., að málið er stöðvað, og það er talið, að ríkisstj. sé völd að því. Nú spyr ég: Ef þetta er ekki misnotkun stj. á valdi sínu, að koma í veg fyrir afgreiðslu þessa máls, er þá hitt misbeiting á valdi, ef við þm. stöðvum mál, jafnvel þó að það væri gert til hlítar? Ég vildi með atkv. mínu í nótt aðeins mótmæla þessari meðferð á máli, og það er eins og þegar verkalýðsfélög gera sólarhrings verkfall gegn slæmum vinnubrögðum. Við höfum með þessu sýnt vald d. og undirstrikað, að við erum óánægðir með þessi vinnubrögð. En ég vil ekki stöðva málið, en neitun afbrigða er ekki röng aðferð, þegar svona er unnið, og það getur ekki verið komin sú stífni í þetta mál, að ekki sé hægt að greiða fram úr því. Ég greiddi því óhikað atkv. með afbrigðunum nú, þótt það liggi ekki fyrir, að málið verði afgr., en mér finnst nú eðlilegt að ríkisstj. láti sér þessa framkomu okkar að kenningu verða. Þegar svo þessi málarekstur er athugaður, hygg ég, að hæstv. dómsmrh. hljóti að viðurkenna það, a. m. k. með sjálfum sér, að við höfum ekki orðið okkur til skammar, þó að við neituðum um afbrigði í nótt. Ég hefði ekki tekið til máls, hefði hæstv. ráðh. ekki viðhaft svo stór orð sem hann gerði. En þetta eru hlutir, sem þm. geta gert, þegar þeir eru óánægðir.

Pétur Magnússon: Ég vildi leiðrétta þann misskilning hjá hv. þm. Barð., að ég hafi borið á hann, að hann væri að hafa hrossakaup við meðnm. sína, það sagði ég aldrei. Ég sagði aðeins, að þrír hv. þm. hefðu boðið það í d. fullskipaðri og í heyranda hljóði að hafa hrossakaup. En ég átti við það, að hv. þm. Barð. og tveir hv. þm. aðrir hafi bundið fylgi sitt við þetta frv. því, að annað frv. nái fram að ganga. Þeir játa það allir, að þetta frv. eigi

fullan rétt á sér, að nauðsyn sé á aukinni vatnsveitu hér í Reykjavík, en það þarf lagastaf til þess að leggja þau gjöld á, sem til þess þarf að koma henni upp, en þegar fylgi við þetta mál er bundið því skilyrði, að annað mál nái fram að ganga, þá leyfi ég mér að kalla það hrossakaup, og er það í samræmi við þá merkingu, sem lögð er í það orð. Annars eru þessar umr. næsta undarlegar. Á frv. sjálft er varla minnzt. Hv. þm. Barð. skýrði að vísu frá því, að aths. hefðu komið fram við einstök ákvæði þess, en á það ekki minnzt frekar eða því mótmælt, að frv. næði fram að ganga. Umr. eru um mál, sem d. er búin að afgreiða frá sér og hún hefur ekki vald á lengur, og getsakir hv. þm. Str. um, að ríkisstj. hafi af einhverjum slæmum hvötum stöðvað það mál, get ég ekki skilið, að séu á rökum reistar. Vitanlega hefur stj. ekki vald á því máli, ef meirihlutavilji er fyrir því, að það nái fram að ganga. Annaðhvort hlýtur n. þá að vera á móti málinu eða ekki er til fyrir því meiri hl. í d. Að fara að tengja þessi mál saman nær svo engri átt, enda þótt þetta mætti falla, ef hitt yrði að l.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Mér þykir vænt um að fá þessa yfirlýsingu frá hv. 1. þm. Reykv., eins og ég skildi orð hans. En ég hef aldrei heyrt annað en að málið ætti fylgi að fagna í Nd. Afstaða mín til þessa máls er önnur en afstaða hv. þm. Str., og það er ekki enn farið að skiljast, að afstaða mín skapaðist fyrst og fremst af ófyrirleitni hæstv. dómsmrh., eftir að hann hafði átt samræður við mig um málið utan þings. Því vil ég ekki leyfa, að málið nái fram að ganga á þessu stigi. Hann hefur haldið því fram, að ég hafi svikið sig, en ég vil aðeins benda honum á, að málið er ekki í mínum höndum, þar sem ég er ekki form. n. En ég hafði lofað honum því að gera honum viðvart, ef með þyrfti, og gera mitt bezta til þess að fá málið tekið fyrir í n., en þegar ég svo vil fá málin skýrð, þá hleypur hann upp með ósæmilegum orðum, og getur vel verið, að þeir hv. þm. Snæf. hafi verið á launmálum um þetta, en hæstv. ráðh. ætti að vera nokkru hreinskilnari. Ég hafði ekki fyrr reynt að fá samkomulag um málið við hæstv. ráðh. en hann rýkur upp og skammar mig fyrir hluti, sem ég á enga sök á. Ég vil benda á, að þess konar rök notar hæstv. ráðh., sem einu sinni var kennari í l., að velja mönnum þau svívirðilegustu orð, sem manni verða valin í þessu landi, og það úr ráðherrastól. Það væri ekki amalegt að eiga dómsúrskurð á þessu fallega máli ráðh. Ég studdi hæstv. ráðh. í stjórn, og mun halda áfram að styðja hann í von um, að það bæti eitthvað skap hans. Og ég er alveg hissa á því, að hæstv. ráðh. skuli láta skapið hlaupa svona með sig í gönur, hann hefur engan sóma af því.

Forseti (ÞÞ): Ég vil geta þess, að ef umr. halda lengi áfram, verður málinu frestað eða ræðutími styttur.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Ég vil leggja áherzlu á það, sem kom skýrt fram hjá hv. þm. Barð., að afstaða hans til málsins mótaðist fyrst og fremst af því að gera mér persónulega bölvun. Hvort það er nægjanleg ástæða til þess að taka afstöðu til þingmála, skal ég láta ósagt.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 142. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á sama fundi og enn fremur á 144. fundi deildarinnar, s. d., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

---

53. Olíueinkasala.

Á 67. fundi í Ed., 11. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um olíueinkasölu (þmfrv., A. 385).

Á 73. fundi í Ed., 14. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 9 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Hannibal Valdimarsson): Íslenzka ríkið hefur nú beitt sér mjög fyrir aukningu skipaflotans, og má heita, að þær aðgerðir séu aðalatriðið í nýsköpun atvinnuveganna. Á s. l. hausti gekk ríkið í ábyrgð fyrir ákveðnu verði á sjávarafurðum og svo háu, að nokkur vafi er á, að það fáist. Ríkissjóður er því í nokkurri hættu vegna þessara aðgerða og því ekki fjarri lagi að reyna að lækka kostnaðinn á ýmsum nauðsynjum til þessa atvinnuvegar, eins og olíu, kolum, salti, veiðarfærum o. fl. Það er vegna eins af þessum liðum, sem þetta frv., sem hér liggur fyrir, er fram komið. Með þessu frv. um olíueinkasölu er gert ráð fyrir, að lækka megi nokkuð verð á þessari vöru, sem jafnvel gæti orðið til þess, að ábyrgð ríkissjóðs á fiskverðinu þyrfti ekki að koma til greina. Aðalefni þessa frv., sem við 1. þm. N-M. flytjum á þskj. 385, er þannig í sem skemmstu máli: Frá 1. júlí 1947 má enginn nema ríkisstj. flytja inn frá útlöndum nokkra tegund af steinolíu eða olíum eða feiti, sem unnar eru úr henni. Olíuvörur, sem ríkisstj. flytur inn samkv. þessu, selur hún olíusamlögum, kaupfélögum og öðrum verzlunarfélögum, kaupmönnum, félögum bifreiðaeigenda, fyrirtækjum, sem eru eign ríkis og bæjarfélaga, og iðnaðarfyrirtækjum, en ekki öðrum. Það er því ætlazt til, að þessir aðilar annist vörudreifinguna um landið. Fé það, sem þarf til verzlunarrekstrar þess, er um ræðir, leggur ríkissjóður fram, og er ríkisstj. heimilt að taka það að láni. Heimilt skal ríkisstj. að taka eignarnámi eða

leigunámi hverja þá fasteign eða tæki, sem nú eru notuð hér á landi til verzlunarrekstrar með benzín, ljósaolíu, hráolíu og brennsluolíu. Um álagningu er það tekið fram, að hún skuli vera 10—40% á olíuvörur, eftir því sem henta þykir um hverja tegund. Þá er og ráð fyrir því gert, að olíueinkasalan greiði lögboðna tolla. Ágóði sá, sem verður af rekstri olíueinkasölunnar, eftir að hæfilegur hluti hans, fyrirtækinu til öryggis, hefur verið lagður í veltufjár- og varasjóði, fyrningar- og byggingarsjóði, skal geymast til næsta árs og notað það ár til lækkunar á verðlagi þeirra vara, er olíueinkasalan verzlar með, að svo miklu leyti sem eigi reynist unnt að verja ágóðanum til verðuppbótar á því sama ári, sem ágóðinn varð til.

Þetta er meginefni frv. þess, sem hér liggur fyrir. Um framkvæmd olíuverzlunar hér á landi er hægt að flytja langt mál, en hér mun ég aðeins fara um það nokkrum orðum. Olíuverzlun á Íslandi hefur nú um langt skeið verið í höndum þriggja aðila, þ. e. h/f Shell, h/f Olíuverzlunar Íslands og Hins íslenzka steinolíuhlutafélags. Langstærstir þessara aðila eru hin tvö fyrr nefndu, og munu þau hafa um ⅔ hluta verzlunarinnar hvort um sig. Shell h/f er a. m. k. að hálfu eign erlendra manna og félaga, og svo mikill vafi þótti leika á, að hinn helmingurinn væri íslenzk eign, að ríkisstj. fyrirskipaði rannsókn á því, þó að ekkert fengist sannað í því efni. Ekki mun þó leika nokkur vafi á því, að Shell h/f á Íslandi vinnur í nánu samræmi við brezka olíufélagið Shell, og það er opinbert leyndarmál, að þar eru mjög náin tengsl á milli. Aftur er B.P. skráð erlent félag og má af þeim ástæðum eigi hafa neinn rekstur með höndum hér á landi, enda mun það heldur ekki vera talið. Hins vegar á þetta erlenda félag, sem og er heimilt l. samkvæmt, allar eða nær allar þær fasteignir hér á landi, sem Olíuverzlun Íslands h/f þarf á að halda til starfrækslu þess umboðs, sem það félag hefur fyrir brezka Anglo-Iranian olíufélagið, en það félag eða meðlimir þess munu eiga allflest hlutabréfin í B.P. á Íslandi. Það eru því þessi tvö erlendu félög, sem ráða raunverulega yfir ⅘ olíuverzlunar á Íslandi. Þriðja félagið, Hið íslenzka steinolíuhlutafélag, var einnig fram til síðustu áramóta háð erlendu félagi um allan sinn rekstur, enda var það opinbert leyndarmál, að það var eign Standard, olíufélagsins danska. Nú mun þetta félag vera orðið íslenzk eign, því að Olíufélagið h/f, sem S.Í.S., sambandskaupfélög, olíusamlög og nokkrir aðrir aðilar stofnuðu á síðasta hausti, á nú mestan hluta hlutafjárins í Hinu íslenzka steinolíuhlutafélagi og ræður því algerlega rekstri þess. Olíufélagið h/f hefur að vísu fengið söluumboð á Íslandi fyrir Standard Oil félagið, en er því óháð á allan hátt. Ber að fagna þessari breytingu sem þýðingarmiklu spori í rétta átt, því að það verður að teljast vera í litlu samræmi við hið nýfengna sjálfstæði Íslands, ef erlend verzlunarfélög eiga að hafa jafnþýðingarmiklar greinar íslenzkrar verzlunar og olíuverzlunin er í sínum höndum.

Ríkisstj. átti með sérstökum ráðstöfunum fyrir atbeina Vilhjálms Þórs allverulegan þátt í því á árunum 1943 og 1944 að útvega hagkvæmara verð á olíu en verið hefði, ef olíufélögin hefðu ein mátt ráða. En þrátt fyrir baráttu margra og þar á meðal algerlega móti vilja Finns Jónssonar var þessum afskiptum hætt í árslok 1944 með þeim afleiðingum, að verðið hækkaði mjög, og með því var eyðilögð viðleitni Vilhjálms Þórs til úrbóta í þessum málum.

Ýmsir kunnugir telja, að það verð, sem olíufélögin nú eru einráð um að ákveða á olíu, sé allt of hátt. Þetta þykir m. a. koma í ljós af því, að Olíufélagið h/f, sem tók til starfa nú upp úr áramótunum, auglýsir, að það geti selt á 1,90 kr. kg. bifreiðasmurningsolíur, sambærilegar þeim, sem kosta 3,00 kr. kg. hjá Shell og Olíuverzlun Íslands. Einnig hefur Olíufélagið h/f getað selt smurningsolíur á bátavélar á 1,24 kr. kg., en verð á sams konar smurningsolíum á bátavélar hefur verið hjá olíufélögunum 1,84 kr. kg. Ég hef ekki enn getað fengið áreiðanlegar skýrslur um verð á olíu í nágrannalöndum okkar, en mér er tjáð, að það sé gífurlegur munur á verðinu í Noregi og hér á þann veg, að verðið sé stórum mun hærra hér á landi en hjá Norðmönnum.

Eitt höfuðatriði þess, að hægt sé að selja olíu ódýrt, er það, að fyrir hendi sé samfellt olíugeymakerfi kringum allt land. Olíufélögin hafa komið sér upp slíku kerfi, og er það þó ekki algerlega samfellt, en hefur verið aukið mjög mikið við það á síðustu árum. Stærstu geymarnir, sem um er að ræða, eru í Reykjavík, Shell-geymarnir í Skerjafirði, sem taka 10500 tonn, og tankar B.P., sem taka 2230 tonn. Aðrir tankar úti um land eru mjög smáir, eins og gefur að skilja, nema hvað tankarnir, sem eru í sambandi við flugvellina og byggðir hafa verið á síðustu árum, eru geysistórir, miðað við það, sem fyrir var. Á flugvellinum í Reykjavík eru tankar, sem taka 3500 tonn og í Keflavík 8500 tonn.

Allir þessir tankar, sem hér hafa verið nefndir, eru þó smáir, þegar þeir eru bornir saman við tankana í Hvalfirði, en þar eru tankar fyrir benzín og hráolíu, sem taka 41 þús. tonn, og einnig eru í Hvalfirði tankar fyrir brennsluolíu, sem taka 49 þús. tonn. Í Hvalfirði eru þá tankar, sem taka 90 þús. tonn eða sem svarar allt að tveggja ára forða allrar olíu, sem Íslendingar nota nú.

Annað höfuðatriði þess, að hægt sé að tryggja sómasamlegt og hagkvæmt verð á olíu, er það, að hún sé flutt inn í stórum tankskipum. Kunnugir menn telja, að ef hægt á að vera að tryggja sómasamlegt verð á olíu, þá verði að flytja hana inn á a. m. k. 10—12 þús. tonna skipum, en hagkvæmara sé þó að flytja hana inn á 16 þús. tonna skipum eða jafnvel enn þá stórkostlegri farkosti. Þessa aðstöðu, að flytja olíuna inn á tankskipum og eins hafa nokkurn veginn samfellt tankakerfi kringum allt land, hafa engir aðrir en hinir stærstu aðilar, Shell og B.P. Við þá er því ekki hægt að keppa á þessu sviði fyrir aðra aðila en þá, sem geta feng-

ið sams konar aðstöðu, sem væri heimilt að setja upp sams konar kerfi. En að flytja olíuna inn á stórum tankskipum er ómögulegt, ef olíuverzlunin er á mörgum höndum, því að til þess er magnið allt of lítið hjá hverjum.

Um þessar mundir hafa hinir fimm aðilar borið fram óskir um að mega koma sér upp olíutönkum. Og ef hver um sig ætti að koma upp tankakerfi sem víðast kringum landið, B.P., Shell, Olíufélagið h/f, Nafta og í fimmta lagi togaraeigendur, þá mundi nema mörgum tugum millj. sú fjárfesting, sem ætti sér stað, ef þessir fimm aðilar ættu að koma upp fimmföldu tankakerfi kringum landið. Ef það yrði svo, að olíuverzlunin yrði á höndum allra þessara aðila, þá er ekki hægt að sjá, að hægt yrði að neita hinum erlendu olíufélögum, sem hafa svo rík ítök í þessum verzlunarrekstri, um að byggja slíka tanka og festa fé í þeim framkvæmdum, þar sem þau mundu sennilega bjóðast til að leggja fram erlendan gjaldeyri til efniskaupa, en það er ekki heldur hægt að ímynda sér, að aðilum eins og togaraeigendum eða olíufélaginu, sem eru innlendir aðilar, yrði neitað um að geta skapað sér sams konar aðstöðu til að verzla með olíu og hin erlendu félög hafa fengið. Það er því ekki annað séð en að það yrði gífurleg og óþörf fjárfesting á þessu sviði, svo að milljónatugum skipti, ef olíuverzlunin er í höndum hinna ýmsu aðila. Aftur á móti er hægt að komast hjá þessu, ef nú er tekin einkasala á olíu. Það verður að gera ráð fyrir öðru tveggja, að það takist samningar um, að ríkið keypti þau mannvirki, sem nú eru til í þjónustu olíuverzlananna hér á landi, eða þá að þessi mannvirki yrðu tekin eignar- eða leigunámi, og þyrfti þá í raun og veru, ef verzlunin yrði á einni hendi, hendi ríkisins, ekki að festa nema mjög smáar upphæðir í auknum mannvirkjum í þjónustu olíuverzlunarinnar, þ. e. a. s. að bæta í þær eyður, sem eru í því kerfi, sem fyrir er, en það er eitt höfuðverkefni núv. ríkisstj. að hafa vald á fjárfestingu í landinu, og ég hygg, að það sé ekki hægt á neinu einu sviði að vinna eins mikinn sigur í fjárfestingarmálunum og með því að koma olíuverzluninni hér á landi í hagkvæmt horf og fyrirbyggja slíka óþarfa fjárfestingu, sem óhjákvæmilega yrði, ef olíuverzlunin yrði í höndum 4—5 aðila.

Nú hagar svo til, að því er ég hef séð í blöðum, að ríkið hefur keypt olíustöðina í Hvalfirði. Þar eru nú átta geymar, sem taka 35 þús. tunnur hver, eða 4½—5 þús. tonn eftir því, hvaða tegund olíu er geymd í þeim. Þeir eru af þeirri gerð, að þeir eru logsoðnir og í allgóðu lagi, eins og er, og þeim fylgja olíuleiðslur fram á bryggju, sem er í Hvalfirði, sem ríkið er víst líka orðið eigandi að. Þar voru upprunalega að auki 44 geymar, sem tóku 1 þús. tonn hver, en af þeim hafa verið fluttir burt þrír nú þegar, og hafa verið seldir, en stendur til að flytja hina burt. Þeir tankar, sem hafa verið seldir, eru ekki logsoðnir, heldur skrúfaðir og eru því auðveldari til niðurrifs. Hina er miklu óhægra að flytja vegna þess, hvernig þeir eru gerðir. Auk þess eru tveir vatnsgeymar, jafnstórir olíugeymunum, taka um 1000 tonn af brennsluolíu eða 1300 tonn af gasolíu, sem notuð er á vélbátaflotann. Margvíslegar eignir eru þar aðrar, tvö ketilhús með gufukötlum, sem notaðir eru til að hita olíuna í geymunum, átta stærri geymar og 1200 feta löng bryggja, dælustöðvar og mikið af varahlutum til olíustöðvarinnar. Í kaupverðinu, sem mig minnir, að sé 2 millj. kr., er líka 7—800 tonna tankskip og 2700 tonna olíuflutningaprammi. Enn fremur er þar upp frá, eins og allir hafa séð, mikill fjöldi af bröggum og stórum birgðaskemmum og mikið af ýmiss konar áhöldum, vélum og birgðum, sem geymdar eru í þessum húsum. Enn fremur er þar flotbryggja, önnur en sú, sem ég nefndi áður, og margt fleira. Einhvers staðar hef ég séð, að aðgerðir hersins í Hvalfirði hafi kostað 8 millj. dollara, og tankskipið mun ekki hafa verið í þeirri upphæð, en aftur á móti var jarðvinna kringum Hvalfjörð fyrir nokkuð á aðra milljón dollara. Skipið er mér sagt, að megi heita nýtt og nothæft til olíuflutninga hér við land flesta tíma árs, að minnsta kosti úti um land vor, sumar og haust og í Faxaflóa til dæmis að vetri. Ég hef spurzt fyrir um það, hvort þessi gífurlega mikla stöð mundi vera nothæf fyrir einkasöluna, og er mér sagt af þeim, sem vit hafa á, að hún megi heita ágætlega nothæf einmitt fyrir einkasölu, en allt of stór fyrir hvern aðila, sem ekki hefði nema nokkurn hluta olíuverzlunarinnar með höndum. Þessa stöð mundi því mega nota sem aðalbirgðastöð fyrir olíueinkasölu ríkisins og taka hana í notkun að heita má nú þegar. Eins mun vera um tankskipið, sem þar er, að það verður til nota með lítilli viðgerð nálega strax. Mundi þetta greiða mjög fyrir þeim möguleika, að ríkið taki þennan mikla verzlunarrekstur í sínar hendur. Ég vil því vona, að ríkisstj. selji ekki þessar eignir, fyrr en það er að fullu úr því skorið, hvort sú verði niðurstaðan, að ríkið taki einkasölu á olíu, og þar til vitað er, hvort ríkið telur ekki heppilegast að nota þessar eignir í þjónustu eigin olíuverzlunar. Ég sá það í opinberu blaði fyrir nokkru, að þessar eignir hefðu verið keyptar með það fyrir augum að rífa þær og selja þær öðrum aðilum. Ég vil sem sé óska þess, að það verði ekki hrapað að því, fyrr en þetta mál allt hefur verið athugað og afráðið.

Ég býst við, að fáir hafi gert sér grein fyrir, hversu gífurlega verzlun með olíu er að aukast hér á landi. Árið 1940 var hún 23200 tonn, en sex árum síðar, 1946, er hún orðin 52000 tonn, hefur þannig meira en tvöfaldazt á sex ára tímabili. Þá vita allir, að nú er olíunotkun landmanna í geysilega örum vexti, og má því búast við, að olíusala hér á landi tvöfaldist á allra næstu árum og margfaldist í allra næstu framtíð. Nýi togaraflotinn kemur til með að nota olíu, en ekki kol, og nú orðið er mjög algengt að nota olíu í stað kola til hitunar húsa, og einnig hefur notkun olíu mikið aukizt við margs konar iðnframleiðslu. Þar að auki er notkun smurningsolíu 2 þús. tonn á ári. Hér

er því um að ræða gífurlega mikinn þátt í íslenzkri innflutningsverzlun. Og í því máli, sem ég hef flutt, hef ég m. a. sannað, að það er ekki hægt að komast hjá geysilega mikilli fjárfestingu nema með því eina móti að taka alla þessa verzlun í hendur ríkisins og hafa hana þannig í höndum eins aðila og enn, sem ég hef einnig sýnt fram á, að með því vinnst það, að þessi mikli þáttur íslenzkrar verzlunar væri með slíkum ráðstöfunum gerður að innlendri verzlun, tekinn úr höndum erlendra aðila, og annað sómir ekki.

Þá er það þriðja meginatriðið, dreifing út um land. Nú eru tveir tankar hlið við hlið í mörgum kaupstöðum landsins, sinn frá hvoru olíufélagi. Á næstu árum gætu þeir orðið 3, 4 eða 5 — laglegt að setja þá hlið við hlið til að sýna mönnum vitleysuna í þessu. Þá lítur því út fyrir, að hámarki vitleysunnar sé langt frá því náð enn, en það blasir við, að það verði kastað í þetta geysilegu fé, og þessi gífurlegi kostnaður leggst á vöruna, og hún verður dýrari þeim, sem hana þurfa að nota. Í kaupstöðum eru víða 2—3 benzíndælur og starfsmenn til að afhenda og 2—3 skrifstofur í svo að segja hverjum kaupstað landsins, og á næstu árum gætu þær orðið ekki 2—3, heldur 4—5 hlið við hlið, sem verzluðu með þessar nauðsynjar landsmanna. Ég hygg, að það muni ekki fara fjarri sanni, að nú sé nokkuð á annað hundrað manns á skrifstofum olíufélaganna. Líklega væri hægt að komast af með helming þessa mannfjölda við að afgreiða landsmönnum olíu. Við það eitt mundi sparast a. m. k. 1½ millj. kr. En þó yrðu þær upphæðir miklu stórkostlegri, sem spöruðust við að geta flutt allt olíumagn landsmanna á geysistórum tankskipum í einu lagi og annast dreifinguna í einu lagi. Að því mundi vafalaust verða margra millj. þjóðhagslegur hagnaður.

Ég geri ráð fyrir, að á næstu 5—10 árum væri hægt fyrir ríkið að eignast öll tæki, sem þarf til innflutnings og dreifingar olíu án þess að hækka verðið. En þegar sá áfangi væri um öxl, væri hægt að lækka verð á olíu, þannig að það yrði sambærilegt við það, sem það er í öðrum löndum, og það skiptir okkur miklu máli að þurfa ekki að kaupa þessar vörur, t. d. fyrir útgerðina, dýrara en þær þjóðir, sem eru okkar hörðustu keppinautar á sviði sjávarútvegsins.

Þá vil ég enn minna á eitt atriði, sem skiptir ekki litlu máli fyrir þá, sem úti á landsbyggðinni búa. Nýlega hafa olíufélögin látið það boð út ganga á prenti, að þau telji sér heimilt að selja olíu miklu hærra verði á smástöðum úti um land, þar sem ekki eru tankar. Þá er þeirra verzlun þannig, að gengið er út frá löglegu verði í Reykjavík, 330 kr. á tonn. Þar við er svo bætt 120 kr. fragt, 15 kr. út- og uppskipun og 60 kr. fyrir að flytja tómar tunnur aftur. Þá þurfa menn úti á landsbyggðinni að borga það, sem í Reykjavík er keypt á 330 kr., 195 kr. hærra verði, þar sem ekki eru geymar. Með einkasölu yrði eitt af tvennu, eitt verð um land allt á þessari nauðsynjavöru eða þá dreg-ið væri úr þessum mismun með fullkomnu dreifingarkerfi um land allt og þannig hægt að lækka dreifingarkostnaðinn svo, að viðunanlegt væri, því að það er gefið, að auk þess sem olíueinkasala er stórkostlegt hagsmunamál fyrir sjávarútveginn og aðrar atvinnugreinar, sem byggja mjög starfsemi sína á framleiðslu með olíuorku, og fyrir þjóðarbúið í heild, þá er það sérstaklega ávinningur fyrir atvinnurekstur úti um land, sem nú verður að bera þungar byrðar vegna aukins kostnaðar við olíukaup fram yfir það, sem er hér í Reykjavík.

Ég ætla svo ekki að fara um þetta fleiri orðum. Ég hef leitazt við að sýna fram á, að það horfi mjög óvænlega í þessu efni, að það verði festir milljónatugir í mannvirkjum í sambandi við olíuverzlunina og á næstu árum verði olíuverzlunin í höndum margra aðila, en hjá þessu öllu sé hægt að komast, ef ríkið tekur olíuverzlunina í sínar hendur, og það sé hægt án hækkaðs olíuverðs að eignast öll þessi mannvirki á fárra ára bili og gera þá stórkostlegan þátt íslenzkrar verzlunar innlendan með þessum aðgerðum.

Ég tel sjálfsagt, að málinu verði vísað til sjútvn. eða fjhn. og legg undir dóm hæstv. forseta, hvort heldur sé viðeigandi.

Pétur Magnússon: Ég ætla mér ekki að þreyta umr. um þetta mál við 1. umr. Ég tel víst, að málinu verði vísað til 2. umr. og n., og mun þá gefast kostur á að athuga það nánar. Ég stend því upp fyrst og fremst til þess að óska nokkru frekari upplýsinga í málinu en fram komu í ræðu hv. flm. En þó get ég ekki látið hjá líða að gera nokkrar athugasemdir við ræðu hans. Mér skilst, að það séu þrjár ástæður, sem hann telur fyrir rökstuðningi frv. síns. Í fyrsta lagi, að olíuverzlunin sé nú að miklu leyti í höndum erlendra manna eða erlendra félaga, í öðru lagi, að það mundi kosta mjög mikið fé að byggja nýja olíugeyma, ef olíuverzlunin væri áfram í höndum einstaklinga, og í þriðja lagi, að með því að taka upp einkasölu á olíu mætti lækka mikið verðið á henni. — Ég vil nú leyfa mér í fáum orðum að athuga hverja af þessum þremur röksemdum hv. flm.

Hann komst svo að orði, að meir en ⅘ hlutar af verzlun með olíu hér á landi mundu vera í höndum erlendra aðila. Ég held, að þetta sé mjög fjarri lagi. Hann gat þess sjálfur, að annað stærsta olíufélagið hér á landi, Olíuverzlun Íslands, væri í höndum erlendra manna, en mér hefur aldrei grunsemd leikið á um það, að þar væri um leppmennsku að ræða. En aðferðin, sem hann notaði til þess að koma Olíuverzlun Íslands á erlendar hendur, var sú, að hann sagði, að það væri erlent félag, sem ætti fasteignir, geyma og lönd o. fl. í sambandi við olíuverzlunina. Það er rétt, að meginhluti hlutafjárins er í höndum erlendra manna, en mér er kunnugt um það, að samningarnir milli Olíuverzlunar Íslands og B.P. á Íslandi eru þannig, að B.P. getur ekki tekið annað en hóflega vexti að því fé, sem það hefur fest í olíugeymunum.

Það er því vafasamt, að það sé tap fyrir Ísland, þó að þessar eignir séu á höndum erlendra manna. Um Shell á Íslandi er það að segja, að það mun rétt vera, að nálega helmingur af hlutafé þess félags sé í höndum erlendra manna. Hitt er líka rétt, sem hann sagði, að á sínum tíma var grunur um það, að erlendir menn ættu meira en upp var gefið, en réttarrannsókn, sem fram fór, sýndi, að svo var ekki, og ég held, að það sé hæpin fullyrðing, að eignarhlutföllin séu þar önnur en upp hefur verið gefið. Hitt er vitað, að hið nýstofnaða olíufélag, sem S.Í.S. gengst fyrir, er innlent félag, og mun enginn grunur um, að erl. aðilar eigi hluta í því.

Að öllu þessu athuguðu vil ég segja, að mér finnst furðulegt, að flm. skuli komast að þeirri niðurstöðu, að ⅔ hlutar séu á valdi erlendra manna, þegar upplýst er, að tvö af félögunum eru alinnlend og hið þriðja að miklum hluta. Það er því naumast um það að ræða, að úr landinu fari sem svarar helmingur hagnaðarins af rekstri Shell. En þótt ég játi, að það geti verið metnaðarmál fyrir okkur, að þessi verzlun sé í höndum innlendra manna, þá er það ekki eitt afgerandi í því efni, hvað þjóðhagslega séð er bezt fyrir okkur. Það, sem mestu máli skiptir fyrir okkur, er það, að verzlunin fari vel úr hendi, að olían sé seld við því lægsta verði, sem hægt er að búast við að geta fengið hana. Við getum ekki búizt við því að fá olíuna með beztu kjörum, sem nokkur þjóð fær. Við verðum þar að gæta okkar smæðar, eins og í mörgu öðru. Því stærri sem umsetningin er, því meira magn sem hægt er að kaupa í einu, því hagkvæmara verði munum við sæta. Þegar við lítum á það, hvernig þessi mál horfa við hjá okkur, megum við minnast þess, að það er ekki meira en röskir tveir tugir ára, síðan olíuverzlun hér á landi var rekin á hinn frumstæðasta hátt, olían flutt í tunnum og seld á tunnum um land allt. Og fyrst eftir að þessi olíufélög eru stofnuð og að nokkru leyti fyrir það, að erlent fjármagn bauðst fram til þess að koma upp geymum hér, er það, að verzlunin breytist þannig, að farið er að flytja olíuna inn á tankskipum og farið að geyma birgðirnar hér á landi í geymum, sem fyrst í stað voru eingöngu í Reykjavík. Róm var ekki byggð á einum degi, og það hefur heldur ekki tekizt á mjög stuttum tíma að koma dreifingu olíunnar í sæmilegt horf. Það hefur verið unnið að því stöðugt, síðan félögin voru stofnuð, og voru erfiðleikar á því síðustu árin fyrir styrjöldina vegna þeirrar miklu fjárkreppu, sem þá gekk yfir, en á þeim árum voru olíufélögin rekin með stórkostlegu tapi ár eftir ár vegna þess, hve illa innheimtist. Félögin gátu ekki komizt hjá því fremur en áður að lána meira og minna út til útgerðarinnar, en eins og á stóð fyrir útgerðinni þá, fór þannig, að mikil vanskil urðu. Nú hefur ekki þurft á þessum útlánum að halda síðustu ár, enda bregður svo við nú eftir ófriðinn, að komnir eru geymar á flestar þær hafnir, þar sem nokkur teljandi olíunotkun er. Þetta leiðir til þess, að verðið lækkar og lækkar í heild mjög verulega, en hinu verður ekki komizt hjá, að þeir staðir, sem nota ekki meiri olíu en svo, að það borgar sig ekki að koma þar upp tönkum, verði að sæta verri kjörum. Ég held, að þegar olíufélögin eru búin að koma upp því tankakerfi, sem gert var ráð fyrir eftir samningum við fyrrv. ríkisstj., þá verði ekki hægt að kvarta yfir því, að dreifing olíunnar sé mjög óhagkvæm. Ég held, að hún sé nú að færast óðum í það horf, að við ættum að mega vænta þess að fá olíuna með því bezta verði, sem við getum búizt við.

Ég skal svo ekki fara fleiri orðum um þessa hlið málsins, en víkja að hinum hlutnum, sem hv. flm. lagði mikla áherzlu á, að fjárfestingin mundi verða mjög mikil, ef einstaklingum eða félögum væri leyft að halda áfram að verzla með olíuna.

Eins og ég drap á áður, eru olíufélögin, sem nú starfa hér, búin að koma upp tönkum á flestum höfnum hér kringum landið, þar sem mikil olíunotkun er. Þetta hafa félögin gert sumpart eftir samkomulagi sín á milli og sumpart eftir samkomulagi við ríkisstj., þannig að reynt hefur verið að haga svo til, að geymarúmið á hverjum stað væri ekki mikið fram yfir það, sem nauðsyn krefur. Ég get ekki fullyrt, að þetta sé fundið út með fullkominni nákvæmni, og má vera, að sums staðar sé geymarúmið of mikið, en sums staðar of lítið. Þannig fer jafnan, þegar byrjað er á framkvæmdum, en þetta á sjálfsagt eftir að lagast, og verður væntanlega úr því bætt. En hv. þm. sagði, að nú rísi upp þriðja olíufélagið og það þurfi líka að koma upp sínum tönkum. Ég skal ekki segja, hvort þetta nýja félag getur komizt að góðum samningum við eldri félögin, þannig að það kæmi upp tönkum á þeim stöðum, þar sem tankrúm er of lítið eða ekkert, og félögin skiptu stöðunum milli sín, eins og gert hefur verið undanfarin ár. Samkeppni hefur aðallega verið á stærri stöðum, og þar sem ég geri ráð fyrir, að víða sé geymarúmið ekki mikið fram yfir það, sem nauðsyn krefur, veit ég ekki, hvort má ná svona samkomulagi. En þegar litið er á þá fjárfestingu, sem í sambandi við þetta mun verða, ber þess að gæta, eins og líka hv. flm. lagði mikla áherzlu á, að gera má ráð fyrir, að á næstu árum fari olíusala hér á landi mjög vaxandi, og einmitt af því, að flotinn fer vaxandi og dreifist víða um landið, einmitt þess vegna verður þörf fyrir að byggja fleiri geyma og þá aðallega smærri geyma. Hér í Reykjavík er vitanlega nauðsyn að auka geymarúmið, það er, eins og nú er komið, ófullnægjandi. Shell er vel sett með sína geyma, en Hið íslenzka steinolíufélag hefur lítið geymarúm, svo að það getur varla rekið verzlun sína á hagkvæman hátt, nema það geti haft samkomulag við Shell um geymslu á olíunni, eins og Olíuverzlun Íslands hefur gert á síðustu árum. En hvort sem olíuverzlanirnar eru reknar af einstaklingum eða ríkinu, mun í öllu falli vera óhjákvæmilegt að bæta við miklum geymarúmum. Hér í Reykjavík mun vera hafinn undirbúningur að þessu af hálfu Olíuverzlunar Íslands, og hygg ég, að í ráði muni vera í sambandi við þá aukningu, að B.P. færist meira í áttina til þess að vera innlent félag en verið hefur.

Þegar þess er gætt, að aukin olíusala mun kalla á aukið geymarúm víðs vegar um land, get ég ekki séð, að þjóðhagsleg hætta stafi af því, þó að 3 félög þyrftu að bæta við nokkrum minni geymum úti um land. Möguleikar munu sennilega vera til þess, að aðalbirgðastöðvarnar gætu fyrst um sinn verið í Hvalfirði, þó að ég játi, að ég efast um, að það gæti orðið neitt til frambúðarskipulags, og álíti, að aðalbirgðastöðin sé bezt sett hér. En ef það væri rétt, sem hv. þm. sagði, að gera megi ráð fyrir, að olíusalan tvöfaldist á næstu árum, er auðséð, að sú mikla aukning kallar á aukið geymapláss víðs vegar um land.

Þá drap hv. þm. á það, að með því að stofna til ríkiseinkasölu með olíu mundu vera miklar líkur til þess eða jafnvel víst, að unnt yrði að lækka verulega olíuverðið. Það þýðir ekki að þrátta um það á þessu stigi málsins, úr því fengi reynslan ein skorið. En ég held samt sem áður, að sé öruggara fyrir hv. þm. að vera ekki of bjartsýnn í þessum efnum. Hann verður að gæta að því — þótt ég játi, að það sé metnaðarmál fyrir oss Íslendinga, að olíuverzlunin geti verið að öllu leyti í okkar höndum —, að það er ekki bara tap fyrir okkur að vera í þessu nána sambandi við hin brezku olíufélög. Hv. þm. efast ekki um það, að þau félög hafi möguleika til þess að kaupa olíuna með þeim beztu kjörum, sem hægt er að fá á heimsmarkaðnum, og með því að vera í náinni samvinnu við þau er enginn vafi á því, að við höfum nokkurt öryggi fyrir því, að innkaup Íslendinga á olíu verði sæmilega góð. Ef við svo ættum að taka upp samkeppni við þessa hringi, sem við búum nú í góðri samvinnu við, gæti kannske brugðið til beggja vona um það, hvort verðið lækkaði mikið á næstu árum. Ég vil ekki fullyrða það, en skal játa, að ég hef ekki næga þekkingu á því til þess að koma fram með nokkrar ákveðnar staðhæfingar í þá átt.

Hv. þm. talaði um það, að verðið á olíunni væri hærra hér en t. d. í Noregi. Ég er ekki viss um, að þessi munur sé mikill nú, ef hann er nokkur. En þótt svo væri, að þeir hefðu eitthvað lægra verð, þarf það ekki að vera undrunarefni, þar sem við vitum, að olían er þar miklu meiri en hjá okkur, og reynslan hefur sýnt okkur, að aukin sala á olíu hefur orðið til þess að lækka mjög verulega verð hennar, eins og eðlilegt er og sjálfsagt.

Þá talaði hv. þm. um það, að mannfjöldi sá, sem vinnur nú við dreifingu olíunnar, væri mjög mikill og mætti með því að hafa olíusöluna á einni hendi láta það muna helming. Ég veit ekki, hvaða rök hv. þm. hefur fyrir þessu. Ég hygg, að hvað sem segja má um olíuverzlunina hér hjá okkur að öðru leyti, þá megi fullyrða, að hún sé rekin með hagsýni. Ég hef ekki heyrt olíufélögunum brugðið um það, að þau rækju verzlunina á óhagkvæman hátt fyrir þau sjálf. Um hitt hafa svo aftur staðið deilur, hve hagkvæmt það væri fyrir notendur.

Ég er hv. flm. alveg sammála um það, að okkur ber að gera allt, sem auðið er, til þess að halda olíuverðinu niðri eins og unnt er, þó að það séu kannske hins vegar dálítið hæpin rök hjá honum, að það skipti máli fyrir okkur í sambandi við samkeppni við fiskframleiðsluna, því að sannleikurinn er sá, að olíukostnaðurinn er hjá útgerðinni orðinn svo hverfandi, að varla er tekið eftir honum. Ég held hann sé ekki nema ⅙ á móti beitukostnaðinum. En það er sjálfsagt að halda olíuverðinu niðri, eins og hægt er, og ég held, að verðlagsyfirvöld okkar hafi kannske óvíða gert sér meira far um að ganga úr skugga um það, hvort álagningin væri mikil eða lítil, en í olíuverzluninni, og það er því ekki ástæða til að halda, að olían hafi á undanförnum árum verið miklu hærri en nauðsynlegt er.

Ég sagði í byrjun máls míns, að ég stæði upp fyrst og fremst til þess að óska nokkurra frekari upplýsinga, og það er rétt, að það var aðalástæðan, þótt mér þætti ástæða til að láta nú þegar koma fram þessar aths. við ræðu hv. flm. En þær upplýsingar, sem ég óska að fá og tel nauðsynlegt að fá, áður en ég tek afstöðu til þessa máls, eru þær, hve mikið fé ríkissjóður mun þurfa að binda í þessari atvinnugrein, ef ríkið tæki í sínar hendur einkasölu á olíu. Hv. þm. talaði um það, sem ég held, að sé út í bláinn, að þurfa mundi máske 25 millj. kr. til aukningar tankakerfisins á næstu árum. Kostnaðurinn er naumast svo mikill, að þetta geti náð nokkurri átt. En jafnvel þótt þessi staðhæfing hv. þm. væri fjarri lagi, þá skilst mér þó, að það sé ekki lítið fé, sem ríkissjóður mundi verða að binda hér í þessari atvinnugrein, ef taka ætti eignarnámi alla þá tanka, sem búið er að koma upp hér á landi, og svo er allt það rekstrarfé, sem nauðsynlegt er fyrir jafnstórkostlegt fyrirtæki og hér um ræðir. Þetta er náttúrlega það fyrsta, sem maður verður að gera sér grein fyrir. Mér þætti ekki ósennilegt, að heildarupphæðin þarna mundi hlaupa á nokkuð mörgum tugum milljóna kr., og þá er það atriði, sem Alþ. verður að gera sér fyllilega grein fyrir, hvort ríkissjóður eigi að ráðast í að binda svo mikið fé í einni atvinnugrein og hvort ekki mundi hentara að koma því fyrir á annan betri hátt, að leggja fé í önnur fyrirtæki, sem meiri þörf væri fyrir og gæfu meiri hagnað fyrir landið í heild en að taka olíuverzlunina í sínar hendur, eins og henni er fyrir komið.

Hefði hv. flm. átt sæti hér á Alþ. fyrir aldarfjórðungi, hefði mig ekki undrað, þótt hann hefði borið fram frv. í þá átt, sem hann hefur gert. Hann er það fullorðinn maður, að hann man, hvernig ástandið var í olíumálunum þá, og hlýtur að vera það ljóst, hvað olíuverzlunin er rekin á miklu betri hátt fyrir þjóðfélagið í heild sinni en þá var.

Gísli Jónsson: Herra forseti. — Þegar hv. flm. endaði ræðu sína, óskaði hann eftir því, að þessu máli yrði vísað til fjhn. eða sjútvn. Af því að það kom ekki beint fram, í hvora n. málið ætti að fara, vil ég fara nokkrum orðum um þetta frv., ef það skyldi ekki fara til þeirrar n., sem ég á sæti í. Þegar olíumálið var til umr. 1943, var það látið ganga til sjútvn., l. um olíugeyma, sem samþ. voru það ár, fengu þá meðferð í sjútvn. beggja d., og

ég mælist til þess við forseta, að máli þessu verði vísað til sjútvn., með því að þótt það sé mikið fjárhagslegt mál, er það líka stórkostlegt sjávarútvegsmál, og verði því vísað þangað, fæ ég aðstöðu til að athuga það nánar. Einnig styðja þessa till. mína ummæli hv. flm., að hann ber þetta nú fram sérstaklega til þess að bjarga ríkissjóði frá því að þurfa að greiða miklar fjárfúlgur fyrir sjávarútveginn, eins og hann minntist á í upphafi, því að þetta mál ætti að verða til þess að forða því, að mikið tap verði á útgerðinni í ár, eftir að búið er að taka ábyrgð á aflanum. En hvort sem málið fer til sjútvn. eða fjhn., vildi ég samt fá nokkru nánari upplýsingar um þetta atriði og fá nánari skilning um gr. frv. og vildi gjarnan biðja um þær skýringar hjá flm.

Mér skilst, að samkvæmt 1. gr. frv. sé eingöngu ætlazt til, að um einkasölu sé að ræða. 1. gr. kveður skýrt á um það. 2. gr. ákveður, að þessi vara, flutt inn af ríkisstj., skuli af henni seld olíusamlögum, kaupfélögum og öðrum verzlunarfélögum, kaupmönnum, félögum bifreiðaeigenda, fyrirtækjum, sem eru eign ríkis og bæjarfélaga, og iðnaðarfyrirtækjum, en eigi öðrum. Mér skilst, að ríkið megi ekki hafa á hendi smásölu, heldur beri því að selja þessum aðilum, en þeir skulu svo annast smásöluna. En ef svo er, skil ég varla ákvæði 3. gr., og varla getur verið, að ríkissjóður eigi að leggja fé til allra þeirra stofnana, sem um getur í 1. og 2. gr., en það kemur þó berlega fram í frv., að ríkissjóður á að leggja fram fé til þessa verzlunarrekstrar. Ég skil ekki, hvernig hv. flm. geta ætlazt til, að svo sé, og ég skil varla, að þetta sé virkilega meiningin.

Þá er sagt í 7. gr., að leggja skuli 10—40% á olíuvörur í heildsölu. Mér er það óskiljanlegt, hvernig þetta geti lækkað olíuverðið. Að vísu er sagt í 9. gr., að ef einhver ágóði verður af rekstri olíueinkasölunnar, þá skuli sá tekjuafgangur notaður til þess að lækka verðlag á þeim vörum, sem olíueinkasalan verzlar með, á sama ári eða því næsta. Ég vil benda á það, að menn, sem stjórna hverju sinni, hafa ekkert um það að segja, hvað gert er við tekjuafganginn, en þau ákvæði 7. gr., að leggja megi á 10—40%, eru fullkomlega skýr.

Í sambandi við þetta vil ég minna á umr. á Alþ. árið 1943 um olíumálin yfirleitt. Þá var því haldið fram, að ríkið ætti að taka að sér olíusöluna, og þá var komið með sama dæmi og nú, að hægt væri þá að selja olíuna með miklu lægra verði til útvegsmanna, og sýndi það reynsla áranna 1942—43. En hvernig var þessi verðlækkun til komin? Þegar farið var að athuga málið, kom það í ljós, að hún stafaði af því, að olían var keypt af birgðum amerískra hersins í Hvalfirði og flutt til Siglufjarðar í geymslur síldarverksmiðja ríkisins þar, en með þessu var komizt hjá öllum þeim kostnaði, sem af geymslu og afhendingu olíunnar leiðir. Síðar var það beinlínis upplýst af Jóni Gunnarssyni forstjóra, að hann vildi fá 40 kr. meira fyrir tonnið til þess að standa undir þeim kostnaði, sem af olíusölunni leiddi, og þegar farið var að reikna verðið út á ný, þá kom það í ljós, að það var ekkert lægra almennt á landinu, og nákvæmlega sama máli gegndi um olíu, sem seld var í Hvalfirði. Það kom og í ljós, að olíuverðið yfirleitt var hærra en það þurfti að vera, og upplýstist, að það stafaði m. a. af því miðlunarverði, sem viðskiptaráð ákvað, að ætti að vera, hvort heldur selt væri af tunnum eða geymum. Þetta opnaði augu manna fyrir því, að nauðsyn bæri til þess að koma upp geymum, og skildi ríkið hlaupa undir bagga við að hrinda því í framkvæmd. M. a. var ákveðið, að byggðir skyldu geymar, sem tækju allt að 40 tonnum, og skyldu lagðar fram í því skyni 60 þús. kr., en það reyndist allt of lítið, og allar áætlanir í þessu efni fóru um koll. Ég hygg, að tvennt sé mest áríðandi í þessu máli. Annað það að hefja sókn til þess að lækka olíuverðið, en hitt að stefna að því, að olíuverzlunin sé á innlendri hendi.

Olíuverðið hvílir á fjórum meginatriðum. Í fyrsta lagi er það grunnverðið, en það er undirorpið áhrifum alheimsolíuhringanna. Það er ljóst, að Shell, B.P. og yfirleitt önnur olíufélög geta alveg ráðið grunnverðinu, svo lengi, sem ekki er hægt að fara út fyrir þessa hringa um innkaup. Ef hægt er fyrir ríki eða einstaklinga að fara út fyrir þessa hringa, þá má lækka verðið, ef þá er mögulegt að fá olíuna ódýrari annars staðar. Í öðru lagi er það flutningskostnaðurinn, og er hann ekki minna atriði. Hann fer mjög eftir því, á hve stórum farkosti flutt er. Í sambandi við þetta vil ég benda á það, að árið 1939 — heldur en 1938 — var gerð tilraun um innkaup á olíu af ríkisins hálfu, en sú tilraun mistókst svo hrapallega, og olíuverð hefði stórhækkað við þær ráðstafanir, ef samningum hefði ekki verið rift. Slíkt er alveg pósitívt dæmi og ekki til að ýta undir menn að fá verzlunina einum aðila í hendur. Í þriðja lagi er það dreifingarkostnaðurinn. Ef hægt væri að nota geymana í Hvalfirði, þá mætti spara mikinn stofnkostnað við olíugeymana. Ég hygg, að það sé áhugamál a. m. k. flestra útgerðarmanna að hafa hér í Reykjavík olíugeyma, svo að ekki þurfi fyrst að flytja olíuna til Hvalfjarðar og síðan til Reykjavíkur. Það er þess vegna, að útgerðarmenn eru að hugsa um að koma upp olíugeymum hér í Reykjavík til þess að minnka kostnaðinn. Ef geymarnir verða í Hvalfirði, verða skipin annaðhvort að tefja sig við að fara fyrst til Hvalfjarðar eftir olíunni, eða þá að hafa verður hér geyma til að flytja olíuna úr Hvalfjarðargeymunum í. Komið hefur til mála, að B.P., Shell og önnur olíufélög, sem hér verzla, byggi ásamt togaraeigendum geyma, sem jafnvel 16 þús. tonna skip gætu losað í. Þau rök, að betra sé að hafa þetta á einni hendi, falla við allt þetta í burtu. Olíuverðið úti á landi fer mjög eftir dreifingarkostnaði, og er það mikið spursmál, að strandferðabátar og skip flytji olíuna fyrir sem lægst verð. Auðvitað verður að umskipa olíunni hér, og bátarnir þyrftu að vera þannig útbúnir, að þeir gætu skipað olíunni upp úti á landi í geyma, sem þar væru. Með tilliti til þessa sé ég ekki, að ríkið sé undir það búið að svo komnu að hafa á hendi olíuflutninga og dreifingu út um landið. Í fjórða lagi er það álagningin. Svo

lengi sem því verðar trúað, að olíuhringarnir geti ráðið heildsöluverði á olíu á markaðnum, þá verður grunnverðið ekki lækkað. Ég veit ekki, nema hægt sé að komast fram hjá þessum hringum. Mér er sagt, að það sé ekki hægt, ef skipt er við olíufélög í Texas, en kannske væri það hægt með því að verzla við Rússland. En þegar heim er komið, þá er álagningin alveg komin undir úrskurði Alþ. og viðskiptaráðs á hverjum tíma.

Ég vildi hér benda á eitt atriði, sem gengið hefur verið fram hjá, en það er það, að mér skilst, að þessi olíueinkasala ætti að vera skattfrjáls. Það má kannske segja, að það komi til góða útgerðarmönnum og bæjarfélögum, en það kemur ríkinu ekki til góða, þar sem með þessu móti mundi ríkið tapa þeim tekjum, sem það hefur af frjálsri verzlun með þessar vörur.

Ég vil benda á, hvort ekki væri fróðlegt fyrir hv. flm. að kynna sér rekstur landssmiðjunnar. Hún hefur búið við sömu kjör og frjálsir iðnrekendur með 40% álagningu á alla vinnu og 5—20% á efni. Hún átti að greiða útsvar og skatta eins og önnur járniðnaðarfyrirtæki hér — en hver er svo útkoman nú? Ég held, að hún skuldi ríkissjóði á 4. hundrað þús. kr., og henni hefur hvað eftir annað verið gefið eftir af þessum gjöldum, og mér er sagt, að nú sendi hún beint upp í ríkissjóð eftir fé til þess að borga með starfsfólki sínu, en af Héðni og Hamri eru aftur teknir skattar og útsvör. Hv. flm. ætti að kynna sér þetta, áður en hann leggur til, að komið sé á fót ríkiseinkasölu með olíu.

Hv. flm. hélt því fram áðan, að nauðsynlegt væri að koma á landsverzlun með salt, kol og veiðarfæri til þess að lækka verð á þessum vörum. Mér skildist, að landsverzlun með olíu ætti að vera byrjunin og næst stæði til að koma á landsverzlun með þetta. Í sambandi við það vil ég benda á, að Landssamband íslenzkra útvegsmanna hefur sett upp verzlun með kol, salt og veiðarfæri. Þeir telja, að þetta muni lækka verðið, og við gerum okkur von um, að þessu verði þannig stjórnað, að verðið verði lægra en hjá ríkisfyrirtæki. En um það, hvernig þetta mundi fara úr hendi hjá landsverzlun, nægir að minna á gömlu landsverzlunina og gömlu olíuverzlunina.

Það er sláandi dæmi, síðan lög voru sett um aðstoð ríkisins við byggingu olíugeyma, hversu fáir hafa notfært sér þetta, og mér er ekki kunnugt um, að olíuverð sé vitund lægra á þeim stöðum, þar sem þessir geymar hafa verið byggðir með aðstoð ríkisins, heldur en annars staðar, og samt er þetta undanþegið sköttum og útsvari. Þá minntist hv. flm. á verðið á smurningsolíu til þess að benda á þann mun, sem væri á verzlun ríkisins og einstaklinga. Það vill svo til, að mér er sérlega kunnugt um þetta. Nokkrir menn tóku sig saman um að kaupa birgðir af smurningsolíu. Með efnagreiningu hefur ekki verið hægt að greina nokkurn mun á þessum tveim tegundum, annars vegar þeirri tegund, sem olíufélögin selja út, og hins vegar þeirri, sem þessir menn selja, en sú olía er seld lægra verði en sú hjá olíufélögunum. Þessar tegundir eru samt ekki sambærilegar, hvað gæði snertir, og áran gurinn af ódýrari olíunni miklum mun lakari en svarar til verðmismunarins. Smurningsolíukostnaður er svo tiltölulega lítill hluti af rekstrarkostnaði útgerðarinnar, að menn vilja heldur kaupa betri smurningsolíu, þó að hún sé nokkru dýrari.

Ég skal svo ekki frekar ræða málið á þessu stigi, en vil, að tekið verði höndum saman við hvern þann aðila, sem á skynsamlegan hátt vill stuðla að lágu olíuverði, og veit ég, hvaða þýðingu slíkt mundi hafa fyrir útgerðina og almenning. Ég vil hins vegar, áður en svo stórt skref er tekið, eins og hér er ætlazt til, að rannsökuð verði öll atriði málsins, en það ekki barið fram í blindni, til þess að þannig verði hægt að bæta úr því, sem auðsjáanlega er hægt að bæta úr fljótt og með litlum kostnaði í því skyni að færa olíuverð niður. Það er síður en svo ótímabært að taka þetta mál upp, og vil ég vænta þess, að árangur af þessum umr. verði sá, að hægt verði að finna heppilega leið til lækkaðs olíuverðs.

Umr. frestað.

Á 75. fundi í Ed., 18. febr., var fram haldið 1. umr. um frv.

Flm. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. — Þær umr., sem fóru hér fram, síðast þegar málið var til umr., fyrst við 1. umr., þóttu mér dálítið með sérkennilegum hætti. Flest af því, sem ég upplýsti viðvíkjandi málinu, var reyndar viðurkennt af þeim, sem þátt tóku í umr. En samt var látið svo, sem það orkaði mjög tvímælis, að breytt fyrirkomulag á olíuverzluninni yrði til bóta eða að nokkuð ynnist við þá breyt. — Hv. 1. þm. Reykv. talaði allmikið um málið og gerði aðallega að umræðuefni þau þrjú meginatriði, hvort það mundi rétt vera, að erlendir aðilar réðu meira eða minna yfir olíuverzluninni hér á landi nú, hvort fjárfesting yrði óeðlilega mikil, ef tekin yrði hér upp olíueinkasala, og hvort verðlag mundi lækka á olíunni, ef einkasölufyrirkomulagi væri á komið.

Það er rétt, að þetta eru meginatriði í þessu máli.

Viðvíkjandi fyrsta atriðinu, hvort það sé rétt, að erlendir aðilar hafi mikil ítök hér um olíuverzlunina, komst hv. 1. þm. Reykv. að þeirri niðurstöðu — eins og ég hafði haldið fram —, að helmingur af hlutabréfum h/f Shell á Íslandi væri í eigu erlendra manna, og staðfesti hann líka, að ekki hefði þó sannazt, að hinn hluti hlutabréfanna væri ekki í eigu erlendra manna. Þannig er þá óumdeilanlegt, að helmingur hlutabréfanna hjá h/f Shell á Íslandi er í eigu erlendra manna, og ekki sannað, að hinn hlutinn sé það ekki einnig. Að því er Olíuverzlun Íslands snertir, þá er það upplýst, að Olíuverzlun Íslands sjálf er íslenzkur aðili, en allt það dreifikerfi, sem Olíuverzlun Íslands notar í sambandi við verzlun sína, sé í eigu erlends aðila, British Petroleum. Og ég lýsti því, að það væru erlendir aðilar, sem ættu allt þetta kerfi, sem starfsemi þessa olíufélags byggist á, og að segja mætti því, að þetta félag lyti erlendum yfirráðum. Þess

vegna sagði ég, að allt að því ⅘ hlutar af olíuverzluninni, eins og hún er nú, væru undir erlendum yfirráðum. — Hv. 1. þm. Reykv. viðurkenndi, að það væri metnaðarmál Íslendinga að gera þessa verzlun íslenzka. Með því viðurkenndi hann, að hún væri ekki íslenzk, en taldi æskilegt, að hún væri það. Ég fullyrði, að það er miklu meira en metnaðarmál fyrir Íslendinga, að þessi verzlun verði innlend. Ég fullyrði, að það sé hreint og beint sjálfstæðismál. Skal ég rökstyðja það með því, að hér er um að ræða einn meginþátt íslenzkrar verzlunar, þann þátt, sem höfuðatvinnuvegur íslenzku þjóðarinnar á svo mikið undir, að sé ekki í höndum erlendra aðila, að hér er bókstaflega háski á ferðum, ef erlendur húsbóndi t. d. á að vera yfir þessari verzlun, sem sjávarútvegurinn á svo gífurlega mikið undir. Mér finnst það a. m. k. alveg óþolandi að hugsa til þess, að þessi þáttur íslenzks verzlunarlífs sé að meira eða minna leyti undir erlendum yfirráðum, yfirráðum svo sterks aðila, sem hæglega getur orðið íslenzkum valdhöfum erfiður við að eiga, ef þar slægi í brýnu á milli.

Ein af staðhæfingum hv. 1. þm. Reykv. var sú, að við gætum nú ekki búizt við því, að verð á olíum hér yrði nokkurn tíma sambærilegt við verð á olíum hjá stærri þjóðum, t. d. Norðmönnum, þar yrðum við að gjalda smæðar okkar. — Ég er ekki viss um, að þetta þyrfti svo að vera, ef öll íslenzka olíuverzlunin væri á hendi eins aðila, sem gerði innkaup á allri olíu, sem við þurfum á að halda, á einu bretti. Það er talið, að það væri nokkurn veginn búið að koma kostnaðinum við flutning á olíuvörum til landsins niður í það lægsta, sem geti verið, ef þessir flutningar færu fram í 8—16 þús. smálesta tankskipum. Og hvað er í veginum fyrir því, að við framkvæmum innflutning á olíuvörum okkar í slíkum skipum, þar sem ársnotkun okkar á olíu er 52 þús. smálestir — fjórir skipsfarmar á 13 þús. smálesta skipi? En til þess að geta tekið við farmi úr slíku skipi þyrfti svo að vera heildarsölukerfi með allstórum tönkum, og væri auðvitað ekki nema sjálfsagt, ef ríkið hefði þessa verzlun með höndum, að það kæmi upp slíkum birgðastöðvum. Ég get ekki ímyndað mér annað en að við gætum þarna haft beztu aðstöðu, þannig að við þyrftum ekki að lúta neinum slæmum kjörum þess smáa, ef þessi verzlun væri á einni hendi. Þá værum við orðnir einn stór viðskiptaaðili. En ef þessi verzlun er á höndum 4 eða 5 aðila, þá gæti ég trúað, að við færum að gjalda smæðar okkar og að aðflutningar á olíuvörum gætu þá orðið óhæfilega dýrir, þegar olían væri flutt með smáum tankskipum til landsins. — Ég er alveg sammála hv. 1. þm. Reykv. um það, að við þurfum að eiga stórt tankskip til aðflutninganna á olíuvörum okkar og enn fremur að eiga smærra tankskip til flutninga á olíuvörunum til verstöðvanna kringum landið. Og það skip, líklega nokkurn veginn nothæft, á nú íslenzka ríkið, þar sem það hefur keypt það með Hvalfjarðareignunum. En aftur á móti á íslenzka ríkið ekki olíugeymakerfi kringum landið. Það á aðeins birgðastöð, sem mundi vera nothæf til að byrja með, í Hvalfirði, en ekki olíusölutækjakerfi kringum landið. Það á nú erlendur aðili, British Petroleum, og h/f Shell, sem við skulum segja, að sé að hálfu leyti íslenzkur og að hálfu leyti erlendur aðili. — Ég held, að það sé einmitt nú rétta augnablikið til þess, að íslenzka ríkið taki einkasölu á steinolíu. Nú hagar þannig til, að í Bretlandi er jafnaðarmannastjórn við völd, stjórn, sem hefur þjóðnýtingu og stórkostlegan ríkisrekstur á stefnuskrá sinni, hefur þjóðnýtt kolanámurnar brezku, og ekki er ólíklegt, að næsta skrefið hjá brezku ríkisstj. verði að þjóðnýta annan atvinnurekstur, svo sem þungaiðnaðinn þar í landi. Þess vegna yrði af Bretum litið á ríkisrekstur hjá okkur á olíuvörum kannske nokkuð öðrum augum nú, þegar þannig stendur á í þeirra atvinnuháttum, hvað ríkisrekstur snertir, heldur en oft hefði verið litið á slíkt í Bretlandi.

Hins vegar er það, sem er aðalatriði í þessu máli, sem hv. 1. þm. Reykv., fyrrv. hæstv. fjmrh., eðlilega spurði um. Getur ríkissjóður snarað út því fé, sem til þess þarf að taka þessar eignir eignarnámi? Ég hygg, að þjóðin hafi aldrei verið betur fjáð en nú. Þær eignir, sem hér er um að ræða, hljóta að hækka í verði ár frá ári, ef þær eru ekki teknar nú, verða sífellt meiri. Ef þær eru ofjarl ríkisins nú eftir ágæta fjármálastjórn hæstv. fyrrv. ríkisstj. og ágætt árferði, þá má slá því föstu, að það yrði íslenzka ríkinu ofjarl að kaupa þessar eignir, þegar þessar eignir verða miklu meira bákn, og kannske verður þá verri fjárhagsaðstaða hjá ríkinu.

Þá ræddi hv. 1. þm. Reykv. nokkuð um þá fjárfestingu, sem ég fullyrti, að hlyti að leiða af því, ef ríkið tæki þessi mál í sínar hendur undir einkasölufyrirkomulagi. Þessi hv. þm. sagði, að tankakerfinu, sem nú er til í kringum landið, væri komið upp í samráði við ríkisstj., og hann taldi, að ekki væri víst, að það þyrfti svo mikil fjárfesting að eiga sér stað, þó að ríkið tæki ekki einkasöluna í sínar hendur. Það væri hugsanlegt, að íslenzkir aðilar fengju samkomulag um það við erlendu félögin að fá að byggja tanka á smástöðunum, þar sem h/f Shell og British Petroleum hafa ekki talið það borga sig. *(PM:* Þetta hef ég ekki sagt.) Það getur verið, að það verði talið eðlilegt, að við Íslendingar byggjum upp í skörðin í þessu efni og byggjum geyma á smæstu stöðunum, þar sem erlendu félögin hafa ekki talið það borga sig. Ég tel óviðunandi að hugsa til þess, að íslenzkir aðilar sætti sig við slíkt. En með þessu móti væri þó óhjákvæmilegt að festa fé í þessum tækjum allt í kringum landið. — Það, sem ríkið þyrfti að gera í þessu efni, er að fá eignarrétt á þeim tönkum, sem fyrir eru í landinu, og drepa svo í þau skörð, þar sem þessa tanka vantar, — og ríkið þyrfti ekki að festa annað fé en sem til þess færi, ef það tæki þessa verzlun í sínar hendur.

Þá sagði hv. 1. þm. Reykv., að ég hefði slegið niður mín eigin rök, þegar ég hefði talað um þá

gífurlegu aukningu á olíusölunni, sem orðið hefði undanfarið. En þar sem upplýst var, að sú sala hefur meir en tvöfaldazt á síðustu 6 árum, þá held ég, að það sé síður en svo, að ég hafi slegið niður mín eigin rök, því að því meiri aukning sem er hér á verzlun með þessar olíuvörur, því meira er í húfi fyrir íslenzku þjóðina, að þessi verzlun sé rekin eftir hagkvæmu heildarkerfi. Nú blasa málin þannig við, að ef ekki verður komið á einkasölu í þessari grein með eins einföldu tankakerfi kringum allt landið og kostur er á, þá eru allar líkur til þess, að það verði 4 til 5 aðilar, sem allir heimta rétt til þess að búa um sig sem allra bezt til þess að koma sér fyrir með þessa verzlun og mundu svo allir vilja koma upp hver fyrir sig heilsteyptu tankakerfi kringum landið, h/f Shell, British Petroleum, jafnvel Nafta, Olíufélagið h/f og togaraeigendur, sem hafa komið fram með sínar óskir um að fá að hafa olíuverzlun. Ég sé ekki, að það sé hægt að neita þessum innlendu aðilum um það að koma upp tönkum fyrir sig, ef ríkið tekur ekki olíuverzlunina í sínar hendur, því að ef þeim væri neitað um þetta, þá væri þeim gert mun lægra undir höfði en þeim erlendum aðilum, sem búnir eru hér á landi að búa um sig á undanförnum árum, einmitt í samráði við ríkisstj., eins og hv. 1. þm. Reykv. hefur upplýst í þessum umr. Mér skilst, að það sé ekki mjög vel hægt að hnekkja því, að hér verði um að ræða, ef ekki verður tekin upp ríkiseinkasala á olíuvörum, gífurlega fjárfestingu, sem jafnvel skipti milljónatugum, ef margir aðilar hafa hér á landi olíuverzlunina með höndum, því að það er ekki hægt nema með allmiklum kostnaði að koma upp tankakerfi um landið, ef sæmileg aðstaða á að fást til olíusölunnar.

Þriðja atriðið, sem hv. 1. þm. Reykv. ræddi um, var, að hann dró í efa, að nokkur veruleg lækkun fengist á olíuverðinu, þó að sú breyt. væri á gerð, að ríkið tæki í sínar hendur einkasölu á olíuvörum. Ég hygg þó, að það dyljist ekki fjármálamanninum, hv. 1. þm. Reykv., að verði olíuverzlunin áfram í höndum 4 eða 5 aðila hér á landi, sem allir hafi sitt sérstaka starfslið, sínar sérstöku skrifstofur, sínar sérstöku afgreiðslur, lagerpláss og tankskip og sína olíugeyma starfrækta úti um allt land — á smástöðunum væru þannig 2—4 afgreiðslumenn, þar sem í mörgum tilfellum væri þó ekki meira verk að afgreiða alla olíu en einn maður gæti annazt — ég hygg, að fjármálamanninum, hv. 1. þm. Reykv. og fyrrv. hæstv. fjmrh., dyljist það ekki, að það hlýtur að verða stórkostlega miklu dýrara að reka verzlun með olíuvörur handa atvinnuvegum landsmanna með því að reka þá verzlun á 4 eða 5 höndum en ef þetta allt væri undir einum hatti rekið af ríkinu sjálfu. Þegar svo vitað er, að hver þessara aðila, ef margir rækju þessa verzlun, en ekki ríkið, mundi verða að sæta óhagstæðari kjörum með því að flytja olíuna á smærri tankskipum og ef til vill gera óhagstæðari innkaup í verði, af því að það er ekki nema hluti af olíuþörf landsmanna, sem hver þessara aðila fyrir sig mundi flytja inn, en svo þyrfti auðvitað hver að taka álagningargróða af vörunum — en ríkið ætti að reka ágóðalausa einkasölu á olíu, ef það tæki þá verzlun að sér —, þá hygg ég, að það sé ekki hægt um það að deila, því að allt þetta hlýtur að leggjast á vörurnar, að verðið á olíuvörunum hlýtur að verða óhæfilega og óþarflega hátt, ef verzlun með þessar vörur er rekin af mörgum aðilum, kannske 5 aðilum. Og það hlýtur að vera frámunalega illa rekin ríkiseinkasala á olíuvörum, ef hún skilar ekki miklu lægra verði á þessum vörum en ef sölukerfið með þessar vörur er fimmfalt kringum allt landið.

Í sambandi við olíuverðið gat hv. 1. þm. Reykv. þess, að olíukaupin væri hverfandi útgjaldaliður hjá útgerðinni, samanborið við t. d. beitusíldarkostnaðinn. Þessi hv. þm. taldi, að olíukostnaðurinn væri fyrir útgerðina ekki nema einn sjötti hluti á móts við beitukostnaðinn. Ég hygg, að sú tala sé fulllágt sett um olíukostnaðinn. Ég hygg, að olíukostnaðurinn að meðtalinni smurningsolíu muni vera hlutfallslega stærri kostnaðarliður, miðað við beitukostnaðinn, en það. En beitukostnaðurinn er vitanlega gífurlega mikill hjá útgerðinni, með því líka, að okrað hefur verið á beitu til bátaútvegsins. Það hefur nú um langan tíma verið af frystihúsunum okrað á beitunni handa vélbátaflotanum. Ég er þeim málum mjög vel kunnugur.

Hv. 1. þm. Reykv. taldi æskilegt að fá upplýsingar um það, hversu mikið fé mundi til þess þurfa að taka eignir olíufélaganna og til þess að kaupa tankskip og þess konar, sem nauðsynlegt væri, eða um kostnaðinn yfirleitt við að koma olíueinkasölu á fót hér. Ég játa, að ég hef ekki látið gera kostnaðaráætlun yfir þetta, og ég efast um, að nú væri hægt að gera slíka áætlun svo, að á henni væri byggjandi. En ég tel það auðsætt mál, að við ættum að vera vel undir það búnir nú að gera þetta átak að taka verzlun þessa á hendur ríkisins, bæði vegna þess góðæris, sem verið hefur hér á landi undanfarin ár, og þess fjárflóðs, sem yfir þetta land hefur gengið, og svo enn fremur vegna þess, að það er alveg vitað, að með þeirri gífurlegu aukningu á olíunotkun á þessu landi, þá verður hér um stórkostlega aukningu á mannvirkjum að ræða á næstu árum í sambandi við sölu og dreifingu olíuvara, og því enn erfiðara viðfangs að gera það síðar að taka þessar eignir af ríkisins hálfu. Það verður því áreiðanlega ekki eftir betra að bíða í þessu efni, ef ekki verður nú komið á ríkiseinkasölu með olíuvörur hér á landi. Ég geri varla ráð fyrir, að það þyrfti heldur að snara þessu fjármagni út öllu í einu af ríkisins hálfu. Ef ríkið tæki þetta að sér, mundi það verða að gera það með samningum og með ríkisskuldabréfum á ef til vill nokkrum tugum ára.

Ég vil því heldur spyrja að því: Getur ríkið dregið þetta? Er það forsvaranlegt að draga það lengur og láta þennan þátt íslenzkrar verzlunar vera lengur en orðið er að meira eða minna leyti undir áhrifavaldi erlendra auðhringa? Mér finnst ekki

gerlegt að draga það, af því að það er ekki aðeins metnaðarmál — ekki hreint metnaðarmál —, að við höfum þessa verzlun ekki í höndum útlendra aðila, heldur er þetta einnig sjálfstæðismál okkar Íslendinga, að verzlun með þessar vörur verði innlend. Menn hafa nú talað um það árum saman, að við Íslendingar höfum unnið þann sigur að gera íslenzka verzlun innlenda. En þetta tel ég ofmælt, meðan við horfum á, að allsterk erlend yfirráð eru ennþá yfir þessum þætti verzlunarlífsins hér á landi, þess þáttar, sem meir en flest önnur verzlun grípur inn í velferð höfuðatvinnuvegar Íslendinga, sjávarútvegsins. Ég vil gera mér vonir um það, að hv 1. þm. Reykv., sem lítur á þetta sem metnaðarmál, telji nokkuð brýna nauðsyn bera til þess að fullnægja þeim metnaði Íslendinga að gera þennan þátt verzlunarinnar innlendan. Annar hv. þm., sem ræddi þetta mál, sagðist taka í höndina á hverjum þeim, sem vildi gera ráðstafanir til þess, að sem hagkvæmast olíuverð fengist. Ég vil líka vænta þess, að þar sé góðs liðsinnis að vænta. Og ef allir þeir, sem líta á þetta sem metnaðarmál íslenzku þjóðarinnar og líka sjálfstæðismál hennar, hafa líka fullan vilja til þess að tryggja sem bezt olíuverðið, held ég, að mætti treysta því, að þetta mál fengi sína réttu lausn, því að það er til þess tvenns, að gera olíuverzlunina innlenda og tryggja sem bezt olíuverð við allt íslenzkt atvinnulíf, og sérstaklega er það vegna sjávarútvegsins, að þetta frv. er fram borið.

Ég ætla svo ekki að fjölyrða frekar um þetta, en finnst þetta mál, eins og það liggur fyrir, þar sem um er að ræða að taka eignarnámi stórkostlegar eignir og koma upp umfangsmiklum verzlunarrekstri, vera fyrst og fremst í eðli sínu fjárhagsmál á þessu stigi. Í öðru lagi er verið að tryggja sem hagkvæmast verð á olíunni, sem að mestu leyti er í þágu útgerðarinnar, en einnig íslenzks iðnaðar, og fyrst og fremst lít ég á þetta sem fjárhagsmál og legg því ákveðið til, að málinu verði vísað til fjhn.

Umr. frestað.

Á 77. fundi í Ed., 20. febr., var enn fram haldið 1. umr. um frv.

Pétur Magnússon: Herra forseti. Það er aðeins örstutt aths., sem ég vildi gera út af ræðu hv. flm., og sérstaklega vildi ég leiðrétta missögn út af því, sem hann sagði, að ég hefði haldið fram, þegar mál þetta var fyrst hér til umr. Hv. þm. hefur haldið því fram frá öndverðu, að allmikill hluti — hann talaði um ⅘ — olíufélaganna væri undir erlendum yfirráðum. Það er síður en svo, að ég hafi kannazt við, að svo væri. Það, sem ég hef sagt, er, að mikill hluti af fjármagni eins stórs olíufélags væri í eign erlendra manna, en hins vegar ekki, að það væri undir erlendum yfirráðum. Þm. veit, að stjórn félagsins er innlend og innlendir menn ráða í félaginu. Hitt játa ég, að fjármagnið er ekki í eigu innlendra manna, og er ég þeirrar skoðunar, að æskilegt væri, að fjármagnið kæmist í innlendra manna hendur, en hins vegar á það ekki að skipta máli, þar sem stjórnin er einvörðungu í höndum innlendra manna.

Það er heldur ekki rétt hjá hv. þm., að ég hafi sagt, að olíuverð gæti aldrei orðið sambærilegt hjá okkur og Norðurlandaþjóðunum. Ég sagði, að við mættum ekki búast við því, að við gætum náð sama verði og þjóðir, sem kaupa í stórum stíl, og skiptir ekki máli, hvort það er á einu bretti. Flm. sagði, að hagkvæmt væri að flytja inn á skipum, sem lestuðu allt að 16 þús. smálestir. Ég er ekki dómbær á þetta, en efast um, að það væri heppilegt. Ég efast um, að vaxtatapið af því að flytja inn í svona stórum stíl mundi nema minna en sá sparnaður, sem væri að því að flytja inn á svona skipi til móts við skip, sem lestaði 8—10 þús. tonn. Ég held ekki, að ég hafi haldið því fram, að nauðsynlegt væri fyrir okkur að eiga skip til þess að annast flutninga til landsins. Þetta er náttúrlega mál, sem þarf meiri athugunar en við flm. getum lagt í það. Hitt er nauðsynlegt, að eiga skip til þess að annast dreifinguna innanlands, til þess að koma olíunni á þá staði, sem hún þarf að vera á á hverjum tíma. Hitt er fjárhagsatriði, hvort það borgar sig betur að eiga tankskip til þessa. Ég efast um, að eins og okkar siglingum er háttað nú, sé hagkvæmara að kaupa skip til þessa en að semja við erlend leiguskip. Aðalröksemdin, sem kom fram í ræðu hv. þm. — og hann hafði algerlega rangt eftir mér —, var um það, hvað ég hefði sagt í fyrsta skipti, sem ég talaði um þetta mál, þegar hann sagði, að ég hefði fullyrt, að ekki væri óhugsanlegt samkomulag um það, að nýja olíufélagið kæmi upp tönkum á þeim smástöðum, þar sem hin olíufélögin hefðu ekki séð sér fært að koma upp tönkum. Þetta er vitanlega rangt. Það, sem ég sagði, var, að eins og hv. flm. benti á, mætti búast við aukinni olíusölu á næstu árum, þar sem aukin útgerð væri í vændum. Þessi aukna olíusala mundi valda því, að nýir geymar yrðu settir upp, og mundi nýja félagið koma þeim þar fyrir, sem nauðsyn væri. Þetta er annað en að setja tanka þar, sem hinum félögunum hefur ekki þótt svara kostnaði. En á stærri stöðunum, svo sem Vestmannaeyjum og Ísafirði, og þar sem um aukna sölu er að ræða, sýnist, að heilbrigð samkeppni gæti hafizt. Ef það er rétt, sem hv. flm. sagði, að náið samstarf væri milli gömlu félaganna, gæti verið hagkvæmt, að eðlileg samkeppni myndaðist á þessum stöðum. Hv. flm. sagði í síðustu ræðu, að verðið gæti lækkað, og benti hann á, að starfsmenn væru fleiri nú en þyrfti og geymar fleiri en ef salan væri á einni hendi. Ég veit ekki, á hverju hann byggir þetta. Það er alls ekki víst, að færri starfsmenn þurfi, þó að salan sé á einni hendi, og verður því ekki slegið föstu fyrir fram. Hitt er ljóst, að ef salan væri á einni hendi, þá er samkeppni horfin og færri menn, sem leggja fram starfskrafta sína, þekkingu og reynslu til að gera sem bezt innkaup, og hætt

er við, að mistök gætu orðið hjá þessari einkasölu eins og öðrum einkasölum. Má alltaf gera ráð fyrir slíku. En oft hefur verið bent á, að mistök eru því hættulegri, því stærra sem fyrirtækið er. Það er nokkuð langsótt hjá hv. flm. að vera að tala um, að það sé sjálfstæðismál okkar, að allt féð sé á íslenzkri hendi, því að upplýst er, að langmestur hluti þess er innlendur, og hv. flm. játar, að olíukostnaður hjá sjávarútveginum sé aðeins örlítið brot af útgerðarkostnaðinum, og er þá mjög hæpið hjá hv. flm., að sjávarútvegurinn standi og falli með olíuverðinu. Ég skal svo ekki tefja þetta frekar. Sjálfsagt er, að málið gangi til n.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Hv. flm. fagnaði því síðast, þegar þetta mál var til umr., að ég hefði lýst fylgi mínu við hvern, sem vildi stuðla að lækkun olíuverðs, og dró svo þá ályktun, að ég mundi fylgja þessu frv. Ég vildi minna hv. flm. á, að ég gerði veigamikla athugasemd, sem hann hefur gengið fram hjá að svara. Ég tel það meginatriði, að hægt sé að tryggja grunnverð olíunnar sem lægst og einnig að tryggja flutningskostnað sem lægstan, en um þessi atriði er ekkert orð í frv., heldur aðeins traust til ríkisstj. á hverjum tíma, að hún nái hagkvæmum kjörum. Þarna er ég á annarri skoðun, og nefndi ég dæmi til sönnunar máli mínu. Auk þess langar mig til að fá upplýsingar um 1. og 2. gr. frv., einkum ef málið fer til sjútvn., en ekki til fjhn., og það, hvort flm. hugsar sér, að ríkið flytji aðeins inn olíu og hafi á hendi heildsölu. Það bendir 1. gr. á. Í 2. gr. segir, að einkasalan selji síðan til samlaga og verzlunarfélaga. Ef þetta er rétt, þá er salan ekki á einni hendi. Þá er heldur ekki tryggt, að ekki þurfi jafnmarga starfsmenn, og þá geta komið samkeppnisfélög á hverjum stað. Ef hins vegar einkasalan hefur á hendi alla smásölu, þá mætti kannske skipuleggja þetta betur, en þá skilst mér, að 2. gr. þurfi að breytast gersamlega. Sé hér aðeins um heildsölu að ræða, verður 1. mgr. 3. gr. að breytast, því að ekki er hægt að leggja fé úr ríkissjóði til verzlunar, sem rekin væri af öðrum. Ríkið ætti þá að útvega verzlunum nægilegt rekstrarfé til að reka smásöluverzlun á olíu. Þetta vildi ég fá upplýst, áður en ég tek afstöðu til málsins og áður en það fer í n. Ég vildi svo að gefnu tilefni frá hv. flm. mótmæla fullyrðingu hans frá í gær, að það hafi verið óhóflegur gróði hjá frystihúsunum og að þau hafi okrað á beitu til útvegsins. Ef hann hefur kynnt sér þetta mál, þá veit hann, að frystihúsin eru undir strangri verðlagseftirliti, mati um gæði, frystingu og hámarkssálagningu. Hann veit líka, að til eru tvenns konar aðferðir við sölu á beitu, önnur er að selja við kostnaðarverði og taka áhættu, ef beitan selst ekki. Þessi áhætta hefur stundum orðið tugir þúsunda, og hefur þá verðlagseftirlitið orðið að taka tillit til þess og bæta það upp. En hafi beitan selzt upp, þá er það hagur, annars stórkostlegt tap. Þetta er ekki okur, en ósæmandi af þm. að kasta slíku fram.

Flm. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Mér þykir það leitt, ef ég hef misskilið eitt atriði í ræðu hv. 1. þm. Reykv. Ég skildi hann svo, að ekki yrði komizt hjá fjárfestingu, með því að nýja félagið fengi að byggja tanka á stöðum, þar sem þeir hefðu ekki verið byggðir áður, en nú segir hann, að olíufélagið mundi byggja tanka til aukningar á stærri stöðunum. Ég verð að segja það, að ólíklegt er, að B.P. og Shell láti nýja olíufélagið fá alla nýja tanka. Það er mjög ótrúlegt, að sá bróðurkærleikur kæmi fram hjá erlendum aðilum. Hitt held ég, að sé ekki misskilningur, er ég sagði, að verulegur hluti væri erlendur. Hann sagði einnig, að æskilegt væri, að féð kæmist á innlenda hendi, og að það væri metnaðarmál, að það væri íslenzkt. Í þessu felst viðurkenning á því, að þessu er ekki náð. Þetta er ekki á hendi Íslendinga, meðan mannvirkin eru eign kapitalistiskra erlendra auðhringa. Hér þarf að sameinast um að gera þessa grein verzlunarinnar innlenda. Ég mun ekki á þessu stigi málsins deila um, hvort ekki yrði sparnaður, ef öll olíusalan væri á einni hendi. Ég tel, að það liggi í augum uppi, og hef ég leitt rök að því. Einnig er augljóst, að fjárfesting yrði minnkuð, og í þriðja lagi tel ég, að spara mætti mannafla með þessu.

Ég heyrði, að hv. þm. Barð. var illa við, að ég hafði ekki gert ræðu hans að umtalsefni, en ég taldi meira vert að svara hv. 1. þm. Reykv. en honum, sem mér fannst tæplega svara verður. Hitt minnti ég á, að þessi sami hv. þm. lýsti því yfir, að hann mundi taka í hönd hverjum, sem gæti lækkað olíuverðið, og það er gert með þessu frv. Hv. 1. þm. Reykv. hefur sagt, að þeir sem gætu keypt í stórum stíl gætu fengið ódýrari og hagkvæmari innkaup en ef keypt er í slöttum. Það eru því líkur til, að hagkvæmara grunnverð fáist, ef keypt er á einni hendi. Þá er víst, að flutningskostnaður er lægri, ef flutt er á stórum skipum. Einnig yrði dreifing olíunnar hentugri samkv. þessu frv. Þetta liggur svo í augum uppi, að ekki er erfiðara að sjá það en leggja saman tvo og tvo. Mig furðar, að hv. þm. Barð. skuli ekki sjá, hvað felst í 2. og 3. gr. frv. Það er ætlazt til, að ríkið hafi einkasölu, en aðrir aðilar annist dreifinguna. En skilur þá ekki hv. þm., að fjármagn þarf til dreifingarinnar? Er honum ekki kunnugt um, að tanka B.P. þarf að gera að innlendri eign, og til þess þarf fé. B.P. á einnig dælur, sem leigðar eru smásölum. Þessar dælur þarf að kaupa, og verður það ekki gert án fjár, og þetta er í sambandi við dreifingarkostnaðinn. Ég þarf ekki að útskýra frv. Ég hygg, að hv. þm. Barð. hafi skilið það rétt. En stofnfé þarf til að eignast það tækjakerfi, sem nauðsynlegt er í sambandi við smásöluna. Ég mundi telja heppilegt, að smásöludreifingin væri í höndum samlaga og samvinnufélaga, vegna þess að hugsanlegur ágóði dreifðist þá til notendanna. Með innflutningi einkasölu og dreifingu samvinnufélaga og samlaga væri olíumálum komið í sæmilegt horf, og ég vona, að Alþ. auðnist að koma

þessu á, svo að hægt sé að skila nauðsynjavöru til þegnanna með engum óþarfa gróða. Ég hef áður látið í ljós ósk um, að frv. yrði vísað til fjhn.

Forseti (ÞÞ): Ég vænti, að hv. þm. reyni að vera stuttorðir.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Það er rétt að benda hv. flm. á það, úr því að hann skilur frv. þannig, að samkv. 3. gr. frv. þarf ríkissjóður að rísa undir öllum smásölukostnaðinum. Meðflm. sagði þetta vera réttan skilning á frv., og þannig er frv. nú. Hv. flm. hefur krafizt, að frv. verði vísað til fjhn., og vænti ég, að hún taki málið til rækilegrar athugunar. Þó mun venjulegra, að svona málum sé vísað til sjútvn.

Umr. frestað.

Á 78. fundi í Ed., 21. febr., var enn fram haldið 1. umr. um frv.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Mig undrar það ekki, þó að frv. eins og þetta mæti mótspyrnu hér í þessari d. Það eru nú nokkuð mörg ár síðan byrjað var að reka bæjarútgerð í Hafnarfirði. Þá heyrðist ýmislegt misjafnt um það fyrirtæki hjá þeim mönnum í Reykjavík, sem nú standa mest á móti því, að ríkið fari að sjá um olíusölu. En það eru fáir dagar síðan menn héldu sigurhátíð yfir, að nú væri byrjað á bæjarútgerð í Reykjavík. Það mun hafa þurft nokkur ár eða áratugi, til að þeir vitkuðust og sæju, hvað rétt væri í þessu efni. Og það var ekki nóg með það, heldur voru þeir svo hrifnir af hugsjóninni, að þeir fundu ástæðu til að halda sérstaka hátíð, þegar þeir byrjuðu þessa nýju stefnu, að reka togara fyrir reikning bæjarins. Ég held, að það verði eins hér. Það tekur kannske áratug, þar til þeir vitkast, þar til þeir halda sigurhátíð, þegar fyrsta skipið, sem ríkið á, kemur hingað til að flytja olíu til landsins og dreifa henni um landið, kannske þeir haldi enn þá stærri hátíð þá en þeir héldu nú. Þetta mál ætti að vera öllum augljóst, sem hugsa um það, hversu heimskulegt er að leggja í þann kostnað, sem því er samfara, að mörg olíufélög séu að byggja geyma víðs vegar um land til að dreifa olíunni í staðinn fyrir eitt. Þetta er svo augljóst mál, að ég held, að engum geti blandazt hugur um. Og þó að það sé vitnað í eitthvert fyrirtæki, sem ríkið hefur rekið, eins og hv. þm. Barð. mun hafa gert hér, og það hafi gengið misjafnlega vel, þá má hann eins vel vitna í það, að um margra ára skeið hafa hvergi í heiminum verið ódýrari útvarpsviðtæki en hér á landi, og reyna ætti hann að gera sér ljóst, af hverju það stafar. Það er viðurkennt alls staðar, að útsöluverð til einstakra manna á viðtækjum frá Viðtækjaverzlun ríkisins er lægra en nokkurs staðar annars staðar. Hann getur talað við þá, sem hingað hafa komið frá útlöndum á síðustu árum, og litið á tæki, sem þeir hafa komið með, sams konar tæki og seld eru hér, og fengið að vita, að þau eru seld hér tugum prósent ódýrara en þau hafa verið keypt í Svíþjóð, Englandi, Noregi eða Danmörku. Það sannar ekkert, þegar hann er að vitna í fyrirtæki, þar sem stjórnin hefur verið í ólagi og slælegt eftirlit frá þeim, sem hafa átt að sjá um það fyrir ríkisstj., og hefur þó stjórn landssmiðjunnar fengið starf sitt svo borgað, að hún átti að geta litið eftir. Það geta alls staðar orðið mistök, hvort sem það er opinber rekstur eða einkarekstur.

Ég vona, að þótt ég sé kominn á sjötugsaldurinn, þá lifi ég að sjá þá, sem andæfa nú mest gegn þessu frv., halda sigurhátíð, þegar olíueinkasala kemst á. Þegar hin nýafstaðna sigurhátíð var haldin til að fagna hinni nýju bæjarútgerð Reykjavíkur, þá var margendurtekið, „að varðar mest til allra orða, að undirstaðan rétt sé fundin.“ Nú var loks fundin sú rétta undirstaða. Ég gleðst yfir þessum sinnaskiptum í því máli, og ég vona, að það taki ekki heilan áratug fyrir íhaldið að vitkast í þessu máli, þó að það gerði það í hinu.

Flm. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Það var aðeins út af atriði, sem mér láðist að minnast á, þegar ég talaði hér síðast, er ég kvaddi mér hljóðs. Það var sem sé í sambandi við það, sem hv. þm. Barð. sagði viðvíkjandi því, sem reyndar var ekki beinlínis skylt þessu máli, að víða væri okrað með beitu handa bátaútveginum sjálfum. Þessu mótmælti hann og sagði, að það ætti sér ekki stað. Ég þarf enga vitneskju að sækja til hv. þm. Barð. um þetta. Það getur verið álitamál, hvað kallað er okur, en mér er vel kunnugt um, að það græðist ekki meira á öðru hjá íshúsunum kringum land en að geyma og selja beitu fyrir bátaútveginn. Á Ísafirði er það svo, að íshúsin, sem hafa selt beitu, hafa jafnan selt hana miklum mun dýrara en íshúsið, sem samvinnufélagið hefur á leigu, hefur gert, og þó hefur það íshús grætt tugi þúsunda á beitunni, og það skiptist milli félagsmanna í samvinnufélaginu. Og mér er kunnugt um, að íshúsin á Ísafirði hafa ekki ætlað sér meiri gróða en venja er á þessu sviði, og má þar sjá dæmi þess, að það er ekki hlíft við að ætla sér dágóðan ábata af beitu- eða olíusölu eða öðrum vörum, sem útgerðin á mest í húfi um að fá með sem sanngjörnustu verði. Þetta hefur orðið til þess, að útgerðin hefur brotizt undan þessu okri með því að stofna til samlaga, og það er af því, að menn hafa talið, að með því gætu þeir losað sig við óþarfa milliliðagróða, sem íþyngir útgerðinni um of, og komið málum sínum hagkvæmar fyrir og tryggt betur rekstur sinn.

Ég get ekki skilið, af hvaða toga það er spunnið að fullyrða, að engin óhófleg álagning eigi sér stað í sambandi við beitusölu til útgerðarinnar, nema ef hv. þm. Barð. bæri einhverja slíka okrara fyrir brjósti, og þá skal mig ekki undra, þó að hann mæli gegn því, að olíuverzlunin sé færð í betra horf. Það getur þá verið af sams konar rótum runnið, að hann hafi þar einhverra hagsmuna að gæta

fyrir einhverja, sem græða á að selja olíu í þessu landi, en það gerir ekkert fráleitara að kippa þeim málum í betra horf, fremur en þær tilraunir, sem gerðar hafa verið til að kippa beitusölumálum útvegsins, veiðarfæraverzluninni og öðrum slíkum nauðsynjum útgerðarinnar í betra horf.

Hvort sem rætt er um olíusölumálin lengur eða skemur, þá vakir ekkert fyrir okkur flm. þessa frv. annað en að reyna að tryggja, að olíuverzlun landsmanna komist á innlendar hendur og að verðið á olíuvörum sé það lægsta, sem nokkur möguleiki er til, og innkaupakostnaður, dreifingarkostnaður og rekstrarkostnaður sé sem minnstur og ágóðahluti sé numinn gersamlega burt.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjhn. með 12 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

54. Innflutningur búfjár.

Á 98. fundi í Ed., 20. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um innflutning búfjár (þmfrv., A. 552).

Á 99. fundi í Ed., 25. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 100. fundi í Ed., 26. marz, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Frsm. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti. — Ég skal ekki vera mjög fjölorður um þetta. Þetta frv. er komið hingað til Alþ. frá búnaðarþingi, sem hefur haft það til meðferðar, og fylgir því grg., eins og hún var þar samin og samþ. Í stuttu máli er þetta frv. um það að heimila innflutning búfjár og setja reglur um það, hvernig það skuli einangrað, þegar til landsins kemur. Mörg af þeim ákvæðum, sem eru í þessu frv., voru í því frv. til l. um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma, sem við nú vorum að samþykkja og afgreiða til Nd., en Nd. lagði strax þar línuna, að um þetta yrði sérstakt frv., sem líka í alla staði er eðlilegra og réttara, eftir því sem mér finnst og flestum, sem um þetta hugsa. Nú liggur þetta frv. fyrir til 1. umr., og þótt landbn. hafi tekið það til flutnings, hafa landbnm. ekki farið yfir frv. og athugað það, en munu að sjálfsögðu gera það og gera við það þær aths., sem þeim þykir ástæða til. Tel ég því ekki neina ástæðu til þess að vísa frv. til n., því að hún mun taka það fyrir, hvort sem það verður gert eða ekki, og sé ég því ekki neina þörf á því, þar sem n. hefur tekið það til flutnings.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 108. fundi í Ed., 8. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 122. fundi í Ed., 22. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 552, 726).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 726. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Frsm. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti. — N. hefur haft þetta mál til athugunar. Eins og fram kemur í grg. frv. og fram kom við 1. umr., er það komið frá búnaðarþingi, er samdi frv. þetta og sendi landbn. Ed. til flutnings. Landbn. hefur leitað umsagnar þessara aðila um málið: Dýralæknafélags Íslands, Sigurðar Hlíðar yfirdýralæknis og Árna Eylands, fulltrúa í stjórnarráðinu, sem hafði haft með málið að gera í sambandi við frv. um fjárskipti.

Jón Pálsson hefur í nafni Dýralæknafélags Íslands sent n. bréf, þar sem hann segist ekki hafa getað náð félaginu til sameiginlegs fundar, en mælir fyrir sitt leyti með því, að frv. verði að l., og gerir enga aths. við það. Sigurður Hlíðar yfirdýralæknir skrifar alllangt mál, þar sem hann leggur höfuðáherzlu á, að gott eftirlit sé haft með því, að l. þessum verði framfylgt, og þar sem það mál verður að mestu í höndum hans sjálfs, ætti hann a. m. k. ekki að vantreysta því, að svo verði. Ég sé ekki ástæðu til að lesa allt bréf hans, en niðurstaðan er hin sama og hjá Jóni Pálssyni, formanni Dýralæknafélags Íslands. Árni Eylands var sérstaklega með eina aths. Honum skildist, að eftir frv., eins og það liggur fyrir, færi saman einangrunarstöðin og ríkisbú, þar sem fé verður haft eftir einangrunina til að rannsaka árangur af blöndun með því og hvort sjúkdómar kynnu að leynast í því. Satt að segja er þetta nokkuð óákveðið í frv., en áreiðanlega hefur verið ætlazt til þess af búnaðarþingi, að þetta yrði í tvennu lagi. Sumir hafa hugsað sér hvort tveggja í sömu eynni, aðrir hafa hugsað sér, að betra væri að hafa sjálfa einangrunarstöðina á Keldum, þar sem eru mörg skepnuhús og 10—20 klefar til að einangra veik dýr í og þar sem yfirstjórn þessara mála að mestu leyti á að vera í framtíðinni. Framkvæmdin er í höndum stjórnarinnar, og hún ræður því í samráði við yfirdýralækni, hvor stefnan verður tekin. En til þess að ljóst sé, að stjórnin hafi óbundnar hendur, höfum við gert nokkrar smábrtt., sem eru þess eðlis, að samkvæmt þeim er hvort tveggja hægt, að hafa þetta í eyju eða einangrunarstöðina sjálfa annars staðar.

Brtt. okkar eru fyrst og fremst við 2. gr., þar sem segir varðandi innflutning, að fara skuli eftir till. ráðunauta í hlutaðeigandi búfjárgreinum. Við höfum bætt við „eftir því sem við verður komið", af því að ekki eru til ráðunautar í sumum greinum, t. d. svínarækt, sem er mest aðkallandi, ef á að halda henni hér áfram, því að þau svín, sem til eru, eru aðeins af tveimur náskyldum stofnum og í mikilli úrkynjun.

Þar vantar nýtt blóð, ef halda á þessari alidýrarækt áfram. En enginn ráðunautur er til hér í þeirri grein. Við höfum því bætt þessu inn í greinina, eftir því sem við á. Hið sama gildir um hænsn, hér er enginn ráðunautur í hænsnarækt, en þó eru þau alltaf flutt inn. T. d. vissi ég til, að 200 voru flutt inn í einu s. l. ár, sjálfsagt með einhverju leyfi. Ráðh. hefur eflaust leyft þann innflutning. Og þá eru egg flutt inn, en með þeim geta borizt sjúkdómar eins og með hænsnunum sjálfum.

Úr 4. gr. hefur fallið niður orðið „svo", og er sú grein því óbreytt, þótt við látum prenta hana upp með þessu orði til að taka fram, að ekki fer saman að byggja stöðina og setja saman búið. Ég tel alveg óforsvaranlegt að hafa ekki slíka stöð fyrir alifé, annað nær ekki neinni átt, eins og t. d. í vetur, þegar fluttir voru inn 20—30 minkar, en engin stöð var fyrir hendi, þar sem hægt væri að einangra þá, og ég tala nú ekki um hundana, sem alltaf er verið að flytja inn. Því er það, hvað sem menn annars segja um gagn af innflutningi búfjár yfirleitt, þá verður að hafa hér einangrunarstöð, og því tvennu mega menn ekki blanda saman. Stöðin þarf að koma, hvað sem innflutningi búfjár almennt líður.

Þá eru hér 2 brtt. við 5. gr. Sú fyrri er lítilfjörleg, en hún er um það, að í stað orðanna „dýralæknir hlutaðeigandi héraðs" komi: viðurkenndum dýralækni —, að skylt sé, að vottorð frá viðurkenndum dýralækni fylgi skepnunni erlendis frá, því að við kunnum ekki við að skylda hér með l. sérstakan lækni erlendis til að gefa slíkt vottorð. Aðeins hér á landi má flytja út dýr án slíks vottorðs, og það er því nóg að taka fram, að dýralæknirinn skuli vera viðurkenndur af yfirvöldum heilbrigðismála dýra. Þá er einnig í þessum a-lið brtt. við 5. gr. dálítil umorðun í sambandi við það, að innlendur dýralæknir sé við skoðunina erlendis og hafi eftirlit með skepnunum á leiðinni til landsins. B-liður er í sambandi við það, sem áður er sagt um einangrunarstöðina. Því er slegið föstu í frv., að hún skuli vera í eyju. Við höfum sett „þar" í staðinn, til þess að yfirvöldin hafi óbundnar hendur um þetta. Stöðin þarf þá ekki að vera í eyju fremur en gott þykir, heldur t. d. úti í Gróttu, eins og talað var um í vetur, eða á Keldum eða þar, sem hún er talin bezt sett, í fáum orðum sagt.

Eins og þm. heyra, eru þetta allt lítilfjörlegar brtt., og aðaláherzlan er lögð á, að einangrunarstöðin og búið þurfi ekki að fara saman eða vera saman, og að því leyti er komið til móts við sjónarmið Árna Eylands, og hinn sami var vilji mþn., er starfaði í haust.

Ég hef svo ekki fleira um þetta að segja, því að ég fer ekki út í það hér, hvort yfirleitt á að flytja inn búfé eða ekki. Ég hef aldrei farið dult með þá skoðun mína, að sjálfsagt sé að flytja inn sumar tegundir, en aðrar ekki. Hitt er staðreynd, hvaða skoðun sem menn hafa á þessu, að alltaf er verið að flytja inn skepnur, með leyfi og í óleyfi, þótt enginn útbúnaður sé til einangrunar. Það er því afar nauðsynlegt að koma á eftirliti með þessum innflutningi í tryggri einangrunarstöð, svo að maður þurfi ekki að standa eins og glópur með hund eða aðra skepnu á götunni og hringja í Pétur eða Pál, biðja hann og segja: „Heyrðu góði, þú getur víst ekki geymt fyrir mig hund einhvern tíma." Framkvæmd einangrunarstöðvarinnar má ekki dragast, hvað sem búinu líður.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Þetta er ákaflega einkennilega undirbúið mál, og raunar tveimur ólíkum málum blandað saman. Annað er að koma upp sóttvarnarstöð, sem er alveg sjálfsagt, en hins vegar er heimild til að flytja inn búfé. Það þarf að flytja tvö frv. um þessi mál. Þetta er sérstaklega augljóst með tilliti til 4. gr., en þar er tekið fram, að byggja verði sóttvarnarstöðina, áður en búfé eða önnur dýr eru flutt inn samkv. l. þessum. Það þarf því fyrst að samþ. frv. um stöðina, því að það er skýrt fram tekið í 4. gr., að stöðvaður verði allur innflutningur dýra, unz stöðin er komin upp.

Hins vegar er enginn stafur í þessu frv. um kostnað af þessum framkvæmdum eða hvort hægt væri að byggja þetta í sambandi við önnur fyrirtæki, sem ríkið á og rekur, t. d. á Hesti í Borgarfirði eða á Keldum í Mosfellssveit. Mér er kunnugt um, að á Keldum á að rannsaka og einangra dýr, og á Hesti er verið að rannsaka, hvaða kyn þoli bezt mæðiveikina, og ég hef heyrt, að af 20 tegundum, sem þar eru gerðar tilraunir með, væru vonir um, að tvær gætu staðizt veikina, og þó kostar sú stöð hundruð þúsunda á ári hverju. Hér er verið að ana út í óundirbúið mál, og hafa verið nefndir a. m. k. þrír staðir í því sambandi, en engum dettur í hug að tengja þessa fyrirhuguðu stofnun öðrum svipuðum ríkisstofnunum, sem fyrir eru, og í sambandi við afgreiðslu fjárl. var heimilað að kaupa Engey í þessu skyni.

Frsm. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti. Það er mesti misskilningur hjá þm. Barð., að hér séu tvær sóttvarnarstöðvar, því að á Hesti er aðeins einhæf tilraunastöð. Þm. Barð. veit það vel, að þessi stefna í málinu á miklu fylgi að fagna í þinginu, enda þótt málið sé ekki nógu vel undirbúið. Og l. þm. Reykv., fyrrv. landbrh., bað okkur að athuga þetta. Þm. Barð. veit líka, að mþn., sem hafði þetta til meðferðar og í áttu sæti tveir alþm. og Árni Eylands fulltrúi, lagði til, að horfið yrði að þessu ráði. Það er alveg rétt hjá þm. Barð., að lítið vit væri að kaupa Engey, ef ekkert væri flutt inn af dýrum, nema hundar og hænsni. En hins vegar getur verið heppilegt að hafa þar tilraunastöð og hafa dýrin þar fyrstu 16 vikurnar, sem gert er ráð fyrir, að ekki megi sleppa þeim saman við önnur innlend dýr, en það mun vera lengri tími en nokkurs staðar annars staðar.

Ekki mun búnaðarþing hafa gert neina kostnaðaráætlun um þetta, en ætli sú stjórnskipaða n., sem haft hefur þetta mál til meðferðar, hafi ekki athugað þá hlið? Það var í hennar verkahring. En

hvað sem því líður, þá er hér gert mögulegt að flytja inn búfé, og ég tel rétt að bremsa ekki alveg fyrir það, ef nægilega vel er um það búið. Ég sé til dæmis enga hættu í því að flytja inn svín, sem síðan eru höfð einangruð í 16 vikur og eftir það ekki sleppt nema inn í svínastíu ákveðins manns, en það gegnir að sjálfsögðu allt öðru máli með sauðfé, sem gengur svo mikið saman í haga. Mér finnst þurfa að haga seglum eftir vindi í þessu máli og útiloka ekki alveg innflutning, en búa hins vegar þannig um, að ekki komi að sök.

Gísli Jónsson: Ég vil lýsa því yfir, að ég hef engan áhuga á innflutningi dýra, einfaldlega vegna þess, að ég hef aldrei orðið var við, að hann hafi orðið til nokkurs gagns, en hins vegar hafa af honum stafað mörg og þung óhöpp, sem kostað hafa ríkissjóð milljónatugi, og ekki er enn þá séð fyrir endann á því. Má þar nefna sauðfjársjúkdóma og svo minkana, sem valdið hafa miklu tjóni. Ég er því alveg á móti því, að nú verði farið að leggja ¼ millj. kr. í kaup á Engey, bæði vegna þess, að ríkið á fjölda eyja, sem nota mætti í þessu skyni, og svo vegna þess, að nú þegar hefur verið lagt í milljónafyrirtæki á Keldum og hundruð þúsunda á Hesti, sem allt er raunverulega í þessum sama tilgangi. Ég mun því ekki styðja þetta mál, heldur óska, að það verði fellt.

Frsm. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti. Aðeins örstutt aths. út af því, sem þm. Barð. sagði. Hann mun hafa átt við stofnkostnað, þegar hann var að tala um tilraunabúið á Hesti. Þá vil ég benda á það, að sumir eru á þeirri skoðun, að það þurfi einmitt að flytja inn sauðfé vegna pestanna. En þm. Barð. hefur að sjálfsögðu sína skoðun á því, hvort heppilegt sé að flytja inn fé, eftir ræðu sinni nú er hann algerlega á móti öllum innflutningi á dýrum. Hins vegar held ég, að innflutningur geti vel verið athugandi, ef vel er um þau mál búið. Með þessu frv., sem hér liggur fyrir, ef samþ. verður, tel ég miklu örugglegar búið um þennan innflutning en verið hefur og legg því eindregið til, að þetta frv. verði samþ.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9:1 atkv.
Brtt. 726,1 samþ. með 9 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 726,2 samþ. með 10 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 726,3 samþ. með 10 shlj. atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
6.—12. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10:1 atkv.

Á 124. fundi í Ed., 2. maí, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.
ATKVGR.
Frv. samþ. með 8:2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: EE, GÍG, HV, PZ, ÁS, BSt, BK, ÞÞ.
nei: GJ, SÁÓ.
StgrA greiddi ekki atkv.
6 þm. (HermJ, JJós, LJóh, PM, BBen, BrB) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Gísli Jónsson: Með því að ég tel, að mál þetta þurfi betri undirbúning, áður en hægt sé að samþykkja það, þá segi ég nei.

Frv. afgr. til Nd.

Á 120. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 121., 122. og 123. fundi í Nd., 5., 6. og 7. maí, var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 124. fundi í Nd., 8. maí, var frv. enn tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til landbn. með 19 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

55. Menntaskólar (frv. HV og PZ).

Á 108. fundi í Ed., 8. apríl, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 58 7. maí 1946, um menntaskóla (þmfrv., A. 588).

Á 118. fundi í Ed., 15. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 12 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Hannibal Valdimarsson): Þetta frv. um breyt.á l. um menntaskóla er flutt af hv. 1. þm. N-M. ásamt mér. Efni þess er það, að í stað þess, sem nú segir í l., að menntaskólar skuli vera 2, á Akureyri og í Reykjavík, segir í þessu frv., að þeir skuli vera 4. Einn í Reykjavík, annar á Akureyri, þriðji á Ísafirði, og fjórði á Eiðum.
Ég veit, að sumir, einkum þeir, sem lítið þekkja til skólamála, hneykslast á því að heyra það nefnt að hafa 4 menntaskóla, en ég mun ekki kippa mér upp við það. En ég vil minna á það, að ekki er langt síðan menn héldu, að einn eða tveir læknar nægðu allri þjóðinni. Nú eru um 50 læknishéruð á landinu og um 500 starfandi læknar.
Það eru heldur ekki nema um 20 ár síðan því

var haldið fram af lærðum mönnum, að engin þörf væri fyrir menntaskóla á Akureyri, það væri aðeins hégómamál Norðlendinga. En reynslan hefur sýnt, að sá skóli hefur bætt úr mikilli þörf og ranglæti. Nú er samt svo komið, að þeir tveir menntaskólar, sem hér eru, eru ófullnægjandi. Með þeim fræðslulögum, sem samþ. voru á síðasta Alþ., er verið að gerbreyta öllum menntamálum þjóðarinnar. Það er vitað mál, að á næstu árum mun meiri fjöldi leita til menntaskólanna en hingað til. Nú lýkur skyldunámi við 15 ára aldur og mjög margir munu halda áfram eitt ár í viðbót og ljúka miðskólaprófi, en það veitir rétt til framhaldsnáms í menntaskóla eða kennaraskóla. Það er alveg augljóst, að þegar barnaskólunum lýkur, munu margir bæta við námi í 3 vetur með það fyrir augum að halda áfram námi í kennaraskóla eða menntaskóla.

Þetta leiðir til þess, að menntaskólinn á Akureyri yfirfyllist af miðskólafólki úr Norðlendingafjórðungi, og þar með er sú leið fyrir Vestfirðinga og Austfirðinga lokuð að komast í þann skóla, og allir vita, hvernig er að komast í menntaskólann hér í Reykjavík. Húsnæðisvandræði höfuðborgarinnar eru nægileg til þess, að sú leið er lokuð fyrir flestum. Það er einnig talið, að það kosti 10—12 þús. kr. að kosta einn ungling til náms í Reykjavík yfir veturinn. Efnaminna og meira að segja sæmilega efnað fólk hefur ekki efni á að kosta, þó ekki sé nema einn ungling til náms með slíkum kjörum.

Það, sem gerist, er því það, að efnilegum unglingum úr þessum landshlutum verður synjað um framhaldsnám vegna fyrirkomulagsins á þessum málum. Efnilegu mannfólki af Vestur- og Austurlandi verður þannig bægt frá æðri menntun.

Það er eðlilegt, að spurt sé: Er þörf á menntaskóla á Austur- og Vesturlandi? Til þess að gefa hv. alþm. nokkra hugmynd um þetta, skal ég geta þess, að í gagnfræðaskólanum á Ísafirði eru nú á þriðja hundrað nemendur. Í I. bekk eru nú rösklega 90. Um helmingur þeirra er í verknámsdeild, hinir í bóknámsdeild. Þó að ekki héldi áfram nema ⅓ þeirra, sem eru í bóknámsdeild, sem ég vil segja, að sé gott úrval, að því er snertir námshæfni til bóknáms, væru það þó strax 15 nemendur í bekksögn.

Nú eru, eins og kunnugt er, tveir aðrir ungmennaskólar á Vesturlandi, hinn landskunni héraðsskóli að Núpi í Dýrafirði og annar vel þekktur skóli í Reykjanesi við Ísafjarðardjúp. Þó að ekki kæmu frá hvorum þessara skóla nema 5 nemendur í viðbót, þá er þarna um 10 nemendur til viðbótar að ræða, og eru þarna þá um 20—25 nemendur til viðbótar á vetri, sem líkur eru til, að kynnu að halda áfram námi að afloknu miðskólaprófi. Og ég fullyrði, að þetta úrval, sem svarar til sjötta hvers nemanda, sem fer í barnaskóla eða héraðsskóla, hafi fullkomlega gáfur á við það fólk, sem safnast í menntaskólana á Akureyri og í Reykjavík, enda er það margsannað með prófi frá þessum skólum.

Það er bæði vegna fjárhagshliðar þessa máls, sem ég hef drepið á þetta, og þess, að þarna er um að ræða aukningu á nemendum á ári hverju, sem þyrftu að ráðstafa sér til annarra landshluta á menntaskóla eða kennaraskóla, vegna þess að í þá landshluta vantar þessa skóla. Þá leiðir það af sjálfu sér, að fjöldi af efnilegu fólki verður að fara úr sínu byggðarlagi og ekki einasta það, heldur líka foreldrarnir, þeir verða að taka sig upp líka og flytja búferlum til Reykjavíkur, taka sig upp frá heimili sínu og kannske æskustöðvum. Efnahagurinn leyfir oft ekki annað, og eru mörg dæmi til slíks, enda vitum við það vel, að foreldrar vilja leggja mikið að sér fyrir sín börn til þess að geta kostað þau til framhaldsnáms.

Þessi er reynslan á Vestfjörðum, þar má finna mörg dæmi þess, að foreldrar hafa flutt burt til þess að geta fylgt börnum sínum eftir til framhaldsnáms hér í höfuðborginni.

Þá vil ég víkja að því, hvernig aðstaða er til þess að reisa menntaskóla á Ísafirði. Það er ýmislegt, sem mælir með því að reisa þar menntaskóla við þær skólastofnanir, sem fyrir eru á staðnum. Nú á síðustu árum hefur Ísafjarðarkaupstaður gert mjög mikið átak fyrir kennslumál sín. Í kaupstaðnum er einhver bezti gagnfræðaskóli landsins með 11 kennslustofum, en það er jafnmörgum kennslustofum og verður í þeirri milljónabyggingu, sem verið er nú að reisa fyrir gagnfræðaskóla í Reykjavík, og er hann hið vandaðasta hús. Þarna hefur líka verið reist yfirbyggð sundlaug, sem er miklu stærri, miðað við stærð Ísafjarðarkaupstaðar, en sundhöllin er fyrir Reykjavíkurbæ. Þar hefur líka verið reist vönduð bókasafnsbygging, og þar mun einnig vera einn af stærstu og vönduðustu íþróttasölum landsins. Þá er þar einnig stór og vandaður húsmæðraskóli, sem kemur reyndar ekki þessu máli við. Þessi aðstaða öll dregur mjög úr kostnaði við að bæta þarna í þetta skólakerfi menntaskóla. Það, sem hér þyrfti að bæta við, eru 4—6 kennslustofur, skulum við segja, og rektorsíbúð. Meira að segja mundi það vera hægt að hefja starf slíks skóla í húsakynnum gagnfræðaskólans, eins og þau eru nú.

Líkt þessu má segja um skólasetrið á Eiðum. Þar er ýmiss konar aðstaða, sem dregur til muna úr kostnaði, ef byggður væri menntaskóli á þeim stað. Þar eru ýmis mannvirki, sem gætu verið sameiginleg fyrir menntaskóla og héraðsskóla.

Ef draumur Sunnlendinga um menntaskóla gæti rætzt og staður eins og Laugarvatn yrði fyrir valinu, má segja um þann stað líka, að þar er um ýmiss konar mannvirki að ræða, sem gætu verið mikil hjálp til þess að draga úr kostnaði við að bæta þar við menntaskóla. En möguleikinn, sem fyrir hendi er, ef ekki yrði horfið að því ráði að koma upp menntaskóla í öllum landsfjórðungum, er sá að endurbyggja þá menntaskóla, sem fyrir eru, en þá verður að reisa stórkostlegar byggingar hér í höfuðborginni fyrir menntaskóla og einnig á Akureyri.

Það hefur verið upplýst hér á hv. Alþ. fyrir nokkrum vikum, að lóð sú, sem flestir hafa helzt augastað á fyrir framtíðarmenntaskóla, þ. e. land-

spildan, sem liggur að núverandi lóðum menntaskólans í Reykjavík, mundi kosta 5—6 millj. kr. Þar að auki telja menn fullvíst, að bygging menntaskóla hér mundi kosta 10—12 millj. kr.

Hv. þm. S-Þ. (JJ), sem mörgum öðrum þm. fremur hefur óneitanlega þekkingu og vit á skólamálum, hefur áætlað, ef menntaskóli yrði byggður hér til nokkurrar frambúðar fyrir allt landið ásamt menntaskólanum á Akureyri, þá þyrfti að byggja menntaskóla fyrir 1000— eitt þúsund — nemendur, og þá mundi, ef þetta er rétt, þetta byggingarbákn kosta meira en 10—12 millj. kr.

Ég trúi því ekki, með þeirri aðstöðu, sem ég hef nefnt, ef byggðir væru menntaskólar í öllum landsfjórðungum með það fyrir augum að jafna aðstöðu manna til menntunar og menningar, að hver slíkur skóli mundi kosta meira en 600—700 þús. kr. Og ég sé ekki annað en að þessir tveir menntaskólar, á Ísafirði og Eiðum, yrðu minni en einn skóli annaðhvort í Reykjavík eða á Akureyri. Kennarafjöldi yrði nokkuð svipaður, 20—30 nemendur á hvern kennara, og þegar litið er á það, að á Eiðum, Ísafirði og á Laugarvatni verða gagnfræðaskólar, mundi vera hægt að hafa sömu kennara, þannig að þeirra kennslukraftar kæmu að fullu gagni.

Rekstrarkostnaður ætti ekki að þurfa að verða meiri, þó að skólarnir væru hafðir fleiri og smærri.

Það, sem svo má kannske telja aðalatriði þessa máls, er það, að það væri ekkert vit uppeldislega séð að byggja einn menntaskóla fyrir 1000 nemendur hér í Reykjavík. Það væri allt of stór stofnun til þess að geta verið sú uppeldisstofnun, sem ætlazt er til af slíkri stofnun. Smærri og færri skólar yrðu af þessum ástæðum betri fyrir þjóðina í þessu efni en ef lausn málanna væri einskorðuð við Reykjavík og Akureyri.

Það lítur út fyrir, að framtíð menntaskólans hér í Reykjavík hafi verið ráðamönnum Reykjavíkur og ráðamönnum landsins nokkurt umhugsunarefni á undanförnum árum. Rektor menntaskólans hefur kvartað undan því, að erfitt sé að útvega nýjum menntaskóla lóð í höfuðborginni og byggingarmál skólans séu í mesta öngþveiti. En ef horfið væri að því að reisa smærri menntaskóla úti á landi, og svo er hitt, að eftir hinni nýju skólalöggjöf getur menntaskólinn losað sig við gagnfræðakennsluna, og verða þá aðeins fjórar deildir eða vetur fyrir nemendur í menntaskóla, þá hygg ég, að gamla menntaskólahúsið færi langt með það um nokkurra ára bil að fullnægja þörf og aðsókn lærdómsdeildar, og gæfist þá nokkurt tóm til að ráða fram úr húsnæðisvandræðum hinnar ágætu og sögufrægu menntaskólastofnunar í Reykjavík á næstu árum.

Ég er þeirrar skoðunar, að það, sem sízt af öllu megi einoka í okkar þjóðfélagi, sé menningar- og menntunaraðstaða og á því sviði verði að veita atgervi einstaklinga sem allra jafnasta aðstöðu, eftir því sem unnt er. Það er margt andlegt og líkamlegt atgervi, sem búið er að bera út í þessu landi á liðnum öldum. En nú erum við ekki til þess neyddir og megum heldur ekki við því. Þess vegna tel ég, auk þess sem það er fyrst og fremst menningarmál, þá sé það líka réttlætismál, að menntaskólar verði reistir í öllum landshlutum. Ég held, að það sé í það minnsta víst, að þetta mál sé hafið yfir allan flokkadrátt á Vestfjörðum og í Austfirðingafjórðungi, og ég vænti þess, að það sé hafið yfir togstreitu flokka meðal allra Íslendinga. Ég sé ekki, að þessi lausn málsins, sem hér er haldið fram, togi skóinn ofan af einum eða neinum. Ég sé ekki betur en höfuðborg landsins sé fullsæmd af því að hafa nú þegar tvo skóla, sem geta útskrifað nemendur með stúdentsprófi, og ekkert réttlæti sé í því, að bætt sé við þriðja menntaskólanum eða það stækkað, sem fyrir er, en ekkert gert í þá átt að jafna aðstöðuna fyrir hina landshlutana, sem eru mjög illa settir, Vestfirði og Austfirði, þegar Norðlendingar hafa sjálfir fengið sinn menntaskóla.

Ég vil því vona, að þótt þetta mál fái ekki lausn þessa þings, þar sem það er svo seint fram komið — við því er ekki að búast —, þá verði þetta mál af öllum ráðamönnum, sem eiga að horfast í augu við að leysa það mikilvæga viðfangsefni, leyst á sem allra réttlátastan hátt, og að þeir taki þetta mál til fyllstu yfirvegunar og athugunar, áður en fastur grundvöllur er lagður að því, hvernig skuli haga lausn menntaskólamálanna í Reykjavík og á Akureyri.

Að mínu áliti á að taka málið þeim tökum, að litið sé yfir landið allt.

Að síðustu vil ég óska þess, að málinu verði sýnd sú sanngirni, sem það á skilið, og því verði tekið með þeirri réttsýni, sem hv. þm. ber að taka hverju góðu máli og þá ekki sízt menningar- og menntamálum þjóðarinnar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til menntmn. með 10 shlj. atkv.

Á 58. fundi í Sþ., 23. maí, var útbýtt frá Ed. nál. frá menntmn., á þskj. 968, en frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

56. Söngskóli þjóðkirkjunnar.

Á 126. fundi í Ed., 6. maí, var útbýtt:

Frv. til l. um söngskóla þjóðkirkjunnar (þmfrv., A. 765).

Á 129. fundi í Ed., 9. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Eiríkur Einarsson: Herra forseti. Hv. form. menntmn., 1. þm. Eyf., er fjarverandi. Hann gat um þetta frv. við mig sem nm., og svo geri ég ráð fyrir, að hann hafi gert við aðra hv. menntmnm. Og ég samþ. hans uppástungu um, að menntmn. tæki þetta

frv. að sér til flutnings og síðan einnig á venjulegan hátt til athugunar sem n., eins og á sér stað um frv., sem flutt eru að tilhlutun ríkisstj. Menntmn. hefur óbundnar hendur um einstök atriði frv. — Mælist ég til þess, að þessu frv. verði vísað til 2. umr., og ef svo sýndist, gæti menntmn. skotið á fundi til þess að athuga málið.

Páll Zóphóníasson: Á þessu stigi málsins skal ég ekki segja mikið um þetta mál. Þó vildi ég mælast til þess við hv. menntmn., að hún athugaði um það, að hér í bænum hefur verið og er starfandi svo kallaður tónlistarskóli, þar sem mönnum er kennt að spila á ýmiss konar hljóðfæri. Þegar hann var stofnaður, var hugsað, að á þessum skóla væri mönnum líka kenndur söngur. Þessi skóli hefur stundum notið styrks frá ríkinu og stundum ekki, en aðallega frá bænum. Mér hefði fundizt, að þegar farið er að kenna mönnum söng — að því er mér skilst hér til þess að syngja í tómum kirkjum —, þá væri ástæða til að athuga, hvort ekki er hægt að sameina þetta tvennt, söngskólann, sem hér er talað um, og tónlistarskólann, ef þess er þá þörf að stofna þennan söngskóla.

Annars kemur mér dálítið skrítilega fyrir sjónir, að hér í grg. frv. er talað um, að tilvonandi skólastjóri við þennan skóla, Sigurður Birkis, geti nú ekki vel annað kennslu nægilega, m. a. vegna þess, að hann hafi orðið að fara ýmsar ferðir að vetrinum til þess að heimsækja hina dreifðu söfnuði landsins til að kenna söng og stofna kirkjukóra, en að hinu leytinu er ætlazt til þess, að hann geti kennt sex mánuði á þessum nýja skóla. Ég get ekki skilið, að hann geti fremur annað því en að kenna fáum mönnum söng. Geti hann vegna ferðalaga nú ekki annað söngkennslu, hvernig getur hann það þá frekar, þó að skóli sé stofnaður? Eða eiga ferðalögin til kirkjukóranna að leggjast niður?

Frsm. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Hv. form. menntmn., 1. þm. Eyf., óskaði eftir því, að ég segði nokkur orð um þetta frv. fyrir n. hönd, og lofaði ég að verða við því. — Það er nú gerð grein fyrir því hér í grg. frv., að söngkennsla hafi farið fram á heimili söngmálastjórans, hann hafi orðið að leggja til þau tæki, sem lögð hafa verið til þessarar kennslu, og hann hafi haft til kennslunnar ónóg skilyrði. Mér skilst, að þessi kennsla hafi orðið umfangsmeiri, eftir því sem tími leið, þannig að nú eigi hann örðugt með að koma þeirri kennslu fyrir á sínu heimili. Enn fremur er talið, að kennslan sé orðin það umfangsmikil, að hann anni henni ekki allri einn og þurfi því að kaupa einhverja aukakennslu í viðbót.

Söngmálastjórinn mun hafa hreyft þessu söngmáli fyrir síðustu prestastefnu og flutt erindi á þeirri prestastefnu um þetta mál. Þar var síðan samþ. svo hljóðandi till., með leyfi hæstv. forseta: „Prestastefna Íslands telur nauðsynlegt, að stofnaður verði í Reykjavík söngskóli fyrir þjóðkirkjuna, þar sem kennt sé söngur og orgelspil nemendum guðfræðideildar háskólans og söngkennara- og organistaefnum, er síðar taki að sér söngstjórn og orgelspil í kirkjum landsins, svo og þeim barna- og unglingakennurum, sem söngkennslu mundu hafa á hendi í þeim skólum. Telur prestastefnan, að stofnun slíks skóla mundi ekki hafa verulegan kostnað í för með sér, þar sem einn liður í starfi söngmálastjóra þjóðkirkjunnar mundi verða sá, að veita skólanum forstöðu og annast þar kennslu að verulegu leyti. Fyrir því leyfir prestastefnan sér að beina þeirri ósk til kirkjumrh. og ríkisstj. í heild að beita sér fyrir því, að slíkum skóla verði komið á fót þegar á næsta hausti."

Hæstv. menntmrh. hefur svo látið semja þetta frv., sem hér liggur fyrir, og beðið menntmn. að flytja það. Efni frv. er sem sé þetta í aðalatriðum, að það eigi að stofna hér og starfrækja skóla, sem nefnist söngskóli þjóðkirkjunnar, og þar eigi að kenna nemendum guðfræðideildar háskólans og væntanlegum kirkjuorganistum og söngkennaraefnum orgelspil og söng, tónfræði, tónlistarsögu, söngstjórn o. fl., er að tónmenntun lýtur. Þetta er verksviðið. Hér er gert ráð fyrir, að stjórn skólans verði með þeim hætti, að fræðslumálastjóri hafi á hendi yfirumsjón skólans í samráði við biskup, og að allur kostnaður við skólahaldið greiðist úr ríkissjóði. Stjórn skólans að öðru leyti, þ. e. dagleg forstaða hans, er fyrirhugað, að verði í höndum söngmálastjóra þjóðkirkjunnar og að hann annist þar kennslu að mestu leyti, en að því leyti sem hann gæti ekki annað kennslunni, yrðu fengnir til stundakennarar. Starfstími skólans á hverju ári er fyrirhugaður sex mánuðir, en námstíminn tvö til fjögur ár.

Ég skal játa, að ef hér hefði einungis verið um það að ræða að kenna guðfræðinemum háskólans tón og söng í sambandi við þeirra guðfræðinám, þá hefði ég talið langeðlilegast, að þessi kennsla færi fram sem einn þáttur í kennslu guðfræðideildarinnar í Háskóla Íslands. Í háskólahúsinu er nú húsnæði notað til ýmissa hluta annarra en kennslu í háskólanum sjálfum. Húsmæðrakennaraskóli Íslands er þar til húsa nú, en ekki eru líkur til, að hann verði þar til langframa, svo að þar virðist húsnæði vera fyrir hendi, t. d. fyrir þennan söngskóla. Nú á einnig fram að fara í þessum skóla kennsla fyrir væntanlega kirkjuorganista, og má segja, að guðfræðideildinni sé líka skylt að greiða fyrir þeirri kennslu. En svo kemur það þriðja, sem má segja, að sé utan við skyldu guðfræðideildar háskólans, sem er söngkennsla til handa söngkennurum við unglinga- og barnaskóla landsins. Þó hygg ég, að það færi í raun og veru bezt á því, að sú kennsla færi fram ásamt söngkennslu prestanna og organistanna.

Ég tók eftir því, að hv. 1. þm. N-M. vék að því, að hér væri um það að ræða að eiga að kenna prestum söng og organistum sönglist til þess að syngja í tómum kirkjum. En ég hef gert grein fyrir því, að verkefni þessa skóla er nokkru rýmra en þetta. Og það verður ekki um það deilt, að

þörf er a. m. k. á því, að við eigum fleiri sérmenntaða söngkennara til þess að annast söngkennslu í skólum. Ég tel, að nú sé í miklum ólestri söngkennslan í mörgum skólum landsins og að mjög óvíða sé hægt að koma slíkri kennslu við. Verður þó ekki um það deilt, að fáar námsgreinar hafa meira uppeldislegt gildi fyrir unglinga en vel framkvæmd söngkennsla. Meira að segja er það svo í mörgum kaupstöðum landsins, að ekki hefur reynzt unnt að fá hæfa söngkennara til þess að annast söngkennsluna, og hefur söngkennslan því orðið að falla niður.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða meira um þetta. Einstakir nm. í menntmn. hafa óbundnar hendur um einstakar gr. frv. og um frv. í heild. Getur því vel verið, að ýmsum nm. í menntmn. sýnist að gera einhverjar breyt. á frv. Ég teldi æskilegast, ef hægt væri að koma því svo fyrir, að þessi skóli yrði í raun og veru einn þáttur í kennslustarfi guðfræðideildarinnar, þar sem meginkennslan, sem skólanum er ætlað að inna af hendi, á að vera til þess að mennta prestaefni á þessu sviði og sjá kirkjunum fyrir hæfum organistum. En það getur hugsazt, að einhver vandkvæði séu á því og að einhver rök verði færð fyrir því, að betur færi á að hafa þetta sérstakan skóla, eins og gert er ráð fyrir í þessu frv.

Menntmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. — Ég leyfi mér að þakka hv. menntmn. fyrir, að hún hefur brugðið fljótt við og flutt þetta frv. að minni beiðni. Ég þarf ekki að skýra efni málsins, því að síðasti ræðumaður, hv. frsm. menntmn., hefur gert það tæmandi. Ég ætla aðeins í sambandi við þetta að nota tækifærið til þess að láta í ljós þá skoðun mína, að söngmálastjóri, sem hefur starfað hér um nokkurt skeið og ætlazt er til, að standi fyrir þessum skóla, hefur að mínum dómi unnið mjög merkilegt og þýðingarmikið starf, ekki aðeins fyrir hina íslenzku þjóðkirkju, heldur líka til eflingar söngmenntar víðs vegar um land. Nú er það álit hans og fleiri manna, sem þessum málum eru kunnugir, að eigi nú að vera áframhald á því, sem byrjað er á í þessum efnum, þá sé nauðsynlegt að fá skóla til þess að halda áfram slíkri söngkennslu. Það er ekki við því að búast, að söngmálastjóri geti framvegis veitt tilsögn í söng við þau skilyrði, sem hefur orðið að búa við í þessum efnum. Og verður því, ef þessu á að halda áfram, að koma þarna upp skólastofnun. Hitt er annað mál, að þess verður að gæta, að þessi stofnun þenjist ekki of mjög út, svo að hún verði ekki um of kostnaðarsöm. En í frv. er settur nokkur rammi um þetta, og í framkvæmd verða menn svo að þreifa sig áfram um það, hve marga kennara þurfi við þennan skóla. En ég geri ráð fyrir, að það verði reynt að komast af með lítið í þeim efnum, a. m. k. til að byrja með, fyrst og fremst söngmálastjórann sjálfan og svo einhverja aðstoð, en þá minnstu, sem hægt er að komast af með.

Ég vildi svo segja út af því, sem hv. 1. þm. N-M. var að tala um, hvort ekki væri hægt að sameina þessa stofnun við tónlistarskólann, að ég átti sérstaklega tal um þetta við söngmálastjórann, og hann telur það ekki fært. Ég vildi því óska þess, að hv. þdm. ættu tal við hann um þetta atriði, áður en þeir ákveða nokkuð í þá átt, til þess að hann geti komið sínum skoðunum á framfæri í þessu sambandi. En ég hygg, að það sé rétt hjá honum, að ekki sé rétt að sameina þetta.

Ég vil einnig segja það út af því, sem hv. 1. þm. N-M. sagði, að þetta er ekki aðeins gagnlegt fyrir kirkjulífið, að efla söngmennt, heldur hefur það einnig stórkostlega almenna menningarlega þýðingu, og er ekki vanþörf á því að hafa fjölbreyttara menningar- og skemmtanalíf en er víða, og það er hægt með því, að menn læri söng og hljóðfæraslátt, og kirkjusöngurinn gæti verið mjög þýðingarmikil undirstaða í þeim efnum og hefur verið það. Það mun sýna sig, að þegar búið er að koma honum í sæmilegt horf, þá mun hann verða mönnum til mikillar ánægju, ekki aðeins í kirkjunum, heldur einnig við önnur tækifæri, þar sem söngfólk og kirkjukórar geta lagt til skemmtun og stuðlað að aukinni ánægju.

Sigurjón Á. Ólafsson: Herra forseti. — Það er aðeins fyrirspurn, sem ég vil beina til hæstv. ráðh. og til n., sem mun fjalla frekar um þetta mál. Ég vil lýsa því yfir, að ég er efnislega mjög hlynntur þessu frv. Ég var á sínum tíma fylgjandi því hér í þessari hv. d., að söngmálastjóri væri settur með lögum. Ég tek undir það, að hans starf hefur borið giftudrjúgan árangur í söngmennt víðs vegar um land.

Í umr. hefur komið fram, hvort ekki væri hægt að sameina starf söngmálastjóra annarri fræðslu í þessum efnum, og hefur verið bent á tvær stofnanir í því sambandi. Ég vildi spyrja um það, hvort það mundi ekki leiða af því, að þessi skóli væri stofnaður, að skólastjórinn yrði þá mjög bundinn við þá skólastjórn, svo afleiðingin yrði sú, að annar maður kæmi í hans stað til að ferðast um landið. Í öðru lagi var bent á það af hv. 3. landsk., hvað áfátt væri söngnámi í barnaskólunum. Ég vil beina því til hv. menntmn., hvort þessum málum mætti ekki koma fyrir í kennaraskólanum annars vegar og guðfræðideild háskólans hins vegar, þar sem prestaefni eru menntuð í söng, tóni og organleik. Fram að þessu hafa organleikarar í kirkjum landsins sótt sína menntun sumpart til Reykjavíkur til Páls Ísólfssonar og sumpart til manna úti um land, sem eru fullkomnir á sínu sviði. Þetta mundi breytast að einhverju leyti, ef skólinn kæmist upp. En það er óráðið enn, hverjir aðilar mundu að honum standa, og mér fyndist eðlilegt, að kennaraskólinn og guðfræðideildin stæðu sameiginlega að slíkum skóla. Ég vil beina því til hv. n. að athuga þetta milli umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 131. og 138. fundi í Ed., 13. og 20. maí, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 139. fundi í Ed., 21. maí, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 765, n. 899).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. — Menntmn. Ed. hefur haft nokkra fundi um þetta frv., frv. til laga um söngskóla þjóðkirkjunnar, og kvatt á sinn fund til viðræðna söngmálastjóra. Einnig átti ég sem frsm. n. tal við fræðslumálastjóra um þetta mál. Fræðslumálastjóri sagði mér, að hann legði ríka áherzlu á, að málið næði fram að ganga, taldi hann það mjög mikilsvert, m. a. fyrir skóla landsins til þess að tryggja þeim hæfari söngkennara en nú er kostur. N. fékk ýmiss konar upplýsingar hjá söngmálastjóra um það, hvernig þessi kennsla hefur farið fram á undanförnum árum og við hvaða skilyrði hún ætti að búa, og er það álit n., að nauðsyn á að stofna þennan skóla, sem um ræðir í frv., sé brýn. Forsögu þessa máls þarf ekki að rekja. Hún er rakin hér í grg., og var gerð grein fyrir henni við fyrstu umr. málsins. Till. n. er þá sú, að tvær breyt. verði gerðar á frv. Sú fyrri við 1. gr. þess, þannig að í stað orðanna „stofna skal" í upphafi þessarar greinar komi: Ríkisstjórn er heimilt að stofna o. s. frv. — Þannig verður þessi lagasetning þá að heimildarlögum, en það ætti að koma að sama gagni, þar sem vitað er, að núverandi menntmrh. er málinu fylgjandi og vill jafnvel leggja áherzlu á, að málið nái fram að ganga.

Hin breyt. er við 4. gr. frv. og á þá leið, að í stað orðanna „2—4 ár" komi: allt að fjórum árum. — N. taldi ekki rétt, að það væri lögfest, að stytzti námstími í skólanum væri 2 ár, og er það rýmkað með þessari breyt., gæti t. d. verið um eins árs tíma að ræða, en verður nánar tekið fram í reglugerð um námstíma fyrir þennan skóla, ef hann verður stofnaður. Þetta eru þær breyt. sem n. leggur til, að verði gerðar á frv. En þannig breytt leggur n. einróma til, að frv. verði afgr. sem lög á þessu þingi. Verði skóli þessi stofnaður, verður verksvið hans þríþætt: Í fyrsta lagi að kenna nemendum guðfræðideilar Háskóla Íslands tón og söng, í öðru lagi að kenna væntanlegum kirkjuorganistum orgelleik og í þriðja lagi að kenna söngkennaraefnum í skólum landsins orgelspil og söng, tónfræði, tónlistarsögu, söngstjórn og fleira, sem að tónlist lýtur. Það er tilætlunin, að skólastjóri þessa skóla verði söngmálastjóri þjóðkirkjunnar, en hann hefur á undanförnum árum rækt það hlutverk, sem í þessu frv. felst, af mjög miklum áhuga, og hlotið fyrir það lof þeirra, sem til starfs hans þekkja. Nú er þetta starf orðið svo umfangsmikið, að það er alls ekki hægt að ætlast til þess, að þessi kennsla geti farið fram í einkaíbúð söngmálastjóra, eins og verið hefur. Ef þetta starf á ekki að bíða mikinn hnekki eða jafnvel leggjast niður, verður að ráða bót á þeirri aðstöðu, sem verið hefur við þessa kennslu, og sjá þessu kennslustarfi fyrir húsnæði. Það er þá líka meginefni þessa frv., ef það verður lögfest, að ríkið taki á sig skyldu til að sjá söngmálastjóra þjóðkirkjunnar fyrir húsnæði. Söngmálastjóri yrði þá skólastjóri. Það yrði þá enn fremur hægt að sjá honum fyrir 1—2 stundakennurum að auki. Þetta yrði sá kostnaður, sem af lögfestingu frv. mundi leiða fyrir ríkissjóð, þ. e. útvegun húsnæðis og aukakostnaður við stundakennslu, en söngmálastjóri þjóðkirkjunnar er á fullum launum og hefði sömu laun, þó að hann yrði skólastjóri þessa skóla. Þegar litið er á kostnaðarhliðina er ekki hægt að segja, að þetta sé neitt stórmál, en hins vegar dylst engum, sem um fjalla eða um málið hugsa, að þörf fyrir þennan skóla er mikil, ekki eingöngu til að bæta úr þörf þjóðkirkjunnar, þó að skólanum sé ætlað að bera heitið: „Söngskóli þjóðkirkjunnar" — heldur líka að bæta úr tilfinnanlegum skorti söngkennara, bæði við barna- og unglingaskóla. Það er búizt við, að meiri hluti þeirra nemenda, sem sækja skólann, verði auk guðfræðinema nemendur úr Kennaraskóla Íslands. Þar fá þeir nokkra kennslu í söng og orgelspili, en ekki munu þeir fá neina kennslu í raddbeitingu. Þetta væri því eins konar framhaldsnám fyrir nemendur kennaraskólans til þess að gera þá hæfari til söngkennslu.

Ég held, að ég megi segja fyrir hönd n., að nm. eru allir sannfærðir um, að umfangsmikið og brýnt verkefni bíði þessa skóla, og óski þess allir, að það hljóti góða afgreiðslu í þessari d.

Gísli Jónsson: Herra forseti. — Ég virði mjög þann áhuga, sem hefur komið fram, bæði hjá hæstv. menntmrh. og menntmn. Mér þykir þó nokkuð á skorta, að málið hafi verið undirbúið eins mikið og hefði mátt, þegar um er að ræða nýja stofnun, sem hlýtur að kosta miklu meira fé en látið er í veðri vaka hjá frsm. og í grg. hjá menntmn., sem flutti málið. Því er hér haldið fram, að það sé einkum og sér í lagi lítill kostnaður við að útvega skólanum húsnæði. En sannleikurinn er sá, að mikill kostnaður liggur einmitt í því að fá húsnæði til að kenna í, vegna þess að til þess þarf alveg sérstakt húsnæði, sem ekki er hægt að nota til neinnar hljómlistar. Auk þess þarf ekki annað en líta á fjárlögin, hvað hver skólastofnun kostar í byrjun og hleður svo um sig svo að segja árlega. Við umr. kom fram hjá hæstv. menntmrh., að hann hefði talað um þetta við formann tónlistarfélagsins, og hafði ég gert mér vonir um, að það samtal hefði leitt til samkomulags um að ná betri árangri með minna fé en mögulegt er að ná með því að stofna til þessa skóla, eins og gert er með frv. Nú hef ég hins vegar fengið upplýst, að um þetta hafi ekki verið rætt, hvorki af menntmrh., fræðslumálastjóra né menntmn., og hefði þó verið ástæða til þess að ræða þetta mál nokkuð við tónlistarfélagið, og í sambandi við þetta vil ég leyfa mér að lesa upp bréf frá tónlistarfélaginu, og skal ég lána frsm. það gagn, ef hann hefði áhuga á að kalla saman fund í n. til að athuga málið nánar, með leyfi hæstv. forseta: 1)

1) Vantar í hndr. innanþingsskrifarans (Þur. Kristj.).

ATKVGR.
Brtt. 399,1 samþ. með 9 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 10:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: KG, BK, BrB, EE, HV, HermJ, LJóh, StgrA, ÞÞ, ÁS.
nei: BBen, PZ, PM, GJ.
JJós greiddi ekki atkv.
2 þm. (GÍG, SÁÓ) fjarstaddir.
2.—3. gr. samþ. með 8:2 atkv.
Brtt. 899,2 samþ. með 10:4 atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 9:2 atkv.
5. gr. samþ. með 8:2 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10:2 atkv.

Á 144. fundi í Ed., 23. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 959).

Gísli Jónsson: Herra forseti. — Ég hafði ekki ástæðu til þess við 2. umr., en ætlaði þá að bera fram dagskrártill. um málið, og vil ég því leyfa mér að gera það nú:

„Í trausti þess, að ríkisstj. leiti samkomulags við Tónlistarfélagið í Reykjavík um kennslu í söng og tónlist fyrir nemendur guðfræðideildar háskólans, kirkjuorganista og söngkennaraefni, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá."

Þetta mál hefur verið rætt hér, svo að ég sé ekki ástæðu til þess að þreyta hæstv. forseta með langri ræðu, en aðeins óska þess, að hann beri upp þessa dagskrártill.

Forseti (ÞÞ): Hv. þm. Barð. hefur afhent mér till. þá til rökst. dagskrár, sem hann hefur nú lýst og hv. dm. hafa heyrt, og liggur hún þá einnig fyrir til umr.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. — Ég er sannfærður um, að það spor, sem talað er um að stíga með þessu frv., muni verða mjög mikið víxlspor, og ef hv. Alþ. gæfist tími til að athuga málið betur en nú er gert, mundi áreiðanlega vera hægt að finna heppilegri leið til þess að leysa það.

Það lítur út fyrir, að með þessum skóla, sem gert er ráð fyrir að stofna með frv., eigi að gera þrennt. Í fyrsta lagi á að kenna prestsefnum þar að tóna, svo sem lögskipað er við guðfræðideild háskólans, og er því ekki sýnilegt, að af þeirri ástæðu sé nein þörf á að stofna nýjan skóla í þessu skyni. Í öðru lagi á að kenna væntanlegum kirkjuorganistum við þjóðkirkjuna að leika á orgel. Hins vegar hefur í mörg ár verið sérstök fjárveiting á fjárl. í þessu skyni, mig minnir 1500 krónur, og hefur gengið ágætlega að fá kennara til þess að kenna í þessari grein fyrir þessa upphæð, þannig að ekki er sjáanlegt, að nein ný þörf sé á þessum skóla af þeirri ástæðu. Í þriðja lagi á svo að kenna mönnum í þessum skóla að beita söngrödd sinni betur og réttar en þeir gera nú, sérstaklega þeim, sem ætla sér að kenna söng. Slík kennsla mun ekki hafa farið fram nema að litlu leyti í sambandi við kennaraskólann, en hins vegar hefur herra söngmálastjóri, Sigurður Birkis, rækt þetta starf á sínu heimili.

Nú lít ég svo á, að þar sem fyrirskipað er við guðfræðideildina að kenna væntanlegum prestsefnum nauðsynlega undirstöðu í hljómlist, þar sem kennaraskólinn hefur einnig með höndum kennslu í þessum efnum og loks þar sem sérstök fjárveiting er á fjárl. til að kenna væntanlegum orgelspilurum þjóðkirkjunnar orgelspil, sé engin þörf á stofnun sérstaks skóla í þessum efnum. Auk þess má í þessu sambandi benda á það, að tónlistarskólinn hefur með höndum kennslu á þessu sviði. — Ég er því viss um það, að ef hæstv. ríkisstj. beitti sér fyrir því að sameina þetta á sómasamlegan hátt, gæti orðið úr því fullkomið vit, en tel það fullkomið óvit að fara nú að stofna sérstakan söngskóla, sem mun hafa tugþúsunda útgjöld í för með sér. Hins vegar vil ég stuðla að því, að hr. Sigurði Birkis verði gert mögulegt að halda áfram kennslu næsta vetur, meðan málið er að komast í það horf, sem það áreiðanlega kemst í, þegar tími hefur unnizt til að athuga það til hlítar.

Ég vil því leyfa mér að koma fram með rökst. dagskrá, sem er dálítið annars eðlis en hin rökst. dagskrá hv. þm. Barð. (GJ), þar sem hann vísar málinu frá og telur sig sjá örugga leið til úrlausnar málsins, en því er ég nú ekki búinn að átta mig á. Í minni dagskrá er því slegið föstu, að ríkisstj. útvegi húsrúm í bænum, þar sem Sigurður Birkis getur haft sína kennslu með höndum, því að hann getur ekki lengur kennt heima hjá sér. Þó skuli þetta fyrirkomulag aðeins vera þannig næsta vetur, því að þá á ríkisstj. að hafa fengið nægilegan frest til þess að vera búin að finna hagkvæma lausn á þessum málum í framtíðinni, því að ég er viss um, að hægt er að finna aðra leið í þessum málum en að fara að stofna þennan sérstaka skóla, sem frv. gerir ráð fyrir. — Leyfi ég mér hér með að afhenda hæstv. forseta þessa rökst. dagskrá og vænti þess, að hún verði samþ.

Forseti (ÞÞ): Hv. 1. þm. N-M. hefur afhent mér till. sína, svo hljóðandi:

Í trausti þess, að ríkisstjórnin geri söngmálastjóra mögulegt að stunda kennslu með líkum hætti og verið hefur, með því að útvega honum næsta vetur húsnæði til að kenna í, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Þessi rökst. dagskrá liggur þá jafnframt fyrir til umr.

Menntmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. — Það er nú komin hér fram önnur dagskrá um að vísa málinu frá, svo að mikið þykir við þurfa, en þær eru nokkuð ólíkar að efni. Í fyrri dagskránni er lögð áherzla á að vísa málinu frá og semja við tónlistarskólann um að halda uppi þessari söngkennslu. Vil ég endurtaka það, að ég tel óheppilegt að taka þessa kennslu úr höndum söngmála-

stjóra þjóðkirkjunnar og leggja hana undir tónlistarskólann. Þessi söngkennsla er að því leyti svo sérstök, að það er eðlilegt, að hún haldi áfram á þann hátt, sem verið hefur og með þeirri nauðsynlegu auknингu, sem óhjákvæmileg er með aukinni söngmenntun í þessari grein. Ég vil því mæla gegn dagskrártill. hv. þm. Barð. og sömuleiðis hv. þm. N-M., þó að hún sé að því leyti skárri, að þar er ekki gert ráð fyrir því, að þessi mál verði tekin úr höndum söngmálastjóra, heldur beint inn á þann farveg, að honum verði gefinn kostur á auknu húsnæði til þess að hafa þessa kennslu með höndum. En þegar maður lítur á dagskrártill. hv. þm. N-M., finnst manni undarlegt, að hún skuli hafa komið fram, því að á það verður að benda, að þetta frv. fjallar einmitt um það að heimila ráðh. að stofna söngskóla, þ. e. a. s., það er þegar til vísir að honum á heimili Sigurðar Birkis. Með frv. er aðeins gert ráð fyrir því, að þessi vísir verði að skóla og að söngmálastjóri fái sæmilegt húsnæði og einhverja aðstoð til þess að halda þessari kennslu uppi. Ég get því ekki séð, hvað gerir það að verkum, að hv. þm. N-M. getur ekki fallizt á þetta frv. og hvers vegna hann kemur nú fram með rökstudda dagskrá um að vísa málinu frá. Virðist mér það helzt vera til fyrirstöðu hjá honum, að marga kennara eigi að ráða við þennan skóla, en það er hins vegar alls ekki gert ráð fyrir því með þessu frv., að heimilt sé að stofna nein ný kennaraembætti við skólann, heldur yrði aðeins um stundakennara að ræða og að söngmálastjóri veitti stofnuninni forstöðu. Loks er gert ráð fyrir því að útvega 1 eða 2 herbergi, þannig að hægt væri að losa söngmálastjóra við að kenna á sínu heimili. Ég hygg, að sá ótti, sem hefur komið hér fram um það, að með þessu frv. sé verið að setja á stofn stórt skólabákn, sé ástæðulaus, og vil beina því til hv. dm. að fella þær dagskrártill., sem fram hafa komið, og samþykkja frv., þannig að hægt verði að koma á þessari kennslu utan heimilis söngmálastjóra á næsta hausti.

Umr. frestað, en frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

57. Bifreiðasala innan lands.

Á 130. fundi í Ed., 12. maí, var útbýtt
Frv. til l. um sölumeðferð bifreiða innan lands (þmfrv., A. 802).

Á 130. fundi í Ed., 12. maí, var útbýtt:
Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið og of skammt liðið frá útbýtingu þess. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Flm. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. — Það er ekki af því, að ég telji þetta mál neitt hégómamál, að ég ætla að vera fáorður um það, heldur eingöngu vegna þess, að ég tel, að öllum hv. alþm. sé ljóst, að hér er um mál að ræða, sem fyllilega er ástæða til að setja löggjöf um, ef það mætti verða til þess að lagfæra það ófremdarástand, sem ríkir um okur og prang á svörtum markaði með bifreiðar.

Það mun flestum kunnugt, að það hefur þráfaldlega gerzt, að menn hafa fengið gjaldeyrisleyfi fyrir bifreið og selt jafnvel leyfið áður en bifreiðin er komin fyrir margfalt það verð, sem ný bifreið fæst fyrir. Þá hafa aðrir farið þannig að, að þeir hafa fengið bifreiðar, oft og tíðum út á sérstaka aðstöðu í þjóðfélaginu að áliti opinberra aðila, og þeir hafa selt slíkar bifreiðar tvöföldu, þreföldu og jafnvel fjórföldu verði og tekið þannig fyrirhafnarlaust allt upp í 2—3 ára tekjur verkamanns, sem vinnur hvern einasta virkan dag ársins.

Mér finnst, að ríkisvaldið geti ekki látið svona verzlunarhætti viðgangast, fyrst og fremst af því, að það er enginn siðferðilegur grundvöllur undir svona okri í þjóðfélaginu, og í öðru lagi af því, að þeir, sem verða að sætta sig við að kaupa bifreið, oft og tíðum á svörtum markaði fyrir 50 og jafnvel 70 þús. kr., eru oft menn, sem stunda akstur sem atvinnu og verða því að láta þetta háa verð koma niður á almenningi í óþarflega háum ökugjöldum. Ég hef fyrir satt, að þess séu dæmi, að embættismenn ríkisins hafi fengið út á sína sérstöðu og sérstaka atvinnuþörf, eins og læknar, ekki aðeins einu sinni, heldur tvisvar eða þrisvar innflutningsleyfi fyrir bifreið og misnotað aðstöðu sína á þann hátt að selja leyfið eða bifreiðina margföldu verði. Slíkt þarf að fyrirbyggja að áliti okkar flm. frv., og hefur okkur dottið í hug, að einna einfaldast sé til að fyrirbyggja þetta að fara þá leið, að hér eftir verði sérhvert gjaldeyris- og innflutningsleyfi fyrir bifreið bundið því skilyrði, að ríkið skuli ávallt eiga forkaupsrétt að bifreið, ef eigandinn vill skrá hana á annað nafn eða selja hana. Þá teljum við rétt, að verð slíkra bifreiða, sem ríkið eignast, sé innkaupsverð að frádreginni hæfilegri upphæð fyrir sliti, og verði það ákveðið af trúnaðarmönnum ríkisins, sem sé bifreiðaeftirlitinu á hverjum stað. Við teljum ekki rétt að setja upp sérstaka stofnun fyrst um sinn, heldur verði því hagað þannig, að sá, sem veitir innflutnings- og gjaldeyrisleyfi fyrir bifreið á hverjum tíma, skuli einnig sjá um úthlutun þeirra. Ef ástæða þætti til að setja nánari ákvæði um framkvæmd þessara l., þá teljum við rétt, að það sé gert með reglugerð.

Að síðustu teljum við, að svo brýna nauðsyn beri til að setja nú löggjöf, sem fyrirbyggi svartan markað og okur með bifreiðar, að sjálfsagt sé, að l. um þetta öðlist þegar gildi.

Ég sagði í upphafi máls míns, að ég teldi málið svo kunnugt hv. alþm., að það þyrfti ekki ýtarlegrar útlistunar við, og læt ég því máli mínu lokið.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til fjhn. með 6:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GJ, GÍG, LJóh, PZ, SÁÓ, ÞÞ.
nei: EE, HV, PM, StgrA, BrB.
6 þm. (HermJ, JJós, ÁS, BSt, BBen, BK) fjarstaddir.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

58. Bindindisstarfsemi.

Á 58. fundi í Sþ., 23. maí, var útbýtt frá Ed.: *Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að verja fé til bindindisstarfsemi* (þmfrv., A. 951).

Frv. var aldrei tekið á dagskrá.